Skipstjóri skal tryggja að a.m.k. tvisvar á sólarhring þá daga sem skip er að veiðum, sé valið af handahófi og vigtað úrtak hvernar afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af magni afurða. Skal meðalþyngd úrtaka ásamt fjölda eininga lögð til grundvallar ákvörðunar til aflamarks. Skal fjöldi eininga í úrtaki vera samtals 20 af fjölda unninna eininga hvernar afurðar sem unninn er á sólarhring en þó þarf fjöldi eininga í úrtaki aldrei að vera meiri en 5% af fjölda eininga í hverri afurð á sólarhring.

Við vigtun á forsoðinni rækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða frá vigtuðu magni.

Við vigtun á hrárækju sem fryst er í öskjur er heimilt að draga þunga umbúða auk 10% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Við vigtun á iðnaðarrækju sem lausfryst er í pokum eða fryst í blokkir, er heimilt að draga þunga umbúða auk 9% vegna vatns í afla frá vigtuðu magni.

Í veiðidagbók skal daglega skrá heildarmagn hvernar afurðar að frádrögnum þunga umbúða og vatns. Þegar að lokinni veiðiferð og vigtun aflans skal senda Fiskistofu upplýsingar um aflamagn í veiðiferðinni á því formi sem Fiskistofa leggur til.

Landi fiskiskip eigin afla á Íslandi skal hann endanlega veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, sbr. 22. og 23. gr. Sé rækjuafli fluttur til vinnslu á Íslandi með flutningaskipi eða öðrum hætti skal hann á sama hátt endurvigtaður á ákvörðunarstað og Fiskistofu sendar endurvigtunarnótur strax að vigtun lokinni.

#### 13. gr.

Við útreikning á afla til aflamarks fyrir rækju á Flæmingjagrunni fer eftir reglugerð þessari, hvort sem landað er úr veiðiskipi á Íslandi eða erlendis.

#### 14. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu. Gerð og búnaður veiðarfæra skal að öðru leyti vera skv. reglum þeim er NAFO hefur sett.

## 15. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

## III. KAFLI

**Rækjuveiðar á deilislvæði 3L.**

## 16. gr.

Rækjuveiðar eru heimilar á þeim hluta deilislvæðis 3L sem er austan línu sem liggur milli 46°00N/47°53V, 46°40N/47°20V og 47°19N/47°43V á tímabilunum 1. janúar - 31. mars, 1. júlí - 14. september og 1. desember - 31. desember 2002. Veiðar á svæðinu mega aðeins fara fram á meira en 200 metra dýpi. Veiðar á svæðinu eru aðeins heimilar þeim íslensku skipum sem hafa aflamark í rækju á svæðinu. Einungis eitt íslenskt fiskiskip má vera á veiðum á svæðinu hverju sinni. Hafi íslenskt skip tilkynnt sig inn á svæðið, sbr. 18. gr., er öðru íslensku skipi óheimilt að hefja veiðar á svæðinu án samþykkis Fiskistofu.

## 17. gr.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilislvæði 3L, sbr. 16. gr., heimilt að veiða 67 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna ársins 2002 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni.

Þegar rækja veidd á deilislvæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmæta-  
stuðulinn 0,80.

## 18. gr.

Skip sem hyggst stunda veiðar á deilislvæði 3L, sbr. 16. gr., skal tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda og í mesta lagi 48 klukkustunda fyrirvara um siglingu inn á svæðið og með sama fyrirvara tilkynna Fiskistofu þegar siglt er út af svæðinu eftir veiðar á því. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess eða brottför af svæðinu og magn rækjuafila um borð. Tilkynna skal Fiskistofu þegar veiðum er lokið á deilislvæði 3L, sbr. 16. gr.

Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

## 19. gr.

Ef samanlagður aukaafli í veiðum á rækju á deilislvæði 3L allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 2,5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

## 20. gr.

Allur rækjuafli sem veiddur er á deilislvæði 3L, sbr. 16. gr., skal greinilega auðkenndur.

## 21. gr.

Við veiðar á deilislvæði 3L, sbr. 16. gr., skal lengd keðju sem festir bobbinga eða sam-  
bærilegan búnað við troll vera a.m.k. 72 cm.

## IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 22. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 12, 9. janúar 2001, um veiðar á samningssvæði NAFO 2001, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þorsteinn Geirsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2002

9. janúar 2002

13

Nr. 9

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Digranesvegur 51. Lóð Menntaskólans í Kópavogi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 25. október 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðar Menntaskólans í Kópavogi, Digranesvegi. Í deiliskipulaginu felst að norðurálma skólans verður rifin og í hennar stað byggð tveggja hæða viðbygging. Bílastæðum á lóð er fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Smiðjuvegur 3. Breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. júlí 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3 við Smiðjuveg. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi húsnæði bæði til vesturs og norðurs. Bílastæðum á lóð er fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Rjúpnasalir 10, 12 og 14. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 30. október 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Rjúpnasali 10, 12 og 14. Í breytingunni felst að hvert framangreindra húsa hækkar um tvær hæðir auk rishæðar og íbúðum fjölgar um 9 í hverju húsi. Jafnframt er bílastæðum fjölgað og fyrirkomulag þeirra breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Vatnsendahvarf. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 25. september 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis við Vatnsendahvarf. Bæjarstjórnin samþykkti jafnframt eftirfarandi leiðréttingar: miðlína Breiðholtsbrautar sett inn, göngustígar, lóðamörk og settjarnir aðlagðar helgunarsvæði Breiðholtsbrautar. Byggingarreitur og austasta lóðin á svæði 2 og aðkoma að henni

aðlöguð legu stofnræsis að ósk tæknideildar. Aukin kvöð um tré- og gróðurbelti og mörk skipulagssvæðis færð vestur fyrir Vatnsendaveg. Greinargerð leiðrétt. Lóðir einkenndar með rauðri línu og bindandi byggingarlína skýrð með blárrí línu. Afmörkun bílastæða á lóðum sýnd nánar.

Jafnframt hafa verið gerðar að ósk Skipulagsstofnunar eftirfarandi breytingar: Húsa-götur sýndar nánar. Ýtarlegri grein gerð fyrir ákvæðum um stoðveggi á lóðarmörkum og byggingarreitir kjallara og 1. hæðar aðgreindir. Greinargerð varðandi tilmæli leiðrétt og kaflinn um frávik, uppdrætti og kostnað færður á skýringaruppdrátt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 9. janúar 2002.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

#### 1. gr.

Frá og með 17. janúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Rífsbanka, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- |                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 67° 08'0 N – 15° 56'0 V | 5. 67° 06'0 N – 14° 56'0 V |
| 2. 67° 14'5 N – 15° 28'0 V | 6. 67° 06'0 N – 15° 29'0 V |
| 3. 67° 14'7 N – 15° 05'5 V | 7. 66° 54'0 N – 15° 31'0 V |
| 4. 67° 12'3 N – 14° 54'0 V | 8. 66° 54'0 N – 15° 45'0 V |

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 822, 1. nóvember 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rífsbanka.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

# AUGLÝSING

## um yfirlit vaxta fyrir árið 2001.

Í samræmi við 2. ml. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, birtir Seðlabanki Íslands hér með töflu er sýnir vexti samkvæmt þessari málsgrein á hverjum tíma, tímabilið júlí til desember 2001, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Reykjavík, 10. janúar 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

### Fylgiskjal.

#### Tafla um vexti fyrir árið 2001.<sup>1)</sup>

Í töflunni eru sýndir vextir alls á ári sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.<sup>2)</sup>

	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
<b>I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum<sup>3)</sup></b>						
1. Grunnur dráttarvaxta	10,9	10,9	10,9	10,9	10,9	10,9
2. Vanefndarálag	12,6	12,6	12,6	12,6	12,6	12,6
3. Dráttarvextir	23,5	23,5	23,5	23,5	23,5	23,5
<b>II. Almennir vextir<sup>4)</sup></b>						
1. Vextir óverðtryggðra lána	14,5	14,5	14,5	14,5	14,5	14,0
2. Vextir verðtryggðra lána	7,8	7,8	7,8	7,8	7,8	7,7
3. Vextir af skaðabótakröfum	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5
<b>III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt<sup>5)</sup></b>						
1. Bandaríkjadollurum	7,5	7,0	7,0	6,5	5,5	5,5
2. Sterlingspundum	8,5	8,5	8,5	8,0	7,5	7,5
3. Dönskum krónum	8,0	8,0	8,0	8,0	7,0	7,0
4. Norskum krónum	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5
5. Sænskum krónum	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0	7,0
6. Svissneskum frönkum	6,5	6,5	6,5	6,0	5,5	5,5
7. Japönskum jenum	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
8. Evrum	7,5	7,5	7,5	7,5	7,0	6,5

1) Yfirlit vaxta fyrir árið 2001 hefst frá og með júlí 2001, en þá tóku gildi fyrstu vextir sem birtir voru skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

2) Vextir taka gildi í upphafi mánaðar samkvæmt 10. grein laga nr. 38/2001.

3) Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

4) Birt samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. laga nr. 38/2001.

5) Birt samkvæmt bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001.



## REGLUGERÐ

### um útrýmingu fjárkláða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til eigenda sauðfjár, geitfjár og stórgripa (nautgripa og hrossa) auk húsa fyrir búfé á svæði sem afmarkast af Miðfjarðarvarnarlínu í vestri og Héraðsvötnum í austri. Vatnshólf er þó undanskilið. Ákvæðin ná einnig til eigenda fyrrgreinds búfjár og húsa í Fitjárdal vestan Miðfjarðarvarnarlínu og austan Héraðsvatnalínu í Hólahreppi og Viðvíkurhreppi hinum fornu suður að Gljúfurá og einnig til bæjarins Ytri-Hofdala sunnan Gljúfurár.

Ákvæðin geta náð til sauð- og geitfjár, sem látið hefur verið til lífs til svæða þar sem ekki verður meðhöndlað og til fjár, sem eigendur utan svæðisins hafa tekið heim úr réttum og frá einstökum bæjum á svæðinu.

Þar sem fé er nefnt í reglugerð þessari er átt við sauðfé og geitfé.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðarinnar er að útrýma fjárkláða á svæðinu sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. Aðgerðin skal fara fram á tímabilinu 15. janúar til 15. mars 2002. Í aðgerðinni felst meðhöndlun með kláðalyfi á öllu fé og öllum stórgripum sem hýstir eru með fé á fyrrgreindu svæði og úða skal fjárhús og búnað tvisvar með mauraeitri.

Sérstakar eftirlitir afrétta og eyðingarða, á landi og/eða úr lofti, skulu framkvæmdar á vegum viðkomandi sveitarstjórna, áður en meðhöndlun hefst á viðkomandi svæði, telji sveitarstjórn þörf á því, til að tryggja sem unnt er að allt fé sem ekki hefur náðst hafi þá verið handsamað. Fjáreigendum er skylt að hreinsa sín heimalönd og halda fé sínu á húsi eða heima við, einangruðu frá fé annarra bæja vegna hættu á endursmitun og hafa það tiltækt á ofangreindu tímabili.

#### 3. gr.

##### *Hlutverkaskipting.*

Yfirdýralæknir annast yfirumsjón með aðgerð til útrýmingar fjárkláðans í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, héraðsdýralæknar, dýralæknar, ráðunautar búnaðarsambanda, búfjárefirtirlitsmenn og bændur skulu aðstoða við eftirlit með framkvæmdinni. Halda skal samráðsfundi eftir þörfum.

Dýralæknar ásamt og undir umsjón viðkomandi héraðsdýralæknis skulu annast alla meðhöndlun dýra vegna aðgerðarinnar. Fjáreigendur skulu vísa öllu sínu fé fram til meðhöndlunar. Þeir skulu rýja féð fyrir meðhöndlun þar sem það er unnt, en snyrta féð þar sem rúningi verður ekki við komið, svo að ekki komi til þess að tvíreyfum sé vísað fram. Fjáreigendur skulu sjá um grófhreinsun fjárhúsa skv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að grófhreinsun sé lokið fyrir meðhöndlun og skipuleggur aðstoð þar sem hennar er þörf. Hreinsun fjárhúsanna með mauraeitri skal framkvæmd af sérstökum mönnum sem sveitarstjórnir ráða til verksins.

Stjórnvöld leggja til kláðalyf og mauraeitur.

#### 4. gr.

##### *Framkvæmd.*

Miðað skal við að aðgerðin fari fram á sem skemmstum tíma í hverju sveitarfélagi. Fé skal meðhöndla einu sinni með langvirku kláðalyfi samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis.

Á bæjum þar sem kláði hefur greinst á síðastliðnum 10 árum eða sterkar líkur eru á því að hann leynist, skal meðhöndla féð tvisvar með 7 til 21 daga millibili og endurtaka aðgerðina á sama hátt og á sömu bæjum að ári liðnu. Ákvörðun um þetta tekur yfirdýralæknir.

Stórgripir sem eru með fé á húsi geta borið lifandi maura í 30 daga og því skal aðskilja stórgripina frá fénu. Sé þess ekki kostur skal meðhöndlunin einnig ná til stórgripanna og vera á kostnað eigendanna að öllu leyti. Nægilegur aðskilnaður milli fjár og stórgripa vegna aðgerðar gegn fjárkláða telst léttur veggur 1,8-2,0 m að hæð, klæddur þolplasti, enda séu þrif fullnægjandi að mati yfirdýralæknis í báðum deildum og úðun með mauraeitri framkvæmd sérstaklega. Strax eftir að veggur hefur verið settur upp má meðhöndla féð, enda sé úðað með mauraeitri í báðum deildum tvisvar sinnum með 7 til 21 daga millibili. Í fyrra skiptið skal úða samdægurs en eftir að féð er meðhöndlað. Aðstaða skal vera tiltæk til skipta á skófatnaði og hlífðarfötum þegar farið er á milli deilda og hún notuð. Auk þess skal þvo hendur, ef snerta þarf gripi í báðum deildum í einn mánuð eftir aðskilnað. Hindra skal för hunda, katta og annarra húsdýra eftir því sem unnt er. Hafi fullnægjandi aðskilnaður að mati yfirdýralæknis verið í sama húsi í 30 daga eða lengur, þarf ekki að hafa aðstöðu til skó- og fataskipta.

Öll hús sem ofangreind dýr hafa komið í skal úða með mauraeitri á sama sólarhring og meðhöndlun fer fram í fyrra skiptið og aftur 7 til 21 dögum síðar. Fyrir úðun og áður en meðhöndlun hefst skal fjarlægja alla lausa muni og þeir hlutir sem hætta er á að komist í snertingu við féð úðaðir sérstaklega. Að auki skal tæma öll drykkjarlát fyrir úðun og skola að úðun lokinni. Hús sem aðeins eru notuð hluta ársins (á sauðburði, t.d. hlöður og hús eða skýli í óbyggðum við smalanir), skal grófhreinsa og úða með mauraeitri tvisvar sinnum með 7 til 21 daga millibili áður en fé kemur í þau aftur.

Yfirdýralæknir getur ákveðið að heimilt sé að nota önnur kláðalyf og mauraeitur við sérstakar aðstæður.

#### 5. gr.

##### *Söfnun upplýsinga og varrúðarráðstafanir.*

Sveitarstjórnir (fjallskilaneindir) skulu safna upplýsingum og gera lista yfir fé af svæðinu, sem vantar á heimtur. Ennfremur skulu sveitarstjórnir safna upplýsingum um fé sem látið hefur verið til lífs af svæðinu og það sama gildir um utansvæðisfé sem haft hefur samgang við fé af svæðinu, t.d. tekið heim úr réttum þar eða af einstökum bæjum. Afhenda skal yfirdýralækni listana. Utansvæðisféð sem sett hefur verið á skal dýralæknir skoða, taka af sýni og meðhöndla eftir því sem ástæða er til að mati yfirdýralæknis.

Vanti fé á heimtur, þegar aðgerðir gegn fjárkláða fara fram, eða ef fresta verður aðgerðum á hluta dýranna af óviðráðanlegum orsökum, skal allt meðhöndlað fé auðkennt á öruggan hátt og því haldið tryggilega aðskildu frá ómeðhöndluðu fé, þar til allt fé á bænum hefur verið meðhöndlað. Slík frávik má aðeins leyfa að fengnu leyfi yfirdýralæknis. Fé sem ekki verður handsamað eða ekki næst til einangrunar skal fella og urða áður en fé kemur á þær slóðir aftur.

Verði aðkomukinda vart eða óheimtra eigin kinda, eftir að meðhöndlun hefur farið fram, skal fjáreigandi tafarlaust hindra samgang við heimafé, sé þess kostur, og einangra þessar kindur í húsi sem ekki er notað fyrir dýr og tilkynna héraðsdýralækni eða dýralækni sauðfjár- og nautgripasjúkdóma sem gefa nánari fyrirmæli um aðgerðir.

#### 6. gr.

##### *Kostnaðarskipting.*

Kostnaði vegna aðgerðanna skal skipta þannig:

Ríkissjóður greiðir efniskostnað vegna lyfja og mauraeiturs.

Bændur greiða kostnað vegna vinnu og ferðakostnaðar dýralækna við meðhöndlunina og sjá um grófhreinsun húsa.

Viðkomandi sveitarfélög greiða kostnað vegna vinnu manna sem annast úðun maura-  
eiturs. Sama gildir um sérstakar eftirleitir sem framkvæmdar verða vegna aðgerða þessara.

7. gr.

*Viðurlög.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

Þeir eigendur búfjár sem fjallað er um í reglugerðinni og ekki fara að fyrirmælum hennar skulu greiða allan kostnað sem hlýst af töfum og aðgerðum sem framkvæmdar verða til að dýr þeirra og hús séu meðhöndluð með sama hætti og annarra búfjáreiganda á fyrrgreindu svæði. Tjón sem hlýst vegna tafa á framkvæmd aðgerða sem búfjáreigandi hefur orsakað og vegna aðgerða sem framkvæmdar eru í framhaldi af þeim töfum ber búfjáreigandi. Að öðru leyti skal farið með mál út af brotum að hætti opinberra mála.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. janúar 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B5 – 2002

15. janúar 2002

19

Nr. 13

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð, nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins.**

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „36.000 kr.“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 46.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „18.000 kr.“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 23.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „13.000 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 17.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „26.000 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 34.000 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „13.000 kr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 17.000 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 13.000 kr.

### 2. gr.

Í stað orðanna „Tveir lítrar“ í d. lið 1. tölul. 3. gr. kemur: 2,25 lítrar.

### 3. gr.

Nýr töluliður, 2. tölul, bætist við 2. mgr. 9. gr. svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Munntóbak og fínkorna neftóbak.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr. svo og 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. janúar 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

# REGLUR

## um starfsemi Íslenska dansflokksins.

### 1. gr.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæður listdansflokkur. Markmið hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendra listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Málefni Íslenska dansflokksins heyra undir menntamálaráðuneytið.

### 2. gr.

Íslenska dansflokknum stjórnar listdansstjóri í samvinnu við stjórn dansflokksins, eftir því sem nánar segir í reglum þessum.

### 3. gr.

Listdansstjóri er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Sá sem skipaður er listdansstjóri skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði listdans. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Listdansstjóri veitir dansflokknum listræna forystu og mótar listræna stefnu hans, í samráði við stjórn. Listdansstjóri á að stuðla að uppbyggingu dansflokksins með því að hafa stöðugt í huga ræktun og aðhlyningu listrænna hæfileika þeirra sem þar starfa, bæði sem dansarar og danshöfundar.

Listdansstjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri dansflokksins og reikningskilum. Hann stýrir dansflokknum, gerir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert rekstrarár og ber ábyrgð á rekstri dansflokksins, bæði listrænum og fjárhagslegum. Listdansstjóri skal afhenda árlega starfs- og fjárhagsáætlun til umsagnar stjórnar dansflokksins, áður en hún er endanlega staðfest. Listdansstjóri ræður starfsfólk og fer að öðru leyti með stjórn starfsmannamála dansflokksins. Þá hefur listdansstjóri yfirumsjón með markaðssetningu, almannatengslum og kynningu á dansflokknum.

Skal nánar kveðið á um starfssvið listdansstjóra í erindisbréfi.

### 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Íslenska dansflokksins til fjögurra ára í senn. Félag listdansara á Íslandi tilnefnir einn mann í stjórn, sem skal þó ekki vera starfandi dansari hjá Íslenska dansflokknum, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

Stjórn Íslenska dansflokksins fjallar almennt um starfsemi dansflokksins og skulu allar meiriháttar ákvarðanir í þeim efnum bornar undir stjórnina til umsagnar. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun sem listdansstjóri vinnur og leggur fram, skal borin undir stjórnina til umsagnar.

### 5. gr.

Listdansari, sem hefur verið fastráðinn dansari í a.m.k. 8 ár frá 1. mars 2001 og láta þarf af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar á rétt á styrk með tvennum hætti. Listdansari skal þremur mánuðum fyrir starfslok velja hvora leiðina hann kýs.

*Leið a.*

Listdansari skal við starfslok eiga rétt á eingreiðslu sem hér segir:

1. 1,2 milljónir króna eftir átta ár.
2. 1,6 milljónir króna eftir tólf ár.

*Leið b.*

Listdansari skal við starfslok eiga rétt á námsstyrk 75% af launum sem hér segir:

1. Í tvö ár eftir átta ára starf.
2. Í þrjú ár eftir tólf ára starf.

## 6. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 og skv. heimild í 19. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 878/1999.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ráðningartímabili núverandi listdansstjóra lýkur 31. júlí 2002 og mun menntamálaráðherra skipa hann listdansstjóra skv. 3. gr. tímabundið til þess tíma, í kjölfar gildistöku reglna þessara. Frá 1. ágúst 2002 mun menntamálaráðherra skipa að nýju í embætti listdansstjóra skv. 3. gr.

Núverandi stjórn Íslenska dansflokksins mun sitja út skipunartíma sinn eða til 26. október 2004.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.**

## 1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. grein samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

## 2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 12.500 og kr. 5.500 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 4.500.

Fyrir hvert aukasorpílát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 6.000.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

## 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við lið 08. Vélavinna og akstur í byggingavístölu fjölbýlishúss um hver áramót. Neðangreind verð miða við grunnvísitölu 293,7.

	kr.
Brotmálmar:	1.100 per m <sup>3</sup>
Brotmálmar:	4.400 per tonn
Farartæki (Losun á olú, eldsneyti og kælivökva):	5.500 per stk.
Timbur:	660 per m <sup>3</sup>
Grófur úrgangur (Grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.):	600 per m <sup>3</sup>
Pappír (Ekki bylgjupappi):	1.600 per m <sup>3</sup>
Dekkjaúrgangur (Skorin dekk 50% af gjaldi fyrir heil dekk):	4.850 per m <sup>3</sup>
Blandað pressanlegt sorp:	1.650 per m <sup>3</sup>

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni. Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 978/2000 fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

*Borgarnesi, 1. janúar 2002.*

**Stefán Kalmansson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.

Nýjar samþykktir fyrir Tryggingasjóð sparisjóða, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, voru settar á aukafundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000 samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með viðauka 6. október 2001 og staðfestar af viðskiptaráðherra 20. desember 2001 og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 8. janúar 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*

### Fylgiskjal.

#### SAMÞYKKTIR fyrir Tryggingasjóð sparisjóða.

1. gr.

Tryggingasjóður sparisjóða (hér eftir nefndur Tryggingasjóður) er sjálfseignarstofnun. Tryggingasjóður starfar á grundvelli laga nr. 98/1999.

Allir sparisjóðir skulu vera aðilar að Tryggingasjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur það meginhlutverk að tryggja hagsmuni viðskiptamanna sparisjóða og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu og slit sparisjóða, sbr. nánar ákvæði laga 98/1999

3. gr.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparisjóða, sbr. 2. gr. er stjórn Tryggingasjóðs heimilt:

- a) að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir hans,
- b) að ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð,
- c) að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
- d) að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga nr. 98/1999 og samþykktir þessar,
- e) að veita sparisjóði víkjandi lán.

Í framangreindu skyni er Tryggingasjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs.



## 4. gr.

Aðalfundur Tryggingasjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum sparisjóða næstliðið ár fyrir aðalfund.

Atkvæðisréttur sparisjóðs skal vera í höndum þess fulltrúa er sparisjóðurinn tilnefnir til þess að fara með atkvæði sjóðsins á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir lok október ár hvert. Aukafund skal halda ef sparisjóðir, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn Tryggingasjóðs telur þess þörf. Aðal- og aukafundi skal boða með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins.

Hver sparisjóður á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar Tryggingasjóðs með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

## 5. gr.

Formaður stjórnar Tryggingasjóðs setur aðalfund og stýrir kjöri fundarstjóra. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

A aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

- a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
- b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
- c) kosningu stjórnar, sbr. 6. gr., og löggilts endurskoðanda,
- d) þóknun stjórnarmanna að fengnum tillögum stjórnar,
- e) önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt samþykktum þessum eða stjórn sjóðsins ákveður að leggja fyrir fundinn.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum.

## 6. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skipa fimm menn. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum vara- mönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Fimmti stjórnarmaðurinn er tilnefndur af ráðherra og er hann tilnefndur til þriggja ára í senn í samræmi við lög nr. 98/1999.

Stjórn Tryggingasjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn Tryggingasjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnarmaður, sem er vanhæfur til meðferðar máls, sbr. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 113/1996, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess. Formaður stjórnar skal boða fulltrúa Fjármálaeftirlitsins til stjórnarfundar þegar ástæða þykir til. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins situr fundi með málfrelsi og tillögurétt.

## 7. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

1. gera tillögu um árgjald sparisjóða til Tryggingasjóðs og sjá um innheimtu á því,
2. taka ákvarðanir um meginstefnu í ávöxtun á fé sjóðsins,
3. taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
4. semja ársreikning,

5. ákveða hámark á hlutfall arðgreiðslu sparisjóða,
6. taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingasjóðs að öðru leyti en talið er upp í tölul. 1-5 hér að framan.

8. gr.

Framlög sparisjóða til Tryggingasjóðs skulu ákveðin á aðalfundi hans ár hvert og skal hlutfallsleg skipting árgjalds einstakra sparisjóða taka mið af sömu reiknireglu og gildir um árgjöld til Sambands íslenskra sparisjóða hverju sinni. Framlög sparisjóðanna skulu að hámarki nema 50 millj. kr. á ári og taki sú fjárhæð mið af hækkun vísitölu neysliverðs frá dagsetningu samþykktu þessara. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

9. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs ákveður í hverju einstöku tilviki þau skilyrði sem sett eru fyrir lánum, yfirtöku eigna, ábyrgðum, bótum v/sérstakra tapa eða kostnaðar sem sparisjóður verður fyrir, innlánum eða annars konar stuðningi við sparisjóð, sbr. 3. gr.

Sparisjóður er nýtur stuðnings frá Tryggingasjóði er skuldbundinn til að hlíta skilyrðum varðandi stjórnun og rekstur sparisjóðsins er stjórn Tryggingasjóðs kann að setja fyrir aðstoð samkvæmt 1. mgr. Þá skal sparisjóðurinn gefa stjórn Tryggingasjóðs reglubundnar skýrslur um stöðu sparisjóðsins og starfsemi allt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Tryggingasjóðs.

10. gr.

Nýr sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 1/7 af hlutfalli hans í samanlögðum eignum Tryggingasjóðs miðað við innborgunareglu 8. gr. Auk þess leggur hlutaðeigandi sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og hlutfalli.

Nú uppfyllir sparisjóður eða útibú ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingasjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999 og/eða samþykktum þessum og skal þá stjórn Tryggingasjóðs tilkynna það ráðherra án tafar.

11. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingasjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. A.m.k. 1/4 hluti af fé sjóðsins skal bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

12. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Um ársreikning og endurskoðun fer samkvæmt VII. og XIV. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

13. gr.

Heimilt er að veita stjórn Tryggingasjóðs þær upplýsingar sem getið er um í 3. og 4. mgr. 67. gr. laga nr. 113/1996.

14. gr.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða hefur á hendi daglegan rekstur Tryggingasjóðs.

## 15. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við 43. gr. laga nr. 113/1996.

## 16. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf jáyrði þeirra er fara með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Til breytinga á 2. mli. 8. gr. samþykktanna þarf þó jáyrði allra greiddra atkvæða. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

## 17. gr.

Samþykktir þessar eru settar af aukafundi Tryggingasjóðs sparisjóða 10. mars 2000 samkvæmt heimild í 19. gr. laga nr. 98/1999 með viðauka 6. október 2001.

Staðfesting viðskiptaráðherra 20. desember 2001.

**Valgerður Sverrisdóttir.**

## REGLUR

### **hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands um meistaranám.**

## 1. gr.

*Almennt.*

Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til meistarágráðu á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking er fyrir hendi. Náminu er ætlað að efla fræðilega þekkingu í hjúkrunarfræði, þjálfa hjúkrunarfræðinga í vísindalegum vinnubrögðum og auka færni þeirra í rannsóknar- og þróunarstörfum.

## 2. gr.

*Rannsóknánámsnefnd.*

Rannsóknánámsnefnd hjúkrunarfræðideildar fer með málefni meistaranámsins í umboði deildarráðs hjúkrunarfræðideildar. Hlutverk hennar er að skipuleggja nám til meistarágráðu í samvinnu við kennara deildarinnar, fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 3. gr.), skipa í meistaranámsnefndir, skipa prófdómara fyrir meistaraþróf (sbr. 11. gr.) og sjá um meistaraþróf.

## 3. gr.

*Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn er heimilt að leyfa einnig innritun á vормisseri. Umsóknarfrestur fyrir hana er til 15. september.

## 4. gr.

*Meðferð umsókna.*

Umsóknum skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar. Rannsóknánámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim

svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september (vegna innritunar á vormisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október. Í boði eru tvær námsleiðir, annarri lýkur með 15 eininga lokaverkefni og nefnist sú leið *Eir*, hinni lýkur með 30 eininga lokaverkefni og nefnist hún *Freyja*. Umsóknum um báðar námsleiðirnar skulu fylgja námsmarkmið og umsókn um *Freyju* skal fylgja lýsing rannsóknarverkefnis, sbr. umsóknareyðublað.

Ferli umsókna:

- a) Stúdent sem velur námsleiðina *Freyju* finnur sér leiðbeinanda. Stúdent sem velur námsleiðina *Eir* setur sér námsmarkmið og lýsingu á samsetningu náms þar sem meginfræðasvið sem hann hyggst byggja á koma fram.
- b) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á skrifstofu hjúkrunarfræðideildar og er eyðublaðinu skilað þangað.
- c) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám.
- d) Hjúkrunarfræðideild synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflega um leið og hún liggur fyrir.
- e) Afgreiðsla í hjúkrunarfræðideild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- f) Stúdent sem rannsóknánámsnefnd hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja rannsóknánám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

#### 5. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í meistaranám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S. prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands, eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25) í aðaleinkunn úr B.S. prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Umsækjandi þarf að hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í hjúkrun. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknnum.

Við inntöku er tekið mið af:

- a) einkunnum,
- b) starfsreynslu,
- c) greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir markmiðum sínum með náminu, með sérstakri áherslu á fyrirhugað rannsóknarverkefni,
- d) einstaklingsviðtölum og
- e) ummælum vinnuveitanda.

#### 6. gr.

##### *Einingafjöldi og tímalengd náms.*

Meistaranám í hjúkrunarfræði er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaranáms tvö ár og að jafnaði taki námið ekki lengri tíma en fjögur ár. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann. Nemendur geta fengið 10 einingar metnar að hámarki úr sambærilegu námi á meistarastigi sem tengjast rannsóknasviði nemandans. Slík námskeið skulu metin til eininga hverju sinni.

## 7. gr.

*Samsetning náms.*

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er vinna að eigin rannsóknarverkefni og samning rannsóknarskýrslu og tímaritsgreinar sem byggist á henni a.m.k. helmingur námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, semínörum og lesnámskeiðum. Stúdent í meistaranámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum hjá kennara undir umsjón umsjónarkennara. Lesnámskeiðið skal vera á rannsóknasviði sem tengist rannsóknarverkefni stúdents en er ekki hluti af aðalverkefni. Námið felst í lestri tímaritsgreina og annarra heimilda sem valdar eru í samráði við kennara og umræðum um þær við kennara. Lesnámskeiði lýkur með ritgerð.

## 8. gr.

*Námskeið í grunnnámi sem hluti af meistaranámi.*

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í meistaranámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6.

## 9. gr.

*Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Meistaraneми skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem hjúkrunarfræðideild samþykkir.

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í rannsóknarverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónarkennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina stúdent í rannsóknarverkefni.

## 10. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og rannsóknarverkefnið.*

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef leiðbeinandi meistaranema er ekki fastur kennari er nauðsynlegt að hann hafi sjálfur a.m.k. lokið meistaraþrófi. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

## 11. gr.

*Meistaránámsnefndir.*

Meistaránámsnefnd skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaránámsnefnd. Rannsóknanámsnefnd skipar meistaránámsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar.

## 12. gr.

*Prófdómarar.*

Rannsóknanámsnefnd tilnefnir prófdómara sem prófa meistaraneма og leggja mat á rannsóknarverkefni hans ásamt meistaránámsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu.

## 13. gr.

*Námsmat og meistaraþróf.*

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats rannsóknánámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents.

*Námsleiðin Freyja (30 eininga lokaverkefni):*

Í meistaraþrófi flytur nemandi fyrirlestur um rannsóknarverkefnið (20-40 mín.) og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara, sem skipaður er af rannsóknánámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn (0-10).

*Námsleiðin Eir (15 eininga lokaverkefni):*

Er lokaverkefni liggur fyrir skipar rannsóknánámsnefnd einn prófdómara sem leggur mat á það ásamt kennara.

## 14. gr.

*Skil og frágangur meistararitgerða.*

Í meistararitgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða rannsókna á fræðasviðinu er rakin, aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður, ítarlegar umræður og heimildaskrá sem skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Meistararitgerð skal skilað í fimm eintökum til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar eigi síðar en sex vikum fyrir áætlaðan prófdag.

*Námsleiðin Freyja (30 eininga lokaverkefni):*

Auk meistaraþrófsritgerðar skal að jafnaði liggja fyrir handrit að tímaritsgrein sem send hefur verið til birtingar í erlendu ritrýndu tímariti. Hjúkrunarfræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistararitgerða.

## 15. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Nemandi skal taka hluta meistaranámsins (5-15 einingar) við erlendan háskóla og/eða rannsóknastofnun.

## 16. gr.

*Lærdómstitlar.*

Að loknu meistaranámi hlýtur stúdent lærdómstitilinn M.S.

## 17. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

# REGLUR

## raunvísindadeildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

### 1. gr.

#### *Almennt.*

Reglur þessar gilda þegar gerð er tillaga til háskólarektors um veitingu starfs sem auglýst hefur verið við raunvísindadeild háskólans eða stofnanir sem heyra undir deildina, og þar sem hæfnisdóms er krafist.

Í auglýsingum um störf sem reglur þessar taka til, skal hafa komið fram við hverja af skorum eða stofnunum raunvísindadeildar starfið sé. Það er skilyrði að í auglýsingu komi fram hvaða reglur gildi um tillögugerð varðandi veitingu starfsins.

### 2. gr.

#### *Dómnefndarálit og gögn umsækjenda.*

Þegar dómnefnd hefur lokið við að meta umsækjendur um auglýst starf sendir rektor dómnefndarálitið til forseta raunvísindadeildar, ásamt athugasemdum umsækjenda og öðrum gögnum. Deildarforseti framsendir málið til viðkomandi skorarformanns eða stjórnarformanns stofnunar.

### 3. gr.

#### *Málsmeðferð skorar.*

Skorarformaður sendir þegar niðurstöður dómnefndar og gögn umsækjenda til allra atkvæðisbærra manna á skorafundi. Skal málið tekið fyrir á skorafundi svo fljótt sem því verður við komið.

Skorarformaður leggur rökstudda tillögu fyrir skorafund um það með hverjum skuli mælt í starfið. Komi fram aðrar tillögur skulu þær einnig rökstuddar. Hafi dómnefnd verið beðin um að forgangsraða umsækjendum skal það sérstaklega rökstutt ef gerð er tillaga um annan umsækjanda en þann sem metinn hefur verið hæfastur af dómnefnd. Hljóti engin tillaga hreinan meirihluta í fyrstu umferð skal greiða atkvæði um þær tvær tillögur sem flest atkvæði hlutu. Tillaga skorar um það hver skuli ráðinn skal hafa hlotið hreinan meirihluta greiddra atkvæða á skorafundi.

Skorafundur er ályktunarbær um veitingu starfs ef þrír fjórðu hlutar atkvæðisbærra skoramanna sækja fund. Um atkvæðagreiðslu og niðurstöðu mála gilda ákvæði sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands og samþykktir deildarfundar eftir atvikum.

### 4. gr.

#### *Málsmeðferð stofnunar.*

Formaður stjórnar stofnunar sendir þegar niðurstöður dómnefndar og gögn umsækjenda til þeirra sem sæti eiga á stofufundi. Skal málið tekið fyrir á stofufundi svo fljótt sem því verður við komið.

Stofustjóri leggur rökstudda tillögu fyrir stofufund um það með hverjum skuli mælt í starfið. Komi fram aðrar tillögur skulu þær einnig rökstuddar. Hafi dómnefnd verið beðin um að forgangsraða umsækjendum skal það sérstaklega rökstutt ef gerð er tillaga um annan umsækjanda en þann sem metinn hefur verið hæfastur af dómnefnd. Hljóti engin tillaga hreinan meirihluta í fyrstu umferð skal greiða atkvæði um þær tvær tillögur sem flest atkvæði hlutu. Tillaga stofu um það hver skuli ráðinn skal hafa hlotið hreinan meirihluta greiddra atkvæða á stofufundi.

Stofufundur er ályktunarbær um veitingu starfs ef þrír fjórðu hlutar atkvæðisbærra stofumanna sækja fund.

Að fenginni umfjöllun stofufundar um umsækjendur skal tillaga stofu tekin fyrir í stjórn stofnunarinnar. Komi fram aðrar tillögur skulu þær rökstuddar.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn þess, skal bera tillögur um ráðningu í starfið undir stofnunarfund áður en ákvörðun er tekin.

Þar sem stofnun er ekki skipt í stofur fjallar stofnunarfundur um málið með sama hætti og stofufundur. Formaður stjórnar stofnunar leggur þá rökstudda tillögu fyrir stofnunarfund og stjórnarfund um það með hverjum skuli mælt í starfið.

Um atkvæðagreiðslu og niðurstöðu mála á stjórnarfundum gilda ákvæði sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands og reglna um viðkomandi stofnun eftir því sem við á.

#### 5. gr.

##### *Meðferð deildar á tillögum skora og stofnana.*

Deildarforseti kynnir niðurstöðu skorar í deildarráði. Deildarráð getur gert athugasemdir við málsmeðferð og farið fram á að skor taki málið fyrir að nýju sé rökstudd ástæða til að ætla, að réttra málsmeðferðarreglna hafi ekki verið gætt. Tekur þá skor að nýju við málinu.

Að fengnum athugasemdum deildarráðs sendir deildarforseti endanlega og rökstudda tillögu um ráðningu í starfið til rektors sbr. 45. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Jafnframt og um leið skal deildarforseti kynna atkvæðisbærum fulltrúum á deildarfundum hver niðurstaðan var.

Deildarforseti framsendir tillögu stjórnar stofnunar ásamt rökstuðningi til rektors sbr. 45. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 6. gr.

##### *Meðferð rektors á tillögum.*

Rektor getur óskað eftir frekari upplýsingum frá raunvísindadeild um tillögugerðina. Sé rökstudd ástæða til þess að ætla að réttra málsmeðferðarreglna eða lögbundinna sjónarmiða hafi ekki verið gætt við tillögugerðina, getur rektor vísað málinu á ný til deildar.

#### 7. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í raunvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs eru settar á grundvelli heimildar í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*



# REGLUR

## verkfræðideildar Háskóla Íslands um doktorsnám.

### 1. gr.

#### *Vísindanefnd verkfræðideildar.*

Vísindanefnd verkfræðideildar fer með málefni doktorsnáms innan deildarinnar. Í vísindanefnd situr fulltrúi úr hverri skor sem deildarráð skipar. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umsóknir í doktorsnám og skila deildarráði umsögn um þær. Nefndin skal einnig fjalla um meiri háttar breytingar á námsáætlun eftir upphaf náms og sinna öðrum málum varðandi doktorsnám, sem deildarráð kann að fela henni. Stúdent getur skotið ágreiningi við doktorsnámsnefnd, sbr. 10. gr., til deildarráðs sem leitar álits vísindanefndar.

### 2. gr.

#### *Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur um doktorsnám við verkfræðideild er til 15. mars, fyrir nám, sem hefst á haustmíssi og til 15. september fyrir nám, sem hefst á vormíssi.

### 3. gr.

#### *Meðferð umsókna.*

Ferli umsókna um doktorsnám er eftirfarandi:

- a) Stúdent finnur sér leiðbeinanda (sjá 9. og 10. gr.).
- b) Stúdent sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstökum eyðublöðum, sem fást hjá nemendaskrá og skrifstofu verkfræðideildar. Umsókn um doktorsnám skulu fylgja drög að náms- og rannsóknáætlun. Umsóknum skal skilað á skrifstofu verkfræðideildar.
- c) Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða, sem fjármagna eiga námið, skulu þau fylgja umsóknum um doktorsnám. Skrifstofa rannsóknasviðs veitir aðstoð við gerð slíkra umsókna.
- d) Vísindanefnd fjallar um umsóknina og skilar umsögn til deildarráðs þar sem samþykki eða höfnun er rökstudd. Deildarráð afgreiðir umsóknir formlega með hliðsjón af umfjöllun vísindanefndar. Skrifstofa deildar tilkynnir umsækjanda niðurstöðu bréflaga og ef um synjun er að ræða fylgir rökstuðningur deildarráðs með.
- e) Ef deildarráð samþykkir umsóknina tilnefnir viðkomandi skor umsjónarkennara (sjá 9. og 10. gr.). Umsækjandi ásamt umsjónarkennara leggur fram endanlega náms- og rannsóknáætlun fyrir skor til umfjöllunar.
- f) Samþykkt námsáætlun frá skor er lögð fyrir vísindanefnd til staðfestingar. Ef vísindanefnd hefur athugasemdir um námsáætlunina fer hún aftur til skorar til endurskoðunar. Þegar vísindanefnd hefur samþykkt áætlunina tilkynnir skrifstofa deildarinnar umsækjanda það bréflaga.
- g) Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars skal vera lokið fyrir 25. apríl. Umsóknir sem berast fyrir 15. september skal afgreiða fyrir 15. október. Afgreiðslu umsókna skal tilkynna til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- h) Umsækjandi sem verkfræðideild hefur samþykkt skal snúa sér til nemendaskrár og skrá sig til náms. Skráning vegna náms sem hefjast skal á haustmíssi, skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. október fyrir nám á vormíssi.

## 4. gr.

*Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í nám til doktorsprófs við verkfræðideild skal stúdent hafa lokið M.S.-prófi frá deildinni eða hafa sambærilegt próf frá rannsóknaháskóla.

## 5. gr.

*Samsetning náms.*

Námið skiptist í námskeiðshluta og rannsóknarverkefni. Námskeiðshlutinn skal vera eins árs nám í fullu starfi og jafngilda 30 einingum hið minnsta. Hámarksfjöldi eininga í lesnámskeiðum stúdents hjá leiðbeinanda hans er 9 einingar.

Öllum námskeiðum skal ljúka með viðeigandi námsmati í samræmi við skilgreinda námsáætlun. Lágmarkseinkunn er 6,0 fyrir námskeið við verkfræðideild sem meta skal til doktorsprófs. Námskeiðum sem tekin eru við erlenda rannsóknaháskóla skal ljúka í samræmi við kröfur þess skóla.

Eiginleg vinna við rannsóknarverkefnið hefst að jafnaði ekki fyrir en námskeiðum er lokið.

Vísindanefnd fjallar sérstaklega um fjölda námskeiða og samsetningu þeirra í endanlegri námsáætlun. Námskeiðin skulu að jafnaði vera á doktorsstigi við Háskóla Íslands eða rannsóknaháskóla.

## 6. gr.

*Tímalengd náms og einingafjöldi.*

Doktorsnám að loknu meistaraprófi skal vera þriggja ára nám í fullu starfi hið minnsta. Doktorsneminn skal að lágmarki hafa eins árs viðveru við Háskóla Íslands eftir að námskeiðshluta lýkur.

Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á, að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann, eða samkvæmt nánari reglum, sem Háskóli Íslands kann að setja.

## 7. gr.

*Námskeið í grunnnámi.*

Að jafnaði er ekki er heimilt að nota námskeið úr grunnnámi (B.S.-námi) sem hluta doktorsnáms nema þau séu nauðsynlegur hluti námsins og úr öðrum deildum.

## 8. gr.

*Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi kennara með doktorspróf í föstu starfi við verkfræðideild í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða, framvindu þess og hvað annað sem tengist náminu.

Leiðbeinandi annast faglega leiðsögn doktorsnema í rannsóknnum. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Deild getur þó heimilað nemanda, að hafa utan- aðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur, sem gerðar eru í þessum reglum, sbr. 9. grein.

## 9. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.*

Umsjónarkennari skal ávallt vera kennari í föstu starfi í viðkomandi grein. Leiðbeinandi nemanda í doktorsnámi skal ávallt vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar um eigin rannsóknir í ritryndum alþjóðlegum tímaritum. Rannsóknarverkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans.

## 10. gr.

*Doktorsnámsnefnd.*

Doktorsnámsnefnd viðkomandi nemanda skal skipuð þremur sérfróðum mönnum hið minnsta, sem deildarráð skipar að fengnum tillögum vísindanefndar. Einn þeirra skal vera umsjónarkennarinn og er hann formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal starfa utan viðkomandi skorar.

Doktorsnámsnefnd kveður doktorsnemann á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur. Áður en til doktorsvarnar kemur skilar doktorsnámsnefndin rökstuddu álitni til deildar um hvort gefa skuli doktorsefni kost á, að leggja fram ritgerð sína til doktorsvarnar. Ef atkvæði falla jafnt í nefndinni ræður atkvæði formanns nefndarinnar.

Í þeim tilvikum sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal leiðbeinandi einnig sitja í doktorsnámsnefnd.

## 11. gr.

*Prófdómarar og andmælendir.*

Pegar fyrir liggur að deild hafi samþykkt ritgerð til doktorsvarnar gerir skor tillögu til deildar um tvo andmælendir við doktorsvörn og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnámsnefnd. A.m.k. annar andmælendanna skal vera frá erlendum rannsóknaháskóla. Deildarráð tilnefnir andmælendir að fengnum tillögum vísindanefndar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Um andmælendir við doktorsvörn gilda ákvæði 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

## 12. gr.

*Námsmat.*

Eigi síðar en um miðbik námsins skal doktorsneminn leggja fram og verja tillögu um fyrirhugað rannsóknarverkefni. Doktorsnámsnefnd metur tillöguna og prófar um leið doktorsnemann í almennri þekkingu og rannsóknaaðferðum á viðkomandi sviði. Skilyrði fyrir því, að nemandi geti haldið áfram doktorsnámi er, að hann ljúki þessum áfanga með fullnægjandi árangri. Standist doktorsneminn ekki áfangann að mati doktorsnámsnefndar skal hún rökstyðja þá ákvörðun. Einfaldur meirihluti ræður í doktorsnámsnefnd. Atkvæði formanns nefndarinnar ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Rannsóknarverkefni til doktorsprófs lýkur með því, að nemandi leggur fram ritgerð og heldur um hana opinberan fyrirlestur. Ritgerð skal metin af andmælendum samanber reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats doktorsnámsnefndar staðfest yfirlit um námsferil stúdents.

## 13. gr.

*Skil og frágangur doktorsritgerðar.*

Doktorsritgerð skal leggja fram fyrir doktorsnámsnefnd og andmælendir eigi síðar en sex vikum fyrir doktorsvörn. Verk til lokaprófs getur verið hvort sem er í formi heildstæðrar ritgerðar eða safns greina sem hafa birst eða verið sendar til birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum. Með greinasafni skal ávallt fylgja ítarlegt yfirlit og samantekt á verkinu. Deildarskrifstofa veitir leiðbeiningar um frágang og útlit ritgerða, fjölda eintaka, kostnað vegna þeirra og skil til Háskólabókasafns og samþykkir einnig lokafrágang.

## 14. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Hluta doktorsnáms má taka við aðra rannsóknaháskóla. Skýrt skal kveðið á um vægi námskeiða og verkefnis við Háskóla Íslands og aðra rannsóknaháskóla í drögum að námsáætlun, sem lögð er fram við innritun.

## 15. gr.

*Lærdómstitill.*

Doktorspróf veitir rétt til lærdómstitilsins *doctor philosophiae* og notkun skammstöfunarinnar Ph.D.

## 16. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í verkfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla verkfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## REGLUR

### heimspekideildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

## 1. gr.

*Málsmeðferð í skor og stofnun.*

Þegar deildarforseti hefur fengið frá rektor dómnefndarálit, ásamt athugasemdum umsækjenda og svörum dómnefndar ef við á, sendir hann gögnin til skorar og stöðunefndar heimspekideildar, en hún er deildarforseta til ráðuneytis í stöðumálum. Dómnefndarálit og öll fylgigögn skulu send stöðunefndarmönnum og skorarmönnum með minnst einnar viku fyrirvara fyrir fund þar sem gera skal tillögu um veitingu starfs. Deildarforseti getur þó sent gögnin fyrst til stöðunefndar eingöngu telji hann málið þurfa sérstakrar skoðunar við. Telji stöðunefnd að gögnin séu ekki tæk til frekari afgreiðslu sendir hún þau aftur til rektors.

Á fundi skorarinnar skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu. Skorarformaður getur farið þess á leit að allir dómnefndarmenn sitji fundinn. Að lokinni reifun formanns dómnefndar fara fram umræður um umsækjendur. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram. Þeir hafa málfrelsi í umræðunum og mega taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu um veitingu starfsins ef þeir eiga atkvæðisrétt í viðkomandi skor. Þegar umræðum er lokið kjósa skorarmenn á milli umsækjenda. Á grundvelli atkvæðagreiðslunnar gerir skorin tillögu um hverjum beri að veita starfið. Hafi dómnefnd talið einn umsækjanda hæfastan og geri skor tillögu um að veita honum starfið, þarf ekki að rökstyðja þá tillögu frekar. Að öðrum kosti skal skorarformaður láta skriflegan rökstuðning fylgja tillögu meirihluta skorar.

Það sem hér (og í næstu greinum) er sagt um skorir (skorarformann og skorarmenn) á við um stjórn rannsóknastofnunar deildarinnar (stjórnarformann og stjórnarmenn) ef umsókn er til umfjöllunar hjá rannsóknastofnun.

2. gr.

*Málsmeðferð stöðunefndar.*

Að fengnu álitni skorar skal málið tekið fyrir á fundi í stöðunefnd. Nefndarmenn skulu fá öll viðbótarmálgögn frá skor í hendur með minnst tveggja daga fyrirvara. Stöðunefnd skal kynna sér öll gögn vandlega, enda er hlutverk nefndarinnar að leggja mat á það hvort rétt og eðlilega hafi verið staðið að meðferð málsins. Stöðunefnd tekur málið til afgreiðslu, gengur frá umsögn og sendir hana til deildar.

3. gr.

*Undirbúningur deildarfundar.*

Við boðun á deildarfund þar sem tillaga um veitingu starfs er til umfjöllunar skal senda dómnefndarálitnið, ásamt fylgigögnum ef við á, til þeirra deildarmanna sem eiga atkvæðisrétt. Senda skal álit dómnefndar, tillögu skorar og umsögn stöðunefndar til deildarmanna með minnst viku fyrirvara.

4. gr.

*Málsmeðferð á deildarfundi.*

Á deildarfundi skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu og skorarformaður skýra rökstudda tillögu skorar. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram. Þeir hafa málfrelsi í umræðunum og mega taka þátt í atkvæðagreiðslu um tillögu um veitingu starfsins ef þeir eiga atkvæðisrétt á deildarfundi.

Að lokinni reifun formanns dómnefndar og skorarformanns fara fram umræður um málið. Þegar umræðum er lokið kjósa deildarmenn milli umsækjenda. Deildarforseta ber að fresta atkvæðagreiðslu krefjast helmingur fundarmanna þess. Tillaga um veitingu starfs á grundvelli dómnefndarálits telst ekki samþykkt nema meirihluti viðstaddra á deildarfundi hafi greitt umsækjanda atkvæði. Gildir þetta jafnt um nýráðningu sem um framgang í starf. Ef tveir eða fleiri umsækjendur eru í kjöri og enginn þeirra hlýtur hreinan meirihluta atkvæða í fyrstu umferð, skal kjósa aftur á milli þeirra sem flest atkvæði fengu.

5. gr.

*Þátttaka stúdenta.*

Fulltrúar stúdenta í stjórnunareiningum eiga ekki atkvæðisrétt þegar kosið er milli umsækjenda.

6. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í heimspekideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs eru settar á grundvelli heimildar í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 2. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Fellahreppi.

### A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

#### 1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu janúarmánaðar 2002.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

#### 2. *Gjalddagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

#### 3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

#### 4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

### B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

#### 1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða herra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu janúarmánaðar 2002.

#### 2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna. Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið. Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt eftir 2 umræður í sveitarstjórn Fellahrepps 31. október 2001.

*Fellahreppi, 4. janúar 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

**Jens P. Jensen**, sveitarstjóri Fellahrepps.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, v/Hraunbrúnar 46, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, v/Hraunbrúnar 46, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður svo koma megi fyrir sólstofu. Breytingin skal taka mið af kvöðum um lagnir á lóðinni.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 3. janúar 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir**, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur veitt Sorpeyðingu Mið-Héraðs í Tjarnarlandi, Hjaltastaðahá, kt. 700492-2069, starfsleyfi til að reka sorpurðunarstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2005.

*Hollustuvernd ríkisins, 2. janúar 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Helgi Jensson*  
forstöðumaður.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Reykjadal í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórn þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir land Reykjadal í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan tekur til alls lands Reykjadal og gerir ráð fyrir byggingarreit er tengist núverandi mannvirkjum á landinu. Einnig er útbúinn lóð á norðurmörkum landsins sem er u.þ.b. 1 ha að stærð, með byggingarreit fyrir íbúðarhús og ylraekt. Vegur á norðurmörkum landsins er færður til, þannig að hann lendi á landamörkum aðliggjandi landa.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 5. desember 2001 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Tungubökkum í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.



Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir vestasta flugskýlið á Tungubökkum er stækkaður og færður til suðurs, legu aðkomuvegar breytt, reiðgata norðan aðkomuvegar er færð inn, lengd varaflugbrautar (öryggissvæðis) er leiðrétt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2002 vera 570.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2002.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. desember 2001“ í B. lið 2. gr. komi: 1. ágúst 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegráðuneytinu, 11. janúar 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## SAMÞYKKT

### um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Borgarbyggð afgreiðir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

#### 2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Borgarbyggðar um byggingarmál.

#### 3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Synji byggingarfulltrúi erindi skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í umhverfis- og skipulagsnefnd.

#### 4. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

#### 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til umhverfis- og skipulagsnefndar innan 14 daga frá afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

#### 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 117/1999 um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	8.400
Sveitabýli	8.400
Sveitaheimili	5.600
Sumarbústaðir á Grenivík	5.600
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	2.600
Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.	

Sorphirðugjald fyrirtækja flokkast þannig:	kr.
1. flokkur	5.600
2. flokkur	8.400
3. flokkur	26.000
4. flokkur	52.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps og staðfest í sveitarstjórn 3. og 17. desember 2001.

*Grenivík, 3. janúar 2002.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Minni Borg - deiliskipulag ferðapjónustuhúsa.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 3. júlí 2001 samþykkt deiliskipulag ferðapjónustuhúsa í landi Minni Borgar í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

*Klausturgata-C á svæði Seyðishóla í landi Klausturhóla – breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Klausturgötu 4C.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 21. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Klausturgötu 4C á svæði Seyðishóla í landi Klausturhóla í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

*Kringla – breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, lóðir nr. 5 og 7, við Sólheimaveg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 7. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar, lóðir nr. 5 og 7, við Sólheimaveg í landi Kringlu í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 3. janúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 1/2002 um skilafresti á árinu 2002 fyrir launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Skilafrestur eftirtalinnna gagna vegna ársins 2001 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

### **I. Til 28. janúar 2002:**

1. Launamiðar (RSK 2.01) ásamt almennu launaframtali (RSK 1.05). Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda eða til verktaka fyrir efni og vinnu, styrkja, bóta eða annarra tekna; svo sem áskilið er.
2. Greiðslumiðar vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. Hlutfjármíðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04).
4. Upplýsingar hlutfélaga um kaupréttarsamninga (RSK 2.085).
5. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06).

*Ofangreindur frestur er þó framlengdur til 8. febrúar 2002, enda sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu RSK.*

### **II. Til 14. apríl 2002:**

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.
2. Upplýsingar fjármálastofnana um kaup, sölu og umbodsviðskipti með hlutabréf.
3. Greiðslumiðar (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
4. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035).
5. Afurða- og innstæðumiðar (RSK 2.075) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.07).
6. Sjávarafurðamiðar (RSK 2.055) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.05).
7. Greiðslumiðar (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.

• Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslu-  
lýsingu ríkisskattstjóra. Sé það ekki gert skal þeim skilað á tilsvarende eyðublöðum RSK.

*Reykjavík, 4. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 2/2002 um reikning fyrninga og vaxta vegna  
fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga  
nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2002 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu fyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 2000 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 2001.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2001 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 10,2% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2001. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2001 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

*Reykjavík, 8. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 3/2002 um skattmat 2002 – tekjur manna.**

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2002, sbr. 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skattmat þetta gildir einnig við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2002 nema

um sé að ræða tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 591/1987 með áorðnum breytingum, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

Reglur um skattmat taka til hvers þess sem nýtur hlunninda eða er aðnjótandi gæða, sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem þeirra nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna, svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengda við þann sem hlunnindin lætur í té.

## 1. Almenn um mat á hlunnindum og gæðum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og skiptir þá ekki máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum svo og framlög og gjafir sé verðmætið herra en almennt gerist um tækifærisgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem eru ekki látin í té í formi reiðufjár, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látin af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

## 2. Sérstakt tekjumat.

### 2.1. Starfstengd hlunnindi.

Allur viðurgjörningur launagreiðanda við starfsmenn í öðru en reiðufé leggst að jöfnu við laun til þeirra og ber að telja til tekna. Viðurgjörningur við starfsmenn eru fríðindi og gæði tengd starfinu, sem þeir njóta án þess að greiða fyrir það fullt verð, hvort sem um er að ræða að launþeginn fái eitthvað til eignar, afnota, láns eða neyslu. Viðurgjörningur við starfsmenn telst til tekna miðað við markaðsverð eða gangverð, þ.e. það verð sem það hefði kostað launþegann að kaupa, leigja eða greiða fyrir afnot af því sem féll til hans

Tiltekinn viðurgjörningur við starfsmenn, sem er í mjög beinum tengslum við störf þeirra, almennur og aðgengilegur öllum, þarf ekki að telja til tekna, enda sé kostnaður hæfilegur miðað við einstök tilefni og heildstætt á árinu. Til þessa viðurgjörnings teljast árs hátíðir starfsmanna, jólagleði og sambærilegar samkomur, svo og starfsmannuferðir, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta, afnot af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, kaffiveitingar í vinnutíma og námskeið sem tengjast starfinu beint. Til hans teljast enn fremur framlög til starfsmannafélaga vegna þessara liða.

Skilyrði fyrir því að þessi viðurgjörningur sé ekki talinn til tekna hjá starfsmanni er að kostnaður, annar en við námskeið sem tengjast starfinu beint, á starfsmann sé samtals ekki hærri en 40.000 krónur á árinu og ekki hærri en 10.000 kr. af einstöku tilefni (ferð með gistingu, árs hátíð o.s.frv.). Sé kostnaðurinn í heild eða af einstöku tilefni hærri telst hann að fullu til tekna.

Hlunnindi sem sæta sérstöku skattmati í samræmi við eftirfarandi, og viðurgjörningur sem eingöngu eða fyrst og fremst er vegna einkaparfa teljast alltaf til skattskyldra tekna.

## 2.2. Fatnaður.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	15.000 kr.
Einkennisyfirhafnir	11.000 kr.
Stakir hlutar einkennisfatnaðar:	
Buxur/pils	4.000 kr.
Jakki/kuldagalli	11.000 kr.
Peysa/skyrta/blússa/vesti	2.000 kr.
Hálsbindi/slæða/belti	1.000 kr.
Skór	6.000 kr.

Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati skal miða við kostnaðarverðið. Við mat á því hvað telst til einkennisfatnaðar skal tekið tillit til fjölda starfsmanna sem fær slíkan fatnað afhentan, útlits fatnaðarins, t.d. þess hvort hann ber lit eða önnur ytri sérkenni sem einkennandi eru fyrir viðkomandi atvinnurekanda. Gera má ráð fyrir að einkennisfatnaður aðgreini viðkomandi starfsmann frá hinum almenna borgara og að um sé að ræða fatnað sem ekki er fallinn til afnota utan vinnutíma og almennt ekki ætlaður til slíkra nota. Annar fatnaður en einkennisfatnaður sem starfsmanni er látinn í té skal talinn honum til tekna á gangverði.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

## 2.3. Bifreiðahlunnindi.

*Full og ótakmörkuð umráð.*

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 2000, 2001 eða 2002 skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári.

Verð bifreiða er í þessu sambandi skilgreint í bæklingnum bifreiðaskrá RSK, sem fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal það vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn einnig allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

*Takmörkuð afnot.*

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af bifreiðinni, enda sé hún að öðru leyti notuð í daglegum rekstri launagreiðanda. Takmörkuð afnot skulu metin til tekna miðað við 55,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattýfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum og stjórnarmenn félaga teljast hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeir hafa til einkanota.

**2.4. Fæði.**

Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaus, skal metið starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Morgunverður	250 kr.
Hádegisverður eða kvöldverður	325 kr.
Fullt fæði á dag	900 kr.

**2.5. Íbúðarhúsnæði og orlofshús.**

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 4% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er, sbr. eftirfarandi:

<i>Gildistala</i>	<i>Staðsetning</i>
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður.
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus.
0,70	Önnur sveitarfélög.

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði, sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m<sup>2</sup> að viðbættum 5 m<sup>2</sup> fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.



## 2.6. Lán.

Sá sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skal telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2002 miðast tekjumatið við 10% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

## 3. Frádráttur frá tekjum.

### 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk.

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturerindi, kílómetragjald, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 330.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki 55,00 kr. á hvern ekinn km í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Fái launþegi greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2002 fyrir akstur við erfiðar aðstæður má hækka hámarksfrádrátt fyrir hvern ekinn km sem hann fær greiddan samkvæmt „sérstöku gjaldi“ í 63,25 kr. og/eða samkvæmt „torfærugjaldi“ í 79,75 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturerindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

### 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum.

Frádráttur á móti dagpeningum sem launþegi hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill, enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað, svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er jafnframt háður því skilyrði að fyrir liggja í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launþega.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2002 sem hér segir:

*Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.*

	Jan. – apr.	Maí – sept.	Okt. – des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	12.000	13.500	12.500
Fyrir gistingu í eina nótt	7.000	8.500	7.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.000	5.000	5.000
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.500	2.500	2.500

*Frádráttur frá dagpeningum erlendis (ákvarðast í SDR).*

*Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.*

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	130	92	83	59
New York borg og Washington DC	135	80	86	51
Asía og Suður-Ameríka	133	107	85	68
Annars staðar	97	92	62	59

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 900 kr. fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 450 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaðar erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga, sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

### 3.3. Frádráttur vegna fóstunar barna.

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum má færa sem frádrátt á móti þeim fjárhæð sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur.

### 3.4. Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Í stað frádráttar sem byggist á sannanlegum kostnaði er í slíkum rekstri heimilt að færa til frádráttar vegna barna eldri en tveggja ára 83 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 191 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir

börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þessara fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu 14% af þeim tekjum. Ef um sumarðvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði og að framan greinir fyrir frádrætti í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum eftir því hvort viðkomandi barn er í dagvistun eða gistingu.

### 3.5. Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum.

### 3.6. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 487 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

*Reykjavík, 16. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

### um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, hér eftir nefndar áhættuskuldbindingar, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu og fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

#### 2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Áhættuskuldbinding:* Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem um getur í A, B og C liðum viðauka I með reglugerð þessari, þó ekki eignaliðir sem dragast frá eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga um þær stofnanir sem reglugerð þessi tekur til.

*Eigið fé:* Eigið fé samkvæmt eiginfjárkvæðum laga, sem gilda um viðkomandi lána- stofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, en þó að frádregnum eiginfjárþætti C samkvæmt eiginfjárkvæðum sömu laga.

*Fjárhagslega tengdir aðilar:*

- a. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem annar eða einn hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum og því teljist skuldbindingar þeirra vegna mynda eina áhættuskuldbindingu og
- b. tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem teljast mynda eina áhættuskuldbindingu þar sem þeir eru svo fjárhagslega tengdir innbyrðis að líkur séu á að fjárhagsferfiðleikar annars eða eins leiði til greiðsluferfiðleika hins eða hinna.

*Fjölbjóða þróunarbankar:* Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Afríku, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins.

*Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:* Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

*Lánastofnun:* Viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 113/1996 svo og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993.

*Stór áhættuskuldbinding:* Áhættuskuldbinding lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé stofnunarinnar eða fyrirtæksins.

### 3. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara fram yfir 25% af eigin fé lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Teljist einhver hluti viðkomandi áhættuskuldbindingar vera staða í veltubók skal við mat á áhættugrunni fara með þá stöðu sem umframáhættu, sbr. ákvæði 7. kafla reglna um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 693/2001.

Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu má ekki fara yfir 800% af eigin fé stofnunar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um áhættuskuldbindingar lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu vegna fyrirtækja sem stunda starfsemi samkvæmt 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði og mynda samstæðu með hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki.

### 4. gr.

Við útreikning hlutfalla samkvæmt 1.-3. mgr. 3. gr. er heimilt að undanskilja eftirtalda liði í samræmi við eftirfarandi. Sé ekki annað tekið sérstaklega fram eiga einstakir liðir við bæði lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:

1. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði A, sbr. viðauka II með reglugerð þessari, svo og kröfur á eða með ábyrgð Evrópusambandsins.
2. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka II með reglum þessum, enda sé um að ræða kröfur í þarlendri mynt og sem fjármagnaðar eru í sömu mynt.
3. Kröfur lánastofnunar tryggðar með handveði í innstæðum og innlánskírteinum útgefnum af stofnuninni sjálfri eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki hennar.
4. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum útgefnum af aðilum sem tilgreindir eru í 1. tölulið.

5. Kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga og sveitarfélaga og svæðisbundinna stjórnvalda á svæði A, sbr. viðauka II að 80% hluta.
6. Kröfur á lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðsluþjónunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva lengri en eitt ár eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af einhverjum þeirra aðila sem getið er í 1. málslíð þessa tölulíðar sem eru framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og að söluverð þeirra sé daglega skráð. Kröfur íslenskra sparisjóða með eftirstöðvatíma yfir einu ári á hendur eða með ábyrgð Sparisjóðabanka Íslands má þó undanskilja að 80% hluta. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa tölulíðar.
7. Kröfur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem lántaki nýtir eða leigir út allt að 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins.
8. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum öðrum en þeim sem tilgreind eru í 4. og 5. tölul. að því tilskyldu að þau séu ekki gefin út af viðskiptamanni lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða hópi tengdra viðskiptamanna. Verðbréfin þurfa að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum. Þau skulu metin á markaðsvirði og vera meira virði en áhættunarfær sem tryggðar eru. Umframverð sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum, sveitarstjórnnum, sbr. 5. tölul., Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölþjóða þróunarbönkum. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa tölulíðar.
9. Þann hluta sölutryggingar verðbréfaútgáfu sem nemur niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglna nr. 693/2001 um eiginfjárhlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.
10. Líði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.3. í viðauka I með reglugerð þessari að 50% hluta.
11. Líði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.4. í viðauka I með reglugerð þessari að undanskildum ónotuðum yfirdráttarheimildum, enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega skuldbindingu við viðskiptamann eða fjárhagslega tengda aðila ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 3. gr.
12. Áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á 48 klukkustundum eftir greiðslu og áhættur í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréffanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan.

#### 5. gr.

Fari áhættuskuldbindingar lánastofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu sem er þá heimilt, ef aðstæður leyfa, að veita hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 7. kafla reglna nr. 693/2001 um

eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu að því er varðar heimildir til að fara yfir tilgreind mörk.

6. gr.

Lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitskerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim.

7. gr.

Lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en hálfárslega, þ. e. miðað við 30. júní og 31. desember, skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila á því formi sem það ákveður. Skýrsla samkvæmt 1. málsl. skal hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörsdegi.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 5. mgr. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 571/1996, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, með síðari breytingum.

*Viðskiptaráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson*

VIÐAUKI I

**Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem vísað er til við skilgreiningu á áhættuskuldbindingu í 2. gr. reglugerðarinnar.**

**A. Liðir innan efnahagsreiknings.**

Allir eignaliðir í efnahagsreikningi.

**B. Liðir utan efnahagsreiknings aðrir en vaxta- og gjaldeyrissamningar, sbr. C. lið.**

**B.1. Mikil áhætta:**

- a) ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- b) samþykktir víxlar,
- c) sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá lánastofnuninni, og
- d) aðrir liðir með mikla áhættu.

**B.2. Miðlungsáhætta:**

- a) útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
- b) ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

- c) ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs, og
- d) sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
- e) aðrir liðir með miðlungsáhættu.

**B.3. Miðlungslítill áhætta:**

- a) skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti, og
- b) aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

**B.4. Lítil áhætta:**

- a) ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, og
- b) aðrir liðir með litla áhættu.

**C. Vaxtasamningar og gjaldeyrissamningar.****C.1. Vaxtasamningar:**

- a. vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
- b. „Basis“ vaxtaskiptasamningar,
- c. framvirkir vaxtasamningar,
- d. samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
- e. keyptur valréttur að vöxtum, og
- f. aðrir svipaðir samningar.

**C.2. Gjaldeyrissamningar að undanskildum samningum til 14 daga eða skemmri tíma:**

- a. vaxtaskipti milli gjaldmiðla,
- b. framvirkir gjaldeyrissamningar,
- c. samningar um gjaldeyrisviðskipti í framtíðinni,
- d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri, og
- e. aðrir svipaðir samningar.

**C.3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í stafliðum a. til e. í tölulið C.1. og stafliðum a. til d. í tölulið C.2., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:**

- a. hlutabréf,
- b. góðmálma, að gulli undanskildu,
- c. aðrar hrávörur en góðmálma, og
- d. aðra eðlislíka samninga.

**D. Útreikningur á áhættu í tengslum við vaxta- og gjaldeyrissamninga.**

Þegar um er að ræða vaxtasamninga og gjaldeyrissamninga, sbr. C. lið, skal áhættan vera hin sama og útlánaígildi slíkra samninga. Útlánaígildi slíkra samninga skal reikna samkvæmt aðferð markaðsvirðis eða aðferð upprunalegrar áhættu, sbr. 14. gr. reglna nr. 693/2001 um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, án beitingar vægis vegna viðkomandi mótaðila.

VIÐAUKI II  
Flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Eftirtalin ríki falla undir svæði A<sup>1)</sup>:

Austurríki	Ísland	Saudi-Arabía
Ástralía	Ítalía	Spánn
Bandaríkin	Japan	Stóra Bretland
Belgía	Kanada	Suður Kórea
Danmörk	Lúxemborg	Sviss
Finnland	Mexíkó	Svíþjóð
Frakkland	Noregur	Tékkland
Grikkland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Holland	Portúgal	Ungverjaland
Írland	Pólland	Pýskaland

Svæði B:

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

<sup>1)</sup> Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja,**  
**nr. 378 29. júní 1998.**

1. gr.

1. mgr. 33. gr., sbr. reglugerð nr. 695 21. september 2000, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. a tölul. við XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 96/96/EB með breytingum með tilskipunum 1999/52/EB, 2001/9/EB og 2001/11/EB, sbr. EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 41. hefti 1997, bls. 1-19, 11. hefti 2001, bls. 245-248, og 47. hefti 2001, bls. 8).

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. janúar 2002.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*



## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Hvítársíðuhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Hvítársíðuhreppi, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í hreppnum.

#### 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

<i>rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.000
2000 - 4000 l	3.500
4001 - 6000 l	4.150

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.000 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 4.000.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvítársíðuhrepps 11. desember 2001.

*Sámsstöðum, 11. janúar 2002.*

**Ólafur Guðmundsson**, oddviti Hvítársíðuhrepps.

## AUGLÝSING

### um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

Bifreiðastöður eru bannaðar að vestanverðu á Suðurgötu frá Skriðustíg að Hverfisgötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Siglufirði, 4. janúar 2002.*

**Guðgeir Eyjólfsson.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 2002

17. janúar 2002

57

Nr. 38

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja, nr. 84 30. janúar 1997.**

1. gr.

3. gr., sbr. auglýsingu nr. 795 29. desember 1998, orðist svo:

Gjald fyrir skráningarmerki skal vera 2.815 kr. hvert merki.

Gjald fyrir skráningarmerki sem afhent er í stað skráningarmerkis af eldri gerð skal þó vera 2.065 kr.

Eigandi ökutækis sem bera á skráningarmerki af eldri gerð (fornbifreiðir o.fl.) greiðir kostnað við gerð þeirra.

Gjald fyrir vörslu skráningarmerkja sem eigandi ökutækis leggur inn hjá skráningarstofu eða aðila í umboði hennar skal vera 1.500 kr. Gjaldið greiðist fyrirfram.

Gjald fyrir aðra vörslu skráningarmerkja umfram einn mánuð skal vera 1.500 kr.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 21. janúar 2002.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 2002.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

17. janúar 2002

Nr. 39

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 4/2002 um reiknað endurgjald 2002.**

**Reglur og viðmiðunarfjárhæðir tekjuárið 2002.**

*Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, vegna starfa á árinu 2002 og fyrir álagningu gjaldárið 2003. Reglur þessar eru til viðmiðunar reiknaðs endurgjalds fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum*

*sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.*

### **1. Almennt um ákvörðun reiknaðs endurgjalds.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Á sama hátt skal maður reikna sér til tekna sem reiknað endurgjald mismun á greiddum launum fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila og reiknuðu endurgjaldi sem honum hefði borið að reikna sér hefði starfið verið innt af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eins og greinir hér að framan, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innt af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Reglur um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðir gilda einnig ef laun sem greidd eru vegna vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi, sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila, eru lægri en ætla mætti að þau væru ef vinnan væri innt af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í.

Endurgjald, sem manni ber að reikna sér, sbr. framangreint, skal hann ákveða þannig að það sé eigi lægra en hann hefði haft sem laun fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Skal sú fjárhæð að jafnaði ekki vera lægri en viðmiðunarfjárhæð sú sem ákveðin er í 4. kafla í reglum þessum en getur verið hærri eftir því sem tilefni er til með hliðsjón af raunverulega greiddum launum fyrir sambærileg störf hjá óskyldum eða ótengdum aðila, umfangi og eðli starfsmennar og starfs hans, taxa fyrir útselda vinnu í starfsgreininni, afkomu rekstrarins og fé sem bundið var í rekstrinum í ársbyrjun.

Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns við reksturinn, með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag.

Viðmiðunarfjárhæðir eru miðaðar við þá tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem framteljandi stendur fyrir og eru lágmarksfjárhæðir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Sé svo er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhæðir um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram

50% af viðmiðunarfrjárhæðinni þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfrjárhæðinni að viðbætti þeirri hækkun sem leiða kann af næstu málsgrein hér á undan.

Þegar hjón eða samskattað sambúðarfólk standa saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skal hvort hjóna um sig ákvarða sér reiknað endurgjald í samræmi við reglur þessar og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir atvinnurekstrinum, með maka sínum skal meta því reiknað endurgjald eins og það hafi verið unnið af óskyldum eða ótengdum aðila og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir atvinnurekstrinum.

## 2. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi.

Samkvæmt 6. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda ber manni, sem reikna skal sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að tilkynna skattstjóra í skattumdæmi sínu um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald og standa skil á staðgreiðslu af þeirri frjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Sama á við ef maki, barn eða annar sá sem fellur undir reglur þessar vinnur við atvinnureksturinn.

Samkvæmt sömu lagagrein skal lögaðili ákveða manni, sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar, endurgjald fyrir vinnu hans ef þau laun, sem honum eru greidd eru lægri en reiknað endurgjald samkvæmt reglunum og standa skil á staðgreiðslu af þeirri frjárhæð.

Telji skattstjóri að áætlun manns, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ákvörðun lögaðila um endurgjald manns sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar séu á staðgreiðsluári lægri en lágmark viðmiðunarfrjárhæða samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því í samræmi við reglurnar. Skattstjóri má aðeins víkja frá lágmarki reiknaðs endurgjalds samkvæmt reglum ríkisskattstjóra á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Í upplýsingum manns sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfrjárhæða samkvæmt reglum þessum skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, upplýsingar um önnur launuð störf og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans eða starfsmanna sem vinna í þjónustu hans. Hann skal ennfremur gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur hans á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Maður sem starfar hjá félagi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfrjárhæða samkvæmt 4. kafla í reglum þessum skal leggja fram hliðstæðar upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, um önnur launuð störf sín og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans og annarra starfsmanna sem vinna hjá félaginu.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala og skal skattstjóri þá hækka reiknað endurgjald frá ákvörðun þess vegna staðgreiðslu á tekjuárinu, komi þá í ljós að það hafi ekki verið í samræmi við reglur þessar.

Hafi maður svo lág reiknað endurgjald af starfsemi samkvæmt samþykktri áætlun að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verði engin á árinu getur hann sótt um til skattstjóra að skila „Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds“ einu sinni á ári. Sé umsóknin samþykkt þarf að leggja skattkortin inn hjá skattstjóra. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfseminni innan við 215.000 krónur á árinu 2002 fellur það utan staðgreiðslu.

### 3. Reiknað endurgjald við álagningu.

Framteljandi, sem reglur þessar taka til, skal á framtali sínu reikna sér endurgjald eigi lægra en viðmiðunarfjárhæðir í 4. kafla og að teknu tilliti til launa eða reiknaðs endurgjalds í öðru starfi hjá ótengdum eða óskyldum aðila, umfangs og eðli starfseminnar og starfs hans, taxta fyrir útselda vinnu, afkomu rekstrar og eigin fjár í rekstri, sbr. 1. kafla.

Telji framteljandi á framtali sínu að reiknað endurgjald, og eftir atvikum laun hans, eigi að vera lægra en sú fjárhæð sem staðgreiðsla var greidd af eða lægra en viðmiðunarfjárhæð skv. 4. kafla í reglum þessum eða lægra en endurgjald sem ákveðið er skv. 1. kafla þeirra, skal hann láta fylgja skattframtali sínu gögn og rökstuðning fyrir mati sínu ásamt upplýsingum, sbr. 2. kafla hér að framan.

Að móttæknu framtali og öðrum framtalsgögnum skal skattstjóri endurskoða reiknað endurgjald framteljanda, maka hans og barna eftir því sem tilefni er til.

Skattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunarfjárhæðir ríkisskattstjóra kveða á um ef rökstuðningur og gögn framteljanda og eftir atvikum þess lögáðila, sem hann tekur eða á að taka laun hjá, réttlæta slíka ákvörðun. Fallist skattstjóri ekki á rök framteljanda um lægra reiknað endurgjald skal hann hækka það til samræmis við viðmiðunarfjárhæðir í reglum þessum.

Sé um að ræða endurgjald manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hækkan skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi ekki leiða til þess að tap á rekstrinum verði meira en almennar fyrningar ársins. Sé um að ræða elli- eða örorkulífeyrisþega með eigin atvinnurekstur skal þess gætt að ekki verði tap á rekstrinum. Ákvæði þessi taka ekki til félaga og þeirra sem reikna ber sér endurgjald vegna starfa hjá þeim.

### 4. Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds 2002.

#### Flokkar viðmiðunarfjárhæða.

Þær fjárhæðir sem fara hér á eftir eru lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa í hvers kyns almennum störfum og/eða stjórnunarstörfum hjá einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi eða tengdum félögum sem þeir, makar þeirra, venslamenn eða aðrir nátengdir eða þeir ásamt samstarfsmönnum hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

#### Flokkur A. Sérfræðipjónusta.

Til flokks A teljast sérmenntaðir menn vegna starfa í sérgrein sinni og eða stjórnunarstarfa á þeim vettvangi, svo sem lyfjafræðingar, læknar, tannlæknar, lögfræðingar, lög-giltir endurskoðendur, verkfræðingar, ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m.a. á tölvusviði, í fjármálaráðgjöf og verðbréfavíðskiptum.

Flokkur A skiptist í fjóra undirflokkar:

**A(1)** Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa einn eða fleiri sérfræðingar og greidd eru laun sem samsvara árslaunum 10 manna eða fleiri eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum frá sérfræðingum.

Mánaðarlaun	500.000 kr.
Árslau	6.000.000 kr.

**A(2)** Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa einn eða fleiri sérfræðingar og greidd eru laun sem samsvara árslaunum allt að 10 manna eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum frá sérfræðingum.

Mánaðarlaun	475.000 kr.
Árslau	5.700.000 kr.

**A(3)** Sérfræðingur sem hefur einungis ósérfróða starfsmenn í þjónustu sinni sem hann greiðir laun eða samsvarandi greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypta þjónustu.

Mánaðarlaun	425.000 kr.
Árslaun	5.100.000 kr.

**A(4)** Sérfræðingur sem hefur ekki starfsmann í þjónustu sinni og kaupir ekki aðstoðarþjónustu samkvæmt reikningi.

Mánaðarlaun	375.000 kr.
Árslaun	4.500.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki A(1) eða A(2) miðað við að fjölda starfsmanna, að þeim meðtöldum, sé deilt á þá.

### **Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta.**

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verk-takastarfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2) og B(3), þótt þeir vinni einnig önnur störf.

Flokkur B skiptist í fjóra undirflokka:

**B(1)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 10 starfsmanna eða fleiri eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	450.000 kr.
Árslaun	5.400.000 kr.

**B(2)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	375.000 kr.
Árslaun	4.500.000 kr.

**B(3)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	300.000 kr.
Árslaun	3.600.000 kr.

**B(4)** Starfsmaður við framangreinda starfsemi sem greiðir laun sem samsvara minna en árslaunum 2 starfsmanna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	250.000 kr.
Árslaun	3.000.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2) eða lægst B(3) miðað við að fjölda starfsmanna, að þeim meðtöldum, sé deilt á þá.

### **Flokkur C. Fjölmiðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi o.fl.**

Til flokks C teljast menn með eða án sérmenntunar, sem vinna við framangreinda starfsemi, svo sem blaðamenn, fréttamenn og dagskrárgerðarmenn, þeir sem starfa við bóka-

og blaðaútgáfu, kvikmyndagerð, listamenn, skemmtikraftar o.fl. Ennfremur sérhæfð sölu-  
starfsemi, svo sem fasteignasala, bifreiðasala, bókhaldsþjónusta, kennslustarfsemi og skóla-  
rekstur og námskeiðahald. Stjórnun starfseminnar er hluti af störfum þeirra sem falla undir  
flokk C(1), C(2) og C(3), þótt þeir vinni einnig önnur störf.

Flokkur C skiptist í fjóra undirflokka:

**C(1)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 10 starfs-  
manna eða fleiri eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	450.000 kr.
Árslaun	5.400.000 kr.

**C(2)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfs-  
manna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	400.000 kr.
Árslaun	4.800.000 kr.

**C(3)** Maður sem stýrir rekstri sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfs-  
manna eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	350.000 kr.
Árslaun	4.200.000 kr.

**C(4)** Einyrkjar og almennir starfsmenn félaga í framangreindri starfsemi.

Mánaðarlaun	300.000 kr.
Árslaun	3.600.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum  
skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki C(1), C(2) eða lægst C(3) miðað við að  
fjöldi starfsmanna, að þeim meðtöldum, sé deilt á þá.

#### **Flokkur D. Iðnaðarmenn.**

Til flokks D teljast iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum. Ef stjórnun svo sem fram-  
kvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1),  
B(2) eða B(3) hér að framan.

Flokkur D skiptist í tvo undirflokka:

**D(1)** Iðnaðarmaður, sem hefur iðnlærða menn eða tvo eða fleiri ófaglærða aðstoðar-  
menn í þjónustu sinni eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	225.000 kr.
Árslaun	2.700.000 kr.

**D(2 og 3)** Iðnaðarmaður, sem starfar einn eða með einum ófaglærðum aðstoðarmanni  
í iðngrein eða er með sambærileg umsvif í rekstri með aðkeyptri þjónustu.

Mánaðarlaun	200.000 kr.
Árslaun	2.400.000 kr.

#### **Flokkur E. Ýmis starfsemi ófaglærðra einyrkja og vélstjórnenda.**

Til flokks E teljast menn sem vinna einir og greiða ekki fyrir aðkeypta aðstoðarþjón-  
ustu og falla ekki undir flokka A til D. Til þessa flokks teljast t.d. bifreiðastjórar, stjórn-  
endur vinnuvéla, svo og starfsmenn starfsgreina sem ekki krefjast sérstakrar starfsmennt-  
unar svo sem hreingeringarmenn.

**E(1) Stjórnendur vinnuvéla.**

Mánaðarlaun	175.000 kr.
Árslaun	2.100.000 kr.

**E(2) Aðrir.**

Mánaðarlaun	160.000 kr.
Árslaun	1.920.000 kr.

**Flokkur F. Sjómennska.**

Til þessa flokks teljast sjómenn, sem starfa sem skipverjar við útgerð og njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, af þeim launum sem þeir hafa fyrir sjómannsstörf. Um önnur störf við útgerð fer eftir flokki B.

**F(1) Skipstjóri.**

Mánaðarlaun	300.000 kr.
Árslaun	3.600.000 kr.

**F(2) Stýrimaður og vélstjóri.**

Mánaðarlaun	275.000 kr.
Árslaun	3.300.000 kr.

**F(3) Matsveinn og bátsmaður.**

Mánaðarlaun	250.000 kr.
Árslaun	3.000.000 kr.

**F(4) Háseti.**

Mánaðarlaun	200.000 kr.
Árslaun	2.400.000 kr.

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) – F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv. kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu.

**F(5) Skipverjar á smábátum, sem kjarasamningar taka ekki til.**

Mánaðarlaun	200.000 kr.
Árslaun	2.400.000 kr.

Reiknað endurgjald og greidd laun samtals skal ekki vera lægra en 40% af aflaverðmæti bátsins.

Við skil á staðgreiðslu er heimilt að miða við fjárhæðir í framgreindum flokkum en á framtali skal reiknað endurgjald ekki vera lægra en viðmiðun við aflaverðmæti tilgreinir.

**Flokkur G. Landbúnaður.**

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnuafsls. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Nái bústofn á býli



ekki 420 ærgildum má lækka reiknað endurgjald bænda í hlutfalli við bústærðina. Sé búrekstur umfangsmikill og fleiri en einn starfsmaður á launum auk bóndans skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

**G(1)** Bóndi með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	75.000 kr.
Árslaun	900.000 kr.

**G(2)** Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	100.000 kr.
Árslaun	1.200.000 kr.

**G(3)** Bóndi sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt, hrossarækt, loðdýrabú, grænmetisrækt og garðplönturækt.

Mánaðarlaun	150.000 kr.
Árslaun	1.800.000 kr.

### **Flokkur H. Makar.**

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

**H(1)** Sérfræðingar, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	300.000 kr.
Árslaun	3.600.000 kr.

**H(2)** Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni en standa ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	160.000 kr.
Árslaun	1.920.000 kr.

**H(3)** Ófaglærðir starfsmenn almennt.

Mánaðarlaun	100.000 kr.
Árslaun	1.200.000 kr.

*Reykjavík, 17. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 2002

---

21. janúar 2002

65

Nr. 40

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum í Langaneskanti.

1. gr.

Frá og með 24. janúar 2002 eru allar rækjuveiðar óheimilar í Langaneskanti, á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1.  $67^{\circ} 30'00$  N –  $16^{\circ} 40'00$  V
2.  $67^{\circ} 30'00$  N –  $14^{\circ} 10'00$  V
3.  $66^{\circ} 30'00$  N –  $12^{\circ} 01'50$  V
4.  $66^{\circ} 30'00$  N –  $12^{\circ} 35'80$  V
5.  $66^{\circ} 50'80$  N –  $13^{\circ} 14'50$  V
6.  $67^{\circ} 04'00$  N –  $14^{\circ} 49'60$  V
7.  $67^{\circ} 11'00$  N –  $16^{\circ} 40'00$  V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 2002

Nr. 41

66

22. janúar 2002

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Neskaupstað.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 11. janúar 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Fjarðabyggðar að hættumati fyrir Neskaupstað.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 42

22. janúar 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 vegna áforma um stóriðju að Hrauni, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Við gildistöku aðalskipulagsbreytingar fellur úr gildi uppdrátturinn aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2000 frá 27. maí 1992, með áorðnum breytingum. Greinargerð aðalskipulags Reyðarfjarðar 1990-2010 verður áfram í gildi með þeim breytingum sem lýst er í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu þessari.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja, nr. 84 30. janúar 1997.**

1. gr.

Í stað „1.500 kr.“ í 4. og 5. mgr. 3. gr., sbr. auglýsingu nr. 38 17. janúar 2002, komi: 600 kr.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu (meðhöndlun úrgangs) í Rangárvallahreppi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Sveitarfélagið Rangárvallahreppur annast sorphirðu (meðhöndlun úrgangs) innan marka sveitarfélagsins. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang.

###### 2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

###### 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát og þær aðferðir við losun úrgangs sem sveitarstjórn í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg frá gatna- og/eða vegakerfi. Húsráðendur skulu halda sorphlátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun. Lífrænum úrgangi, brotamálum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi skal komið fyrir í sérmerkta gáma eða á svæði sem sérstaklega er vísað til. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

###### 4. gr.

Í sorphlát við íbúðarhús má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er

að láta í sorphílát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorphílát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorphílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorphílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim og flytja.

#### 5. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila á endurvinnslu- eða söfnunarstöð sem hefur tilskilin starfsleyfi. Jarðvegsefnum skal komið á sérstakan losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Fyrirtæki og stofnanir geta samið við þar til bærán aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum og greiða þá aðeins sorpeyðingargjöld til sveitarfélagsins. Frágangur og umgengni um sorphílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

#### 7. gr.

Óheimilt er með öllu að fleygja rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, þjóðvegi, götur, gangstíga, fjörur eða vatnsbakka.

Óheimilt er að skilja númerslaugar bifreiðar og aðrar vélar, báta eða tæki eftir á víðavangi. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er heimilt, í umboði heilbrigðisnefndar, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðir. Heimilt er að undangenginni viðvörðun að fjarlægja slíka hluti. Viðvörðun skal vera í formi límmiða, sem límd er á tækið. Viðvörðun skal auðkennd Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum og í samráði við eftirlitsmann sorphirðu og framkvæmdaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðvum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

## II. KAFLI

### **Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs.**

#### 9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort sem um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp og tíðni sorphirðu. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Ávallt skal taka tillit til flokkunar- og minnkunarþátta, sem af flokkun leiðir. Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorphíláta við hverja fasteign. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldskrá skal vera staðfest af heilbrigðisnefnd. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

## 10. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni og eftir umfangi og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

### III. KAFLI Ýmis ákvæði.

## 11. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

## 12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 13. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af heilbrigðisnefnd Suðurlands og hreppsnefnd Rangárvallahrepps og er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og reglugerð um úrgang nr. 805/1999, tekur gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Rangárvallahreppi.

## 1. gr.

Hundahald er bannað í Rangárvallahreppi að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhundum blindra og fatlaðra.

## 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu undanþágu frá 1. gr. til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum og greiðslu leyfisgjalds:

- a) Hundar skulu skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins sem afhendir gegn greiðslu leyfisgjalds númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hvers hunds.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágan er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af sveitarstjórn, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, með gjaldskrá í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar og ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af fram-

kvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir 28. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið hand-sömunargjald. Undanþegnir leyfisgjaldi eru hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum, hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötludu. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðadar frá eindaga, er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum. Sveitarsjóði er heimilt að innheimta dráttarvexti og innheimtukostnað sem hljótast kann af vanskilum á leyfisgjaldi.

- c) Rangárvallahreppur ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkvæmt f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi sjálfir og greiða sveitar-sjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f-lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélagi sínu, sem staðfestir að ábyrgðartrygging sé í fullu gildi.
- d) Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri. Utandyra skulu hundar ávallt vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir þeim. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum, er að allir umráðamenn íbúða samþykki það auk eiganda viðkomandi húsnaðis og skal leggja fram skriflega staðfestingu þar um við skráningu hundsins. Þá er hundaeigendum eða umráðamönnum hunda alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III. – V. kafla og VII. – XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum. Slíkir staðir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunnar.
  2. Almennings- og útsalerni.
  3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
  4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
  5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema umsjónaraðili hafi sérstaklega veitt leyfi til þess að hundar séu á svæðinu og skal í því tilfelli tryggt, að öllum gestum viðkomandi svæðis sé kunnugt um leyfið.
  6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
  7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
  8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
  9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
  10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
  11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
  12. Almenn samgöngutæki.
- e) Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. ákv. b-liðar þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án greiðslu leyfisgjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

### 3. gr.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu, þegar



þörf krefur, en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu.

4. gr.

Hundar frá öðrum sveitarfélögum sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og eru ómerktir, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til þess að lóga viðkomandi hundi að þeim tíma liðnum.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi hunds vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla, í samráði við dýralækni, heimild til að lóga hundinum að þeim tíma liðnum.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga í samráði við dýralækni.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjórn um kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 17. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### á deiliskipulagi fyrir frítímabyggð og þjónustuhús að Hörgslandi 1 í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 6. desember 2000, samþykkt deiliskipulag fyrir 13 frítímahús, ásamt þjónustuhúsi og tjaldstæði að Hörgslandi 1 í Skaftárhreppi með smávægilegri breytingu á afleggjara sem samþykkt var þann 9. janúar 2001.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 14. janúar 2002.*

F.h. Skaftárhrepps,

**Benedikt Lárusson.**

# GJALDSKRÁ

## fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 2. gr. b-staflið samþykktar nr. 252/2000 skal vera 7.700 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. september, en eindagi er 30. september ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 2. gr. b-staflið samþykktar nr. 246/2000 skal vera 2.530 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. september, en eindagi er 30. september ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

### 3. gr.

Við afskáningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

### 4. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 6. grein samþykktar nr. 252/2000 um hundahald í Fjarðabyggð, skal vera 3.960 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 7.700 kr. ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

### 5. gr.

Samanber 2. gr., staflið p. í samþykkt um hundahald nr. 252/2000 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við hreinsun. Jafnframt er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá þeim eigendum hunda sem þjálfa þá sem björgunar- eða leitarhunda.

### 6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 10. janúar 2002 með vísun til heimilda í samþykktum um hunda- og kattahald í Fjarðabyggð, nr. 252/2000 og 246/2000 frá 6. apríl 2000 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 10. janúar 2002.

*Fjarðabyggð, 11. janúar 2002.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt nr. 29/1995 um hundahald á Blönduósi.

#### 1. gr.

Staflíður c í 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá sem Blönduóssbær setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlitsins með einstökum þáttum. Blönduóssbær skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 2. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um starfsstig innan lögreglunnar.

#### 1. gr.

*Gildissvið og markmið.*

Reglugerð þessi gildir um störf þeirra starfsmanna lögreglu sem fara með lögregluvald hjá lögregluembættum landsins.

Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina verksvið og ábyrgð innan lögreglunnar út frá mismunandi starfsstigum og samræma skipulag lögregluliða.

#### 2. gr.

*Starfsstig innan lögreglunnar.*

Innan lögreglu eru 9 starfsstig og eru þau eftirfarandi:

1. Ríkislögreglustjóri.
2. Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.
3. Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra.
4. Yfirlögregluþjónar.
5. Aðstoðaryfirlögregluþjónar.
6. Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar.
7. Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn.
8. Lögreglumenn.
9. Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn.

Í skipunarbréfi til lögreglumanns í starfsstigi 6 og 7 skal geta starfsstigs hans. Lögreglumaður skal nota starfsheitið aðalvarðstjóri eða lögreglufulltrúi og starfsheitið varðstjóri

eða rannsóknarlögreglumaður, í samræmi við þá stöðu og þau verkefni sem honum eru falin hverju sinni, samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra.

Um verkefni og ábyrgð, sem hverju starfsstigi fylgja, fer samkvæmt lögreglulögum, reglum þessum og nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

### 3. gr.

#### *Ríkislögreglustjóri.*

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra samkvæmt ákvæðum lögreglulaga þar sem hlutverki hans er nánar lýst.

### 4. gr.

#### *Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins.*

Vararíkislögreglustjóri er ríkislögreglustjóra til aðstoðar og er staðgengill hans samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.

Verksvið og ábyrgð lögreglustjóra er eftirfarandi:

1. Stjórn lögregluliðs viðkomandi umdæmis og ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.
2. Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á lögregluliðinu. Í fjárhagslegri ábyrgð felst að embætti sé rekið innan fjárheimilda, ábyrgð á áætlanagerð og ábyrgð á öllum ákvörðunum, sem fela í sér ráðstafanir á fjárheimildum embættis.
3. Ábyrgð á markmiðssetningu embættisins.
4. Samskipti við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki og kemur lögreglustjóri fram fyrir hönd síns embættis, nema hann feli öðrum þessi samskipti.
5. Ákærvald í umboði ríkissaksóknara, yfirstjórn lögreglurannsókna við embættin og flutningur opinberra mála fyrir héraðsdómi samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.
6. Eftirlit með útlendingum.
7. Yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi samkvæmt ákvæðum lögreglulaga.
8. Yfirstjórn almannavarna í umdæminu samkvæmt ákvæðum laga um almannavarnir.
9. Önnur verkefni sem honum eru falin lögum samkvæmt.

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins fer með yfirstjórn skólans. Verksvið hans og ábyrgð skal vera samkvæmt því sem kveðið er á um í lögreglulögum og reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, þ.m.t. uppbygging og framkvæmd grunnmenntunar lögreglumanna og framhaldsmenntunar í skólanum. Að öðru leyti er verksvið hans og ábyrgð hin sama og lögreglustjóra eftir því sem við getur átt.

### 5. gr.

#### *Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar annarra lögreglustjóra.*

Varalögreglustjóri í Reykjavík er lögreglustjóra til aðstoðar og er staðgengill hans.

Við embætti þar sem fleiri en einn löglærður fulltrúi starfa skal lögreglustjóri ákveða hver er staðgengill hans.

### 6. gr.

#### *Yfirlögregluþjórnar.*

Verksvið og ábyrgð yfirlögregluþjóns er eftirfarandi:

1. Dagleg stjórn lögregluliðs í umboði lögreglustjóra.
2. Þátttaka í áætlanagerð, skipulagningu og markmiðssetningu embættisins.

3. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs, deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.
4. Eftirlit með því að vinna lögreglumanna uppfylli að öllu leyti kröfur um fagleg vinnubrögð.
5. Eftirlit með því að þeir sem undir hann heyra færi málaskrá og dagbók lögreglu samkvæmt reglum og fyrirmælum.
6. Stjórn og ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þ.m.t. rannsókn mála og aðstoð við saksókn.

## 7. gr.

*Aðstoðaryfirlögregluþjórnar.*

Verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirlögregluþjóns er eftirfarandi:

1. Hann er yfirlögregluþjóni til aðstoðar og er jafnframt staðgengill hans. Þegar fleiri en einn aðstoðaryfirlögregluþjónn eru við embætti skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill yfirlögregluþjóns hverju sinni.
2. Stjórn og ábyrgð á deildum svo og tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þ.m.t. rannsókn mála og aðstoð við saksókn.
3. Eftirlit með að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.

## 8. gr.

*Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar.*

1. Verksvið og ábyrgð aðalvarðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:
  - a. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsóknir mála þar sem það á við.
  - b. Dagleg stjórn lögregluliðs við embætti þar sem ekki er yfirlögregluþjónn.
  - c. Vaktstjórn samkvæmt varðskrá almennrar deildar í lögregluliði með fleiri en 35 lögreglumenn.
  - d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs eða vaktar undir hans stjórn, eða einstakra verkefna, sé innan fjárheimilda.
2. Verksvið og ábyrgð lögreglufulltrúa er í meginatriðum eftirfarandi:
  - a. Stjórn rannsóknardeildar þar sem ekki er aðstoðaryfirlögregluþjónn og stjórn einstakra undirdeilda eða verkefna í lögregluliðum með fleiri en 35 lögreglumenn.
  - b. Rannsókn opinberra mála, þ.m.t. tæknirannsóknir.
  - c. Aðstoð við undirbúning saksóknar.
  - d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt og að fjárhagslegur rekstur deildar eða hóps undir hans stjórn, eða einstakra verkefna, sé innan fjárheimilda.

Aðalvarðstjóri – lögreglufulltrúi er staðgengill aðstoðaryfirlögregluþjóns eða yfirlögregluþjóns þar sem ekki er aðstoðaryfirlögregluþjónn, þar sem talin er þörf á slíku. Þegar fleiri en einn aðalvarðstjóri eða lögreglufulltrúi starfa við embætti skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill.

## 9. gr.

*Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn.*

1. Verksvið og ábyrgð varðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:
  - a. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsókn mála þar sem það á við.

- b. Vaktstjórn samkvæmt varðskrá, útvarðstjórn í lögregluliðum með 35 lögreglumenn eða fleiri, og stjórn einstakra verkefna eða hóps lögreglumanna við almenn löggæslustörf.
  - c. Hópstjórn í sérsveit ríkislögreglustjórans.
  - d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt.
  - e. Staðgengill aðalvarðstjóra. Þegar fleiri en einn varðstjóri starfar við embætti á sömu vakt, eða deild, skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill lögreglufulltrúa.
2. Verksvið og ábyrgð rannsóknarlögreglumanns er í meginatriðum eftirfarandi:
    - a. Rannsókn opinberra mála, þ.m.t. tæknirannsóknir.
    - b. Verkstjórn hóps lögreglumanna við rannsókn mála.
    - c. Aðstoð við undirbúning saksóknar.
    - d. Staðgengill lögreglufulltrúa. Þegar fleiri en einn rannsóknarlögreglumaður starfa við embætti í sömu deild, skal lögreglustjóri ákveða hver þeirra skuli vera staðgengill lögreglufulltrúa.

## 10. gr.

*Lögreglumenn.*

Verksvið og ábyrgð lögreglumanns er eftirfarandi:

1. Löggæslustörf, þ.m.t. rannsókn mála.
2. Að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin.
3. Að tryggja réttaröryggi borgaranna með störfum sínum og framkomu, greiða götu þeirra eftir því sem við á og aðstoða þegar hætta steðjar að eða slys ber að höndum.
4. Tiltekin verkefni sem lögreglustjóri felur honum, t.d. forvarnar- og fræðsluverkefni, þjálfun og umsjón leitarhunda og umsjón tækjabúnaðar.
5. Staðgengill varðstjóra. Lögreglustjóri skal ákveða hver lögreglumanna í liði hans skuli vera staðgengill varðstjóra hverju sinni.

## 11. gr.

*Lögreglunemar, héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglu.*

Lögreglunemar gegna almennum löggæslustörfum undir stjórn og leiðsögn lögreglumanna.

Héraðslögreglumenn eru ráðnir samkvæmt heimild í lögreglulögum til aukastarfa við löggæslu þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

Afleysingamenn í lögreglu eru ráðnir samkvæmt heimild í lögreglulögum vegna orlofs-töku, veikinda- eða slysaforfalla eða leyfa lögreglumanna.

## 12. gr.

*Nánari fyrirmæli um verksvið og ábyrgð starfsstiga.*

Auk stöðueinkenna samkvæmt reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar bera lögreglumenn í öllum starfsstigum fjögurra stafa lögreglunúmer. Þegar fleiri en einn lögreglumaður með sama starfsstig eru á vettvangi, skal sá fara fyrir þeim sem lægst númer ber nema lögreglustjóri hafi ákveðið annað.

Lögreglustjóri setur nánari fyrirmæli um verksvið og ábyrgð starfsstiga samkvæmt 5.–9. gr. í samræmi við stærð og hlutverk embættis síns.

## 13. gr.

*Framgangur á milli starfsstiga.*

Við ákvörðun um veitingu stöðu á herra starfsstigi skal höfð hliðsjón af hæfni lög-  
reglumanns, starfsaldri, þekkingu, menntun, starfsreynslu og kyni.

Til þess að hljóta skipun í starf yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns, aðalvarð-  
stjóra/lögreglufulltrúa eða varðstjóra/rannsóknarlögreglumanns, skal umsækjandi hafa lokið  
tilskildum námskeiðum hjá Lögregluskóla ríkisins og hafa starfað sem lögreglumaður í  
a.m.k. 2 ár frá því hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins, samkvæmt nánari reglum  
sem ríkislögreglustjóri setur að fengnum tillögum frá Lögregluskólanum.

## 14. gr.

*Skipulag og röðun starfsstiga eftir stærð lögregluliðs.*

Dómsmálaráðherra ákveður fjölda yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna að  
fengnum tillögum ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda aðalvarðstjóra/lögreglufulltrúa og varðstjóra/rann-  
sóknarlögreglumanna að fengnum tillögum viðkomandi lögreglustjóra og skólastjóra Lög-  
regluskóla ríkisins hvað skólann varðar.

Dómsmálaráðherra staðfestir skipurit um starfsemi embættis ríkislögreglustjóra. Skipu-  
rit um starfsemi lögreglustjórans í Reykjavík og Lögregluskóla ríkisins skal staðfest af  
dómsmálaráðherra að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra staðfestir skipurit um starfsemi lögregluembættis utan Reykjavíkur  
að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra. Stefnt skal að samræmingu á skipulagi lögregluliða  
af sambærilegri stærð utan Reykjavíkur sem verði í meginatriðum með eftirfarandi hætti:

1. Lögreglulið með 35 lögreglumenn og fleiri:
  - a. 1 yfirlögregluþjónn.
  - b. 2 aðstoðaryfirlögregluþjónar.
  - c. 1 aðalvarðstjóri yfir hverri vakt og 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
  - d. 1 varðstjóri á hverri vakt og 2 – 4 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
2. Lögreglulið með 20 – 34 lögreglumenn:
  - a. 1 yfirlögregluþjónn.
  - b. 1 aðstoðaryfirlögregluþjónn.
  - c. 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
  - d. 1 varðstjóri á hverri vakt og 2 – 4 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
3. Lögreglulið með 10 – 19 lögreglumenn:
  - a. 1 yfirlögregluþjónn.
  - b. 1 lögreglufulltrúi í rannsóknardeild.
  - c. 1 varðstjóri á hverri vakt og 1 – 2 rannsóknarlögreglumenn í rannsóknardeild.
4. Lögreglulið með 7 – 9 lögreglumenn:
  - a. 1 yfirlögregluþjónn.
  - b. 1 lögreglufulltrúi þar sem rannsóknardeildir eru.
  - c. 1 varðstjóri á hverri vakt.
5. Lögreglulið með 1 – 6 lögreglumenn.
  - a. Í lögregluliði með 3 – 6 lögreglumenn skal vera aðalvarðstjóri fyrir annarri vakt-  
inni og varðstjóri fyrir hinni.
  - b. Í lögregluliði þar sem 2 lögreglumenn starfa skal annar vera aðalvarðstjóri og  
hinn varðstjóri.
  - c. Í lögregluliði þar sem 1 lögreglumaður starfar skal hann vera aðalvarðstjóri.

## 15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 28. gr. lögregluglaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. mgr. 13. gr. tekur gildi í áföngum en þó eigi síðar en 1. janúar 2004 að loknum undirbúningi námskeiða sem þar er getið.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við gildistöku reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar á starfsheitum sem notuð hafa verið innan lögreglunnar:

1. „Aðalvarðstjóri“ fær starfsheitið: aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi.
2. „Lögreglufulltrúi“ fær starfsheitið: aðalvarðstjóri/lögreglufulltrúi.
3. „Varðstjóri“ fær starfsheitið: varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður.
4. „Rannsóknarlögreglumaður 1 og 2“ fá starfsheitið: varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður.
5. „Aðstoðarvarðstjóri, lögreglumaður í sérhæfðu starfi, flokksstjóri 1, 2 og 3 og lögreglumaður 1 og 2“ fá starfsheitið: lögreglumaður.
6. „Lögreglumaður 3“ fær starfsheitið: lögreglunemi.
7. „Lögreglumaður 4“ fær starfsheitið: afleysingamaður.
8. „Héraðslögreglumaður“ kemur í staðinn fyrir: héraðslögreglumaður án lögreglunáms.

Sá sem skipaður hefur verið aðstoðarvarðstjóri skal halda því starfsheiti óbreyttu út skipunartímann. Ef staða hans er ekki auglýst á ný eða viðkomandi óskar þess ekki að láta af störfum við lok fimm ára skipunartíma skal gefa út nýtt skipunarbréf til hans með heitinu „lögreglumaður“.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*

**REGLUGERÐ****um útvarpsstarfsemi.****I. KAFLI****Gildissvið.**

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps og er þá átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

Það telst ekki útvarp í skilningi reglugerðar þessarar ef dreift er útvarpsdagskrá eða útsendingu, sem eingöngu er ætluð þröngum hópi og takmarkast við byggingar eða húsa-kynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur.

Reglugerð þessi tekur ekki til viðstöðulauss, óstytts og óbreytts endurvarps útvarpsdagskráa erlendra sjónvarpsstöðva.

Reglugerð þessi tekur ekki til dreifingar útvarpsfenis á netinu.



## II. KAFLI Útvarpsréttarnefnd.

### 2. gr.

#### *Hlutverk.*

Útvarpsréttarnefnd veitir útvarpsleyfi, enda séu skilyrði til útgáfu útvarpsleyfis samkvæmt útvarpslögum og reglugerð þessari uppfyllt að mati nefndarinnar.

Útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt, og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd útvarpslaga og reglugerðar þessarar, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu einnig Ríkisútvarpsins. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga. Útvarpsréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskráreftni og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum.

Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar í kærumálum telji einhverjir að útvarpsstöð hafi ekki haft í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, virt tjáningarfrelsi eða stuðlað að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar í ágreiningsmálum telji aðili, einstaklingar, félög eða stofnanir, að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá og þeim hafi verið synjað um rétt til andsvara á viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða á þann hátt sem þeir vilja við una.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að stöðva tímabundið sjónvarpsútsendingar frá ríkjum á hinu evrópska efnahagssvæði teljist skilyrði 5. gr. útvarpslaga vera fyrir hendi. Skal þá útvarpsréttarnefnd hafa áður tilkynnt þeirri sjónvarpsstöð, sem í hlut á, um hina yfirvofandi stöðvun og íslensk stjórnvöld tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem þau hyggjast grípa til ef um verður að ræða endurtekningu á broti.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um stjórnvaldssektir skv. 30. gr. útvarpslaga fari útvarpsstöð ekki að fyrirmælum 9. og 11. gr. og VI. kafla útvarpslaga um auglýsingar, fjarsölu og kostun. Ef brot telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað getur útvarpsréttarnefnd látið við það sitja að beita áminningu.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot á útvarpslögum eða reglugerð þessari að ræða.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta ekki stjórnsýslukæru.

### 3. gr.

#### *Fundur útvarpsréttarnefndar.*

Útvarpsréttarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi og sýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar ef tveir nefndarmanna æskja þess.

Fundur í útvarpsréttarnefnd er lögmætur, ef meirihluti nefndarmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsréttarnefndar er því aðeins lögmæt að meirihluti nefndarmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Um niðurstöður ræður afl atkvæða.

Halda skal gerðabók um fundi útvarpsréttarnefndar. Þar skal greina frá þeim málum

sem til meðferðar eru á fundum nefndarinnar, niðurstöðum og úrskurðum útvarpsréttarnefndar svo og öðru því sem máli þykir skipta.

Útvarpsréttarnefnd ræður sér starfsmann eða starfsmenn eftir því sem þarf og fjárveitingar leyfa.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

### III. KAFLI

#### Leyfi til reksturs útvarps.

##### 4. gr.

##### *Veiting útvarpsleyfa.*

Útvarpsréttarnefnd veitir lögaðilum eða einstaklingum tímabundið leyfi til starfrækslu útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi og þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðvar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

Heimilt er að binda útvarpsleyfi við afmörkuð svæði.

Heimilt er að veita útvarpsleyfi til útsendinga á öðrum tungumálum en íslensku ef sérstaklega stendur á svo sem í þeim tilgangi að sinna þörfum útlendinga sem hér dveljast um lengri eða skemmri tíma.

Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila.

##### 5. gr.

##### *Gildistími útvarpsleyfa.*

Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma sé um það sótt.

Upphaf leyfistíma miðast við útgáfudag leyfis. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.

Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

##### 6. gr.

##### *Umsókn um útvarpsleyfi.*

Nú óskar einhver að fá leyfi til útvarps og skal hann þá senda umsókn til útvarpsréttarnefndar. Í umsókn skal greina:

1. Heiti og kennitölu umsækjanda. Ef um lögaðila er að ræða hvert sé rekstrarform og hvernig eignaraðild er fyrir komið.
2. Hvort óskað sé leyfis til hljóðvarps, sjónvarps eða hvors tveggja.
3. Hvort sótt sé um leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku og af hvaða ástæðum.
4. Hvort sótt sé um útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað.
5. Hvort útvarpa eigi um þráð eða þráðlaust.
6. Hvort óskað sé útvarpsleyfis á afmörkuðu svæði.
7. Hvert verði heimili og varnarþing útvarpsstöðvar.
8. Hvernig útsendingum verði hagað.
9. Hverjir séu áætlaðir útsendingartímar á sólarhring.
10. Hver sé fyrirhuguð dagskrárstefna, m.a. hvert sé í megindráttum áætlað hlutfall tónlistar og talaðs máls, svo og hlutur fræðslu-, menningar-, frétt- og skemmtiefnis í dagskrá.

11. Hvernig áætlað sé að afla tekna til útvarpsrekstrar.
12. Hvort leyfa hafi verið aflað frá rétt höfum efnis.
13. Hvenær útvarp eigi að hefjast ef leyfi fæst.
14. Hvert verði auðkenni eða kallmerki viðkomandi útvarpsstöðvar.
15. Til hve langs tíma leyfis sé óskað.

## 7. gr.

*Meðferð umsókna.*

Útvarpsréttarnefnd skal, áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi til útvarps, leita umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Að fenginni þeirri umsögn ákveður útvarpsréttarnefnd hvort leyfi til útvarps skuli veitt. Ákvarðanir nefndarinnar þar að lútandi eru endanlegar á stjórnýslustigi.

## 8. gr.

*Skilmálar útvarpsleyfis.*

Nú er leyfi til útvarps veitt og skal þá m.a. tekið fram í skilmálum leyfisins hver sé handhafi útvarpsleyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóðvarps eða sjónvarps, hvort útvarpað verði um þráð eða þráðlaust, við hvaða svæði og útsendingartíma leyfi afmarkist, hversu lengi leyfi gildi og hvert vera skuli auðkenni eða kallmerki útvarpsstöðvar. Þá skal enn fremur koma fram hvort heimilt sé að útvarpa á öðrum tungumálum en íslensku. Þá skal koma fram í leyfisskilmálum hvort útvarpsleyfi sé veitt á grundvelli yfirlýsts tilgangs umsækjanda að beita sér fyrir tilteknum málstað.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa.

Í leyfisskilmálum skal ennfremur tekið fram að leyfið sé að öðru leyti háð ákvæðum útvarpslaga, ákvæðum reglugerðar þessarar og eftir því sem við á ákvæðum annarra reglugerða sem settar verði á grundvelli útvarpslaga.

Útvarpsleyfisgjald er ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

## 9. gr.

*Tilkynning um útvarpsstjóra.*

Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

## 10. gr.

*Breyting á skilmálum útvarpsleyfis.*

Nú óskar handhafi útvarpsleyfis að breyting sé gerð á skilmálum leyfisins og skal hann þá sækja um það til útvarpsréttarnefndar.

## 11. gr.

*Endurnýjun útvarpsleyfis.*

Óski handhafi útvarpsleyfis eftir endurnýjun leyfis skal hann sækja um það til útvarpsréttarnefndar og skal slík umsókn hafa borist útvarpsréttarnefnd a.m.k. tveimur mánuðum áður en gildandi útvarpsleyfi rennur út. Ef ástæða þykir til getur útvarpsréttarnefnd breytt skilmálum við endurnýjun útvarpsleyfis.

#### IV. KAFLI Auglýsingar.

##### 12. gr.

Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu á vöru eða þjónustu þ.m.t. tilkynningar frá sjónvarpsstöð í tengslum við dagskráefni hennar sjálfar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.

##### 13. gr.

##### *Auglýsingar og börn.*

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út auglýsingar, sem gætu haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi auglýsingar sem fela í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái.

Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:

- a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgírni,
- b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
- c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks,
- d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fjarsölubætti. Í slíkum þáttum er óleyfilegt að hvetja börn til þess að gera samninga um kaup eða leigu á vöru eða þjónustu.

##### 14. gr.

##### *Birting auglýsinga.*

Almennt skulu auglýsingar fluttar saman í heild í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða. Skulu auglýsingatímar sérstaklega auðkenndir sem slíkir með hljóðmerki eða myndskilti og þarf auðkenningin ekki að vera hin sama við upphaf og lok auglýsingatímans. Sama skal gilda um fjarsöluinnskot. Flutningur einstakra auglýsinga eða fjarsöluinnskota milli dagskrárliða er óheimill nema í undantekningartilvikum t.d. ef um er að ræða óvenjulega langar auglýsingar, t.d. 10 – 15 mínútna langar.

##### 15. gr.

##### *Bann við rofi dagskrárliða.*

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. er heimilt er að rjúfa útsendingu einstakra dagskrárliða ef fullnægt er skilyrðum 16. gr. Þó er ekki heimilt að rjúfa útsendingu eftirgreindra dagskrárliða með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum:

1. Guðsþjónustu eða trúarlega dagskrá.
2. Fréttir, þ.e. dagskrárliði þar sem áhorfendum eru fluttar ritstýrðar upplýsingar um nýlega viðburði.
3. Fréttatengda dagskrárliði, þ.e. þættir um málefni líðandi stundar ef þeir eru styttri en 30 mínútur.
4. Dagskrá fyrir börn.

Upplýsingar í veðurlýsingu eða veðurspá, teljast ekki til fréttar eða fréttatengds efnis í skilningi þessarar greinar.

## 16. gr.

*Rof dagskrárliða.*

Ef um er að ræða dagskrárliði samkvæmt a- til c-lið er heimilt að rjúfa útsendingu dagskrárliðarins með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum sem hér segir, enda leiði rof dagskrárliðarins ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa:

- a. Dagskrárliðir sem eru samsettir úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilegir dagskrárliðir sem eru samsettir af þáttum sem eru hluti af efnislegri heild, en eru aðgreindir af eðlilegum efnis- eða framvinduskilum sem hefðu orðið án auglýsingatímans. Dagskrárliði er að framan greinir er heimilt að rjúfa með útsendingu auglýsinga ef það er gert á milli hinna sjálfstæðu þátta, hléa eða skila í dagskrárliðnum.
- b. Leiknar kvikmyndir sem ætlaðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum og leiknar kvikmyndir fyrir sjónvarp sem eru lengri en 45 mín er heimilt að rjúfa með auglýsingum eða fjarsöluinnskoti einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið sem hér segir:
 

Leikin kvikmynd er skemmri en 45 mínútur:	Óheimilt að rjúfa með auglýsingum.
Leikin kvikmynd er lengri en 45 mínútur:	Heimilt að rjúfa einu sinni.
Leikin kvikmynd er 46-89 mínútur:	Heimilt að rjúfa einu sinni.
Leikin kvikmynd er 90-109 mínútur:	Heimilt að rjúfa tvisvar sinnum.
Leikin kvikmynd er 110-135 mínútur:	Heimilt að rjúfa þrisvar sinnum.
Leikin kvikmynd er 136-180 mínútur:	Heimilt að rjúfa fjórum sinnum.
Leikin kvikmynd er 180-225 mínútur:	Heimilt að rjúfa fimm sinnum.

 Skemmtiþættir og heimildarþættir sem gerðir eru fyrir sjónvarp, og sjónvarpsþáttaraðir falla ekki undir þennan lið eða framangreinda skilgreiningu.
- c. Aðrir dagskrárliðir. Það er heimilt að rjúfa aðra dagskrárliði með útsendingu auglýsinga þannig að a.m.k. 20 mínútur líði milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

## 17. gr.

*Hlutfall auglýsingatíma af heildardagskrá.*

Hlutfall auglýsingatíma má ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þetta jafngildir að meðaltali 9 mínútum á klukkustund.

Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot að undanskildum fjarsöluþáttum. Þetta jafngildir að meðaltali tólf mínútum á klukkustund.

Hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20% eða tólf mínútur á klukkustund.

## 18. gr.

*Tímalengd auglýsinga.*

Heimill útsendingartími sjónvarpsstöðva á auglýsingum í sjónvarpsstöðvum er sem hér segir:

1. Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot, að undanskildum fjarsöluþáttum þ.e. sjónvarpsdagskrám a.m.k. 15 mínútur að lengd, sem einöngu eru helgaðar fjarkaupum.
2. Hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%.  
Ákvæði greinar þessarar taka ekki til útsendingar:

- a. Tilkynninga frá sjónvarpsstöð í tengslum við dagskrárefni hennar sjálfrar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.
- b. Tilkynninga um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknaerstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

## V. KAFLI

### **Kostun.**

#### 19. gr.

Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, þó aldrei fréttu eða fréttatengds efnis, þ.e. að afla fémæts framlags lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni þess aðila, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum enda sé gætt eftirfarandi skilyrða:

- a. Kostaðar útvarpsdagskrár séu ljóslega auðkenndar sem slíkar með kynningu, nafni og/eða vörumerki kostanda í upphafi og/eða lok dagskrár. Óheimilt er að rjúfa dagskrárlið til kynningar á kostanda. Ef heimilt er að rjúfa dagskrárlið með útsendingu auglýsinga eða fjarsöluinnskota má birta kynningu á kostanda dagskrárliðarins við upphaf og lok auglýsingatímans. Kynning á kostanda má ekki fela í sér frekari kynningu á vöru eða þjónustu kostanda hvorki í texta né tali.
- b. Kostandi hafi ekki áhrif á innihald eða efnistöð við gerð kostaðs dagskrárliðar og kostunin raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar.
- c. Efni hins kostaða dagskrárliðar feli ekki í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega.
- d. Framleiðendum og söluaðilum lyfja er heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, enda sé ekki um að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegi meðferð.

## VI. KAFLI

### **Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.**

#### 20. gr.

Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr. útvarpslaga, á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk.

Það telst vera sjálfstæður framleiðandi í merkingu 1. mgr., ef ein sjónvarpstöð á ekki meira en 1/4 hluta í framleiðslufyrirtækinu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki samanlagt meira en helming í fyrirtækinu, enda hafi það ekki á seinustu þremur árum framleitt meira en 9/10 hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð.

## VII. KAFLI

### **Vernd barna.**

#### 21. gr.

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hættu er á að börn sjái viðkomandi efni eða fyrir kl. 23.

Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum svo sem með læsingu útsendrar

dagskrár að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskráreftni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.

## 22. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 10., 14. og 35. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 610/1989, sbr. reglugerð nr. 28/1991 um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi.

*Menntamálaráðuneytinu, 16. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana.

## 1. gr.

Í stað núverandi viðauka I komi eftirfarandi:

## VIÐAUKI I

#### Nánari ákvæði um mat á afskriftaþörf útlána og annarra skuldbindinga og framsetningu afskriftareiknings útlána, sbr. 57. gr. reglnanna.

Með hliðsjón af gildandi reglum og góðri reikningsskilavenju skal lánastofnun í tengslum við ársuppgjör og árschlutauppgjör meta afskriftaþörf vegna útlána og skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána o.fl. til að mæta líklegu tapi stofnunarinnar miðað við aðstæður á uppgjörstæði. Framlög í afskriftareikning útlána o.fl. skulu samanstanda af sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána o.fl. og skulu færast til frádráttar viðeigandi lið í efnahagsreikningi. Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við mat á sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána og mat á fullnustueignum svo og innri starfsreglur um hvernig staðið skuli að færslu á endanlegum afskriftum útlána.

#### 1) Sérstök afskriftaframlög.

Sérstök framlög eru afskriftaframlög til að mæta áætluðu tapi vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörstæði eru metnar í sérstakri tapshættu. Lánþegar sem koma skulu til skoðunar í því sambandi eru þeir sem eftirfarandi atriði eiga við um: Vanskil í 3 mánuði eða lengur, greiðslustöðvun, gjaldprot eða aðrar aðstæður sem skerða gjaldþol eða greiðslugetu og gera það líklegt að ekki verði staðið að fullu við lánssamninga.

Þegar skuldbindingar lánþega teljast vera í sérstakri tapshættu skal meta þörfina á að:

- hætta að tekjufæra vexti og þóknanir,
- bakfæra tekjufærða vexti og þóknanir innan reikningstímabilsins, og
- færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána o.fl.

Með skuldbindingum lánþega er átt við:

- útlán og endurlán, þar með talda áfallna vexti og þóknanir,

- ábyrgðir lánastofnunar utan efnahags,
- ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega lánastofnunarinnar, og
- aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart lánastofnuninni.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skal metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga. Tryggingaandlög skulu metin með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fáist fyrir viðkomandi eign við sölu, að teknu tilliti til sölukostnaðar. Sé erfiðleikum háð að meta eign til söluvirðis, t.d. vegna þess að kaupendur eru ekki fyrir hendi, skal leitast við að meta verðmæti tryggingaandlags á annan hátt, t.d. miðað við tekjuvirði eignar eða áætlað framtíðar markaðsvirði. Í þessu samhengi skal taka tillit til reiknaðs vaxtataps (fórnarvaxtataps) stofnunar.

### 2) *Almenn afskriftaframlög.*

Almenn framlög eru afskriftaframlög til að mæta tapi sem talið er líklegt miðað við aðstæður á uppgjörssdegi vegna annarra skuldbindinga en þeirra sem metnar eru í sérstakri tapshættu, sbr. 1. tölulið hér á undan.

Við mat á almennu framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til tapshættu vegna atvinnugreina eða útlánaflokka svo og vegna skuldbindinga einstakra lánþega sem taldar eru í tapshættu, en miðað við aðstæður á uppgjörssdegi flokkast þó ekki í sérstaka tapshættu, sbr. 1. tölulið hér á undan. Almenn framlög í afskriftareikning útlána skulu einnig metin á grundvelli tapreynslu í útlánastofni og almenns efnahagsástands.

### 3) *Breytingar á lánskjörum útlána.*

Við breytingar á lánskjörum, sem hafa í för með sér að virði viðkomandi láns er verulega lægra en virði láns með venjulegum vaxtakjörum, skal færa mismuninn sem töpuð útlán og/eða eftir atvikum til lækkunar á áður bókfærðum tekjum innan reikningsársins. Lánþegar sem samið hafa um breytingar á lánskjörum vegna vanskila, t.d. framlengingar á lánnum með skuldbreytingum, skulu metnir sérstaklega með tilliti til tapshættu, sbr. jafnframt tölulið 1 í þessum viðauka.

### 4) *Tillög í sérstakan varasjóð vegna útlánaáhættu.*

Sé um að ræða að lánastofnun leggi til hliðar vegna tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörssdag, skulu slík framlög ekki færð á afskriftareikning útlána heldur færast á sérstakan eiginfjárreikning sem nefndur skal „varasjóður vegna útlánaáhættu“ og sem færist undir eiginfjárlið 8.2, „Varasjóðir“. Tillög í slíkan varasjóð skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

### 5) *Fullnustueignir.*

Eignir stofnunar sem færast á eignalið 4.3 „Fullnustueignir“ skulu færast þar á áætluðu raunvirði og mismunur útláns og áætlaðs virðis yfirtekinnar eignar endanlega afskrifað. Raunvirði skal miðað við þá fjárhæð sem búast má við að fáist fyrir viðkomandi eign við sölu miðað við staðgreiðslu og að teknu tilliti til áætlaðs sölukostnaðar og viðhalds- og endurbótakostnaðar.

Sé talið að umtalsverður tími muni líða þar til eign kemst í söluhæft ástand, eða að kaupendur að eign finnist, ber einnig að taka tillit til kostnaðar og tekna af eign fram til áætlaðs söludags að teknu tilliti til áætlaðs vaxtataps stofnunar.

### 6) *Endanlegar afskriftir útlána.*

Skuldbindingar lánþega skulu í ársreikningi stofnunar færast sem endanlega töpuð útlán og afskriftareikningur útlána lækkaður tilsvareandi þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:



- við lok gjaldþrotaskipta,
- við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu skulda,
- þegar lánastofnun hefur tekið ákvörðun um lok innheimtuaðgerða, og
- þegar ljóst má vera að útlán er endanlega tapað.

7) *Innri starfsreglur.*

Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við könnun á útlána- stofni, mati á afskriftaþörf útlána, vaxtafrystingu afskriftaútlána og endanlega afskrift útlána.

Í innri starfsreglum skal koma fram hvernig staðið skuli að:

- skoðun á einstökum útlánnum og útlánaflokkum með tilliti til hvaða útlán eru í sér- stakri tapshættu,
- mati á fjárhæð sérstaks afskriftaframlags vegna skuldbindinga lánþega sem vænta má að séu í sérstakri tapshættu á uppgjörstæði en sem vegna stærðar koma ekki til sérstakrar skoðunar hjá stofnuninni,
- mati á almennu framlagi í afskriftareikning útlána,
- vaxtafrystingu afskriftalána og bakfærslu vaxta,
- skuldbreytingum útlána,
- mati á tryggingaandlögum og fullnustueignum,
- endanlegum afskriftum afskriftalána, og
- færslu á afskriftalánnum sem samkvæmt ákvæðum þessara reglna skulu færð sem endanlega töpuð í ársreikningi stofnunarinnar, en stjórnendur stofnunar telja ástæðu til að bókfæra áfram í bókhaldskerfum.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og 11. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Reglurnar taka gildi þegar í stað.

*Fjármálaeftirlitinu, 14. janúar 2002.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Reykjavík.

1. gr.

*Stjórnsýsla. Kæruheimild.*

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með málefni hunda og hundahalds í lögsagnarum- dæmi Reykjavíkur og annast Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þau mál í umboði hennar.

Öllum ákvörðunum sem heilbrigðiseftirlitið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til heilbrigðisnefndar til úrskurðar. Málskotsrétt eiga þeir sem hafa lögvarinna hags- muna að gæta vegna þeirrar ákvörðunar og aðgerða sem um ræðir.

## 2. gr.

*Bann við hundahaldi. Undanþágu.*

Hundahald er bannað í Reykjavík nema að fenginni undanþágu að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

## 3. gr.

*Skilyrði fyrir undanþágu.*

Undanþágu til hundahalds má samkvæmt umsókn veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfið er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávikjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.
- b. Við mat umsóknar getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.
- c. Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa eða fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.
- d. Umsókn skal fylgja staðfesting um að umsækjandi hafi sótt námskeið um hundahald, viðurkennt af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, eða meðmæli tveggja valinkunnra manna um hæfi hans til að halda hund.
- e. Að fyrir liggi samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 6. gr.
- f. Að keypt sé ábyrgðartrygging vegna hundsins, sbr. 9. gr.
- g. Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 10. gr.

## 4. gr.

*Bannaðar hundategundir.*

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier
- b. Fila Brasileiro
- c. Toso Inu
- d. Dogo Argentino
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum
- f. Blendinga af úlfum og hundum
- g. Aðrar tegundir sem hættulegar eða óæskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundapjálfa, sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

## 5. gr.

*Hundar á lögbýlum.*

Hunda á lögbýlum skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningargjald fyrir hvern hund en þeir eru undanþegnir árlegu eftirlitsgjaldi fyrir tvo hunda. Hundar á lögbýlum mega eingöngu vera lausir á landi þeirra. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar um hunda á lögbýlum.

## 6. gr.

*Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.*

Þegar sótt er um undanþágu til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur er sameiginlegur, skal umsókn fylgja skriflegt samþykki þeirra sameigenda, sem hlut eiga að máli.

Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting undanþágu til hundahalds ekki háð sam-

þykki annarra eigenda enda er öll viðvera og umferð hundsins um slík rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum undanþágunnar og varðar sviptingu hennar.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. og 2 mgr. einvörðungu til eins ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, og óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það, sem venjulegt og eðlilegt er.

Ef um er að ræða annars konar sameign en getur í 1. mgr., eða nábyli af öðrum toga og sameigandi eða nágranni telur hundahaldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ofnæmis eða ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færi hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur heilbrigðiseftirlitið synjað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð út skal leigusali upplýsa leigjanda um hvort hundahald er leyft í húsinu.

#### 7. gr.

*Fyrirfram samþykki, leyfi, utanborgarhundur, skammtímaheimsóknir.*

Áður en hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis samkvæmt 6. gr. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

Hundar, sem ekki eru skráðir í Reykjavík mega ekki dveljast þar nema með leyfi heilbrigðiseftirlitsins og að fengnu samþykki samkvæmt 6. gr.

Um skammtímaheimsóknir hunda í hús gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags.

#### 8. gr.

*Umsóknir, skráning og frestir.*

Umsókn um undanþágu til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur innan mánaðar frá því að hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili, enda hafi leyfis skv. 6. gr. verið aflað. Umsókn skal fylgja greiðsla skráningargjalds, sbr. 12. gr. Heimilt er að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 4 mánaða.

#### 9. gr.

*Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda.*

Upplýsingar um hundinn skal skrá hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. 11. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Reykjavík.

Hundaeiganda ber að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn deyr eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu, og hvert hann flytur. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

#### 10. gr.

*Ábyrgðartrygging.*

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hundsins og gerir heilbrigðisnefnd heildarsamning við tryggingarfélag eða félög um slíka tryggingu. Iðgjald skal innfalið í skráningargjaldi og árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 12. gr.

Skal ábyrgðartryggingin ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

## 11. gr.

*Ormahreinsun, örmerking, merkiplata.*

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári. Vottorði dýralækna um ormahreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert.

Hundur sem sótt er um undanþágu fyrir skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðalskráráðsins (ISO 11784 eða 11785).

Einnig skal hundurinn ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Þá skal við ólina festa merki, sem sýni að árlegt eftirlitsgjald hafi verið greitt.

## 12. gr.

*Gjöld fyrir undanþágu.*

Fyrir undanþágu til að halda hund skal undanþáguhafi greiða gjöld sem renna í borgarsjóð, annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði borgarinnar af hundahaldinu og framkvæmd samþykktar þessarar. Borgarstjórn ákveður árlega gjöldin með gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir.

Leyfisgjaldið greiðist við skráningu hunds og eftirlitsgjald síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur undanþágan niður.

Heimilt er að veita þeim hundaeigendum, sem sótt hafa námskeið viðurkennt af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um meðferð hunda allt að helmings (50%) afslátt af árlegu eftirlitsgjaldi, enda hafi leyfishafi ekki gerst brotlegur við samþykkt þessa.

## 13. gr.

*Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengniskyldur hundaeigenda.*

Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.

Hundaeigendum er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa innan marka þéttbýlis, nema nytjahunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns.

Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 14. gr., og í umsjá manns, sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að að komast megi óhindrað að aðaldyrum húss.

Bannað er að árásarþjálfa hunda, nema í löggæsluskyni.

## 14. gr.

*Taumskylda og sérstakar takmarkanir.*

Heimilt er að vera með hunda í taumi á göngustígum borgarinnar, í almenningsgördum, í Heiðmörk, nema á brunnsvæðum og á varptíma fugla, og á hesthúsasvæðum í Víðidal og á Víðivöllum í taumi og fylgd ábyrgs aðila.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur.

Óheimilt er að fara með hunda um Bankastræti, Laugaveg að Rauðarárstíg, Lækjartorg, Austurstræti, Aðalstræti og Ingólfstorg.

Enn fremur er óheimilt að fara með hunda á eftirtalin útivistarsvæði: Öskjuhlíð, Heiðmörk um varptíma fugla, (1. maí til 15. ágúst), Viðey, hólmana í Elliðaárdal, bakka Elliða-anna um laxveiðitíma og í Nauthólsvík.

## 15. gr.

*Staðir þar sem hundar mega vera lausir.*

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum:

1. Geirsnef.
2. Geldinganes.
3. Innan hundaheldra girðinga og hundaæfingasvæða, sem samþykkt hafa verið af heilbrigðisnefnd.
4. Auð svæði, fjarri íbúðabyggð.

## 16. gr.

*Óheimilir staðir skv. ýmsum reglugerðum.*

Ekki má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, íþróttavelli eða þá staði, sem um getur í 4. og 8. kafla og 11. – 16. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum eða þangað sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neyslu- og ölkelduvatn.

Nánar er hér m.a. um að ræða:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstofur.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar og staðir, sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.
12. Kirkjugarðar.
13. Almenn samgöngutæki, nema leigubifreiðar með samþykki bílstjóra.

## 17. gr.

*Frávik og undanþágur.*

Víkja má frá fyrirmælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða hunda, sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa eða sem leiðsöguhundar sjónskertra.

Heilbrigðiseftirlitið getur einnig veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum í sérstökum tilvikum.

## 18. gr.

*Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflífun, kostnaður.*

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda, sé hundur merktur, handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans, áður en hann er afhentur á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður.

Hafi hundur verið handsamaður, er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

## 19. gr.

*Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.*

Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur, skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Ef hundur telst hættulegur, getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundahjálfara, sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

## 20. gr.

*Svipting undanþágu vegna brota.*

Ef hundaeigandi brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum, sem um dýrahald gilda, getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur afturkallað leyfi til hans og/eða bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

## 21. gr.

*Lögregluástoð. Nánari reglur.*

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

Heilbrigðisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar.

## 22. gr.

*Refsiviðurlög.*

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

## 23. gr.

*Áður veittar undanþágur.*

Þær undanþágur til hundahalds, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um áður veittar undanþágur.

## 24. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu og fellur þá úr gildi samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 388/1999.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# AUGLÝSING

## frá ríkisskattstjóra nr. 5/2002 um skattmat tekjuárið 2001 (framtalsárið 2002).

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á hlunnindum til tekna og kostnaði til frádráttar frá tekjum vegna tekjuársins 2001, sbr. 116. gr. og 2. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og A-lið 1. mgr. 30. gr. og ákvæði í C-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skal farið eftir skattmati þessu við framtalsgerð 2002 vegna tekna á árinu 2001 og eigna í lok þess árs.

Reglur um skattmat taka til hvers þess sem nýtur hlunninda eða gæða sem telja ber til tekna skv. 7. gr. laga nr. 75/1981, óháð starfssambandi milli þess er lætur hlunnindi eða gæði af hendi og þess sem nýtur. Skiptir ekki máli hvort það sem meta skal til tekna er endurgjald fyrir vinnu eða er tilkomið með öðrum hætti. Þegar talað er um launamann eða starfsmann í reglum þessum skal það eftir því sem við á einnig taka til maka hans og barna svo og hvers þess aðila sem nýtur viðkomandi hlunninda í krafti eignar eða stjórnaraðildar eða vensla eða tengda við þann sem hlunnindin lætur í té.

### 1. Almennt mat á hlunnindum og gæðum.

Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það t.d. við um fatnað, fæði, húsnæði, fríðindi og skiptir þá ekki máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifæringsgjafir.

Þau gæði og hlunnindi, sem eru ekki látin í té í formi reiðufjár, skal meta til peningaverðs og telja þau til tekna á því verði. Skulu þau metin til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma nema við þau eigi sérstakt tekjumat, sbr. kafla 2 hér á eftir.

Séu hlunnindi, eða annað sem telja ber til tekna, látin af hendi gegn greiðslu sem er lægri en skattmatið eða gangverðið skal telja mismuninn til tekna.

Þeir sem stunda búrekstur eða sjómennsku á eigin fari eiga að telja sér til tekna eigin not afurða. Sama á við um aðra sem atvinnurekstur stunda og taka eigin framleiðslu til afnota.

### 2. Sérstakt tekjumat.

#### *Fatnaður.*

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	15.000 kr.
Einkennisyfirhafnir	11.000 kr.

Fatnað sem ekki telst einkennisfatnaður skal telja fram á kostnaðarverði. Sama á við um aukafatnað með einkennisfatnaði sem ekki nær framangreindu kostnaðarmati og telst vera hluti einkennisfatnaðar. Á þetta t.d. við um aukabuxur eða aukapils. Nái kostnaðarverð fatnaðar ekki framangreindu mati, skal miða við kostnaðarverðið.

Eigi skal reikna launþega til tekna nauðsynlegan öryggis- eða hlífðarfatnað við störf hans, sem launagreiðandi afhendir honum til afnota.

#### *Bifreiðahlunnindi.*

#### *Full og ótakmörkuð umráð.*

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og

jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta umráðin starfsmanni til tekna án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.

Ársumráð bifreiðar sem tekin var í notkun á árunum 1999, 2000 eða 2001 skulu metin til tekna sem 20% af verði bifreiðarinnar. Umráð eldri bifreiðar skulu metin til tekna sem 15% af verði hennar. Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara aðeins hluta úr ári.

Verð bifreiða er í þessu sambandi skilgreint í bæklingnum bifreiðaskrá RSK, sem fæst hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra. Sé verð bifreiðar ekki að finna þar skal það vera staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á nýrri sams konar bifreið frá bifreiðaumboði. Til viðbótar við verð samkvæmt skránni skal koma verð á hvers konar auka- eða sérútbúnaði bifreiðarinnar. Sé ný bifreið eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum.

Hafi starfsmaður greitt vinnuveitanda fyrir afnot af bifreiðinni skal hin greidda fjárhæð koma til frádráttar frá matinu. Sama á við ef starfsmaður greiðir rekstrarkostnað bifreiðar annan en eldsneytiskostnað og kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, enda afhendi starfsmaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Greiði starfsmaðurinn allan eldsneytiskostnað og eftir atvikum þungaskatt vegna bifreiðarinnar skal matið lækkað um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% af metnu verði bifreiðarinnar.

#### *Takmörkuð afnot.*

Hafi starfsmaður haft afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum hefur einungis verið heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimilis og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota skal meta slík takmörkuð afnot til tekna miðað við 45,00 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá starfsmanni. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan.

Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum teljast hafa ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum, sem þeir hafa til einkanota.

#### *Fæði.*

Fæði, sem launagreiðandi lætur launþega í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna sem hér segir:

Fyrir fullt fæði	900 kr. á dag
Fyrir hálf t fæði	450 kr. á dag
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	300 kr. á dag

Láti launagreiðandi launþega í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launþegans. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru launþega og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

#### *Íbúðarhúsnæði og orlofshús.*

Endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæði sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té skulu metin starfsmanninum til tekna sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bíl-



skúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á notkunartímabil miðað við tímalengd þeirra. Hafi launþegi afnot af íbúðarhúsnæði, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra en 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna.

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hiti) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt að 150 m<sup>2</sup> að viðbættum 5 m<sup>2</sup> fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt. Eigi skal meta launþega til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem hann dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Ef launþegi fær endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum þá skal hann telja sér til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

#### Lán.

Sá, sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans, skal telja sér vaxtahagræðið til tekna. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2001 miðast tekjumatið við 11,5% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

#### Teknamat af matvöru o.fl.

Heimanot matvöru og annarra afurða skulu metin til tekna í búrekstrinum sem hér segir (verð án virðisaukaskatts):

	kr.
Mjólk .....	40 pr. ltr.
Egg .....	200 pr. kg.
Kartöflur til manneðis .....	55 pr. kg.
Rófur til manneðis .....	95 pr. kg.
Dilkakjöt .....	300 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé .....	200 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé .....	100 pr. kg.
Ungnautakjöt .....	300 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum .....	200 pr. kg.
Folaldakjöt .....	170 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum .....	100 pr. kg.
Grísakjöt .....	220 pr. kg.
Annað svínakjöt .....	130 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir .....	400 pr. kg.
Annað fuglakjöt .....	300 pr. kg.
Fiskur .....	200 pr. kg.

Heimanot á öðrum búsafurðum svo sem grænmeti skulu metin til tekna á því verði sem fæst við sölu á þeim frá búinu.

### 3. Frádráttur frá tekjum.

#### *Frádráttur á móti ökutækjastyrk.*

Frá ökutækjastyrkjum sem launþegi hefur fært til tekna skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Skilyrði fyrir frádrættinum er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launþega, nafn og kennitala launþega og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattýfirvöldum þegar þau óska þess.

Kostnaður við rekstur ökutækis telst því aðeins sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Á eyðublaði RSK 3.04, ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, sé gerð sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar, sem reiknast 303.000 kr. Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Á eyðublaði RSK 3.04 komi fram sundurliðun á heildarnotkun ökutækisins í a) akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu, b) annan akstur í eigin þágu og c) akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með 48,50 kr. þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 2001 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð hámarksfrádráttar fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan samkvæmt „sérstöku gjaldi“ í 55,78 kr. og samkvæmt „torfærugjaldi“ í 70,33 kr., enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Fái starfsmaður greiðslu fyrir almenn afnot af bifreið sinni og endurgreiðsla á kostnaði hafi verið miðuð við 2000 km eða minna er ekki krafist sundurliðunar á rekstrarkostnaði, sbr. tölulið 1 hér að framan. Skilyrði er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla eða fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst og að eyðublað RSK 3.04 hafi verið útfyllt, sbr. tölulið 2 hér að framan.

#### *Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.*

Frádráttur á móti dagpeningum sem launamaður hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og launþeginn hefur greitt gistingu og fæði og annan ferðatengdan kostnað svo sem fargjöld að og frá flugvöllum. Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launamanns.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum á árinu 2001 sem hér segir:

*Frádráttur á móti dagpeningum innanlands.*

	Jan.–maí	Júní–ágúst	Sept.–des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	10.000	11.400	10.200
Fyrir gistingu í eina nótt	5.600	7.000	5.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	4.400	4.400	4.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.200	2.200	2.200

*Frádráttur vegna dagpeninga erlendis í SDR.*

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
Bretland og Rússland	128	90	82	58
New York borg og Washington DC	132	78	85	50
Asía og Suður-Ameríka	130	105	83	67
Annars staðar	95	90	61	58

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað er heimilt að draga frá óskerta almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi er honum einungis heimilt að draga fjárhæð samsvarandi „Annað“ frá fengnum dagpeningum.

Hafi starfsmaður fengið greidda dagpeninga fyrir samtals 30 daga eða fleiri á árinu 2001 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um 900 kr. fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfelld. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er 450 kr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað þess að ferðakostnaður annar en gisti- og fæðiskostnaðar erlendis sé dreginn frá samkvæmt reikningi, að draga frá fasta fjárhæð, sem hæst getur orðið 30% af þeim hluta dagpeninga sbr. framangreint, sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

***Annar frádráttur.****Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.*

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 487 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

*Frádráttur vegna dagvistunar eða sumardvalar barna og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.*

Í stað frádráttar sem byggður er á sannanlegum kostnaði er heimilt í slíkum rekstri að færa til frádráttar, vegna barna eldri en tveggja ára, 80 kr. fyrir hvern veittan morgunverð eða síðdegishressingu og 185 kr. fyrir hvern veittan hádegis- eða kvöldverð. Fyrir börn tveggja ára og yngri má færa til frádráttar helming þeirra fjárhæða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri en innheimt var fyrir fæði samkvæmt gjaldskrá.

Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hrein-

lætisvara, föndurvara, bóka, bifreiðakostnaðar, gæsluvallagjalda o.þ.h. má færa til frádráttar á móti öðrum tekjum en vegna fæðissölu samtals 14% af þeim tekjum. Ef um sumardvöl er að ræða má færa til frádráttar 20% af tekjum án fæðissölu, enda sé um gistingu að ræða. Slíkur frádráttur má þó aldrei vera hærri fjárhæð en innheimt er vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Hjá stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna eru sömu skilyrði fyrir því og greinir hér að framan varðandi frádrátt í stað sannanlegs kostnaðar. Þá eru sömu reglur um fæðiskostnað og um frádrátt frá tekjum bundin því hvort viðkomandi barn er þar einungis í dagvistun eða gistingu.

#### *Frádráttur vegna fóstunar barna.*

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum, þá má færa sem frádrátt á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Hámarksfrádráttur vegna barns verður því 333.480 kr. á árinu 2001 eða 914 kr. á dag.

#### *Frádráttur vegna vistunar aldraðra og öryrkja.*

Ef um er að ræða greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, þá er heimilt í stað sannanlegs kostnaðar að færa til frádráttar á móti greiðslum, sem svarar til tvöfalds ellilífeyris (grunnlífeyris), en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur greiðslunum. Hámarksfrádráttur verður því 442.176 kr. á árinu 2001 eða 1.211 kr. á dag.

#### **4. Eignamat í árslok.**

Þeir sem hafa atvinnu af búrekstri skulu telja búpening til eignar í árslok 2001 samkvæmt því sem hér segir:

Mjólkurkýr .....	75.000
Holdakýr og naut .....	58.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri .....	47.000
Geldneyti .....	31.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs .....	9.000
Ær og sauðir .....	5.200
Hrútar .....	8.500
Gemlingar .....	4.700
Hross á 14. vetri og eldri .....	15.000
Hross á 5. – 13. vetri .....	30.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri .....	110.000
Önnur reiðhross á 5. – 13. vetri .....	55.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri .....	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri .....	10.000
Fölöld .....	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða .....	650
Varphænsni yngri en 6 mánaða .....	400
Kjúklingar .....	160
Endur .....	680
Gæsir .....	1.200
Kalkúnar .....	1.700

Gyltur .....	16.000
Geltir .....	25.000
Grísir .....	5.000
Kanínur .....	2.300
Minkar: Karldýr .....	3.700
Kvendýr .....	2.100
Hvolpar .....	0
Refir: Karldýr og kvendýr .....	7.900
Hvolpar .....	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri .....	3.200

Reykjavík, 17. janúar 2002.

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Við undirkaflann „Námsbrautir“ er hefst á bls. 21 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla bætist ný námslýsing og orðast hún svo:

#### **Viðbótarnám fyrir starfsnámsnemendur og nemendur sem ljúka námi á listnámsbraut til undirbúnings námi á háskólastigi.**

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum skv. ákvæðum í reglugerð.

Stúdentsprófið tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir setja ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum þurfa nemendur að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skulu nemendur ljúka námi eins og tilgreint er hér á eftir.

Viðbótarnámið geta nemendur:

- skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, *eða*
- lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og tilgreint er í töflunni:

1. Þriggja til fjögurra ára starfsnám. Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	12 –
stærðfræði	6 –

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í

tungumálum/náttúrufræðigreinum og stærðfræði/ samfélagsgreinum	12 ein.
---	---------

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur *ekki* til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka I.

2. Tveggja til þriggja ára starfsnám. Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	15 –
saga	6 –
náttúruvísindi	9 –
stærðfræði	6 –
íþróttir	8 –

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í

þriðja máli <i>eða</i> stærðfræði samfélagsgreinum <i>eða</i> náttúrufræðigreinum <i>eða</i> íþróttagreinum	12 ein. og 15 ein.
---	-----------------------

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur *ekki* til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Saga og stærðfræði eru þó undanskildar frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka II.

### 3. gr.

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut skulu bæta við sig námi samkvæmt því sem segir í 2. gr., lið a *eða* lið b1.

### 4. gr.

Starfsnám sem tekur skemmri tíma en tvö ár. Nemandi sem lýkur skilgreindu námi í þessum flokki með fullnægjandi árangri og óskar að halda áfram námi á annarri námsbraut getur fengið nám sitt metið með þessum hætti:

Nám sem nemendur hafa lokið í almennum greinum kemur í öllum tilvikum til frádráttar námi í sömu greinum á þeirri braut sem nemendur innritast á.

Ef nemandi innritast á almenna bóknámsbraut er viðkomandi skóla heimilt að meta sérnám nemenda til allt að 12 eininga á kjörsviði viðkomandi námsbrautar og til allt að 12

eininga í frjálsu vali. Starfsnám sem fellur undir þessa málsgrein og skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla er talið upp í viðauka III.

Framhaldsskólum er einnig heimilt að meta annað starfsnám samkvæmt þessari málsgrein en það sem talið er upp í viðaukanum, enda hafi námið skýrt skilgreind markmið og inntak og sé formlega viðurkennt af samtökum eða fyrirtækjum.

Innritist nemendur hins vegar á aðrar brautir þarf að meta í hverju einstöku tilviki hvort unnt er að meta sérnámið eða hluta þess sem hluta af því námi sem nemendur ætla að leggja stund á. Slíkt mat fer fram á vegum viðkomandi framhaldsskóla.

## 5. gr.

Lýsing á viðskiptabraut (VI) á bls. 178 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla orðist svo:

<b>Viðskiptabraut (VI)</b>		<b>70 ein.</b>
Viðskiptabraut er ætlað að búa nemendur undir almenn skrifstofu- og verslunarstörf. Námi á brautinni lýkur með verslunarprófi. Meðalnámstími er 4 annir.		
<b>Íslenska</b>		<b>8 ein.</b>
Íslenska	ÍSL 102 202 212 [103 203]	
Tjáning	TJÁ 2 ein.	
<b>Erlend tungumál</b>		<b>8 ein.</b>
Danska	DAN <sup>1)</sup> 102 202	
Enska	ENS 102 202	
<b>Samfélagsgreinar</b>		<b>8 ein.</b>
Félagsfræði	FÉL 102/103	
Saga	SAG 103	
Þjóðhagfræði	ÞJÓ 103	
<b>Raungreinar</b>		<b>3 ein.</b>
Val nemanda og skóla	3 ein.	
<b>Stærðfræði</b>		<b>4 ein.</b>
Stærðfræði	STÆ 102 122/202	
<b>Tölvufræði og vélritun</b>		<b>7 ein.</b>
Val nemanda og skóla	7 ein.	
<b>Sérgreinar</b>		<b>17 ein.</b>
Bókfærsla	BÓK 103 203	
Hagnýt verslunarstörf	HAV 102	
Rekstrarhagfræði	REK 103	
Verslunarréttur	VRR 102/103	
Val nemanda og skóla	4 ein.	
<b>Íþróttir - líkams- og heilsurækt</b>		<b>4 ein.</b>
	ÍÞR 101 111 201 211	
<b>Val nemanda og skóla</b>		<b>11 ein.</b>

<sup>1)</sup> Norska/sænska.

## 6. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 371/2001 um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## VIÐAUKI I

**I. Priggja og fjögurra ára starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).**

Nám sem fellur undir 2. gr., b-lið, 1. tölulið.

**Bíliðngreinar:**

- Bifreiðasmíði (BS8) – iðnnám á verknámsbraut
- Bifvélavirkjun (BV8) – iðnnám á verknámsbraut
- Bílamálun (BM8) – iðnnám á verknámsbraut

**Bókiðngreinar:**

- Bókband (BÓ9) – samningsbundið iðnnám
- Prentsmíð (PS9) – samningsbundið iðnnám
- Prentun (PR9) – samningsbundið iðnnám

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:**

- Bókasafnstækni
- Bókband
- Fjölmiðlatekni
- Grafísk miðlun (prentsmíð)
- Ljósmyndun
- Nettækni
- Prentun
- Veftækni

**Bygginga- og trúíðngreinar:**

- Húsasmíði (HÚ8) – iðnnám á verknámsbraut
- Húsasmíði (HÚ9) – samningsbundið iðnnám
- Húsgagnasmíði (HS8) – iðnnám á verknámsbraut
- Húsgagnasmíði (HS9) – samningsbundið iðnnám
- Málaraiðn (MÁ9) – samningsbundið iðnnám
- Múraraíðn (MR9) – samningsbundið iðnnám
- Pípulagnir (PL9) – samningsbundið iðnnám



**Fata-, skinn- og leðuriðngreinar:**

Kjólasaumur (KJ8) – iðnnám á verknámsbraut  
Klæðskurður (KL8) – iðnnám á verknámsbraut  
Söðlasmíði (SÖ9) – samningsbundið iðnnám

**Matvælagreinar:**

Bakaraiðn (BA9) – samningsbundið iðnnám  
Framreiðsla (FR9) – samningsbundið iðnnám  
Kjötiðn (KÖ9) – samningsbundið iðnnám  
Matreiðsla (MA9) – samningsbundið iðnnám

**Málmiðngreinar:**

Blikksmíði  
Rennismíði  
Stálsmíði  
Vélvirkjun  
Gull- og silfursmíði (GS9) – samningsbundið iðnnám  
Netagerð (NG9) – samningsbundið iðnnám

**Rafiðngreinar:**

Rafeindavirkjun (RE8) – iðnnám á verknámsbraut  
Rafvélavirkjun (RV8) – iðnnám á verknámsbraut  
Rafvélavirkjun (RV9) – samningsbundið iðnnám  
Rafvirkjun (RK8) – iðnnám á verknámsbraut  
Rafvirkjun (RK9) – samningsbundið iðnnám  
Símsmíði (SS9) – samningsbundið iðnnám

**Snyrtigreinar:**

Hársnyrtiiðn (HG9) – samningsbundið iðnnám  
Snyrtifræði (SN8) – iðnnám á verknámsbraut

**Heilbrigðisbrautir:**

Lyfjatæknabraut (LT)  
Nuddnám (NN)  
Sjúkraliðabraut (SJ)

**Matvæla-, hússtjórnar- og handiðanám:**

Matartæknabraut (MT)

**Sjávarútvegsnám:**

Fiskiðnaðarbraut  
Skipstjórnarbraut 2. stig  
Skipstjórnarbraut 3. stig  
Vélstjórnarbraut 3. stig  
Vélstjórnarbraut 4. stig

**Tölvu-, tækni- og hönnunarnám:**

Tölvufræðiþbraut

## VIÐAUKI II

**II. Tveggja til þriggja ára starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).**

Nám sem fellur undir 2. gr., b-lið, 2. tölulið.

**Málmiðngreinar:**

Málmiðngreinar, fyrri hluti

**Heilbrigðisbrautir:**

Félagsliðanám

Tanntæknabraut

**Matvæla-, hússtjórnar- og handiðanám:**

Slátrun

**Sjávarútvegsnám:**

Skipstjórnarbraut 1. stig

Vélstjórnarbraut 2. stig

**Tölvu-, tækni- og hönnunarnám:**

Hönnunarbraut (Iðnskólinn í Hafnarfirði)

Hönnunarbraut (Iðnskólinn í Reykjavík)

Tækniteiknun

**Uppeldisnám:**

Uppeldisbraut

Íþróttabraut

**Verslunar- og viðskiptanám:**

Viðskiptabraut

## VIÐAUKI III

**III. Annað starfsnám (upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, og þarf því ekki að vera tæmandi).**

Nám sem fellur undir 3. mgr., 4. gr.

**Bílgreinar:**

Grunndeild bíliðna

**Bygginga- og tréiðngreinar:**

Grunndeild múriðnar

Grunndeild tréiðna

**Málmiðngreinar:**

Rafsuða

**Rafiðngeinar:**

Grunndeild rafiðna

**Sjávarútvegsnám:**

Sjávarútvegsbraut

**Uppeldisnám:**

Íþróttanám, sérnám í íþróttافرæði og íþróttagreinum (ÍÐ)

## AUGLÝSING

### um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

## 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

## 2. gr.

Undirkaflinn „Undanþágur frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum“ á bls. 51 í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla orðast svo:

Fatlaðir nemendur og nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að nemandinn geti ekki náð tökum á námssefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tökum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku, og íslenskir nemendur, sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Sama gildir um heyrmarlausa nemendur.

Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framansögðu.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna sorphirðu og sorpeyðingar eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2002 er gjaldið kr. 6.000 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum. Árið 2002 er gjaldið kr. 5.000 á hverja sorptunnu.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. grein fylgir reglum um gjalddaga fasteignagjalda, og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000, um sorphreinsun í Fjarðabyggð og öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 10. janúar 2002.

*Fjarðabyggð, 11. janúar 2002.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi.

#### 1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Fljótsdalshreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

#### 2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina. Rotþró skal hreinsa að jafnaði annað hvert ár. Rotþróarseyru skal farga á viðurkenndan hátt, sbr. reglugerð um meðferð seyru nr. 799/1999. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

#### 3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal á lagt og innheimt á sama hátt og önnur fasteignagjöld til Fljótsdalshrepps.

#### 4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 18. janúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbrefapjónustu.

#### 1. gr.

Í stað núverandi 3. tl. 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi 3. tl.:

#### 3. Áhættuvog 0,5:

- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins,

- b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur,
- c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000 sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignirnar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflíð, og
- d. verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem fela í sér hlutdeild í safni verðbréfa, sem tryggð eru með fasteignaveði eins og tilgreind eru í staflíðum a.-c. og innan sömu marka og þar eru tilgreind. Slík verðbréf þurfa að vera að fullu og milliliðalaust tryggð með samlagi framangreindra fasteignaveða sem eru í fullu gildi þegar verðbréfin, sem eru tryggð með veði, eru gefin út. Fjárfestar í verðbréfum sem eru tryggð með fasteignaveði, eða fjárvörslumenn eða umboðsmenn fyrir hönd þeirra, þurfa að hafa forgangsrétt eignunum, sem eru lagðar að veði til tryggingar verðbréfunum, í réttu hlutfalli við verðbréfaeign sína.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt staflíðum a., b., c., og d. í 3. tl.

1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 14. janúar 2002.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

## REGLUGERÐ

**um brottfellingu reglugerðar nr. 221/1939 um skyldutryggingar.**

1. gr.

Reglugerð nr. 221/1939 um skyldutryggingar fellur úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, varðandi lóð fyrir símstöð við Miðvang í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, varðandi lóð fyrir símstöð við Miðvang í Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 18. janúar 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á skipulagi við Grjótás 2-12 í Hraunsholti, Ásum, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Grjótás 2-12 í Hraunsholti, Ásum, Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að einni lóð fyrir 6 íbúða raðhús er skipt upp í 3 lóðir fyrir parhús með bílaaðkomu. Gata að húsunum og svæði þar fyrir ofan verður utan lóðar. Jafnframt eru lóðarmörk færð til austurs um 2-5 m.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 14. janúar 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir**, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

## REGLUGERÐ

### um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

**Austursvæði**  
(Stokksnes að 19° V).

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00'V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til og með 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á  $17^{\circ}00'V$ . Þaðan í punkt  $63^{\circ}15'N$  og  $17^{\circ}00'V$  og síðan í punkt  $63^{\circ}05'N$  og  $17^{\circ}40'V$  og þaðan í réttvísandi  $270^{\circ}$  að  $19^{\circ}00'V$ .

**Vestursvæði  
( $19^{\circ} V$  að Skor).**

2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af  $19^{\circ}00'V$  og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi  $250^{\circ}$  frá Skorarvita.

Að utan markast svæðið frá  $19^{\circ}00'V$  vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti  $63^{\circ}33'00 N$  og  $20^{\circ}27'00 V$  og þaðan í punkt  $63^{\circ}33'00 N$  og  $20^{\circ}50'00 V$  og þaðan í punkt  $63^{\circ}47'85 N - 21^{\circ}16'00 V$  og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1.  $270^{\circ}$  frá Hjörsey
2.  $180^{\circ}$  frá Malarrifsvita
3.  $270^{\circ}$  frá Tröllakirkju
4.  $270^{\circ}$  frá Öndverðarnesvita
5.  $360^{\circ}$  frá Öndverðarnesvita
6.  $360^{\circ}$  frá Töskuvita við Rif
7.  $250^{\circ}$  frá Skorarvita

Frá og með 12. apríl til og með 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1.  $63^{\circ} 05'00 N - 19^{\circ} 00'00 V$
2.  $63^{\circ} 05'38 N - 24^{\circ} 18'54 V$
3.  $63^{\circ} 35'06 N - 23^{\circ} 13'06 V$
4.  $63^{\circ} 36'72 N - 23^{\circ} 22'84 V$
5.  $63^{\circ} 39'65 N - 23^{\circ} 28'55 V$
6.  $64^{\circ} 43'72 N - 24^{\circ} 12'83 V$
7.  $64^{\circ} 43'72 N - 24^{\circ} 25'57 V$

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð  $250^{\circ}$  réttvísandi frá Skor.

**Önnur friðunarsvæði þorsks.**

3. gr

Frá og með 15. apríl til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Gjögurvita (á Ströndum) austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

Frá og með 20. apríl til og með 6. maí eru allar veiðar á Hvalbakshalli óheimilar á svæði sem afmarkast af eftirgreindum punktum:

1.  $63^{\circ} 45'00 N - 14^{\circ} 15'00 V$
2.  $63^{\circ} 45'00 N - 13^{\circ} 30'00 V$
3.  $64^{\circ} 41'00 N - 11^{\circ} 46'00 V$
4.  $64^{\circ} 41'00 N - 12^{\circ} 20'00 V$



**Skarkolasvæði.**

## 4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

**A. Selvogsbanki:**

1. 63° 40'00 N – 21° 00'00 V
2. 63° 31'00 N – 20° 10'00 V
3. 63° 22'00 N – 20° 30'00 V
4. 63° 20'00 N – 20° 50'00 V

**B. Hafnarleir:**

1. 64° 05'00 N – 23° 15'00 V
2. 64° 05'00 N – 22° 54'00 V
3. 63° 50'00 N – 22° 53'00 V
4. 63° 50'00 N – 22° 57'00 V
5. 64° 00'00 N – 23° 20'00 V

**C. Breiðafjörður:**

1. 65° 16'00 N – 23° 27'00 V
2. 65° 10'00 N – 23° 27'00 V
3. 65° 00'00 N – 24° 20'00 V
4. 65° 05'00 N – 24° 37'00 V

## 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóng og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Pá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu sem dregin er frá Markakletti á Hraunsnesi vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

## 6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2002

---

25. janúar 2002

113

Nr. 63

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „3.000“ í 7. tl. 2. gr. komi: 4.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*

28. janúar 2002

Nr. 64

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 64, 2. febrúar 1998, um þorskfisknet.**

1. gr.

B-liður 2. mgr. 1. gr. breytist og orðist svo: Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávar afla.

1. gr.

Við 34. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Teljist afli utan aflamarks samkvæmt ákvæði til bráðabirgða b. (II.) í 7. gr. laga nr. 129/2001, skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikill afli þessi er í hverri veiðiferð. Skylt er að landa slíkum afla innanlands á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávar afla og skal hann boðinn þar upp. Löggiltur vigtarmaður á uppboðsmarkaði skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem fram komi upplýsingar sem við eiga og tilgreindar eru í 5. og 11. gr. reglugerðar þessarar. Að sölu lokinni skulu forráðamenn uppboðsmarkaðar standa skil á þeim hluta andvirðis, sem rennur til Hafrannsóknastofnunarinnar, í samræmi við ákvæði laganna þar um.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 129, 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. febrúar 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 2002

29. janúar 2002

115

Nr. 66

## REGLUR

### um breytingu (6) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglum nr. 458/2000 kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 127. gr. reglna þessara er hjúkrunarfræðideild heimilt að víkja frá reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði og ákveða að réttur þeirra stúdenta, sem innrituðu sig til náms á 1. námsári við deildina á haustmíssi 2001, til áframhaldandi náms við deildina ráðist ekki af niðurstöðu samkeppnisprófa í desember 2001. Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði skulu endurskoðaðar og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júní 2002.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 29. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

29. janúar 2002

Nr. 67

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000.

#### 1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 9.200 kr. í stað 8.300 kr. (1. fl.), 7.100 kr. í stað 6.400 kr. (2. fl.), 5.300 kr. í stað 4.800 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 565 kr. í stað 510 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2002

29. janúar 2002

117

Nr. 68

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 350, 25. júní 1996,  
um nýtingu afla og aukaafurða.**

1. gr.

Við 1. málsgrein bætist nýr málslíður er orðist svo: Þá er þeim aðilum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu, sem lifandi er í netum þegar þau eru dregin.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

31. janúar 2002

Nr. 69

## AUGLÝSING

**um útvarpsgjald.**

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.250 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. febrúar 2002 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytinu, 31. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Guðríður Sigurðardóttir.*

Gutenberg

## REGLUGERÐ

### um (7.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 850“ fjárhæðin „kr. 400“.
- b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 350“ fjárhæðin „kr. 200“.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í a-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 2.100“ fjárhæðin „kr. 1.600“.
- b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 500“.
- c. Í b-lið 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í a-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 200“.
- b. Í b-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.
- c. Í a-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 500“.
- d. Í b-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 250“.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. janúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456, 11. júní 2001, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2001/2002.

#### 1. gr.

Í stað: „438.389 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 968.389 lestir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 151, 27. desember 1997, um veiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 2002

---

1. febrúar 2002

119

Nr. 72

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 12/2002  
um útrýmingu fjárkláða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.**

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ákvæði reglugerðarinnar ná til eigenda sauðfjár, geitfjár, stórgripa (nautgripa og hrossa) og húsa fyrir búfé í Miðfjarðarhólfi, Húnahólfi og Skagahólfi, sbr. viðauka I við reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, með síðari breytingum. Ákvæðin ná einnig til eigenda fyrrgreinds búfjár og húsa austan Héraðsvatnalínu í Hólahreppi og Viðvíkurhreppi hinum fornu suður að Gljúfurá og til bæjarins Ytri-Hofdala sunnan Gljúfurár. Auk þess fellur bærinn Stóra Borg í Vatnsneshólfi einnig undir ákvæði reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 2002

---

Nr. 73

120

4. febrúar 2002

## REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Digranesflaki.

1. gr.

Frá og með 5. febrúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Digranesflaki, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°23'00 N - 12°51'00 V
2. 66°11'00 N - 11°53'00 V
3. 66°08'00 N - 11°47'00 V
4. 66°03'00 N - 12°40'00 V
5. 66°14'00 N - 12°40'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar.

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

1. Reglugerðin gildir um eftirtaldar afurðir, séu slíkar afurðir með eða ef til stendur að merkja þær með ábendingu um lífræna framleiðsluáðferð:
  - a) Óunnar landbúnaðarafurðir úr jurtaríkinu; einnig búfé og óunnar búfjárafurðir, að svo miklu leyti sem reglur um framleiðslu þeirra og eftirlit með þeim eru tilgreindar í I. og III. viðauka.
  - b) Unnar landbúnaðarafurðir úr jurtaríkinu og búfjárafurðir ætlaðar til manneldis sem eru aðallega úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurta- og/eða dýraríkinu.
  - c) Fóður, fóðurlöndur og fóðurefni, sem eru ekki tilgreind í a-lið.
2. Þar eð ekki er kveðið á um neinar nákvæmar reglur í I. viðauka um framleiðslu að því er varðar tilteknar tegundir dýra skulu, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þær reglur í 5. gr., sem kveða á um merkingu, og reglur í 8. og 9. gr. um eftirlit gilda um þessar tegundir og afurðir úr þeim.

##### 2. gr.

Í reglugerðinni er afurð talin hafa merkingu með ábendingum um lífræna framleiðsluáðferð sé slíkri afurð eða innihaldsefnum hennar eða fóðurefnum lýst á umbúðum, í auglýsingum eða viðskiptaskjölum með þeim merkingum sem notaðar eru í hverju aðildarríki EES-svæðisins og gefa kaupanda til kynna að afurðin, innihaldsefni hennar eða fóðurefni hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslureglur, sem mælt er fyrir um í 6. gr., og sérstaklega með eftirfarandi orðum eða afleiddum myndum þeirra eða með styttingu þeirra, einum sér eða samsettum, nema slík orð eigi ekki við um landbúnaðarafurðir í matvælum eða fóðurefnum eða séu bersýnilega ekki í neinum tengslum við framleiðsluáðferðina:

- á spænsku: ecológico,
- á dönsku: økologisk,
- á grísku: βιολογικό,
- á ensku: organic,
- á frönsku: biologique,
- á ítölsku: biologico,
- á hollensku: biologisch,
- á portúgölsku: biológico,
- á finnsku: luonnonmukainen,
- á íslensku: lífrænt,
- á norsku: økologisk,
- á sænsku: ekologisk,
- í Þýskalandi: ökologisch,
- í Austurríki: biologisch.

## 3. gr.

Reglugerðin gildir með fyrirvara um önnur ákvæði EES-samningsins eða innlend ákvæði sem samrýmast honum, um þær afurðir sem eru tilgreindar í 1. gr., svo sem ákvæði um framleiðslu, tilreiðslu, markaðssetningu, merkingu og eftirlit, þar á meðal löggjöf um matvæli og fóður.

**Skilgreiningar.**

## 4. gr.

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Merking“: Orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem sett eru á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja eða vísa til afurðar sem tilgreind er í 1. gr.; 22. 7. 91 Stjórnartíðindi EB nr. L 198/3.
2. „Framleiðsla“: Starfsemi á bújörð sem felst í framleiðslu, pökkun og frummerkingu vara sem eru lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir, framleiddar á viðkomandi bújörð.
3. „Tilreiðsla“: Varðveisla og/eða vinnsla landbúnaðarafurða (þar á meðal slátrun og skurður búfjárafurða) og einnig pökkun og/eða breytingar gerðar á merkingum sem gefa til kynna að um sé að ræða lífræna framleiðslu á ferskum afurðum, rotvörðum afurðum og/eða unnum afurðum.
4. „Markaðssetning“: Geymsla eða ústilling með tilliti til sölu, boð um sölu, sala, afhending eða annar solumáti.
5. „Atvinnurekandi“: Einstaklingur eða lögpersóna sem framleiðir, tilreiðir eða flytur inn frá þriðja landi afurðir sem um getur í 1. gr. með markaðssetningu í huga eða sem markaðssetur slíkar afurðir.
6. „Innihaldsefni“: Efni, þar með talin aukefni, notuð við tilreiðslu afurðanna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr. 1. gr., eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE<sup>1)</sup> um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda.
7. „Plöntuvarnarefni“: Efni samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 79/117/EBE<sup>2)</sup> frá 21. desember 1978 um bann við sölu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/365/EBE<sup>3)</sup>.
8. „Þvottaefni“: Efni og efnablöndur í skilningi tilskipunar ráðsins 73/404/EBE<sup>4)</sup> frá 22. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þvottaefni, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 86/94/EBE<sup>5)</sup>, sem ætluð eru til að hreinsa tilteknar afurðir sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr.
9. „Matvæli í neytendaumbúðum“: Vörueining skilgreind í b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE.<sup>1)</sup>
10. „Innihaldslýsing“: Innihaldslýsingin sem um getur í 6. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE.<sup>1)</sup>
11. „Búfjárframleiðsla“: Framleiðsla húsdýra eða alinna, villtra landdýra (þar á meðal skordýra) og lagartegunda sem eru aldar í fersku, söltu eða ísöltu vatni. Afurðir úr veiddum, villtum land- og lagardýrum teljast ekki lífræn framleiðsla.
12. „Erfðabreytt lífvera“: Sérhver lífvera sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. í tilskipun ráðsins 90/220/EBE<sup>6)</sup> frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 1.

<sup>2)</sup> Stjóð. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 36.

<sup>3)</sup> Stjóð. EB nr. L 159, 10.6.1989, bls. 58.

<sup>4)</sup> Stjóð. EB nr. L 347, 12.12.1973, bls. 51.

<sup>5)</sup> Stjóð. EB nr. L 80, 25.3.1986, bls. 51.

<sup>6)</sup> Stjóð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15.

13. „Efni leitt af erfðabreyttum lífverum“: Sérhvert efni sem er annaðhvort framleitt úr eða framleitt af erfðabreyttum lífverum, en inniheldur þær ekki.
14. „Notkun erfðabreyttra lífvera og efna sem eru leidd af erfðabreyttum lífverum“: Notkun þeirra sem matvæli, innihaldsefni matvæla (þar á meðal sem aukefni og bragðefni), tæknileg hjálparefni við vinnslu (þar á meðal leysiefni við útdrátt), fóður, fódurblöndur og fódurefni, aukefni í fódri, tæknileg hjálparefni fyrir fóður, tiltekna afurðir notaðar í fóður (í samræmi við tilskipun ráðsins 82/471/EBE<sup>1)</sup>, plöntuvarnarefni, dýralyf, áburður, jarðvegsnæring, fræ, plöntufjölgunarefni og búfé.
15. „Dýralyf“: Efni eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 65/65/EBE<sup>2)</sup> frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um lyf.
16. „Smáskammtadýralyf“: Efni eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/74/EBE<sup>3)</sup> frá 22. september 1992 um að færa út gildissvið tilskipunar 81/851/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf og að bæta við ákvæðum um hómópatadýralyf.
17. „Fóður“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 79/373/EBE<sup>4)</sup> frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs.
18. „Fódurefni“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/25/EBE<sup>5)</sup> frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefnis, breytingu á tilskipunum ráðsins nr. 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE.
19. „Fódurblöndur“: Afurðir eins og þær eru skilgreindar í b-lið 2. gr. tilskipunar 79/373/EBE.
20. „Aukefni í fódri“: Efni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 70/524/EBE<sup>6)</sup> frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri.
21. „Tiltekna afurðir notaðar í fóður“: Fóðurafurðir innan gildissviðs tilskipunar ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir til fódunar dýra.
22. „Eining/bújörð/bú þar sem lifræn framleiðsla er stunduð“: Eining, bújörð eða bú sem samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
23. „Lífrænt framleitt fóður/fódurefni“: Fóður/fódurefni sem er framleitt í samræmi við þær reglur um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr.
24. „Aðlögunarfóður“: Fóður/fódurefni sem framleitt er á landi í lífrænni aðlögun og samræmist þeim reglum um framleiðslu sem mælt er fyrir um í 6. gr., nema hvað varðar aðlögunartímabil þar sem þær reglur gilda í að minnsta kosti eitt ár áður en til uppskeru kemur.
25. „Hefðbundið fóður/fódurefni“: Fóður/fódurefni sem heyrir ekki undir þá flokka sem tilgreindir eru í 23. og 24. mgr.

### Merking.

#### 5. gr.

1. Einungis er heimilt að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
  - a) slíkar merkingar bera greinilega með sér að þær vísa til aðferðar í landbúnaðarframleiðslu;
  - b) afurðin er framleidd í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innflutt frá þriðja landi samkvæmt þeirri tilhögun sem mælt er fyrir um í 11. gr.;

<sup>1)</sup> Stjúd. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

<sup>2)</sup> Stjúd. EB 22, 9.2.1965, bls. 369.

<sup>3)</sup> Stjúd. EB L 297, 13.10.1992, bls. 12.

<sup>4)</sup> Stjúd. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

<sup>5)</sup> Stjúd. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

<sup>6)</sup> Stjúd. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

- c) afurðin er framleidd eða innflutt af atvinnurekanda sem þær eftirlitsaðgerðir sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. gilda um;
  - d) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá viðkomandi atvinnurekanda, og kennimerki vottunarstofu og/eða ESB, koma fram í merkingunni.
2. - - -
3. Einungis er heimilt í vörulýsingu afurðar að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, sem er tilgreind í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
- a) að minnsta kosti 95% af innihaldsefnum afurðarinnar eru afurðir úr landbúnaði, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
  - b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-hluta VI. viðauka eða landbúnaðarráðuneytið hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmdaráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;
  - c) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-hluta VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
  - d) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta VI. viðauka;
  - e) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
  - f) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem lýtur eftirliti sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.;
  - g) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, og kennimerki vottunarstofu og/eða ESB, koma fram í merkingunni.  
Í ábendingum þar sem vísað er til lífrænna framleiðsluaðferða skal koma skýrt fram að um sé að ræða aðferð í landbúnaðarframleiðslu og þeim skal fylgja vísun til viðkomandi innihaldsefna úr landbúnaði, nema slík tilvísun komi greinilega fram í innihaldslýsingu;
  - h) afurðin var framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
- 3a. Þrátt fyrir 1.- 3. mgr. er heimilt að nota vörumerki, með ábendingu sem um getur í 2. gr., fram til 1. júlí 2006, í merkingu og auglýsingu afurða sem samræmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, svo fremi að:
- umsókn um skráningu vörumerkisins hafi verið lögð fram fyrir 22. júlí 1991 - fyrir 1. janúar 1995 í Finnlandi, Austurríki og Svíþjóð - og það samræmist ákvæðum í fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki, og
  - á vörumerkinu komi alltaf fram skýr, áberandi og auðlæsileg ábending þess efnis að afurðirnar hafi ekki verið framleiddar í samræmi við lífrænu framleiðsluaðferðina sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
4. Einungis er heimilt að bæta innihaldsefnum úr landbúnaði í C-hluta VI. viðauka hafi verið sýnt fram á að þau séu úr landbúnaði og ekki framleidd í nægilegu magni á EES-svæðinu í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða ekki sé unnt að flytja þau inn frá þriðju löndum í samræmi við reglurnar í 11. gr.
5. Heimilt er að á plöntuafurðum, sem eru merktar eða auglýstar í samræmi við 1. eða 3. mgr., séu merkingar með ábendingum um aðlögun að lífrænum aðferðum, að því tilskildu að:

- a) kröfurnar, sem um getur í 1. eða 3. mgr., séu í einu og öllu uppfylltar, að þeirri undanskilinni sem tekur til lengdar aðlögunartíma sem um getur í 1. mgr. I. viðauka;
  - b) krafan um að minnsta kosti 12 mánaða aðlögunartíma hafi verið virt fyrir uppskeru;
  - c) viðkomandi merkingar villi ekki um fyrir kaupanda afurðarinnar að því er lýtur að mismun milli hennar og afurða sem uppfylla allar kröfur 1. eða 3. mgr. Merkingarnar skulu vera með orðalaginu „framleitt í lífrænni aðlögun“ og birtar í lit og leturstærð og -gerð sem eru ekki meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar. Óheimilt er að orðið „lífrænni“ sé meira áberandi en orðin „framleitt í ... aðlögun“;
  - d) í afurðinni sé aðeins eitt innihaldsefni úr ræktaðri plöntuafurð;
  - e) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, komi fram í merkingunni;
  - f) afurðin hafi verið framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
- 5a. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. er einungis heimilt að vísa til lífrænna framleiðslu-aðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:
- a) að minnsta kosti 70% af innihaldsefnum afurðarinnar eru afurðir úr landbúnaði, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
  - b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-hluta VI. viðauka eða aðildarríki hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmdaráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;
  - c) ábendingar, þar sem vísað er til lífrænna framleiðslu-aðferða, koma fram í innihaldslýsingunni og ljóst er að þær eiga einungis við um þau innihaldsefni sem fengin eru í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.; þær eru í sama lit og leturstærð og -gerð er hin sama og í öðrum merkingum með ábendingum í innihaldslýsingunni. Einnig ber að birta þessar ábendingar í sérstakri yfirlýsingu sem skal sjást í sama sjónsviði og vörulýsingin og hafa að geyma upplýsingar um hve hátt hundradshlutfall innihaldsefnanna, sem eru úr landbúnaði eða eiga rætur að rekja til landbúnaðar, hefur verið framleitt í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr. Óheimilt er að birta yfirlýsinguna í lit og leturstærð og -gerð sem eru meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar. Yfirlýsingin skal vera svohljóðandi: „X% af innihaldsefnum úr landbúnaði voru framleidd í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu“;
  - d) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-hluta VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
  - e) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta VI. viðauka;
  - f) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
  - g) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem lýtur eftirliti sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.;
  - h) nafn og kenninúmer vottunarstofu, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur séð um síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, kemur fram í merkingunni;

- i) afurðin var framleidd án þess að notaðar væru erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr slíkum lífverum.
6. - - -
7. Landbúnaðarráðuneytið setur, ef þörf krefur, nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar og í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.
- 7a. Landbúnaðarráðuneytið getur heimilað notkun efna sem ekki eru skráð í C-hluta IV. viðauka, til bráðabirgða, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. og b-lið 5a. mgr. 5. gr., að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE<sup>1)</sup> með síðari breytingum. Þegar slík heimild hefur verið veitt skal hún tilkynnt öðrum EES-ríkjum og framkvæmdastjórn ESB í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE<sup>2)</sup> með síðari breytingum. Heimild þessa má veita allt að þrívégis, sjö mánuði í hvert skipti. Endurnýjun heimildarinnar og gildistími hennar eru þó háð ákvæðum 3.-6. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 207/93/EBE<sup>3)</sup> með síðari breytingum.
8. Í A-, B- og C-hlutum VI. viðauka skal setja ákvæði um takmarkandi skrár yfir efni og afurðir, sem um getur í b-, c- og d-lið 3. mgr. og b-, d- og e-lið 5a. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.  
Heimilt er að tilgreina skilyrði fyrir notkun og kröfur um samsetningu þessara innihaldsefna og efna.  
Telji landbúnaðarráðuneytið að bæta beri afurð í fyrrnefndar skrár eða að þeim skuli breytt skal það tryggja að málsskjöl þar sem fram koma ástæður fyrir viðbótinni eða breytingunum séu send hinum aðildarríkjum EES opinberlega og einnig framkvæmdastjórn ESB sem leggur þau fyrir nefndina er um getur í 14. gr.
9. Beita ber reglunum, sem kveðið er á um í 6. og 7. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/ EBE<sup>4)</sup>, við útreikninga á hundraðstölunum sem um getur í 3. og 6. mgr.
10. Í afurð, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr., má ekki vera hvort tveggja í senn innihaldsefni framleitt samkvæmt reglunum í 6. gr. og sama innihaldsefni sem ekki er framleitt samkvæmt þeim reglum.

### Framleiðslureglur.

6. gr.

1. Lífræn framleiðsluáðferð felur í sér að við framleiðslu afurða samkvæmt a-lið 1. mgr. 1. gr., annarra en fræja og plöntufjölgunarefna:
- a) skuli að minnsta kosti uppfylla kröfur I. viðauka og ef við á, nákvæmar reglur þar að lútandi;
  - b) sé eingöngu heimilt að nota afurðir úr efnum, sem eru tilgreind í I. viðauka eða talin upp í II. viðauka, sem plöntuvarnarefni, áburð, jarðvegsnáringu, fóður, fóðurefni, fóðurblöndur, aukefni í fóðri, efni notuð í fóður samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE<sup>5)</sup>, hreinsi- og sóthreinsiefni til nota við hreinsun bygginga og tilheyrandi búnaðar fyrir búfé, vörur til nota gegn plágum og sjúkdómum í byggingum og tilheyrandi búnaði fyrir búfé eða í annars konar tilgangi, enda sé tilgangurinn tilgreindur í II. viðauka að því er varðar tiltekna afurðir. Einvörðungu er heimilt að nota afurðirnar samkvæmt sérstökum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, og, að því tilskildu að tilsvareandi notkun sé leyfð í almennum landbúnaði, í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins eða innlend ákvæði sem eru í samræmi við hann;

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5.

<sup>3)</sup> Stjtið. EB nr. L 25, 2.2.1993, bls. 5.

<sup>4)</sup> Stjtið. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 1.

<sup>5)</sup> Stjtið. EB nr. L 213, 21.7.1982, bls. 8.

- c) sé einungis notað fræ eða plöntufjölgunarefni sem er framleitt samkvæmt lífrænu aðferðinni sem um getur í 2. mgr.;
- d) sé óheimilt að nota erfðabreyttar lífverur eða nokkrar afurðir úr slíkum lífverum, nema um lyf til dýralækninga sé að ræða.
2. Lífræn framleiðsluaðferð felur í sér að við framleiðslu fræja og plöntufjölgunarefna hafi stofnplantan, að því er varðar fræ, og stofnplantan eða stofnplönturnar, að því er varðar plöntufjölgunarefni, verið framleiddar:
- a) án þess að notaðar séu erfðabreyttar lífverur eða nokkrar afurðir úr slíkum lífverum og
- b) í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. í að minnsta kosti eina kynslóð eða, ef um fjöl-ærar plöntur er að ræða, tvö vaxtartímabil.
3. a) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. er heimilt að nota fræ og plöntufjölgunarefni, sem eru ekki framleidd samkvæmt lífrænu aðferðinni, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2003 og með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að því tilskildu að not- endur slíks plöntufjölgunarefnis geti sýnt viðkomandi vottunarstofu fram á með fullnægjandi hætti að þeim hafi verið ókleift að afla plöntufjölgunarefnis af réttu afbrigði viðkomandi tegundar, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr., á markaði á EES- svæðinu. Í því tilviki skal nota plöntufjölgunarefni, sem hefur ekki verið með- höndlað með öðrum efnum en talin eru upp í B-hluta II. viðauka, sé það fánlegt á markaði á EES-svæðinu. Landbúnaðarráðuneytið skal tilkynna hinum aðildar- ríkjum EES-svæðisins og framkvæmdastjórn ESB um leyfi sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein.
- b) Landbúnaðarráðuneytið kann að ákveða eftirfarandi samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr.:
- að setja, fyrir 31. desember 2003, takmarkanir að því er varðar aðlögunarráð- stafanirnar sem um getur í a-lið með tilliti til tiltekinna tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefnis og/eða þess að ekki er um kemíska meðhöndlun að ræða,
  - að viðhalda, eftir 31. desember 2003, undanþágunni sem kveðið er á um í a- lið með tilliti til tiltekinna tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefna,
  - að setja starfsreglur og viðmiðanir að því er varðar undanþáguna sem um getur í a-lið og miðlun upplýsinga þar að lútandi til viðkomandi fagfélaga.
4. Landbúnaðarráðuneytið endurskoðar ákvæði þessarar greinar í kjölfar endurskoðunar framkvæmdastjórnar ESB.

## 6a. gr.

1. Í þessari grein merkir „ungplanta“ heilar unglöntur sem eru ætlaðar til plöntunar með plöntuframleiðslu í huga.
2. Í lífrænu framleiðsluaðferðinni felst að noti framleiðendur unglöntur verða þær að hafa verið framleiddar í samræmi við 6. gr.

## 7. gr.

1. Landbúnaðarráðuneytið getur ákveðið að fella inn í II. viðauka afurðir sem ekki eru leyfðar við samþykkt þessarar reglugerðar, í tilgangi sem fram kemur í b-lið 1. mgr. 6. gr. og að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- a) Ef afurðirnar eru notaðar til að halda niðri plöntuskaðvöldum eða -sjúkdómum eða til að hreinsa eða sótthreinsa byggingar og tilheyrandi búnað fyrir búfé:
- séu þær nauðsynlegar til að halda niðri skaðlegum lífverum eða tilteknum sjúk- dómi þegar aðrir líffræðilegir kostir eða kostir, sem lúta að ræktun, eðlisfræði- legri meðhöndlun eða fjölgun, standa ekki til boða,



- útiloki notkunarskilyrði þeirra hvers kyns beina snertingu við fræ, plöntur, plöntuafurðir eða búfé og búfjárafurðir. Sé hins vegar um fjölærar ræktunarplöntur að ræða er bein snerting heimiluð, en einungis utan vaxtartíma ætra hluta (ávaxta), að því tilskildu að slík notkun hafi ekki óbeint í för með sér að leifar afurðarinnar finnist í ætilegum hlutum, og
  - hafi notkun þeirra ekki í för með sér óæskileg áhrif eða stuðli að slíkum áhrifum á umhverfið eða mengi það;
- b) Ef afurðirnar eru notaðar sem áburður eða jarðvegsnæring:
- séu þær nauðsynlegar vegna sérstakra næringarþarfa plantna eða jarðvegs, sem ekki er unnt að uppfylla með þeim ráðum sem getið er um í I. viðauka, og
  - hafi notkun þeirra ekki í för með sér óæskileg áhrif á umhverfið eða mengi það.
- 1a. Skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu ekki gilda um afurðir sem voru í almennri notkun fyrir samþykkt þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur í lífrænum búskap sem er fylgt á EES-svæðinu.
- 1b. Að því er varðar steinefni og snefilefni, sem eru notuð í fóður, er heimilt að bæta við í II. viðauka hráefnum annarra afurða til viðbótar, að því tilskildu að þau séu af náttúrulegum uppruna eða, ef ekki er um slíkt að ræða, þau séu framleidd í sömu mynd og náttúrulegar afurðir.
2. Ef nauðsyn ber til er heimilt að tilgreina eftirfarandi fyrir allar afurðir sem taldar eru upp í II. viðauka:
- Nákvæma lýsingu afurðarinnar.
  - Notkunarskilyrði hennar og kröfur um samsetningu og/eða leysni, einkum með tilliti til þeirrar nauðsynjar að tryggja lágmarksmagn leifa þessara afurða í neysluhæfum hlutum plantna og neysluhæfum plöntuafurðum og að þær hafi sem minnst áhrif á umhverfið.
  - Sérkröfur um merkingu afurða sem um getur í 1. gr., séu slíkar afurðir framleiddar með hjálp tiltekinna afurða sem um getur í II. viðauka.
3. Landbúnaðarráðuneytið skal ákveða breytingar við II. viðauka, annaðhvort vegna viðbótar eða útstrikunar afurða sem um getur í 1. mgr. eða viðbótar eða breytinga á forskriftum sem um getur í 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.
4. Telji landbúnaðarráðuneytið að bæta beri afurð við II. viðauka eða að honum skuli breytt skal það tryggja að málsskjöl þar sem fram koma ástæður fyrir viðbótinni eða breytingunum séu opinberlega send hinum aðildarríkjum EES-svæðisins og einnig framkvæmdastjórn ESB, sem leggur þau fyrir nefndina sem um getur í 14. gr.

### Eftirlitskerfi.

#### 8. gr.

1. Atvinnurekandi sem framleiðir, tilreiðir eða flytur inn frá þriðja ríki afurðir, sem tilgreindar eru í 1. gr., í þeim tilgangi að markaðssetja þær skal:
  - a) tilkynna um þessa starfsemi til faggiltrar vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu; tilkynningin skal innihalda þær upplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka;
  - b) sjá til þess að eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr. sé virkt í fyrirtæki hans.
2. Atvinnurekendur skulu miðla þeim viðbótarupplýsingum sem vottunarstofa telur nauðsynlegar til að halda uppi virku eftirliti með starfsemi þeirra.
3. Vottunarstofa skal tryggja að endurnýjuð skrá með nöfnum og heimilisföngum atvinnurekenda sem eftirlitskerfið gildir um sé aðgengileg fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta.

## 9. gr.

1. Faggilt vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu annast eftirlit með þeim atvinnurekendum sem framleiða, tilreiða eða flytja inn frá þriðju löndum afurðir sem um getur í 1. gr.
2. Hver sá atvinnurekandi sem fer að ákvæðum þessarar reglugerðar og greiðir framlag sitt vegna eftirlitskostnaðar vottunarstofu skal hafa aðgang að eftirlitskerfi hennar.
3. Eftirlitskerfið skal að minnsta kosti felast í því að þeim varúðar- og eftirlitsráðstöf- unum sé beitt sem tilgreindar eru í III. viðauka.
4. Löggildingarstofa faggildir vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu og annast eftirlit með þeim, sbr. a-lið 11. mgr.
5. Taka skal mið af eftirfarandi þegar vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu er faggilt:
  - a) Viðurkenndri aðferð sem fylgja á við eftirlitið ásamt nákvæmri lýsingu á eftirlits- og varúðarráðstöfunum sem vottunarstofa tekur að sér að skylda atvinnurekendur til að virða undir eftirliti hennar.
  - b) Þeim viðurlögum sem vottunarstofa hyggst beita þegar reglur eru ekki virtar og/eða upp kemst um brot.
  - c) Viðeigandi aðstöðu sem fyrir hendi er, til að mynda hæfu starfslíði, stjórnunar- og tækniáðstöðu, reynslu af eftirliti og áreiðanleika.
  - d) Hlutlægni vottunarstofu gagnvart þeim atvinnurekendum sem eru undir eftirliti hennar.
6. Eftir að vottunarstofa hefur verið faggilt skal Löggildingarstofa:
  - a) tryggja að eftirlit vottunarstofunnar sé hlutlægt;
  - b) sannreyna gildi eftirlits hennar;
  - c) kynna sér brögð á reglum og/eða þau brot sem framin eru og viðurlög sem beitt er;
  - d) afturkalla faggilding vottunarstofu uppfylli hún ekki kröfurnar í a- og b-lið eða uppfylli hún ekki lengur þau viðmið sem tilgreind eru í 5. mgr. eða kröfurnar sem mælt er fyrir um í 7., 8., 9. og 11. mgr.
- 6a. Landbúnaðarráðuneytið úthlutar kenninúmeri til vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu, þegar hún hefur öðlast faggilding, og tilkynnir það öðrum EES-rikkjum, svo og fram- kvæmdastjórn ESB.
7. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
  - a) Tryggja að eftirlits- og varúðarráðstafanir sem tilgreindar eru í III. viðauka séu að minnsta kosti viðhafðar í þeim fyrirtækjum sem eftirlit þeirra nær til.
  - b) Ekki láta öðrum í té upplýsingar og gögn sem þær afla við framkvæmd eftirlits- ins, en þeim sem bera ábyrgð á viðkomandi fyrirtækjum og lögbærum opinberum yfirvöldum.
8. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
  - a) Heimila Löggildingarstofu aðgang að skrifstofum sínum og aðstöðu vegna eftirlits og að upplýsingum auk þess að veita þá aðstoð sem Löggildingarstofa telur nauð- synlega til þess að hún geti rækt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum þessarar reglu- gerðar.
  - b) Eigi síðar en 31. janúar ár hvert senda Löggildingarstofu og landbúnaðarráðuneyt- inu skrá yfir atvinnurekendur sem eftirlit þeirra nær til 31. desember árið áður og stutta ársskýrslu um starfsemi sína.
9. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu sem um getur í 1. mgr. skulu:
  - a) Tryggja, þar sem reglur eru ekki virtar þegar beita á ákvæðum 5. og 6. gr. eða þeim ráðstöfunum sem um getur í III. viðauka, að þær merkingar sem kveðið er á um í 2. gr. um lífræna framleiðsluáðferð séu fjarlægðar af allri framleiðslueining- unni eða framleiðslulotunni sem brotið nær til.

- b) Banna viðkomandi atvinnurekanda, sem uppvís verður að augljósu broti eða broti sem hefur langvarandi afleiðingar, að markaðssetja afurðir með merkingum með ábendingum um lífræna framleiðsluafurð um tiltekinn tíma sem er ákvarðaður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.
10. Heimilt er að samþykka eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.:
- a) Nákvæmar reglur um kröfurnar í 5. mgr. og þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 6. mgr.
- b) Reglur um beitingu ákvæða 9. mgr.
11. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu, með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. mgr.:
- a) faggiltar samkvæmt staðlinum EN 45011;
- b) frá 1. janúar 2005 faggiltar samkvæmt kröfum Faggildingarstofnunar IFOAM (IOAS). Vottunarstofa skal í ársskýrslu sinni, sbr. b-lið 8. mgr., gera grein fyrir framkvæmd þessa ákvæðis og skal ákvæðið endurskoðað eigi síðar en 1. janúar 2004.
12. a) Vottunarstofa fyrir lífræna framleiðslu skal tryggja, með fyrirvara um ákvæði III. viðauka, að eftirlit með kjötframleiðslu nái til allra þátta framleiðslunnar, slátrunar, skurðar og allrar annarrar tilreiðslu þar til kemur að sölu til neytenda til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er tæknilega mögulegt, að rekja megi feril dýraafurðanna á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og tilreiðslu frá einingunni, þar sem framleiðsla búfjárins fer fram, og að einingunni þar sem endanleg pökkun og/eða merking fer fram. Vottunarstofa skal í ársskýrslu sinni, sbr. b-lið 8. mgr., gera grein fyrir framkvæmd þessa ákvæðis. Landbúnaðarráðuneytið skal upplýsa framkvæmdastjórn ESB um þessar ráðstafanir í árlegri eftirlitsskýrslu sinni sem um getur í 15. gr.
- b) Að því er varðar búfjárafurðir aðrar en kjöt, eru í III. viðauka sett frekari ákvæði til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er tæknilega mögulegt, að unnt sé að rekja feril afurðanna.
- c) Þær ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt 9. gr., skulu undir öllum kringumstæðum tryggja að neytendur geti gengið að því vísu að afurðirnar hafi verið framleiddar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

### **Merking með ábendingu um að afurðir séu í samræmi við eftirlitskerfið.**

10. gr.

1. Einungis er heimilt að ábendingin og/eða kennimerkið, sem fjallað er um í V. viðauka, þess efnis að afurðir falli undir hið sérstaka eftirlitskerfi, sé á merkingu afurðanna, eins og um getur í 1. gr., ef afurðirnar:
- a) eru í samræmi við kröfurnar í 1. eða 3. mgr. 5. gr.;
- b) hafa heyrt undir það eftirlitskerfi sem um getur í 9. gr. á öllum stigum framleiðslu og tilreiðslu;
- c) eru seldar beint af framleiðanda eða þeim sem tilreiðir þær til neytenda í lokuðum pakkningum eða markaðssettar sem matvæli í neytendaumbúðum. Ef um er að ræða beina sölu til neytenda af hálfu framleiðanda eða þess sem tilreiðir þær er lokaðra umbúða ekki krafist þegar í merkingum kemur skýrt og afdráttarlaust fram um hvaða afurð er að ræða;
- d) eru merktar á merkimiðum með nafni og/eða fyrirtækjaheiti framleiðanda, þess sem tilreiðir þær eða seljanda og einnig nafni og kenninúmeri vottunarstofu sem annast eftirlit með framleiðslunni og á merkimiðum eru þær ábendingar sem er krafist samkvæmt ákvæðum reglugerða um merkingu matvæla í samræmi við íslenskar reglur þar að lútandi og samninginn um EES.

2. Óheimilt er að setja fullyrðingu á merkingu eða í auglýsingu sem gefur kaupendum í skyn að í merkingunni, sem lýst er í V. viðauka, felist trygging fyrir meiri bragðgæðum, næringu eða hollustu.
3. Vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu skulu:
  - a) tryggja, þar sem fram kemur að reglur eru ekki virtar samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. eða þeim ráðstöfunum sem um getur í III. viðauka, að merkingin sem lýst er í V. viðauka sé fjarlægð af allri framleiðslueiningunni eða framleiðslulotunni sem brotið nær til;
  - b) afturkalla heimild til handa viðkomandi atvinnurekanda, sem uppvís verður að augljósu broti eða broti sem hefur langvarandi afleiðingar, að nota merkinguna sem lýst er í V. viðauka um tiltekinn tíma sem er ákvarðaður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.
4. Heimilt er að samþykkja reglur um afturköllun merkingarinnar sem lýst er í V. viðauka, ef upp kemst um tiltekin brot á 5., 6. og 7. gr. eða kröfum og ráðstöfunum í III. viðauka er ekki sinnt.

### **Almennar ráðstafanir.**

#### 10a. gr.

1. Verði þess vart að reglur séu ekki virtar eða að brotið sé gegn framkvæmdarákvæðum þessarar reglugerðar hvað afurð frá öðru aðildarríki EES-svæðisins varðar, sem er með ábendingar eins og um getur í 2. gr. og/eða V. viðauka, skal það tilkynnt aðildarríkinu, sem tilnefndi eftirlitsyfirvöldin eða viðurkenndi eftirlitsaðilann, og framkvæmdastjórn ESB þar um.

### **Innflutningur frá þriðju ríkjum.**

#### 11. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. er einungis heimilt að markaðssetja afurðir sem tilgreindar eru í 1. gr. og fluttar inn frá þriðja landi, ef:
  - a) þær eru upprunnar í þriðja landi sem er tilgreint í skrá í X. viðauka;
  - b) lögbært yfirvald eða aðili í því þriðja landi sem um ræðir hefur gefið út eftirlitsvottorð þar sem fram kemur að vörusendingin sem tilgreind er í vottorðinu:
    - sé framleidd í framleiðslukerfi sem sambærilegar reglur gilda um og mælt er fyrir um í 6. og 7. gr., og
    - hafi heyrt undir eftirlitskerfi sem staðfest hefur verið að sé sambærilegt við eftirlitskerfi það sem lýst er í 8. og 9. gr. samkvæmt athugun í samræmi við 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/92/EB<sup>1)</sup>.
2. Breyting á skrá þeirri sem um getur í a-lið 1. mgr. er háð ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/92/EB<sup>1)</sup>.
3. Vottorðið sem um getur í b-lið 1. mgr. skal:
  - a) fylgja vörunum í frumriti til fyrirtækis fyrsta viðtakanda; eftir það skal innflytjandi varðveita vottorðið í að minnsta kosti tvö ár og skal vottunarstofa hafa aðgang að því;
  - b) vera í samræmi við reglur og samkvæmt fyrirmynd sem lýst er XI. viðauka.
4. Landbúnaðarráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.
5. Beiðni frá þriðja landi um að komast á skrána sem um getur í a-lið 1. mgr. skal vísað til framkvæmdastjórnar ESB, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 94/92.

<sup>1)</sup> Stjótið. EB nr. L 11, 17.1.1992, bls. 14.

6. a) Með því að víkja frá ákvæðum 1. mgr. skal vottunarstofa, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins, heimila innflytjanda eða innflytjendum að markaðssetja, til 31. desember 2005, innfluttar afurðir frá þriðja landi sem ekki er í skránni sem um getur í a-lið 1. mgr., að því tilskildu að innflytjandinn eða innflytjendurnir sýni vottunarstofu fram á með óyggjandi hætti að innfluttu afurðirnar séu framleiddar í samræmi við framleiðslureglur sem eru sambærilegar við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. og heyri undir eftirlitsráðstafanir sambærilegar við þær sem um getur í 8. og 9. gr. og að slíkum eftirlitsráðstöfunum verði stöðugt beitt og á árangursríkan hátt.
  - b) Heimildin fellur úr gildi um leið og ákvörðun er tekin um að bæta þriðja landi í skrána sem um getur í a-lið 1. mgr., nema hún taki til afurðar sem kemur frá landsvæði, sem ekki er nánar tilgreint í ákvörðuninni sem um getur í a-lið 1. mgr., og var ekki skoðuð í tengslum við beiðnina sem hlutaðeigandi þriðja land sendi. Þriðja landið skal vera því samþykkt að það fyrirkomulag leyfisveitinga, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, gildi áfram.
  - c) Hafi vottunarstofa fengið óyggjandi sannanir frá innflytjanda skal vottunarstofa kynna landbúnaðarráðuneytinu málsgögn sem staðfestir heimild til innflutnings. Ráðuneytið skal tilkynna framkvæmdastjórn ESB og hinum EES-ríkjunum þegar í stað um viðkomandi þriðja land sem afurðir eru fluttar inn frá og leggja fram nákvæmar upplýsingar um framleiðslu og eftirlitsfyrirkomulag ásamt tryggingum fyrir því að því verði stöðugt beitt og á árangursríkan hátt.
  - d) Málið skal sent nefndinni sem um getur í 14. gr. til rannsóknar.
  - e) Ekki er krafist tilkynningarinnar sem um getur í b-lið fjalli hún um framleiðslu og eftirlitsfyrirkomulag sem annað aðildarríki EES hefur þegar tilkynnt um, samkvæmt ákvæðum b-liðar, nema mikilvægar nýjar sannanir komi fram sem réttlæta að rannsóknin og ákvörðunin sem um getur í c-lið verði endurskoðaðar.
7. Landbúnaðarráðuneytið getur farið fram á að framkvæmdastjórn ESB viðurkenni eftirlitsaðila þriðja ríkis og bæti honum á skrána sem um getur í a-lið 1. mgr.

### **Frjálsir flutningar innan EES-svæðisins.**

12. gr.

Óheimilt er að banna eða takmarka markaðssetningu afurða sem tilgreindar eru í 1. gr. og uppfylla kröfur þessarar reglugerðar af ástæðum sem varða framleiðsluáðferð, merkingu eða kynningu framleiðsluáðferðarinnar.

Um viðskipti með lífrænar landbúnaðarafurðir við önnur ríki EES-svæðisins gilda að öðru leyti þær gerðir sem vísað er til í I. viðauka EES-samningsins að eigi við um Ísland.

### **Stjórnvaldsákvæði og framkvæmd.**

13. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur nánari reglur, ef þörf krefur, um afmarkaða þætti í framkvæmd þessarar reglugerðar.

14. gr.

Fyrirhugaðar ráðstafanir vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar sem háðar eru samþykki EES-ríkjanna og/eða ESB skal bera undir sameiginlegu EES-nefndina og framkvæmdastjórn ESB sem leggur málið fyrir nefnd þá, sem framkvæmdastjórn ESB skipar sér til aðstoðar við framkvæmd þessara mála og Ísland og Noregur eiga áheyrnarfulltrúa í.

## 15. gr.

Landbúnaðarráðuneytið skal, fyrir 1. júlí ár hvert, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og framkvæmdastjórn ESB um ráðstafanir sem gerðar hafa verið árið á undan til að hrinda ákvæðum þessarar reglugerðar í framkvæmd, og einkum senda:

- skrá yfir atvinnurekendur sem 31. desember árið á undan höfðu sent tilkynningu samkvæmt a-lið 1. mgr. 8. gr. og heyra undir eftirlitskerfið sem um getur í 9. gr.,
- skýrslu um eftirlit sem fer fram samkvæmt 6. mgr. 9. gr.

Að auki skal landbúnaðarráðuneytið, fyrir 31. mars ár hvert, tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og framkvæmdastjórn ESB um skrá yfir vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu sem viðurkenndar voru 31. desember árið á undan, réttarstöðu þeirra og rekstrar-skipulag, viðurkennda aðferð þeirra við eftirlitið, viðurlög og merki þeirra, ef við á.

## 15a. gr.

Að því er varðar þær ráðstafanir, sem fram koma í reglugerð þessari, einkum þær sem landbúnaðarráðuneytið skal beita sér fyrir með það í huga að ná þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í 9. og 11. gr. og í tæknilegu viðaukunum, skal það beita sér fyrir við gerð fjárlaga að til þeirra sé árlega veitt nauðsynlegum fjármunum.

**Önnur ákvæði.**

## 16. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Með mál skal fara að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

## 17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu, ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af grunnreglum Alþjóðasambands lífræna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og með hliðsjón af eftirtöldum reglugerðum ráðs-ins: 2092/91/EBE, 2083/92/EBE, 1468/94/EB, 1935/95/EB, 1804/1999/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar: 94/92/EBE, 1535/92/EBE, 3457/92/EBE, 3713/92/EBE, 207/93/EBE, 1593/93/EBE, 2608/93/EBE, 468/94/EB, 688/94/EB, 2381/94/EB, 2580/94/EB, 529/95/EB, 1201/95/EB, 1202/95/EB, 418/96/EB, 522/96/EB, 314/97/EB, 345/97/EB, 1488/97/EB, 1367/98/EB, 1900/98/EB, 330/99/EB, 331/2000/EB, 548/2000/EB, 1073/2000/EB, 1437/2000/EB, 1566/2000/EB, 1616/2000/EB, 2020/2000/EB, 2426/2000/EB, 349/2001/EB, 436/2001/EB, 1788/2001/EB og 2589/2001.

Reglugerðin tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 219/1995 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og breytingar á henni nr. 90/1998, 395/1999 og 946/2000 þó halda ákvæði reglugerðarinnar og breytinga sem gerðar hafa verið á henni um fiskeldi og villtar lagarjurtir og nýtingu þeirra gildi sínu.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. janúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## I. VIÐAUKI

### Meginreglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

#### A) Plöntur og plöntuafurðir.

1. Að öllu jöfnu skal hafa verið farið að meginreglum þessa viðauka á ræktunarskikum á að minnsta kosti tveggja ára aðlögunartíma áður en sáning fer fram eða, þegar um er að ræða uppskeru fjölærra plantna annarra en fóðurjurta, í að minnsta kosti þrjú ár fyrir fyrstu uppskeru afurða sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. Í vissum tilvikum getur vottunarstofa með samþykki landbúnaðarráðuneytisins ákveðið að lengja eða stytta þetta tímabil með tilliti til fyrri notkunar ræktunarskika. Landbúnaðarráðuneytið getur heimilað styttingu aðlögunartímans niður í algert lágmark, hafi ráðuneytið fyrirskipað meðhöndlun ræktunarlands með efnum, sem ekki eru skráð í B-hluta II. viðauka, til þess að halda niðri skaðvöldum eða sjúkdómum í tilteknum nytjaplöntum.
  - Stytting aðlögunartímans er háð því að öllum eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:
    - Aðlögun ræktunarskika sé þegar lokið eða hún standi yfir.
    - Eftir að viðkomandi plöntuvarnarefni hefur brotnað niður sé tryggt að aðeins hafi orðið eftir óverulegt magn efnaleifa bæði í jarðvegi og plöntum, ef um ræktun fjölærra plantna er að ræða.
    - Landbúnaðarráðuneytið hafi tilkynnt öðrum aðildarríkjum EES-svæðisins um þá ákvörðun sína að fyrirskipa meðferð og í hve ríkjum mæli hafi verið ákveðið að stytta aðlögunartímann.
    - Í kjölfar meðferðar er óheimilt að selja uppskeru merkta sem lífræna.
2.
  - 2.1. Frjósemi og lífrænni virkni jarðvegsins skal fyrst og fremst viðhalda eða auka hana, þar sem við á, með því að:
    - a) rækta belgjurtir, áburðarplöntur eða djúprættar plöntur samkvæmt viðeigandi langtíma sáðskiptaáætlun;
    - b) nota búfjáraburð frá lífrænni búfjárrækt í samræmi við ákvæði og takmarkanir sem fram koma í lið 7.1 í B-hluta þessa viðauka;
    - c) nota önnur lífræn efni, sem t.d. eru jarðgerð, frá býlum sem framleiða samkvæmt þessari reglugerð.
  - 2.2. Heimilt er, í undantekningartilvikum, að nota annan lífrænan áburð eða steinefni sem nefnd eru í II. viðauka til uppbotar að því marki sem hér segir:
    - Ef ekki er unnt að sjá nytjaplöntum í sáðskiptum fyrir nægum næringarefnum eða jarðvegsbótum með þeim aðferðum sem tilgreindar eru í lið 2.1.a-c hér að ofan.
    - Efni sem nefnd eru í II. viðauka og vísa til búfjáraburðar og/eða annars úrgangs sem dýr leggja frá sér má einungis nota, ásamt með þeim búfjáraburði sem vísað er til í lið 2.1.b hér að ofan, með þeim takmörkunum sem getið er um í lið 7.1 í B-hluta þessa viðauka.
  - 2.3. Heimilt er að nota viðeigandi jurtaefnablöndur eða örverublöndur, þó ekki erfðabreyttar samkvæmt skilgreiningu 12. liðar 4. gr., til að örva jarðgerð. Einnig er heimilt, í sama tilgangi svo og við framkvæmd ákvæða 2.1 hér að ofan, að nota svo nefndar „bíódýnamískar efnablöndur“ úr steindufti, búfjáraburði eða plöntum.
  - 2.4. Viðeigandi örverublöndur, sem ekki hefur verið erfðabreytt samkvæmt skilgreiningu 12. mgr. 4. gr. og leyfðar eru í almennum landbúnaði, er heimilt að nota til að bæta

almennt ástand jarðvegs eða framboð næringarefna í jarðvegi eða plöntum, hafi vottunarstofa viðurkennt þörf á því.

3. Halda skal skaðvöldum, sjúkdómum og illgresi niðri með því að samræma eftirfarandi ráðstafanir:
  - Val á hentugum tegundum og afbrigðum.
  - Viðeigandi sáðskiptaáætlun.
  - Vélrænar ræktunaraðferðir.
  - Verndun náttúrulegra útrýmenda skaðvalda með viðeigandi ráðstöfunum (t.d. limgerðum og hreiðurstæðum og með því að sleppa rándýrum lausum).
  - Notkun illgresisbruna.
 Einungis er heimilt að nota varnarefni sem skráð eru í II. viðauka ef uppskera er í yfirvofandi hættu.
4. Söfnun neysluhæfra plantna og plöntuhluta sem vaxa villt á svæðum úti í náttúrunni, í skógum og á landbúnaðarsvæðum er litið á sem lífræna ræktunaraðferð, að því tilskildu að:
  - svæðin hafi ekki hlotið meðferð með öðrum efnum en þeim sem um getur í II. viðauka í þrjú ár áður en söfnun fer fram;
  - söfnunin hafi ekki áhrif á jafnvægi náttúrulegs búsvæðis eða viðhald tegunda á söfnunarsvæðinu.
5. Við framleiðslu á sveppum má nota undirlag ef það samanstendur einungis af eftirfarandi efnisþáttum:
  - 5.1. Búfjáraburði (þar með töldum þeim afurðum sem um getur í fyrsta til fjórða undirlið í A-hluta II. viðauka við þessa reglugerð):
    - a) sem annaðhvort kemur frá býlum sem framleiða með lífrænum aðferðum; eða
    - b) uppfyllir þau skilyrði sem um getur í liðum 1-4 í A-hluta II. viðauka við þessa reglugerð, þó ekki meira en sem nemur 25% (\*), og einungis þegar afurðin, sem er tilgreind í a-lið, er ekki fánleg;
  - 5.2. afurðum sem eru upprunnar í landbúnaði, nema þær sem eru tilgreindar í lið 5.1 (t.d. hálmur), frá bújörðum sem framleiða með lífrænum aðferðum;
  - 5.3. mó sem hefur ekki verið meðhöndlaður efnafræðilega;
  - 5.4. trjávið sem hefur ekki verið meðhöndlaður efnafræðilega eftir að hann var höggvinn;
  - 5.5. steinefnaafurðum, sem nefndar eru í A-hluta II. viðauka þessarar reglugerðar, vatni og jarðvegi.

(\*) Þetta prósentuhlutfall er reiknað út miðað við þyngd allra þátta undirlagsins fyrir utan yfirbreiðsluefni og viðbætt vatni áður en myltað er.

## **B) Búfé og búfjárafurðir af eftirtöldum tegundum: nautgripir (þar á meðal af ættkvíslinni *bubalus* og vísundategundir), svín, sauðfé, geitfé, dýr af hestaætt og alifuglar.**

### **1. Almennar meginreglur.**

- 1.1. Búfjárframleiðsla er óaðskiljanlegur þáttur í rekstri margra bújarða þar sem lífrænn búskapur er stundaður.
- 1.2. Búfjárframleiðsla verður að stuðla að jafnvægi í landbúnaði með því að sjá fyrir næringarþörfum plantna og auðga jarðveginn af lífrænum efnum. Hún getur þannig stuðlað að því að koma á og viðhalda náttúrulegri hringrás milli jarðvegs og plantna,



- plantna og dýra og dýra og jarðvegs. Framleiðsla án lands („*production hors sol*“) samræmist því í þessu samhengi ekki ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 1.3. Kerfisbundin ræktun plantna/dýra og hagabeit nýtir endurnýjanlegar náttúruauðlindir (búfjáráburð, belgjurtir og fóðurjurtir) og getur á þann hátt haldið við frjósemi jarðvegs og bætt hann til langframa og stuðlað þannig að þróun sjálfbærs landbúnaðar.
  - 1.4. Lífræn búfjárrækt er starfsemi sem krefst landrýmis. Búféð verður að geta hreyft sig utanhúss, nema þar sem heimilaðar eru undantekningar í þessum viðauka, og takmarka verður fjölda dýra á hverja flatareiningu til að tryggja samþætta ræktun búfjár og plantna á framleiðslueiningunni, þannig að halda megi allri mengun í lágmarki, einkum í jarðvegi og yfirborðs- og grunnvatni. Fjöldi búfjár verður að vera í réttu hlutfalli við það landrými sem er fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir að vandi skapist vegna ofbeitar og jarðvegseyðingar og til þess að hægt sé að dreifa búfjáráburði þannig að forðast megi neikvæð áhrif á umhverfið. Ítarlegar reglur um notkun búfjáráburðar eru settar fram í 7. lið.
  - 1.5. Í lífrænum búskap skal allt búféð innan sömu framleiðslueiningar alið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
  - 1.6. Heimilt er að hafa búfé, sem er ekki alið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, á bújörðinni, að því tilskildu að það sé alið innan eininga þar sem hús og spildur eru skýrt aðgreind frá þeim einingum þar sem stunduð er framleiðsla í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og að um aðra tegund sé að ræða.
  - 1.7. Þrátt fyrir þessa meginreglu er heimilt að búfé, sem er ekki alið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, nýti um takmarkaðan tíma ár hvert beitiland innan eininga sem samrýmast þessari reglugerð, að því tilskildu að dýrin séu alin í dreifbærum búskap (extensive husbandry) (eins og skilgreint er í 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 950/97/EB<sup>1)</sup> eða, þegar um aðrar tegundir er að ræða sem eru ekki nefndar í þeirri reglugerð, að fjöldi dýra á hektara samsvari 170 kg köfnunarefnis á ári á hektara eins og skilgreint er í VII. viðauka við þessa reglugerð) og að því tilskildu að önnur dýr, sem kröfur í þessari reglugerð gilda um, séu ekki samtímis á sama beitilandi. Afla skal fyrirfram heimildar vottunarstofu fyrir þessari undanþágu.
  - 1.8. Í öðru lagi má víkja frá þessari meginreglu þannig að dýrum, sem eru alin í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, má beita á almenning og/eða afrétt, að því tilskildu að:
    - a) landið hafi ekki verið meðhöndlað með öðrum afurðum en þeim sem eru leyfðar samkvæmt II. viðauka við þessa reglugerð, um þriggja ára skeið hið minnsta,
    - b) öll dýr, sem nýta viðkomandi land og falla ekki undir kröfurnar í þessari reglugerð, hafi verið alin í dreifbærum búskap, eins og skilgreint er í 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 950/97/EB<sup>1)</sup>, eða, þegar um aðrar tegundir er að ræða sem eru ekki nefndar í þeirri reglugerð, að fjöldi dýra á hektara samsvari 170 kg köfnunarefnis á ári á hektara eins og skilgreint er í VII. viðauka við þessa reglugerð,
    - c) að afurðir frá búfé, sem er alið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, skuli ekki, meðan búféð nýtir þetta land, teljast koma frá lífrænni framleiðslu, nema sannað verði, svo að vottunarstofu þyki fullnægjandi, að búféð sé nægilega aðgreint frá dýrum sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar.

## 2. Aðlögun.

2.1. Aðlögun á landi þar sem lífræn búfjáramleiðsla fer fram.

2.1.1. Þegar framleiðslueining er aðlöguð skal meðferð alls þess svæðis hennar, sem notað er til fóðrunar búfjár samræmast ákvæðum þessarar reglugerðar, þ. á m. um aðlögunartíma, sem tilgreindur er í A-hluta þessa viðauka.

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 142, 2.6.1997, bls. 1.

- 2.1.2. Þrátt fyrir þessa meginreglu er heimilt að stytta aðlögunartímann í eitt ár, að því er varðar bithaga, útihólf og gerði, fyrir tegundir sem eru ekki grasbítar. Stytta má þetta tímabil í sex mánuði hafi viðkomandi land að undanförmu ekki hlotið meðferð með öðrum afurðum en tilgreind eru í II. viðauka við þessa reglugerð. Aflla skal heimildar vottunarstofu fyrir þessari undanþágu.
- 2.2. Aðlögun að því er varðar búfé og búfjárafurðir.
- 2.2.1. Eigi að selja afurðir búfjár sem lífrænar afurðir skal ala allt búféð í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar hið minnsta:
- í tólf mánuði þegar dýr af hestaætt og nautgripir (þar á meðal af ættkvíslinni *Bubalus* og vísundategundir) eru alin til kjötframleiðslu, og í öllum tilvikum í þrjá fjórðu hluta af æviskeiði þeirra,
  - í sex mánuði þegar um smærri jörturdýr og svín er að ræða. Á þeim þriggja ára aðlögunartíma, sem rennur út 24. ágúst 2003, skal tímabilið, hvað varðar svín, hins vegar vera fjórir mánuðir,
  - í sex mánuði þegar um er að ræða dýr sem eru alin til mjólkurframleiðslu. Á þeim þriggja ára aðlögunartíma, sem rennur út 24. ágúst 2003, skal tímabilið hins vegar vera þrjú mánuðir,
  - í tíu vikur þegar um er að ræða alifugla, sem eru aldir til kjötframleiðslu og eru teknir í eldi áður en þeir eru orðnir þriggja daga gamlir,
  - í sex vikur þegar um er að ræða fugla sem eru aldir til eggjaframleiðslu,
  - eftir að fyrsta framleiðsluskeiði aðlögunar lýkur skal allt búfé sem ætlað er til kjötframleiðslu, getið, fætt og alið í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.
- 2.3. Samhliða aðlögun.
- 2.3.1. Ef aðlögun búfjár, beitilands og fóðuröflunarsvæða á sömu bújörð fer fram samtímis skal, þrátt fyrir ákvæði liða 2.2.1, 4.2 og 4.4, stytta heildaraðlögunartímann í 24 mánuði, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- a) Undanþágan gildi aðeins um þau dýr, sem eru fyrir á bújörðinni, og afkvæmi þeirra og einnig um það land sem er notað til fóðuröflunar og beitar áður en aðlögunin hefst.
  - b) Dýrin séu einkum fóðruð á afurðum framleiðslueiningarinnar.
3. **Uppruni dýranna.**
- 3.1. Við val á kynjum eða stofnum ber að hafa í huga hæfni dýranna til að laga sig að staðarskilyrðum, lífsprótt þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum. Auk þessa skal við val á kynjum eða stofnum dýra forðast sérstaka sjúkdóma eða heilbrigðisvanda sem tengist sumum kynjum eða stofnum sem eru notuð í þéttbærum búskap (intensive production) (svo sem svínastreitu (porcine stress syndrome), vatnsvöðva (PSE-heilkenni), bráðadauða, bráðafósturlát og erfiðleika í fæðingu sem kalla á keisaraskurð). Innlend kyn og stofnar skulu njóta forgangs umfram önnur.
- 3.2. Búféð skal fengið frá framleiðslueiningum sem samræmast þeim reglum um mismunandi greinar búfjárframleiðslu sem kveðið er á um í 6. gr. og í þessum viðauka. Þetta framleiðsluferfi skal notað allt æviskeið þess.
- 3.3. Fyrsta undanþága frá lið 3.2 er, að fyrirfram fenginni heimild vottunarstofu, aðlögun búfjár sem fyrir er á bújörðinni og ekki hefur verið alið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
- 3.4. Önnur undanþága frá lið 3.2 er sú, þegar hjörð eða bústofni er komið upp í fyrsta sinn og ekki eru fánleg nógu mörg lífrænt alin dýr, að flytja má búfé úr hefðbundnu eldi til lífræns eldis að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- Varphænur mega ekki vera eldri en 18 vikna.

- Hænuungar, sem ætlaðir eru til kjötframleiðslu, skulu vera yngri en þriggja daga þegar þeir eru fluttir frá framleiðslueiningunni þar sem þeir voru aldir.
  - Bufflakálfar skulu vera yngri en sex mánaða.
  - Kálfar og folöld skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en sex mánaða.
  - Lömb og kiðlingar skulu alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þau eru vanin undan og í öllum tilvikum skulu þau vera yngri en 45 daga.
  - Grísir skulu aldir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar þegar eftir að þeir eru vandir undan og í öllum tilvikum skulu þeir vega minna en 25 kg.
- 3.5. Afla ber heimildar fyrirfram frá vottunarstofu fyrir þessari undanþágu sem gildir fyrir aðlögunartímamann sem lýkur 31. desember 2003.
- 3.6. Þriðja undanþága frá lið 3.2 er, að fyrirfram fenginni heimild vottunarstofu, endurnýjun eða enduruppbygging hjarðar eða bústofns þegar lífrænt alin dýr eru ekki á boðstólum og í eftirfarandi tilvikum:
- a) Hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna kringumstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stóráfalla,
  - b) varphænur eru ekki eldri en 18 vikna,
  - c) alifuglar til kjötframleiðslu eru yngri en þriggja daga og grísir eru teknir inn þegar eftir að þeir eru vandir undan og þeir verða að vega minna en 25 kg.
- Tilvik í b- og c-lið eru leyfð á aðlögunartímabilinu sem lýkur 31. desember 2003.
- 3.7. Að því er varðar svín, unghænur og alifugla til kjötframleiðslu verður þessi undanþága, sem gildir á aðlögunartímanum, endurskoðuð áður en hún fellur úr gildi til að kanna hvort rök eru fyrir því að framlengja tímamörkin.
- 3.8. Fjórða undanþága frá lið 3.2, að fyrirfram fenginni heimild vottunarstofu, er árlegur aðflutningur kvendýra (sem ekki hafa áður eignast afkvæmi) úr hefðbundnum búskap að hámarki 10% af fullorðnum hestum og nautgripum (þ. á m. eru tegundir af ættkvíslinni *Bubalus* og vísundategundir) og 20% af fullorðnum svínum, sauðfé og geitfé sem fyrir er á bújörðinni, í því skyni að örva náttúrulegan vöxt og til þess að endurnýja hjörðina eða bústofninn, þegar lífrænt alin dýr eru ekki á boðstólum.
- 3.9. Hundradshlutatölurnar, sem mælt er fyrir um í framangreindri undanþágu, skulu ekki gilda um framleiðslueiningar þar sem eru færri en 10 fullorðnir hestar eða 10 nautgripir eða færri en fimm svín, sauðkindur eða geitur. Hvað varðar þessar einingar skal öll endurnýjun af því tagi, sem um getur hér að framan, takmarkast að hámarki við eitt dýr á ári.
- 3.10. Hækka má þessar tölur í allt að 40% að fengnu álitu og samþykki vottunarstofu í eftirfarandi sértilvikum:
- Þegar kemur til meiri háttar stækkunar á búinu.
  - Þegar skipt er um dýrakyn.
  - Þegar unnið er að þróun nýrra búfjargreina.
- 3.11. Fimmta undanþága frá lið 3.2 er heimild til að flytja karldýr úr hefðbundnum búskap, að því tilskildu að dýrin séu ávallt upp frá því alin samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 3.12. Þegar búfé er fengið frá einingum sem samræmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar skal, í samræmi við skilyrði og takmarkanir, sem um getur í liðum 3.3 til 3.11 hér að framan, fylgja þeim ákvæðum um aðlögunartíma sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1, ef selja á afurðir sem lífrænar afurðir, og skal farið að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar á þeim tilgreinda tíma.
- 3.13. Ef búfé er fengið frá einingum sem samræmast ekki þessari reglugerð ber að huga sérstaklega að ráðstöfunum sem varða heilbrigði dýranna. Vottunarstofa getur, í ljósi

aðstæðna á hverjum stað, gripið til sérstakra ráðstafana á borð við kembirannsóknir og að setja dýr í sóttkví um tíma.

#### 4. Fóður.

- 4.1. Fóðri er ætlað að tryggja gæði fremur en hámarksframleiðslu, en það skal jafnframt fullnægja næringarþörfum búfjár á öllum þroskastigum þess. Sláturreldi (fattening practices) er heimilað svo fremi að hverfa megi frá því hvenær sem er í eldisferlinu. Þvingunareldi (force-feeding) er bannað.
- 4.2. Búféð skal alið á lífrænt framleiddu fóðri.
- 4.3. Búféð skal ennfremur alið í samræmi við þær reglur sem eru settar fram í þessum viðauka og einkum skal nota fóður frá einingunni eða, ef því verður ekki við komið, fóður frá öðrum einingum eða fyrirtækjum sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar.
- 4.4. Að meðaltali má allt að 30% af hverjum fóðurskammti vera aðlögunarfóður, þ.e. af landi sem hefur verið a.m.k. eitt ár í lífrænni aðlögun. Ef aðlögunarfóðrið er framleitt á bújörðinni sjálfri má það nema allt að 60% af hverjum fóðurskammti.
- 4.5. Ala skal ungvíði spendýra að mestu leyti á náttúrulegri mjólk, helst móðurmjólk. Öll spendýr skulu alin á náttúrulegri mjólk í tiltekinn lágmarkstíma sem fer eftir viðkomandi tegund og skal hann vera þrjú mánuðir fyrir nautgripi (meðal annars af ættkvíslinni *Bubalus* og vísundategundir) og hesta, 45 dagar fyrir sauðfé og geitur og 40 dagar fyrir svín.
- 4.6. Framleiðendur skulu haga beit í samræmi við opinberar reglur um sjálfbæra nýtingu beitolands.
- 4.7. Við fóðrun grasbíta skal halda dýrunum sem mest að beit, eftir því sem við verður komið á hverjum árstíma. Að minnsta kosti 60% þurrefnis í daglegum fóðurskammti skal vera nýtt eða þurrkað gróffóður eða vothey. Með leyfi vottunarstofu er þó heimilt að minnka þetta hlutfall í 50% fyrir dýr í mjólkurframleiðslu í mest þrjú mánuði snemma á mjólkurskeiðinu.
- 4.8. Á aðlögunartímabili, sem rennur út 24. ágúst 2005, er heimiluð sú undanþága frá ákvæði í lið 4.2 að leyfa notkun takmarkaðs hlutfalls hefðbundins fóðurs ef bóndinn hefur ekki tók á að afla fóðurs eingöngu frá lífrænni framleiðslu. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fóðurs á hverju ári er 10%, þegar um grasbíta er að ræða, og 20% fyrir aðrar tegundir. Þessar tölur skal reikna á ársgrundvelli sem hundraðshluta af þurrefni fóðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum. Mesta leyfilega hlutfall hefðbundins fóðurs í daglegum skammti, utan þess tíma sem dýr fara milli bithaga, er 25%, reiknað sem hundraðshluti þurrefnis.
- 4.9. Ef uppskera fóðurjurta misferst, einkum vegna óvenjulegs tíðarfars, getur landbúnaðarráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum í lið 4.8 og leyft í takmarkaðan tíma og fyrir sérstakt svæði aukinn hundraðshluta hefðbundins fóðurs, svo fremi að rök séu færð fyrir slíkri undanþágu. Vottunarstofa skal veita einstökum rekstraraðilum þessa undanþágu að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins.
- 4.10. Að því er alifugla varðar skal fóður þeirra í sláturreldi innihalda að minnsta kosti 65% korn.
- 4.11. Bæta skal nýju eða þurrkuðu gróffóðri eða votheyi í daglegan fóðurskammt svína og alifugla.
- 4.12. Eingöngu er heimilt að nota þær afurðir, sem eru tilgreindar í liðum 1.5 og 3.1 í D-hluta II. viðauka, sem aukefni (íblöndunarefni) og tæknileg hjálparefni við framleiðslu á votheyi.

- 4.13. Hefðbundin fóðurefni úr landbúnaði má því aðeins nota í fóður að þau séu tilgreind í 1. lið í C-hluta II. viðauka (fóðurefni úr jurtaríkinu), með fyrirvara um þá takmörkun á magni sem kveðið er á um í þessum viðauka, og því aðeins að leysiefni hafi ekki verið notuð við framleiðslu þeirra eða vinnslu.
- 4.14. Fóðurefni úr dýraríkinu (hvort sem þau eru framleidd á hefðbundinn eða lífrænan hátt) má því aðeins nota að þau séu tilgreind í 2. lið í C-hluta II. viðauka, með fyrirvara um þá takmörkun á magni sem kveðið er á um í þessum viðauka.
- 4.15. Eigi síðar en 24. ágúst 2004 verða 1., 2. og 3. liður í C-hluta og D-hluta II. viðauka endurskoðaðir, einkum með það að markmiði að fella brott þau hefðbundnu fóðurefni úr landbúnaði sem eru lífrænt framleidd í nægilegum mæli á EES-svæðinu.
- 4.16. Eingöngu er heimilt að nota í fóður afurðir, sem eru tilgreindar í 3. lið í C-hluta II. viðauka (fóðurefni úr steinaríkinu) og í lið 1.1 (snefilefni) og lið 1.2 (vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipuð áhrif) í D-hluta, til að fullnægja næringarþörf búfjár.
- 4.17. Eingöngu er heimilt að nota í fóður afurðir, sem eru tilgreindar í lið 1.3 (ensím), 1.4 (örverur), 1.6 (bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni), í 2. lið (tilteknar afurðir notaðar í fóður) og 3. lið (tæknileg hjálparefni fyrir vinnslu fóðurs) D-hluta II. viðauka, í þeim tilgangi sem er tilgreindur að því er varðar framangreinda flokka. Hvorki skal nota sýklalyf, hníslalyf, önnur lyf, vaxtarhvata né nokkurt annað efni, sem er ætlað að örva vöxt eða framleiðslu, í fóður.
- 4.18. Óheimilt er að nota erfðabreyttar lífverur eða afurðir úr þeim við framleiðslu fóðurs, fóðurefna, fóðurblandna, aukefna í fóður, tæknilegra hjálparefna fyrir vinnslu fóðurs eða tiltekinna afurða sem eru notaðar í fóður.

## 5. Sjúkdómavarnir og dýralæknismeðferð.

- 5.1. Sjúkdómavarnir í lífrænni búfjárframleiðslu skulu byggjast á eftirfarandi meginreglum:
  - a) Vali á heppilegum kynjum eða stofnum dýra, eins og tilgreint er nánar í 3. lið.
  - b) Starfsháttum í búfjárrækt sem henta þörfum hverrar tegundar og efla mótstöðu gegn sjúkdómum og fyrirbyggja sýkingar.
  - c) Notkun gæðafóðurs sem ásamt reglulegri hreyfingu og aðgangi að beitilandi örvar náttúrulegar ónæmisvarnir dýrsins.
  - d) Að tryggja hæfilegan þéttleika dýra og forðast þannig ofsetningu og hvers kyns heilbrigðisvanda sem af henni hlytist.
- 5.2. Meginreglur þær, sem eru settar fram hér að framan, ættu að halda heilbrigðisvanda hjá dýrunum í slíku horfi að forvarnir nægi að mestu til að halda honum niðri.
- 5.3. Ef dýr veikist eða verður fyrir áverka, þrátt fyrir allar framangreindar, fyrirbyggjandi ráðstafanir, skal það þegar í stað hljóta meðferð, í einangrun ef nauðsyn krefur, og því skal komið í hús þannig að viðunandi teljist.
- 5.4. Í lífrænum búskap skal fylgja eftirfarandi meginreglum við notkun dýralyfja:
  - a) Fremur skal nota jurtalækningalyf (svo sem plöntuseyði (nema sýklalyf) eða kjarna), smáskammtaafurðir (svo sem efni úr jurta-, dýra- eða steinaríkinu) og snefilefni og afurðir, sem eru tilgreind í 3. lið í C-hluta II. viðauka, en efnafræðilega samsett, hefðbundin dýralyf eða sýklalyf, svo fremi að lækningu áhrif þeirra komi að gagni fyrir viðkomandi dýrategund og það ástand sem meðferðin beinist að.
  - b) Ef notkun framangreindra efna reynist ekki koma að gagni eða ólíklegt þykir að hún skili tilætluðum árangri gegn sjúkdómi eða áverka og meðferð er nauðsynleg til að varna því að dýrið líði þjáningu eða neyð er heimilt að beita efnafræðilega samsettum, hefðbundnum dýralyfjum eða sýklalyfjum, enda sé það á ábyrgð dýralæknis.

- c) Óheimilt er að nota efnafræðilega samsett, hefðbundin dýralyf eða sýklalyf sem fyrirbyggjandi meðferð í lífrænum búskap.
- 5.5. Auk framangreindra meginreglna skulu eftirfarandi reglur gilda:
- a) Bannað er að nota efni sem örva vöxt eða framleiðslu (þar á meðal eru sýklalyf, hníslalyf og önnur tilbúin hjálparefni sem stuðla að auknum vexti) og að nota hormón eða áþekk efni í því skyni að stjórna æxlun (svo sem til þess að framkalla eða samstillta gangmál). Heimilt er þó að gefa einstökum dýrum hormón, enda sé það liður í meðferð dýralæknis.
- b) Meðferð sem dýralæknir veitir dýrum, eða meðferð, sem beinist að byggingum, búnaði og aðstöðu og er lögboðin samkvæmt íslenskri löggjöf eða ákvæðum EES-samningsins, skal heimil, þar á meðal notkun ónæmisfræðilegra dýralyfja, hafi sjúkdómur komið upp á tilteknu svæði þar sem framleiðslueiningin er.
- 5.6. Þegar áformað er að nota dýralyf er skylt að skrá tegund lyfsins greinilega (þar á meðal upplýsingar um þau lyfjafræðilega virku efni sem um ræðir) ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkdómsgreininguna, stærð skammta, aðferð við lyfjagjöf, lengd meðferðar og lögbundinn útskilnaðartíma. Þessum upplýsingum skal komið á framfæri við vottunarstofu áður en búféð eða búfjárafurðirnar eru settar á markað sem lífrænt framleiddar. Skylt er að auðkenna það búfé, sem hlýtur meðferð, á skýran hátt, hvert dýr, ef um stór dýr er að ræða, en hvert dýr eða hvern hóp ef um alifugla eða smærri dýr er að ræða.
- 5.7. Útskilnaðartíminn frá því að dýri er síðast gefið hefðbundið dýralyf við eðlilegar notkunarastæður og þar til framleiddar eru lífrænar afurðir úr dýrinu skal minnst vera tvöfaldur lögboðinn útskilnaðartími, en minnst 48 klukkustundir ef þessi tími er ekki tilgreindur. Vottunarstofa skal setja nánari reglur um útskilnaðartíma eftir tegundum búfjárafurða og lyfja, sem þó skal eigi vera lengri en þrefaldur lögboðinn útskilnaðartími.
- 5.8. Ef dýr eða hópur dýra gengst á einu ári undir tvær eða fleiri, að hámarki þrjár, meðferðir (eða eina eða fleiri meðferðir ef framleiðsluskeið (productive lifecycle) þeirra er styttra en eitt ár) þar sem gefin eru efnafræðilega samsett, hefðbundin dýralyf eða sýklalyf, að undanteknum bólusetningum, meðferð vegna sníkjudýra og hvers kyns útrýmingaráætlunum, sem landbúnaðarráðuneytið hlutast til um, er óheimilt að selja viðkomandi búfé, eða afurðir úr því, sem lífrænar afurðir og búféð verður að ganga gegnum aðlögunartíma, sem mælt er fyrir um í 2. lið þessa viðauka, með fyrirvara um samþykki vottunarstofu.
- 6. Ræktunaraðferðir, flutningur og sanngreining búfjárafurða.**
- 6.1. Ræktunaraðferðir.
- 6.1.1. Í meginatriðum skal fjölgun lífrænt alins búfjár byggjast á náttúrulegum aðferðum. Sæðing er þó heimil. Fjölgun með annars konar tæknifrjóvgun eða öðrum hjálparaðferðum (til dæmis flutningi fósturvísa) er bönnuð.
- 6.1.2. Óheimilt er að stunda það í lífrænum búskap að bregða til dæmis teygju um dindil sauðkinda, taglskella/halasklippa dýr, klippa/skerða tennur eða gogga eða afhorna dýr. Vottunarstofa getur þó leyft sumar þessara aðgerða ef þær eru gerðar í varúðarskyni (til dæmis afhornun ungra dýra) eða ef þeim er ætlað að bæta heilbrigði, líðan eða þrifnað dýranna. Slíkar aðgerðir skulu kunnáttumenn framkvæma á því aldursskeiði dýranna þegar þau finna minnst fyrir því og þess skal gætt að dýrin líði sem minnst vegna þeirra.
- 6.1.3. Vönun er leyfð í því skyni að viðhalda gæðum afurða og hefðbundnum framleiðslu-aðferðum (aligrísir, nautkálfar, geldhanar o.s.frv.) en einungis að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í síðasta málslíð liðar 6.1.2.

- 6.1.4. Bannað er að binda búfé. Vottunarstofa getur þó heimilað frávik frá þessari meginreglu og að binda megi einstök dýr á grundvelli þess rökstuðnings rekstraraðilans að það sé nauðsynlegt í öryggisskyni eða gert með velferð dýranna í huga, enda séu þau einungis bundin í takmarkaðan tíma.
- 6.1.5. Gera má þá undanþágu frá ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í lið 6.1.4, að heimilt sé að binda nautgripi í byggingum, sem reistar höfðu verið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, með þeim fyrirvara að dýrunum sé séð fyrir reglulegri hreyfingu og að við eldið sé tekið mið af kröfum um velferð dýranna og þau séu á svæði með hálm, heyi eða öðrum undirburði og að við hirðingu þeirra sé hverju og einu sinnt. Þessi undanþága, sem vottunarstofa verður að veita, gildir á aðlögunartímabilinu sem lýkur 31. desember 2010.
- 6.1.6. Á grundvelli annarrar undanþágu er heimilt að binda nautgripi á smáum bújörðum ef ekki er hægt að halda gripunum í hópum sem hæfa atferlisþörfum þeirra, svo fremi að þeim sé sleppt lausum minnst tvisvar sinnum í viku í bithaga eða gerði eða hólf þar sem þeir geta hreyft sig. Þessi undanþága, sem vottunarstofa skal veita, gildir um bújarðir.
- 6.1.7. Fyrir 31. desember 2006 mun landbúnaðarráðuneytið leggja fram skýrslu um framkvæmd ákvæða liðar 6.1.5.
- 6.1.8. Ef búfé er alið í hópum verður stærð hópsins að ráðast af þroskastigi þess og atferlisþörfum viðkomandi tegundar. Bannað er að halda búfé við þannig aðstæður eða fódra það þannig að aukin hætta sé á blóðleysi.
- 6.1.9. Fyrir alifugla skal lágmarksaldur við slátrun vera:
- 81 dagar fyrir kjúklinga,
  - 150 dagar fyrir geldhana,
  - 49 dagar fyrir pekingendur,
  - 70 dagar fyrir moskusandarkollur,
  - 84 dagar fyrir moskusandarsteggi,
  - 92 dagar fyrir stökkendur,
  - 94 dagar fyrir perluhænsni,
  - 140 dagar fyrir kalkúna og aligæsir.
- Virði framleiðendur ekki þessar reglur um lágmarksaldur við slátrun verða þeir að rækta hægvoxta stofna.
- 6.2. Flutningur.
- 6.2.1. Við flutning búfjár skal þess gætt að dýrin verði fyrir sem minnstri streitu í samræmi við viðeigandi íslenska löggjöf eða EES-samninginn. Dýrin skulu sett um borð og tekin frá borði með varfærni og án þess að beitt sé nokkurs konar raförvun til þess að þvinga þau. Bannað er að nota hvers kyns róandi, hefðbundin lyf, hvort sem er fyrir flutning eða í flutningi.
- 6.2.2. Fara skal þannig með búféð á tímabilinu fyrir slátrun og við slátrunina að það verði fyrir sem minnstri streitu.
- 6.3. Sanngreining búfjárafurða.
- 6.3.1. Á öllum stigum framleiðslu, tilreiðslu, flutnings og markaðssetningar skal vera unnt að sanngreina búfé og búfjárafurðir.

## 7. **Búfjáraburður.**

- 7.1. Heildarmagn áburðar, eins og það er skilgreint í tilskipun 91/676/EBE<sup>1)</sup>, sem er notað á bújörðinni, má ekki vera meira en 170 kg köfnunarefnis á ári/hektara af landi sem er nýtt til landbúnaðar, það magn sem er tilgreint í III. viðauka við framangreinda

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. L 375, 31.12.1991, bls. 1.

tilskipun. Ef þörf krefur skal draga úr þéttleika búfjárins til að komast megi hjá því að farið sé yfir framangreind viðmiðunarmörk.

- 7.2. Til að ákvarða hæfilegan þéttleika búfjár sem vísað er til hér að framan skal landbúnaðarráðuneytið fastsetja hversu margar búfjáreiningar jafngilda 170 kg af köfnunarefni á ári/hektara af landi, sem er nýtt til landbúnaðar, að því er varðar hina ýmsu flokka dýra, og hafa til hliðsjónar þær tölur sem mælt er fyrir um í VII. viðauka.
- 7.3. Landbúnaðarráðuneytið skal tilkynna ESA/sameiginlegu EES-nefndinni hvers kyns frávik frá þessum tölum og færa fram rök sem réttlæta slíkar breytingar. Þessi krafa á einungis við um útreikninga á hámarksfjölda búfjár í því skyni að tryggja að ekki sé farið yfir mörkin 170 kg af köfnunarefni úr búfjáraður á ári/hektara. Þetta er með fyrirvara um kröfur um þéttleika búfjár með tilliti til heilbrigði og velferðar dýranna sem mælt er fyrir um í 8. lið og í VIII. viðauka.
- 7.4. Bújarðir, þar sem lífræn framleiðsla er stunduð, geta tekið upp samvinnu við aðrar bújarðir og fyrirtæki, sem fara að ákvæðum þessarar reglugerðar, með það í huga að koma frá sér umframáburði frá lífrænni framleiðslu. Reikna skal hámarkið 170 kg af köfnunarefni úr búfjáraður á ári/hektara af landi sem er nýtt til landbúnaðar út frá öllum einingum þar sem lífræn framleiðsla er stunduð og hlut eiga að slíkri samvinnu.
- 7.5. Landbúnaðarráðuneytið getur sett lægri mörk en þau sem eru tilgreind í liðum 7.1 til 7.4, enda sé tekið tillit til einkenna viðkomandi svæðis, notkunar köfnunarefnisáburðar af öðru tagi á landinu og þess köfnunarefnis sem plönturnar geta nýtt úr jarðveginum.
- 7.6. Geymsluaðstaða fyrir búfjáraður verður að vera þannig að ekki komi til mengunar vatns vegna beinnar losunar eða frárennslis eða vegna þess að áburðurinn sígur út í jarðveginn.
- 7.7. Til að tryggja trausta meðferð áburðar skal geymslugeta slíkrar aðstöðu fyrir búfjáraður vera meiri en þarf til að rúma þann áburð sem fellur til á því lengsta tímabili ársins þegar það annaðhvort hentar ekki (samkvæmt gildandi reglum um góðar starfsvenjur í landbúnaði) að bera áburð á land eða það er bannað, í tilvikum þar sem framleiðslueiningin er staðsett á svæði sem hefur verið skilgreint viðkvæmt að því er varðar níttrat.

## 8. Gerði og gripahús.

### 8.1. Almennar meginreglur.

- 8.1.1. Húsakostur fyrir búfé skal vera þannig að hann uppfylli líffræðilegar og eðlislægar þarfir dýranna (til dæmis hvað varðar aðbúnað og nauðsynlegt frelsi til að hreyfa sig). Búféð skal hafa greiðan aðgang að fóðri og vatni. Einangrun, upphitun og loftræsting húsa skal vera þannig að hringrás lofts, rykmagn, hiti, loftraki og styrkur gastegunda haldist innan slíkra viðmiðunarmarka að tryggt sé að dýrin verði ekki fyrir skaða. Byggingar skulu vera með góðri, náttúrulegri loftræstingu og hleypa inn nægu dagsljósi.
- 8.1.2. Gerði og önnur útisvæði skulu, þar sem þörf krefur, veita nægilega vörn gegn regni, vindi, sól og miklum hitum/kuldum og skal taka tillit til veðurskilyrða viðkomandi staðar og þarfa þess búfjárkyns sem á í hlut.
- 8.2. Þéttleiki dýra og aðgerðir gegn ofbeit.
  - 8.2.1. Á hverju býli skal vera nægur húsakostur sem heldur veðri og vindum fyrir allt búfé.
  - 8.2.2. Þéttleiki dýra í húsum skal vera slíkur að tryggt sé að vel fari um dýrin og þeim líði vel og skal einkum taka tillit til tegundar, kyns og aldurs viðkomandi dýra. Einnig skal taka tillit til eðlislægra þarfa dýranna sem eru einkum komnar undir stærð hóps-



- ins og kyni dýranna. Ákjósanlegasti þéttleiki stuðlar að því að tryggja velferð dýranna með því að þau geti staðið eðlilega, eigi hægt með að leggjast, snúa sér, þau geti sinnt eðlislægum líkamsþrifum og komið við öllum eðlilegum stellingum og hreyfingum, svo sem að þau geti teygt úr sér og að fuglar geti blakað vængjum.
- 8.2.3. Í VIII. viðauka er mælt fyrir um minnsta leyfilegan yfirborðsflöt inni í húsum og í gerðum og útisvæðum sem og aðra eiginleika húsakosts fyrir mismunandi tegundir og flokka dýra.
- 8.2.4. Þéttleiki dýra á beitilandi, öðru graslendi, á heiðum, afréttum eða í votlendi og öðru ósnortnu eða lítt snortnu landi skal ekki vera meiri en svo að ekki hljótist af traðk eða ofbeit.
- 8.2.5. Allan húsakost, réttir eða annars konar aðhald, búnað og áhöld skal þrifa og sótt-hreinsa reglulega til að koma í veg fyrir að dýrin smiti hvert annað og að sjúkdómsberandi lífverur nái að hreiðra um sig. Við slík þrif og sóttþreinsun gripahúsa og búnaðar er eingöngu heimilt að nota þau efni sem eru tilgreind í E-hluta II. viðauka. Skít, hland og óetíð eða spillt fóður skal fjarlægja svo oft sem nauðsyn krefur til að varna óþef og sporna gegn því að skordýr eða nagdýr dragist að. Við eyðingu skordýra og annarra meindýra í gripahúsum og öðrum stöðum, þar sem búfé er haldið, er eingöngu heimilt að nota þau efni sem eru tilgreind í 2. lið í B-hluta II. viðauka.
- 8.3. Spendýr.
- 8.3.1. Með fyrirvara um ákvæðin í lið 5.3 skulu öll spendýr hafa aðgang að beitilandi, gerði eða öðru útisvæði sem má vera yfirbyggt að hluta og dýrin eiga að geta nýtt sér þessi svæði hvenær sem lífeðlisfræðilegt ástand þeirra, veðráttu og ástand landsins leyfir nema ef íslensk löggjöf, sem lýtur að vanda á sviði dýraheilbrigði kveður á um annað. Grasbítar skulu hafa aðgang að beitilandi hvenær sem skilyrði leyfa.
- 8.3.2. Þegar grasbítum er haldið að beit á beitartímabilinu og þeir eru í lausagöngu í húsi á veturna má falla frá þeirri skyldu að sjá þeim fyrir gerðum eða annars konar útisvæðum að vetrarlagi.
- 8.3.3. Þrátt fyrir síðasta málslíð í lið 8.3.1 skulu naut eldri en árgömmul hafa aðgang að beitilandi eða gerði/útisvæði.
- 8.3.4. Gera má þá undanþágu frá lið 8.3.1 að lokaáfangi slátureldis hjá nautgripum, svínum og sauðfé, sem eru alin til kjötframleiðslu, megi fara fram í húsi, svo fremi að þetta innistöðutímabil vari ekki lengur en sem nemur fimmtingi af ævi þeirra og í engum tilvikum lengur en þrjá mánuði, nema því aðeins að veðráttu hamli, sbr. og lið 8.3.1.
- 8.3.5. Gripahús skulu vera með sléttum en ekki hálum gólfum. Minnst helmingur gólfflatarins skal vera heill, það er að segja hvorki rimlar né grindur.
- 8.3.6. Í húsunum skulu vera nægilega stór og þægileg, hreinleg og þurr svæði, þar sem dýrin geta legið og hvílst, og gólfið skal vera heilt en ekki rimlar. Á hvíldarsvæðinu skal vera nægilegt og þurrt undirlag. Undirlagið skal vera hálmur eða annað heppi-legt náttúru efni. Undirlagið má bæta og auðga með hvers kyns jarðefnum sem leyfð eru til áburðar í lífrænum búskap og samræmast ákvæðum í A-hluta II. viðauka.
- 8.3.7. Að því er varðar eldi kálfa skulu öll bú, án undantekningar, samræmast tilskipun 91/629/EBE<sup>1)</sup> þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir kálfa. Bannað er að hafa kálfa eina í stíu eftir að þeir eru einnar viku gamlir.
- 8.3.8. Að því er varðar eldi svína skulu öll bú, án undantekningar, samræmast tilskipun 91/630/EBE<sup>2)</sup> þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir svín. Gyltur skal þó hafa í hópum nema á síðustu stigum fyrir got og meðan grísir eru á spena. Mjólkurgrísi má hvorki hafa á pöllum (flat decks) né í grísabúrum. Útigerði skulu

<sup>1)</sup> Stjtið EB nr. L 340, 11.12.1991, bls. 28.

<sup>2)</sup> Stjtið EB nr. L 340, 11.12.1991, bls. 33.

vera þannig að dýrin geti rótað þar og grafið og látið frá sér úrgang. Að því er rótið varðar má notast við ýmiss konar undirlag.

#### 8.4. Alifuglar.

8.4.1. Alifugla skal ala þannig að þeir komist út og ekki má hafa þá í búrum.

8.4.2. Vatnafuglar skulu hafa aðgang að straumvatni, tjörn eða stöðuvatni hvenær sem veðráttan leyfir svo að virtar séu kröfur um velferð dýranna eða skilyrði um hreinlæti.

8.4.3. Húsakostur fyrir alla alifugla verður að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

- Að minnsta kosti þriðjungur gólfflatar skal vera heill, það er hvorki rimlar né grindur, og með undirlagi úr efni á borð við hálm/mod, hefilspæni, sand eða torf.
- Í húsum fyrir varphænur skal nægilega stór hluti gólfflatar, sem hæurnar hafa aðgang að, vera ætlaður til að safna driti þeirra.
- Þar skulu vera prik að fjölda og lengd sem er í réttu hlutfalli við stærð hópsins og fuglanna, eins og mælt er fyrir um í VIII. viðauka.
- Þar skulu vera op til út- og inngöngu við hæfi fuglanna og samanlögð lengd opanna skal minnst vera 4 m fyrir hverja 100 m<sup>2</sup> gólfflatar sem fuglarnir hafa aðgang að í húsunum.
- Í hverju húsi ætlað alifuglum mega ekki vera fleiri en:
  - 4800 kjúklingar,
  - 3000 varphænur,
  - 5200 perluhænsni,
  - 4000 moskusandar- eða pekingandarkollur eða 3200 moskusandar- eða pekingandarsteggir eða annars konar endur,
  - 2500 geldhanar, gæsir eða kalkúnar.
- Á hverri framleiðslueiningu má nýtanlegt heildarflatarmál húsa, sem eru ætluð undir alifugla til kjöfframleiðslu, ekki fara yfir 1.600 m<sup>2</sup>.

8.4.4. Að því er varðar varphænur er heimilt að nota gervilyngu til viðbótar dagsbirtu svo að veita megj að hámarki 16 klukkustunda birtu á dag með samfelldri næturhvíld án gervilyngingar í minnst 8 klukkustundir.

8.4.5. Alifuglar skulu hafa aðgang að útigerði hvenær sem veðráttan leyfir og, þegar slíkt er mögulegt, hafa aðgang að því minnst þriðjung æviskeiðsins. Útigerðin skulu að mestu leyti vera gróin svæði þar sem dýrin geta fundið sér skjól og dýrin skulu hafa greiðan aðgang að nægilega mörgum drykkjarílátum og fóðurtrogum.

8.4.6. Af heilbrigðisástæðum skulu byggingar standa tómar að loknu eldi hveftrar lotu alifugla. Á þeim tíma skal þrifa og sótthreinsa byggingar og innréttingar. Að loknu eldi hveftrar lotu alifugla skal ennfremur láta gerði standa auð, bæði af heilbrigðisástæðum og til að gróður nái að vaxa á ný. Landbúnaðarráðuneytið fastsetur þann tíma sem gerði skulu standa auð og tilkynnir ákvörðun sína ESA/sameiginlegu EES-nefndinni. Þessar kröfur gilda ekki um fáa alifugla sem ganga frjálsir allan daginn en eru ekki í gerðum.

8.5. Almenn undanþága um húsakost fyrir búfé.

8.5.1. Þrátt fyrir kröfurnar, sem eru settar fram í liðum 8.3.1, 8.4.2, 8.4.3 og 8.4.5, og þéttleika búfjár, sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka, getur landbúnaðarráðuneytið heimilað, á aðlögunartímabilinu sem lýkur 31. desember 2010, undanþágu frá kröfum í þessum liðum og í VIII. viðauka. Þessi undanþága gildir eingöngu um bújarðir, þar sem búfjárframleiðsla er stunduð, hafi byggingar, sem þar eru, verið reistar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

8.5.2. Þeir rekstraraðilar, sem nýta sér þessa undanþágu, skulu leggja áætlun fyrir vottunarstofu þar sem grein er gerð fyrir þeirri tilhögun sem tryggir að farið verði að ákvæðum þessarar reglugerðar þegar undanþágan fellur úr gildi.

**C) Býflugnarækt og býflugnaafurðir.****1. Almennar meginreglur.**

- 1.1. Býflugnarækt er mikilvæg búgrein vegna þess að frævnun flugnanna stuðlar að verndun umhverfisins og aukinni framleiðslu í landbúnaði og skógrækt.
- 1.2. Hvort býflugnaræktarafurðirnar eru skilgreindar sem lífrænt framleiddar er að mestu leyti komið undir meðhöndlun býkúpnaða og gæðum umhverfisins. Skilgreining er einnig háð því hvernig tekju, vinnslu og geymslu býflugnaræktarafurðanna er háttað.
- 1.3. Ef rekstraraðili rekur nokkrar býflugnaræktareiningar á sama svæði verða allar einingarnar að samræmast kröfum þessarar reglugerðar. Rekstraraðili getur þó vikið frá þessari meginreglu og rekið einingar, sem samræmast ekki þessari reglugerð, svo fremi að allar kröfur í þessari reglugerð séu uppfylltar að undanteknum þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í lið 4.2 um staðsetningu býflugnabúa. Í slíku tilviki er óheimilt að selja afurðina með tilvísun til lífrænna framleiðsluaðferða.

**2. Aðlögunartími.**

- 2.1. Því aðeins má selja afurðir úr býflugnarækt með tilvísun til lífrænnar framleiðsluaðferðar að farið hafi verið að ákvæðum þessarar reglugerðar í minnst eitt ár. Á aðlögunartímanum skal endurnýja vax í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í lið 8.3.

**3. Uppruni býflugnanna.**

- 3.1. Við val á kynjum ber að hafa í huga hæfni dýranna til að laga sig að staðarskilyrðum, lífsþrótt þeirra og mótstöðu gegn sjúkdómum. Fyrst og fremst skal velja evrópsk kyn af tegundinni *Apis mellifera* og staðbrigði af þeim.
- 3.2. Til býflugnabúanna skal stofna með því að skipta upp búum sem fyrir eru eða með því að taka flugnasveima eða býkúpur frá einingum er samræmast þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 3.3. Fyrsta undanþága frá lið 3.2, að fyrirfram fenginni heimild vottunarstofu, er aðlögun að býflugnabúi sem fyrir er á framleiðslueiningunni, sem ekki hefur verið rekið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
- 3.4. Önnur undanþága frá lið 3.2 er að á aðlögunartíma, sem rennur út 24. ágúst 2002, er leyft að afla flugnasveima án býkúpu frá býflugnaræktanda, sem stundar ekki framleiðslu í samræmi við þessa reglugerð, með fyrirvara um aðlögunartímann, sbr. lið 2.1.
- 3.5. Þriðja undanþága frá lið 3.2 er að vottunarstofa skal, ef hlutfallslega mörg dýr hafa drepist vegna aðstæðna sem rekja má til heilbrigðisvanda eða stóráfalla, veita leyfi til að endurstofna býflugnabúin, þegar býflugnabú sem samræmast þessari reglugerð eru ekki á boðstólum, með fyrirvara um aðlögunartímann, sbr. 2.1.
- 3.6. Fjórtða undanþága frá lið 3.2 er að við endurnýjun býflugnabúanna er leyft að taka árlega inn á lífrænu framleiðslueininguna 10% býdrottninga og sveima, sem samræmast ekki þessari reglugerð, að því tilskildu að býdrottningarnar og sveimarnir séu í býkúpum með vaxkökum eða tilbúnum vaxtöflum (comb foundation) frá lífrænum framleiðslueiningum. Í slíku tilviki er enginn aðlögunartími.

**4. Staðarval fyrir býflugnabú.**

- 4.1. Landbúnaðarráðuneytið getur tilgreint land eða svæði þar sem ekki er raunhæft að stunda býflugnarækt sem samræmist þessari reglugerð. Býflugnaræktandinn skal, eins og kveðið er á um í fyrsta undirlið 2. liðar í hluta A1 í III. viðauka, afhenda vott-

unarstofu uppdrátt í heppilegum mælikvarða sem sýnir hvar býkúpur eru. Ef engin slík svæði eru tilgreind verður býflugnaræktandinn að leggja viðeigandi gögn og upplýsingar fyrir vottunarstofu, þar á meðal viðunandi greiningar ef nauðsyn krefur, sem sýna að þau svæði, sem býflugnabú hans hafa aðgang að, uppfylli þau skilyrði sem kröfur eru gerðar um í þessari reglugerð.

4.2. Staðarvali fyrir býflugnabú skal haga þannig að:

- a) framboð í náttúrunni af hunangslegi, hunangsdögg og frjókornum fyrir býflugurnar sé nægjanlegt og að þær hafi aðgang að vatni;
- b) innan 3 km geisla frá búinu séu hunangslagar- og frjókornagjafar mestmegnis lífrænt ræktaðar plöntur og/eða villtur gróður, samkvæmt kröfum í 6. gr. og í I. viðauka við þessa reglugerð, og plöntur sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar en hafa verið meðhöndlaðar samkvæmt aðferðum sem hafa lítil áhrif á umhverfið, til dæmis þeim sem lýst er í áætlunum sem þróaðar voru í tengslum við reglugerð (EBE) nr. 2078/92<sup>1)</sup> og geta ekki haft veruleg áhrif á það hvort framleiðslan er skilgreind sem lífræn eða ekki;
- c) búið sé nægilega langt frá hugsanlegum mengunarvöldum (öðrum en landbúnaði), til dæmis þéttbýlisstöðum, miklum umferðaræðum, iðnaðarsvæðum, sorphaugum og sorpbrennsluofnum. Vottunarstofa skal gera ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þessari kröfu.

Framangreindar kröfur gilda ekki um svæði þar sem blómgun verður ekki eða þegar vetrarhvíld ríkir í býkúpunum.

5. **Fóður.**

- 5.1. Undir lok framleiðsluskeiðsins skal skilja eftir nægilegan forða af hunangi og frjókornum í býkúpunum til að tryggja að býflugurnar lifi veturinn.
- 5.2. Heimilt er að fódra býflugurnar ef vafi leikur á að þær komist af sökum erfiðra veðurskilyrða. Fóðrið skal vera lífrænt framleitt hunang, helst framleiðsla frá sömu lífrænu framleiðslueiningu.
- 5.3. Fyrsta undanþága frá lið 5.2 er að landbúnaðarráðuneytið getur leyft að notuð sé lausn úr lífrænt framleiddum sykri eða lífrænt framleiddum sykursmelassa til fóðrunar, einkum þegar veðurskilyrði valda því að hunang kristallast.
- 5.4. Önnur undanþágan er að vottunarstofa getur, á aðlögunarbili sem rennur út 24. ágúst 2002, leyft fóðrun með sykurlausn, sykursmelassa eða hunangi sem er ekki framleitt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 5.5. Eftirfarandi upplýsingar um fóðrun skal færa í skrá býflugnabúanna: tegund afurðar, dagsetningar, magn og hvaða býkúpur nutu fóðrunar.
- 5.6. Í býflugnarækt, sem samræmist þessari reglugerð, er óheimilt að nota aðrar afurðir en þær sem eru tilgreindar í liðum 5.1 til 5.4.
- 5.7. Fóðrun býflugna má eingöngu fara fram á tímabilinu frá lokum síðustu hunangssöfnunar og þar til 15 dögum áður en framboð verður næst á hunangslegi og hunangsdögg.

6. **Sjúkdómavarnir og dýralæknismeðferð.**

- 6.1. Sjúkdómavarnir í býflugnarækt skulu byggjast á eftirfarandi meginreglum:
  - a) Vali á heppilegum, harðgerðum kynjum.
  - b) Notkun tiltekinna aðferða sem vekja mótstöðuþrótt gegn sjúkdómum og hindra sýkingar, svo sem regluleg endurnýjun drottninga, kerfisbundið eftirlit með býkúpum í því skyni að greina hvers kyns frávik í heilbrigðisástandi, eftirlit með

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. 215, 30.7.1992, bls. 85.

- karlbýflugum í býkúpunum, regluleg sóttreinsun efna og áhalda, eyðing mengaðra efna eða mengunarvalda, regluleg endurnýjun á bývaxi og trygging fyrir nægilegum birgðum frjókorna og hunangs í býkúpum.
- 6.2. Ef sjúkdómur eða annað herjar á býkúpunar, þrátt fyrir allar framangreindar fyrirbyggjandi ráðstafanir, skulu þær þegar í stað hljóta meðferð og ef nauðsyn krefur má koma þeim fyrir í einangruðum býflugnabúum.
- 6.3. Í býflugnarækt, sem samræmist þessari reglugerð, skal virða eftirfarandi meginreglur við notkun dýralyfja:
- Notkun þeirra er heimil svo fremi að samsvarandi notkun sé leyfð í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins eða innlend ákvæði sem eru í samræmi við hann.
  - Jurtalækninga- og smáskammtalyf skulu notuð fremur en efnafræðilega samsett, hefðbundin lyf, að því tilskildu að lækningaverkun þeirra sé árangursrík gegn því ástandi sem meðferðin beinist að.
  - Ef notkun framangreindra efna reynist ekki koma að gagni eða ólíklegt þykir að hún skili tilætluðum árangri gegn sjúkdómi eða öðru sem herjar á þannig að hætta sé á að búin eyðist, er heimilt að nota efnafræðilega samsett, hefðbundin dýralyf, enda sé það á ábyrgð dýralæknis eða annarra manna sem hafa til þess opinbert leyfi, með fyrirvara um þær meginreglur sem mælt er fyrir um í a- og b-liðum hér að framan.
  - Óheimilt er að nota efnafræðilega samsett, hefðbundin lyf sem fyrirbyggjandi meðferð.
  - Með fyrirvara um meginregluna í a-lið hér að framan er heimilt að nota maura-, mjólkur-, edik- og oxalsýru, svo og efnin mentól, þýmól, evkalyptól og kamfóru, gegn smiti af völdum *Varroa jacobsoni*.
- 6.4. Auk framangreindra meginreglna er leyfð sú meðferð, sem dýralæknir veitir, eða meðferð á býkúpum, vaxkökum o.s.frv. sem er lögboðin samkvæmt innlendri löggjöf eða EES-samningnum
- 6.5. Ef meðferð með efnafræðilega samsettum, hefðbundnum lyfjum er veitt skal meðhöndluðu sambúunum komið fyrir í einangruðum býflugnabúum meðan meðferðin varir og fjarlægja skal allt vax og setja í staðinn vax sem samræmist þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Um þessi sambú gildir að aðlögunartíminn skal vera eitt ár.
- 6.6. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í næsta lið á undan, gilda ekki um afurðir sem eru tilgreindar í e-lið liðar 6.3.
- 6.7. Þegar áformað er að nota dýralyf er skylt að skrá tegund lyfsins greinilega (þar á meðal upplýsingar um það lyfjafræðilega virka efni sem um ræðir) ásamt nákvæmum upplýsingum um sjúkdómsgreininguna, stærð skammta, aðferð við lyfjagjöf, lengd meðferðar og lögbundinn útskilnaðartíma og tilkynna það vottunarstofu áður en afurðirnar eru markaðssettar sem lífræn framleiðsla.

## 7. Ræktunaraðferðir og sanngreining.

- Við söfnun býræktarafurðanna er bannað að aflífa býflugurnar í vaxkökunum.
- Bannað er að klippa vængi drottninganna eða limlesta þær á annan hátt.
- Heimilt er að skipta um drottningu ef fyrri drottning er jafnframt aflífuð.
- Því aðeins er heimilt að aflífa karllirfur að þær séu smitaðar af *Varroa jacobsoni*.
- Notkun tilbúinna fæliefna er bönnuð meðan hunangstekja fer fram.
- Skylt er að skrá svæðið, þar sem býflugnabúið er, ásamt auðkenni býkúpunnar. Til-

kynna ber vottunarstofu, innan frests sem vottunarstofa samþykkir, flutning á býflugnabúum.

- 7.7. Sérstaklega skal tryggja að hunangstekja, vinnsla og geymsla býræktarafurðanna fari fram á þann hátt sem hæfilegur þykir. Skylt er að skrá allar ráðstafanir sem eru gerðar í því skyni að fara að þessum kröfum.
- 7.8. Færa skal í skrá býflugnabúsins hvenær kassar (supers) með vaxkökum eru fjarlægðir úr búunum og hvenær hunangið er skilið úr þeim.

## 8. Gerð býkúpna og efni sem eru notuð við býrækt.

- 8.1. Býkúpnar skulu í meginatriðum vera úr náttúru efni sem engar líkur eru á að mengi umhverfið eða býræktarafurðirnar.
- 8.2. Að undanteknum þeim afurðum, sem eru nefndar í e-lið liðar 6.3, er óheimilt að nota önnur efni í býkúpunum en náttúruafurðir á borð við býþétti (própólís), vax og jurtaolíur.
- 8.3. Bývaxið, sem er notað í nýjar vaxplötur, verður að vera frá lífrænum framleiðslueiningum. Vottunarstofa getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu, einkum ef um nýjar stöðvar er að ræða eða á aðlögunartímabilinu, fyrir notkun á bývaxi, sem er ekki frá slíkum einingum, enda sé lífrænt framleitt bývax ekki fáanlegt á markaðnum, og að því tilskildu að það sé úr vaxlokum hunangshólfanna.
- 8.4. Bannað er að skilja hunang úr vaxkökum sem í er ungvíði.
- 8.5. Eingöngu er heimilt að nota víðeigandi afurðir, sem eru tilgreindar í 2. lið í B-hluta II. viðauka, til að verja efni (ramma, býkúpur og vaxplötur), einkum gegn plágum.
- 8.6. Heimilt er að beita til dæmis gufu eða beinum lögum.
- 8.7. Við þrif og sótthreinsun efna, bygginga, búnaðar, áhalda eða afurða, sem eru notuð í býflugnarækt, er eingöngu heimilt að nota víðeigandi efni sem eru tilgreind í E-hluta II. viðauka.

## II. VIÐAUKI

## A) Áburðarefni og jarðvegsnæring.

Almenn skilyrði sem gilda fyrir öll efni:

- Notkun fari eftir ákvæðum I. viðauka,
- notkun fari aðeins eftir ákvæðum gildandi laga um markaðssetningu og notkun viðkomandi efna í almennum landbúnaði.

**Afurðir einungis til notkunar í jarðvegsnæringu og áburð í samræmi við ákvæði 2. liðar A-hluta viðauka I.**

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
Afurðir samsettar úr eða sem innihalda einvörðungu eftirtalin efni:  Búfjáráburður	Afurð sem er blanda af búfjárskít og -hlandi og jurtaefni (hálm). Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu. Ábending um dýrategund. Aðeins frá dreifbærri búfjarrækt og aðeins í skilningi ákvæða 4. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2328/91/EBE <sup>1)</sup> , eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins nr. 3669/93/EBE <sup>2)</sup> .
Þurrkaður búfjáráburður og afvatnaður alifuglaáburður	Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu. Ábending um dýrategund. Aðeins frá umfangsmikilli búfjarrækt og aðeins í skilningi ákvæða 4. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 2328/91/EBE <sup>1)</sup> .
Blöndur úr lífrænum úrgangi gerðar úr skít og hlandi búfjár, m.a. alifuglaáburður og blöndur úr lífrænum úrgangi gerðar úr búfjáráburði	Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu. Ábending um dýrategund. Aðeins frá búfjarrækt á bújörðum.
Fljótandi úrgangur frá búfé (blanda af föstum og fljótandi búfjáráburði, hland, o.s.frv.)	Notaður eftir að gerjun undir stjórn hefur átt sér stað og/eða hæfilega blöndun. Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu. Ábending um dýrategund. Aðeins frá búfjarrækt á bújörðum.
Moltnað eða gerjað húsasorp	Molta úr flokkuðu húsasorpi, sem hefur moltnað eða fengið loftfyrirða gerjun til framleiðslu á gasi. Aðeins úrgangur úr jurta- og dýraríki. Aðeins ef framleitt í lokuðu söfnunarkerfi sem er undir eftirliti og heimilt er skv. gildandi lögum. Hámarks magn í mg/kg af þurrefni: kadmíum: 0,7; kopar: 70; nikkell: 25; blý: 45; sink: 200; kvikasilfur: 0,4; króm (alls): 70; króm (VI): 0(*). Aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002. Vottunarstofa skal viðurkenna notkunarpörf.
Mór	Notkun takmörkuð við garðyrkju (garðyrkju-stöðvar, blóma- og trjarrækt, gróðrarstöðvar).
Leir (t.d. perlusteinn, vermikúlít o.s.frv.)	

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 218, 6.8.1991, bls. 1.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 338, 31.12.1993, bls. 26.

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
Úrgangur frá svepparæktun	Upphafleg samsetning næringarefnablöndunnar skal takmarkast við afurðir sem taldar eru upp í þessari skrá.
Úrgangur frá ornum (blöndur úr lífrænum úrgangi orna) og skordýrum	
Gúanó	Notkunarbörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Moltuð eða gerjuð jurtaefnablanda	Afurð úr blöndu jurtaefna sem hafa verið moltuð eða fengið loftfirrða gerjun vegna lífgasframleiðslu.  Notkunarbörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Eftirfarandi afurðir eða aukaafurðir úr dýraríkinu:	Notkunarbörf skal viðurkennd af vottunarstofu. Staðfest skal að afurðir, aukaafurðir og úrgangur frá sláturhúsum komi af riðufríum svæðum. Þær má ekki nota til áburðar á búfjárbylum.
—blóðmjöl	-
—hófamjöl	-
—hornamjöl	-
—beinamjöl eða gelatínsneytt beinamjöl	-
—fiskimjöl	-
—kjötmjöl	-
—fiður, hár og „chiquette“-mjöl	-
—ull	-
—feldur/skinn	hámarks magn króms (VI) í mg/kg af þurrefni: 0 (*).
—hár	-
—mjólkurafurðir	-
Afurðir og aukaafurðir úr jurtaríkinu til áburðar (t.d. mjöl úr olíufrækökum, kakaóhýði, maltstrá, o.s.frv.)	
Þang og þangafurðir	Aflað beint með: i) eðlisfræðilegum aðferðum, m.a. afvötnun, frystingu og mölun, ii) útdrætti með vatni eða súrum eða basískum vatnslausnum, iii) gerjun, vottunarstofa skal viðurkenna þörf.
Sag og tréflisar	Viður sem er ekki meðhöndlaður með kemískum efnum eftir að hann er höggvinn.
Blöndur úr lífrænum úrgangi gerðar úr berki	Viður sem er ekki meðhöndlaður með kemískum efnum eftir að hann er höggvinn.
Viðaraska	Úr viði sem er ekki meðhöndlaður með kemískum efnum eftir að hann er höggvinn.
Mjúkur fosfatsteinn	Afurð skilgreind í tilskipun ráðsins 76/116/EBE <sup>1)</sup> , eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/284/EBE <sup>2)</sup> . Kadmíuminnihald 90 mg/kg af P2O 5 eða minna
Álkalsíumfosfat	Afurð skilgreind í tilskipun ráðsins 76/116/EBE <sup>1)</sup> , eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/284/EBE <sup>2)</sup> . Kadmíuminnihald 90 mg/kg af P2O 5 eða minna. Notkun takmörkuð við basískan jarðveg (pH > 7,5).

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30.1.1976, bls. 21.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 111, 22.4.1989, bls. 34.



Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
Gjall (á ensku: Basic slag; á sænsku: Basisk slag; á dönsku: Jernværksslagger)	Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Kalíumhrásalt (t.d. kaínít, sylvínít, o.s.frv.)	Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Kalíumsúlfat, hugsanlega með magníumsalti	Afurð unnin úr kalíumhrásalti með útdrætti, og sem hugsanlega inniheldur magnesíumsólt. Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Eimingarsafi og eimingarsafaútdráttur	Að ammóníumeimingarsafa undanskildum.
Náttúrulegt kalsíumkarbónat (t.d. krít, mergill, mulinn kalksteinn, þörungakalk ( <i>Breton ameliorant</i> ), fosfatkrít)	
Náttúrulegt magníum- og kalsíumkarbónat (t.d. dólómítakalk, mulinn magníumkalksteinn, o.s.frv.)	Aðeins náttúrulegt. Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Magníumsúlfat (t.d. kíserít)	
Kalsíumklóríðlausn	Meðhöndlun eplatrjáblaða eftir að kalsíumhörgull hefur komið í ljós. Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Kalsíumsúlfat (gifs)	Afurð skilgreind í tilskipun ráðsins nr. 76/116/EBE <sup>1)</sup> , eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins nr. 89/284/EBE <sup>2)</sup> . Aðeins náttúrulegt.
Kalkleðja frá sykurhreinsunarstöðvum	Vottunarstofa skal viðurkenna notkunarpörfina.
Hreinn brennisteinn	Afurð skilgreind í tilskipun ráðsins 76/116/EBE <sup>1)</sup> , eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 89/284/EBE <sup>2)</sup> . Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Snefilefni	Snefilefni sem um getur í tilskipun ráðsins 89/530/EBE <sup>3)</sup> . Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Natríumklóríð	Aðeins steinsalt. Notkunarpörf skal viðurkennd af vottunarstofu.
Steinduft	
(*) Ákvörðunarmörk	

## B) Varnarefni.

### 1. Plöntuvarnarefni.

Almenn skilyrði sem gilda fyrir öll efni sem innihalda eða eru sett saman úr eftirtöldum virkum efnum:

- Notkun fari eftir ákvæðum A-hluta I. viðauka,
- þau fullnægi sérákvæðum gildandi laga um plöntuvarnarefni í aðildarríkinu þar sem efnið er notað (ef við á (\*)).

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 24, 30.1.1976, bls. 21.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 111, 22.4.1989, bls. 34.

<sup>3)</sup> Stjtið. EB nr. L 281, 30.9.1989, bls. 116.

## I. Efni úr jurta- eða dýraríki.

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
Asadíraktín, útdráttur úr <i>Azadirachta indica</i> (trjátegund)	Skordýraeitur; vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina.
(*) Býflugnavax	Efni til að bera á sár á trjám.
Gelatín	Skordýraeitur.
(*) Vatnsrofin prótín	Aódráttarefni; til leyfilegrar notkunar einvörðungu með öðrum vídeigandi efnum sem um getur í þessum B-hluta við II. viðauka.
Lesítín	Sveppaeyðir.
Útdráttur (vatnslausn) úr <i>Nicotiana tabacum</i>	Skordýraeitur; eingöngu gegn blaðlús í ávaxtatrjám á heittempruðum svæðum (t.d. appelsínu- og sítrónutrjám) og við ræktun í hitabeltinu (t.d. banana); ber einungis að nota í byrjun vaxtartímans; vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina; aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002.
Plöntuolíur (t.d. myntu-, furu- og kúmenolía)	Skordýraeitur, mauraeitur, sveppaeyðir og spírúnarlati.
Pýretrín, útdráttur úr <i>Chrysanthemum cinerariaefolium</i>	Skordýraeitur. Vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina.
Kvassía, útdráttur úr <i>Quassia amara</i>	Skordýraeitur, fráhrindandi efni.
Rótenón, útdráttur úr <i>Derris spp.</i> , <i>Lonchocarpus spp.</i> og <i>Terphrosia spp.</i>	Skordýraeitur; vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina;
(*) Efnin, sem eru merkt með (*), eru í tilteknum aðildarríkjum ekki talin til plöntuvarnarefna og því gilda ákvæði laga um plöntuvarnarefni ekki um þau.	

## II. Örverur notaðar til lífrænnar plágueyðingar.

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunarskilyrði
Örverur (gerlar, veirur og sveppir) t.d. <i>Bacillus thuringensis</i> , <i>Granulosis virus</i> , o.s.frv.	Eingöngu efni sem eru ekki erfðabreytt í skilningi tilskipunar ráðsins 90/220/EBE <sup>1)</sup> .

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15.

**III. Efni til notkunar í gildrum og/eða skömmturum.**

Almenn skilyrði:

- gildrunar og/eða skammtaramir skulu hindra að efnin komist út í umhverfið og koma í veg fyrir að þau komist í snertingu við plönturnar sem verið er að rækta;
- safna ber gildrunum saman að notkun lokinni og farga þeim á öruggan hátt.

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunaraskilyrði
(*) Díammóníumfosfat	Aðdráttarefni; einungis í gildrum.
Metaldehýð	Lindýraeitur; eingöngu í gildrum sem innihalda efni sem hrinda frá æðri dýrategundum; aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002.
Ferómón	Aðdráttarefni; truflar kynhegðun; aðeins í gildrum og skömmturum
Pýretróíð (eingöngu deltametrín eða lambdasýhalótrín)	Skordýraeitur; eingöngu í gildrum sem innihalda sérstök aðdráttarefni; eingöngu gegn <i>Batrocera oleae</i> og <i>Ceratitis capitata wied.</i> vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina; aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002.
(*) Efnin, sem eru merkt með (*), eru í tilteknum aðildarríkjum ekki talin til plöntuvarnarefna og því gilda ákvæði laga um plöntuvarnarefni ekki um þau.	

**IV. Önnur efni sem hefðbundin notkun er fyrir í lífrænum búskap.**

Heiti	Lýsing; kröfur um samsetningu; notkunaraskilyrði
Kopar sem koparhýdroxíð, koparoxýklóríð, (þríbasískt) koparsúlfat, kúpróoxíð	Sveppaeyðir; aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002; vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina.
(*) Etýlen	Efni til að þroska banana.
Kalíumsalt af fitusýrum (grænsápa)	Skordýraeitur.
(*) Kalíumálúm (kalínít)	Efni sem kemur í veg fyrir þroska banana.
Brennisteinskalk (Kalsíumpólýsúlfíð)	Sveppaeyðir, skordýraeitur, mauraeitur. Vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina.
Steinolía	Skordýraeitur, mauraeitur.
Jarðolíur	Skordýraeitur, sveppaeyðir; einungis fyrir ávaxtatré, vínvið, ólifutré og við ræktun í hitabeltinu (t.d. banana); aðeins á tímabili sem lýkur 31. mars 2002; vottunarstofa skal viðurkenna notkunarþörfina.
Kalíumpermanganat	Sveppaeyðir, gerlaeyðir; einungis fyrir ávaxtatré, ólifutré og vínvið.
(*) Kvarssandur	Fráhrindandi efni.
Brennisteinn	Sveppaeyðir, mauraeitur, fráhrindandi efni.
Efnin, sem eru merkt með (*), eru í tilteknum aðildarríkjum ekki talin til plöntuvarnarefna og því gilda ákvæði laga um plöntuvarnarefni ekki um þau.	

2. **Efni notuð til að halda niðri plágum og sjúkdómum í byggingum og tilheyrandi búnaði fyrir búfé:**  
Efni tilgreind í 1. lið.  
Nagdýraeyðar.

### C) Fóðurefni.

#### 1. Fóðurefni úr jurtaríkinu.

- 1.1. Korn ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Hafragrjón, -flögur, -fóðurmjöl, -hýði og -klíð; byggkorn, -prótín og -fóðurmjöl; hrísgrjón, brotinn rís, rísklíð og -kímkaka; hirsikorn; rúgkorn, -fóðurmjöl, -fóður og -klíð; dúrrukorn; hveitikorn, -fóðurmjöl, -hýði, -glútenfóður, -glúten og -kím; speldiskorn; rúghveitikorn, maískorn, -klíð, -fóðurmjöl, -kímkaka og -glúten; maltspírur; hrat frá bruggun.
- 1.2. Olíufræ og olíurík aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Repjufræ, -kaka og -hýði; sojabauunir, einnig ristaðar, -kaka og -hýði; sólblómafræ og -kaka; baðmullarfræ og -kaka; hörfræ og -kaka; sesamfræ og -kaka; pálmakjarnakaka; arfanæpufrækaka og -hýði; graskersfrækaka; ólífumauk (sem fellur til við pressun eða á móta vinnslu).
- 1.3. Belgjurtafræ ásamt afurðum og aukaafurðum þess. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Hrútsertur (fræ); linsuflækjufræ; varpabaunir (fræ) sem hafa fengið viðeigandi hitameðferð; ertur (fræ), ertufóðurmjöl og -klíð; hestabaunir sem fræ, hestabaunafóðurmjöl og -klíð; flækjufræ og lúpínufræ.
- 1.4. Hnýði og rótarávextir ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Sykurrófnamauk, þurrkaðar rófur, kartöflur, sætuhnúðar (hnýði), manjókrætur, kartöflumauk (aukaafurð sem fellur til við útdrátt kartöflusterkju), kartöflusterkja, kartöfluprótín og tapíóka.
- 1.5. Önnur fræ og aldin ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Jóhannesarbrauðskálpar, sítrushrat, eplahrat, tómathrat og greiphrat.
- 1.6. Fóðurjurtir og gróffóður. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Refasmári, refasmáramjöl, smári, smáramjöl, gras og græn fóður (úr fóðurjurtum), grasmjöl, hey, vothey, kornhálmur og rótarávextir til fóðurs.
- 1.7. Aðrar plöntur ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Melassi sem bindiefni í fóðurblöndum, þörungamjöl (unnið með þurrkun og mölun og skolað til að minnka innihald jöðs), duft og kjarni (*extracts*) úr plöntum, plöntupróteínkjarni (eingöngu fyrir ung dýr), krydd og kryddjurtir.

#### 2. Fóðurefni úr dýraríkinu.

- 2.1. Mjólk og mjólkurafurðir. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:  
Hrámjólk, eins og hún er skilgreind í 2. gr. í tilskipun 92/46/EBE<sup>1)</sup>, mjólkurduft, undanrenna, undanrennuft, áfir, áfaduft, mysa, mysuoft, sykurskert mysuoft, mysuoft, próteínuft (dregið út með eðlisfræðilegum aðferðum), kasínuft og laktósaduft.

<sup>1)</sup> Stjórið. EB nr. L 268, 14.9.1992, bls. 1.

2.2. Fiskur og önnur sjávardýr ásamt afurðum og aukaafurðum þeirra. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Fiskur, fiskilýsi og óhreinsað þorska(lifrar)lýsi; efni sem myndast við sjálfsrof, vatnsrof og prótínrof, fengin með ensímverkun, úr fiski, lindýrum eða krabbadýrum og hvort sem þau eru í leysanlegu formi eða ekki, eingöngu ætluð ungunum dýrum; fiskimjöl.

### 3. **Fóðurefni úr steinaríkinu.**

Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Natríum:

- óhreinsað sjávarsalt
- óunnið steinsalt
- natríumsúlfat
- natríumkarbónat
- natríumbíkarbónat
- natríumklóríð

Kalsíum:

- þörungakalk (*lithotamnion*) og mergill
- skeljar sjávardýra (þar á meðal blekfiskaskeljar)
- kalsíumkarbónat
- kalsíumlaktat
- kalsíumglúkonat

Fosfór:

- díkalsíumfosfat (botnfall úr beinum)
- flúrsneytt díkalsíumfosfat
- flúrsneytt mónókalsíumfosfat

Magnesíum:

- vatnsfrítt magnesíumoxíð
- magnesíumsúlfat
- magnesíumklóríð
- magnesíumkarbónat

Brennisteinn:

- Natríumsúlfat.

## **D) Aukefni í fóðri, tiltekin efni notuð í fóður (tilskipun ráðsins 82/471/EBE<sup>1)</sup>) og tæknileg hjálparefni við vinnslu notuð í fóður.**

### 1. **Aukefni í fóðri.**

1.1. Snefilefni. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

E1 Járn:

- járn-(II)-karbónat
- járn-(II)-súlfat, einvatnað (mónóhýdrat)
- járn-(III)-oxíð

E2 Joð:

- kalsíumjoðat, vatnsfrítt
- kalsíumjoðat, sexvatnað
- kalíumjoðið

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. L 213, 21.7.1982, bls. 8.

- E3 Kóbalt:  
kóbalt-(II)-súlfat, einvatnað og/eða sjövatnað  
basískt kóbalt-(II)-karbónat, einvatnað
- E4 Kopar:  
kopar-(II)-oxíð  
basískt kopar-(II)-karbónat, einvatnað  
kopar-(II)-súlfat, fimmvatnað
- E5 Mangan:  
mangan-(II)-karbónat  
mangan-(II og III)-oxíð  
mangan-(II)-súlfat, ein- og/eða fjórvatnað
- E6 Sink:  
sinkkarbónat  
sinkoxíð  
sinksúlfat, ein- og/eða sjövatnað
- E7 Mólýbden:  
ammoníummólýbdat, natríummólýbdat
- E8 Selen:  
natríumselenat  
natríumselenít

1.2. Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Vítamín sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE<sup>1)</sup>:

- einkum þau sem eru unnin úr náttúrulegum hráefnum í fóðurefnum, eða
- tilbúin vítamín sem eru eins og náttúruleg vítamín, eingöngu fyrir einmaga dýr.

1.3. Ensím: Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

Ensím sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.

1.4. Örverur. Eftirfarandi örverur eru í þessum flokki:

Örverur sem eru leyfðar samkvæmt tilskipun 70/524/EBE.

1.5. Rotvarnarefni. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

- E 236 Maura-sýra, eingöngu til nota í vothey
- E 260 Ediksýra, eingöngu til nota í vothey
- E 270 Mjólkursýra, eingöngu til nota í vothey
- E 280 Própíónsýra, eingöngu til nota í vothey

1.6. Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni. Eftirtalin efni eru í þessum flokki:

- E 551b Silíkat í sviflausn
- E 551c Kísilgúr
- E 553 Sepíólít
- E 558 Bentónít
- E 559 Kaólínítleir
- E 561 Vermikulít
- E 599 Perlít

## 2. Tilteknar afurðir notaðar í fóður.

Eftirfarandi afurðir eru í þessum flokki:

—

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. L 270, 14.12.1970, bls. 1.

3. **Tæknileg hjálparefni við vinnslu notuð í fóður.**
- 3.1. Tæknileg hjálparefni fyrir vothey. Eftirtalin efni eru í þessum flokki: Sjávarsalt, óunnið steinsalt, ensím, ger, mysa, sykur, sykurrófnamauk, kornmjöl, mel-assi og mjólkursýru-, ediksýru-, maurasýru- og própíónsýrugerlar. Ef gerjun verður ónóg vegna veðurfarslegra skilyrða getur vottunarstofa heimilað notkun mjólkur-, maura-, própíón- og ediksýru við verkun votheys.
- E) Efni leyfð til nota við hreinsun og sóttgreinsun bygginga og tilheyrandi búnaðar fyrir dýr (t.d. búnaðar og áhalda).**
- Kalíum- og natríumsápa  
 Vatn og gufa  
 Leskjað kalk  
 Kalk  
 Óleskjað kalk  
 Natríumhýpóklórít (t.d. sem fljótandi bleikiefni)  
 Vítissóði  
 Kalíumhýdroxíð  
 Vetrísperoxíð  
 Náttúrulegir kjarnar úr plöntum  
 Sítrónu-, peredik-, maura-, mjólkur-, oxal- og ediksýra  
 Alkóhól  
 Saltþéturssýra (búnaður í mjólkuriðnaði/-framleiðslu)  
 Fosfórsýra (búnaður í mjólkuriðnaði/-framleiðslu)  
 Formaldehýð  
 Vörur til að hreinsa og sóttgreinsa júgur og mjólkuráhöld  
 Natríumkarbónat
- F) Aðrar afurðir.**

### III. VIÐAUKI

#### Lágmarkskröfur um eftirlit og varúðarráðstafanir samkvæmt eftirlitskerfinu sem um getur í 8. og 9. gr.

- A.1) Plöntur og plöntuafurðir ræktaðar eða fengnar með tínslu/söfnun.**
1. Framleiðsla skal fara fram innan einingar þar sem ræktunarspildur og framleiðslu- og geymslustaðir eru skýrt afmarkaðir frá öðrum einingum þar sem framleiðsla er ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Heimilt er að vinnslu- og/eða þökkunarstaðir séu hluti einingarinnar takmarkist starfsemi hennar við vinnslu og þökkun eigin landbúnaðarafurða.
  2. Þegar eftirliti er komið á skulu framleiðandi, jafnvel þó starfsemi hans takmarkist við söfnun villtra plantna, og vottunarstofa taka saman:
    - ítarlega lýsingu á einingunni, sem m.a. sýnir geymslu- og framleiðslustaði og ræktunarspildur og/eða söfnunarsvæði og, þar sem við á, staði þar sem tiltekin vinnsla og þökkun fer fram,
    - áætlun um allar hagnýtar ráðstafanir sem framleiðanda ber að gera innan einingarinnar til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar – og

- þegar um er að ræða söfnun villtra plantna, ábyrgðir þriðju aðila, ef við á og máli skiptir, gagnvart framleiðandanum sem tryggja að farið sé að ákvæðum 4. liðar A-hluta I. viðauka.

Þessi gögn, ásamt upplýsingum um tilheyrandi ráðstafanir skulu koma fram í úttektarskýrslu sem viðkomandi framleiðandi skal einnig undirrita.

Einnig skal tilgreina í skýrslunni:

- hvaða dag afurðir sem ekki er heimilt að nota samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. voru síðast notaðar á viðkomandi ræktunarspildum og/eða söfnunarsvæðum,
  - skuldbindingu framleiðanda þess efnis að haga aðgerðum í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. og að samþykkja að ráðstöfunum sem um getur í 9. mgr. 9. gr. og ef við á, 3. mgr. 10. gr. verði beitt ef brot er framið.
3. Á hverju ári fyrir þann dag sem vottunarstofa tilgreinir skal framleiðandi tilkynna henni um framleiðsluáætlun sína um lífrænar afurðir þar sem fram kemur sundurliðun eftir ræktunarspildum.
  4. Færa skal skriflegt bókhald og/eða halda skýrslur sem gera vottunarstofu kleift að átta sig á uppruna, eðli og magni alls hráefnis sem keypt er og notkun þess; einnig skal færa skriflegt bókhald eða halda skýrslur um eðli, magn og viðtakendur allra landbúnaðarafurða sem eru seldar. Færa skal fyrir hvern dag það magn sem selt er beint til neytenda. Vinni einingin sjálf sínar landbúnaðarafurðir skulu upplýsingarnar sem um getur í þriðju undirgrein 2. liðar B-hluta þessa viðauka koma fram í bókhaldinu.
  5. Bannað er að geyma innan einingarinnar aðrar afurðir sem nota á við framleiðslu en þær sem eru í samræmi við ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. og 7. gr.
  6. Vottunarstofa skal framkvæma fullkomið eftirlit á einingunni á staðnum að minnsta kosti einu sinni á ári fyrir utan eftirlitsferðir sem ekki er tilkynnt fyrirfram um. Heimilt er að taka prófsýni af afurðum sem eru óleyfilegar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Samt sem áður er skylt að taka slík sýni þar sem grunur leikur á um notkun óleyfilegra afurða. Að hverri eftirlitsferð lokinni skal semja úttektarskýrslu sem ábyrgðarmaður einingarinnar undirritar einnig.
  7. Framleiðandinn skal, vegna eftirlitsins, veita vottunarstofu aðgang að geymslu- og framleiðslustöðum og ræktunarskikum og einnig að bókhaldi og fylgiskjölum sem máli skipta. Hann skal veita vottunarstofu allar þær upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins.
  - 8.1. Einungis er heimilt að flytja afurðir sem um getur í 1. gr. til annarra eininga, meðal annars heildsala og smásala, í viðeigandi umbúðum eða ílátum sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum:
    - a) nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á framleiðslu eða vinnslu afurðarinnar, eða sé annars söluaðila getið, yfirlýsing sem gerir viðtakanda og vottunarstofu kleift að bera á ótvíræðan hátt kennsl á þann sem ábyrgur er fyrir framleiðslu afurðarinnar;
    - b) heiti afurðarinnar, ásamt tilvísun til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar í samræmi við ákvæði 5. gr.
  - 8.2. Þó er þess ekki krafist að umbúðum eða ílátum sé lokað:
    - a) fari flutningar fram milli framleiðanda og annars atvinnurekanda sem báðir eru háðir eftirlitskerfinu sem um getur í 9. gr., og
    - b) sé fylgiskjal með afurðunum þar sem upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt undirgreininni hér að framan koma fram.



9. Starfræki rekstraraðili nokkrar ræktunareiningar á sama svæði, þar sem framleiddar eru afurðir sem ekki falla undir ákvæði 1. gr., og geymslur fyrir aðföng (t.d. áburð, plöntuvarnarefni, fræ), skulu þessar einingar og geymslur einnig lúta ákvæðum um eftirlit sem fram koma í fyrsta undirlið 2. liðar og í liðum 3 og 4. Óheimilt er að rækta sömu plöntuafbrigði á þessum einingum og ræktað eru á einingu þeirri sem um getur í 1. lið.

Framleiðendum er engu að síður heimilt að víkja frá reglunni sem um getur í síðasta málslíð málsgreinarinnar hér á undan:

- a) ef um framleiðslu á fjölærum ræktunarafurðum er að ræða (ávaxtaræktun, vín og humlar), að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
  1. Framleiðslan sem um ræðir sé hluti aðlögunaráætlunar sem framleiðandi skuldbindur sig til að fylgja, en samkvæmt henni skal hefja lífræna aðlögun á síðasta hluta þess svæðis sem um ræðir á sem skemmstum tíma og má hann ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en fimm ár.
  2. Gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að afurðir frá öllum viðkomandi einingum séu ávallt skildar að.
  3. Vottunarstofu sé tilkynnt um uppskeru allra viðkomandi afurða með að minnsta kosti 48 klukkustunda fyrirvara.
  4. Framleiðandi tilkynni vottunarstofu strax að uppskeru lokinni hve mikil hún er nákvæmlega í viðkomandi einingum og um sérstök einkenni (t.d. gæði, lit, meðalþyngd, o.s.frv.) og staðfesti að gripið hafi verið til ráðstafana til að skilja afurðir að.
  5. Vottunarstofa hafi samþykkt aðlögunaráætlunina og þær ráðstafanir sem um getur í 1. og 2. lið. Staðfesta ber fyrrnefnt samþykki árlega eftir að aðlögunaráætluninni hefur verið hrint í framkvæmd.
- b) ef um er að ræða svæði til landbúnaðarrannsóknna sem landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt, að því tilskildu að skilyrðum 2., 3. og 4. liðar í a-lið og þeim hluta af skilyrðum 5. liðar í a-lið sem við eiga hafi verið fullnægt;
- c) ef um er að ræða fræframleiðslu, framleiðslu plöntufjölgunarefna og örgræðlinga, að því tilskildu að skilyrðum 2., 3. og 4. liðar í a-lið og þeim hluta af skilyrðum 5. liðar í a-lið sem við eiga hafi verið fullnægt.

## A.2) Búfé og búfjárafurðir.

1. Þegar eftirliti, sem nær sérstaklega til búfjárframleiðslu, er komið á skulu framleiðandi og vottunarstofa taka saman:
    - nákvæma lýsingu á gripahúsum, beitolandi, hólfum, gerðum o.s.frv. og, eftir því sem við á, aðstöðu vegna geymslu, þökkunar og vinnslu að því er varðar búfé, búfjárafurðir, hráefni og aðföng;
    - nákvæma lýsingu á geymslum fyrir búfjáraður;
    - áætlun um dreifingu slíks áburðar, sem vottunarstofa hefur samþykkt, ásamt nákvæmri lýsingu á þeim svæðum sem eru lögð undir ræktun nytjaplantna;
    - greinargerð, eftir því sem við á, um samninga sem gerðir eru við önnur býli um dreifingu búfjáraðurar;
    - stjórnunaráætlun (*management plan*) fyrir framleiðslueiningu lífrænt ræktaðs búfjár (til dæmis um fóðrun, tímgun og heilbrigði) – og
    - greinargerð um allar raunhæfar ráðstafanir sem ber að gera á býlinu í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.
- Lýsingin og viðkomandi ráðstafanir skulu settar fram í úttektarskýrslu sem viðkomandi framleiðandi skal einnig undirrita.

Í skýrslunni skal ennfremur koma fram skuldbinding framleiðandans um að hann muni stunda rekstur sinn í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. og að hann samþykki, ef um brot á reglum er að ræða, að þær ráðstafanir, sem um getur í 9. mgr. 9. gr. og, ef við á, í 3. mgr. 10. gr., komi til framkvæmda.

2. Almennar kröfur um eftirlit sem fram koma í liðum 1 og 4-8 í hluta A.1, sem gilda um nytjaplöntur og plöntuafurðir, gilda einnig um búfé og búfjárafurðir. Heimiluð er sú undanþága frá þessum reglum að leyft er að geyma hefðbundin dýralyf og sýklalyf á bújörðum, enda hafi dýralæknir gefið út lyfseðil fyrir þeim í tengslum við meðferð eins og um getur í I. viðauka, og þau séu geymd undir eftirliti, og að það sé skráð í skýrslum búsin.
3. Skýlt er að auðkenna búféð á varanlegan hátt með tækni sem sniðin er að hverri tegund, hvert dýr, ef um stór spendýr er að ræða, en hvert dýr eða hvern hóp ef um alifugla eða smærri spendýr er að ræða.
4. Upplýsingar um búféð skal færa í búfjárskýrslu sem vottunarstofa getur gengið að hvenær sem er á bújörðinni. Slíkar skýrslur, sem veita eiga nákvæma lýsingu á bústofninum og meðferð hans, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:
  - aðfengið búfé, eftir tegundum: uppruni og komudagur, aðlögunartími, auðkenni og forsaga um meðferð af hálfu dýralæknis,
  - brottflutningur búfjár af bújörðinni eftir tegundum: aldur, fjöldi dýra, þyngd ef um sláturdýr er að ræða, auðkenni og ákvörðunarstaður,
  - hvers kyns vanhöld dýra og ástæður þeirra,
  - fóður: tegund, þar á meðal fóðurbætir (feed supplements), hlutfall mismunandi innihaldsefna í skömmtum og tímabil, þegar dýrin geta gengið frjáls í högum, og tímabil þegar dýrin geta farið milli bithaga í þeim tilvikum þar sem takmarkanir gilda,
  - forvarnir gegn sjúkdómum og meðferð og umönnun dýralæknis: dagsetning meðferðar, sjúkdómsgreining, tegund efnis sem er notað við meðferð, tilhögun meðferðar og lyfseðlar dýralæknis, er varða meðferðina, ásamt rökstuðningi, og útskilnaðartíminn sem tilskilinn er áður en búfjárafurðir mega fara á markað.
5. Ef framleiðandi rekur nokkur búfjárbylí á sama svæði heyrja þær einingar, þar sem búfjárframleiðsla eða framleiðsla búfjárafurða er stunduð og sem falla ekki undir 1. gr., einnig undir eftirlitskerfið að því er varðar fyrsta, annan og þriðja undirlið 1. liðar í þessum hluta um búfé og búfjárafurðir svo og ákvæði um hirðingu og fóðrun dýranna, búfjárskýrslur og meginreglurnar um geymslu þess sem er notað við eldið.

**B) Einingar þar sem tilreiðsla plöntu- og búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og búfjárafurðum fer fram.**

1. Þegar eftirliti er komið á skulu framleiðandi og vottunarstofa taka saman:
  - ítarlega lýsingu á einingunni, sem m.a. sýnir aðstöðu sem notuð er til vinnslu, þökkunar og geymslu landbúnaðarafurða áður en og eftir að þessar aðgerðir fara fram,
  - yfirlit um allar hagnýtar ráðstafanir sem gera skal innan einingarinnar til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Þessi lýsing skal ásamt tilheyrandi ráðstöfunum koma fram í eftirlitsskýrslu sem ábyrgðarmaður einingarinnar skal einnig undirrita.

Einnig skal skýrslan innihalda skuldbindingu atvinnurekandans þess efnis að haga aðgerðum þannig að þær séu í samræmi við ákvæði 5. gr. og að samþykkja að ráðstöfunum sem um getur í 9. mgr. 9. gr. og, ef við á, 3. mgr. 10. gr. sé beitt ef brot er framið.

2. Færa skal skriflegt bókhald sem gerir vottunarstofu kleift að átta sig á:
  - uppruna, eðli og magni landbúnaðarafurða sem um getur í 1. gr. og sendar hafa verið til einingarinnar,
  - eðli, magni og viðtakendum afurða sem um getur í 1. gr. og sendar hafa verið frá einingunni,
  - hvers kyns öðrum upplýsingum, t.d. um uppruna, eðli og magn innihaldsefna, auk-efna og framleiðsluefna sem send hafa verið til einingarinnar og samsetningu un-  
inna afurða, sem vottunarstofa krefst til þess að viðeigandi eftirlit með aðgerðum  
geti farið fram.
3. Ef afurðir sem ekki er getið um í 1. gr. eru einnig unnar, pakkaðar eða geymdar innan viðkomandi einingar:
  - skulu vera aðskilin svæði innan einingarinnar á athafnasvæðinu þar sem unnt er að geyma afurðir, sem um getur í 1. gr., áður en og eftir að aðgerðir fara fram,
  - skulu aðgerðir standa óslitið yfir uns allri framleiðslulotunni hefur verið lokið á öðrum stað og tíma en samsvarandi aðgerðir sem gerðar eru á afurðum sem ákvæði 1. gr. gilda ekki um,
  - skal tilkynna um slíkar aðgerðir fyrirfram og innan tímamarka sem vottunarstofa samþykkir komi þær sjaldan til framkvæmda,
  - skal grípa til allra ráðstafana til að tryggja að unnt sé að bera kennsl á framleiðsl-  
una og forðast blöndun hennar við afurðir sem ekki eru framleiddar í samræmi  
við ákvæði þessarar reglugerðar.
4. Vottunarstofa skal framkvæma ítarlega úttekt á einingunni með heimsókn á staðinn að minnsta kosti einu sinni á ári, auk fyrirvaralausra úttekta. Heimilt er að taka prófsýni vegna efna sem eru óleyfileg samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skyld er þó að taka slík sýni ef grunur leikur á um notkun óleyfilegra afurða. Að hverri úttekt lokinni skal semja úttektarskýrslu sem ábyrgðarmaður einingarinnar skal einnig undirrita.
5. Vegna eftirlitsins skal atvinnurekandinn veita vottunarstofu aðgang að einingunni, bókhaldi hennar og fylgiskjölum sem máli skipta. Hann skal veita vottunarstofu allar þær upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins.
6. Einungis er heimilt að flytja afurðir sem um getur í 1. gr. til annarra eininga, meðal annars heildsala og smásala, í viðeigandi umbúðum eða ílátum sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum:
  - a) nafn og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á framleiðslu eða vinnslu afurðarinnar eða, sé annars söluaðila getið, yfirlýsing sem gerir viðtakanda og vottunarstofu kleift að bera á ótvíræðan hátt kennsl á þann sem ábyrgur er fyrir framleiðslu afurðarinnar;
  - b) heiti afurðarinnar, ásamt tilvísun til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar í samræmi við viðeigandi ákvæði 5. gr.Þegar atvinnurekandi tekur við afurð eins og um getur í 1. gr. skal hann kanna hvort umbúðir eða ílát séu lokað sé þess krafist og hvort merkingar sem um getur í máls-  
greininni hér að framan, lið 8.1 í hluta A.1 eða 8. lið í C-hluta, séu á sínum stað. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í bókhaldinu sem um getur í 2. lið B-hluta. Leiði könnunin í ljós minnsta vafa um að viðkomandi afurð sé frá atvinnurekanda sem eftirlitskerfið sem kveðið er á um í 9. gr. gildir um er því aðeins heimilt að nota hana til vinnslu eða pakka henni að þeim vafa hafi verið eytt, nema að hún sé markaðssett án merkingar sem vísar til lífrænu framleiðsluaðferðar-  
innar.

**C) Innflytjendur plöntu- og búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og/eða búfjárafurðum frá þriðju löndum.**

1. Þegar eftirliti er komið á skulu innflytjandi og vottunarstofa taka saman:
  - ítarlega lýsingu á athafnasvæði og starfsemi innflytjanda, þar sem fram kemur eins og unnt er hvar afurðir koma inn á EES-svæðið, og annarri aðstöðu sem innflytjandinn hyggst nota til geymslu á innfluttum afurðum;
  - yfirlit um allar hagnýtar ráðstafanir sem innflytjandinn skal gera til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.Þessi lýsing ásamt tilheyrandi ráðstöfunum skal koma fram í úttektarskýrslu sem innflytjandinn skal einnig undirrita.  
Einnig skal koma fram í skýrslunni að innflytjandinn hafi skuldbundið sig til að:
  - haga innflutningsstarfseminni í samræmi við ákvæði 11. gr. og að samþykkja að ráðstöfunum sem um getur í 9. mgr. 9. gr. verði beitt ef brot er framið;
  - tryggja að við úttekt hafi vottunarstofan eða, þegar geymslustaðir eru í öðru EES-ríki eða héraði, viðurkenndur eftirlitsaðili í viðkomandi EES-ríki eða héraði aðgang að öllum geymslustöðum sem innflytjandinn hyggst nota.
2. Færa skal bókhald sem gerir vottunarstofu kleift að rekja fyrir hverja framleiðslulotu sem um getur í 1. gr. og flutt er inn frá þriðja landi:
  - uppruna, eðli og magn viðkomandi framleiðslulotu og, ef vottunarstofa óskar, allar upplýsingar um fyrirkomulag flutninga frá útflytjanda í þriðja landi til athafnasvæðis innflytjanda eða geymslustaðar;
  - eðli, magn og viðtakendur viðkomandi framleiðslulotu og, ef vottunarstofa óskar, allar upplýsingar um fyrirkomulag flutninga frá athafnasvæði innflytjanda eða geymslustað til viðtakenda.
3. Innflytjandinn skal láta vottunarstofu í té vitneskju um hverja innflutta sendingu til EES-svæðisins, meðal annars allar upplýsingar sem vottunarstofan kann að óska eftir, eins og afrit af eftirlitsvottorði um innflutning lífrænna afurða. Þegar dreifing viðkomandi afurða á sér stað í öðru EES-ríki er vottunarstofunni heimilt að senda upplýsingarnar til aðila sem viðurkenndur er til að annast eftirlit í viðkomandi ríki til að eftirlit með innfluttu sendingunni geti farið fram á staðnum.
4. Ef innfluttar afurðir sem um getur í 1. gr. eru geymdar á geymslustöðum þar sem aðrar landbúnaðarafurðir eða matvæli eru einnig unnar, pakkaðar eða geymdar skal:
  - halda afurðunum sem um getur í 1. gr. aðskildum frá öðrum landbúnaðarafurðum og/eða matvælum;
  - gera allar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að bera kennsl á framleiðslulotur og að koma í veg fyrir að þeim sé blandað saman við afurðir sem ekki eru fengnar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
5. Vottunarstofa skal framkvæma ítarlega úttekt á athafnasvæði innflytjandans að minnsta kosti einu sinni á ári, auk fyrirvaralausra úttekta og, ef við á, skoða úrtak annarra geymslustaða sem innflytjandinn notar.  
Vottunarstofa skal skoða bókhaldið sem getið er um í 2. lið C-hluta og vottorðin sem um getur í b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 11. gr. Heimilt er að taka prófsýni vegna efna sem eru óleyfileg samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skylt er þó að taka slík sýni ef grunur leikur á um notkun óleyfilegra afurða. Að hverri úttekt lokinni skal semja úttektarskýrslu sem ábyrgðarmaður einingarinnar skal einnig undirrita.
6. Vegna eftirlitsins skal innflytjandinn veita vottunarstofu aðgang að athafnasvæði sínu og að bókhaldi og fylgiskjölum sem máli skipta, einkum innflutningsvottorðum. Hann skal veita vottunarstofu allar þær upplýsingar sem teljast nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

7. Flytja skal afurðir sem um getur í 1. gr. inn frá þriðja landi í viðeigandi umbúðum eða ílátum sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim og þar sem fram koma deili á útflytjanda og önnur merki og tölur sem gera kleift að bera kennsl á vörusendinguna með eftirlitsvottorðinu. Þegar atvinnurekandi tekur við afurð eins og um getur í 1. gr. skal hann kanna hvort umbúðir eða ílát séu lokað og samræmi milli auðkenna vörusendingar og vottorðsins sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. eða sambærilegs vottorðs sé þess krafist af yfirvöldum samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru í samræmi við 6. mgr. 11. gr. Geta skal um niðurstöður þessarar sannprófunar með skýrum hætti í bókhaldinu sem um getur í 2. lið C-hluta. Leiði könnunin í ljós minnsta vafa um hvort viðkomandi afurð sé frá þriðja landi sem ekki er viðurkennt eða útflytjanda í þriðja landi sem ekki er viðurkenndur samkvæmt ákvæðum 11. gr. er einungis heimilt að markaðssetja afurðina, vinna úr henni eða pakka henni, eftir að þeim vafa hefur verið eytt, nema að hún sé markaðssett án merkingar sem vísar til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar.
8. Einungis er heimilt að flytja afurðir, sem um getur í 1. gr., til annarra eininga, meðal annars heildsala og smásala, í viðeigandi umbúðum eða ílátum sem þannig er lokað að ekki er unnt að skipta um innihald í þeim og með merkimiða þar sem fram kemur, með fyrirvara um aðrar merkingar sem krafist er samkvæmt lögum:
- a) nafn og heimilisfang innflytjanda afurðarinnar eða yfirlýsing sem gerir viðtakanda og vottunarstofu kleift að bera á ótvíræðan hátt kennsl á innflytjanda afurðarinnar;
  - b) heiti afurðarinnar, ásamt tilvísun til lífrænu framleiðsluaðferðarinnar í samræmi við viðeigandi ákvæði 5. gr.

#### IV. VIÐAUKI

##### **Upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningunni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 8. gr.**

- a) Nafn og heimilisfang atvinnurekanda.
- b) Staðsetning athafnasvæðis og, þar sem við á, ræktunarskika (upplýsingar úr þinglýsingarbók) þar sem aðgerðir fara fram.
- c) Eðli aðgerða og afurða.
- d) Skuldbinding atvinnurekanda um að framkvæma aðgerðir í samræmi við ákvæði 5., 6., 7. og/eða 11. gr.
- e) Ef um er að ræða bújörð, á hvaða degi framleiðandi hætti að nota á viðkomandi ræktunarskikunum afurðir sem samrýmast ekki ákvæðum b-liðar 1. mgr. 6. gr. og 7. gr.
- f) Nafn faggiltrar vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu sem atvinnurekandi hefur falið eftirlit með fyrirtæki sínu.

#### V. VIÐAUKI

##### **Ábending og kennimerki til notkunar við merkingu lífrænna landbúnaðarafurða, sbr. 10. gr.**

##### **Inngangur.**

Við birtingu kennimerkis EES-svæðisins, sem vísað er til í B-hluta þessa viðauka, í merkingum, skal farið að skilyrðum sem sett eru í 10. gr. þessarar reglugerðar og í B-hluta þessa viðauka.

**A) Ábending um að afurðir heyri undir eftirlitskerfið.**

Ábending þess efnis að afurð heyri undir eftirlit samkvæmt eftirlitskerfinu skal koma fram á sama tungumáli eða tungumálum og notuð eru fyrir merkingar.

ES: Agricultura Ecológica – Sistema de control CE

DK: Økologisk Landbrug – EF kontrolordning

D: Biologische Landwirtschaft – EG-Kontrollsystem eða Ökologischer Landbau – EG-Kontrollsystem

GR: Βιολογική Γεωργία — Σφραγισμένο Ελεγχόου ΕΟΚ

EN: Organic farming – EC Control System

F: Agriculture biologique – Système de contrôle CE

I: Agricultura Biologica – Regime di controllo CE

NL: Biologische landbouw – EG-controlesysteem

P: Agricultura Biológica – Sistema de Controlo CE

FI: Luonnonmukainen maataloustuotanto – EY:n valvontajärjestelmä

SV: Ekologiskt jordbruk – EG-kontrollsystem

N: Økologisk landbrug – EF kontrollsystem

IS: Lífrænn landbúnaður – Eftirlitskerfi EES/ESB

**B) Kennimerki EES-svæðisins.****1. Skilyrði fyrir birtingu og notkun kennimerkis EES-svæðisins.**

1.1. Kennimerki EES-svæðisins sem vísað er til hér að ofan skal vera samkvæmt þeim fyrirmyndum sem sýndar eru í lið 2 í þessum hluta viðauka V.

1.2. Ábendingar sem koma skulu fram í kennimerkinu eru nefndar í lið 3 í þessum hluta viðauka V. Heimilt er að samtengja kennimerkið við ábendinguna sem nefnd er í A-hluta þessa viðauka.

1.3. Við notkun á kennimerki EES-svæðisins og ábendingum sem getið er um í lið 3 í þessum viðauka skal farið eftir tæknilegum reglum um endurgerð merkisins sem fram koma í grafískum leiðbeiningum í lið 4 í þessum hluta viðauka V.

**2. Fyrirmynd.**

(Merkið í lit með íslenski ábendingu: LÍFRÆNN LANDBÚNAÐUR)

(Yfir merkinu skal standa: Íslenska)

**3. Ábendingar sem setja skal inn í kennimerki EES-svæðisins.**

3.1. Einfaldar ábendingar:

ES: AGRICULTURA ECOLÓGICA

DK: ØKOLOGISK JORDBRUG

D: BIOLOGISCHE LANDWIRTSCHAFT eða

ÖKOLOGISCHER LANDBAU

GR: ΒΙΟΛΟΓΙΚ ΓΕΩΡΓΙΑ

EN: ORGANIC FARMING

F: AGRICULTURE BIOLOGIQUE

I: AGRICOLTURA BIOLOGICA

NL: BIOLOGISCHE LANDBOUW

P: AGRICULTURA BIOLÓGICA

FI: LUONNONMUKAINEN MAATALOUSTUOTANTO

SV: EKOLOGISKT JORDBRUK

N: ØKOLOGISK LANDBRUK  
IS: LÍFRÆNN LANDBÚNAÐUR

3.2. Samsetning tveggja ábendinga:

Samsetningar tveggja ábendinga sem vísa til tungumálanna sem nefnd eru í 3.1 má nota í samræmi við eftirfarandi dæmi:

NL/F: BIOLOGISCHE LANDBOUW – AGRICULTURE BIOLOGIQUE

FI/SV: LUONNONMUKAINEN MAATALOUSTUOTANTO – EKOLOGISK  
ISKT JORDBRUK

F/D: AGRICULTURE BIOLOGIQUE – BIOLOGISCHE LANDWIRTSCHAFT

4. **Grafískar leiðbeiningar.**

4.1. Grafískar leiðbeiningar eru hjálpargagn atvinnurekenda við gerð eftirmyndar af kennimerkinu.

4.2. Almenn notkun kennimerkisins.

4.2.1. Litað kennimerki.

Pegar merkið er notað í lit skal nota annað hvort:

(a) Beina litagerð:

- Grænn: Pantone 367.

- Blár: Pantone Reflex blár.

- Texti í bláu.

(b) Fjórlita vinnslu:

- Grænn: 30,5% cyan + 60% gult.

- Blár: 100% cyan + 80% magenta.

- Texti í bláu.




4.2.2. Einlitt kennimerki: Kennimerki í svörtu og hvítu.  
Kennimerkið má nota eins og hér er sýnt:



#### 4.2.3. Aðgeining frá bakgrunnslitum.

Ef merkið er notað í lit á lituðum bakgrunni sem veldur því að erfitt er að lesa það, skal nota afmarkandi ytri hring um merkið til að greina það betur frá bakgrunnslitunum eins og hér er sýnt:



#### 4.2.4. Stafagerð.

Nota skal feitlettraða samþjappaða stóra stafi af gerðinni Frutiger. (*Frutiger bold condensed in capitals.*) Stafastærð skal smækka í samræmi við viðmið sem fram koma í lið 4.2.6.

#### 4.2.5. Tungumál.

Notandi er frjálst að því að velja það eða þau tungumál sem hann kys í samræmi við þá kosti sem gefnir eru upp í lið 3.

#### 4.2.6. Smækkun.

Ef notkun kennimerkisins á mismunandi tegundum merkinga veldur því að smækkun er nauðsynleg, skulu lágmarksstærðir þess vera:

- (a) Fyrir kennimerki með einfaldri ábendingu: lágmarksstærð 20 mm í þvermál.
- (b) Fyrir kennimerki með samsetningu tveggja ábendinga: lágmarksstærð 40 mm í þvermál.

#### 4.2.7. Tilteknar notkunaraðstæður.

Tilgangurinn með notkun kennimerkisins er að koma á framfæri ákveðnu gildi afurðanna. Áhrifaríkasta notkun kennimerkisins er því í litum, því þannig er það meira áberandi og er auð- og fljótgreinanlegra fyrir neytandann.

Eingöngu er mælt með notkun kennimerkisins í einlit (svörtu og hvítu) eins og sýnt er í lið 4.2.2 þegar óhentugt er að nota það í lit.



4.3. Upprunaleg Brómíð (*Original Bromides*).

4.3.1. Tveggja lita val:



4.3.2. Útlínur:



4.3.3. Svarthvít:



4.3.4. Litasýnishorn:



## VI. VIÐAUKI

### Leyfileg innihaldsefni og hjálparefni.

#### Inngangur.

Í þessum viðauka gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. Innihaldsefni: Efni samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. þessarar reglugerðar með þeim takmörkunum sem um getur í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE<sup>1)</sup> frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkja ESB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda.
2. Innihaldsefni úr landbúnaði:
  - a) Einstakar landbúnaðarafurðir og afurðir þeirra framleiddar með vídeigandi skolun, hreinsun, hitameðferð og/eða vélrænum aðferðum og/eða eðlisfræðilegum aðferðum sem valda því að rakainnihald afurðarinnar minnkar;
  - b) einnig afurðir framleiddar úr þeim afurðum sem getið er í a-lið með öðrum aðferðum sem eru notaðar í matvælavinnslu, nema þessar afurðir séu taldar auk-efni í matvælum eða bragðefni samkvæmt skilgreiningu í 5. og 7. lið hér að aftan.
3. Innihaldsefni, ekki úr landbúnaði: Önnur innihaldsefni en innihaldsefni úr landbúnaði sem tilheyrja að minnsta kosti einum af eftirtöldum flokkum:
  - 3.1. Aukefni í matvælum, þar með talin aukefnaburðarefni samkvæmt skilgreiningu í 5. og 6. lið hér að aftan;
  - 3.2. bragðefni samkvæmt skilgreiningu í 7. lið hér að neðan;
  - 3.3. vatn og salt;
  - 3.4. örverublöndur;
  - 3.5. steinefni (þar með talin snefilefni) og vítamín.
4. Hjálparefni við framleiðslu: Efni samkvæmt skilgreiningu í a-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/107/EBE<sup>2)</sup> um samræmingu laga aðildarríkja ESB varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum.
5. Aukefni í matvælum: Efni samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/107/EBE<sup>2)</sup> og sem fjallað er um í þeirri tilskipun eða heildartilskipun samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 89/107/EBE<sup>2)</sup>.
6. Burðarefni, þar með talin leysiefni notuð sem burðarefni: Aukefni í matvælum notuð til að leysa upp, þynna, dreifa eða með öðrum hætti að umbreyta aukefni á eðlis-lægan hátt án þess að breyta tæknilegu hlutverki þess í þeim tilgangi að gera meðhöndlun efnisins, beitingu eða notkun auðveldari.
7. Bragðefni: Efni og afurðir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 88/388/EBE<sup>3)</sup> frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja ESB um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra og sem fjallað er um í þeirri tilskipun.

#### Almennar meginreglur.

Í A-, B- og C-hlutum er fjallað um innihaldsefni og hjálparefni sem heimilt er að nota við vinnslu matvæla sem einkum eru samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu, sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, að víni undanskildu.

Meðan reglurnar í A- og B-hlutum í þessum viðauka hafa ekki verið samþykktar, og til að ná sérstaklega til tilreiðslu matvæla úr einni búfjárafurð eða fleiri, skulu innlendar reglur gilda.

Prátt fyrir vísanir til einhvers innihaldsefnis í A- og C-hlutum eða einhvers hjálparefnis í B-hluta, skal einungis haga vinnsluáðferðum, t.d. reykingu, og notkun íblöndunar-

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 33, 8.2.1979, bls. 1.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 40, 11.2.1989, bls. 27.

<sup>3)</sup> Stjtið. EB nr. L 184, 15.7.1988, bls. 61.

og hjálparefna, í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins og/eða íslenskrar lög-gjafar, eða ef þeirra nýtur ekki við, í samræmi við góða starfshætti í matvælavinnslu.

**A) Innihaldsefni, ekki úr landbúnaði sem um getur í c-lið 3. mgr. 5. gr. og í d-lið 5a. mgr. 5. gr.**

**A.1. Aukefni í matvælum, þar með talin burðarefni.**

<i>Heiti</i>	<i>Sérstök skilyrði</i>
E 170 Kalsíumkarbónat	öll almennt leyfileg notkun nema til litunar
E 270 Mjólkursýra	-
E 290 Karbondíoxíð	-
E 296 Eplasyra	-
E 300 Askorbínsýra	-
E 306 Tókóferólríkur kjarni	þráavarnarefni í fitu og olíu
E 322 Lesítín	-
E 330 Sítrónusýra	-
E 333 Kalsíumsítrat	-
E 334 Vínsýra (L(+)-)	-
E 335 Natríumtartrat	-
E 336 Kalíumtartrat	-
E 341 i) Mónókalsíumfosfat	lyftiduft fyrir sjálfhefandi hveiti
E 400 Algínsýra	-
E 401 Natríumalgínat	-
E 402 Kalíumalgínat	-
E 406 Agar	-
E 407 Karragenan	-
E 410 Gúmmí úr baunum Jóhannesarbrauðtrés	-
E 412 Gúargúmmí	-
E 413 Tragantgúmmí	-
E 414 Arabískt gúmmí	-
E 415 Xantangúmmí	-
E 416 Karayagúmmí	-
E 422 Glýseról	jurtakraftur (plöntuseyði) (extracts)
E 440(i) Pektín	-
E 500 Natríumkarbónöt	-
E 501 Kalíumkarbónöt	-
E 503 Ammóníumkarbónöt	-
E 504 Magníumkarbónöt	-
E 516 Kalsíumsúlfat	burðarefni
E 524 Natríumhýdroxíð	yfirborðsmeðferð Laugengebäck
E 551 Kísildíoxíð	kekkjavarnarefni fyrir krydd og jurtir
E 938 Argon	-
E 941 Köfnunarefni	-
E 948 Súrefni	-

**A.2. Bragðefni í skilningi tilskipunar ráðsins 88/388/EBE.<sup>1)</sup>**

Efni og afurðir samkvæmt skilgreiningu í i-lið b-liðar og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 88/388/EBE merkt sem náttúruleg bragðefni eða náttúrulegar bragðefna-blöndur samkvæmt d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. sömu tilskipunar.

**A.3. Vatn og salt.**

Drykkjarvatn

Salt (með natríumklóríð eða kalíumklóríð sem grunnefnisþætti), venjulega notað í matvælavinnslu.

<sup>1)</sup> Stjórn. EB nr. L 184, 15.7.1988, bls. 61.

## A.4. Örverublöndur.

i. Örverublöndur venjulega notaðar í matvælavinnslu, að undanskildum erfðabreyttum örverum í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE<sup>1)</sup>;

## A.5. Steinefni (þar með talin snefilefni), vítamín, amínósýrur og önnur köfnunarefnissambönd.

Steinefni (þar með talin snefilefni), vítamín, amínósýrur og önnur köfnunarefnissambönd eru aðeins leyfð að því tilskildu að lög mæli fyrir um notkun þeirra í viðkomandi matvælum.

**B) Hjálparefni við framleiðslu og aðrar afurðir sem heimilt er að nota við vinnslu lifrænt framleiddra innihaldsefna úr landbúnaði sem um getur í d-lið 3. mgr. 5. gr. og e-lið 5a. mgr. 5. gr.**

Heiti	Sérstök skilyrði
Vatn	
E 509 Kalsíumklóríð	storknunarefni
E 170 Kalsíumkarbónat	
E 526 Kalsíumhýdroxíð	
E 516 Kalsíumsúlfat	storknunarefni
E 511 Magníumklóríð (eða nígarí)	storknunarefni
E 501 Kalíumkarbónat	þurrkun vínþrúgna
E 500 Natríumkarbónat	sykurframleiðsla
E 330 Sítrónusýra	olíuframleiðsla og vatnsrof sterkju
E 524 Natríumhýdroxíð	sykurframleiðsla, olíuframleiðsla úr repjufræi ( <i>Brassica spp.</i> ) einungis á tímabili sem lýkur 31. mars 2002
E 513 Brennisteinssýra	sykurframleiðsla
Ísóprópanól	við kristöllum í sykurframleiðslu; með hliðsjón af ákvæðum í tilskipun ráðsins 88/344/EBE <sup>2)</sup> , síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 97/60/EBE <sup>3)</sup> , fyrir tímabilið sem endar 31.12.2006
E 290 Koldíoxíð	
E 941 Köfnunarefni	
Etanól	leysiefni
E 184 Tannínsýra	síunarhjálprefni
Eggjahvítalbúmín	
Kasín	
Gelatín	
Fiskilím	
Jurtaolíur	smurnings-, slípi- eða froðueyðandi efni
E 551 Kísildíoxíðhlaup eða -kvoðulausn	
Virkt kolefni	
E 553 Talk	
Bentónít	
Álsilíkat	
Kísilgúr	
Perlusteinn	
Heslihnetuhýði	
Hrísmjöl	
E 901 Bývax	leysari
E 903 Karnaubavax	leysari

<sup>1)</sup> Stjórið. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15.

<sup>2)</sup> Stjórið. EB nr. L 157, 24.6.1988, bls. 28.

<sup>3)</sup> Stjórið. EB nr. L 331, 3.12.1997, bls. 7.

**Örverublöndur og ensím:**

Örverublöndur og ensím sem venjulega eru notuð sem hjálparefni í matvælavinnslu, að undanskildum örverum sem hefur verið erfðabreytt samkvæmt skilgreiningu 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE<sup>1)</sup>, og að undanskildum ensínum fengnum úr erfðabreyttum lífverum samkvæmt skilgreiningu 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE.

**C) Innihaldsefni úr landbúnaði sem ekki eru framleidd með lífrænni aðferð og um getur í 4. mgr. 5. gr.**

C.1. Óunnar afurðir úr jurtaríkinu sem og afurðir fengnar úr þeim með vinnsluáðferðum sem um getur í skilgreiningu í a-lið 2. mgr.:

C.1.1. Ætir ávextir, hnetur og fræ:

Akörn	<u><i>Quercus</i> spp.</u>
Kólahnetur	<u><i>Cola acuminata</i></u>
Stikilsber	<u><i>Ribes uva-crispa</i></u>
Ástaraldin	<u><i>Passiflora edulis</i></u>
Hindber (þurrkuð)	<u><i>Rubus ideus</i></u>
Rifsber (þurrkuð)	<u><i>Ribes rubrum</i></u>

C.1.2. Neysluhæft krydd og kryddjurtir:

Pipar (perúanskur)	<u><i>Schinus molle</i> L.</u>
Piparrótarfræ	<u><i>Armoracia rusticana</i></u>
Litla galanga	<u><i>Alpinia officinarum</i></u>
Safflower blóm	<u><i>Carthamus tinctorius</i></u>
Brunnperla	<u><i>Nasturtium officinale</i></u>

C.1.3. Ýmislegt:

Þörungar, þar með talið þang og þari, sem leyfð eru í hefðbundinni matvælagerð.

C.2. Afurðir úr jurtaríkinu, unnar með aðferðum sem um getur í skilgreiningu í b-lið 2. mgr. í inngangi þessa viðauka:

C.2.1. Fituefni og olíur, hreinsaðar eða óhreinsaðar, en sem ekki hefur verið efnafræðilega umbreytt, úr öðrum plöntum en:

Kakótré	<u><i>Theobroma cacao</i></u>
Kókospálma	<u><i>Cocos nucifera</i></u>
Ólífutré	<u><i>Olea europaea</i></u>
Sólfli	<u><i>Helianthus annuus</i></u>
Pálma	<u><i>Elaeis guineensis</i></u>
Repju	<u><i>Brassica napur, rapa</i></u>
Safflower	<u><i>Carthamus tinctorius</i></u>
Sesam	<u><i>Sesamum indicum</i></u>
Soja	<u><i>Glycine max</i></u>

C.2.2. Eftirfarandi sykur, sterkja og aðrar afurðir úr korni og rótarhnyðum:

Rófusykur, aðeins til 1.4.2003

Sterkja úr hrísgrjónum og vaxmaís sem ekki hefur verið breytt efnafræðilega

Hríspappír

Ávaxtasykur

Unleavened bread paper

<sup>1)</sup> Stjóð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15.

## C.2.3. Ýmislegt:

Prótín úr ertum *Pisum spp.*

Romm: Eingöngu bruggað úr sykurreyrssafa

Kirsi (*kirsch*) búið til með berjum og bragðefnum sbr. hluta A.2 í þessum viðauka.

## C.3. Dýraafurðir:

Vatnalífverur aðrar en eldislífverur og leyfðar eru í hefðbundinni matvælagarð

Gelatín

Mysuduft („*herasuola*“)

## VII. VIÐAUKI

### Fjöldi búfjár á beitilandi.

Flokkur eða tegund	Hámarksfjöldi dýra á ha (sem jafngildir 170 kg N/ha/ár)
Dýr af hestaætt eldri en sex mánaða	2
Eldiskálfar	5
Aðrir nautgripir yngri en veturgamlir (12 mánaða)	5
Naut sem eru veturgömul en yngri en tvævetra	3,3
Kýr sem eru veturgamlar en yngri en tvævetra	3,3
Naut tvævetra eða eldri	2
Undaneldiskvígur	2,5
Eldiskvígur	2,5
Mjólkurkúr	2
Afsláttarkúr	2
Aðrar kýr	2,5
Undaneldiskanínur, læður	100
Ær	13,3
Geitur	13,3
Mjólkurgrísir	74
Undaneldisgyltur	6,5
Eldissvín	14
Önnur svín	14
Eldiskjúklingar	580
Varphænur	230

### VIII. VIÐAUKI

#### Rými búfjár.

**Minnsti leyfilegi yfirborðsflötur innan- og utanhúss og önnur einkenni húsakosts fyrir mismunandi tegundir dýra og mismunandi framleiðslugreinar.**

#### 1. Nautgripir, sauðfé og svín.

	Innanhússrými (svæði sem dýrin hafa aðgang að)		Utanhússrými (gerði o.þ.h. annað en beitoland)
	Lágmarkslíffyngd (kg)	m <sup>2</sup> /dýr	m <sup>2</sup> /dýr
Nautgripir og dýr af hestaætt til undaneldis og í slátureldi	að 100 að 200 að 350 meiri en 350	1,5 2,5 4,0 5 að lágmarki 1 m <sup>2</sup> /100 kg	1,1 1,9 3 3,7 að lágmarki 0,75 m <sup>2</sup> /100 kg
Mjólkurkýr		6 <sup>(1)</sup>	4,5
Þarfanaut		10 <sup>(2)</sup>	30
Sauðfé og geitfé		1,5 fullorðið fé/geitfé <sup>(3)</sup>  0,35 lömb/kiðlingar	2,5  2,5 og 0,5 fyrir lömb eða kiðlinga
Gyltur með grísi yngri en 40 daga á spena		7,5 gyltur	2,5
Eldissvín	að 50 að 85 að 110	0,8 1,1 1,3	0,6 0,8 1
Mjólkurgrísir	eldri en 40 daga og að 30 kg	0,6	0,4
Undaneldissvín		2,5 gyltur 6,0 geltir	1,9 8,0

- (<sup>1</sup>) Vottunarstofa getur veitt undanþágu frá þessu lágmarki, sem svarar 1/2 m<sup>2</sup> fyrir hver 50 kg líffyngdar, en þó skal rými ekki vera minna en 4 m<sup>2</sup> á hvert dýr.
- (<sup>2</sup>) Vottunarstofa getur veitt undanþágu frá þessu lágmarki, þannig að þarfanaut að 750 kg þyngd skal minnst hafa 7,5 m<sup>2</sup> legurými og þarfanaut yfir 750 kg þyngd skulu minnst hafa 8 m<sup>2</sup> legurými, en að lágmarki 1 m<sup>2</sup>/100 kg.
- (<sup>3</sup>) Vottunarstofa getur veitt undanþágu frá þessu lágmarki fyrir huðnur og ær af íslenskum kynstofnum, en þó skal rými ekki vera minna en 1 m<sup>2</sup> á hvert dýr. Ofangreindar undanþágur má eingöngu veita á aðlögunartímanum sem lýkur 31. desember 2010 og til bújarða þar sem búfjárframleiðsla er stunduð, hafi byggingar sem þar eru, verið reistar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

## 2. Alifuglar.

	Innanhússrými (svæði sem dýrin hafa aðgang að)			Utanhússrými (svæði í m <sup>2</sup> sem er til ráðstöfunar fyrir hvert skipti/dýr)
	Fjöldi dýra/m <sup>2</sup>	cm af prikum/dýr	hreiður	
Varphænur	6	18	8 varphænur á hreiður eða 120 cm <sup>2</sup> /fugl ef hreiður er sameiginlegt	4, svo fremi að ekki sé ferð yfir 170 kg af N/ha/ár
Alifuglar í sláturreldi (í föstum húsum)	10 að hámarki 21 kg lífþyngd/m <sup>2</sup>	20 (eingöngu fyrir perluhænsn)		4 sláturkjúklingar og perluhænsn. 4,5 endur 10 kalkúnar 15 gæsir Ekki skal fara yfir 170 kg af N/ha/ár að því er varðar allar ofangreindar tegundir
Alifuglar í sláturreldi (í færanlegum húsum)	16 <sup>(1)</sup> í færanlegum alifuglahúsum þar sem lífþyngd er að hámarki 30 kg/m <sup>2</sup>			2,5, svo fremi að ekki sé ferð yfir 170 kg af N/ha/ár

(<sup>1</sup>) Eingöngu ef um er að ræða færanleg hús með gólfleti, sem er ekki yfir 150 m<sup>2</sup>, sem standa opin að nóttu.

## IX. VIÐAUKI

- - -

## X. VIÐAUKI

**Skilgreining á þriðju löndum sem vísað er til í 11. grein.**

Sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 94/92/EBE ásamt breytingum á henni.

**Inngangur.**

Skráin yfir þriðju lönd sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. er sett fram í A-hluta þessa viðauka.

Í þessari skrá er að finna allar nauðsynlegar upplýsingar um hvert þriðja land til að unnt sé að bera kennsl á afurðir sem reglurnar gilda um og einkum:

- Yfirvald eða aðila, einn eða fleiri, sem annast útgáfu eftirlitsvottorða í viðkomandi þriðja landi vegna fyrirhugaðs innflutnings til bandalagsins – og
- eftirlitsyfirvald eða yfirvöld í viðkomandi þriðja landi og/eða þá einkaaðila sem hlotið hafa viðurkenningu þess sama þriðja lands til að framkvæma eftirlit.



Ennfremur kemur fram í skránni, þar sem það á við:

- Tilreiðslueiningar og útflytjendur sem eftirlitskerfið nær til – og
- þær afurðir sem reglurnar gilda um.

Breyting á skrá þessari er háð ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/92/EBE<sup>1)</sup>.

## A) Skrá yfir þriðju lönd og viðeigandi forskriftir.

### ARGENTÍNA

#### 1. Afurðaflokkar:

- a) Óunnar ræktunarafurðir og búfé og ótilreiddar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr., með eftirfarandi undantekningu:
    - búfé og búfjárafurðir, sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar;
  - b) Tilreiddar ræktunar- og búfjárafurðir sem ætlaðar eru til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr., með eftirfarandi undantekningu:
    - búfjárafurðir, sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar.
2. **Uppruni:** Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Argentínu.
  3. **Eftirlitsaðilar:**
    - Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL (Argencert)
    - Organización Internacional Agropecuaria (OIA)
    - Letis SA
  4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.
  5. **Gildistími viðbótar:** 30. júní 2003.

### ÁSTRALÍA

#### 1. Afurðaflokkar:

- a) Óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr.
  - b) Matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr.
2. **Uppruni:** Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið ræktuð í Ástralíu.
  3. **Eftirlitsaðilar:**
    - Australian Quarantine and Inspection Service (AQIS) (Department of Agriculture, Fisheries and Forestry)
    - Bio-dynamic Research Institute (BDRI)
    - Biological Farmers of Australia (BFA)
    - Organic Vignerons Association of Australia Inc. (OVAA)
    - Organic Herb Growers of Australia Inc. (OHGA)
    - Organic Food Chain Pty Ltd. (OFC)
    - National Association of Sustainable Agriculture, Australia (NASAA).
  4. **Útgefendur vottorða:** sjá 3. lið.
  5. **Gildistími viðbótar:** 30. júní 2003.

<sup>1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 11, 17.1.1992, bls. 14.

## TÉKKLAND

1. **Afurðaflokkar:**

- a) Óunnar ræktunarafurðir og búfé og ótilreiddar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr., að undanskildum:
  - ræktunarafurðum, sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar, og innihalda fleiri en eitt efni upprunnið úr landbúnaði,
  - búfé og búfjárafurðum sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar,
  - fiskeldisafurðum.
- b) Tilreiddar ræktunar- og búfjárafurðir sem ætlaðar eru til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr., að undanskildum:
  - ræktunarafurðum, sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar, og innihalda fleiri en eitt efni upprunnið úr landbúnaði,
  - búfjárafurðum sem merktar eru eða merkja á með tilvísun til aðlögunar,
  - afurðum sem innihalda fiskeldisafurðir.

2. **Uppruni:** Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Tékklandi.

3. **Eftirlitsaðilar:** KEZ o.p.s.

4. **Útgefendur vottorða:**

- KEZ o.p.s.
- Department of Structural Policy and Rural Development.

5. **Gildistími viðbótar:** 30.6.2003.

## UNGVERJALAND

1. **Afurðaflokkar:**

- a) Óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr.
- b) Matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið ræktuð í Ungverjalandi eða flutt inn til Ungverjalandis:
 

- annaðhvort frá ESB
- eða frá þriðja landi innan ramma fyrirkomulags sem viðurkennt er að sé jafngilt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr.

3. **Eftirlitsaðilar:** Biokontroll Hungaría Közhasnú Társaság (Biokontroll Hungaría Kht) og Skal.

4. **Aðili sem gefur út vottorð:** Biokontroll Hungaría Közhasnú Társaság og Skal (skrifstofa í Ungverjalandi).

5. **Gildistími viðbótar:** 30. júní 2003.

## ÍSRÆL

1. **Afurðaflokkar:**

- a) Óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr.
- b) Matvæli sem eru aðallega samsett úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr.

2. **Uppruni:** Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið ræktuð í Ísrael eða flutt inn til Ísraels:
 

- annaðhvort frá ESB
- eða frá þriðja landi innan ramma fyrirkomulags sem viðurkennt er að sé jafngilt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr.

3. **Eftirlitsaðili:** Plant Protection and Inspection Services (PPIS) (Ministry of Agriculture and Rural Development).
4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.
5. **Gildistími viðbótar:** 30. júní 2003.

## SVISS

1. **Afurðaflokkar:**
  - a) Óunnar ræktunarafurðir og búfé og ótilreiddar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr., að undanskildum:
    - afurðum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum, eins og um getur í 5. mgr. 5. gr.;
    - afurðum býflugnaræktar;
  - b) Tilreiddar ræktunar- og búfjárafurðir ætlaðar til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr., að undanskildum:
    - afurðum, sem vísað er til í 5. mgr. 5. gr., sem í er innihaldsefni úr landbúnaði og framleiddar eru á aðlögunartímanum;
    - afurðum sem innihalda afurðir býflugnaræktar og framleiddar eru í Sviss, sem eru í efnunum úr lífrænni framleiðslu.
2. **Uppruni:** Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt ræktuð innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið ræktuð í Sviss eða verið flutt inn til Sviss:
  - annaðhvort frá Evrópusambandinu,
  - eða frá þriðja landi innan ramma fyrirkomulags sem viðurkennt er að sé jafngilt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr.,
  - eða frá þriðja landi þegar aðildarríki Evrópusambandsins hefur viðurkennt í samræmi við ákvæði 6. mgr. 11. gr., að sama afurð hafi verið framleidd og skoðuð í viðkomandi þriðja landi samkvæmt sama fyrirkomulagi og viðurkennt er í aðildarríkjum ESB.
3. **Eftirlitsaðilar:** „Institut für Marktökologie (IMO)“, bio.inspecta AG, og Schweizerische Vereinigung für Qualitäts und Management-Systeme (SQS).
4. **Aðili sem gefur út vottorð:** sjá 3. lið.
5. **Gildistími viðbótar:** 31.12. 2002.

## XI. VIÐAUKI

**Eftirlitsvottorð fyrir innflutning frá þriðju löndum.**

Sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 1788/2001/EB.

**A) Reglur um framkvæmd ákvæða um eftirlitsvottorð fyrir innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í 11. grein.**

1.
  - 1.1. Þessar reglur skilgreina nákvæmlega skilyrði varðandi eftirlitsvottorð sem krafist er samkvæmt b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 11. gr. og skilyrði varðandi afhendingu slíks vottorðs fyrir innflutning sem gerður er í samræmi við 6. mgr. 11. gr.
  - 1.2. Þessar reglur eiga ekki við um afurðir sem:
    - ekki er ætlað að heimila til frjálsrar dreifingar (*not intended for release for free circulation*) innan EES-svæðisins í óbreyttu formi eða eftir tilreiðslu,
    - eru tollfrjálsar skv. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 918/83/EBE<sup>1)</sup> sem skilgreinir fyrirkomulag tollfrelsis innan bandalagsins. Reglurnar eiga þó við um tollfrjálsar vörur samkvæmt 39. og 43. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar 918/83/EBE<sup>1)</sup>.

<sup>1)</sup> Stjtd. EB nr. L 105, 23.4.1983, bls. 1.

2. Í þessum reglum er merking hugtaka sem hér segir:
  - 2.1. „Eftirlitsvottorð“: Eftirlitsvottorð sem tekur til vörusendingar og gert er ráð fyrir samkvæmt b-lið 1. mgr. 11. gr., svo og samkvæmt liðum 3, 4 og 8 í þessum reglum.
  - 2.2. „Vörusending“: Tiltekið magn afurða með einum eða fleiri númerum í sameiginlegri tollskrá ESB (*Combined Nomenclature Codes*), sem lýst er á einu eftirlitsvottorði, og fluttar hafa verið með sama hætti og upprunnar eru frá sama þriðja landi.
  - 2.3. „Sannprófun á vörusendingu“: Sannprófun tollayfirvalda á því að eftirlitsvottorð uppfylli lið 4.2 í þessum reglum og, ef þessi yfirvöld telja viðeigandi, að afurðirnar uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.
  - 2.4. „Heimild til frjálsrar dreifingar innan EES-svæðisins“: Heimild sem tollayfirvöld veita til frjálsrar dreifingar/flutnings á vörusendingu innan EES-svæðisins.
  - 2.5. „Tollayfirvöld“: Tollstjóri á hverjum stað.
3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 11. gr. um skilyrði fyrir útgáfu eftirlitsvottorðs og 3. mgr. 11. gr. skulu gilda um heimild til frjálsrar dreifingar innan EES-svæðisins á afurðum sem tilgreindar eru í 1. gr., hvort sem þessar afurðir eru fluttar inn til markaðssetningar samkvæmt 1. mgr. eða 6. mgr. 11. gr.
4.
  - 4.1. Heimild til frjálsrar dreifingar á afurðum sem getið er um í 1. gr. skal skilyrt því að:
    - (a) tollayfirvöldum hafi verið afhent eftirlitsvottorð í frumriti – og
    - (b) tollayfirvöld hafi sannprófað vörusendingu og framselt eftirlitsvottorðið í samræmi við lið 4.11.
  - 4.2. Frumrit eftirlitsvottorðsins skal uppsett í samræmi við ákvæði liða 4.3-4.10 og 8 og fyrirmynd í B-hluta.
  - 4.3. Eftirlitsvottorðið skal gefið út af:
    - (a) eftirlitsaðila í þriðja landi sem tilgreindur er fyrir viðkomandi þriðja land í X. viðauka – eða
    - (b) yfirvaldi eða aðila sem viðurkenndur er samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 11. gr. til útgáfu á eftirlitsvottorði.
  - 4.4. Yfirvald eða aðili sem gefur út eftirlitsvottorðið skal:
    - (a) þá fyrst gefa út eftirlitsvottorð og samþykkja yfirlýsingu á reit 15, þegar að hann hefur kannað öll viðeigandi eftirlitsgögn, þar með talda framleiðsluáætlun fyrir viðkomandi afurðir og flutnings- og viðskiptaskjöl, og eftir að yfirvaldið eða aðilinn hefur annaðhvort skoðað viðkomandi vörusendingu áður en hún er afgreidd til sendingar frá hinu þriðja landi, eða hefur fengið greinargóða yfirlýsingu útflytjanda um að viðkomandi vörusending hafi verið framleidd og/eða tilreidd í samræmi við þau skilyrði sem viðkomandi yfirvald eða aðili setur um innflutning og markaðssetningu inn á EES-svæðið á afurðum sem vísað er til í 1. gr. í samræmi við ákvæði 1. og 6. mgr. 11. gr.;
    - (b) gefa hverju útgefnu eftirlitsvottorði raðnúmer og halda skrá yfir öll afhent vottorð.
  - 4.5. Eftirlitsvottorð skal uppsett á einu af opinberum tungumálum EES-svæðisins og útfyllt, að stimplum og undirskriftum undanteknum, annaðhvort eingöngu með stórum stöfum eða eingöngu með litlum stöfum. Eftirlitsvottorð skal að jafnaði vera útfyllt á íslensku og/eða ensku. Ef svo er ekki geta tollayfirvöld farið fram á löggilta þýðingu á íslensku eða ensku. Óvottaðar breytingar eða ústrikanir skulu ógilda eftirlitsvottorðið.

- 4.6. Eftirlitsvottorð skal gefið út í einu frumeintaki. Fyrsta viðtakanda eða, þegar við á, innflytjanda er heimilt að taka afrit í því skyni að upplýsa vottunarstofu í samræmi við lið 3 í C-hluta viðauka III. Öll slík afrit skulu auðkennd með orðinu „AFRIT“ (*COPY*), áprentað eða stimplað.
- 4.7. Í reit 16 í eftirlitsvottorði sem gefið er út samkvæmt lið 4.3.b, skal, um leið og það er afhent samkvæmt lið 4.1, koma fram yfirlýsing vottunarstofu samkvæmt því sem tilgreint er í 6. mgr. 11. gr.
- 4.8. Vottunarstofa, sem hefur eftirlit með innflytjandanum samkvæmt 8. og 9. gr., skal annast umsjón með yfirlýsingu í reit 16, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins skv. 6. mgr. 11. gr.
- 4.9. Yfirlýsingar í reit 16 er ekki krafist:
- þegar innflytjandi leggur fram frumgerð skjals sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi EES-ríkis, sem veitti heimild samkvæmt 6. mgr. 11. gr., og sannar að sú heimild nær til vörusendingarinnar – eða
  - þegar yfirvald í EES-ríki, sem veitti heimild samkvæmt 6. mgr. 11. gr., hefur veitt íslenskum tollayfirvöldum beint fullnægjandi vitnisburð um að heimildin taki til vörusendingarinnar.
- 4.10. Skjal það sem veita á upplýsingar þær sem krafist er samkvæmt lið 4.9 skal m.a. hafa að geyma:
- tilvísunarnúmer og gildistíma innflutningsheimildar,
  - nafn og heimilisfang innflytjanda,
  - upprunaland (þriðja land),
  - upplýsingar um aðila eða yfirvald sem gefur út heimild og, ef um annan aðila er að ræða, um eftirlitsaðila eða -yfirvald í þriðja landi,
  - heiti þeirra afurða sem um ræðir.
- 4.11. Við sannpröfun vörusendingar afurða sem vísað er til í 1. gr. skal samþykki tollayfirvalda við frumrit eftirlitsvottorðsins koma fram í reit 17, og vottorðinu skal síðan skilað aftur til þess sem lagði það fram.
- 4.12. Við móttöku vörusendingar skal fyrsti viðtakandi útfylla reit 18 á frumriti eftirlitsvottorðs og votta með því að tekið hafi verið við vörusendingunni samkvæmt 7. lið C-hluta viðauka III.
- Fyrsti viðtakandi skal síðan senda frumrit vottorðsins til innflytjandans sem tilgreindur er í 11. reit vottorðsins, með hliðsjón af kröfum a-liðs 3. mgr. 11. gr., nema ef vottorðið þarf að fylgja vörusendingunni vegna tilreiðslu sbr. lið 5.1 hér að neðan.
- 5.
- 5.1 Vörusending, sem lýtur fríðindatollmeðferð (*suspensive customs procedure*) samkvæmt reglugerð ráðsins nr. 2913/92/EBE<sup>1)</sup> um stofnun tollnúmerakerfis bandalagsins, og sem kemur frá þriðja landi og ætlunin er að afhenda innan EES til einna eða fleiri afnota í tilreiðslu, þ.e. eitt eða fleiri vinnsluþrep, sbr. 3. mgr. 4. gr. og samþykkja má samkvæmt 1. mgr. 522. gr. og a(iv)-lið 1. mgr. 552. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2454/93/EBE<sup>2)</sup> sem tilgreinir skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar ráðsins nr. 2913/92/EBE<sup>1)</sup>, áður en frjáls dreifing hennar á EES-svæðinu er heimiluð, skal meðhöndluð samkvæmt lið 4.1 áður en fyrsta tilreiðsla fer fram.
- Tilreiðslan kann að fela í sér aðgerðir á borð við:
- þökkun eða endurþökkun, eða
  - merkingar varðandi tilvísun til hinnar lífrænu framleiðsluáðferðar.
- Að þessari tilreiðslu lokinni skal samþykkt frumrit eftirlitsvottorðs fylgja vöru-

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 302, 19.10.1992, bls. 1.

<sup>2)</sup> Stjtið. EB nr. L 253, 11.10.1993, bls. 1.

sendingunni og afhent tollayfirvöldum í samræmi við lið 4.1 með tilliti til heimildar til frjálsrar dreifingar á sendingunni.

Þegar við á skal frumriti eftirlitsvottorðsins að þessu loknu skilað til innflytjanda vörusendingarinnar, sem tilgreindur er í 11. reit vottorðsins, til þess að uppfylla ákvæði a-liðar 3. mgr. 11. gr.

- 5.2 Vörusending, sem lýtur friðindatollmeðferð (*suspensive customs procedure*) samkvæmt reglugerð ráðsins nr. 2913/92/EBE<sup>1)</sup>, sem kemur frá þriðja landi og ætlunin er að afhenda innan EES-svæðisins til skiptingar í nokkra hluta áður en frjáls dreifing hennar er heimiluð, skal meðhöndluð samkvæmt lið 4.1 áður en uppskiptingin á sér stað.

Tollayfirvöldum skal afhentur útdráttur úr eftirlitsvottorði með hverjum þeim hluta sem leiðir af uppskiptum vörusendingar, í samræmi við fyrirmynd og skýringar í C-hluta. Útdráttur eftirlitsvottorðsins skal samþykktur af tollayfirvöldum í reit 14.

Sá aðili sem telst vera fyrsti innflytjandi vörusendingar, og tilgreindur er í 11. reit eftirlitsvottorðs, skal geyma afrit af hverjum samþykktum útdrætti eftirlitsvottorðs með frumriti eftirlitsvottorðs. Slíkt afrit skal auðkennt með orðinu „AFRIT“ (*COPY*), áprentað eða stimplað.

Eftir uppskiptingu vörusendingar skal samþykkt frumrit hvers útdrattar eftirlitsvottorðs fylgja viðkomandi sendingarhluta (*batch*) og afhent tollayfirvöldum til þess að uppfylla lið 4.1 með tilliti til heimildar til frjálsrar dreifingar á sendingarhlutanum.

Við móttöku sendingarhluta skal viðtakandi hans ljúka útfyllingu útdrattar eftirlitsvottorðs í reit 15 því til staðfestingar að móttaka sendingarhluta hafi farið fram í samræmi við 6. lið B-hluta viðauka III.

Viðtakandi sendingarhluta skal varðveita útdrátt eftirlitsvottorðs í minnst tvö ár til framvísunar við eftirlit vottunarstofu.

- 5.3 Tilreiðsla og uppskipting sem vísað er til í liðum 5.1 og 5.2 skulu framkvæmdar í samræmi við viðeigandi skilyrði í 8. og 9. gr., svo og B- og C-hluta III. viðauka hvað þetta varðar og einkum 3. og 7. lið C-hluta III. viðauka. Aðgerðirnar skulu framkvæmdar í samræmi við 5. gr.

6. Með fyrirvara um aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 9. mgr. 9. gr. og/eða grein 10.a, er heimild til frjálsrar dreifingar afurða sem ekki uppfylla kröfur þessarar reglugerðar háð því að tilvísun til lífrænna framleiðsluáðferða sé fjarlægð af merkingum, auglýsingum og meðfylgjandi skjölum.

7. Tollayfirvöld og landbúnaðarráðuneytið, svo og vottunarstofa, skulu aðstoða hvort annað við framkvæmd þessara reglna.

Landbúnaðarráðuneytið skal, fyrir 1. apríl 2002, upplýsa önnur ríki EES-svæðisins um þau yfirvöld sem það hefur tilgreint í sambandi við lið 2.5, svo og hverjum falin var umsjón með framkvæmd liðar 4.8 og um aðferðir, ef notaðar eru við framkvæmd liðar 4.9.b. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar þegar og ef breytingar verða.

## B) Fyrirmynd eftirlitsvottorðs fyrir innflutning á afurðum lífrænnar framleiðslu inn á EES-svæðið.

Fyrirmynd vottorðsins er ákvörðuð hvað snertir:

textann,

fyrirkomulagið, á einu blaði (báðum megin)

uppsetninguna og hlutföllin í reitunum.

<sup>1)</sup> Stjtið. EB nr. L 302, 19.10.1992, bls. 1.

Skýringar við fyrirmynd eftirlitsvottorðsins:

- Reitur 1: Yfirvald eða aðili eða annað tilgreint yfirvald eða aðili sem vísað er til í lið 4.3 í A-hluta. Þessi aðili fyllir einnig út reiti 3 og 15.
- Reitur 2: Þessi reitur tiltekur þær reglugerðir ESB sem eiga við um útgáfu og notkun þessa vottorðs; tiltakið hvort skilyrði 1. eða 6. mgr. 11. gr. eiga við.
- Reitur 3: Raðnúmer vottorðsins sem útgefandi þess skráir í samræmi við lið 4.4 í A-hluta.
- Reitur 4: Leyfisnúmer ef um er að ræða innflutning sem fellur undir 6. mgr. 11. gr. Þessi reitur er útfylltur af útgefanda eða, ef upplýsingarnar liggja ekki fyrir þegar útgefandi útfyllir reit 15, af innflytjanda.
- Reitur 5: Nafn og heimilisfang útflytjanda.
- Reitur 6: Vottunarstofa sem annaðist eftirlit með því að síðasta meðferð afurðanna (framleiðsla, tilreiðsla, þ.m.t. þökkun og merkingar, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr.) hafi verið í samræmi við reglur útflutningslandsins um lífrænar framleiðsluáðferðir.
- Reitur 7: Atvinnurekandi sem framkvæmdi síðustu meðferð afurðanna (framleiðslu, tilreiðslu, þ.m.t. þökkun og merkingar, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr.) í vörusendingunni í þriðja landi sem nefnt er í reit 6.
- Reitur 9: Viðtökuland táknað fyrsta viðtakanda innan EES-svæðisins.
- Reitur 10: Nafn og heimili fyrsta viðtakanda vörusendingarinnar innan EES-svæðisins. Fyrsti viðtakandi merkir sá einstaklingur eða lögaðili sem vörusendingin er flutt til og þar sem hún verður notuð til frekari tilreiðslu og/eða markaðssetningar. Fyrsti viðtakandi skal einnig fylla út reit 18.
- Reitur 11: Nafn og heimili innflytjanda. Innflytjandi merkir þann einstakling eða lögaðila innan EES-svæðisins sem sækir um heimild til frjálstrar dreifingar vörusendingar innan EES-svæðisins, annaðhvort sjálfur eða fulltrúi hans.
- Reitur 13: Númer í sameiginlegri tollskrá ESB (*Combined Nomenclature Codes*) fyrir viðkomandi afurðir.
- Reitur 14: Tilkynnt magn, tilgreint í viðeigandi mælieiningum (kg, lítrar, o.s.frv.).
- Reitur 15: Yfirlýsing útgefanda vottorðsins. Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentað mál á vottorðinu;
- Reitur 16: Eingöngu fyrir innflutning með áðferð sem lýst er í 6. mgr. 11. gr. Skal útfyllt af vottunarstofu sem hefur verið falin umsjón í samræmi við lið 4.8 í A-hluta. Skal eigi útfylla þegar undanþága liðar 4.9 í hluta E.1 á við.
- Reitur 17: Skal útfylltur af tollayfirvöldum annaðhvort við sannprófun vörusendingarinnar í samræmi við lið 4.1 í A-hluta, eða áður en fram fer tilreiðsla eða uppskipting sem vísað er til í 5. lið í A-hluta.
- Reitur 18: Skal útfylltur af fyrsta viðtakanda við móttöku afurðanna, þegar hann hefur framkvæmt þær athuganir sem krafist er samkvæmt 7. lið C-hluta í viðauka III.

**EES/ESB – EFTIRLITSVOTTORÐ  
FYRIR INNFLUTNING AFURÐA LÍFRÆNNAR FRAMLEIÐSLU**

1. Aðili eða yfirvald sem gefur vottorðið út (nafn og heimilisfang)	2. Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og reglugerð (EB) nr. 1788/2001 1. mgr. 11. gr. <input type="checkbox"/> eða 6. mgr. 11. gr. <input type="checkbox"/>	
3. Raðnúmer eftirlitsvottorðsins	4. Tilvísunarnúmer heimildar skv. 6. mgr. 11. gr.	
5. Útflytjandi (nafn og heimilisfang)	6. Eftirlitsaðili eða –yfirvald (nafn og heimilisfang)	
7. Framleiðandi eða tilreiðandi vörunnar (nafn og heimilisfang)	8. Útflutningsland ( <i>country of dispatch</i> )	
	9. Viðlökuland	
10. Fyrsti viðtakandi innan EES-svæðisins (nafn og heimilisfang)	11. Nafn og heimilisfang innflytjanda	
11. Auðkenni og númer. Númer á gámi/gámum. Fjöldi og tegund. Söluheiti vörunnar	13. Númer í sameiginlegri tollskrá ESB (CN Code)	14. Tilkynt magn
<p>15. Yfirlýsing útgefanda vottorðsins sem tilgreindur er í reit 1.</p> <p>Það staðfestist hér með að þetta vottorð hefur verið gefið út á grundvelli athugana sem krafist er samkvæmt 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1788/2001/EB og að vörur þær sem tilgreindar eru hér að ofan hafa verið framleiddar í samræmi við reglur um framleiðslu og eftirlit með hinni lífrænu framleiðsluaðferð sem taldar eru jafngildar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 2092/91/EBE.</p> <p>Dagsetning</p> <p>Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns <span style="float: right;">Stimpill útgefanda</span></p>		



**16. Yfirlýsing vottunarstofu sem veitti heimildina (að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins)**

Það staðfestist hér með að afurðir þær sem tilgreindar eru hér að ofan er heimilt að markaðssetja á EES-svæðinu í samræmi við aðferð þá sem lýst er í 6. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 2092/91/EBE, með heimildarnúmeri sem skráð er í reit 4.

Dagsetning:

Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns

Stimpill vottunarstofu

**17. Staðfesting íslenskra tollayfirvalda á vörusendingunni**

Land: .....

Innflutningsskráning (tegund, númer, dagsetning og tollskrifstofa sem gefur yfirlýsinguna):

Dagsetning: .....

Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns

Stimpill

**18. Yfirlýsing fyrsta viðtakanda**

Það staðfestist hér með að tekið hefur verið við vörunum í samræmi við ákvæði 7. liðar C-hluta III. viðauka reglugerðar nr. 2092/91/EBE.

Nafn fyrirtækis

Dagsetning

Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns

**C) Fyrirmynd útdráttar úr eftirlitsvottorðinu.**

Fyrirmynd útdráttarins er ákveðin hvað snertir:

- textann,
- fyrirkomulagið,
- uppsetninguna og hlutföllin í reitunum.

Skýringar við fyrirmynd útdráttar úr eftirlitsvottorðinu:

Útdráttur nr. ...: Númer útdráttar samsvarar númeri þess hluta vörusendingar sem leiddi af uppskiptingu upprunalegrar vörusendingar.

Reitur 1: Nafn aðila eða yfirvalds í þriðja landi sem gaf út eftirlitsvottorðið sem liggur til grundvallar.

Reitur 2: Þessi reitur tiltekur þær reglugerðir ESB sem eiga við um útgáfu og notkun þessa útdráttar. Tiltakið þau skilyrði 11. gr. sem innflutningur vörusendingar, er til grundvallar liggur, fór eftir, sjá reit 2 í eftirlitsvottorði sem að baki liggur.

Reitur 3: Raðnúmer vottorðs sem til grundvallar liggur og útgefandi þess gaf því í samræmi við lið 4.4 í A-hluta.

Reitur 4: Tilvísunarnúmer heimildar sem veitt var í samræmi við 6. mgr. 11. gr., sjá reit 4 í eftirlitsvottorði sem liggur til grundvallar.

Reitur 6: Vottunarstofa sem annast eftirlit með atvinnurekandanum sem skipti upp vörusendingunni.

Reitir 7, 8, 9: Sjá viðeigandi upplýsingar í eftirlitsvottorðinu sem liggur til grundvallar.

Reitur 10: Viðtakandi sendingarhluta (sem leiddi af uppskiptingunni) á EES-svæðinu.

Reitur 12: Númer í sameiginlegri tollskrá ESB (*Combined Nomenclature Codes*) fyrir sendingarhluta viðkomandi afurða.

Reitur 13: Tilkynnt magn, tilgreint í viðeigandi mælieiningum (kg, lítrar, o.s.frv.).

Reitur 14: Skal útfylltur af tollayfirvöldum fyrir hvern sendingarhluta sem leiðir af uppskiptingu þeirri sem vísað er til í lið 5.1.b í A-hluta.

Reitur 15: Skal útfylltur við móttöku sendingarhlutans, þegar viðtakandi hefur framkvæmt þær athuganir sem krafist er samkvæmt 6. lið B-hluta í viðauka III.

**EES/ESB**  
**ÚTDRÁTTUR Nr. \_\_\_\_\_ ÚR EFTIRLITSVOTTORÐI**

1. Aðili/yfirvald sem gaf út eftirlitsvottorð sem liggur til grundvallar (nafn og heimilisfang)	2. Reglugerð nr. 2092/91/EBE og rgl. nr. 1788/2001/EB 1. mgr. 11. gr. <input type="checkbox"/> eða 6. mgr. 11. gr. <input type="checkbox"/>	
3. Raðnúmer eftirlitsvottorðs sem liggur til grundvallar	4. Tilvísunarnúmer heimildar skv. 6. mgr. 11. gr.	
5. Aðili sem skipti upprunalegri sendingu upp í hluta (nafn og heimilisfang)	6. Eftirlitsaðili eða –yfirvald (nafn og heimilisfang)	
7. Nafn og heimilisfang innflytjanda upprunalegrar vörusendingar	8. Útflutningsland upprunalegrar vörusendingar	9. Tilkynt heildarmagn í upprunalegri vörusendingu
10. Viðtakandi sendingarhluta sem leiddi af uppskiptingunni (nafn og heimilisfang)		
11. Auðkenni og númer. Númer á gámi. Fjöldi og tegund. Söluheiti sendingarhluta	12. Númer í sameiginlegri tollskrá ESB	13. Tilkynt magn í sendingarhlutanum
<p>14. Yfirlýsing íslenskra tollayfirvalda til samþykkis á útdrætti vottorðsins</p> <p>Þessi útdráttur er í samræmi við þann sendingarhluta sem lýst er hér að ofan og leiddi af uppskiptingu vörusendingar sem gerð er grein fyrir í frumriti eftirlitsvottorðs sem hefur raðnúmer það sem tilgreint er í reit 3.</p> <p>Land: .....</p> <p>Dagsetning: .....</p> <p>Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns <span style="float: right;">Stimpill</span></p>		
<p>15. Yfirlýsing viðtakanda sendingarhlutans</p> <p>Það staðfestist hér með að tekið hefur verið við sendingarhlutanum í samræmi við ákvæði 6. liðar B-hluta III. viðauka í reglugerð nr. 2092/91/EBE</p> <p>Nafn fyrirtækis</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Nafn og undirskrift ábyrgðarmanns</p>		

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2002.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 16. janúar 2002 var samþykkt eftirfarandi breyting á gjaldskrá kaldavatnsveitu í austurhluta sveitarfélagsins fyrir árið 2002:

Vatnsgjald 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með br. skv. ákvæði 3. gr. laga nr. 149/1995, með br. skv. ákvæði 1. gr. laga nr. 143/2000.

Tengigjald (stofngjald) á lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 251.604.

Tengigjald fyrir frístundahús (sumarhús) og íbúðarhús verður kr. 127.502.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. janúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsing um viðurkenningu erlendra kennivottorða og undanþágu frá skyldu til að hafa vegabréfsáritun, nr. 234 23. mars 2001.

1. gr.

Í 5. tölul. 2. mgr. 2. gr. falla brott orðin „Behelfsmässiger Personalausweis“ undir Þýskaland.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Við 1. tölul. bætist í stafrófsröð:

RÚMENÍA

b. 2. tölul. 3. mgr., sbr. auglýsingu nr. 309 9. apríl 2001, falli brott.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 46 12. maí 1965, sbr. lög nr. 25 9. maí 2000, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. janúar 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Stefán Eiríksson.*

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 6/2002 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2001.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2001.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar 2. apríl 2002.

*Reykjavík, 23. janúar 2002.*

F.h. ríkisskattstjóra,

**Ingvar J. Rögnvaldsson.**

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu um náttúruminjaskrá, nr. 631/1995.**

Svæði 646 í auglýsingunni orðast svo:

**Fell**, Fellahreppi, N-Múlasýslu. (1) Til austurs markast svæðið af Lagarfljóti frá nesi á móts við bæinn Kross að tanga sunnan Skipalækjar, þaðan í suðurenda Urriðavatns og með þjóðvegi norður að Rangá. Að norðan og vestan ráða Rangá og Svínalækur að 170 m hæðapunkti vestan Nónáss, þaðan um suðurenda Krókvatns yfir þjóðveg á milli bæjanna Setbergs og Birnufells að Lagarfljóti og þaðan eftir Lagarfljótsbakka að upphafspunkti. (2) Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásum með mýrarsundum og vötnum á milli. Mikill og fjölbreyttur gróður og fjölbreytt fuglalíf. Merkar söguminjar. Útivistarsvæði í nánd við þéttbýli.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. janúar 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 7/2002 um fresti til að skila framtölum og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002 á tekjur ársins 2001 og eignir í lok þess árs.

#### *Frestir til að skila framtölum 2002.*

##### 1. gr.

Framtölum manna, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 25. mars 2002.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er skilafrestur þó til 8. apríl 2002.

##### 2. gr.

Framtölum manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 25. mars 2002.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra er skilafrestur þó til 8. apríl 2002.

Skattstjóra er heimilt ef sérstaklega stendur á að veita frekari frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til 10. apríl 2002.

##### 3. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 31. maí 2002.

##### 4. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem dvöl erlendis eða veikinda, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

#### *Form og skilamáti framtala.*

##### 5. gr.

Menn, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is.
- b) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali 2002 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.

##### 6. gr.

Menn, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali 2002 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.
- b) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is samkvæmt skilyrðum þar að lútandi, sem birt eru í framtalinu.

## 7. gr.

Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

## 8. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2001 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Úr framtalsforriti RSK 1.04 á tölvudisklingi, ásamt útfylltri og undirritaðri forsiðu á pappír.
- b) Úr framtalsforriti RSK 1.04 sent með dulrituðum tölvupósti skv. sérstökum samningi við ríkisskattstjóra.
- c) Með dulrituðum tölvupósti, sbr. b) úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- d) Á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 á pappírseyðublaði, sem ríkisskattstjóri hefur gefið út.

Skattframtali lögaðila skal ætíð fylgja ársreikningur og önnur tilskilin fylgiskjöl.

## 9. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 91. og 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignar-skatt.

*Reykjavík, 22. janúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

## 1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sbr. samþykkt nr. 417/2000, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:	kr.
Lögbýli án íbúðarhúss	6.600
Íbúðarhús	5.500
Frístundahús (sumarhús)	3.300
Fyrirtæki	6.600

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi, gildir fyrir árið 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 62/2001 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 24. janúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorp-hreinsigjald	kr.	4.000 á íbúð
		Sorpeyðingargjald	kr.	6.200 á íbúð
		Sorphirðugjöld alls	kr.	10.200 á íbúð

Sumarbústaðir, íbúðarhúsnæði í dreifbýli og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu: Sorpeyðingargjald kr. 3.150 á fasteign.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:

Flokkur	Sorpeyðingargjald kr.
0	0
1	9.375
2	18.750
3	37.500
4	75.000
5	112.500
6	187.500
7	262.500
8	431.250
9	656.250
10	862.500
11	16 kr./kíló

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.



## 3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar setur sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar. Fyrir förgun brotajárns skal greiða sérstaklega 7 kr. fyrir hvert kíló. Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma brotajárni á móttökustað í FUNA.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B-lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 101/2001.

*Ísafjarðarbæ, 7. janúar 2002.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 2002

4. febrúar 2002

193

Nr. 82

## REGLUGERÐ

**um (8.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

Í 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 150“ fjárhæðin „kr. 100“.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr.:

Í 2. málsli b-liðar 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 250“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

25. janúar 2002

Nr. 83

## REGLUR

**um bráðabirgðaskráningu skipa sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.**

1. gr.

Siglingastofnun Íslands heldur sérstaka skrá yfir skip sem eru í smíðum eða eru ófullgerð að öðru leyti.

2. gr.

Skip skv. 1. gr. verða einungis skráð samkvæmt beiðni eiganda skipsins, skipasmiðar eða skipasmíðastöðvar. Óski eigandi skips skv. 1. gr. eftir skráningu ber honum að leggja fram yfirlýsingu frá skipasmiðnum eða skipasmíðastöðinni um samþykki fyrir skráningu.

unni. Á sama hátt ber skipasmiðnum eða skipsmíðastöðinni að leggja fram skriflegt samþykki eiganda (kaupanda) skipsins fyrir skráningunni.

Skip verður ekki skráð nema fyrir liggi yfirlýsing Siglingastofnunar Íslands um að skip sé komið svo langt á veg að hægt sé á tryggilegan hátt að ségreina skipið. Þó verða skip skv. 1. gr. ekki skráð nema að lokið hafi verið við byrðing, búið að bandsetja eða skipið komið á sambærilegt byggingarstig.

Þá verður skip ekki skráð nema að það sé skráningarskylt skv. 1. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum.

### 3. gr.

Í skránni skal greina um hvert skip:

1. Fyrirhugað nafn og heimahöfn.
2. Smíðaár.
3. Smíðastað.
4. Gerð skipsins.
5. Fullt nafn og heimilisfang eigenda skipsins. Ef skip er í eign félags eða stofnunar skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.

### 4. gr.

Þegar skipið er skráð á aðalskipaskrá skal aflétta bráðabirgðaskráningunni.

### 5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 og öðlast þegar gildi.

*Siglingastofnun Íslands, 25. janúar 2002.*

**Hermann Guðjónsson.**

## AUGLÝSING

### um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 612/2001, eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á fyrri árshelmning 2002 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna II.-hluta námskeiðs kr. 60.000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn Fjarðabyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

##### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð níu bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

##### *Starfstímabil.*

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn fer með stjórn Fjarðabyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

##### 5. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

##### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar Fjarðabyggðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunar-menn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og helstu starfsmenn bæjarins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
5. Að upplýsa bæjarbúa um störf bæjarstjórnar og málefni bæjarins með útgáfu fréttabréfs og með því að halda almenna borgarafundi. Fundargerðir nefnda eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins eftir að þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

## II. KAFLI

### Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

#### 7. gr.

##### *Þriggja ára áætlun.*

Árlega skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Skal áætlunin vera rammli árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins og skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar.

#### 8. gr.

##### *Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar. Sama á við endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 9. gr.

##### *Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

#### 10. gr.

##### *Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögumnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá fyrir bæjarstjórnarfund.

## 11. gr.

*Afgreiðsla ársreikninga.*

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert skv. 72. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 67. gr. sömu laga.

Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna. Viðurlög skv. 4. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

## III. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 12. gr.

*Fundartími bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

## 13. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórninni kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórninni fer aldursforseti þeirra með verkefni skv. 1. mgr.

## 14. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það. Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

## 15. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

## 16. gr.

*Boðsending fundarboða.*

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

## 17. gr.

*Boðun aukafunda.*

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

## 18. gr.

*Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á þar lengstu setu setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

## 19. gr.

*Kjör skrifara.*

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## 20. gr.

*Fundarstaður.*

Bæjarstjórnarfundur skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Meðan ákvæði 1. mgr. er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlað fólk fái nauðsynlega aðstoð æski það að hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 21. gr.

*Lögmæti bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 22. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum. Skjóta má ákvörðun forseta til úrlausnar bæjarstjórnar.

## 23. gr.

*Afgreiðsla dagskrármála á fundi.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

## 24. gr.

*Afgreiðsla mála, tvær umræður.*

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.
2. Ársreikninga bæjarins, fyrirtækja hans og stofnana.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir og stefnumarkningar fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 25. gr.

*Fundarsókn, varamenn.*

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í bæjarstjórn.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveði sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.



## 26. gr.

*Fundarsköp, málfrelsi.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala.

## 27. gr.

*Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.*

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

## 28. gr.

*Fundarsköp, vítur á bæjarfulltrúa.*

Beri bæjarfulltrúi aðra menn bríglum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 29. gr.

*Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 30. gr.

*Fundarsköp, meðferð tillagna.*

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 31. gr.

*Fundarsköp, afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 32. gr.

*Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 33. gr.

*Fundarsköp, úrslit atkvæðagreiðslu.*

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra sem tillögur hafa komið fram um skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

## 34. gr.

*Fundarritun, fundargerð.*

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá

skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn og skal hún borin fram skriflega.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

#### IV. KAFLI

### Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

#### 35. gr.

##### *Dagskrá bæjarstjórnarfundar.*

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

#### 36. gr.

##### *Fundarseta.*

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

#### 37. gr.

##### *Lausn úr bæjarstjórn.*

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 38. gr.

##### *Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðaréttur.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 39. gr.

*Hagsmunir bæjarins.*

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 40. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna. Beiðnir um upplýsingar og aðgang að gögnum beinast til bæjarstjóra eða staðgengils hans.

## 41. gr.

*Þagnarskylda.*

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

## 42. gr.

*Vanhæfi bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó ekki við þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætl-anir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 43. gr.

*Þóknun.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslu skv. 1. mgr.

## 44. gr.

*Orlof og fundartími.*

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

## 45. gr.

*Fjarvera vegna veikinda, varamenn.*

Þegar bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/fundi tímabundið skal varamaður taka sæti hans í þeirri röð sem hann var kosinn, sbr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 46. gr.

*Varamenn.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfund.

## V. KAFLI

**Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

## 47. gr.

*Kosning í bæjarráð, ráð, nefndir og stjórnir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 48. gr.

*Kosning í bæjarráð.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem bæjarfulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

## 49. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í mánuði á mánudögum frá kl. 16.00. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 50. gr.

*Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá a.m.k. sex klukkustundum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

## 51. gr.

*Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.*

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilkynnt í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

## 52. gr.

*Bæjarráð, fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Undir bæjarráð heyra málefni eignasjóðs fráveitu, vatnsveitu, vegamála og brunamála sem og önnur mál a-hluta stofnana og b-hluta fyrirtækja sem ekki eru falin öðrum í samþykkt þessari eða ályktunum bæjarstjórnar.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Heimilt er að bóka afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarbók ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 53. gr.

*Starfsmenn á fundi bæjarráðs.*

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 54. gr.

*Kjör formanna og varaformanna nefnda og ráða.*

Bæjarstjórn kýs nefndum/ráðum formann og varaformann en nefndin/ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður nefndar/ráðs boðar eða lætur boða fundi í nefnd/ráði með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 55. gr.

*Fundarseta.*

Nefndarmanni/ráðsfulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni/ráðinu. Þegar aðalmaður í nefnd/ráði flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á

annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 56. gr.

*Lokaðir fundir.*

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd/ráð getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd/ráð boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 57. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar/ráðs stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

## 58. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 59. gr.

*Fundargerðabækur.*

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar/ráðs skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin/ráðið getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar/ráðs. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn/ráðsfulltrúar undirrita hana.

## 60. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum/ráðsfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## 61. gr.

*Nefndir, ráð, stjórnir, embættismenn: Tilnefningar og kosningar.*

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.
  1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs fimm bæjarfulltrúa og fimm til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Heimilt er að gefa þeim listum sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð kost á að tilnefna sinn fulltrúa og skal hann hafa málfrelsi og til-

lögurétt. Kveðið er á um verkefni bæjarráðs í 52. gr. samþykktar þessarar en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur bæjarráð með höndum vinabæjasamskipti og ferða- og kynningarmál. Bæjarráð fer með verkefni samstarfsnefndar þjónustusvæðis SSA, rekstur Egilsbúðar, Valhallar, Félagslundar, Eskju og veitna eða tilnefnir fulltrúa á fundi eftir því sem við á hverju sinni.

2. *Fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum, tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónskóla og samstarfsamninga um rekstur hans hverju sinni og framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfssamninga sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagshjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvarnarnefndar, húsnæðisnefndar, rekstrarstjórnar Breiðabliks, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa bæjarfélagsins í rekstrarstjórn Hulduhlíðar. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
4. *Umhverfismálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálanefnd sem fer með verkefni bygginga- og skipulagsnefndar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfismálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Umhverfismálanefnd sinnir lögbundum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu, náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum og umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem umhverfismálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
5. *Hafnarnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarnefnd samkvæmt lögum um hafnamál. Bæjarstjórn kýs hafnarnefnd formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
6. *Menningarnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarnefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Menningarnefnd fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir nefndin í stjórn Héraðsskjalasafns,



Náttúrustofu Austurlands, Sjóminjasafns og Stríðsárasafns. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

7. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í íþrótt- og tómstundanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin starfar samkvæmt samþykktum um íþrótt- og tómstundanefnd Fjarðabyggðar.
  8. *Kjörstjórnir.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Enn fremur kýs bæjarstjórn undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru sem skipaðar eru þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörstjórnir eru fyrst kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
- B. Stjórnir og samstarfsráð.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Almannavarnanefnd.* Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna kýs bæjarstjórn tvo aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  2. *Stjórn Hulduhlíðar.* Eftir tilnefningu félagsmálanefndar kýs bæjarstjórn fimm aðal- og varafulltrúa í stjórn Hulduhlíðar.
  3. *Stjórn Náttúrustofu Austurlands.* Eftir tilnefningu menningarnefndar kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Náttúrustofu Austurlands samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.
  4. *Starfskjaranefnd.* Bæjarstjórn kýs tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í starfskjaranefnd. Nefndin starfar samkvæmt 18. lið 2. gr. kjarasamnings við Starfsmannafélag Neskaupstaðar.
  5. *Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.* Samkvæmt ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði kýs bæjarstjórn tvo aðalfulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar.
  6. *Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.* Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar kýs bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og annan til vara í stjórn sjóðsins.
- C. Tilnefningar og kosningar.** Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bærinn á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og bæjarstjórnar.
  2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og bæjarstjórnar.

3. *Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
- D. **Lögbundin kosning embættismanna**. Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn.
1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga*. Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til loka kjörtímabils bæjarstjórnar.
  2. *Búfjárefartilitsmaður*. Bæjarstjórn kýs einn búfjárefartilitsmann og annan til vara samkvæmt lögum um búfjárhald. Búfjárefartilitsmaður er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans þá hið sama og bæjarstjórnar.
- E. **Verkefnabundnar nefndir**. Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

## VI. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

#### 62. gr.

##### *Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

#### 63. gr.

##### *Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli öðrum.

#### 64. gr.

##### *Ráðning stjórnenda.*

Bæjarstjórn ræður sviðsstjóra. Enn fremur ræður bæjarstjórn að fengnum tillögum viðkomandi fagnefnda framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs.

#### 65. gr.

##### *Ráðning annarra starfsmanna.*

Fagnefndir ráða stjórnendur stofnana að fengnum tillögum viðkomandi sviðsstjóra. Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana ráða aðra starfsmenn.

## 66. gr.

*Fastráðnir starfsmenn.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

## 67. gr.

*Lausráðnir starfsmenn.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 418/1998, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUR

### um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

## 1. gr.

*Aðilar sem heimildin nær til.*

Einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og uppfylla skilyrði fjarskiptalaga, er heimilt að reka fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu skv. heimild þessari, með eftirfarandi skilyrðum, enda tilkynni þeir Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða starfsemi sína a.m.k. fjórum vikum áður en starfsemi hefst, sbr. 4. og 5. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti.

## 2. gr.

*Starfsemi sem fellur utan almennrar heimildar.*

Almenn heimild nægir ekki þegar:

- fjarskiptafyrirtæki ætlar að veita almenna talsímaþjónustu,
- óskað er afnota af tíðnum eða númerum,
- óskað er sérstakra réttinda að því er varðar aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum,
- Póst- og fjarskiptastofnun ákveður að leggja á skyldur til að veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet, þar á meðal skyldu til að veita alþjónustu og aðrar skyldur samkvæmt reglum um opinn aðgang að netum,
- Póst- og fjarskiptastofnun ákveður að leggja verði á sérstakar skyldur vegna almennra samkeppnisreglna og fjarskiptafyrirtæki hefur umtalsverða markaðshlutdeild að því er varðar almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu.

## 3. gr.

*Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi.*

Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skal innihalda:

- a. nafn, kennitölu, starfsstöð, símanúmer, faxnúmer og netfang viðkomandi fjarskiptafyrirtækis,
- b. nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang fyrirsvarsmanns fjarskiptafyrirækisins,
- c. greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og fjarskiptavirkjum fyrirtækisins,
- d. nöfn þeirra sem eiga 5% hlut eða meira í fyrirtækinu,
- e. yfirlýsingu um að fyrirtækið ætli sér að starfa samkvæmt almennri heimild og virða þau skilyrði sem henni fylgja samkvæmt þessum reglum.

## 4. gr.

*Skráning hjá Póst- og fjarskiptastofnun.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna fjarskiptafyrirtæki eigi síðar en 4 vikum eftir móttöku fullnægjandi tilkynningar, hvort fyrirtækinu er heimilt að starfa samkvæmt heimild þessari eða hvort setja þarf því sérstök skilyrði með útgáfu rekstrarleyfis, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 107/1999.

Ef fyrirtæki fullnægir skilyrðum til að starfa samkvæmt almennri heimild er það fært á skrá Póst- og fjarskiptastofnunar yfir fjarskiptafyrirtæki, þegar skráningargjald hefur verið greitt.

## 5. gr.

*Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.*

Fjarskiptafyrirtæki skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. laga um Póst og fjarskiptastofnun nr. 110/1999. Póst- og fjarskiptastofnun er enn fremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 110/1999, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega allt eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi fjarskiptafyrirtækis og fjárhagsstöðu getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að það afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda fyrirtækisins og aðrar sambærilegar upplýsingar. Ef Póst- og fjarskiptastofnun metur fjárhagsstöðu fjarskiptafyrirtækis slíka að því kunni hugsanlega að vera ókleift að fullnægja skilyrðum heimildar þessarar getur hún krafist umbóta á henni fyrir tiltekinn tíma.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fjarskiptafyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti eða um Póst- og fjarskiptastofnun, reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Fjarskiptafyrirtæki skal láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. Póst- og fjarskiptastofnun mun í þessum tilgangi senda út spurningalista með reglulegu millibili og ber fjarskiptafyrirtæki að svara þeim innan þess tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður.

Fjarskiptafyrirtæki skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun ef breyting er gerð á nafni þess, heimilisfangi eða fyrirsvari.

Fjarskiptafyrirtæki skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um breytingar á eignaraðild að fyrirtækinu ef um er að ræða 5% hlutafjár eða meira. Fjarskiptafyrirtæki skal veita Póst- og fjarskiptastofnun aðgang að hlutaskrá fyrirtækisins þegar þess er óskað.

Fjarskiptafyrirtæki skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um eignaraðild sína að öðrum fjarskiptafyrirtækjum og allar breytingar þar að lútandi skulu tilkynntar jafnóðum.

6. gr.

*Fjarskiptavirki.*

Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að setja upp fjarskiptavirki sem hluta af fjarskiptanetum sínum, sbr. 1. gr., án sérstakrar heimildar hverju sinni, sjá þó ákvæði 7. gr. um radióstöðvar og sambönd.

7. gr.

*Radióstöðvar og sambönd.*

Uppsetning hvers konar radiókerfa þ.m.t. radióstöðva og radiósambanda sem eru leyfisskyld samkvæmt lögum og reglum er háð stöðvar- eða tækjabúnaðarleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun veitir að fenginni umsókn frá fjarskiptafyrirtæki. Í umsóknnum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð eða samband þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, sendistyrk og ráðgerða notkun.

Fjarskiptafyrirtæki skal einungis nota þær tíðnir til starfrækslu á fjarskiptanetum sem það hefur fengið úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun og greiða fyrir þær úthlutanir í samræmi við gjaldskrá stofnunarinnar.

8. gr.

*Truflanir.*

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að fjarskiptavirki í þess umráðum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum kerfum.

Fjarskiptafyrirtæki ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þær truflanir sem því eru kunnar hvort sem þær eru af völdum þess kerfis eða á því.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á fjarskiptavirkjum í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana. Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr truflanavanda sem stafar af fjarskiptakerfum þess.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda alvarlegum truflunum eða bannað notkun þeirra, sbr. 50. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað heimild til fjarskiptastarfsemi og stöðvað rekstur fjarskiptafyrirtækis.

9. gr.

*Tæknistaðlar.*

Búnaður fjarskiptafyrirtækis skal vera í samræmi við evrópska staðla sem gerðir eru af ETSI, fjarskiptastaðlastofnun Evrópu eða aðra staðla sem Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um.

10. gr.

*Bókhaldsleg aðgreining.*

Sá þáttur starfsemi fjarskiptafyrirtækis sem heimild þessi tekur til skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi.

Aðgreining í bókhaldi skal vera í samræmi við reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja nr. 960/2001.

## 11. gr.

*Skráning og meðferð upplýsinga.*

Ekki skal nota upplýsingar um notendur í öðrum tilgangi en að skrá þá, veita þeim þjónustu og til reikningagerðar nema með skriflegu samþykki viðkomandi.

Skráning og vinnsla upplýsinga um notendur skal vera í samræmi við lög um Persónuvernd nr. 77/2000 og í samræmi við reglugerð sem samgönguráðherra er heimilað að setja skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 107/1999.

## 12. gr.

*Skilmálar og gjaldskrár.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu hafa opna starfsstöð þar sem skilmálar og gjaldskrár þess liggja frammi til afhendingar eigi síðar en þau taka gildi.

Í skilmálum fjarskiptafyrirtækis skulu koma fram, auk almennra skilmála, þær gæðakröfur sem það setur sér varðandi tímamörk á tengingu og viðgerðum og aðrir þættir sem snerta afnot notenda af þjónustu fyrirtækisins svo sem fyrirkomulag endurgreiðslu eða bóta ef umsamin þjónusta er ekki veitt og meginatriði reglna um lausn ágreinings varðandi þjónustuna.

Fjarskiptafyrirtæki skal leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og gjaldskrár og breytingar á þeim, eigi síðar en við gildistöku þeirra.

Fjarskiptafyrirtæki skal verða við öllum lögmætum beiðnum um áskrift að þjónustu sinni með sanngjörnum og jafnræðislegum hætti. Ekki skal neita aðila um að gerast áskrifandi nema lögmætar ástæður séu fyrir hendi. Fjarskiptafyrirtæki skal útbúa þjónustusamning þar sem tiltekið er hvaða þjónusta verður veitt eða að öðrum kosti vísað í viðeigandi skilmála. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á þjónustusamningi ef talið er að ákvæði hans samræmist ekki lögum og reglum.

Í gjaldskrá fjarskiptafyrirtækis skal gæta jafnræðis. Gjöld mega ekki hindra samkeppni.

Reikningar sem notendur fá fyrir þjónustu skulu vera þeim að kostnaðarlausu ef þeir eru einungis sundurliðaðir eftir þjónustu. Við reikningagerð skal hafa að markmiði að reikningsupphæðir séu eins nákvæmar og kostur er.

## 13. gr.

*Sameiginleg afnot.*

Í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtæki hefur rétt til að staðsetja fjarskiptavirki á afréttum, almenningi eða eignarlöndum eða getur tekið eign eignarnámi skv. 48. gr. laga nr. 107/1999, getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtækið skuli veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að aðstöðu sinni á því svæði sem um ræðir ef það er tæknilega mögulegt. Fjarskiptafyrirtæki skal upplýsa Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðar framkvæmdir í ofangreindum tilvikum.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um samnýtingu á aðstöðu í öðrum tilfellum vegna sérstakra landfræðilegra aðstæðna eða umhverfissjónarmiða.

## 14. gr.

*Framlag til jöfnunarsjóðs.*

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að greiða framlag til jöfnunarsjóðs alþjónustu skv. 15. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999, sbr. lög nr. 145/2001.

## 15. gr.

*Samtengingarsamningar.*

Fjarskiptafyrirtæki skal senda Póst- og fjarskiptastofnun afrit af öllum samningum sem það gerir um samtengingu neta. Afritið skal berast innan viku frá undirritun samnings. Póst-

og fjarskiptastofnun er heimilt að birta öllum hagsmunaaðilum upplýsingar um efni samnings eða samninginn í heild sinni. Telji fjarskiptafyrirtæki að einhverjir hlutar samnings skuli vera undanþegnir birtingu vegna viðskiptahagsmuna samningsaðila ber að tilkynna það og rökstyðja um leið og afrit samningsins er sent. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvaða hlutar samnings skuli birtir.

## 16. gr.

*Leynd fjarskipta.*

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að leyndar sé gætt í fjarskiptum í samræmi við viðkomandi löggjöf á Íslandi.

## 17. gr.

*Fjarskipti á hættutímum.*

Fjarskiptafyrirtæki skal á hættutímum í samræmi við fyrirmæli samgönguráðherra tryggja og viðhalda eða stöðva fjarskipti í samræmi við 53. gr. laga nr. 107/1999.

## 18. gr.

*Hlerun.*

Fjarskiptafyrirtæki skal, á eigin kostnað, tryggja möguleika á löglegri hlerun í fjarskiptanetum sínum.

## 19. gr.

*Alþjóðlegar skyldur.*

Fjarskiptafyrirtæki skal haga starfsemi sinni í samræmi við tilskipanir og reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið og þær skuldbindingar sem Ísland undirgengst samkvæmt gildandi alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála.

## 20. gr.

*Gjöld.*

Um gjöld sem fjarskiptafyrirtæki ber að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar fer samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skráningargjald skal greitt samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Skráningargjaldið skal innt af hendi áður en skráningu er lokið.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 4. mgr., sbr. 8. mgr. 11. gr. laga 110/1999 ber fjarskiptafyrirtæki að senda Póst- og fjarskiptastofnun áætlun um tekjur af starfsemi sem fellur undir heimild þessa á hverju ári eigi síðar en 8. janúar árið eftir. Að loknum almennum framtalsfresti skv. lögum 75/1981 skal fjarskiptafyrirtæki senda Póst- og fjarskiptastofnun veltutölur að nýju og gera grein fyrir breytingum ef einhverjar eru frá fyrri tölum.

## 21. gr.

*Breytingar á skilyrðum.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta skilyrðum heimildar þessarar til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Sé slík breyting fyrirhuguð skal tilkynnt um það með minnst eins mánaðar fyrirvara og skal skráðum fjarskiptafyrirtækjum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða breytingu. Leiði breytingar til skerðinga á réttindum skráðs fjarskiptafyrirtækis samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

## 22. gr.

*Brottfall heimildar.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað heimild ef skráð fjarskiptafyrirtæki stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað heimild ef um alvarlegt brot er að ræða á skilyrðum heimildar, lögum um fjarskipti, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af Póst- og fjarskiptastofnun, þó ekki fyrir en viðkomandi fyrirtæki hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi brotið.

Komi til afturköllunar á heimild tilkynnir Póst- og fjarskiptastofnun viðkomandi fyrirtæki að það njóti ekki lengur heimildar til fjarskiptastarfsemi og fellir niður skráningu þess. Póst- og fjarskiptastofnun getur stöðvað starfsemi sem rekin er án heimildar og er heimilt að leggja á dagsektir í því skyni.

## 23. gr.

*Skylda til að sækja um rekstrarleyfi.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki sem starfar samkvæmt almennri heimild saki um rekstrarleyfi, ef breytingar á rekstri eða aðrar aðstæður gera það að verkum að reksturinn falli undir þau tilvik sem talin eru upp í 7. gr. laga nr. 107/1999, sbr. 2. gr. reglna þessara.

## 24. gr.

*Lög.*

Um heimild þessa gilda að öðru leyti lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og lög um fjarskipti nr. 107/1999, ásamt reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir því sem við á.

## 25. gr.

*Varnarþing.*

Varnarþing vegna almennra heimilda til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skal vera í Reykjavík.

## 26. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 6. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999, öðlast þegar gildi.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 24. janúar 2002.*

**Gústav Arnar.**

*Sigurjón Ingvason.*



# AUGLÝSING

## um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla hefur menntamálaráðherra gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á háskólastigi og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 603/1999 um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

*Menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

### Fylgiskjal.

#### Listi yfir viðurkenndar prófgráður við íslenska háskóla.

#### HÁSKÓLI ÍSLANDS

##### Nám til fyrstu háskólagráðu:

- cand.theol. próf í guðfræði til embættisprófs. 5 ár til 150 eininga.
- B.A. próf í guðfræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.A. próf í djáknanámi. 3 ár til 90 eininga.
- cand.med.et.chir. próf í læknisfræði. 6 ára nám.
- B.S. próf í læknisfræði. 1 ár á milli 3 og 4 árs í læknisfræði, 30 einingar.
- B.S. próf í sjúkraþjálfun. 4 ár til 120 eininga.
- cand.juris. próf í lögfræði. 5 ár til 150 eininga.
- cand.oecon. próf í viðskiptafræði. 4 ár til 120 eininga.
- B.S. próf í viðskiptafræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.A. econ. próf í hagfræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. econ. próf í hagfræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.A. próf í almennri bókmenntafræði. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í almennum málvísindum. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í táknmálsfræði. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í dönsku. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í ensku. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í finnsku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
- B.A. próf í frönsku. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í grísku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
- B.A. próf í heimspeki. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í íslensku. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í ítölsku. 1 ár til 30 eininga. Aukagrein.
- B.A. próf í latínu. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
- B.A. próf í norsku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
- B.A. próf í rússnesku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.
- B.A. próf í sagnfræði. 3 ár til 93 eininga.
- B.A. próf í spænsku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.

- B.A. próf í sænsku. 2 ár til 63 eininga. 30 eininga aukagrein til viðbótar.  
 B.A. próf í þýsku. 3 ár til 93 eininga.  
 B.Ph.Isl. próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta. 3 ár til 90 eininga.  
 cand.pharm. próf í lyfjafræði lyfsala. 5 ár til 150 eininga.  
 cand.odont. próf til tannlækninga. 6 ár til 180 eininga.  
 B.S. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í rafmagns- og tölvuverkfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 cand.scient. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 4 ár til 120 eininga (hætt að innrita haust 1997).  
 cand.scient. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 4 ár til 120 eininga (hætt að innrita haust 1997).  
 cand.scient. próf í rafmagns- og tölvuverkfræði. 4 ár til 120 eininga (hætt að innrita haust 1997).  
 B.S. próf í tölvunarfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í efnaverkfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í hugbúnaðarverkfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í stærðfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í eðlisfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í jarðeðlisfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í efnafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í lífefnafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í líffræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í jarðfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í landafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í matvælafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.S. próf í ferðamálafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í bókasafns- og upplýsingafræði. 3. ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í félagsfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í mannfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í sálfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í stjórn málafræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 3 ár til 90 eininga.  
 B.A. próf í þjóðfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 B.S. próf í félagsráðgjöf. 4 ár til 120 eininga.  
 B.S. próf í hjúkrunarfræði. 4 ár til 120 eininga.

#### **Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:**

- M.A. próf í guðfræði. 1-2 ár til 30 eða 60 eininga.  
 M.S. próf í heilbrigðisvísindum. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir cand. juris. próf.  
 M.A. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir cand. juris. próf.  
 M.S. econ. próf í hagfræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 M.S. próf í viðskiptafræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
 M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
 M.B.A. próf í viðskiptafræði. 2 ár til 45 eininga.  
 M.A. próf í almennri bókmenntafræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í dönsku. 2 ár til 60 eininga.

- M.A. próf í ensku. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í heimspeki. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í íslenskum bókmenntum. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í íslenskri málfraði. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í íslenskum fræðum. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í sagnfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.Paed. próf í íslensku. 2 ár til 60 eininga.  
M.Paed. próf í ensku. 2 ár til 60 eininga.  
M.Paed. próf í dönsku. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í lyfjafræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í tannlækningum. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í byggingarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í umhverfisverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í vélaverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í iðnaðarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í rafmagnsverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í tölvuwerkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í byggingarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í umhverfisverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í vélaverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í iðnaðarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í rafmagnsverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í tölvuwerkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í umhverfisfræðum. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í tölvunarfræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
M.S. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í umhverfis- og byggingarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í véla- og iðnaðarverkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í rafmagns- og tölvuwerkfræði. 2 ár til 60 eininga eftir B.S. próf.  
M.S. próf í rafmagns- og tölvuwerkfræði. 1 ár til 30 eininga eftir cand.scient. próf.  
M.S. próf í stærðfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í eðlisfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í jarðeðlisfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í stjarnæðlisfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í vísindasögu. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í efnafræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í lífefnafræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í líffræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í jarðfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í landafræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í matvælafræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í næringarfræði. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
M.S. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
M.A. próf í bókasafns- og upplýsingafræði. 2 ár til 60 eininga.

M.A. próf í félagsfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í mannfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í sálfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í stjórnmálafræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í uppeldisfræði; tvær brautir. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í sjávarútvegsfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í umhverfisfræðum. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í félagsráðgjöf. 2 ár til 60 eininga.  
 M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Cand.Psych. próf í sálfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.P.A. próf í opinberri stjórnsýslu. 2 ár til 60 eininga.  
 M.A. próf í þjóðfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 M.S. próf í hjúkrunarfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 cand.obst. próf í ljósmóðurfræði til embættisprófs. 2 ár til 60 eininga.

### **Framhaldsnám til þriðju háskólagráðu:**

Doktorspróf í guðfræði. 5 ár til 150 eininga.  
 Ph.D. próf (doktorspróf) í læknisfræði. 5 ára nám til 90-150 eininga.  
 Doktorspróf í viðskiptafræði. 4 ár til 120 eininga.  
 Doktorspróf í hagfræði. 4 ár til 120 eininga.  
 dr.phil. próf (doktorspróf) í íslenskum bókmenntum. 2 til 3 ár.  
 dr.phil. próf (doktorspróf) í íslenskri málfræði. 2 til 3 ár.  
 dr.phil. próf (doktorspróf) í sagnfræði. 2 til 3 ár.  
 Ph.D. próf (doktorspróf) í lyfjafræði. 5 ára nám.  
 Doktorspróf í tannlækningum. 5 ár til 150 eininga.  
 dr.scient.ing. (doktorspróf) í verkfræði. 3 ár til 150 eininga eftir M.S. próf.  
 Ph.D. (doktorspróf) í raunvísindum. 3 til 4 ár til 90-120 eininga eftir B.S. eða M.S. próf.  
 Doktorspróf (Ph.D.) í félagsvísindum. 3 ár til 90 eininga.

### **Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):**

Lögritarar, aðstoðarfolk lögfræðinga. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Rekstur fyrirtækja og tölvunotkun. 1,5 ár til 46 eininga.  
 Viðskiptatungumálanám. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Markaðs- og útflutningsfræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Rekstrarstjórnun. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagfræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Reikningshald. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt íslenskunám. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt dönskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt frönskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt spænskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt þýskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Hagnýtt enskunám fyrir atvinnulífið. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Þýðingar. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Rekstur tölvukerfa. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Ferðamálafræði. 1,5 ár til 45 eininga.  
 Eðlisverkfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 Efnaverkfræði. 2 ár til 60 eininga.  
 Diplomanám í uppeldis- og félagsstarfi. Tólmstundafræði. 1,5 ár til 45 eininga.

**Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:**

Djáknanám. Viðbótarnám. 1,5 ár til 30 eininga.

Starfstengd siðfræði. 1 ár til 30 eininga.

Stærðfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Eðlisfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Jarðeðlisfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Efnafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Lífefnafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Líffræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Jarðfræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Landafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Matvælafræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Hagnýt fjölmíðlun. Viðbótarnám. 1 ár til 32 eininga.

Félagsráðgjöf. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Kennslufræði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga til kennararéttinda.

Bókasafns- og upplýsingafræði. Viðbótarnám. 2 ár til starfsréttinda sem bókasafnsfræðingur.

Nám fyrir skólasafnverði. Viðbótarnám. 1 ár til 30 eininga.

Námsráðgjöf. Viðbótarnám. 1 ár til 34 eininga.

Náms- og starfsráðgjöf. 1 ár til 34 eininga.

Dipl.Ed. nám í uppeldis- og menntunarfræði. 0,5 ár til 15 eininga.

**KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS****Nám til fyrstu háskólagráðu:**

B.A. próf í þroskaþjálfun. 3 ár til 90 eininga.

B.Ed. próf í grunnskólakennarafræði. 3 ár til 90 eininga.

B.Ed. próf í leikskólakennarafræði. 3 ár til 90 eininga.

B.S. próf í íþróttufræði. 3 ár til 90 eininga.

**Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:**

M.A. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 2 ár til 60 eininga.

M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 2 ár til 60 eininga.

M.S. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 2 ár til 60 eininga.

**Framhaldsnám til þriðju háskólagráðu:**

Ph.D. próf í uppeldis- og menntunarfræði. 3 ár til 90 eininga.

**Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):**

Leikskólafræði. 1,5 ár til 45 eininga.

Tómstunda- og félagsmálafræði. 1,5 ár til 45 eininga.

**Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:**

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á þroskaþjálfun. 1-2 ár til 30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á íslensku og íslenskukennslu. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á kennslufræði og námsefnisgerð. 1-2 ár til 30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á mat og þróunarstarf. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á nám og kennslu ungra barna. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á námskrárfræði og skólanámskrárgerð. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á náttúrufræðimenntun. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á samfélagsgreinar og kennslu þeirra. 1-2 ár til 15 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði. 1-2 ár til 30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun. 1-2 ár til 30 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stærðfræði. 1-2 ár til 15 eininga.

Dipl.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á tölvu- og upplýsingatækni. 1-2 ár til 15-30 eininga.

Kennsluréttindánám. 1-2 ára nám til 15-30 eininga.

## HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

### Nám til fyrstu háskólagráðu:

B.S. próf í hjúkrunarfræði. 4 ár til 120 eininga.

B.S. próf í iðjuþjálfun. 4 ár til 120 eininga.

B.Ed. próf almennt kennaranám. 3 ár til 90 eininga.

B.Ed. próf leikskólakennaranám. 3 ár til 90 eininga.

B.Ed. próf fyrir starfandi leikskólakennara 1,5 ár til 20 viðbótareininga.

B.S. próf í rekstrarfræði. 3 ár til 90 eininga.

B.S. próf í sjávarútvegsfræði. 4 ár til 120 eininga.

B.S. próf í matvælaframleiðslufræði. 4 ár til 120 eininga.

B.S. próf í tölvunarfræði 3 ár til 90 eininga.

### Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:

M.A. próf í hjúkrunarfræði. 1 ár til 30 eininga.

M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræðum. 2 ár til 60 eininga.

M.S. próf í sjávarútvegsfræði. 1,5-2 ár til 45-60 eininga í samstarfi við erlenda háskóla.

### Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):

Iðnrekstrarfræði. 2 ár til 60 eininga.

Nútímafræði. 1 ár til 30 eininga.

### Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir háskólagráðu:

Nám í gæðastjórnun. Viðbótarnám í 1 ár til 30 eininga.

Uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. 2 ár til 30 eininga (hálf nám).

## TÆKNISKÓLI ÍSLANDS

### Nám til fyrstu háskólagráðu:

B.S. próf í alþjóðamarkaðsfræði. 3 ár til 90 eininga.

B.S. próf í vörustjórnunarfræði. 3 ár til 90 eininga.

- B.S. próf í geislafræði (áður röntgentækni). 4 ár til 120 eininga.
- B.S. próf í meinatækni. 4 ár til 120 eininga.
- B.S. próf í byggingatæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
- B.S. próf í iðnaðartæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
- B.S. próf í vél- og orkutæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.
- B.S. próf í tölvu- og upplýsingatæknifræði. 3,5 ár til 105 eininga.

**Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):**

- Rekstrarfræði. 2 ár til 60 eininga.
- Byggingaiðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
- Rafmagnsiðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.
- Véliðnfræði. 1,5 ár til 45 eininga.

**VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST****Nám til fyrstu háskólagráðu:**

- B.S. próf í viðskiptafræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. próf í viðskiptalögfræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. próf í viðskiptafræði í fjarnámi. 2 ár til 30 eininga eftir 60 eininga undirbúningsnám, samtals 90 einingar.

**Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):**

- Rekstrarfræði. 2 ár til 60 eininga.

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK****Nám til fyrstu háskólagráðu:**

- B.S. próf í tölvunarfræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. próf í tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. próf í viðskiptafræði. 3 ár til 90 eininga.
- B.S. próf í viðskiptafræði með tölvunarfræði sem aukagrein. 3 ár til 90 eininga.

**Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:**

- M.B.A. próf í viðskiptafræði. 3 annir (15 mán.) til 45 eininga.

**Sjálfstætt grunnnám og/eða undirbúningsnám (Certificate/Diploma):**

- Tölvunarfræði. 2 ár til 60 eininga.
- Viðskiptafræði. 2 ár til 60 eininga.
- Fjármál og rekstur. 2 ár til 45 eininga.
- Stjórnun og starfsmannamál. 2 ár til 45 eininga.
- Markaðsfræði og alþjóðasamskipti. 2 ár til 45 eininga.

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS****Nám til fyrstu háskólagráðu:**

- B.A. próf í hönnun. 3 ár til 90 eininga.

B.A. próf í myndlist. 3 ár til 90 eininga.

B.F.A. próf í leiklist. 4 ár til 120 eininga.

B.A. próf í tónlist, tónsmíðum og/eða fræðigreinum. 3 ár til 90 eininga

B.Mus. próf í tónlist, söng eða hljóðfæraleik. 3 ár til 90 eininga.

**Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):**

Tónlist, hljóðfæraleikur. 2-3 ár til 50 eininga.

**Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:**

Uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara til kennsluréttinda í myndlist og/eða hönnun. 1-2 ár til 15-30 eininga.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 18 við Grófinu í Keflavík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun á byggingarreit að Grófinni 18C og breytingu á aðkomu að Grófinni 18A og 18B.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 24. janúar 2002.*

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 457, 11. júní 2001, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „46.054“ í 1. mgr. 3. gr. komi: 50.254.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*



## AUGLÝSING

### um deiliskipulag suðurhluta hafnarsvæðis á Húsavík.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag fyrir suðrhafnarsvæði á Húsavík. Deiliskipulagið tekur til svæðis sem takmarkast af svonefndum suðurgarði að norðan, sjávarbakka (Stangarbakka) að austan og sjó að sunnan og vestan. Svæðið er allt á uppfyllingum. Það er um 95.000 m<sup>2</sup> að stærð, en samanlögð stærð lóða er 56.600 m<sup>2</sup>, þar af eru þrjár lóðir þegar byggðar. Tillagan og uppdráttur voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur frá 2. desember 1998 til 4. janúar 1999. Frestur til að gera athugasemdir var til 18. janúar 1999. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Húsavík, 23. janúar 2002.*

**Gaukur Hjartarson**, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breyttu heiti Eyrarsveitar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu sveitarstjórnar Eyrarsveitar, staðfest breytt stjórn-sýsluheiti fyrir sveitarfélagið Eyrarsveit. Nýtt heiti skal vera Grundarfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Gudjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Gaulverjabæjarhrepps.

I. KAFLI

#### Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórn-arlaga nr. 45/1998.

## 2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

## 3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Gaulverjabæjarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

## 4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

## 5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

## 6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Gaulverjabæjarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.**

## 7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi, fyrsta þriðjudag annars hvers mánaðar, hefjast þeir kl. 21.00 og eru haldnir á skrifstofu hreppsins. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlangi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggu hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

## 12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

## 13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

## 14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu.

Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

#### 16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

#### 17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlagla og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

#### 18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

#### 19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

#### 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

#### 21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

#### 23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

## 25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

## 26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal

farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

### 31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

### 32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

## III. KAFLI

### Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

#### 33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

## 36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

## 38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu



vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

#### IV. KAFLI

#### Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

## 49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

## 50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjáruútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

## 51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Félagsmálanefnd*. Einn aðalmaður og einn varamaður. Nefndin fer jafnframt með mál-efni barnaverndarnefndar og jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 96/2000. Nefndin er sameiginleg fyrir Gaulverjabæjarhrepp, Villingaholtshrepp og Hraungerðishrepp.
2. *Búfjárefnirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin er sameiginleg fyrir sömu hreppa og félagsmálanefnd.
4. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 15. gr. laga um alþingiskosningar nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
5. *Skoðunarmenn ársreikninga*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
6. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
7. *Vatnsveitustjórn*. Tveir menn og tveir til vara í sameiginlega vatnsveitustjórn sem þrjú hreppar á svæðinu reka.
8. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
9. *Hússtjórn félagsheimilis*. Tveir aðalmenn og tveir til vara samkvæmt samkomulagi eigenda hússins sem eru hreppsfélag, kvenfélag og ungmennafélag.
10. *Húsnæðisnefnd*. Hreppsnefnd annast hlutverk húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, svo og annarra lögákvæðinna nefnda sem ekki er getið um í samþykkt þessari.

Oddviti fer með umboð hreppsnefndar á fundum byggðasamlaga og samstarfsráða sem hreppurinn á aðild að á svæðinu nema annað sé ákveðið. Skal hreppsnefnd þá kjósa fulltrúa úr hópi hreppsnefndarmanna.

## 52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

**Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.**

## 53. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

## 54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

## 55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

## 56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn hreppsins.**

## 57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

## 58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafn-

framt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

## 60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

## 62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

# SAMÞYKKT

## um stjórn og fundarsköp Grundarfjarðarbæjar.

### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

### II. KAFLI

#### Um fundarsköp bæjarstjórnar.

##### 7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bærarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bærarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bærarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bærarstjórn átt jafnlengi setu í bærarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Bærarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bærarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bærarstjórn ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum bærarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bærarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bærarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bærarstjórnar tekur bærarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bærarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Bærarstjóri semur dagskrá bærarstjórnarfundar í samráði við forseta bærarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bærarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögakveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta bærarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarfélagsins, svo og ráðningar bærarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bærarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bærarstjórnar og bærarstjóri og/eða forseti bærarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bærarfulltrúa óskar að tekin verði á dagskrá. Bærarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bærarstjórnar skal tilkynna það bærarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bærarstjóri telur nauðsynleg til að bærarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn.

## 12. gr.

Bærarstjóri skal hafa sent bærarfulltrúum fundarboð bærarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bærarstjórnarfund.

## 13. gr.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bærarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bærarfélagsins, skrifstofu bærarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bærarstjórn ákveður.

## 14. gr.

Bærarstjóri skal senda bærarfulltrúum fundarboð aukafundar í bærarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti bæjarstjórnar á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta bæjarstjórnar nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta bæjarstjórnar.

## 16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta bæjarstjórnar fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## 17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti bæjarstjórnar úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans

til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dag-skrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita þess lista sem hann er kjörinn af og boðar þá oddviti listans varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarálflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

## 23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.



Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarfulltrúa, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.

#### 25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta bæjarstjórnar.

#### 26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Forseti bæjarstjórnar getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

#### 27. gr.

Telji forseti bæjarstjórnar umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrár-tillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

#### 28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

#### 29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu

annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

### 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti bæjarstjórnar biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti bæjarstjórnar mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti bæjarstjórnar frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti bæjarstjórnar telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta bæjarstjórnar að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti bæjarstjórnar greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti bæjarstjórnar les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

### 31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

### 32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Að afloknum fundi bæjarstjórnar skulu fundargerðir sendar bæjarfulltrúum eins fljótt og auðið er.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fund-

argerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

##### 33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

##### 36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

##### 37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

## 38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

## 45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í hverjum mánuði fyrsta, þriðja og fjórða fimmtudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmanna óska þess.

## 46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita þess lista sem hann er kjörinn af og boðar þá oddviti listans varamann hans á fund.

## 47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð ræður sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

## 48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

## 54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

## 56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

## 57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Varamenn taka sæti í bæjarráði í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, Umhverfisnefnd sinnir lögbundnum verkefnum umferðarnefndar skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fjallskilum samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
3. *Fræðslu- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
4. *Íþróttu- og tómstundanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
6. *Hafnarstjórn Grundarfjarðarhafnar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
7. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Heimilt er bæjarstjórn að bjóða stéttarfélögum á svæðinu að hafa áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.
8. *Þjónustuhópur aldraðra*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Heimilt er bæjarstjórn að bjóða félagsskap eldri borgara að eiga tvo áheyrnarfulltrúa í hópnum.
9. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
10. *Búfjáreftirlitsmenn*. Tveir og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
11. *Stjórn Byggðasamlags Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu.
12. *Félags- og barnaverndarnefnd Snæfellinga*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 7. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu. Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga fer einnig með verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og málefni fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992.
13. *Skólaþjónustunefnd Snæfellinga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu.
14. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
15. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi samkvæmt samþykktum fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga.
16. *Fulltrúar á aðalfund héraðsnefndar Snæfellinga*. Fulltrúar kosnir samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Snæfellinga.

17. *Fulltrúar á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi*. Fulltrúar kosnir samkvæmt samþykktum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.
18. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
19. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
20. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samnings um Fjölbrautaskóla Vesturlands.
21. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

#### V. KAFLI

#### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.



## 64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

**Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.**

## 65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

## 66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

## 67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

## 68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

## 70. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarsveitar, nr. 504/2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. janúar 2002.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## REGLUR

### um viðmiðunartilboð um samtengingu.

## 1. gr.

*Viðmiðunartilboð.*

Viðmiðunartilboð er tilboð sem fjarskiptafyrirtæki, hér eftir nefnt tilboðsgjafi, birtir og inniheldur lýsingu og verð á sundurliðuðum möguleikum þess til að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að þeim hlutum neta og þáttum þjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að fjarskiptafyrirtæki geti tengt net sín og þjónustu við net og þjónustu tilboðsgjafans.

## 2. gr.

*Skylda til að birta viðmiðunartilboð.*

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðar markaðshlutdeildar á þessum sviðum skulu birta viðmiðunartilboð um samtengingu í samræmi við reglur þessar. Viðmiðunartilboð sem og allar breytingar á þeim skulu tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun áður en þau taka gildi. Gildandi viðmiðunartilboð skal liggja frammi til afhendingar á starfsstöð tilboðsgjafa og vera aðgengilegt á vefsíðu hans.

## 3. gr.

*Innihald viðmiðunartilboðs.*

Að lágmarki skal viðmiðunartilboð lýsa framboði og tilheyrandi skilyrðum, skilmálum og gjaldskrá fyrir netaðgang og þjónustu að því er varðar eftirfarandi liði:

1. Staðsetningu samtengingarpunkta. Listi yfir staði og stöðvar skal gerður í samræmi við 5. gr.

2. Eiginleika samtengingarpunkta. Lýsa skal í samræmi við 6. gr. þeim kostum sem standa til boða.
3. Samtengingarsambönd. Birta skal lista yfir mismunandi gerðir sambanda sem í boði eru, afhendingartíma og gæði sambanda eins og kveðið er á um í 7. gr.
4. Samtengingarþjónustu sem í boði er sem skal að lágmarki vera sú þjónusta sem upp er talin í 8. gr.
5. Tækniröfur í samtengingarpunktum. Birta skal gildi þeirra breytistærða sem taldar eru upp í 9. gr.
6. Tegundir símtala sem völ er á og gæði þeirra. Framboðið skal eigi vera minna en sem samsvarar ákvæðum 10. gr.
7. Aðstoð við notendur. Telja skal upp þá þjónustu sem veitt er í talsímaþjónustu tilboðsgjafa í samræmi við 11. gr.
8. Viðbótarþjónustu. Í 12. gr. er gerð grein fyrir þjónustutegundum sem falla undir þennan lið.
9. Forval og fast forval. Lýsing á fyrirkomulagi þessarar þjónustu skal vera í samræmi við 13. gr.
10. Númeraflutning. Lýsa skal því hvaða númeraflutningur stendur til boða í samræmi við 14. gr.
11. Almenn skilyrði sem skulu talin upp í samræmi við 15. gr.

#### 4. gr.

##### *Sundurliðun framboðs.*

Verð í viðmiðunartilboði skal vera sundurliðað eftir tegund samtengingar og eftir þjónustu í samræmi við sundurliðun 5.-15. gr. Fjarskiptafyrirtæki skulu eiga þess kost að semja um einstaka þætti viðmiðunartilboðsins. Óheimilt er að leggja fram viðmiðunartilboð í formi heildstæðs samtengingarsamnings.

Verð samkvæmt viðmiðunartilboði fjarskiptafyrirtækis sem fellur undir 2. gr. skal vera gagnsætt og byggjast á kostnaði viðkomandi nets eða þjónustu þ.m.t. hæfilegri ávöxtun fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds.

#### 5. gr.

##### *Staðsetning samtengingarpunkta.*

Í viðmiðunartilboðinu á að vera listi yfir allar símstöðvar þar sem samtenging stendur til boða; staðbundnar stöðvar, skiptistöðvar (tandem) og útlandastöðvar, ásamt heimilisfangi þeirra og upplýsingum um númeraraðir sem uppsettar eru í hverri stöð. Listann skal endurnýja við allar breytingar á samtengingarmöguleikum. Taka skal fram hvort einhverjar takmarkanir eru á fjölda fjarskiptafyrirtækja sem geta tengst hverri stöð.

Heimilt er að skilgreina samtengingarsvæði í stað símstöðva. Í viðmiðunartilboðinu skal hvert samtengingarsvæði vera nákvæmlega afmarkað. Á hverju svæði skal vera a.m.k. ein staðbundin símstöð af annarri tegund en útstöð.

Ef samtenging er ekki í boði í einhverri símstöð skal lýsa tilhögun annarra kosta. Sýndaraðgangur að slíkri símstöð skal vera boðinn á sömu kjörum eins og fjarskiptafyrirtæki hefði notið ef samtenging hefði verið möguleg í símstöðinni.

Kostur skal gefinn á samtengingu hvort sem er í húsnæði tilboðsgjafa eða í húsnæði fjarskiptafyrirtækis sem óskar eftir samtengingu. Þegar um er að ræða samtengingu milli landa skal gefinn kostur á samtengingarpunkti á heppilegum stað á leiðinni milli landa.

## 6. gr.

*Eiginleikar samtengingarpunkta.*

Lýsa skal eiginleikum nets tilboðsgjafans að því er viðkemur samtengingu, þ.m.t. tegund búnaðar, fjölda hverrar tegundar og staðsetningu í símstöð, skipulag símstöðvarkerfisins og möguleika á leiðavali í netinu frá samtengingarpunkti.

Allar breytingar á eiginleikum skv. 1. mgr. eftir útgáfu viðmiðunartilboðs skulu kynntar fyrirfram svo að þær raski ekki starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Ef lýsing á fyrirhuguðum breytingum er mjög umfangsmikil eða ef birting upplýsinganna getur haft áhrif á viðskiptahagsmuni eða þær geta flokkast sem trúnaðarmál getur verið nóg að birta tilvísun til þess hvar hægt er að nálgast þessar upplýsingar.

Tilboðsgjafa ber að greina frá öllum takmörkunum sem settar eru á samtengingarþjónustu og eiginleikum samtengingarpunkta.

## 7. gr.

*Samtengingarsambönd.*

Upplýsa skal um mismunandi tegundir flutningsleiða sem til boða standa til þess að tengja saman aðskilin net. Fyrir hverja flutningsleið þarf að lýsa hvaða tækni er notuð við flutninginn og hver er bandbreidd leiðarinnar. Það ber að taka fram hvort flutningsleiðir verði einátta eða tvíátta. Ef tilboðsgjafi gerir kröfur um lágmarksrásarfjölda eða lágmarksflutningsgetu sambanda er nauðsynlegt að taka það fram í tilboðinu.

Verðskrá fyrir sambönd á að innihalda a.m.k. stofngjald og fastagjöld fyrir línur (eða rásir) og innganga á netum eða stöðvum. Þegar um tvíátta sambönd er að ræða skal taka fram hver er kostnaðarskipting milli samtengingaraðila. Heimilt skal vera að nota sambönd í eigu annars hvors aðilans eða leigja af þriðja aðila.

Upplýsa skal um afhendingartíma frá því að fyrsta skriflega pöntun er gerð um samtengingu við net eða símstöð og um afhendingartíma fyrir aukningu á flutningsgetu. Upplýsa skal um stysta samningstímabil sem hægt er að semja um.

Taka verður fram hvaða gæðakröfur hver tegund sambands uppfyllir, þ.m.t. hlutfall þess tíma sem sambandið er nothæft og viðbragðstíma þegar bilun verður á sambandi sem er látið í té af tilboðsgjafa. Gæðakröfurnar mega taka mið af reynslutölum tilboðsgjafa.

## 8. gr.

*Þjónusta í sambandi við samtengingu.*

Að lágmarki skal bjóða eftirfarandi þjónustu:

Lúkningu símtala.

Tilurð símtala.

Umflutning, þ.e. aðgang að öðrum netum sem eru samtengd neti tilboðsgjafa.

Aðgang að þjónustuveitendum sem tilboðsgjafinn hefur gert samning við um nettengingu.

Með lúkningu símtala er átt við að beina til notenda tilboðsgjafa símtölum sem eiga upphaf sitt í öðrum netum en neti tilboðsgjafa. Með tilurð símtala er átt við að beina til annarra neta símtölum sem eiga upphaf sitt hjá notendum í neti tilboðsgjafa.

Taka ber fram ef einhver mismunur er á þjónustu sem veitt er í mismunandi samtengingarpunktum, sbr. 5. gr. og sömuleiðis ef gerður er greinarmunur á þjónustu sem boðin er netrekstraradilum og talsímaþjónustuveitendum.

Samtenging með lúkningu símtala alls staðar á landinu skal alltaf standa til boða.

Lýsa skal gjaldtökuaðferðum fyrir þjónustu. Í því sambandi skal upplýsa um mælieiningar símtala, þ.e. hvort verð eru á mínútu eða sekúndu, um gjöld sem byggjast á flutningsgetu, umferð og fjarlægð og mismun í verði eftir tíma dags eða eftir dögum. Upphafsf-

gjald símtals verður að réttlæta og eingöngu má beita því að það sé tekið í smásölu talsímabjónustu tilboðsgjafa.

Tilboðsgjafi sem veitir leigulínuþjónustu skal bjóða samtengingu á línuhlutum bæði innanlands og til útlanda. Sambandið milli leigulínuhlutanna fellur undir ákvæði 3. gr.

## 9. gr.

*Tækniröfur í samtengingarpunkti.*

Lýsing á tæknieiginleikum í samtengingarpunktum á, auk þess að innihalda tilvísanir í viðkomandi tæknistaðla svo sem ETSI staðla og/eða tilmæli sem gefin eru út af Alþjóða-fjarskiptasambandinu, ITU, að skilgreina samtengingarsniðið á eftirfarandi hátt:

- rafrænir og efnislegir sniðeiginleikar
- sendingareiginleikar
- merkjasendingar að meðtöldum innlendum frávikum frá merkjasendingarstaðli SS7 þegar þau standa til boða
- tilvísun til samtengingarpjónustu sem boðin er í samtengingarpunktinum
- tilvísun þegar það á við til möguleika hagnýtrar notkunar sem boðin eru í samtengingarpunktinum.

Ekki má gjaldfæra fyrir merkjasendingu ofan á símtalagjöld.

## 10. gr.

*Tegundir símtala og gæði þjónustu.*

Möguleiki skal vera á eftirfarandi tegundum símtala:

- símtöl í almennri talsímabjónustu, innanlands og til og frá útlöndum
- símtöl í samneti, innanlands og til og frá útlöndum

Uppýsingar á að veita um þjöppun ef hún er notuð í netum, bandbreidd í samnets-rásam og varaleiðir sem geta viðhaldið öryggi þjónustunnar.

Greina skal frá gæðum þjónustu sem boðin er og gæðakröfum sem gerðar eru í netinu svo sem hlutfall heppnaðra símtala.

## 11. gr.

*Aðstoð við notendur.*

Bjóða skal möguleika á aðstoð talsímavarðar (handvirk þjónusta), aðgang að neyðar- og öryggisþjónustu og upplýsingaþjónustu um símanúmer, innlendum og erlendum. Undir þetta fellur aðgangur talsímavarðar fjarskiptafyrirtækis að talsímaverði tilboðsgjafa og raun-tímaaðgangur að gagnagrunni símaskrár tilboðsgjafans.

Í tilboðinu skal upplýsa um verðskilmála fyrir meðhöndlun neyðarsímtala um net tilboðsgjafa.

## 12. gr.

*Viðbótarþjónusta.*

Eftirfarandi þjónusta fellur undir þessa grein:

- númerabirting og niðurfelling númerakennsla (CLIP/CLIR)
- símtalsflutningur
- merkjasendingar milli notenda (UU1)
- símakort
- aðgangur að sértalsímabjónustu sem stendur til boða á neti tilboðsgjafa, t.d. aðgangur að 800 þjónustu og símatorgsþjónustu.

Upplýsingar sem þarf til að gera númerabirtingu mögulega skulu vera aðgengilegar samtengingaraðilum, þ.m.t. upplýsingar sem þarf til að fella niður númerabirtingu. Ef nóm-

erabirting er ekki möguleg frá öllum símsstöðvum skal þeirra getið sem ekki hafa slíkan möguleika og upplýst hvenær til stendur að bæta úr því.

Tilboðsgjafa ber að bjóða aðgang að allri þjónustu sem er nauðsynleg til þess að fjarskiptafyrirtæki geti boðið þjónustu í samkeppni við tilboðsgjafann og upplýsa um skilmála. Sömuleiðis ber tilboðsgjafanum að upplýsa um skilyrði fyrir því að veita notendum sem eru tengdir við tilboðsgjafann aðgang að sértalsmaþjónustu fjarskiptafyrirtækjanna.

### 13. gr.

#### *Forval.*

Forval skal vera í boði bæði með forskeyti sem valið er við hvert símtal og sem fast forval sem gerir notandanum kleift að sleppa forskeytinu og vera sjálfkrafa tengdur þjónustuveitanda þegar valin eru innlend og/eða útlend símtöl. Í föstu forvali skal bjóða framhjálaup sem gefur notandanum færi á að nota forskeyti til að fara fram hjá föstu forvali. Lýsa skal því hvernig fyrirkomulagi forvals og fasts forvals er háttað, þó er heimilt að í stað slíkrar lýsingar sé staðfest að fyrirkomulagið sé í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um forval og fast forval.

Staðfesta skal að þjónustugæði séu að lágmarki hin sömu og gilda fyrir smásöluþjónustu tilboðsgjafans.

### 14. gr.

#### *Númeraflutningur.*

Staðfesta skal að númeraflutningur milli fastra talsímaneta, milli landshluta og milli farsímaneta sé mögulegur í samræmi við reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um númeraflutning. Upplýsa ber með hvaða hætti númeraflutningur er framkvæmdur, t.d. með símtalsflutningi, innsetningu kóða eða í greindarneti.

### 15. gr.

#### *Almenn skilyrði.*

Upplýsa skal um almenn skilyrði og skilmála sem gilda sem hér segir:

1. Hvernig tilkynnt verður um breytingar á skilyrðum og skilmálum. Tilboðsgjafi á að tilkynna fyrirfram um fyrirhugaðar breytingar á skilyrðum og skilmálum. Sér í lagi á að koma fram í viðmiðunartilboðinu hvernig endurskoðun samtengingargjalda fer fram.
2. Aðferðir við prófun á samtengingu. Gera skal grein fyrir öllum stigum staðlaðar prófunar, þ.m.t. lengd prófunartíma sem verður að vera innan sanngjarnra marka. Prófanir eiga að takmarkast við það að sannreyna heildstæði neta og samtengingarmöguleika og þjónustu sem gert er samkomulag um í samtengingarsamningi. Forðast skal að krefjast endurtekingar á prófunum.
3. Verklag þegar lagt er til að breyta netum eða þjónustuframboði einhvers aðila sem hlut á að máli, þ.m.t. þegar tilboðsgjafi hyggst breyta þjónustu sinni eða opna nýja. Þegar um er að ræða takmarkanir á aðgangi eða þjónustu skal staðfest að ekki verði gert upp á milli fjarskiptafyrirtækja og smásölu tilboðsgjafa. Bjóða skal þegar því verður við komið stytta verklag þegar um endurskoðun er að ræða á samningi.
4. Samnýting aðstöðu. Lýsa ber þeirri aðstöðu sem í samræmi við lög um fjarskipti er boðin öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Undir slíka aðstöðu geta fallið samnýting stokka og röra, mastra og turna og húsnæðis. Um aðstöðu vegna heimtaugaleigu ber að fjalla í viðmiðunartilboði fyrir heimtaugaleigu.
5. Fjárhagslegir skilmálar fyrir breytingum á skiptibúnaði sjálfvirkra stöðva þegar þær eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að beina símtölum frá samtengdum aðila rétta

- leið. Hér á að koma fram kostnaður við slíkar breytingar og hversu langan tíma þær munu taka.
6. Skilyrði um framtíðaráætlanir. Taka skal fram hvaða skilmálar eru settir um stækkun neta og breytingar á tilhögun neta.
  7. Skilmálar um reikningagerð og uppgjör. Hér skulu koma fram skilmálar um uppgjörseyðublöð, um kannanir á nákvæmni o.fl.
  8. Kröfur ef einhverjar eru um sérstakan búnað eða hnútpunkta í netum.

16. gr.

*Réttur til að breyta viðmiðunartilboði.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði enda sé slík krafa rökstudd t.d. með tilvísun í tilmæli ESB.

17. gr.

*Viðurlög.*

Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga um fjarskipti nr. 107/1999.

18. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 26. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 23. janúar 2002.*

**Gústav Arnar.**

*Friðrik Pétursson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Lómasalir 2 og 4. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 25. október 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Lómasölum 2 og 4. Í tillögunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs fjölbýlishúss er lengdur til norðvesturs um 2 metra, fyrirhuguð bílgeymsla verður undir húsinu í stað þess að vera undir bílastæðum og í stað eins sameiginlegs stigahúss verða tvö stigahús.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 30. janúar 2002.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

# AUGLÝSING

## um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

### Nr. í sjóða- skrá

### Heiti

129	Styrktarsjóður P. Hansen Ishøj
214	Nemendasjóður Eiðaskóla
215	Styrktarsjóður Jónasar Eiríkssonar og Guðlaugar M. Jónsdóttur
259	Líknarsjóður Ögurhrepps
448	Minningarsjóður frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns
735	Minningarsjóður Sigurðar Hafstein Emilssonar
762	Styrktarsjóður Helga Ólafssonar
834	Minningarsjóður Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur
895	Minningarsjóður Bjargeyjar Pétursdóttur
897	Afmælissjóður Eiðaskóla
1005	Líknarsjóður Áslaugar Maack
1011	Skólamerkissjóður Eiðaskóla
1211	Menningar- og framfarasjóður Sparisjóðs V-Skaftafellssýslu
1356	Sjálfsseignarstofnun Íslensku óperunnar
1357	Styrktarfélag og Styrktarsjóður Íslensku óperunnar
1395	Höfundasjóður Leikfélags Reykjavíkur
1475	Eirarhús
1526	Samhugur í verki

### Nr. í B-deild Stjórnartíðinda

123/1915
68/1922
69/1922
33/1927
139/1939
195/1950
33/1952
81/1956
2/1960
5/1960
207/1952
140/1970
168/1979
95/1989
96/1989
62/1991
413/1995
396/1998

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniásson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# AUGLÝSING

## um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúli 15-27.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúla 15-27. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að ekki væri gerð grein fyrir því í deiliskipulaginu hvernig nýtingarhlutfall samræmdest aðalskipulagi. Stofnunin lagðist þó ekki gegn auglýsingu um gildistöku breytingarinnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.



*Skúlagötusvæði, Stjórnarráðsreitur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. september 2001, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis varðandi svæðið sem afmarkast af Skúlagötu, Klapparstíg, Lindargötu og Ingólfsstræti eða svokölluðum Stjórnarráðsreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grafarholt svæði 1, Kirkjustétt 2-6.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. október 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 1 varðandi lóðina Kirkjustétt 2-6. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Þar sem breytingin var hvorki auglýst né grenndarkynnt lagðist Skipulagsstofnun gegn því að auglýsing um gildistöku breytingarinnar yrði birt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sigtúnsreitur, Engjateigur 7.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. nóvember 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina Engjateig 7. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Þar sem breytingin var hvorki auglýst né grenndarkynnt lagðist Skipulagsstofnun gegn því að auglýsing um gildistöku breytingarinnar yrði birt.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 29. janúar 2002.*

F. h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,

**Guðný Aðalsteinsdóttir** e.u.

## REGLUR

**um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlægum og sérreglum um einstök efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

## 2. gr.

*Markmið.*

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu eða verða fyrir mengun frá þeim.

## 3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Efni sem getur valdið krabbameini*: efni eða efnablöndur er flokkast sem efni sem getur valdið krabbameini samkvæmt gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.
- b. *Efni sem getur valdið stökkbreytingu*: efni eða efnablöndur er flokkast sem efni sem getur valdið stökkbreytingu samkvæmt gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.
- c. *Mengunarmörk*: hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu í andrúmslofti starfsmanna á tilgreindu viðmiðunartímabili.

## II. KAFLI

**Skyldur atvinnurekanda.**

## 4. gr.

*Áhættumat.*

1. Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er, áhrif einstakra efna svo og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, svo að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.

2. Áhættumatið skal hafa sérstaka hliðsjón af störfum innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin vegna mengunar eða af öðrum ástæðum.

3. Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér mengun frá mörgum efnum sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samanlagt frá þeim öllum.

4. Atvinnurekandi skal halda skrá um þær forvarnir og aðrar sértækar ráðstafanir sem hann grípur til í tengslum við áhættumatið. Enn fremur skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið reglulega einkum ef orðið hafa verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

## 5. gr.

*Ráðstafanir vegna mengunar.*

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.

2. Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni sem telst ekki vera hættulegt eða síður hættulegt heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem það er notað.

3. Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir hættu á mengun skv. 1. og 2. mgr., að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættumatsins skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá

til þess að dregið verði úr mengun eins og kostur er. Á þetta sérstaklega við um störf þar sem aukin hættu er á mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, svo sem viðhald. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum:

- a. draga úr magni efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustaðnum í samræmi við eðli starfseminnar og fjarlægja þau með viðeigandi hætti,
- b. framleiða og nota efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem unnt er,
- c. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun,
- d. haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu dreifist innan vinnustaðar,
- e. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum, t.d. með viðunandi loftræstingu, og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling, t.d. með notkun persónuhlífa,
- f. gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu dreifist innan vinnustaðar,
- g. gera neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu þegar mengun hefur átt sér stað,
- h. nota merki sem vara við hættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu svo og önnur viðeigandi viðvörðunarkerki, t.d. merki sem banna reykingar,
- i. afmarka hættusvæði,
- j. láta safna saman úrgangi, geyma hann og farga honum á öruggan hátt, meðal annars með því að nota þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt samkvæmt viðeigandi aðferð,
- k. sjá til þess að öruggum aðferðum sé beitt við meðhöndlun og flutning efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu innan vinnustaðarins.

4. Atvinnurekandi skal reglulega gera nauðsynlegar mælingar á efnamengun sem kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu. Magn efnis skal ekki fara yfir mengunarmörk samkvæmt gildandi reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

5. Atvinnurekandi skal afmarka vinnusvæði þar sem niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin og takmarka aðgang óviðkomandi að því.

6. Atvinnurekandi skal gæta þess að starfsmaður starfi ekki lengi í einu við aðstæður þar sem heilsu og öryggi hans er hættu búin vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

6. gr.

*Upplýsingar til Vinnueftirlits ríkisins.*

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess:

- a. niðurstöður áhættumats skv. 4. gr.,
- b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,

- c. ástæður þess að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu er notað og hvort unnt sé að nota önnur síður hættuleg efni í staðinn,
  - d. magn þess efnis eða efnablöndu sem er notuð og inniheldur efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,
  - e. fjölda starfsmanna sem varð fyrir mengun,
  - f. nafn og hæfni öryggisráðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum,
  - g. verndar- og forvarnaráðstafanir sem eru viðhafðar, þar á meðal hvaða gerð persónuhlífa er notuð.
2. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu geti valdið mengun.

## 7. gr.

*Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa.*

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

2. Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggisráðarmanni um öll slys eða óhöpp í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp sem eiga sér stað í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og grípa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að ráða bót á ástandinu.

4. Einungis skal heimila þeim starfsmönnum, sem brýn þörf er á að sinni viðgerðum, að fara inn á umrætt vinnusvæði. Skal atvinnurekandi sjá til þess að þeir fái viðeigandi hlífðarfatnað, persónuhlífar og nauðsynlegan öryggisbúnað sem þeir skulu nota þangað til ástandinu er aflétt. Öðrum skal óheimill aðgangur að svæðinu.

## 8. gr.

*Kröfur um hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna.*

1. Þegar um er að ræða starfsemi þar sem heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna vinnu með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal atvinnurekandi tryggja að:

- a. starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar á vinnusvæðum þar sem hætta er á mengun efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,
- b. starfsmenn fái viðeigandi hlífðarfatnað eða annan viðeigandi fatnað,
- c. starfsmenn hafi aðgang að fullnægjandi snyrti- og salernisaðstöðu,
- d. allar nauðsynlegar hlífar séu geymdar á réttan hátt á ákveðnum stað, yfirfarnar og þrífarnar fyrir notkun, ef það er unnt, en skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar og lagfærðar ef þær bila eða nýjar teknar í notkun.

2. Starfsmenn skulu fara úr vinnufatnaði og hlífum sem kunna að hafa mengast frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustaðnum áður en hann er yfirgefinn. Gæta skal þess að umræddum fatnaði og hlífum sé haldið aðskildum frá öðrum fatnaði.

3. Ráðstafanir samkvæmt ákvæði þessu skulu vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

## 9. gr.

*Þjálfun starfsmanna.*

1. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Skal hún einkum fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:

- a. hugsanlegt heilsutjón, einkum vegna tóbaksnotkunar,
- b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun,
- c. kröfur um hreinlæti,
- d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar,
- e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.

2. Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér vinnu við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti.

## 10. gr.

*Upplýsingar til starfsmanna.*

1. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um tæki og annan búnað á vinnustaðnum sem innihalda efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, geymslustaði þeirra, áhrif mengunar á heilsu þeirra og öryggi, hver séu mengunarmörkin í starfi sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

2. Tæki og annar búnaður ásamt geymslustöðum sem innihalda efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skulu vera greinilega merkt.

3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu hefur hugsanlega borið út. Enn fremur skal atvinnurekandi upplýsa eins fljótt og kostur er um orsakir slyssins eða óhappsins og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á ástandinu.

4. Hver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða persónu hans sérstaklega og tilgreindar eru í skrá skv. 11. gr.

5. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast persónu manna.

## 11. gr.

*Skrá yfir starfsmenn.*

1. Atvinnurekandi skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem starfa á vinnusvæði innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem heilsu og öryggi manna er hætta búin. Í skránni skal tilgreina um hvers konar starf er að ræða og, ef unnt er, frá hvaða efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu mengunin stafaði, ásamt lýsingu á mengun, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.

2. Atvinnurekandi skal varðveita skrána skv. 1. mgr. í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

3. Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsuvernd starfsmanna skv. 12. gr. skulu hafa aðgang að skránni skv. 1. mgr.

4. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 1. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

## 12. gr.

*Heilsuvernd starfsmanna.*

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.

2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun áður en hann hefur störf, þar sem hætta er á mengun, og reglulega eftir það. Enn fremur skal vera unnt að koma við aðhlyningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustað án ástæðulauss dráttar.

3. Hafi starfsmaður orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunar frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, skal sá læknir sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna gefa öðrum starfsmönnum, sem unnið hafa við sömu aðstæður, kost á að gangast undir læknisskoðun. Þegar svo ber undir skal endurmeta áhættumatið skv. 4. gr.

4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal varðveita skrá um heilsuvernd starfsmanns í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnaráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna, sjá II. viðauka.

6. Atvinnurekandi skal upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um hvers konar heilsuvernd þeir eiga kost á eftir að þeir láta af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndar er varðar persónu þeirra. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndar verði endurskoðaðar.

8. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustað.

9. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 13. gr.

*Refsiákvæði.*

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

## 14. gr.

*Kæruheimild.*

Um kæruheimildir á grundvelli reglna þessara fer samkvæmt 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

## IV. KAFLI

**Gildistaka.**

## 15. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn

áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, á tilskipun, nr. 97/42/EB, um fyrstu breytingu á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 36/98, og á tilskipun, nr. 99/38/EB, um aðra breytingu á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 95/2000.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 621/1995 um sama efni.

*Félagsmálaráðuneytinu, 30. janúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

#### I. VIÐAUKI

##### **Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli sem geta valdið krabbameini.**

**(a-liður 3. gr.)**

1. Áramínframléiðsla.
2. Störf þar sem starfsmenn verða fyrir áreitum fjölhringlaga arómatískra kolvetna úr kolasóti, koltjöru eða kolbiki.
3. Störf þar sem starfsmenn geta orðið fyrir mengun af ryki, reyk eða gufum sem myndast við glæðingu og rafgreiningu á nikkलगrýti.
4. Framleiðsla á ísoprópanóli þar sem sterk sýra er notuð.
5. Störf þar sem starfsmenn geta orðið fyrir mengun af ryki frá harðviði.

#### II. VIÐAUKI

##### **Hagnýt ráð um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna.**

**(5. mgr. 12. gr.)**

Hver sá sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna sem geta orðið fyrir mengun af efnum sem geta valdið krabbameini skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers starfsmanns.

Heilsuvernd starfsmanna skal framkvæmd í samræmi við reglur og venjur innan atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:

- a) að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
- b) persónulegu viðtali,
- c) líffræðilegum mælingum, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir en kveðið er á um í 2. mgr. þessa viðauka, fyrir hvern starfsmann sem fellur undir heilsuvernd, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir IOGT-húsið í Reykjavík.

### 1. gr.

IOGT-húsið er sjálfstæð stofnun, sem lýtur þeim reglum um hlutverk og skipulag, er í skipulagsskrá þessari greinir. Stofnunin yfirtekur eignir og skuldbindingar Templarahallar Reykjavíkur eins og þær eru við undirskrift þessarar skipulagsskrár, en að meginstofni eru þær húseignin Stangarhylur 4, fasteignanr. 223-6182, fasteignamat dags. 15. september 2001, kr. 37.589.000, skuldlaust, þar af skulu bundnar að raungildi kr. 525.000.

### 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að sjá félögum IOGT í Reykjavík fyrir fundaraðstöðu og veita annarri starfsemi IOGT á Íslandi aðstöðu og fjárhagslegan stuðning.

### 3. gr.

Tekjuafgangur, sem verður af starfsemi stofnunarinnar, rennur til hennar sjálfrar, svo og aðrar tekjur, er henni kunna að áskotnast, hvort heldur er af opinberu fé eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

### 4. gr.

Eigi má selja fasteignir stofnunarinnar, binda þær veðböndum, né kaupa slíkar eignir, er leggjast til stofnunarinnar, nema meirihluti húsráðsmanna samþykki á tveimur fundum í röð og með samþykki svæðisráðs IOGT í Reykjavík. Kaup og sala fasteigna skal jafnframt háð samþykki stjórnar IOGT á Íslandi. Sala fasteignar og/eða veðsetning er og háð samþykki dómsmálaráðherra.

### 5. gr.

Stjórn stofnunarinnar er í höndum sjö manna húsráðs. IOGT í Reykjavík kýs húsráðsmenn til tveggja ára í senn. Formaður skal kjörinn sérstakri kosningu annað hvert ár ásamt þremur mönnum og aðrir þrír skulu kjörnir hitt árið. Kosning þeirra skal fara fram á aðalfundi IOGT í Reykjavík í mars, þegar nýkjörnir fulltrúar hafa tekið þar sæti. Kosningunni skal hagað eftir sömu reglum og kosningu annarra fulltrúa og embættismanna IOGT í Reykjavík. Húsráðsmenn skulu allir vera góðir og gildir félagar í IOGT í Reykjavík og hafa verið það eigi skemur en tvö ár samfleytt. Nú verður sæti húsráðsmanns autt vegna þess, að hann segir sig úr húsráðinu, deyr eða fer úr IOGT í Reykjavík, skal þá svæðisráð IOGT í Reykjavík tilnefna mann í hans stað er situr í húsráðinu það sem eftir var af kjörtíma þess er vék úr húsráðinu.

Stjórn svæðisráðs IOGT í Reykjavík setur húsráði starfsreglur í samræmi við skipulagsskrá þessa.

### 6. gr.

Húsráð kýs ritara og gjaldkera og ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar og annað starfsfólk, sem með þarf, að svo miklu leyti sem það hefur ekki falið framkvæmdastjóra ráðningu þess.

### 7. gr.

Húsráðið fer að öllu leyti með fjármál stofnunarinnar og sér um framkvæmdir allar í málefnum hennar í samræmi við þessa skipulagsskrá. Það skal sjá um viðhald á eignum



stofnunarinnar og góða umgengni um þær og gæta þess að eignirnar séu hagnýttar og með þær farið í samræmi við tilgang stofnunarinnar.

## 8. gr.

Húsráðið skal árlega gera reikning yfir tekjur stofnunarinnar og gjöld, svo og yfir efnahag hennar í árslok. Reikningarnir skulu fullgerðir eigi síðar en 1. mars ár hvert. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, kjörnum á aðalfundi IOGT í Reykjavík samtímis húsráðsmönnum. Reikningarnir skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi IOGT í Reykjavík.

## 9. gr.

Hafi framkvæmdastjóri verið ráðinn, skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar. Húsráð setur honum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um skyldur hans.

## 10. gr.

Húsráð getur sett reglur um meðferð og not tiltekinna eigna stofnunarinnar, svo sem fasteigna hennar.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema samkvæmt tillögu húsráðs, er hljóti samþykki húsráðs á tveimur fundum í röð og samþykkis svæðisráðs IOGT í Reykjavík á tveimur fundum þess í röð og sé þess getið í fundarboðinu að slíkar breytingatillögur verði þar til afgreiðslu. Þá skal breytingatillagan einnig hljóta samþykki stjórnar IOGT á Íslandi og staðfestingu ríkisvaldsins samkvæmt þeim reglum, sem um slíka staðfestingu gilda á hverjum tíma.

## 12. gr.

Verði stofnunin lögð niður renna eigur hennar óskiptar til IOGT á Íslandi, er hafi þær til varðveislu. Telji IOGT í Reykjavík rétt að endurvekja stofnunina getur IOGT á Íslandi afhent eignirnar allar eða að hluta til hinnar nýju stofnunar.

## 13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir Templarahöll Reykjavíkur IOGT, samþykkt í húsráði 27. mars 1946, staðfest af stórtemplar 29. mars 1946 og staðfest af dómsmálaráðherra 16. apríl 1946.

## 14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Helga S. Gunnlaugssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helga S. Gunnlaugssonar og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Helgi Sigurgeir var fæddur á Gilsá í Breiðdal 6. maí 1912 og lést í Reykjavík 4. október 1997 og ánaðnaði Þjóðminjasafni Íslands hluta eigna sinna. Stofnandi sjóðsins er Þjóðminjasafn Íslands.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja forvörslu- og öryggismál safngripa Þjóðminjasafns Íslands, sem og rannsóknir og úrvinnslu á póstsögulegu efni eða öðru efni innan safnsins að mati þjóðminjavarðar.

### 3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er dánargjöf Helga, sem nam við afhendingu 18. nóvember 1999 kr. 9.823.624 — níu milljónum og átta hundruð og tuttugu og þrjú þúsund og sex hundruð tuttugu og fjórum íslenskum krónum.

### 5. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, deildarstjóri munadeildar og fjármálastjóri.

### 7. gr.

Þjóðminjavörður ákveður úthlutanir úr sjóðnum að tillögu stjórnar.

### 8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vextir af stofnfé.
- b) Verðbætur af stofnfé.
- c) Fé, sem sérstaklega er gefið eða veitt til sjóðsins og samræmist tilgangi hans.
- d) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

### 9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast í íslenskum banka. Heimilt er að verja úr sjóðnum að jafnaði 75% af tekjum ársins skv. 8. grein a-, c- og d-lið. Ekki má skerða stofnfé nema sérstakar ástæður þyki til við meiri háttar úthlutanir. Þó má aldrei skerða kr. 525.000 af stofnfé að raungildi.

## 10. gr.

Veita má úr sjóðnum til sérstakra þarfa eða verkefna Þjóðminjasafns Íslands. Skal einkum veita fé til viðgerðar safngripa eða aðbúnaðar, sem og til rannsóknna á efni safnsins. Að ósk gefanda stofngjafar skulu sérstaklega hafðar í huga póstsögulegar minjar.

## 11. gr.

Heimilt er að auka við sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt, enda breytist tilgangur hans ekki.

## 12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

## 13. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til Þjóðminjasafns Íslands.

## 14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

## 1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald nr. 567/1997.

## 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr.	12.000
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	kr.	16.300
Bráðabirgðaleyfi	kr.	2.400

## 3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr.	12.000
-------------	-----	--------

## 4. gr.

Greiðslur vegna hundahreinsunar og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.

## 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr.	6.000
Önnur afhending hunds	kr.	11.900
Þriðja afhending hunds	kr.	17.900
Fyrsta afhending hunds án leyfis	kr.	14.300

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

## 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

## 7. gr.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Ísafirði, 3. janúar 2002.*

**Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, svæði fyrir bílaíþróttir á Glerárdal.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að mörk verndarsvæðis við Glerá eru færð nær ánni á um 400 m kafla. Blönduð landnotkun óbyggðs svæðis og almenns útivistarsvæðis milli Hlíðarfjallsvegur og Glerár stækkar þannig að svæðið teygir sig lengra upp með ánni.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Fagrihvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að opnu svæði til sérstakra nota er breytt í landbúnaðarsvæði, þ.e. núverandi landbúnaðarsvæði við Fagrahvamm er stækkað um u.þ.b. 0,8 ha og að akvegur verði lagður á mörkum svæðanna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994 - 2014, Leifsstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin er tvíþætt og varðar landnotkun í landi jarðar Leifsstaða. Annars vegar breytist landnotkun á reit sem er auðkenndur sem svæði D í aðalskipulaginu þannig að í stað þess að þar sé gert ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum og einni frístundahúsalóð. Hins vegar breytist landnotkun á svæði merktu skógrækt (U9) þannig að hluti svæðisins verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. júlí 2001 samþykkt deiliskipulagið Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð í Fjarðabyggð.

Deiliskipulagið tekur til svæðisins sunnan Norðfjarðarvegar, frá Framnesi og að Hólum eins og það er afmarkað á skipulagsupprætti.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 30. janúar 2002.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.

## REGLUR

### um breytingu (7) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Í stað „kr. 25.000“ í 48. gr. reglna nr. 458/2000 komi: kr. 32.500.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, sbr. 5. gr. laga nr. 148/2001 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri afmörkun þéttbýlisins á Hvanneyri þannig að landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri nær yfir stærra svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundahúsa- og ferðþjónustuvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 6. nóvember 2001, deiliskipulag frístunda- og ferðþjónustuvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 45 gistiskála, 11 frístundahúsa, þriggja íbúðarhúsa, þjónustuhúsnæðis auk aðstöðu fyrir tjöld, hjólhýsi og húsbíla ásamt vegum og bíla-stæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. janúar 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

**Hrafn Jóhannsson** byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi árið 2002 í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðahreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

	1. gr.	kr.
Framkvæmdarleyfisgjald		4.000
Byggingaleyfisgjald, umfjöllun		4.000
Byggingaleyfisgjald fyrir hvern rúmmetra húss		40
Stöðuleyfisgjald		4.900
	2. gr.	
Úttektargjöld, hver úttekt		4.300

3. gr.

Mæling lóðar	25.000
Mæling fyrir húsi á lóð	25.000
Mæling fyrir húsi í sveit	12.600

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt 17. gr. laga nr. 170/2000 sem er breyting á 53. gr. laga nr. 73/1997. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Hrossholti, 21. janúar 2002.*

**Ólafur K. Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði.

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 8. maí 2000.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjöld skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern hund.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjöld að upphæð kr. 4.300 á hvern kött.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af óheimilli lausa-göngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 19. desember 2001 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 64, frá 15. janúar 2001.

*Egilsstöðum, 22. janúar 2002.*

**Þórhallur Pálsson**,  
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.



# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar. Hann er stofnaður 25. september 2001 af Bent Scheving Thorsteinsson með framlagi kr. 11.910.000.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskóla Íslands og ávaxtaður á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir með reikningum Háskólasjóða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa:

1. Rektor Háskóla Íslands.
2. Forsetar lagadeildar Háskóla Íslands og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands skulu tilnefna einn fulltrúa hvor í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar. Ekki má úthluta hærri upphæð en  $\frac{3}{4}$  af ávöxtun hans. Óúthlutaðir vextir leggjast við stofnfé.

6. gr.

Það er ósk gefanda að úthlutun úr sjóðnum fari fram við hátíðlega opinbera athöfn og nánar greint frá henni í fjölmiðlum og Árbók Háskólans.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn sjóðsins telur það nauðsynlegt.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna tengdra markmiðum sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Margaretar og Bents Scheving Thorsteinssonar hjá dómsmálaráðuneytinu í samræmi við lög um sjóði nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 2002.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2002

5. febrúar 2002

273

Nr. 112

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

#### *Hólmsheiði við Nesjavallaveg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. október 2001, deiliskipulag fyrir fangelsislóð á Hólmsheiði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skildinganes, Baugatangi 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. október 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skildinganes, lóðina Baugatanga 4, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Bryggjuhverfi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis varðandi lóðirnar nr. 10-12 við Tangarbryggju, 13-15, 17, 21-29 og 31-33 við Naustabryggju.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 5. febrúar 2002.*

F.h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 2002

Nr. 113

274

7. febrúar 2002

## REGLUGERÐ

### um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2001/2002.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hér eftir nefndir dagabátar.

Á tímabilinu 1. nóvember 2001 - 31. mars 2002 er dagabátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

#### 2. gr.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal leyfilegur fjöldi sóknardaga vera 23 hjá dagabátum.

#### 3. gr.

Við útreikning á nýtingu sóknardaga skal miða við þann klukkustundafjölda sem bátur er á sjó og telst hver sóknardagur 24 klukkustundir. Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar til löndunar afla. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfremur í hvaða höfn afla er landað.

Við eftirlit með sókn dagabáta hefur Fiskistofa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa. Komi upp misræmi milli tilkynninga samkvæmt 2. mgr. og skráningar samkvæmt sjálfvirka tilkynningarkerfinu getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning verði lögð til grundvallar við útreikning sóknar.

#### 4. gr.

Utan sóknardaga eru dagabátum bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Fiskistofa getur þó veitt leyfi til sérstakra veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net, samkvæmt reglugerðum þar að lútandi.

Fái dagabátur sérstakt leyfi, samkvæmt 1. mgr., er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi dagabátur sem stundar hrognkelsaveiðar aukaafli í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknardaga á bátinn vegna aukaafllans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðið magn leiði til eins sóknardags og taka mið af meðaldagsafli hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti dagabátur leyfi, samkvæmt 1. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 8. gr.

#### 5. gr.

Óheimilt er dagabáti að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja dagabáta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er dagabátum að stunda veiðar í tómsendum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afli sem fæst við slíkar veiðar er ekki heimilt að selja eða fényta á annan hátt. Skipstjórar báta sem fara til tómsundaveiða skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

Ef ekki er tilkynnt með fullnægjandi hætti sbr. 2. og 3. mgr. reiknast fjarvera báts úr höfn sem sókn.

#### 6. gr.

Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990. Óheimilt er að veita báti 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum við lok fiskveiðiársins 2000/2001, leyfi til veiða samkvæmt þessari reglugerð. Þá er óheimilt að stækka bát, sem leyfi hefur til handfæraveiða með dagatakmörkunum, þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

#### 7. gr.

Heimilt er að flytja heila sóknardaga innan fiskveiðiársins eða varanlega milli dagabáta. Sé sá bátur sem sóknardagarnir eru fluttir til, stærri í brúttótonnum talið en sá bátur sem dagarnir eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna. Á sama hátt skal skerða sóknardaga báts sem er stækkaður. Flutningur sóknardaga til minni báts eða breytingar á báti, sem leiða til minnkunar hans hefur ekki áhrif á fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en sem nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiarunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu árána.

Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátinum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga, sem fluttir hafa verið til bátsins. Séu sóknardagar fluttir til báts, sem hefur sóknardaga fyrir, breytist ekki sóknardaganýting, sbr. 2. mgr. á þeim dögum sem fyrir voru.

Eignist aðili sem á fyrir dagabát annan bát, sem er án sóknardaga, og koma skal í stað þess báts sem hann á fyrir, er honum heimilt að flytja til hins nýja báts sóknardaga og sóknardaganýtingu sem eru á þeim báti sem hann átti fyrir, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem af stærðarmuni leiða skv. 1. mgr. Sama gildir hafi aðili eignast bát, sem sætt hefur fullri skerðingu samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr.

Við útreikning daga samkvæmt þessari grein skal broti sleppt.

Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli fiskibáta innan fiskveiðisársins 2001/2002 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2002. Umsóknir um flutning varanlegra sóknardaga milli fiskibáta skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2002. Berist umsókn síðar, hefur flutningur varanlegra sóknardaga ekki áhrif á úthlutun sóknardaga á fiskveiðiarinu 2002/2003.

## 8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmeis sjávarafra fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 628, 16. ágúst 2001, um veiðar dagabáta fiskveiðiaríð 2001/2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. febrúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b>	<b>Verðtollur</b>	<b>Magntollur</b>
			<b>kg</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0701.9000	Kartöflur, aðrar	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	102

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b>	<b>Verðtollur</b>	<b>Magntollur</b>
			<b>kg</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0706.9001	Gulrófur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	12.02.-30.06.02	ótilgr.	0	100

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2002. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 714/2001, nr. 752/2001, nr. 817/2001, nr. 915/2001 og 6/2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b>	<b>Verðtollur</b>	<b>Magntollur</b>
			<b>kg</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0

<i>Tollnúmer:</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn</b> <b>kg</b>	<b>Verðtollur</b> <b>%</b>	<b>Magntollur</b> <b>kr./kg</b>
0703.1009	Skallottlaukur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	12.02.-15.03.02	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat, á öðrum tíma	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	12.02.-15.03.02	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifíflsblöð	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	12.02.-15.03.02	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur, á öðrum tíma	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgáxentir	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0709.6004	Önnur paprika	16.03.-31.10.02	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálalandsspínat og hrímblaðka	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	12.02.-31.12.02	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2002. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 2/2002 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 2002

Nr. 116

280

11. febrúar 2002

## AUGLÝSING

um fyrstu (1.) breytingu á gjaldskrá, nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir.

1. gr.

Viðauki I við gjaldskrána orðast svo:

### Flokkar gjalda.

<b>Flokkur: Lyf fyrir menn</b>	<b>Gjald í kr.</b>
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	110.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	22.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	82.500
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	16.500
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf. Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	55.000
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	11.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	33.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	13.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	27.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	5.500

<b>Flokkur: Lyf fyrir menn</b>	Gjald í kr.
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	33.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	16.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.000

<b>Flokkur: Lyf fyrir dýr</b>	
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	44.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/ styrkleiki	11.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	22.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.000
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf. Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	22.000
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	5.500
Umsókn um lyfjaleifar (MRL) og nýja dýrategund	22.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	22.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	5.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	11.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	16.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	3.300
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	22.000
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.000
Árgjald dýrallyfja fyrir hvern styrkleika lyfja	11.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.000

<b>Flokkur: Náttúrulyf og smáskammtalyf</b>	
Umsókn um náttúrulyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika) Umsókn um smáskammtalyf sem ekki hafa markaðsleyfi í öðru EES-aðildarríki	27.500
Aukalyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	5.500
Árgjald	1.700

<b>Flokkur: Náttúruvörur, fæðubótarefni og smáskammtalyf</b>	Gjald í kr.
Náttúruvörur og fæðubótarefni, skráning	7.700
Árgjald	1.100
Smáskammtalyf, skráning	7.700
Viðbótarþynning	1.100
Árgjald	1.100
<b>Flokkur: Klínískar lyfjaprófanir o.fl.</b>	
Klínísk lyfjaprófun	33.000
Klínísk frásogsprófun	16.500

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 3. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og öðlast hún þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 2002

---

13. febrúar 2002

283

Nr. 117

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,  
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „15. febrúar“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. apríl.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2002

---

Nr. 118

284

25. janúar 2002

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

#### 1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Upplýsingum um breytingar á skrá Fasteignamats ríkisins, sbr. 1. mgr., skal skilað á eyðublaðum sem Jöfnunarsjóður lætur sveitarfélögum í té. Á þeim skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. fasteignir sem undanþegnar eru álagningu fasteignaskatts skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 945/2000, eða ákvæðum sérlaga,
- b. ákvarðanir sveitarfélags um lækkun eða niðurfellingu álagðs fasteignaskatts vegna fasteigna sem falla undir 1.-4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 945/2000,
- c. lækkun fasteignaskatts vegna samninga við stóriðjufyrirtæki,
- d. leiðréttingar sem sveitarfélög gera vegna fasteigna þar sem flokkun eða mat hefur breyst, svo sem í kjölfar endurmats eða úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar,
- e. beitingar mismunandi álagningarprósentu í sameinuðu sveitarfélagi, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 945/2000,
- f. endanlega niðurstöðu álagningar vegna fasteigna þar sem nýting er með þeim hætti að ákvæði 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr. eða 8. gr. reglugerðar nr. 945/2000 eiga við.

#### 2. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða til sveitarfélaga á árinu 2002 framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi, miðað við framlag á fjárlögum þess árs.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Húnborgi Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

### um tollfríðindi við innflutning vara sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims.

*Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims.*

1. gr.

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims (GSP-ríkjum) skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tollfríðindanna njóta þau ríki sem talin eru upp í viðauka nr. V við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum. Þau ríki eru: Afganistan, Angóla, Bangladess, Benín, Burma, Búr-kína Fasó, Búrúndí, Bútan, Djíbútí, Eritrea, Eþíópía, Gambía, Gínea, Gínea-Bissá, Græn-höfðaeyjar, Haítí, Jemen, Kambódía, Kíríbatí, Kongó, Kómoreyjar, Laos, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Maldíveyjar, Malí, Míritanía, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Nepal, Níger, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóa, Saó Tóme og Prinsípe, Síerra Leóne, Sómalía, Súdan, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túvalú, Úganda og Vanúatú.

*Vörusvið.*

2. gr.

Tollfríðindi samkvæmt reglugerð þessari taka til eftirtalinnna vara í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðarinnar:

1. Vörur sem falla undir tollskránumer í köflum 25 til og með 97 í tollskrá að frá-töldum vörum sem taldar eru upp í viðauka 1 við reglugerð þessa.
2. Vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefni, enda falli þær undir tollskránumer sem talin eru upp í viðauka 2 við reglugerð þessa.
3. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, enda falli þær undir tollskránumer sem talin eru upp í viðauka 3 við reglugerð þessa.

*Upprunareglur.*

3. gr.

Tollfríðindi samkvæmt reglugerð þessari eru bundin því skilyrði að vörurnar séu upp-runnar í GSP-ríki í skilningi upprunareglna í viðauka 4 við reglugerð þessa. Öðrum skil-yrðum upprunareglnanna um flutning vöru, sönnun uppruna og fleira þarf einnig að vera fullnægt eigi vara, sem upprunninn er í GSP-ríki, að njóta tollfríðinda við innflutning hennar til Íslands.

*Gildistaka o.fl.*

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 6. gr. sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tolla-laga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Jóna Björk Guðnadóttir.*

### VIÐAUKI 1 Iðnaðarvörur.

Eftirtaldar vörur, í köflum 25 til og með 97 í tollskrá heyra ekki undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 1. töflul. 2. gr. hennar:

ST-númer	Vörulýsing
3502	Albúmín, albúmínöt og aðrar albúmínafleiður: - Eggjaalbúmín: úr 11 - - Þurrkuð, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis úr 19 - - Önnur eggjaalbúmín, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis úr 20 - - Mjólkuralbúmín, þar með talið kirmi tveggja eða fleiri mysupróteina, þó ekki þau sem eru óhæf eða verða gerð óhæf til manneldis
3823	Einbasískar karboxyfítusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun; feitalkóhól frá iðnaði: - Einbasískar karboxyfítusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun: úr 11 - - Sterínsýra til fódurs úr 12 - - Olíusýra til fódurs úr 13 - - Fítusýrur tallolíu til fódurs 19 - - Aðrar: úr 19 - - - Eimaðar fítusýrur til fódurs; eimaður vökvi fítusýra til fódurs úr 70 - - Feitalkóhól frá iðnaði til fódurs

### VIÐAUKI 2 Landbúnaðarvörur.

Vörur unnar úr landbúnaðarhræfni sem flokkast í tollskrárnúmer sem talin eru upp í töflu 1 eiga undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 2. töflul. 2. gr. hennar.

Engir tollar eru á áður nefndum vörum nema annað sé tekið fram í viðauka við töflu 1.

### TAFLA 1

ST-númer	Vörulýsing
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói: 10 - Jógúrt: úr 10 - - Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói 90 - Önnur: úr 90 - - Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
0501	Mannshár, óunnið, einnig þvegið eða hreinsað, úrgangur úr mannhári
0502	Burstir eða hár af grísum, alisvínnum eða villisvínnum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum eða hári
0503	Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag með eða án stoðefnis
0505	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sóthreinsað eða varíð skemmdum; duft og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum

ST-númer	Vörulýsing
0507	Fílabein, skjaldböskulkeljar, hvalskiði og skíðishár, horn, hreindýrahorn, hófar og klaufir, neglur, klær og nef, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið; duft og úrgangur úr þessum vörum
0508	Kórallar og áþekk efni, óunnið eða lauslega forunnið en ekki frekar unnið; skeljar lindýra, krabbadýra eða skrápdyra og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið, duft og úrgangur úr þessum vörum
0509	Náttúrlegir svampar úr dýraríkinu
0510	Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; kirtlar og aðrar vörur úr dýraríkinu sem notaðar eru við framleiðslu á vörum til lækninga, nýjar, kældar, frýstar eða á annan hátt varðar til bráðabirgða gegn skemmdum
0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frýstar:
40	- Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )
0711	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvífildisgasi, saltlegi, brenni steinssyrtingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óháfar í því ástandi til manneldis:
90	- Aðrar matjurtir; matjurtablöndur:
úr 90	- - Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )
1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypi efni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
	- Jurtasafar og jurtakjarnar:
14	- - Úr prestafflum eða rótum plantna sem innihalda rötón
19	- - Aðrir:
úr 19	- - - Innbyrðis blöndur jurtakjarna, til framleiðslu á drykkjarvörum eða til matvælaframleiðslu
úr 19	- - - Annað til lyfja en innbyrðis blöndur jurtakjarna til framleiðslu á drykkjarvörum, matvælum eða vanilluoleóresíni
20	- Pektínefni, pektínöt og pektöt:
úr 20	- - Sem innihalda 5% eða meira miðað við þyngd af viðbættum syki
1401	Jurtaefni notað aðallega til fléttunar (t.d. bambus, spanskreyrspálmi, reyr, sef, kórfluviður, raf-fíturfjar, hreinsuð, bleikt eða lituð kornstrá, og linditrefjar)
1402	Jurtaefni notað aðallega sem tróð eða til bólstrunar (t.d. glansull (kapok), viðarhár og marhálmur), einnig í lögum með eða án stöðefnis
1403	Jurtaefni notað aðallega í sópa eða bursta (t.d. sópdúrur, píassava, húsapuntur og agavetrefjar), einnig í búntum eða hönkum
1404	Vörur úr jurtaríkinu, ót.a.:
10	- Óunnið jurtaefni notað aðallega til litunar eða sýtunar
90	- Aðrar
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:
10	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
úr 10	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd
90	- Annað:
úr 90	- - Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd
úr 90	- - Neysluháfar blöndur eða efnablöndur, lagaðar sem smurefni í mót
1520	Glýseról (glýserín), hrátt; glýserólvatn og glýserollútur:
úr 00	- Til fódurs <sup>1</sup>
1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtafaxi:
úr 00	- Degras til fódurs <sup>1</sup>
1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:
50	- Kemískt hreinn frúktósi
90	- Annað, þar með taldar einsykrur (invertsugar):
úr 90	- - Kemískt hreinn maltsykur (maltósi)



ST-númer	Vörulýsing
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó
1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
11	- - Með eggjainnihaldi
19	- - Annað
20	- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
úr 20	- - Þó ekki vörur sem innihalda meira en 20% miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
30	- Önnur pasta
40	- Couscous
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsigunaroblátur, ríspynnur og áþekkar vörur
2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:
90	- Annað:
úr 90	- - Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> ); pálmakjarni; kínverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir svipaðir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd
2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006:
10	- Kartöflur:
úr 10	- - Fín- eða grófmalaðar eða flögur
90	- Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:
úr 90	- - Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006:
20	- Kartöflur:
úr 20	- - Fín- eða grófmalaðar eða flögur
80	- Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )
2006	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegn-dreypt, gljásykrað eða kristallað):
úr 2006	- Sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )
2007	Sulta, ávaxtahlauþ, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	- Hnetur, jarðhnetur og önnur fræ, einnig blandað saman:
11	- - Jarðhnetur:
úr 11	- - - Hnetusmjör
úr 11	- - - Jarðhnetur, ristaðar
	- Annað, þar með talið blöndur, aðrar en í nr. 2008 19:
úr 91	- - Pálmakjarni til fóðurs <sup>1</sup>
99	- - Annars:
úr 99	- - - Maís (korn), annað en sykurmaís ( <i>Zea mays</i> var. <i>saccharata</i> )

ST-númer	Vörulýsing
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkórúrætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim: - Kjarni, kraftur, seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
12	- - Framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
úr 12	- - - Með 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurpróteini, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þyngd
20	- Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:
úr 20	- - Með 1,5%, eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurpróteini, 5% eða meira af sykri eða 5% af sterkju miðað við þyngd
30	- Brenndar síkórúrætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
úr 30	- - Annað brennt kaffilíki en brenndar síkórúrætur, kjarni, kraftur og seyði úr öðru brenndu kaffilíki, en brenndum síkórúrótum
2102	Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:
20	- Tómatósúr
30	- Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep):
úr 30	- - Unninn mustarður (sinnep) sem inniheldur meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þyngd
90	- Annað:
úr 90	- - Þó ekki mangómauk (Mango Chutney), fljótandi
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli
2106	Matvæli, ót.a.:
úr 2106	- Þó ekki bragðbætt eða litað sykursróp né framleiðsla að meginstofni til úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætu-efni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009
2203	Ól gert úr malti
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum
2207	Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur:
20	- Etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er
2208	Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur:
40	- Romm og tafía:
50	- Gin og genever
60	- Vodka
70	- Líkjörar og áfengisblöndur (cordials):
úr 70	- - Líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga
90	- Annað
úr 90	- - Ákavíti
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksyru
2402	Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki
2403	Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurunnið tóbak; tóbaks kjarnar og tóbaksseyði
2905	Raðtengd alkóhól ásamt halógen-, sulfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:
43	- Önnur pólyhydrísk alkóhól:
44	- - Mannítól
	- - D-glúkítól (sorbitól)

ST-númer	Vörulýsing
3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hráefni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum: 10 - Til nota í matvæla- eða drykkjarvöruíðnaði
3501	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím
3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að megin stofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju
3809	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.: 10 - Að stofni til úr sterkjukennendum efnum
3824	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemíks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemíks eða skylds iðnaðar, ót.a.: 60 - Sorbitól, annað en í nr. 2905 44

## VIÐAUKI VIÐ TÖFLU 1

Engir tollar eru á vörum unnum úr landbúnaðarhráefni, sem eru tilgreindar í töflu 1, nema á eftirtöldum framleiðsluvörum og eru þeir tollar (ISK/kg) eins og hér er tilgreint:

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:	
0403.1011	- Jógúrt með kakaói	53
0403.1012	- Jógúrt með ávöxtum eða hnetum	53
0403.1013	- Jógúrt, bragðbætt, ót.a.	53
0403.1021	- Drykkjarjógúrt, kakaóblönduð	51
0403.1022	- Drykkjarjógúrt blönduð með ávöxtum eða hnetum	51
úr 0403.1029	- Drykkjarjógúrt, bragðbætt, ót.a.	51
0403.9011	- Annað kakaóblandað	45
0403.9012	- Annað blandað með ávöxtum eða hnetum	45
0403.9013	- Annað, bragðbætt, ót.a.	45
0403.9021	- Önnur drykkjarvara kakaóblönduð	45
0403.9022	- Önnur drykkjarvara blönduð með ávöxtum eða hnetum	45
úr 0403.9029	- Önnur drykkjarvara, bragðbætt, ót.a.	45
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til mandleis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til mandleis eða þættir þeirra í nr. 1516:	
1517.1001	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki, sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfítu miðað við þyngd	88
1517.9002	- Annað en smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki, sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfítu miðað við þyngd	88
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó: - Önnur framleiðsla í blokkum, plötum eða stöngum sem vega meira en 2 kg, eða er lögur, deig, duft, korn eða önnur heild í umbúðum, sem innihalda meira en 2 kg:	

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1806.2003	- - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	109
1806.2004	- - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	39
1806.2005	- - Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti	109
1806.2006	- - Önnur framleiðsla, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti	39
1806.3101	- Annað í blokkum, plötum eða stöngum:	
1806.3109	- - Fyllt súkkulaði í plötum eða stöngum	51
1806.3202	- - Annað fyllt í blokkum, plötum eða stöngum	51
1806.3203	- - Ófyllt súkkulaði sem í er kakaódeig, sykur, kakaósmjör og mjólkurþurefni, í plötum eða stöngum	47
1806.3209	- - Ófyllt súkkulaðilíki í plötum eða stöngum	39
1806.9011	- - Annað ófyllt í blokkum, plötum eða stöngum	21
	- Annað:	
	- - Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
1806.9011	- - - Tilreidd drykkjarvöru efni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem inniheldur 5% eða meira af kakaódufti, miðað við þyngd reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a., sykur eða annað sætiefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragðefna	22
1806.9022	- - Annað en efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
1806.9023	- - - Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	18
1806.9024	- - - Páskaegg	48
1806.9025	- - - Íssósúr og ídýfur	39
1806.9026	- - - Húðað eða hjúpað svo sem rúsínur, hnetur, belgt korn, lakkrís, karamellur og hlaup	53
1806.9028	- - - Konfekt	48
1806.9029	- - - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur 30% eða meira miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	118
1806.9039	- - - Kakaóduft, þó ekki vörur í nr. 1901, sem inniheldur minna en 30% miðað við þyngd af nýmjólkur- og/eða undanrennudufti, með eða án viðbættis sykurs eða annarra sætiefna, en án íblöndunar annarra efna	43
1901	- - - Annars	47
1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:	
	- Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennudufti, eggjum, mjólkurfitu (s.s. smjör), osti eða kjöti:	
1901.2012	- - Til framleiðslu á hunangskökum og þess háttar í nr. 1905.2000	25
1901.2013	- - Til framleiðslu á sætakexi í nr. 1905.3011 og 1905.3029, þ.m.t. smákökur	17
1901.2014	- - Til framleiðslu á piparkökum í nr. 1905.3021	29
1901.2015	- - Til framleiðslu á vöfllum og kexþynnum í nr. 1905.3030	10
1901.2016	- - Til framleiðslu á tvíbökum, ristudu brauði og áþekktum ristudum vörum í nr. 1905.4000	15
1901.2017	- - Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9011, með fyllingu sem að meginhluta er úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum	39

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1901.2018	- - Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9019	5
1901.2019	- - Til framleiðslu á ósætu kexi í nr. 1905.9020	5
1901.2022	- - Til framleiðslu á kökum og konditorstykjum í nr. 1905.9040	33
1901.2023	- - Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9051	97
1901.2024	- - Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítsur (pizza) í nr. 1905.9059	53
1901.2029	- - Til framleiðslu á vörum í nr. 1905.9090	43
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:	
1902.1100	- Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt - Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	8
1902.2022	- - Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því sem inniheldur 3%, til og með 20%, miðað við þyngd af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því	41
1902.2031	- - Fyllt með osti sem inniheldur meira en 3% af osti	35
1902.2041	- - Fyllt með kjöti og osti sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd af kjöti og osti	142
1902.2042	- - Fyllt með kjöti og osti sem inniheldur samanlagt 3%, til og með 20%, af kjöti og osti - Önnur pasta:	41
1902.3021	- - Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því, sem að magni til er 3%, til og með 20% miðað við þyngd	41
1902.3031	- - Með osti sem að magni til er meira en 3%, miðað við þyngd	35
1902.3041	- - Með kjöti og osti, sem að magni til er samanlagt 3%, til og með 20% miðað við þyngd	41
1902.4021	- Með pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því, sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	41
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkrri mynd:	
1903.0001	- Í smásöluumbúðum 5 kg eða minni	Tollfrjálst
1903.0009	- Annað en í smásöluumbúðum 5 kg eða minni	Tollfrjálst
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða gröfmalað), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.:	
1904.9001	- Annars: - - Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	42
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsíglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:	
1905.2000	- Hunangskökur (engiferkökur) og þess háttar - Sætakex; vöfllur og kexþynnur, húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó:	83
1905.3011	- - Sætakex (þ.m.t. smákökur)	17
1905.3019	- - Annað en sætakex - Sætakex; vöfllur og kexþynnur, ekki húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó: - - Sætakex (þ.m.t. smákökur):	16
1905.3021	- - - Piparkökur	31
1905.3022	- - - Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri	23
1905.3029	- - - Annað en sætakex og smákökur	19
1905.3030	- - Annað	11

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
1905.4000	- Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur - Annað: - - Brauð:	16
1905.9011	- - - Með fyllingu sem er að meginhluta úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum (t.d. hvítlaukssmjör)	39
1905.9019	- - - Annað	5
1905.9020	- - Ósætt kex	5
1905.9040	- - Kökur og konditorstykki - - Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza):	35
1905.9051	- - - Sem innihalda kjöt	97
1905.9059	- - - Aðrar	53
1905.9090	- - Annars	45
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbættiefni; mustarðsmjöl, fín- eða gröfmalað, og unninn mustarður; - Annað en sojasósa, tómatsósúur og sósúur úr mustarðsmjöli, fín- eða gröfmöluðu, og unnum mustarði (sinnep):	
2103.9020	- - Majones	19
2103.9030	- - Olífúsósúur, ót.a. (t.d. remulaðisósúur)	19
2103.9051	- - Með kjötinnihaldi sem er að magni til meira en 20% miðað við þyngd	97
2103.9052	- - Með kjötinnihaldi sem er að magni til 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	52
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli; - Súpur og seyði og framleiðsla í það:	
2104.1001	- - Tilreiddar matjurtasúpur að meginstofni úr mjöli, sterkju eða malkjarna	3
2104.1002	- - Annað súpuduft í 5 kg umbúðum eða stærri	31
2104.1003	- - Niðursóðnar fiskúsúpur - - Aðrar súpur:	27
2104.1011	- - - Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	78
2104.1012	- - - Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	44
2104.1019	- - - Annars - - Annað:	21
2104.1021	- - - Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	78
2104.1022	- - - Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	44
2104.1029	- - - Annars - Jafnblönduð samsett matvæli:	21
2104.2001	- - Með kjötinnihaldi sem að magni til er meira en 20%, miðað við þyngd	97
2104.2002	- - Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	51
2104.2003	- - Sem innihalda fisk, krabbadýr, skeldýr eða aðra sjávar- eða aðra vatnahryggleysingja	24
2104.2009	- - Önnur	24
2106	Matvæli, ót.a.:	
	- Önnur: - - Búðingsduft:	
2106.9041	- - - Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjaraudu	67
2106.9048	- - - Annað, sem inniheldur mjólkurduft, eggjahvítu eða eggjaraudu	80
2106.9049	- - - Annað, sem inniheldur hvorki mjólkurduft né eggjahvítu eða eggjaraudu	67
2106.9064	- - Með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd	41
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009: - Annað: - - Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða:	

Tollnúmer á Íslandi	Vörulýsing	Tollur (ISK/kg)
2202.9011	- - - Í pappaumbúðum	41
2202.9012	- - - Í einnota stálumbúðum	41
2202.9013	- - - Í einnota álumbúðum	41
2202.9014	- - - Í einnota glerflátum sem eru stærri en 500 ml	41
2202.9015	- - - Í einnota glerflátum sem eru ekki stærri en 500 ml	41
2202.9016	- - - Í einnota plastumbúðum, lituðum	41
2202.9017	- - - Í einnota plastumbúðum, ólituðum	41
2202.9019	- - - Annars	41

Tollskrárnúmer sem eru tilgreind í þessum viðauka, eru í gildi á Íslandi 1. janúar 2002. Breytingar sem kunna að verða gerðar á tollskrá hafa engin áhrif á skilmála viðaukans.

### VIÐAUKI 3 Sjávarafurðir.

Vörur sem flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer í tollskrá eiga undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt 3. tölul. 2. gr. hennar og skulu vera tollfrjálsar:

ST-númer	Vörulýsing
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:
úr 40	- Annað:
3. kafli 1504	- - Af hval Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
1516	Fæti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlestað, endurestað eða elaidínerað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið:
úr 10	- Dýrafæti og -olíur og þættir þeirra: - - Fengið eingöngu úr fiski eða sjávarspendýrum
1603	Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
úr 00	- Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
1604	Fiskur, unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnið eða varið skemmdum:
2301	Mjöl, fínmalað eða gröfmalað, og kögglar, úr kjöti, hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar: - Mjöl, fín- eða gröfmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar:
úr 10	- - Hvalmjöl
úr 20	- Mjöl, fín- eða gröfmalað, og kögglar, úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
2309	Framleiðsla til dýraeldis:
úr 90	- Önnur: - - Fiskmelta

## VIÐAUKI 4 Upprunareglur.

### I. KAFLI Almenn ákvæði.

#### *Skilgreiningar.*

##### 1. gr.

Að því er viðauka þennan varðar merkir:

1. *Framleiðsla*: Hvers konar aðvinnsla, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla.
2. *Efni*: Hvers konar efnisþáttur, hráefni, íhluta eða hluta o. s. frv. sem notað er við framleiðslu vöru.
3. *Framleiðsluvara*: Vara sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar.
4. *Vara*: Bæði efni og framleiðsluvörur.
5. *Tollverð*: Verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 1994 (samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverð).
6. *Verksmiðjuverð*: Verð sem framleiðanda í GSP-ríki er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaadvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út.
7. *Verðmæti efnis*: Tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið í GSP-ríki.
8. *Verðmæti upprunaefna*: Verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í 7. tölul. að breyttu breytanda.
9. *Kaflar og vöruliðir*: Kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána; og í viðauka þessum er vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða ST.
10. *Flokkun*: Flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið.
11. *Vörusending*: Framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vöruþreikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi.
12. *GSP-ríki*: Þróunarríki sem á rétt á fríðindameðferð samkvæmt reglugerð þessari.
13. *Upprunaskírteini*: Upprunasönnun í formi upprunaskírteinis, að uppsetningu og innihaldi eins og skilgreint er á hverjum tíma.
14. *Yfirlýsing á vöruþreikningi*: Upprunasönnun í formi yfirlýsingar á vöruþreikningi, að innihaldi eins og skilgreint er á hverjum tíma.
15. *Yfirráðasvæði*: Yfirráðasvæði GSP-ríkis ásamt landhelgi þess.

### II. KAFLI Skilgreining hugtaksins „upprunavörur“.

#### *Upprunaviðmiðanir.*

##### 2. gr.

Vara telst upprunnin í GSP-ríki í skilningi reglugerðar þessarar ef hún uppfyllir annað af neðangreindum skilyrðum:



1. Varan er að öllu leyti fengin í GSP-ríki samkvæmt 3. gr.
2. Varan hefur hlotið nægilega aðvinnslu í GSP-ríki samkvæmt 4. gr.

*Framleiðsluvara fengin að öllu leyti.*

3. gr.

Eftirtaldar vörur teljast að öllu leyti fengnar í GSP-ríki í skilningi 1. tölul. 2. gr.:

1. Jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess.
2. Vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar.
3. Lifandi dýr sem þar eru borin og alin.
4. Afurðir lifandi dýra sem þar eru alin.
5. Veidiþráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar.
6. Sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi viðkomandi lands af skipum þess.
7. Vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess, eingöngu úr afurðum sem getið er í 6. tölul.
8. Notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr.
9. Úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar.
10. Vörur unnar úr yfirborðslögum hafsbotsins utan landhelgi viðkomandi ríkis, að því tilskildu að það hafi einkarétt á að vinna úr þessum lögum.
11. Vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í 1.-10. tölul.

Orðin *skip* og *verksmiðjuskip* í 6. og 7. tölul. 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru skráð eða skrásett í viðkomandi ríki.
2. Sigla undir fána viðkomandi ríkis.
3. Eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara viðkomandi ríkis eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í ríkinu enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórnar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar landsins; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessa ríkis eða opinberra stofnana eða ríkisborgara þess ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög.
4. Skipstjóri og yfirmenn séu ríkisborgarar viðkomandi ríkis.
5. Að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar séu ríkisborgarar viðkomandi ríkis.

Skip, þ.m.t. verksmiðjuskip sem vinna afla um borð úti á hafi, teljast hluti af yfirráðasvæði viðkomandi GSP-ríkis, enda séu skilyrði 2. mgr. uppfyllt.

*Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu.*

4. gr.

Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru fengnar að öllu leyti í GSP-ríki teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum samkvæmt aðvinnslureglum í II. viðbæti við bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið verið fullnægt. Aðvinnslureglur þessar kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem reglugerð þessi tekur til og gilda þær einungis um slík efni. Af þeim sökum þarf framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

1. Heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
2. Ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.  
Ákvæði 3. mgr. gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.– 63. kafla í samræmdu tollskránni.  
Ákvæði þessarar greinar gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 5. gr.

*Ófullnægjandi aðvinnsla.*

5. gr.

Eftirfarandi aðgerðir teljast ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 4. gr. hefur verið fullnægt:

1. Aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir).
2. Einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur.
3. Skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining, einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar þökkunaraðgerðir.
4. Festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra.
5. Einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna sem sett eru í viðauka þessum.
6. Einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara.
7. Sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í 1.-6. tölul.
8. Slátrun dýra.

*Skilgreiningareining.*

6. gr.

Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessa viðauka er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.

Af þessu leiðir eftirfarandi:

1. Þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum og flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið, telst heildin vera ein skilgreiningareining;
2. Þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum þessa viðauka er beitt.  
Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

*Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri.*

7. gr.

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

*Samstæður.*

8. gr.

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

*Atriði sem hafa ekki áhrif.*

9. gr.

Þegar ákvarða skal uppruna framleiðsluvöru er ekki nauðsynlegt að ákvarða uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:

1. Orka og eldsneyti.
2. Verksmiðja og búnaður.
3. Vélar og verkfæri.
4. Vörur sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörinni fullgerðri.

## III. KAFLI

**Skilyrði varðandi yfirráðasvæði.***Meginregla um yfirráðasvæði.*

10. gr.

Fullnægja verður skilyrðum í 2. gr. um öflun upprunaréttinda óslitið í GSP-ríki. Leiði ekki annað af ákvæði 11. gr., telst öflun upprunaréttinda ekki óslitin ef vörur sem hlotið hafa aðvinnslu í GSP-ríki, hafa verið fluttar af yfirráðasvæði viðkomandi ríkis.

*Endurinnflutningur vara.*

11. gr.

Upprunavörur, sem fluttar eru út frá GSP-ríki og síðar fluttar inn á ný, teljast hafa glatað rétti til að teljast upprunavörur. Þetta á þó ekki við ef sýnt er fram á með fullnægjandi hætti að mati íslenskra tollyfirvalda eða þar til bærra yfirvalda í viðkomandi GSP-ríki að endurinnfluttar vörur séu hinar sömu og fluttar voru úr landi.

*Beinn flutningur.*

12. gr.

Það er skilyrði fríðindameðferðar samkvæmt reglugerð þessari að vörur, sem teljast upprunnar í GSP-ríki skv. 1. tölul. 2. gr., hafi verið fluttar beint frá viðkomandi GSP-ríki til Íslands.

Eftirtalið telst beinn flutningur í skilningi 1. mgr.:

1. Flutningur vöru án þess að hún fari um yfirráðasvæði annars ríkis.
2. Flutningur vörusendingar um yfirráðasvæði annars ríkis, eftir atvikum með umhleðslu eða tímabundinni geymslu á slíku yfirráðasvæði, að því tilskildu að vörusending hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í viðkomandi umflutnings- eða geymslulandi og að ekki hafi farið fram aðrar aðgerðir þar en hleðsla, afhleðsla eða aðrar aðgerðir sem eingöngu er ætlað að varðveita ástand vörusendingar.

Sannanir um að skilyrðunum sem um getur í 2. tölul. 2. mgr. hafi verið fullnægt skulu lagðar fram fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins með einni af eftirtöldum sönnunum:

1. Einföldu flutningsskjali fyrir flutning frá viðkomandi GSP-ríki um umflutningslandið.

2. Skírteini, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:
  - a. Nákvæm lýsing á framleiðsluvörinni.
  - b. Dagsetningar affermingar og endurfermingar og þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa eða annars flutningsmáta.
  - c. Við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða
3. Að öðrum kosti hvers konar skjöl sem færa sönnur á þetta.

#### *Sýningar.*

13. gr.

Framleiðsluvörur sem sendar eru frá GSP-ríki á vörusýningu í þriðja landi og fluttar eru til Íslands eftir sýninguna, skulu við innflutninginn teljast upprunnar í viðkomandi GSP-ríki, að því tilskildu að sýnt sé fram á eftirfarandi atriði með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda:

1. Að útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur beint frá viðkomandi GSP-ríki til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar.
2. Að sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda á Íslandi.
3. Að framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar.
4. Að framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.

Sönnun á uppruna skal leggja fram hjá íslenskum tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli framleiðsluvaranna og aðstæður við sýningu þeirra.

Ákvæði þessarar greinar skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkskýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu framleiðsluvörurnar undir tolfefirliti meðan á sýningu stendur.

#### IV. KAFLI

##### **Sönnun á uppruna.**

#### *Almennar kröfur.*

14. gr.

Staðfesta skal að framleiðsluvara sé upprunnin í GSP-ríki við innflutning til Íslands með framlagningu:

Staðsetning kassastæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfi að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurður Á. Þráinsson.*

## REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 885/2001 um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrapjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.**

1. gr.

Í stað ártalsins „2002“ í 1. mgr. 2. gr. og 5. mgr. 5. gr. kemur: 2003.

2. gr.

Í stað 1. mgr. í ákvæðum til skýringar koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Samkeppnispróf verða haldin í desember 2002 fyrir þá sem skrásettir eru á 1. námsár við læknadeild á haustmisseri 2002. Fyrirhugaðar breytingar á námsefni 1. árs koma til framkvæmda eins og áætlað var og verður prófað úr því námsefni í samkeppnisprófum í desember 2002. Auk þess verður þá einnig prófað úr almennri þekkingu, siðfræði og nálgun vandamála eins og áætlað er að gera á inntökuprófi samkvæmt þessum reglum.

Í þessu fyrirkomulagi felst að inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands verður tekið upp í tveimur áföngum. Reglur um val stúdentna til læknisnáms og val stúdentna til náms í sjúkrapjálfunarskor, sem samþykktar voru í háskólaráði 26. mars 1992, verða endurskoðaðar

í samræmi við þetta, en fyrirkomulagið verður kynnt á heimasíðu læknadeildar og í kennsluskrá Háskólans, eins og venja er.

Vorið 2003 verða inntökupróf haldin fyrsta sinni samkvæmt þessum reglum. Nemendur sem hafa þreytt samkeppnispróf á vegum læknadeildar, áður en inntökupróf eru fyrst haldin samkvæmt þessum reglum, en ekki hlotið rétt til náms í læknadeild vegna fjöldatakmarkana, verða að undirgangast inntökuprófið óski þeir að sækjast á ný eftir námi í læknadeild.

3. gr.

Reglur þessar, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 12. febrúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

5. febrúar 2002

Nr. 135

## SAMPYKKT

### um sorphirðu í Stykkishólmi.

1. gr.

Stykkishólmsbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) í Stykkishólmi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn bygginga- og skipulagsdeildar og eftirliti heilbrigðisnefndar Vesturlands. Stykkishólmsbær getur falið verktökum að annast innsöfnun á sorpi í Stykkishólmi, flutning og förgun.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphirðu skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Stykkishólmi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Stykkishólmsbær leggur til sorpílát fyrir heimilisúrgang til einstaklinga og fyrirtækja. Sorpílátin eru leigð samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur.

6. gr.

Í almenn sorpílát við heimili í þéttbýli má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegan heimilisúrgang, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Ekki má setja í þau mold, möl, grjót, byggingaúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát né heldur lyf.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Móttaka á úrgangi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát, er á gámastöð við flugvöllinn þar sem rekin er móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Greiða skal fyrir móttöku úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn Stykkishólms setur.

## 7. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlægð oftast bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum.

## 8. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar ber sjálfum að annast og kosta hana. Frágangur og umgengni um sorpílát skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits. Flutning á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 9. gr.

Almenn sorphreinsun samkvæmt 7. gr. greiðist af bæjarsjóði. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang. Heimilt er að innheimta sorphirðugjald hjá lögaðila samkvæmt rúmmáli, þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld ef álagning gjaldsins verður ekki tengd innheimtu fasteignagjalda. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

## 10. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til bygginga- og skipulagsdeildar eða heilbrigðiseftirlits.

## 11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það til bygginga- og skipulagsdeildar eða heilbrigðiseftirlits sem hlutast til um að úr verði bætt.

## 12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 13. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 123/1998 um sorphirðu í Stykkishólmi.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2002

20. febrúar 2002

325

Nr. 136

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

#### *Kirkjutún.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. janúar 2002, deiliskipulag fyrir Kirkjutún.

Skipulagssvæðið afmarkast af Mánatúni, lóðarmörkum Borgartúns 26 og 36, Borgartúni, Kringlumýrarbraut og Sóltúni. Öll hús á svæðinu eru íbúðarhús nema Borgartún 28, 28a og 30 sem eru fyrir verslun og þjónustu. Byggingarreitir eru fyrir Borgartún 30a og b og 28a. Stærð skipulagssvæðisins er 43.540 m<sup>2</sup> og heildarstærð byggingar allt að 49.500 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall, án bílgeymslna er 1,1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Laugarás - Hrafnista Reykjavík.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001 deiliskipulag fyrir Laugarás - Hrafnistu Reykjavík.

Skipulagssvæðið afmarkast af Brúnavegi, um Jökulgrunn, Sæbraut og lóðarmörkum í austri. Fyrirhugað er að reisa hjúkrunarheimili, heilsugæslu, tengibyggingu, raðhús og spennistöð. Auk þessa eru ráðgerðar ýmsar minni viðbyggingar og aukning á bílastæðum. Nýtingarhlutfall fyrir lóðina má vera allt að 0,70.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. febrúar 2002.*

Sviðstjóri skipulags- og byggingarsviðs,

**Salvör Jónsdóttir.**

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða fyrir meðferð sem um ræðir í 1. gr. sem hér segir:

1. Sérstökum göngudeildum undir eftirliti lækna fyrir meðferð húðsjúkdóma þannig að greiðsla fyrir hverja meðferð verði:  
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 850.
2. Sérstökum göngudeildum, sem hlotið hafa viðurkenningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á því að meðferð sé veitt undir sérstökum eftirliti sérfræðinga í húðsjúkdómum og þar sem einungis ljóstækjum með stillanlegu geislamagni er beitt, þannig að greiðsla fyrir hverja meðferð verði:  
B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 850.  
PUVA meðferð kr. 3.200.

2. gr.

Við bætist ný grein, 3. gr., sem orðast svo:

Meðferðaraðilum skv. 2. tölul. 2. gr. er heimilt að innheimta gjald af sjúklingi fyrir hverja meðferð sem hér segir:

B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla, kr. 200.  
PUVA meðferð kr. 300.

3. gr.

Við bætist ný grein, 4. gr., sem orðast svo:

Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling.

Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr. sbr. 33. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar og öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá (4) skv. auglýsingu nr. 160 frá 15. febrúar 2000.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. febrúar 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 2002

8. febrúar 2002

327

Nr. 138

## REGLUR

### um breytingu (8) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi: Heimspekideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, fornleifafræði, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknafræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

Þá breytist 4. málsliður 1. mgr. 101. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, fornleifafræði, heimspeki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði, sagnfræði og tungutækni.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 8. febrúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

11. febrúar 2002

Nr. 139

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

30 km hámarkshraði gildir á eftirtöldum svæðum:

*Gerðahverfi I*, þ.e. Akurgerði, Hamragerði, Stekkjargerði og Kotárgerði.

*Holtahverfi*, þ.e. svæði sem afmarkast af Hörgárbraut að vestan, Hlíðarbraut að norðan, Krossanesbraut að austan og norðan Miðholts.

*Hlíðarhverfi*, þ.e. svæði sem afmarkast af Borgarbraut frá Glerá, Hlíðarbraut, Hörgárbraut og farvegi Glerár upp að Borgarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.



Með auglýsingu þessari er numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 11. febrúar 2002.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**

## GJALDSKRÁ

**um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 2002.**

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2002, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðugjald kr. 9.900 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 17.500

Flokkur b) kr. 35.000

Flokkur c) kr. 70.000

Flokkur d) kr. 140.000

Flokkur e) kr. 280.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2002.

*Húsavíkurkaupstað, 11. febrúar 2002.*

**Vigfús Sigurðsson** deildartæknifræðingur.

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.**

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2002 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Fífumóa í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjórbýlishúsum á lóðunum nr. 11 og 13 við Fífumóa. Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 13. febrúar 2002.*

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytta tilhögun ríkisfóhirslu.

Ríkisbókhaldi hefur verið falin ríkisfóhirsla frá og með 1. mars 2002. Frá þeim tíma mun starfsemi ríkisfóhirslu heyra undir ríkisbókhald. Afgreiðslan verður áfram að Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

*Fjármálaráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Þórhallur Arason.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456, 11. júní 2001, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „968.389 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 996.202 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 151, 27. desember 1997, um veiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfiráðherra þann 11. febrúar 2002 staðfest aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Fellahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Fellahrepps 1981-2001.

*Umhverfiráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, ný frístundabyggðarsvæði í Fellahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir fjórum nýjum frístundabyggðarsvæðum við Urriðavatn, Skógargerði, Hafrafell og Rauðalæk í Fellahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfiráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. febrúar 2002 staðfest sameiningu Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags skal vera Blönduóssbær.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgsholt.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis á suðvestur Hvaleyrarholti“ varðandi lóðirnar nr. 13 og 15 við Hörgsholt í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að farið er út fyrir byggingarreit.

*Breyting á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Lækjargata – Hringbraut - Öldugata“ vegna Öldugötu 1 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í stækkun lóðar til að liðka fyrir aðkomu að bílskúr.

Farið var með tillögurnar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 19. febrúar 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálþ samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

*Sjúkraþjálfun.*

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum samkvæmt samningum sjúkratrygginga, sbr. 1. gr. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi 1. mars 2002.

*Tryggingastofnun ríkisins, 13. febrúar 2002.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*

## REGLUR

um Tónlist fyrir alla.

1. gr.

Hlutverk *Tónlistar fyrir alla* er að kynna nemendum í íslenskum skólum, einkum á grunnskólaaldri, ólíkar tegundir tónlistar í lifandi flutningi listamanna með það að markmiði að efla þekkingu þeirra og skilning á tónlist. Stefnt skal að því að allir nemendur fái notið *Tónlistar fyrir alla* einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal *Tónlist fyrir alla*, í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunasamtök og eftir því sem fjárheimildir leyfa, skipuleggja fjölbreytt tónleikahald í skólum landsins og láta útbúa námsefni og leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara til að undirbúa tónleikana og til að fylgja þeim eftir. Skólatónleikar *Tónlistar fyrir alla* skulu að jafnaði vara í eina kennslustund, falla eðlilega að starfi skólans og fara fram innan veggja hans. Undantekningar geta verið þar á t.d. varðandi tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og flutning á vegum Íslensku óperunnar.

Gefa skal út yfirlit yfir tónleikana tvisvar á ári, fyrir vorönn og fyrir haustönn.

3. gr.

Tekjur *Tónlistar fyrir alla* eru:

- a) árleg fjárveiting á fjárlögum,
- b) gjald sem sveitarfélög greiða fyrir hvern nemanda sem sækir tónleika,
- c) styrkir frá stofnunum, fyrirtækjum, sjóðum, samtökum eða einstaklingum,
- d) og aðrar tekjur sem verkefninu kunna að hlotnast.

## 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar *Tónlist fyrir alla* sjö manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Félagi íslenskra tónlistarmanna í sameiningu, einn af Sinfóníuhljómssveit Íslands, einn af Tónmenntakennarafélagi Íslands og tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnina skal skipa til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

## 5. gr.

Stjórnin gerir framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár og tekur ákvörðun um tónleikahald. Stjórnin skal gera tillögur til menntamálaráðuneytisins vegna undirbúnings fjárlaga hverju sinni.

## 6. gr.

Stjórninni er heimilt, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að reka skrifstofu og ráða starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að verkefnum *Tónlistar fyrir alla*, gera samning við verktaka, reka skrifstofu í samvinnu við aðra eða semja við félagsamtök sem aðild eiga að *Tónlist fyrir alla* að annast verkefni þess.

Heimilt er stjórninni að semja við bankastofnun um að annast vörslu tekna *Tónlistar fyrir alla* og fjárreiður þess. Endurskoðaðir reikningar skulu árlega sendast ráðuneytinu.

## 7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 8/2002 um skattmat 2002.

#### Tekjur af landbúnaði og bústofn til eignar.

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um mat á tekjum af landbúnaði og um mat á búpeningi til eignar vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess, sbr. 116. gr. og 2. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og ákvæði í B-lið 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í rekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila.

Heimanot búsafurða og aðra endurgjaldslausa afhendingu þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á landbúnaðarskýrslu og rekstrarreikningi. Tekur það m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafra og afla eldisstöðva. Séu afurðir afhentar til heimanota ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2002 er sem hér segir:

<i>Tegund búsafurða</i>	<i>Skattmat kr.</i>
Mjólk .....	40 pr. ltr.
Egg .....	200 pr. kg.
Kartöflur .....	55 pr. kg.
Rófur .....	95 pr. kg.
Lambakjöt .....	300 pr. kg.
Kjöt af veturgömlu fé .....	200 pr. kg.
Annað kjöt af sauðfé .....	100 pr. kg.
Ungnautakjöt .....	300 pr. kg.
Annað kjöt af nautgripum .....	200 pr. kg.
Folaldakjöt .....	170 pr. kg.
Annað kjöt af hrossum .....	100 pr. kg.
Grísakjöt .....	220 pr. kg.
Annað svínakjöt .....	130 pr. kg.
Kalkúnar, endur og gæsir .....	400 pr. kg.
Annað fuglakjöt .....	300 pr. kg.
Fiskur .....	200 pr. kg.

*Eignamat í árslok.*

Bústofn í ársbyrjun og árslok skal færa á bústofnsskýrslu ársins 2002 og meta til eignarskatts í lok þess árs sem hér segir:

<i>Tegund bústofns</i>	<i>Eignamat kr.</i>
Mjólkurkúr .....	75.000
Holdakúr og naut .....	58.000
Kvígur, 1½ árs og eldri .....	47.000
Geldneyti .....	31.000
Kálfar, yngri en ½ árs .....	9.000
Ær og sauðir .....	5.200
Hrútar .....	8.500
Gemlingar .....	4.700
Hross á 14. vetri og eldri .....	15.000
Hross á 5. – 13. vetri .....	30.000
Fulltamin reiðhross (á 5. – 13. vetri) .....	110.000
Önnur reiðhross (á 5. – 13. vetri) .....	55.000
Verðlaunahross (á 5. – 13. vetri) .....	150.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri .....	320.000
Tryppi á 2. – 4. vetri .....	10.000
Fölöld .....	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða .....	650
Varphænsni yngri en 6 mánaða .....	400
Kjúklingar .....	160
Endur .....	680
Gæsir .....	1.200
Kalkúnar .....	1.700
Gyltur .....	16.000
Geltir .....	25.000
Grísir .....	5.000

<i>Tegund bústofns</i>	<i>Eignamat kr.</i>
Kanínur .....	2.300
Minkar: Karldýr .....	3.700
Kvendýr .....	2.100
Hvolpar .....	0
Refir: Karldýr og kvendýr .....	7.900
Hvolpar .....	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri .....	3.200

*Reykjavík, 12. febrúar 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

19. febrúar 2002

Nr. 151

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 945/2001 um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Með auglýsingu nr. 945/2001 um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja var skrá um flokkun vöru og þjónustu auglýst með tilteknum breytingum til samræmis við 8. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum frá 15. júní 1957. Breytingar þær sem auglýstar voru samkvæmt fyrrgreindri auglýsingu vörðuðu uppskiptingu á flokki 42 í flokka 42-45 þannig að nýjum þjónustuflokkum var bætt við, þ.e. flokkum 43, 44 og 45.

Auk þeirra breytinga, sem þar voru auglýstar á skránni um flokkun vöru og þjónustu, voru eftirfarandi breytingar einnig gerðar á einstökum öðrum flokkum skrárinnar skv. 8. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja:

Flokkur 4. Í stað tilgreiningarinnar „kerti, kveikir.“ kemur tilgreiningin „kerti og kveikir til lýsingar.“.

Flokkur 5. Í stað tilgreiningarinnar „Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota;“ kemur tilgreiningin „Efnablöndur til lyfja- og dýralækninga; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi;“.

Flokkur 9. Orðið „raftækni“ er fellt út. Á eftir annarri semikommu er bætt við tilgreiningunni „búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni;“.

Flokkur 16. Tilgreiningin „spil“ er felld út.

Flokkur 29. Í stað tilgreiningarinnar „ávaxtahlaup, -sultur og -sósur“ kemur tilgreiningin „ávaxtahlaup, -sultur og -grautar“.

Auk framangreindra breytinga, sem helgast af breytingum skv. 8. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar, þykir rétt að gera eftirfarandi leiðréttingar:

Flokkur 2. Tilgreiningin „mordants“ skv. ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem bæs en réttara þykir að þýða hana sem litfesti.

Flokkur 9. Tilgreiningin „magnetic data carriers“ samkvæmt ensku útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar hefur verið þýdd sem segulupptökutæki en réttara þykir að þýða hana sem segulgagnabera.

Í umsókn um skráningu vörumerkis skal flokka og tilgreina vörur og þjónustu, sem óskað er skráningar fyrir, í samræmi við skrána um flokkun vöru og þjónustu sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, sbr. einnig 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki,



með síðari breytingum, og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

## **Fylgiskjal.**

### **Skrá um flokkun vöru og þjónustu.**

#### **I. Vörur.**

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljávöða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni; litfestir; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápur; ilmvörur, ilmólur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Ólúr og feiti til iðnaðar; smurolúr; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti og kveikir til lýsingar.
5. Efnablöndur til lyfja- og dýralækninga; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatúr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sóttthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmur og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málm, færanlegar byggingar úr málm; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; járnvörur og smáhlutir úr málm; pípur og hólkar úr málm; öryggisskápar; vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í ökutæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og handknúin tól; eggjárn og hnífapör; höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni; tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulgagnaberar, gagnadiskar; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar, reiknivélar, gagnavinnslubúnaður og tölvur; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga, gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loft-ræstingu, vatns- og hreinlætislagir.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.

14. Góðmálmar og blöndur úr þeim, svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim sem ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tíma-mælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsfni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteyninn og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málm.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífur, sólhlífur og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málm); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málm) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málm; minnisvarðar, ekki úr málm.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, fílabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrouði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsaðhöld og ílát (þó ekki úr góðmálm eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni (nema úr gúmmí eða plasti); óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur, borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, þrjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur, gólfdukar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlauð, -sultur og -grautar; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni, brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr; nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafi; þykkni og önnur efni til drykkjagerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

**II. Þjónusta.**

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; þökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.
41. Fræðsla; hjálfun; skemmtistarfsemi; íþrótt- og menningarstarfsemi.
42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og greiningarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar; lögfræðiþjónusta.
43. Veitingaþjónusta; gistiaþjónusta.
44. Læknisþjónusta; dýralæknisþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiaþjónusta fyrir menn og dýr; þjónusta við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga; öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum.

Nr. 152

14. febrúar 2002

**SAMÞYKKT****fyrir Veðifélag Fjarðarhornsar.**

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Fjarðarhornsar. Heimili þess, heimili formanns og varnarþing þess er á Patreksfirði, Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Fjarðarhornsa en þær eru Fjarðarhorn, Seljaland, Kléttur og Múli.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við

þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar eða marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUR

### um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

#### I. KAFLI

#### Greiðslur Tryggingastofnunar fyrir umsamda þjálfun.

1. gr.

*Greiðslur Tryggingastofnunar vegna sjúkratryggðra einstaklinga.*

Tryggingastofnun greiðir 75% þjálfunarkostnaðar fyrstu 15 skiptin á ári fyrir sjúkratryggð börn og unglinga yngri en 18 ára, einstaklinga með umönnunarkort, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári greiðir Tryggingastofnun þjálfunina að fullu út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.

Tryggingastofnun greiðir 50% þjálfunarkostnaðarins fyrstu 24 skiptin á ári fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga en eftir það 75% kostnaðarins út árið, þ.e. í 365 daga talið frá

fyrsta þjálfunarskipti. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun.

Ef samið er um hærri greiðslur fyrir tilskilda hópa/meðferð greiðir Tryggingastofnun að fullu það sem er umfram almennt meðferðargjald sjúklings.

Tilskilinn skiptafjöldi einstaklings til aukinnar hlutdeildar Tryggingastofnunar skal staðfestur með útgáfu skírteinis (þjálfunarkorts) sem sækja þarf um til Tryggingastofnunar. Miðað er við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem Tryggingastofnun hefur gert samninga um.

## 2. gr.

### *Heimasjúkraþjálfun.*

Sjúkraþjálfari sem starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun þarf að sækja fyrirfram um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði við heimasjúkraþjálfun. Tryggingastofnun greiðir í þessum tilfellum viðbótarstyrk þannig að sjúklingur greiði sama gjald fyrir heimasjúkraþjálfun og vegna sjúkraþjálfunar á stofu. Tryggingayfirlækni er þó heimilt að samþykkja að Tryggingastofnun greiði að fullu heimasjúkraþjálfun ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötun er að ræða.

## 3. gr.

### *Hóþjálfun.*

Hver tvö skipti í hóþjálfun hjá þjálfara sem starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun teljast svára til eins skiptis í annarri sjúkraþjálfun við útgáfu þjálfunarkorts.

## 4. gr.

### *Þjálfun á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana.*

Greiðslukvittanir þar sem fram kemur staðfesting á skiptafjölda í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talmeinaþjónustu sem veitt er á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana geta nýst til öflunar skírteinis fyrir þjálfun (þjálfunarkorts) enda séu greiðslufjárhæðir svipaðar og gildir um sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem Tryggingastofnun hefur gert samninga um.

## II. KAFLI

### **Styrkir Tryggingastofnunar vegna kostnaðar við þjálfun hjá sjúkraþjálfurum sem ekki starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun.**

## 5. gr.

### *Greiðslur Tryggingastofnunar vegna sjúkratryggðra einstaklinga.*

Sjúkratryggðir einstaklingar með umönnunarkort eiga rétt á styrk vegna þjálfunar á stofu hjá löggiltum, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem ekki starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun. Styrkurinn er að fjárhæð kr. 2.256 vegna hvers þjálfunarskiptis. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 2.820 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Styrkurinn er veittur vegna allt að 20 skipta á hverju 12 mánaða tímabili, sbr. þó 3. mgr.

Örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrk vegna þjálfunar á stofu hjá löggiltum, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem ekki starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun. Styrkurinn er að fjárhæð kr. 1.692 vegna hvers þjálfunarskiptis. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 2.256 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Styrkurinn er veittur vegna allt að 20 skipta á hverju 12 mánaða tímabili, sbr. þó 3. mgr.

Aðrir sjúkratryggðir sem nauðsynlega þurfa á sjúkraþjálfun að halda vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa geta sótt um styrk til Tryggingastofnunar vegna kostnaðar við þjálfun á stofu hjá löggiltum, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem ekki starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun. Hið sama gildir um örorkulífeyrisþega og einstaklinga með umönnunarkort sem nauðsynlega þurfa sjúkraþjálfun umfram 20 skipti. Tryggingastofnun tekur í þessum tilvikum þátt í að greiða sjúkraþjálfun, enda valdi sjúkdómsástandið verulegri skerðingu á færni til athafna daglegs lífs, göngugetu eða vinnufærni. Slík sjúkraþjálfun þarf samkvæmt niðurstöðum vísindalegra rannsókna og reynslu að vera líkleg til að bæta færni verulega. Með umsókn um styrk skal fylgja vottorð læknis (beiðni um þjálfun). Ef styrkur er samþykktur skal fjöldi þjálfunarskipta koma fram í ákvörðun TR.

Ef styrkur er samþykktur greiðir Tryggingastofnun sem hér segir vegna hvers þjálfunarskiptis á stofu, sbr. einnig 1. og 2. mgr. þegar um örorkulífeyrisþega og einstaklinga með umönnunarkort er að ræða:

- a) Fyrir ellilífeyrisþega og unglunga frá 13 til og með 17 ára kr. 1.692. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 2.256 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.
- b) Fyrir börn yngri en 12 ára kr. 2.256. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 2.820 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.
- c) Fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga kr. 1.128. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 24 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 1.692 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.

Tryggingastofnun veitir styrk vegna heimaþjálfunar löggilts, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem ekki starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun þegar um er að ræða afleiðingar alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa. Skilyrði er að ekki sé unnt að veita meðferð á stofu sjúkraþjálfara af læknisfræðilegum ástæðum. Ætíð skal sækja fyrirfram til Tryggingastofnunar um styrk vegna heimaþjálfunar. Með umsókn um styrk skal fylgja vottorð læknis (beiðni um þjálfun). Ef styrkur til heimaþjálfunar er samþykktur skal fjöldi þjálfunarskipta koma fram í ákvörðun TR. Styrkurinn er þá kr. 3.384 vegna hvers þjálfunarskiptis. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 24 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 3.948 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Fyrir börn, ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og einstaklinga með umönnunarkort er styrkur Tryggingastofnunar fyrir heimameðferð þó kr. 3.948 vegna hvers þjálfunarskiptis og ef þau verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 4.512 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Tryggingayfirlækni er þó heimilt að samþykkja að styrkur Tryggingastofnunar til sjúkratryggðs einstaklings verði frá fyrsta þjálfunarskipti kr. 4.512 ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötlun er að ræða.

Með þjálfunarskipti er átt við meðferð sem tekur um 40-60 mínútur og getur hún verið fölgin í einum eða fleirum eftirgreindra liða: Færniþjálfun og æfingum, vöðvateygjum, togi og liðlosun, hita og kælingu, meðferð í vatni, nuddi, rafmagnsmeðferð, ráðgjöf og fræðslu, skoðun og prófunum og sogæðanuddi.

#### 6. gr.

#### *Hóppþjálfun.*

Styrkveitingar Tryggingastofnunar vegna hóppþjálfunar á stofu hjá löggiltum, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, sem ekki starfar samkvæmt samningi við Tryggingastofnun, eru sem hér segir:

- a) Fyrir ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega, einstaklinga með umönnunarkort og börn yngri en 18 ára kr. 778. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 15 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 1.038 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.
- b) Fyrir aðra sjúkratryggða einstaklinga kr. 519. Ef þjálfunarskipti verða fleiri en 24 á einu ári hækkar styrkur Tryggingastofnunar í kr. 778 út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti.

Að öðru leyti lúta þessir styrkir sömu skilyrðum og fram koma í 5. gr. Hver tvö skipti í hóþþjálfun teljast þó svara til eins skiptis í annarri sjúkraþjálfun við veitingu hærri styrks vegna skiptafjöldna, sbr. 5. gr.

7. gr.

*Reikningar.*

Sjúklingur sem greitt hefur fyrir meðferð hjá löggiltum, sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara að fullu fær endurgreiðslu hjá Tryggingastofnun að uppfylltum framangreindum skilyrðum. Á reikningi sjúkraþjálfara skal m.a. tekið fram nafn, kennitala og heimili sjúkratryggðs, hvaða dag meðferð fór fram og hvað var gert, auk fjárhæðar. Enn fremur skal koma fram hvar þjónustan var veitt. Sjúkratryggður skal staðfesta reikning með undirskrift sinni.

8. gr.

*Önnur þjálfun.*

Greiðslukvittun þar sem fram kemur staðfesting á skiptafjölda í umsaminni iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talmeinaþjónustu getur nýst til þess að fá hærri styrk vegna skiptafjöldna, sbr. 5. gr. Hið sama gildir um viðurkennda iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talmeinaþjónustu sem veitt er á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana enda séu greiðslufjárhæðir svipaðar og gildir um sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem Tryggingastofnun hefur gert samninga um.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði skv. b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gilda frá 1. mars 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 990/2000.

*Tryggingastofnun ríkisins, 13. febrúar 2002.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*

# SAMÞYKKT

## um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

###### *Skipan bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn Bolungarvíkur er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

###### *Starfstímabil.*

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

###### *Valdsvið.*

Bæjarstjórn fer með stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

###### *Verkefni bæjarstjórnar.*

Meðal verkefna bæjarstjórnar Bolungarvíkur er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra helstu starfsmenn bæjarfélagsins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.



## II. KAFLI Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

### 7. gr.

#### *Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarfélagsins. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

### 8. gr.

#### *Þriggja ára áætlun.*

Til viðbótar fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal bæjarstjórn árlega semja þriggja ára áætlun skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlunir bæjarfélagsins og skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

### 9. gr.

#### *Fjárhagsáætlun.*

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

### 10. gr.

#### *Endurskoðun fjárhagsáætlunar.*

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun hafi forsendur fyrir henni breyst. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögunar verið sendar bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

### 11. gr.

#### *Tilkynning til ráðuneytis.*

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 7. gr. og þriggja ára áætlun skv. 8. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 10. gr.

## 12. gr.

*Afgreiðsla ársreikninga.*

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

## III. KAFLI

**Um fundarsköp bæjarstjórnar.**

## 13. gr.

*Fundartími bæjarstjórnar.*

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi þriðja hvern fimmtudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu að jafnaði ekki standa lengur en þrjár klukkustundir. Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

Bæjarstjóri getur ákveðið í samráði við forseta bæjarstjórnar að fresta eða fella niður fund ef sérstaklega stendur á.

## 14. gr.

*Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.*

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 15. gr.

*Boðun bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri, sbr. þó 14. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingu um bæjarstjórnarfundi. Þegar dagskrá bæjarstjórnarfundar hefur verið samin og send bæjarfulltrúum skal hún vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er bæjarstjórn ákveður.

## 16. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarfélagsins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

17. gr.

*Boðsending fundarboða.*

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

18. gr.

*Boðun aukafunda.*

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara er aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

19. gr.

*Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.*

Sá bæjarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 14. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr, verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum eða nýtur ekki lengur trausts bæjarstjórnar sem forseti bæjarstjórnar áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa forseta í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

20. gr.

*Kosning skrifara.*

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

## 21. gr.

*Fundarstaður.*

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

## 22. gr.

*Lögmæti bæjarstjórnarfundu.*

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

## 23. gr.

*Fundarstjórn.*

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

## 24. gr.

*Afgreiðsla dagskrármála á fundi.*

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

## 25. gr.

*Afgreiðsla mála, tvær umræður.*

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 26. gr.

*Fundarsókn, varamenn.*

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundir nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundum.

## 27. gr.

*Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

## 28. gr.

*Vanhæfi bæjarfulltrúa.*

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

## 29. gr.

*Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.*

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftartil máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftartil en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

### 30. gr.

#### *Fundarsköp: Vítur á bæjarfulltrúa.*

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

### 31. gr.

#### *Fundarsköp: Takmarkanir á ræðutíma.*

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

### 32. gr.

#### *Fundarsköp: Meðferð tillagna.*

Bæjarfulltrúi getur borið fram dagskrártillögu, breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður samkvæmt almennum fundarsköpum í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

### 33. gr.

#### *Fundarsköp: Afgreiðsla mála.*

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

### 34. gr.

#### *Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.*

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að gefa merki þar um. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið

eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

### 35. gr.

#### *Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.*

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kosningu forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 19. gr. þessarar samþykktar.

### 36. gr.

#### *Fundarritun - fundargerð.*

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt í einu hljóði eða samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Í lok fundar skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu. Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 21. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

## IV. KAFLI

## Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

## 37. gr.

*Dagskrá bæjarstjórnarfunda.*

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

## 38. gr.

*Fundarseta.*

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 26. gr. samþykktar þessarar.

Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 39. gr.

*Lausn úr bæjarstjórn.*

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils, sbr. 34. gr. sveitarstjórnarlaga. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 40. gr.

*Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.*

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 41. gr.

*Hagsmunir bæjarfélagsins.*

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 42. gr.

*Aðgangur að upplýsingum.*

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

Með öll slík erindi skulu bæjarfulltrúar snúa sér til bæjarstjóra. Ákvæði þetta takmarkar þó eigi rétt bæjarfulltrúa sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar og 30. gr. sveitarstjórnarlaga.



43. gr.

*Þagnarskylda.*

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

44. gr.

*Þóknun.*

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Þá á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

*Orlof og fundartími.*

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

*Fjarvera vegna veikinda - varamenn.*

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið skal hlutast til um að varamaður verði boðaður, sbr. 1. mgr. 26. gr. þessarar samþykktar.

47. gr.

*Varamenn.*

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

## V. KAFLI

**Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.**

48. gr.

*Kosning í bæjarráð og nefndir.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

*Kosning í bæjarráð.*

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með mál-

frelsi og tillögurétti. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar og 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 50. gr.

*Fundartími bæjarráðs.*

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku. Bæjarráð ákveður sjálft fundardag og fundartíma.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

## 51. gr.

*Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.*

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. hálfum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

## 52. gr.

*Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.*

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en bera má úrskurði hans undir bæjarráð. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

## 53. gr.

*Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.*

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjar sjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjar sjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjar sjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem atlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

## 54. gr.

*Starfsmenn á fundi bæjarráðs.*

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

## 55. gr.

*Boðun fyrsta nefndarfundar.*

Bæjarstjóri boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema bæjarstjórn hafi kosið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn boðun fyrsta fundar. Á fyrsta fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða samþykkt þessi kveði á um annað.

Bæjarstjóri getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

## 56. gr.

*Fundarseta.*

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 57. gr.

*Lokaðir fundir.*

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 58. gr.

*Fundarstjórn.*

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

## 59. gr.

*Hlutverk og valdsvið nefnda.*

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

## 60. gr.

*Fundargerðir.*

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 36. gr. samþykktar þessarar.

## 61. gr.

*Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.*

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar eru

fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld utan ramma fjárhagsáætlunar skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

## 62. gr.

### *Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.*

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

#### A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Ákvæði 49. gr. samþykktar þessarar gilda um þá flokka eða framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki fá kjörinn bæjarráðsmann. Auk verkefna sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar.

#### B. Til fjögurra ára:

1. *Fræðslumálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Fræðslumálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslumálaráð fer með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
2. *Íþrótt- og æskulýðsráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í íþrótt- og æskulýðsráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Íþrótt- og æskulýðsráð starfar samkvæmt samþykkt um íþrótt- og æskulýðsráð Bolungarvíkur.
3. *Menningarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Menningarráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Menningarráð fer með málefni bókasafna skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og annarra safna, svo sem listasafna, málefni sjóminjasafnsins Ósvarar og Náttúrugripasafns Bolungarvíkur. Menningarráð er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum. Nefndin fer jafnframt með vinabæjarsamskipti. Auk verkefna sem menningarmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Félagsmálaráð.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálaráð, sbr. 5. gr. laga um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Félagsmálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Ráðið annast málefni barnaverndarnefndar og jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga. Auk verkefna sem félagsmálaráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið ráðinu ýmis verkefni með erindisbréfum. Formaður félagsmálaráðs er jafnframt í þjónustuhópi aldraðra í heilsugæsluumdæminu.
5. *Atvinnumálaráð.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Atvinnumálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Atvinnumálaráð starfar að atvinnumálum. Ráðið skal greina leiðir til að efla atvinnulíf í Bolungarvík og auka samkeppnishæfni þess. Atvinnumálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um aðgerðir og úrbætur í atvinnumálum. Atvinnumálaráð skal stuðla að sam-

starfi fyrirtækja á svæðinu og nýta tengsl við hagsmunasamtök í atvinnumálum á svæðinu. Ráðið hefur það hlutverk að hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t.d. með veitingu viðurkenninga árlega.

6. *Umhverfismálaráð*. Bæjarstjórn kys fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálaráð. Bæjarstjórn kys ráðinu formann og varaformann. Umhverfismálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Umhverfismálaráð fer með bygginga- og skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Umhverfismálaráð sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um afrettamál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ráðið skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem umhverfismálaráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
7. *Landbúnaðarnefnd*. Bæjarstjórn kys þrjá fulltrúa og þrjá til vara í landbúnaðarnefnd. Bæjarstjórn kys nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu, fjallskil og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um. Auk verkefna sem landbúnaðarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Nefndin gerir tillögu um búfjárefniritilsmann og annan til vara.
8. *Hafnarstjórn*. Bæjarstjórn kys fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Bæjarstjórn kys hafnarstjórn formann og varaformann. Formaður nefndarinnar skal kjörinn úr röðum bæjarfulltrúa. Stjórnin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
9. *Húsnæðisnefnd*. Bæjarstjórn kys á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í húsnæðisnefnd Bolungarvíkur. Bæjarstjórn kys nefndinni formann og varaformann. Húsnæðisnefndin starfar samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál.
10. *Kjörstjórnir*. Bæjarstjórn kys á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um alþingiskosningar nr. 24/2000 og sveitarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar.
11. *Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur*. Bæjarstjórn kys einn aðalmann og einn til vara samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Kjör stjórnarmanns verði milli aðalfunda.
12. *Veidifélag Ósár og Miðdalsvatns*. Bæjarstjórn kys einn aðalmann og einn til vara samkvæmt samþykktum um lög félagsins.
- C. **Stjórnir og samstarfsráð**. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
  1. *Almannavarnanefnd*. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1991 kys bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

2. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnir á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
  3. *Stjórn Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur*. Bæjarstjórn kýs stjórnarmenn samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
- D. **Tilnefningar og kosningar**. Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bærinn á aðild að.
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins samkvæmt ákvæðum í lögum þess. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
  3. *Fjórðungssamband Vestfirðinga*. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt lögum sambandsins.
- E. **Lögbundin kosning embættismanna**. Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga*. Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum (skipaðir af meirihluta og minnihluta). Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnarinnar.
- F. **Verkefnabundnar nefndir**. Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

## VI. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

63. gr.

#### *Ráðning bæjarstjóra.*

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

#### *Hlutverk bæjarstjóra.*

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn eða bæjarráði. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur með höndum málefni bæjarfélagsins og framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveði ekki annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.  
Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

65. gr.

*Ráðning stjórnenda.*

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.

*Ráðning starfsmanna.*

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. að fenginni umsögn forstöðumanns eða nefnda nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn Bolungarvíkurkaupstaðar og stofnana hans. Um starfskjör, réttindi og skyldur fer eftir ráðningarsamningi og/eða gildandi kjarasamningum.

67. gr.

*Lausráðnir starfsmenn.*

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um starfskjör, réttindi og skyldur fer eftir ráðningarsamningi og/eða kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 583/1993, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Garðar Jónsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 977/2001 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Við birtingu gjaldskrár fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík nr. 977/2001, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 4. janúar 2002 urðu þau mistök, að rangt fylgiskjal nr. I um flokkun fyrirtækja í gjaldflokka birtist með gjaldskránni. Rétt fylgiskjal nr. I, sem birtist með auglýsingu þessari, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi hið ranga fylgiskjal.

*Reykjavík, 12. febrúar 2002.*

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**





**Heilbrigðissvið**

Isat- fokkur	Atvinnugrein	Gjald- flokkur
Óflokkað	Smásala efnavara, meðal	3
Óflokkað	Smásala efnavara, lítið	1
55.10.1	Gistiheimili	2
55.12.0	Hótel	4
55.22.0	Tjaldstæði	2
55.23.1	Heimagistingar	2
55.40.1	Krár litlar, lágmarks matargerð	3
55.40.2	Krár stórar, lágmarks matargerð	4
75.23.0	Fangelsi	4
80.10.0	Grunnskólar, litlir	4
80.10.0	Grunnskólar, stórir	6
80.21.0	Framhaldsskólar	6
80.22.0	Sérskólar	3
80.30.0	Skólar á háskólastigi	6
80.42.2	Tónlistarskólar	1
85.11.1	Deildaskípt sjúkrahús	4
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili	5
85.11.44	Vistheimili	2
85.11.5	Áfengismeðferð	3
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	3
85.12.2	Læknastofur	1
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	2
85.14.1	Sjúkraþjálfun	1
85.14.92	Fótaaðgerðastofur	1
85.14.94	Kírópraktor	1
85.31.4	Heimili fyrir fatlaða	1
85.31.9	Gistiskýli fyrir heimilislausu	2
85.32.1	Daggæsla í heimahúsum	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir	4
85.32.21	Gæsluvellir	2
85.32.4	Félagsmiðstöðvar	3
85.32.5	Safnaðarheimili	2
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	3
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili	2
92.	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	2
92.13.0	Kvikmyndahús	5
92.31.01	Leikhús	2
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
92.34.0	Dansskólar	1
92.61.01	Stórir sundstaðir	6
92.61.02	Litlir sundstaðir	3
92.62.03	Íþróttamannvirki	3
93.02.01	Hárgreiðslustofur	2
93.02.2	Snyrtistofur	2
93.02.3	Húðflúrstofur	2
93.02.4	Húðgötun	2
93.04.01	Líkamsræktarstöð	3
93.04.02	Nuddstofur	1
93.04.03	Sólbaðstofur	2
93.05.01	Almenningssalerni	1

**Umhverfissvið**

Isat- fokkur	Atvinnugrein	Gjald- flokkur
01.23.0	Svínarækt	8
01.24.0	Alifuglarækt, minni	6
01.24.0	Alifuglarækt, stærri	8
15.11.01	Svínasláturhús	8
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	6
90.00.01	Skólphreinsistöðvar	8
90.00.02	Móttökustöð fyrir úrgang	8
15.20.72	Fiskimjölsvinnsla	8
41.00.0	Vatnsveitur	6
24.30.01	Málningarverksmiðjur	6
26.82.91	Malbikunarstöðvar	6
28.51.1	Sandblástur málna	6
35.11.0	Skipasmíði og skipaviðgerðir	6
35.30.0	Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara	6
50.50.01	Bensínstöðvar	4
51.57.01	Móttaka brotamálms	6
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	4
90.00.05	Flutningur spilliefna	4
63.23.01	Flugvellir	8
05.2.01	Seiðaelði	6
05.5.21	Landeldi	6
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	6
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	3
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	4
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur	6
25.13.01	Gúmmisteypur	4
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	4
25.21.0	Framleiðsla á plötum, o.p.h. úr plastefnum	4
25.22.0	Framleiðsla á umbúðaplásti	4
27.5.0	Málmsteypur	6
28.51.0	Meðferð og húðun málna	6
28.52.01	Blikksmíði	2
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði	4
50.20.02	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	6
50.20.03	Bifreiðasprautun	6
50.20.04	Bifreiðaréttingar	2
50.20.05	Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	4
50.20.06	Bónstöðvar, handvirkar	2
50.20.07	Ryðvarmarverkstæði	6
50.20.08	Smurstöðvar	4
50.20.09	Ísetning bílhluða, fylgihluða og rafviðgerðir	2
50.30.1	Bílapartasólur	4
74.81.01	Framköllunarþjónusta	4
74.81.02	Ljósmyndastofa	2
74.81.03	Sérhæfð framköllunarþjónusta	2
85.14.31	Röntgenstofur	2
93.01.02	Efnalaugar	4
01.25.91	Húsdýragarðar	2
01.42.01	Hundarækt	2
01.42.02	Kattageymsla	2
01.42.3	Hundahótel	2
14.21.0	Malar- og sandnám	4
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs	2

Isat- fokkur	Atvinnugrein	Gjald- flokkur	Isat- fokkur	Atvinnugrein	Gjald- flokkur
15.71.1	Framleiðsla húsdýrafóðurs	2	63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	2
20.30.91	Trésmíðaverkstæði með lökkun	4	63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar	2
20.30.92	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2	63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	2
21.22.0	Framl. pappírsv. til heimilis og hreinl.	2	63.21.03	Biðstöðvar leigubifreiða	1
22.21.0	Prentun dagblaða	4	63.23.03	Æfingarsvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
22.22.1	Offsett- og hæðarprentun	3	75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
22.22.2	Sáldprentun	6	85.13.0	Tannlæknastofur	4
22.22.3	Prentstofur	2	85.20.01	Dýralæknastofur	1
22.24.0	Prentsmíð	2	85.20.02	Dýraspítalar	2
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður	6	90.00.03	Gámastöðvar	4
24.42.0	Lyfjagerð	3	90.00.04	Flutningur úrgangs	4
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	4	92.33.0	Rekstur skemmtigarða	2
26.13.0	Framleiðsla glerfláta	2	92.72.01	Skotvellir	4
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	2	93.01.01	Þvottahús	2
26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	6	93.03.01	Líkbrennslur	6
26.70.0	Steinsmíði	2	15.13.1	Kjötiðnaður, miðlungs	6
29.00.00	Vélsmíði og vélaviðgerðir	4	15.20.2	Saltfiskverkun	2
31.70.0	Rafvélaverkstæði	4	15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	1
40.10.01	Spennistöðvar	4	15.20.5	Harðfiskverkun	1
40.10.02	Spennaviðgerðir	4	15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla	1
52.49.1	Gæludýraverslun	2	15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
52.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælismiðla	2	15.20.62	Vinnsla á ferskum fiski, stór	6
63.1	Vöruafgreiðsla og vörugeymsla	2	15.20.63	Vinnsla á ferskum fiski, lítill	2
63.12.0	Vörugeymslur	2	15.51.0	Mjólkurbú	6
			15.51.1	Ostagerð	6
			15.52.0	Ísgerð	6
			85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	5

## AUGLÝSING

### um skýringar með fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Skýringar með fjárhagsáætlun sveitarfélaga skulu vera á formi sem sýnt er í viðauka 1.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Samanburður við fyrri ár skal einvörðungu ná til þeirra rekstrarára er falla undir ákvæði reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Gardar Jónsson.*

VIÐAUKI I

Skýringar með fjárhagsáætlun

Forsendur fjárhagsáætlunar

1. Lagalegar forsendur

Fjárhagsáætlun er gerð í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 144/1994, lög um bókhald, nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000. Fjárhagsáætlun sveitarfélags (rekstrareiningar A-hluta) samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og öðrum sjóðum. Þessar rekstrareiningar eru að meginhluta fjármagnaðar með skatttekjum. Fjárhagsáætlunin tekur að auki til þeirra fyrirtækja sem falla undir B-hluta sveitarfélags svo sem orkuveitur, félagslegt íbúðarhúsnæði og almenningssamgöngur. Um frekari reglur er vísað í reglugerð nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga ásamt auglýsingum sem birtar hafa verið á grundvelli hennar. Í fjárhagsáætluninni eru innbyrðis viðskipti og viðskiptastaða í árslok milli einstakra stofnana og fyrirtækja ekki meðtalin.

2. Aðrar forsendur

	Fjárhagsáætlun	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
		brbt./áætl.			
	200x	200x-1	200x-2	200x-3	200x-4
Tekjuforsendur					
Útsvar					
Útsvarsprósenta í staðgreiðslu á tekjuári....					
Heildarbreyting útsvarsstofns milli ára.....					
Fasteignaskattur					
A-liður 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995					
Fasteignaskattsprósenta.....					
Breyting fasteignamats milli ára.....					
B-liður 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995					
Fasteignaskattsprósenta.....					
Breyting fasteignamats milli ára.....					
Verðlagsforsendur					
Laun					
Hlutfallsleg verðhækkun launagjalda milli ára.					
Annar rekstrarkostnaður					
Tegund vísitölu.....					
Vísitölustig.....					
Íbúaföldi.....					

Annað:  
 Lýsing á framsetningu fjárhagsáætlunar og frávik við fyrri ár tilgreind.

## 3. Rekstur A-hluta sveitarfélagsins greinist þannig:

Tekjur	Fjárhagsáætlun	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
	200x	200x-1	200x-2	200x-3	200x-4
<b>Skatttekjur</b>					
Útsvör.....					
Fasteignaskattur.....					
Framlög úr Jöfnunarsjóðir sveitarfélaga.....					
Framleiðslugjald.....					
Lóðaleiga.....					
Skatttekjur samtals	0	0	0	0	0
<b>Aðrar tekjur</b>					
Þjónustutekjur.....					
Eignatekjur.....					
Aðrar tekjur.....					
Aðrar tekjur samtals	0	0	0	0	0
Tekjur samtals	0	0	0	0	0

**Gjöld**

Laun og launatengd gjöld.....					
Vörukaup- og þjónustukaup.....					
Skattar og önnur opinber gjöld.....					
Styrkir og framlög.....					
Samtals gjöld fyrir afskriftir	0	0	0	0	0
<i>[Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir]</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>0</i>
Afskriftir.....					
Samtals gjöld fyrir óvenjulega liði	0	0	0	0	0
Óvenjulegir liðir.....					
Samtals gjöld fyrir fjármagnsliði	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld.....					
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

## 4. Sundurliðun rekstrar samstæðu

**Rekstrarniðurstaða** einstakra málaflokka, stofnana, sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja 200x-4 - 200x á áætluðu verðlagi ársins 200x, sbr. 2. lið:

	<i>Fjárhagsáætlun</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	<i>Rauntölur</i>	
	200x	brt./áætl.	200x-1	200x-2	200x-3	200x-4
<b>Aðalsjóður:</b>						
Skatttekjur.....						
Félagsþjónusta.....						
- 12 01 21 notaðir slípklossar og slípiefni annað en tilgreint er í 12 01 20
- 12 01 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 12 03 00 úrgangur frá fítuhreinsun með vatni og gufu (nema í 11 00 00)*
- \* 12 03 01 þvottavatn
- \* 12 03 02 úrgangur frá fítuhreinsun með gufu

**13 00 00 Ólíuúrgangur og úrgangur frá fljótandi eldsneyti (nema neysluolíur, og olíur í 05 00 00, 12 00 00 og 19 00 00)***13 01 00 úrgangsglussar*

- \* 13 01 01 glussar sem innihalda PCB<sup>1</sup>
- \* 13 01 04 ýrulausnir sem innihalda klór
- \* 13 01 05 ýrulausnir án klórs
- \* 13 01 09 glussar sem gerðir eru úr jarðólíum og innihalda klór
- \* 13 01 10 glussar sem gerðir eru úr jarðólíum og eru án klórs
- \* 13 01 11 glussar gerðir úr tilbúnum efnum
- \* 13 01 12 glussar sem brotna auðveldlega niður með lífrænum hætti
- \* 13 01 13 aðrir glussar

*13 02 00 úrgangsvélar-, gír- og smurolíur*

- \* 13 02 04 vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr jarðólíum og innihalda klór
- \* 13 02 05 vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr jarðólíum og eru án klórs
- \* 13 02 06 vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr tilbúnum efnum
- \* 13 02 07 vélar-, gír- og smurolíur sem brotna auðveldlega niður með lífrænum hætti
- \* 13 02 08 aðrar vélar-, gír- og smurolíur

*13 03 00 úrgangseinangrunar- eða úrgangsvarmaflutningsolíur*

- \* 13 03 01 einangrunar- eða varmaflutningsolíur sem innihalda PCB
- \* 13 03 06 einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur sem gerðar eru úr jarðólíum og innihalda klór aðrar en tilgreindar eru í 13 03 01
- \* 13 03 07 einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur sem gerðar eru úr jarðólíum og eru án klórs
- \* 13 03 08 einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur sem gerðar eru úr tilbúnum efnum
- \* 13 03 09 einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur sem brotna auðveldlega niður með lífrænum hætti
- \* 13 03 10 aðrar einangrunar- eða varmaflutningsjarðolíur

*13 04 00 kjalsogsolíur*

- \* 13 04 01 kjalsogsolíur frá skipaumferð á skipgengum vatnaleiðum
- \* 13 04 02 kjalsogsolíur frá móttökum fyrir kjalsogsolíur
- \* 13 04 03 kjalsogsolíur frá annarri skipaumferð

*13 05 00 úrgangur úr olíuskiljum*

- \* 13 05 01 fastur úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum
- \* 13 05 02 eðja úr olíuskiljum
- \* 13 05 03 eðja úr sandfangi
- \* 13 05 06 olía úr olíuskiljum
- \* 13 05 07 vatn sem inniheldur olíu úr olíuskiljum
- \* 13 05 08 blandaður úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum

*13 07 00 fljótandi eldsneytiúrgangur*

- \* 13 07 01 brennsluolíur og dieselolía
- \* 13 07 02 bensín
- \* 13 07 03 annað eldsneyti (þ.m.t. blöndur)

*13 08 00 olíuúrgangur ekki tilgreindur með öðrum hætti*

- \* 13 08 01 afsöltunareðja eða ýrulausnir
- \* 13 08 02 aðrar ýrulausnir
- \* 13 08 99 úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti

**14 00 00 Úrgangs-lífrænir leysar, -kælímiðlar og -drífefni (nema 07 00 00 og 08 00 00)***14 06 00 úrgangs-lífrænir leysar, -kælímiðlar og -froðu/úða drífefni*

- \* 14 06 01 klórflúórkolefni HCFC, HFC
- \* 14 06 02 aðrir leysar og leysablöndur sem innihalda halógen
- \* 14 06 03 aðrir leysar og leysablöndur
- \* 14 06 04 eðja eða fastur úrgangur sem í eru leysar sem innihalda halógena
- \* 14 06 05 eðja eða fastur úrgangur sem í eru aðrir leysar

**15 00 00 Umbúðaúrgangur; íseyg efni, þurrkur, síunarefni og hlífðarfatnaður sem eru ekki tilgreind með öðrum hætti***15 01 00 umbúðir (þ.m.t. flokkaður úrgangur frá sveitarfélögum)*

- 15 01 01 pappírs- og pappaumbúðir

<sup>1</sup> Í þessari skrá um úrgang er PCB skilgreint í reglugerð nr. 323/1998.

- 15 01 02 plastumbúðir
- 15 01 03 viðarumbúðir
- 15 01 04 málmumbúðir
- 15 01 05 samsettar umbúðir
- 15 01 06 blandaðar umbúðir
- 15 01 07 glerumbúðir
- 15 01 09 textílumbúðir
- \* 15 01 10 umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim
- \* 15 01 11 málmumbúðir sem innihalda hættulegt fast gegndreipt efni (t.d. asbest), þ.m.t. tóm þrýstihylki
- 15 02 00 *íseyg efni, þurrkur, síunarefni og hlífðarfatnaður*
- \* 15 02 02 íseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusúr sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnum
- 15 02 03 íseyg efni, síunarefni, þurrkur, og hlífðarfatnaður annar en tilgreindur er í 15 02 02
  
- 16 00 00 Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti í skránni**
- 16 01 00 *úr sér gengin ökutæki af ýmsum toga (þ.m.t. vélar sem notaðar eru utan vega) og úrgangur frá niðurrifi úr sér genginna ökutækja og viðhaldi ökutækja (nema 13 00 00, 14 00 00, 16 06 00, 16 08 00)*
- 16 01 03 hjólbarðar
- \* 16 01 04 ökutæki
- 16 01 06 ökutæki, sem innihalda hvorki vökva eða aðra hættulega íhluti
- \* 16 01 07 olíusúr
- \* 16 01 08 íhlutir sem innihalda kvikasilfur
- \* 16 01 09 íhlutir sem innihalda PCB
- \* 16 01 10 sprengifimur íhlutir (t.d. loftpúðar)
- \* 16 01 11 bremsuklossar sem innihalda asbest
- 16 01 12 bremsuklossar aðrir en tilgreindir eru í 16 01 11
- \* 16 01 13 bremsuvökvar
- \* 16 01 14 frostlögur sem inniheldur hættuleg efni
- 16 01 15 frostlögur annar en tilgreindur er í 16 01 14
- 16 01 16 tankar fyrir gas í vökvaformi
- 16 01 17 járn og stál
- 16 01 18 málmar aðrir en járn og stál
- 16 01 19 plast
- 16 01 20 gler
- \* 16 01 21 hættulegir íhlutir aðrir en tilgreindir eru í 16 01 07 — 16 01 11 og 16 01 13 og 16 01 14
- 16 01 22 íhlutir sem ekki eru tilgreindir með öðrum hætti
- 16 01 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 16 02 00 *úrgangur frá rafmagns- og rafeindabúnaði*
- \* 16 02 09 spennubreytar og þéttar sem innihalda PCB
- \* 16 02 10 aflagður búnaður sem inniheldur eða er mengaður af PCB, annar en tilgreindur er í 16 02 09
- \* 16 02 11 aflagður búnaður sem inniheldur klórflúorkolefni, HCFC og HFC
- \* 16 02 12 aflagður búnaður sem inniheldur laus asbestefni
- \* 16 02 13 aflagður búnaður sem inniheldur hættulega íhluti<sup>2</sup> aðra en tilgreindir eru í 16 02 09 — 16 02 12
- 16 02 14 aflagður búnaður annar en tilgreindur er í 16 02 09 — 16 02 13
- \* 16 02 15 hættulegir íhlutir úr aflögðum búnaði
- 16 02 16 íhlutir úr aflögðum búnaði aðrir en 16 02 15
- 16 03 00 *framleiðslulotur og ónýtt framleiðsla sem ekki uppfylla kröfur*
- \* 16 03 03 ólífrænn úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
- 16 03 04 ólífrænn úrgangur annar en tilgreindur er í 16 03 03
- \* 16 03 05 lífrænn úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
- 16 03 06 lífrænn úrgangur annar en tilgreindur er í 16 03 05
- 16 04 00 *úrgangur úr sprengiefnum*
- \* 16 04 01 skotfæraúrgangur
- \* 16 04 02 úrgangur úr flugeldum
- \* 16 04 03 annar úrgangur úr sprengiefnum

<sup>2</sup> Hættulegir íhlutir frá rafmagns- og rafeindabúnaði geta innifalið rafgeyma og rafhlöður tilgreint í 16 06 00 og merktir eru sem spilliefni; kvikasilfursrofar, gler frá bakskautslömpum og öðru virku gleri o.s.frv.



- 16 05 00 *gaskennnd efni í þrýstihylkjum og aflögð efni*
- \* 16 05 04 gaskennnd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni
  - 16 05 05 gaskennnd efni í þrýstihylkjum önnur en tilgreind eru í 16 05 04
  - \* 16 05 06 efni til nota á rannsóknarstofu sem eru eða innihalda hættuleg efni, þ.m.t. blöndur af efnum
  - \* 16 05 07 aflögð ólífræn efni sem eru eða innihalda hættuleg efni
  - \* 16 05 08 aflögð lífræn efni sem eru eða innihalda hættuleg efni
  - 16 05 09 aflögð efni önnur en tilgreind eru í 16 05 06, 16 05 07 eða 16 05 08
  - 16 06 00 *raflöður og rafgeymar*
  - \* 16 06 01 blýraflöður
  - \* 16 06 02 Ni-Cd-raflöður
  - \* 16 06 03 raflöður sem innihalda kvikasilfur
  - 16 06 04 alkalíraflöður (nema 16 06 03)
  - 16 06 05 aðrar raflöður og rafgeymar
  - \* 16 06 06 raflausnir úr raflöðum og rafgeymum
  - 16 07 00 *úrgangur frá hreinsun á tunnum, flutninga- og geymslutönkum (fyrir utan 05 00 00 og 13 00 00)*
  - \* 16 07 08 úrgangur sem inniheldur olíu
  - \* 16 07 09 úrgangur sem inniheldur önnur hættuleg efni
  - 16 07 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
  - 16 08 00 *notaðir hvatar*
  - 16 08 01 notaðir hvatar sem innihalda gull, silfur, reníum, ródíum, palladíum, irridíum eða platínu (nema 16 08 07)
  - \* 16 08 02 notaðir hvatar sem innihalda hættulega hliðarmálma<sup>3</sup> eða hættuleg efnasambönd hliðarmálma
  - 16 08 03 notaðir hvatar sem innihalda hliðarmálma eða efnasambönd hliðarmálma sem ekki eru tilgreindir með öðrum hætti
  - 16 08 04 notaðir fljótandi hvatar frá hvataðri sundrun (nema 16 08 07)
  - \* 16 08 05 notaðir hvatar sem innihalda fosfórsýru
  - \* 16 08 06 notaðir vökvar sem notaðir hafa verið sem hvatar
  - \* 16 08 07 notaðir hvatar sem mengaðir eru af hættulegum efnum
  - 16 09 00 *oxandi efni*
  - \* 16 09 01 permanganöt, t.d. kalíumpermanganat
  - \* 16 09 02 krómöt, t.d. kalíumkrómat, kalíum- eða natríumdíkrómat
  - \* 16 09 03 peroxíð, t.d. vetnisperoxíð
  - \* 16 09 04 oxandi efni sem ekki eru tilgreind með öðrum hætti
  - 16 10 00 *fljótandi vatnskenndur úrgangur sem á að meðhöndla annars staðar*
  - \* 16 10 01 fljótandi vatnskenndur úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
  - 16 10 02 fljótandi vatnskenndur úrgangur annar en tilgreindur er í 16 10 01
  - \* 16 10 03 vatnskennt þykkni sem inniheldur hættuleg efni
  - 16 10 04 vatnskennt þykkni annað en tilgreint er í 16 10 03
  - 16 11 00 *úrgangsfóðringar og -eldföst efni*
  - \* 16 11 01 fóðringar og eldföst efni úr kolefni sem falla til við málmvinnslu og innihalda hættuleg efni
  - 16 11 02 fóðringar og eldföst efni úr kolefni sem falla til við málmvinnslu önnur en tilgreind eru í 16 11 01
  - \* 16 11 03 aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu og innihalda hættuleg efni
  - 16 11 04 aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu önnur en tilgreind eru í 16 11 03
  - \* 16 11 05 fóðringar og eldföst efni sem falla til við annað en málmvinnslu og innihalda hættuleg efni
  - 16 11 06 fóðringar og eldföst efni sem falla til við annað en málmvinnslu önnur en tilgreind eru í 16 11 05
- 17 00 00 Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (að meðtöldum uppgröfnum jarðvegi frá menguðum stöðum)**
- 17 01 00 *steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik*
  - 17 01 01 steinsteypa
  - 17 01 02 múrsteinar
  - 17 01 03 flísar og keramik
  - \* 17 01 06 blandaður eða flokkaður úrgangur sem getur verið steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik, sem inniheldur hættuleg efni

<sup>3</sup> Hliðarmálmar m.t.t. þessa liðar: skandíum, vanadíum, mangan, kóbolt, kopar, ytteríum, níóbíum, hafnium, wolfram, titán, króm, járn, nikkell, sínk, zirkon, mólýbden, tantalum. Þessir málmar eða sambönd þeirra eru hættulegir ef þau eru flokkuð sem hættuleg efni. Flokkunin í hættuleg efni ákveður hver af þessum hliðarmálmum og hvert af þessum hliðarmálmamböndum er hættulegt.

- 17 01 07 blanda af steinsteypu, múrsteinum, flísum eða keramik annað en tilgreint er í 17 01 06  
 17 02 00 *viður, gler og plast*  
 17 02 01 viður  
 17 02 02 gler  
 17 02 03 plast  
 \* 17 02 04 gler, plast eða viður sem inniheldur eða er mengað af hættulegum efnum  
 17 03 00 *jarðbiksblöndur, kolatjara og tjargaðar vörur*  
 \* 17 03 01 jarðbiksblöndur sem innihalda kolatjöru  
 17 03 02 jarðbiksblöndur aðrar en tilgreindar eru í 17 03 01  
 \* 17 03 03 kolatjara og tjargaðar vörur  
 17 04 00 *málmar (þar með talin málmblendi þeirra)*  
 17 04 01 kopar, brons, messing  
 17 04 02 ál  
 17 04 03 blý  
 17 04 04 sink  
 17 04 05 járn og stál  
 17 04 06 tin  
 17 04 07 blandaðir málmar  
 \* 17 04 09 málmúrgangur mengaður af hættulegum efnum  
 \* 17 04 10 kaplar sem innihalda olíu, kolatjöru og önnur hættuleg efni  
 17 04 11 kaplar aðrir en tilgreindir eru í 17 04 10  
 17 05 00 *jarðvegur (þ.m.t. uppgráfinn jarðvegur frá menguðum stöðum), steinar og dýpkunarefni*  
 \* 17 05 03 jarðvegur og steinar sem innihalda hættuleg efni  
 17 05 04 jarðvegur og steinar annað en tilgreint er í 15 05 03  
 \* 17 05 05 dýpkunarefni sem innihalda hættuleg efni  
 17 05 06 dýpkunarefni önnur en tilgreind eru í 17 05 05  
 \* 17 05 07 ballest af járnbrautarteinum sem inniheldur hættuleg efni  
 17 05 08 ballest af járnbrautarteinum önnur en tilgreind er í 17 05 07  
 17 06 00 *einangrunarefni og byggingarefni sem inniheldur asbest*  
 \* 17 06 01 einangrunarefni sem innihalda asbest  
 \* 17 06 03 önnur einangrunarefni sem eru úr eða innihalda hættuleg efni  
 17 06 04 einangrunarefni önnur en tilgreind eru í 17 06 01 eða 17 06 03  
 \* 17 06 05 byggingarefni sem innihalda asbest<sup>4</sup>  
 17 08 00 *byggingarefni úr gipsi*  
 \* 17 08 01 byggingarefni úr gipsi og mengað hættulegum efnum  
 17 08 02 byggingarefni úr gipsi önnur en tilgreind eru í 17 08 01  
 17 09 00 *annar byggingar- og niðurrífsúrgangur*  
 \* 17 09 01 byggingar- og niðurrífsúrgangur sem inniheldur kvikasilfur  
 \* 17 09 02 byggingar- og niðurrífsúrgangur sem inniheldur PCB, t.d. þéttiefni, gólfefni gerð úr resínum, einangrunargler og þéttar.  
 \* 17 09 03 annar byggingar- og niðurrífsúrgangur (þ.m.t. blandaður úrgangur) sem inniheldur hættuleg efni  
 17 09 04 blandaður byggingar- og niðurrífsúrgangur annar en tilgreindur er í 17 09 01, 17 09 02 eða 17 09 03
- 18 00 00 Úrgangur frá heilsuvernd manna og dýra og viðkomandi rannsóknnum (undanskilinn er úrgangur frá eldhúsum og veitingahúsum sem ekki beinlínis tengist heilsuvernd)**  
 18 01 00 *úrgangur frá fæðingarumönnun, greiningu, meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í mönnum*  
 18 01 01 beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 01 03)  
 18 01 02 líkamshlutar og líffæri, þar með taldir blóðþokar og blóðhlutar (nema 18 01 03)  
 \* 18 01 03 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna  
 18 01 04 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvarna (t.d. umbúðir, notað gifs, lín, einota fatnaður, bleiur)  
 \* 18 01 06 efni sem eru eða innihalda hættuleg efni  
 18 01 07 efni önnur en tilgreind eru í 18 01 06  
 \* 18 01 08 frumudrepandi og frumuhemjandi lyf  
 18 01 09 önnur lyf en tilgreind eru í 18 01 08

<sup>4</sup> Nánari reglur um urðun þessa úrgangs verða settar síðar.

- \* 18 01 10 amalgamúrgangur frá tannhirðu
- 18 02 00 *úrgangur frá greiningu, meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í dýrum*
- 18 02 01 beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 02 02)
- \* 18 02 02 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
- 18 02 03 úrgangur ef söfnun hans og losun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
- \* 18 02 05 efni sem eru eða innihalda hættuleg efni
- 18 02 06 efni önnur en tilgreind eru í 18 02 05
- \* 18 02 07 frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
- 18 02 08 önnur lyf en tilgreind eru í 18 02 07

### 19 00 00 Úrgangur frá sörpmeðhöndlunarstöðvum, skólphreinsistöðvum og vinnslu neysluvatns og vatns til iðnaðarnota

- 19 01 00 *úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs*
- 19 01 02 járnefni sem eru fjarlægð úr botnösku
- \* 19 01 05 síukaka frá útblásturshreinsun
- \* 19 01 06 fljótandi, vatnskenndur úrgangur frá útblásturshreinsun og annar fljótandi, vatnskenndur úrgangur
- \* 19 01 07 úrgangur í föstu formi frá útblásturshreinsun
- \* 19 01 10 notuð, virk kol frá útblásturshreinsun
- \* 19 01 11 botnaska eða -gjall sem inniheldur hættuleg efni
- 19 01 12 botnaska eða -gjall önnur en tilgreind er í 19 01 11
- \* 19 01 13 svifaska sem inniheldur hættuleg efni
- 19 01 14 svifaska önnur en tilgreind er í 19 01 13
- \* 19 01 15 ketilryk sem inniheldur hættuleg efni
- 19 01 16 ketilryk annað en tilgreint er í 19 01 15
- \* 19 01 17 úrgangur sem verður til við hitasundrun og inniheldur hættuleg efni
- 19 01 18 úrgangur sem verður til við hitasundrun annar en tilgreindur er í 19 01 17
- 19 01 19 sandur frá svifbeði
- 19 01 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
- 19 02 00 *úrgangur frá eðlisfræðilegri eða efnafræðilegri meðhöndlun á úrgangi (t.d. afkrómun, eyðing á sýaniði, eða hlutleysing)*
- 19 02 03 forblandaður úrgangur sem inniheldur ekki hættulegan úrgang
- \* 19 02 04 forblandaður úrgangur sem inniheldur a.m.k. eina gerð hættulegs úrgangs
- \* 19 02 05 eðja sem verður til við eðlis- eða efnafræðilega meðhöndlun og inniheldur hættuleg efni
- 19 02 06 eðja sem verður til við eðlis- eða efnafræðilega meðhöndlun önnur en tilgreind er í 10 02 05
- \* 19 02 07 olía og þykkni frá skiljum
- \* 19 02 08 fljótandi eldfimur úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
- \* 19 02 09 fastur eldfimur úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
- 19 02 10 eldfimur úrgangur annar en tilgreindur er í 19 02 08 og 19 02 09
- \* 19 02 11 annar úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
- 19 02 99 úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti
- 19 03 00 *úrgangur sem gerður hefur verið stöðugur eða breytt í fast efni<sup>5</sup>*
- \* 19 03 04 úrgangur merktur sem hættulegur, sem gerður hefur verið stöðugur að hluta<sup>6</sup>
- 19 03 05 úrgangur sem gerður hefur verið stöðugur annar en tilgreindur er í 19 03 04
- \* 19 03 06 úrgangur merktur sem hættulegur sem breytt hefur verið í fast efni
- 19 03 07 úrgangur sem breytt hefur verið í fast efni annar en tilgreindur er í 19 03 06
- 19 04 00 *úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun*
- 19 04 01 úrgangur ummyndaður í gler
- \* 19 04 02 aska og annar úrgangur frá útblásturshreinsun
- \* 19 04 03 fastur fasi annar en glerkenndur
- 19 04 04 fljótandi vatnsúrgangur frá herslu á glermynduðum úrgangi
- 19 05 00 *úrgangur frá loftháðri meðferð á föstum úrgangi*
- 19 05 01 hluti af úrgangi sveitarfélags og svipuðum úrgangi sem hefur ekki brotnað niður við moltugerð
- 19 05 02 hluti af dýra- og jurtaúrgangi sem ekki hefur brotnað niður við moltugerð

<sup>5</sup> Ferlin sem gera úrgang stöðugan breyta hættulegum eiginleikum úrgangspátta og breyta þannig hættulegum úrgangi í úrgang sem ekki er hættulegur. Ferli sem breyta úrgangi í fast efni, breyta aðeins eðlisástandi úrgangsins (t.d. vökva í fast efni) með notkun íbótarefna án þess að breyta efnafræðilegum eiginleikum úrgangsins.

<sup>6</sup> Úrgangur er talinn stöðugur að hluta til ef hættulegir þættir úrgangsins sem ekki hefur alveg verið breytt í hættulausa þætti, eftir ferli til þess að gera úrgang stöðugan, geta losnað út í umhverfið á stuttum eða löngum tíma.

- 19 05 03 molta sem ekki uppfyllir gæðakröfur  
 19 05 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti  
 19 06 00 *úrgangur frá loftfirrtri meðhöndlun á úrgangi*  
 19 06 03 vökvi frá loftfirrtri meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum  
 19 06 04 melta frá loftfirrtri meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum  
 19 06 05 vökvi frá loftfirrtri meðhöndlun á dýra- og jurtaúrgangi  
 19 06 06 melta frá loftfirrtri meðhöndlun á dýra- og jurtaúrgangi  
 19 06 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti  
 19 07 00 *sigvatn frá urðunarstað*  
 \* 19 07 02 sigvatn frá urðunarstað sem inniheldur hættuleg efni  
 19 07 03 sigvatn frá urðunarstað annað en tilgreint er í 10 07 02  
 19 08 00 *úrgangur frá skólphreinsistöðvum sem eru ekki tilgreindar með öðrum hætti*  
 19 08 01 ristarúrgangur  
 19 08 02 úrgangur úr sandfangi  
 19 08 05 eðja frá meðhöndlun á frárennsli frá þéttbýlisstöðum  
 \* 19 08 06 mettuð eða notuð jónaskiptaresín  
 \* 19 08 07 lausnir og eðja frá endurmyndun jónaskipta  
 \* 19 08 08 úrgangur frá himnukerfum sem inniheldur þungmálma  
 19 08 09 fita og olíublanda sem verður til við aðskilnað olíu og vatns og inniheldur einungis matarolúur og -fitur  
 \* 19 08 10 fita og olíublanda sem verður til við aðskilnað olíu og vatns önnur en tilgreind eru í 19 08 09  
 \* 19 08 11 eðja sem inniheldur hættuleg efni frá líffræðilegri meðhöndlun iðnaðarfrárennslis  
 19 08 12 eðja frá líffræðilegri meðhöndlun iðnaðarfrárennslis önnur en tilgreind er í 19 08 11  
 \* 19 08 13 eðja sem verður til við aðra meðhöndlun iðnaðarskólps og inniheldur hættuleg efni  
 19 08 14 eðja sem verður til við aðra meðhöndlun iðnaðarskólps önnur en tilgreind er í 19 08 13  
 19 08 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti  
 19 09 00 *úrgangur frá vinnslu neysluvatns og vatns til iðnaðarnota*  
 19 09 01 úrgangur í föstu formi frá síun eða ristarnotkun  
 19 09 02 eðja frá grugghreinsun vatns  
 19 09 03 eðja frá afkölkun  
 19 09 04 notuð, virk kol  
 19 09 05 mettuð eða notuð jónaskiptaresín  
 19 09 06 lausnir og eðja frá endurmyndun á jónaskiptum  
 19 09 99 úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti  
 19 10 00 *úrgangur frá tætingu úrgangs sem inniheldur málma*  
 19 10 01 járn- og stálúrgangur  
 19 10 02 úrgangur sem inniheldur aðra málma en járn og stál  
 \* 19 10 03 fisléttur hluti og ryk sem inniheldur hættuleg efni  
 19 10 04 fisléttur hluti og ryk annað en tilgreint er í 19 10 03  
 \* 19 10 05 aðrir hlutar sem innihalda hættuleg efni  
 19 10 06 aðrir hlutar, aðrir en tilgreindir eru í 19 10 05  
 19 11 00 *úrgangur frá endurmyndun olíu*  
 \* 19 11 01 notaður súleir  
 \* 19 11 02 súr tjara  
 \* 19 11 03 vatnskenndur fljótandi úrgangur  
 \* 19 11 04 úrgangur frá hreinsun eldsneytis með lút  
 \* 19 11 05 eðja frá skólphreinsun á staðnum sem inniheldur hættuleg efni  
 19 11 06 eðja frá skólphreinsun á staðnum önnur en tilgreind er í 19 11 05  
 \* 19 11 07 úrgangur frá útlasturshreinsun  
 19 11 99 úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti  
 19 12 00 *úrgangur frá vélrænni meðferð úrgangs (t.d. flokkun, mölun, þjöppun, kúlugerð) sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti*  
 19 12 01 pappír og pappi  
 19 12 02 járn og stál  
 19 12 03 málmar aðrir en járn og stál  
 19 12 04 plast og gúmmí  
 19 12 05 gler  
 \* 19 12 06 víður sem inniheldur hættuleg efni  
 19 12 07 víður annar en tilgreindur er í 19 12 06

- 19 12 08 textíl  
 19 12 09 steinefni (t.d. sandur, steinar)  
 19 12 10 eldfimur úrgangur (eldsneyti unnið úr úrgangi)  
 \* 19 12 11 annar úrgangur (þ. á m. blanda af efnum) frá vélrænni meðferð úrgangs sem inniheldur hættuleg efni  
 19 12 12 annar úrgangur (þ. á m. blanda af efnum) frá vélrænni meðferð úrgangs annar en tilgreindur er í 19 12 11  
 19 13 00 *úrgangur sem verður til við hreinsun jarðvegs og grunnvatns*  
 \* 19 13 01 fastur úrgangur sem verður til við hreinsun jarðvegs og inniheldur hættuleg efni  
 19 13 02 fastur úrgangur sem verður til við hreinsun jarðvegs annar en tilgreindur er í 19 13 01  
 \* 19 13 03 eðja sem verður til við hreinsun jarðvegs og inniheldur hættuleg efni  
 \* 19 13 04 eðja sem verður til við hreinsun jarðvegs önnur en tilgreindur er í 19 13 03  
 \* 19 13 05 eðja sem verður til við hreinsun grunnvatns og inniheldur hættuleg efni  
 19 13 06 eðja sem verður til við hreinsun grunnvatns önnur en tilgreindur er í 19 13 05  
 \* 19 13 07 vatnskenndur fljótandi úrgangur og vatnskennt þykkni sem verður til við hreinsun grunnvatns og inniheldur hættuleg efni  
 19 13 08 vatnskenndur fljótandi úrgangur og vatnskennt þykkni sem verður til við hreinsun grunnvatns annað en tilgreint er í 19 13 07
- 20 00 00 Úrgangur frá sveitarfélögum (heimilisúrgangur og svipaður úrgangur frá verslunarstöðum, úr iðnaði og frá stofnunum) að meðtöldum flokkuðum úrgangi**
- flokkaður úrgangur (nema 15 01 00)*  
 20 01 01 pappír og pappi  
 20 01 02 gler  
 20 01 08 úrgangur sem verður til í eldhúsum og mótuneytum og getur brotnað niður með lífrænum hætti  
 20 01 10 fatnaður  
 20 01 11 textílefni  
 \* 20 01 13 leysar  
 \* 20 01 14 sýrur  
 \* 20 01 15 basísk efni  
 \* 20 01 17 efni tengd ljósmyndun  
 \* 20 01 19 varnarefni  
 \* 20 01 21 flúorljósarör og annar úrgangur sem inniheldur kvikasilfur  
 \* 20 01 23 aflagður búnaður sem inniheldur klórflúorkolefni  
 20 01 25 matarolía og -fita  
 \* 20 01 26 olía og fita annað en tilgreint er í 20 01 25  
 \* 20 01 27 málning, blek, lím og resín sem innihalda hættuleg efni  
 20 01 28 málning, blek, lím og resín annað en tilgreint er í 20 01 27  
 \* 20 01 29 hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni  
 20 01 30 hreinsiefni önnur en tilgreind eru í 20 01 29  
 \* 20 01 31 frumudrepandi og frumuhemjandi lyf  
 20 01 32 lyf önnur en tilgreind eru í 20 01 31  
 \* 20 01 33 rafhlöður og rafgeymar sem tilgreindir eru í 16 06 01 — 16 06 03 og óflokkaðar rafhlöður og rafgeymar sem innihalda þessar rafhlöður  
 20 01 34 rafhlöður og rafgeymar aðrir en tilgreindir eru í 20 01 33  
 \* 20 01 35 aflagður raf- og rafeindabúnaður annar en tilgreindur er í 20 01 21 og 20 01 23 sem inniheldur hættulega íhluti<sup>7</sup>  
 20 01 36 aflagður raf- og rafeindabúnaður annar en tilgreindur er í 20 01 21, 20 01 23 og 20 01 35  
 \* 20 01 37 viður sem inniheldur hættuleg efni  
 20 01 38 viður annar en tilgreindur er í 20 01 37  
 20 01 39 plastefni  
 20 01 40 málmar  
 20 01 41 úrgangur frá hreinsun skorsteina  
 20 01 99 aðrir flokkar sem ekki eru tilgreindir með öðrum hætti  
 20 02 00 *úrgangur úr gördum og skráðgördum (þar með talinn úrgangur úr kirkjugördum)*  
 20 02 01 úrgangur sem getur brotnað niður með lífrænum hætti

<sup>7</sup> Hættulegir íhlutir úr raf- og rafeindabúnaði geta innifalið rafgeyma og rafhlöður sem tilgreindir eru í 16 06 00 og merkt sem hættulegt; kvikasilfursofar, gler frá bakskautslömpum og öðru virku gleri o.s.frv.

- 20 02 02 jarðvegur og steinar
- 20 02 03 annar úrgangur sem ekki brotnar niður með lífrænum hætti
- 20 03 00 *annar úrgangur frá sveitarfélögum*
- 20 03 01 blandaður úrgangur frá sveitarfélögum
- 20 03 02 úrgangur frá mörkuðum
- 20 03 03 rusl frá götuhreinsun
- 20 03 04 eðja frá rotþróum
- 20 03 06 úrgangur frá skólphreinsun
- 20 03 07 rúmfrekur úrgangur
- 20 03 99 úrgangur frá sveitarfélögum sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti

## II. VIÐAUKI

### Flokkar úrgangs.

- Q1 Efnaleifar sem falla til við framleiðslu eða neyslu og ekki eru tilgreindar annars staðar hér að neðan.
- Q2 Vörur sem uppfylla ekki gildandi staðla.
- Q3 Vörur sem eru komnar fram yfir leyfilegan notkunardag.
- Q4 Efni sem farið hafa forgörðum eða tapast við óhöpp, þar með talin efni, búnaður o.s.frv. sem mengast hafa vegna óhappsins.
- Q5 Efni sem mengast hafa vegna skipulagðrar starfsemi (til dæmis leifar sem falla til við hreingeringar, umbúðir, ílát o.s.frv.).
- Q6 Ónothæfir hlutir (til dæmis notaðar rafhlöður, notaðir hvatar o.s.frv.).
- Q7 Efni sem teljast ekki lengur nothæf (til dæmis mengaðar sýrur, menguð leysiefni, notuð herslusölt o.s.frv.).
- Q8 Leifar sem falla til í iðnaði (til dæmis gjall, leifar sem falla til við eimingu o.s.frv.).
- Q9 Leifar sem falla til við mengunarvarnaaðgerðir (til dæmis eðja sem fellur til við gas-hreinsun, ryk úr loftsíum, notaðar síur o.s.frv.).
- Q10 Leifar sem falla til við vinnslu-/eftirmeðferð (til dæmis járnspænic, spænic frá fræsi-vélum o.s.frv.).
- Q11 Leifar sem falla til við öflun og vinnslu hráefna (til dæmis leifar frá náma- og olíu-vinnslu o.s.frv.).
- Q12 Menguð efni (til dæmis PCB-mengaðar olíur o.s.frv.).
- Q13 Öll efni eða vörur sem bannaðar hafa verið með lögum.
- Q14 Vörur sem notandinn hefur engin not fyrir lengur (til dæmis ónýtt efni sem falla til í landbúnaði, á heimilum, í verslun og viðskiptum o.s.frv.).
- Q15 Menguð efni eða vörur sem falla til við hreinsun mengaðra landsvæða.
- Q16 Hvers kyns efni eða vörur sem ekki er að finna í ofangreindum flokkum.

## III. VIÐAUKI

### Eiginleikar sem gera úrgang hættulegan.

- H1 „Sprengifimt“: efni og efnablöndur sem geta sprungið við högg, núning, við snertingu við eld eða aðrar íkveikjuuppsprettur.
- H2 „Eldnærandi“: efni og efnablöndur sem valda kröftugri varmalosun í snertingu við önnur efni, einkum þau sem eru eldfim.
- H3-A „Mjög eldfimt“: fljótandi efni og efnablöndur sem hafa blossomark undir 21 (þar á meðal afar eldfimar blöndur), efni og efnablöndur sem geta hitnað og getur að lokum kviknað í ef þau komast í snertingu við loft við stofuhita, án þess að notaður sé

orkugjafi, efni og efnablöndur sem má tendra þegar loga eða neista er brugðið að efninu í föstu formi og sem heldur áfram að brenna eða glóa eftir að eldgjafi er fjarlægður, loftkennd efni og efnablöndur sem getur kviknað í við venjulegan loftþrýsting, efni og efnablöndur sem mynda afar eldfimar lofttegundir í hættulegu magni í snertingu við vatn eða rakt loft.

- H3-B „Eldfimt“: fljótandi efni og blöndur sem hafa blossamark 21 - 55° C.
- H4 „Ertandi“: efni og efnablöndur sem geta valdið ertingu, bólgu eða þrota við beina og langvarandi eða endurtekna snertingu við húð eða slímhimnu.
- H5 „Hættulegt heilsu“: efni og efnablöndur sem geta valdið heilsutjóni við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð.
- H6 „Eitrað“: efni og blöndur (þar á meðal mjög eitruð efni og blöndur) sem geta valdið alvarlegum, bráðum eða varanlegum skaða og jafnvel dauða við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð.
- H7 „Krabbameinsvaldandi“: efni og blöndur sem geta valdið krabbameini eða aukið hættuna á krabbameini við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð.
- H8 „Ætandi“: efni og blöndur sem geta skemmt lifandi vef við snertingu.
- H9 „Smitandi“: efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eiturefni þeirra sem vitað er eða má ætla að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.
- H10 „Skaðleg áhrif á æxlun“: efni og blöndur sem geta skaðað barn í móðurkviði eða dregið úr frjósemi manna við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð.
- H11 „Stökkbreytivaldandi“: efni og blöndur sem geta valdið arfgengum skaða eða aukið hættuna á þeim við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð.
- H12 Efni og blöndur sem mynda eittraðar eða mjög eittraðar lofttegundir í snertingu við vatn, loft eða sýru.
- H13 Efni og blöndur er kunna, eftir að þeim hefur verið fleygt, að geta af sér annað efni, t.d. skolvökva, sem hefur einn af ofanefndum eiginleikum.
- H14 „Hættulegt umhverfinu“: efni og blöndur sem geta haft bráð eða síðkomin skaðleg áhrif á gerð eða starfsemi náttúrulegra vistkerfa.

#### IV. VIÐAUKI Förgunaraðgerðir.

Í þessum viðauka eru taldar upp förgunaraðgerðir. Í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða um úrgang ber að farga úrgangi án þess að heilsu manna stafi hætta af og án þess að beitt sé aðferðum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

- D1 Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun).
- D2 Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífrænt niðurbrot fljótandi úrgangs eða eðju í jarðvegi).
- D3 Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrulegar jarðsprungur).
- D4 Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða eðju í pytti, tjarnir eða lón).
- D5 Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnspétt, þakin holrými sem eru aðskilin hvert frá öðru og umhverfinu).
- D6 Losun í vötn nema í sjó.
- D7 Losun í sjó, þar með talið niðurgroftur á hafsbotni.
- D8 Líffræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12.

- D9 Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12 (t.d. uppgefufun, þurrkun, glæðingu).
- D10 Brennsla á landi.
- D11 Brennsla á sjó.
- D12 Varanleg geymsla (t.d. staðsetning gáma í námum).
- D13 Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 12.
- D14 Umpökkun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 13.
- D15 Geymsla þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 14 (að undanskilinni geymslu úrgangsins til bráðabirgða á framleiðslustað þar til honum er safnað).

## V. VIÐAUKI

### Aðgerðir sem leitt gætu til nýtingar.

Í þessum viðauka eru taldar upp aðgerðir til endurnýtingar. Í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða um úrgang ber að endurnýta úrgang án þess að heilsu manna stafi hættu af og án þess að beitt sé aðferðum sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

- R1 Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu.
- R2 Endurheimt eða endurmyndun leysiefna.
- R3 Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir).
- R4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málsambanda.
- R5 Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna.
- R6 Endurmyndun síru eða basa.
- R7 Endurnýting efnispátta sem eru notaðir til að draga úr mengun.
- R8 Endurnýting efnispátta úr hvötum.
- R9 Olíuhreinsun eða önnur endurnotkun olíu.
- R10 Dreifing á land til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi.
- R11 Notkun úrgangs sem til fellur vegna einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 10.
- R12 Skipti á úrgangi með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 11.
- R13 Geymsla úrgangs þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 12 (að undanskilinni geymslu úrgangsins til bráðabirgða á framleiðslustað þar til honum er safnað).



## VI. VIÐAUKI

**Mörk fyrir flokkun og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.t.t. eiginleika H3 - H8, H10 og H11 í III. viðauka.**

Blossamark < 55°C

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem sterkt eitur (\*) með heildarstyrk  $\geq 0,1\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem eitur með heildarstyrk  $\geq 3\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem hættulegt heilsu með heildarstyrk  $\geq 25\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem mjög ætandi (H35) með heildarstyrk  $\geq 1\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem ætandi (H34) með heildarstyrk  $\geq 5\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem ertandi (H41) með heildarstyrk  $\geq 10\%$

Eitt eða fleiri efni flokkuð sem ertandi (H36, H37, H38) með heildarstyrk  $\geq 20\%$

Eitt efni flokkað sem krabbameinsvaldandi, flokkur 1 eða 2 (H45, H49), með styrk  $\geq 0,1\%$

Eitt efni flokkað sem krabbameinsvaldandi, flokkur 3 (H40), með styrk  $\geq 1\%$

Eitt efni flokkað sem skaðlegt fyrir æxlun, flokkur 1 og 2 (H60, H61), með styrk  $\geq 0,5\%$

Eitt efni flokkað sem skaðlegt fyrir æxlun, flokkur 3 (H62, H63), með styrk  $\geq 5\%$

Eitt efni flokkað sem stökkbreytivaldandi, flokkur 1 eða 2 (H46), með styrk  $\geq 0,1\%$

Eitt efni flokkað sem stökkbreytivaldandi, flokkur 3 (H40), með styrk  $\geq 1\%$

---

\* Flokkun og H númer miðast við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 2002

7. mars 2002

417

Nr. 185

## REGLUGERÐ

### um veiðar úr úthafskarfastofnum 2002.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.  $65^{\circ}20'N - 29^{\circ}45'V$  (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2.  $63^{\circ}00'N - 26^{\circ}00'V$
3.  $62^{\circ}00'N - 27^{\circ}00'V$
4.  $60^{\circ}22'N - 24^{\circ}20'V$

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæði 1 F og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 8, 7. janúar 2002, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO 2002.

Ráðherra er heimilt að breyta umræddu veiðisvæði sé talin ástæða til vegna samsetningar afla.

#### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrir en Fiskistofu hefur borið yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5. - 9. gr. gilda um þessar veiðar.

#### 3. gr.

Á árinu 2002 er þeim íslensku fiskiskipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 35.000 lestir af úthafskarfa á svæði innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V
4. 60°22'N - 24°20'V
5. 60°14'N - 29°02'V
6. 62°55'N - 32°00'V
7. 63°18'N - 30°46'V

Þá er þeim íslensku fiskiskipum sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á árinu 2002, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 10.000 lestir af úthafskarfa á svæði utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 60°22'N - 24°20'V
2. 60°14'N - 29°02'V
3. 62°55'N - 32°00'V

Heimilt er að veiða úthafskarfa sem fjallað er um í 1. mgr. 3. gr. á því svæði sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess, annars vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og hins vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. í þeim hlutföllum sem í 1. og 2. mgr. þessarar greinar segir.

#### 4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

#### 5. gr.

Við úthafskarfaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. málslíð 1. gr., og úthafskarfaveiðar í fiskveiðilögsögu Grænlands og eftir því sem við á á alþjóðlegu hafsvæði, skal senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu:

**Komutilkynning:** Skylt er skipstjóra að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á veiðisvæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða veiðisvæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „ENT“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði eða „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
5. Kallmerki skipsins.
6. Nafn skipsins.
7. Skipaskrárnúmer.
8. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
9. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
10. Dagsetning og tími.

**Aflatilkynning:** Hvern mánudag skal tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags, til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Hafi skip verið skemur en viku á veiðisvæðinu skal gefa upp afla frá því skipið hóf veiðar á svæðinu. Ennfremur skal senda aflatilkynningu áður en farið er milli svæða sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. UKX fyrir úthafskarfasvæði skv. 2. mgr. 3. gr. eða „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
5. Kallmerki skipsins.
6. Vikuafla í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
7. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
8. Dagsetning og tími.

**Lokatilkynning:** Þegar veiðiskip yfirgefur veiðisvæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða veiðisvæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni með ekki meira en 8 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur afli frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „EXI“ sem lokatilkynning.
4. Kóði fyrir það veiðisvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. UKX fyrir úthafskarfasvæði skv. 2. mgr. 3. gr. eða „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
5. Kallmerki skipsins.
6. Vikuaflamark í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
7. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
8. Löndunarhöfn.
9. Dagsetning og tími.

Ofangreindar tilkynningar skulu sendar með þeim hætti er lýst er í viðaukum I og II við reglugerð nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

6. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða ef afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 3. gr.

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum, sbr. 1. málslíð þessarar málgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er aflni reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,55.

#### 7. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

#### 8. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## GJALDSKRÁ

**vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 2002.**

#### 1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 2002, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. maí 2002 með eindaga 1. júní 2002, verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki:	kr.
a) Föst tæki - myndataka .....	14.200
b) Föst tæki - skygning .....	19.850
c) Tölvusneiðmyndatæki .....	28.350

d) Aukalampar .....	4.000
e) Færanleg tæki - myndataka .....	11.350
f) Færanleg tæki - skygging .....	14.750
g) Tannröntgentæki .....	8.500
h) Tannröntgentæki - aukatæki .....	4.250
i) Iðnaðarröntgentæki .....	12.500
j) Dýralækningaröntgentæki .....	12.500
2. Geislalækningatæki .....	19.850
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar .....	17.000
4. Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað .....	9.100
5. Önnur geislataeki:	
a) Nifteindatæki .....	34.000
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað .....	9.100
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað .....	4.550
6. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu .....	453
b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu .....	1.150

## 2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

## 3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjald-daga.

## 4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 11.300. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.300.

## 5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 28.300. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUR

### um millibankamarkað með gjaldeyrisskiptasamninga.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands setur hér með eftirfarandi reglur skv. heimild í 18. og 38. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

## 1. gr.

*Aðild að viðskiptum á millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga.*

Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri geta orðið aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyrisskiptasamninga, hér eftir nefndir markaðsaðilar en auk þeirra getur Seðlabanki Íslands tekið þátt á markaðnum. Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga viðskipti við markaðsaðila þótt eftir því sé leitað.

## 2. gr.

*Skyldur markaðsaðila og markaðstími.*

Markaðsaðilum er skylt að gefa bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals óski annar markaðsaðili þess. Samningar miðast við 3.000.000 Bandaríkjadala. Markaðsaðilum er skylt að gefa bindandi kaup- og söluverð í samninga með tímalengd: SW, 2W, 1M, 2M, 3M, 6M, 9M og eitt ár. Millibankamarkaður með gjaldeyrisskiptasamninga er opinn til viðskipta frá kl. 9.30 til 14.00 hvern viðskiptadag.

## 3. gr.

*Leiðbeinandi verðtilboð.*

Markaðsaðilar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð, þ.e. kaup- og sölutilboð miðast við þær tímalengdir sem taldar eru upp í 2. gr. Tilboðin skulu birt á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters. Einungis markaðsaðilar skulu hafa aðgang að þessum síðum. Markaðsaðilar skulu uppfæra verðtilboð sín eigi sjaldnar en á 5 mínútna fresti, sbr. 2. gr.

## 4. gr.

*Upplýsingaskil.*

Markaðsaðili sem gefið hefur upp verð sem leitt hefur til viðskipta skal tilkynna Seðlabanka Íslands, með tölvupósti eða símleiðis, um viðskiptin þegar í stað. Þær upplýsingar sem ber að tilkynna Seðlabanka Íslands eru: Hverjir eru aðilar að viðskiptunum, fjárhæð í Bandaríkjadöllum, tímalengd, stundargengi og framvirkir punktar. Seðlabanka Íslands ber að birta veltu fyrir hverja tímalengd, sbr. 2. gr., hvern viðskiptadag. Seðlabanki Íslands birtir veltutölur á Reuters síðunni ICEU.

## 6. gr.

*Verðbil.*

Verðbil skal að hámarki vera 25 punktar í vöxtum fyrir hverja tímalengd.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi 15. mars 2002.

Reykjavík, 8. mars 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

**Finnur Ingólfsson**  
bankastjóri.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 2002

---

11. mars 2002

423

Nr. 188

## REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 549, 9. júlí 2001,  
um bann við línuveiðum við Suðausturland.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 549, 9. júlí 2001, um bann við línuveiðum við Suðausturland.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. mars 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 2002

Nr. 189

424

12. mars 2002

## REGLUGERÐ

### um leigubifreiðar.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til fólksbifreiða sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs. Bifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir reglugerðina.

Leigubifreiðaakstur er þjónustugrein sem telst til almenningsgangna og felst í að fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal alla jafnan flytja í farangursgeymslu bifreiðar. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema um sé að ræða flutning bréfa, skjala, blóma eða neyðarsendinga fyrir sjúkrahús. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

##### 2. gr.

##### *Auðkenni.*

Leigubifreið til fólksflutninga skal auðkennd með þakljósi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gerð og búnað bifreiða. Ennfremur skal leigubifreið, sem ekur frá bifreiðastöð, auðkennd með merki stöðvarinnar neðarlega fyrir miðju í framrúðu og stöðvarnúmeri á áberandi hátt ofarlega vinstra megin í afturrúðu bifreiðar.

Ökumaður leigubifreiðar skal ávallt hafa á sér skilríki skv. síðustu mgr. 6. gr. og 12. gr. sem sýnir að hann hafi tilskilin atvinnuleyfi eða heimild til aksturs í forföllum atvinnuleyfshafa.

Leigubifreiðastjóri skal sýna verðskrá sem í gildi er óski farþegi þess.

##### 3. gr.

##### *Námskeið.*

Sá sem fullnægir öllum skilyrðum 5. gr. laga um leigubifreiðar getur fengið atvinnuleyfi. Halda skal námskeið fyrir alla þá sem óska eftir að fá að aka leigubifreið svo sem hér segir:

- a. Grunnnámskeið skulu haldin fyrir forfallabílstjóra þegar fyrir liggja a.m.k. 20 staðfestar umsóknir.
- b. Námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi skulu haldin er þörf er talin.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir þá umsækjendur um atvinnuleyfi, sem fullnægja tilskyldum skilyrðum og stundað hafa leiguakstur á fólki í að minnsta kosti eitt ár. Jafnframt skal Vegagerðin halda námskeið fyrir forfallabílstjóra sem fullnægja tilskyldum skilyrðum. Vegagerðin skipuleggur slík námskeið, ákveður kennslutilhögun, námsefni, prófreglur og námskeiðsgjald.

Bifreiðastjóri skal, sé þess óskað, leggja fram læknisvottorð frá trúnaðarlækni Vegagerðarinnar sem staðfestir starfshæfni hans með tilliti til heilsufars.

#### 4. gr.

##### *Takmörkunarsvæði.*

Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

- I. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi. Hámarkstala er 570 atvinnuleyfi.
- II. Reykjanesbæ, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 40 atvinnuleyfi.
- III. Akureyri. Hámarkstala er 22 atvinnuleyfi.
- IV. Selfossi. Hámarkstala er 7 atvinnuleyfi.

Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa svo sem hámarkstala segir til um. Vegagerðinni er þó heimilt að taka tillit til leyfa, sem liggja inni tímabundið, þó þannig að ekki verði endurúthlutað nema sem nemur helmingi leyfa sem eru innlögð tímabundið skv. 19. gr. Nú eru fleiri atvinnuleyfi í gildi en getur um að framan og er Vegagerðinni þá heimilt að úthluta þriðja hverju leyfi, sem úr gildi fellur, uns réttir tölu er náð.

## II. KAFLI

### **Umsókn, úthlutun og nýting atvinnuleyfa.**

#### 5. gr.

##### *Umsóknir um atvinnuleyfi.*

Bifreiðastjóri, sem óskar eftir atvinnuleyfi, skal sækja um það á þar til gerðu eyðublaði Vegagerðarinnar. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð, sem Vegagerðin gerir kröfu til sem staðfesta að umsækjandi uppfylli skilyrði sem lög nr. 134/2001, um leigubifreiðar kveða á um. Á takmörkunarsvæðum skal umsækjandi leggja fram vottorð um að hann eigi kost á afgreiðslu á bifreiðastöð sem hefur starfsleyfi.

Vegagerðin gefur út atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða bæði á takmörkunarsvæðum og utan þeirra.

#### 6. gr.

##### *Úthlutunarreglur.*

Að uppfylltum öllum skilyrðum veitir Vegagerðin atvinnuleyfi á takmörkunarsvæðum á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar. Vegagerðinni er heimilt að taka sérstakt tillit til umsókna frá öryrkjum enda hafi þeir meðmæli Öryrkjabandalags Íslands og tryggingayfirlæknis um að leiguakstur henti þeim vel. Öryrkjar fá metna 260 daga í starfsreynslu við mat á atvinnuleyfisumsókn.

Sæki leyfishafi á einu takmörkunarsvæði um atvinnuleyfi á öðru takmörkunarsvæði skal hann jafnsettur öðrum umsækjendum að því er varðar akurstíma. Atvinnuleyfi hans á svæðinu sem hann flytur frá fellur úr gildi þegar hann leysir nýja leyfið út. Atvinnuleyfishafi sem er með atvinnuleyfi utan takmörkunarsvæðis og sækir um atvinnuleyfi innan takmörkunarsvæðis fær 100 daga fyrir hvert ár metna í starfsreynslu. Vegagerðinni er þó heimilt að óska gagna er staðfesta starfsreynslu umsækjanda ef ástæða þykir til.

Atvinnuleyfi skulu tölusett og skal leyfishafi fá í hendur frumrit atvinnuleyfisins. Vegagerðin geymir samrit atvinnuleyfa.

Vegagerðin skal sjá um útgáfu skírteina til sönnunar á atvinnuleyfi. Þar skal koma fram mynd af leyfishafa, nafn, bifreiðastöð, stöðvarnúmer, atvinnuleyfisnúmer og gildistími.

7. gr.

*Nýting atvinnuleyfis.*

Leigubifreiðastjóra, sem öðlast atvinnuleyfi, ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi leyfisins. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfið úr gildi. Þegar leyfishafi getur ekki leyst út atvinnuleyfi sitt vegna sjúkdóms eða slyss en gera má ráð fyrir m.v. læknisvottorð trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar að hann muni ná fullnægjandi heilsu innan eins og hálfis árs frá því að leyfið var upphaflega veitt má gera undanþágu frá þessari reglu.

Leyfishafi skal nýta atvinnuleyfi sitt með eðlilegum hætti og stunda aksturinn sem aðal- atvinnu. Akstur eigin leigubifreiðar telst aðalatvinna leyfishafa þegar hann að jafnaði stundar aksturinn eigi færri en 40 klst. á viku. Frá þessu má þó víkja á svæðum með færri en 10.000 íbúa. Eins má víkja frá þessu gagnvart þeim leyfishöfum sem geta sannanlega sýnt fram á að þeir hafi a.m.k. þriðjung tekna sinna vegna starfa fyrir bifreiðastöðvar eða félög leigubifreiðastjóra.

8. gr.

*Framlenging atvinnuleyfis.*

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa, þ.e. daginn áður en hann nær 71 árs aldri. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til hann nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur á grundvelli hæfnisprófs og læknisskoðunar trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar.

Hyggist atvinnuleyfishafi óska eftir framlengingu á atvinnuleyfi ber honum að sækja um það til Vegagerðarinnar ár hvert. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð sem gefur ótvírætt til kynna að viðkomandi sé hæfur til að stunda leiguakstur. Læknisvottorð sem fylgir umsókn skal ekki vera eldra en tveggja vikna gamalt. Þá skal fylgja með staðfesting frá Umferðarráði um að viðkomandi sé hæfur til að aka leigubifreið er hann nær 71 árs aldri og eins er hann nær 74 ára aldri.

Umsókn um framlengingu atvinnuleyfis þarf að hafa borist Vegagerðinni a.m.k. einum mánuði fyrir afmælisdag leyfishafa ár hvert en þó eigi fyrr en tveimur mánuðum fyrir afmælisdag.

Atvinnuleyfi skal ekki framlengt ef viðkomandi leyfishafi hefur haft undanþágu frá akstri eigin bifreiðar vegna veikinda í samtals meira en sjö mánuði, síðustu tólf mánuði fyrir afmælisdag þann sem marka myndi ella upphafsdag framlengingar.

9. gr.

*Eftirlifandi maki og dánarbú.*

Vegagerðinni er heimilt að leyfa eftirlifandi maka leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa. Eftirlifandi sambýlismaður eða sambýliskona skoðast sem eftirlifandi maki hafi sambúðin staðið yfir í að minnsta kosti tvö ár samfleytt samkvæmt þjóðskrá.

Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta.

## 10. gr.

*Svipting atvinnuleyfis.*

Ef leyfishafi fer ekki að lögum og reglum um leigubifreiðar skal Vegagerðin tilkynna honum um það og veita leyfishafa frest til andmæla. Að loknum fresti til andsvara sem m.a. tekur tillit til gagna þeirra er leyfishafi þarf nauðsynlega að afla til stuðnings máli sínu skal Vegagerðin ákveða framhald málsins. Verði niðurstaða hennar að veita leyfishafa áminningu eða svipta hann leyfi sínu tímabundið eða endanlega skal hún tilkynna honum það og bifreiðastöð þeirri sem hann hefur afgreiðslu hjá. Ábyrgðarbréf skal vera fullnægjandi tilkynning um afgreiðslu máls skv. grein þessari. Um meðferð máls fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Nú er bifreiðastjóri sviptur atvinnuleyfi sínu samkvæmt framangreindu og er þá leigu-bifreiðastöðvum óheimilt að veita honum afgreiðslu á meðan sviptingin varir.

## III. KAFLI

**Undanþágur frá akstri eigin bifreiðar.**

## 11. gr.

*Gagnagrunnur.*

Vegagerðin sér um starfsrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í hann skulu skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar við útgáfu atvinnuleyfis og réttinda forfallabílstjóra og veitingu undanþágna. Þessar upplýsingar eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer leigubifreiðastjóra; tegund atvinnuleyfis og hvort það sé virkt eða ekki. Vegagerðin veitir þeim bifreiðastjórafélögum eða bifreiðastöðvum sem hún metur hæfar heimild til að gefa út undanþágur.

Bifreiðastjórufélög og bifreiðastöðvar skulu eingöngu hafa aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna útprentunar undanþágna. Vegagerðin gerir kröfur um tiltekinn búnað sem þarf til að geta tengst gagnagrunninum og gefið út undanþágur.

Allar bifreiðastöðvar geta fengið heimild Vegagerðarinnar til lágmarksaðgangs að gagnagrunni til að geta sannreynt réttindi atvinnuleyfishafa og forfallabílstjóra.

Samgönguráðuneytið, að fenginni tillögu Vegagerðarinnar, setur reglur um aðgang að gagnagrunninum og afgreiðslutíma undanþágna. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

## 12. gr.

*Útgáfa skírteina.*

Vegagerðin skal sjá um útgáfu skírteina til sönnunar á að ökumaðurinn hafi heimild til aksturs í forföllum atvinnuleyfishafa. Þar skal koma fram nafn ökumanns ásamt mynd, númer skírteinis og gildistími. Endurnýja ber skírteinin á fimm ára fresti.

## 13. gr.

*Undanþágur.*

Vegagerðinni er heimilt að fela félögum leigubifreiðastjóra og bifreiðastöðvum að veita leyfishöfum undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar vegna veikinda eða annarra forfalla, orlofs, vaktaskipta á álagstímum og viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður forfallabílstjóra til aksturs skal hann áður fá undanþáguheimild. Áður en undanþága tekur gildi skal leyfishafi sjá til þess að afrit hennar berist viðkomandi bifreiðastöð til upplýsingar fyrir hana og trúnaðarmenn. Bifreiðastöð er óheimilt að afgreiða forfallabílstjóra nema að undanþága hafi borist henni.

Forfallabílstjóri sem akstursheimild tekur til skal hafa afrit undanþágu í viðkomandi bifreið. Leyfishafi varðveitir frumrit undanþágunnar. Útgefandi undanþágunnar skal varðveita eitt afrit.

## 14. gr.

*Form og efni undanþáguna.*

Undanþágur skulu gefnar út á númeruðum tölvuprentuðum eyðublöðum í fjórríti. Á henni skal koma fram nafn og stöðvarnúmer og bifreiðastöð forfallabílstjóra og leyfishafa. Auk þess skal tilgreina bílnúmer, tegund undanþágu, gildistíma hennar og takmarkanir.

Vegagerðin skal halda saman upplýsingum um allar útgefnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar í gagnagrunni til þess m.a. að unnt sé að staðfesta starfsreynslu við útgáfu atvinnuleyfa.

Heimilt er að veita undanþágur um helgar, helgidaga og aðra frídaga þyki ástæða til. Vegagerðin skal í samráði við félög leigubifreiðastjóra og bifreiðastöðva í hverju umdæmi fyrir sig, samræma þessar undanþágur ásamt tímamörkum.

Undanþágur vegna veikinda og útgerðar skulu þó vara minnst einn sólarhring og hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00. Undanþágur vegna orlofs skulu hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00.

## 15. gr.

*Undanþágur vegna örorku og aldurs.*

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að fá undanþágu á bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 á föstudegi og kl. 08.00 á sunnudegi þá helgi sem undanþágan stendur yfir.

## 16. gr.

*Undanþágur vegna orlofs.*

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína 35 daga í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætast 7 dagar við orlofsheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 63 daga á ári. Útgerð í orlofi er að lágmarki fjórir sólarhringar í hvert sinn nema þegar færri en 4 sólarhringar standa eftir af óteknu orlofi skulu þeir teknir út í einu lagi.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Heimilt er að færa allt að 20 orlofsdaga á milli tímabila

## 17. gr.

*Undanþágur vegna veikinda.*

Heimilt er Vegagerðinni að veita leyfishafa undanþágu frá akstri eigin leigubifreiðar í veikindum í allt að þrjá mánuði á ári sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Heimilt er að framlengja undanþáguna í allt að eitt ár í senn skv. vottorði trúnaðarlæknis Vegagerðarinnar enda liggja fyrir óvinnufærni. Undanþágan verður ekki veitt lengur en í 4 ár. Sækja þarf um heimildir til undanþágu vegna veikinda á þar til gerðu eyðublaði Vegagerðarinnar.

Þá skal undanþága skv. þessari grein einnig háð því að viðkomandi stundi ekki aðra atvinnu á því tímabili sem hún gildir.

## 18. gr.

*Akstur á móti forfallabílstjóra.*

Í undantekningartilfellum má veita leyfishafa heimild til að aka á móti forfallabílstjóra, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda, frá sunnudegi til föstudags. Leyf-

ishafa er heimilt að aka í allt að sex tíma á dag. Tími þessi skal ákveðinn fyrirfram t.d. kl. 06.00 – 12.00. Forfallabílstjóri má hafa 12 klst. viðveru á dag, t.d. 12.00 – 24.00 mánu- dag til fimmtudags og frá kl. 20.00 – 08.00 aðfaranætur laugar- og sunnudaga.

Þessi undanþága er þó aldrei heimiluð nema þrjá mánuði á hverju almanaksári.

19. gr.

*Innlögn atvinnuleyfa.*

Vegagerðin getur heimilað leyfishafa að láta atvinnuleyfið ónotað í allt að fjögur ár á hverju 10 ára tímabili. Ekki er hægt að leggja atvinnuleyfið inn skemur en tvo mánuði.

Óski forseti Íslands, ráðherra eða sendiherra erlends ríkis að ráða leyfishafa sem einka- bílstjóra á meðan þeir gegna embætti er þeim leyfishöfum heimilt að leggja atvinnuleyfið inn meðan á starfinu stendur. Framkvæmdastjórum bifreiðastöðva og formönnum bifreiða- stjórufélaga, sem hafa a.m.k. þriðjung tekna sinna vegna þeirra starfa, er heimilt að leggja inn atvinnuleyfi sín meðan á starfinu stendur.

20. gr.

*Gjaldtaka.*

Gjald fyrir undanþágu skal innheimt af þeim sem heimild hefur frá Vegagerðinni til útgáfu undanþágna. Leigubifreiðastöðvar og leigubifreiðastjórufélög geta annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur.

Greiða skal kr. 700 fyrir hverja undanþágu sem veitt er enda sé gildistími hennar ekki lengri en 31 dagar. Fyrir hvert gildistímabil til viðbótar skal greiða sama gjald. Þeir aðilar sem heimild hafa til útgáfu undanþágna skulu halda tekjum af því sérgreindum frá annarri starfsemi.

21. gr.

*Eigin bifreið.*

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa í sama umdæmi vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna Vega- gerðinni sem uppfærir gagnagrunn samkvæmt því.

Uppfylli leyfishafi ekki 2. tl. 5. gr. laga um leigubifreiðar að þeim tíma liðnum skal honum skylt að leggja inn atvinnuleyfi sitt tímabundið.

22. gr.

*Eftirlit.*

Bifreiðastöð eða bifreiðastjórufélag, sem hefur heimild Vegagerðarinnar til þess að ann- ast framkvæmd á veitingu undanþágna skal gera það í samráði við Vegagerðina. Fyllsta jafn- ræðis skal gætt gagnvart leyfishöfum og forfallabílstjórum.

Bifreiðastöðvum, bifreiðastjórufélögum og Vegagerðinni er skylt að hafa eftirlit með því að reglum þessum um undanþágur sé framfylgt.

Bifreiðastjórufélag, sem fengið hefur framangreinda heimild Vegagerðarinnar skal ráða sér trúnaðarmenn. Tilkynna skal til Vegagerðarinnar hverjir eru trúnaðarmenn. Vegagerðin skal útbúa skilríki fyrir trúnaðarmenn. Skulu leyfishafar og forfallabílstjórar sýna trúnað- armönnum undanþágur sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að lög eða reglur séu brotnar er honum skylt að tilkynna það til Vegagerðarinnar svo fljótt sem auðið er.

Eftirlitsmaður Vegagerðarinnar eða lögregla hafa heimild til að skoða skírteini og und- anþáguheimildir atvinnuleyfishafa og forfallabílstjóra hvenær sem þess er óskað.

#### IV. KAFLI Bifreiðastöðvar.

23. gr.

##### *Hlutverk og skyldur.*

Vegagerðin veitir bifreiðastöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit með þjónustu þeirra. Leigubifreiðastöðvar skulu þann 1. júlí 2002 hafa uppfyllt öll ákvæði reglna sem Vegagerðin setur og eru staðfestar af samgönguráðuneytinu, til þess að stöðin geti öðlast starfsleyfi. Bifreiðastöð skal fá heimild til lágmarks aðgangs að gagnagrunni Vegagerðarinnar til þess að staðfesta lögmæti atvinnuleyfa og undanþáguheimilda.

Telji Vegagerðin bifreiðastjórafélag eða bifreiðastöð brjóta gegn reglum þeim er gilda um veitingu undanþágna ber henni að tilkynna viðkomandi félagi eða bifreiðastöð það ásamt áskorun um úrbætur. Verði ekki orðið við áskorun Vegagerðarinnar fellur heimild til útgáfu undanþágna niður. Vegagerðinni er þó heimilt að veita félagi leigubifreiðastjóra eða bifreiðastöð leyfi til útgáfu undanþágna á ný ef fyrir liggur staðfesting á úrbótum.

Leyfishafi skal hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá bifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar. Bifreiðastöð er óheimilt að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning á milli stöðva hefur borist frá Vegagerðinni. Vilji leyfishafi flytja sig á aðra stöð skal hann segja upp stöðvarleyfi sínu með eins mánaðar fyrirvara.

#### V. KAFLI Ýmis ákvæði.

24. gr.

##### *Eðalvagnþjónusta.*

Leyfi til reksturs eðalvagnþjónustu skal að jafnaði veitt til tveggja ára í senn. Umsækjandi um slíkt leyfi skal uppfylla skilyrði 5. gr. laga um leigubifreiðar. Vegagerðin getur afturkallað leyfi ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga og reglugerða um leigubifreiðar.

Þjónusta eðalvagna er sérhæfður leiguakstur fólksbifreiða og fellur undir 2. mgr. 1. gr. laga um leigubifreiðar. Til eðalvagna teljast glæsilegar fólksbifreiðar sem flutt geta 4-8 farþega með skilrúmi á milli bílstjóra og farþegarýmis. Slíkar bifreiðar skulu búnar sérþægindum fyrir farþega. Eðalvagnar skulu ekki stunda almennan leiguakstur, heldur aðeins notaðir til sérstakrar viðhafnarþjónustu.

Eðalvagna má einungis nota til aksturs farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri pöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagn skal ávallt leigja út með ökumanni.

25. gr.

##### *Gjaldtaka vegna útgáfu atvinnuleyfa.*

Greiða skal kr. 10.000 árgjald fyrir hvert atvinnuleyfi. Gjald dagar skulu vera tveir á ári, sá fyrri 15. mars og sá síðari 15. september og eindagar mánuði síðar. Fyrsti gjalddagi eftir gildistöku laga um leigubifreiðar skal vera 15. maí 2002.

26. gr.

##### *Brot og gildistaka.*

Brot gegn reglugerð þessari geta varðað sektum og/eða leyfissviptingu, sbr. 11. gr. laga nr. 134/2001, um leigubifreiðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um leigubifreiðar, nr. 224/1995, með síðari breytingum og reglur nr. 542/2001 um undanþágur frá akstri eigin bifreiðar.

*Bráðabirgðaákvæði.*

Þau bifreiðastjórafélög sem hafa starfsleyfi, skv. reglum nr. 542/2001, við gildistöku reglugerðar þessarar, halda starfsleyfi sínu fram til 1. júlí 2002. Önnur bifreiðastjórafélög sem ekki hafa starfsleyfi verða að sækja um það til Vegagerðarinnar.

*Samgönguráðuneytinu, 12. mars 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 2002

Nr. 190

432

14. mars 2002

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456, 11. júní 2001,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „996.202“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 1.096.202 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og laga nr. 151, 27. desember 1997, um veiðar utan lögsögu Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. mars 2002.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 191

13. mars 2002

## AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Langholtsvegur 109 – 115.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. febrúar 2002, deiliskipulag fyrir lóðirnar að Langholtsvegi 109 - 115.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 13. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

# AUGLÝSING

## um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávarafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. mars 2002.*

F. h. r.

**Snorri Rúnar Pálmason.**

*Pórir Skarphéðinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2002

Nr. 193

434

14. mars 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Suðurhlíð 38.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. mars 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðinni nr. 38 við Suðurhlíð er breytt úr stofn-  
anasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um  
og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til stað-  
festingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 14. mars 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

Nr. 194

14. mars 2002

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Suðurhlíð 38, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19.  
febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 38 við Suðurhlíð. Í breyting-  
unni felst m.a. að heimilt verður að byggja á lóðinni íbúðarhús á fjórum hæðum, með allt  
að 46 íbúðum, í stað þeirra bygginga sem þar voru áður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 14. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera *kr. 1.315* frá 1. apríl 2002 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

*Viðskiptaráðuneytinu, 14. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks í kolmunna.

#### 1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til veiða á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), í fiskveiðilögsögu Íslands og lögsögum þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til veiða samkvæmt samningum.

Á árinu 2002 er íslenskum skipum heimilt að veiða 282 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar sbr. 3. gr.

#### 2. gr.

Frá og með 18. mars 2002 er íslenskum skipum óheimilt að stunda veiðar á kolmunna þar til þau hafa fengið til þess aflamark í kolmunna, sem Fiskistofa úthlutar.

#### 3. gr.

Hverju íslensku fiskiskipi skal úthlutað aflahlutdeild í kolmunna og skal hún reiknuð í hlutfalli við þrjú bestu veiðiár þess almanaksárin 1996-2001. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs. Hafi skip sem aflareynsla er bundin við horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað, er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú aflahlutdeild skuli skráð.

Fiskistofa skal við útgáfu reglugerðar þessarar úthluta 80% af leyfilegum heildarafla, sbr. 2. mgr. 1. gr. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og

skulu þær hafa frest til 5. apríl 2002 til að koma athugasemdum sínum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa skal hafa lokið endanlegri úthlutun aflahlutdeilda og aflamarks eigi síðar en 1. maí 2002.

4. gr.

Um veiðar á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerða um togveiðar á kolmunna og um veiðieftirlit á samningsvæði NEAFC.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.**

### 1. gr.

Í stað inngangs að efnalista, *Skýringar*, í fylgiskjali 1, *Lista yfir eiturefni og hættuleg efni*, kemur texti sem birtur er í I. viðauka við reglugerð þessa.

### 2. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á fylgiskjali 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni*:

- a) Flokkun tiltekinna efna breytist til samræmis við flokkun í II. viðauka við reglugerð þessa.
- b) Efni sem birt eru í III. viðauka við reglugerð þessa bætast við efnalistann.
- c) Efni sem birt eru í IV. viðauka við reglugerð þessa falla út af efnalistanum.

### 3. gr.

Tvær nýjar hættusetningar, H66 og H67, bætast við í fylgiskjali 3, sbr. V. viðauka við reglugerð þessa.

### 4. gr.

Tvær nýjar varnaðarsetningar, V63 og V64, og tvær samtengdar varnaðarsetningar, V27/28 og V29/35, bætast við í fylgiskjali 4, sbr. VI. viðauka við reglugerð þessa.

### 5. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á fylgiskjali 5, *Helstu forsendur hættuflokkunar*:

- a) Eftirfarandi texti komi í stað 7. mgr. í „Inngangi“:  
Til að meta áhrif vörutegunda á heilsu skal styðjast við styrkmörk og reiknireglur í kafla I.B. Heimilt er þó að nota sömu aðferðir og notaðar eru til flokkunar hreinna efna, þ.e. prófanir og forsendur í kafla I.A. Þegar um er að ræða hættusetningu H65 skal nota reglurnar samkvæmt tl. 1.1.3.a. Fyrir innihaldsefni sem valda krabbameini, stökkbreytingum eða hafa skaðleg áhrif á æxlun skal þó ætíð styðjast við styrkmörk gefin í kafla I.B.
- b) Eftirfarandi setning bætist við 3. mgr. í I. „Áhrif á heilsu“:  
Framkvæmd dýratilrauna til að staðfesta rannsóknaniðurstöður heyrir undir ákvæði tilskipunar 86/609/EBE um verndun dýra sem notuð eru í tilraunaskyni.
- c) Skýringar vegna H66 og H67, sbr. VII. viðauka A við reglugerð þessa, bætast við kafla I.A. tl. 1.8.a.
- d) Texti sem birtur er í VII. viðauka B við reglugerð þessa kemur í stað kafla III, tl. 3.2. „Önnur vistkerfi“.

## 6. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á fylgiskjali 6, *Leiðbeiningar um merkingar*:

- a) Þar sem talað er um sex hættu- og varnaðarsetningar í málslíðum 1 og 2 undir „Varnaðarmerkingar“ skal standa „fjórar“ í stað „sex“.
- b) Nýr skýringartexti kemur í stað texta við varnaðarsetningar nr. V25, V27, V28, V29, V35, V37, V45, V56, V59, V60 og V62 og við bætist skýringartexti við varnaðarsetningar nr. V63 og V64, sbr. VIII. viðauka við reglugerð þessa.

## 7. gr.

Í stað texta í fylgiskjali 8, *Prófunaraðferðir*, kemur texti sbr. IX. viðauka við reglugerð þessa.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 1. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 96/54/EB, 98/73/EB, 98/98/EB og 2000/32/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## I. VIÐAUKI

**Fylgiskjal 1.****Listi yfir eiturefni og hættuleg efni.  
Skýringar**

1. dálkur Heiti efna.

Efnin eru oftast nefnd með EINECS<sup>1)</sup>, ELINCS<sup>2)</sup> eða „NLP“<sup>3)</sup> nafni. Annars eru notuð ISO<sup>4)</sup>, IUPAC<sup>5)</sup> eða önnur viðurkennd alþjóðleg nöfn. Litar-efni eru einnig auðkennd með C.I. númeri<sup>6)</sup>. Oft eru birt fleiri en eitt nafn fyrir sama efni. Í ákveðnum færslum eru sett fram sérstök styrkmörk fyrir neðan nafn efnis. Þessi styrkmörk skal nota við flokkun efnablandna, í stað þeirra almennu styrkmarka sem gefin eru í fylgiskjali 5, B-hluta. Vissar færslur taka til margra efna, sbr. athugasemd A í 9. dálki hér á eftir. Heiti einstakra efna sem falla undir slíkar færslur eru yfirleitt ekki birt í efnalista. Vissar færslur eru blöndur af fleiri en einu efni. Nauðsynlegt getur verið að auðkenna blönduna sem sett er á markað og þá eru hlutföllin tiltekin. Í ákveðnum færslum er vísað til óhreininda. Dæmi um það

<sup>1)</sup> EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni.

<sup>2)</sup> ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.

<sup>3)</sup> NLP (No-Longer-Polymer): Evrópuskrá, 1997, ISBN 92-827-8995-0.

<sup>4)</sup> ISO: International Standardization Organization - Alþjóðlegu staðlasamtökin.

<sup>5)</sup> IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.

<sup>6)</sup> CI: Color Index Constitution Number.

er efni með raðnúmer 607-190-00-X: „metýlakrýlamíðómetoxýasetat (inniheldur  $\geq 0,1\%$  akrýlamíð)“. Í slíkum tilfellum er tilvísunin í sviganum hluti af nafninu og skal því koma fram á merkimiða. Við nokkrar færslur er um lengri útskýringar að ræða sem birtar eru í hornklofum og þarf ekki að birta þær á merkimiða. Einstök efni geta átt heima í fleiri en einum efnahópi. Dæmi um það er blýoxalat (EB-nr. 212-413-5) sem finna má undir blýsambönd (raðnr. 082-001-00-6) og einnig undir oxalsýrusölt (raðnr. 607-007-00-3). Í þessum tilvikum endurspeglar merking efnisins merkingu færslanna fyrir báða efnahópana. Ef efnahóparnir hafa fengið mismunandi flokkun, skal nota strangari flokkunina fyrir viðkomandi efni. Sjá 9. dálk A hér á eftir.

## 2. dálkur

Hættuflokkun.

Hér er gefin flokkun efnis með hættuflokki og hættusetningum og byggjast kröfur um m.a. merkingar, umbúðir, notkun og sölu efnisins á henni. Flokkun efnis er einnig lögð til grundvallar við flokkun og merkingu efnablöndu. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar fyrir hættuflokka:

Sterkt eitur:	Tx
Eitur:	T
Hættulegt heilsu:	Xn
Ætandi:	C
Ertandi:	Xi
Ofnæmisvaldandi:	H42 og/eða H43
Krabbameinsvaldandi:	Carc1, Carc2 eða Carc3
Stökkbreytandi verkun:	Mut1, Mut2 eða Mut3
Skaðleg áhrif á æxlun:	Rep1, Rep2 eða Rep3
Sprengifimt:	E
Eldnærandi:	O
Afar eldfimt:	Fx
Mjög eldfimt:	F
Eldfimt:	H10
Hættulegt umhverfinu:	N og/eða H52, H53, H59

Með hættuflokki eru birtar tilheyrandi hættusetningar. Í sumum tilfellum eru eingöngu birtar hættusetningar. Hættusetningar eru auðkenndar með númerum, sbr. fylgiskjal 3.

## 3. dálkur

Varnaðarmerki.

Varnaðarmerki sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 2. Þar sem styrkmörk eru gefin er birt merkingin fyrir hvert styrkbil.

Í 2. dálki geta verið hættuflokkar sem ekki eru birtir í 3. dálki. Þetta stafar af því að skv. 14. gr. reglugerðarinnar skal einungis birta varnaðarmerki sem gefa til kynna mesta hættu, t.d. þarf ekki að birta varnaðarmerki Xi „Ertandi“ ef birta skal varnaðarmerki Xn „Hættulegt heilsu“.

## 4. dálkur

Hættusetningar.

Hættusetningar sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 3. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar hættusetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar. Þegar styrkmörk eru gefin er birt merkingin fyrir hvert styrkbil.



## 5. dálkur Varnaðarsetningar.

Varnaðarsetningar sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 3. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar varnaðarsetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar. Þegar varnaðarsetningar V1 og V2 eru í sviga má sleppa þeim á merkingu efna sem eingöngu eru ætluð til iðnaðarnota.

Ekki eru birtar varnaðarsetningar fyrir mismunandi styrkmörk. Vísað er til fylgiskjals 6 varðandi val á varnaðarsetningum.

6. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number – Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.<sup>7)</sup>7. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Þau eru ýmist birt í Evrópuskrá yfir markaðssett efni, EINECS (byrja á 200-001-8), í Evrópuskrá yfir tilkynnt efni, ELINCS (byrja á 400-010-9), eða í Evrópuskrá yfir efni sem ekki flokkast lengur sem fjölliður „No-Longer-Polymer“ (byrja á 500-000-1).<sup>8)</sup>

## 8. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna).

Númerið er talnaröð af gerðinni *ABC-RST-VW-Y*, þar sem:

- *ABC* er annaðhvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna, sjá töflur A og B hér fyrir aftan.
- *RST* er raðtala efnisins í röðinni *ABC*,
- *VW* gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðssett,
- *Y* er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).

## 9. dálkur Athugasemdir.

A: Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar ber að tilgreina heiti efnis á merkimiða eins og það er birt í fylgiskjali 1. Í fylgiskjali 1 eru stundum skráð safnheiti á borð við „-sambönd“ eða „-sölt“. Þá ber að tilgreina EINECS/ELINCS-heiti eða annað viðurkennt alþjóðlegt efnaheiti (s.s. IUPAC eða ISO) á merkimiða, t.d. beryllíumklóríð fyrir  $\text{BeCl}_2$ .

Jafnframt skal nota hættumerki og H- og V-setningar eins og tilgreint er í fylgiskjali 1 fyrir viðkomandi efni.

Ef efni kemur fyrir í fleiri en einum efnahópi í fylgiskjali 1 og efnahóparnir hafa fengið mismunandi flokkun, skal nota strangari flokkunina fyrir viðkomandi efni.

B: Tiltækin efni (sýrur, basar o.s.frv.) eru á markaði sem vatnslausnir í mismunandi styrk, sbr. „saltpéturssýra ...%“. Hér ber að tilgreina styrk lausnarinnar í hundraðshlutum á merkimiða, dæmi: „saltpéturssýra 45%“. Miðað er við hlutfall af þyngd ef annað er ekki tekið fram. Heimilt er að bæta við upplýsingum (t.d. eðlisþyngd, Baumé-gráðum) eða lýsandi orðum s.s. rjúkandi eða ís- (t.d. ísediksýra).

<sup>7)</sup> CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfrjár og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfrjár myndir en EB-nr. á hins vegar við um báðar myndir.

<sup>8)</sup> EB-nr. og CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en fjögurra einstakra efna.

- C: Tiltekin lífræn efni eru ýmist á markaði sem ákveðnir ísómerar eða sem blöndur ísómera. Fyrir slík efni er í fylgiskjali 1 stundum notað almennt heiti, t.d.: „xýlenól“. Hér ber að tilgreina á merkimiðanum hvort efnið er (a) tilteknir ísómerar eða (b) blanda ísómera, dæmi:  
a) 2,4-dímetylfenól eða b) xýlenól (blanda ísómera).
- D: Sum efni hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots en eru þó venjulega seld í stöðugu formi. Efni þessi eru tilgreind í stöðugu formi í listanum. Séu efnin hins vegar á óstöðugu formi skal þess getið á merkimiðanum, t.d. metakrýlat (óstöðugt).
- E: Athugasemdin á við um efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 1 eða flokkur 2, og sem einnig eru flokkuð sem mjög eitruð (Tx), eitruð (T) eða hættuleg heilsu (Xn). Fyrir efni sem fá athugasemd E bætist orðið „einnig“ við setningar H20, H21, H22, H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39, H40, H48 og H65 og samtengingar þeirra, t.d. H45-23 „Getur valdið krabbameini. Einnig eitruð við innöndun“, H46-27/28 „Getur valdið arfgengum skaða. Einnig mjög eitruð í snertingu við húð og við inntöku“.
- F: Efnið getur innihaldið hjálparefni sem gerir það stöðugt (stabilizer). Ef hjálparefnið breytir hættulegum eiginleikum efnisins, eins og þeir eru gefnir í lista yfir eiturefni og hættuleg efni, skal merkja efnið í samræmi við reglur um merkingar efnablöndu.
- G: Efnið getur verið markaðssett á fleiri en einu formi. Sé efnið markaðssett á sprengifimu formi skal prófa það í samræmi við prófunaraðferðir fyrir sprengifimi og merkingin skal gefa til kynna sprengifimi efnisins.
- H: Athugasemdin á við um efni sem ekki hafa verið flokkuð með tilliti til allra áhættuþátta. Hættuflokkun og varnaðarsetningar sem tilgreindar eru í efnalistanum eiga eingöngu við um þá áhættuþætti sem þar eru tilteknir. Eftir sem áður ber framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila að flokka efnið með tilliti til annarra áhættuþátta og merkja efnið í samræmi við það. Á eingöngu við um tilteknar olfu- og kolaafurðir og tiltekna skráða efnahópa.
- J: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1%<sup>9)</sup> af benzeni (EINECS-nr. 200-753-7).\*
- K: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EINECS-nr. 203-450-8). Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldandi skal að minnsta kosti nota varnaðarsetningarnar (2)-9-16.
- L: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 3% af dímetylsúlfoxíði, mælt samkvæmt aðferð IP 346.
- M: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,005% af benzo[a]pýreni (EINECS-nr. 200-028-5).
- N: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef allur hreinsunarferillinn er þekktur og unnt er að sýna fram á að efnið sem það er unnið úr er ekki krabbameinsvaldandi.

<sup>9)</sup> %: Hlutfall miðað við þyngd.

- P: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af benzeni (EINECS-nr. 200-753-7). Ef efnið er flokkað sem krabbameinsvaldandi á athugasemd E einnig við. Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldandi skal að minnsta kosti nota varnaðarsetningarnar (2)-23-24-62.
- Q: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef unnt er að sýna fram á að efnið fullnægi einu eftirtalinna skilyrða:
- Við innöndun: Skammtíma prófun á lífniðurbroti hefur leitt í ljós að veginn helmingunartími trefja, sem eru lengri en 20  $\mu$ m, er skemmri en 10 dagar.
  - Við ídreypingu í barka: Skammvinn prófun á lífniðurbroti hefur leitt í ljós að veginn helmingunartími trefja, sem eru lengri en 20  $\mu$ m, er skemmri en 40 dagar.
  - Viðeigandi prófun í kviðarholi hefur ekki gefið til kynna að efnið sé krabbameinsvaldandi.
  - Langtíma innöndunarprófun hefur ekki leitt í ljós markverða meinvirkni eða óeðlilega nýmyndun vefja.
- R: Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvaldandi ef lengdarvegið faldmeðaltal þvermáls trefjanna, að frádreginni tvöfaldri staðalskekkju, er meira en 6  $\mu$ m.
- S: Ekki er víst að merkja þurfi þetta efni. Sjá fylgiskjal 6, tl. 2.4.-2.7.
- Ú: Notkun og sala á efninu í úðabrusum er óheimil nema aðrar reglugerðir heimili það sérstaklega.

Athugasemdir vegna flokkunar á efnablöndum.

- 1: Miðað er við styrk málmsins (frumefnisins) sem er reiknaður á grundvelli heildarþyngdar efnablöndunnar. Styrkurinn er tilgreindur sem hundraðshluti miðað við þyngd.
- 2: Styrkur ísósýanata sem er tiltekinn, er hundraðshlutfall þyngdar óbundinnar einliðu miðað við heildarþyngd efnablöndu.
- 3: Styrkur sem er tiltekinn, er hundraðshlutfall þyngdar krómátjóna leystra í vatni miðað við heildarþyngd blöndunnar.
- 4: Vörur sem innihalda þetta efni skulu flokkaðar „Hættulegt heilsu“ með H65, ef þær uppfylla skilyrðin í tl. 1.1.3.a í fylgiskjali 5.
- 5: Styrkmörk fyrir loftkenndar efnablöndur er tiltekinn sem hundraðshluti miðað við rúmmál.
- 6: Efnablöndur, sem innihalda þetta efni, ber að flokka með H67, ef þau uppfylla viðmiðanir í tl. 1.8.a í fylgiskjali 5.

\*Athugasemdir J, K, L, M, N og P eiga eingöngu við um tilteknar olíu- og kolaafurðir.

**TAFLA A**  
**Skrá yfir frumefni eftir sætistölu (Z).**

Z	Tákn	IS	Z	Tákn	IS	Z	Tákn	IS
1	H	Vetni	36	Kr	Krypton	71	Lu	Lútetíum
2	He	Helíum	37	Rb	Rúbidíum	72	Hf	Hafníum
3	Li	Lítíum	38	Sr	Strontíum	73	Ta	Tantal
4	Be	Beryllíum	39	Y	Yttríum	74	W	Volfram
5	B	Bór	40	Zr	Sirkon	75	Re	Reníum
6	C	Kolefni	41	Nb	Níóbíum	76	Os	Osmíum
7	N	Köfnunarefni	42	Mo	Mólybden	77	Ir	Iridíum
8	O	Súrefni	43	Tc	Teknetíum	78	Pt	Platína
9	F	Flúor	44	Ru	Rúteníum	79	Au	Gull
10	Ne	Neon	45	Rh	Ródíum	80	Hg	Kvikasilfur
11	Na	Natríum	46	Pd	Palladíum	81	Tl	Þallíum
12	Mg	Magnesíum	47	Ag	Silfur	82	Pb	Blý
13	Al	Ál	48	Cd	Kadmíum	83	Bi	Bismút
14	Si	Kísill	49	In	Indíum	84	Po	Pólóníum
15	P	Fosfór	50	Sn	Tin	85	At	Astat
16	S	Brennisteinn	51	Sb	Antímon	86	Rn	Radon
17	Cl	Klór	52	Te	Tellúr	87	Fr	Frankíum
18	Ar	Argon	53	I	Joð	88	Ra	Radíum
19	K	Kalíum	54	Xe	Xenon	89	Ac	Aktíníum
20	Ca	Kalsíum	55	Cs	Sesíum	90	Th	Póríum
21	Sc	Skandíum	56	Ba	Baríum	91	Pa	Prótaktín
22	Ti	Títan	57	La	Lantan	92	U	Úran
23	V	Vanadíum	58	Ce	Seríum	93	Np	Neptúníum
24	Cr	Króm	59	Pr	Praseódým	94	Pu	Plútoníum
25	Mn	Mangan	60	Nd	Neódým	95	Am	Ameríkíum
26	Fe	Járn	61	Pm	Prómetíum	96	Cm	Kúríum
27	Co	Kóbalt	62	Sm	Samaríum	97	Bk	Berkelíum
28	Ni	Níkkel	63	Eu	Evrópíum	98	Cf	Kaliforníum
29	Cu	Kopar	64	Gd	Gadólín	99	Es	Einsteiníum
30	Zn	Sink	65	Tb	Terbíum	100	Fm	Fermíum
31	Ga	Gallíum	66	Dy	Dysprósíum	101	Md	Mendelevíum
32	Ge	Germaníum	67	Ho	Hólmíum	102	No	Nóbélíum
33	As	Arsen	68	Er	Erbíum	103	Lr	Lárensíum
34	Se	Selen	69	Tm	Túlíum			
35	Br	Bróm	70	Yb	Ytterbíum			

**TAFLA B**  
**Sérstök flokkun fyrir lífræn efni.**

601	Kolvetni
602	Halógenuð kolvetni
603	Alkóhól og alkóhólaflleiður
604	Fenól og fenólaflleiður
605	Aldehýð og aldehýðaflleiður
606	Keton og ketonaflleiður
607	Lífrænar sýrur og afleiður þeirra
608	Nítríl
609	Köfnunarefnissambönd
610	Klórköfnunarefnissambönd
611	Azoxý- og azósambönd
612	Amínsambönd
613	Basar með misleita hringi og afleiður þeirra
614	Glýkósíð og alkalóíð
615	Sýanöt og ísósýanöt
616	Amíð og afleiður þeirra
617	Lífræn peroxíð
647	Ensím
648	Flóknar kolafurðir
649	Flóknar hráolíuafurðir
650	Ýmis efni

## II. VIÐAUKI

## Listi 1

## Heiti efna

	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas.-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
akrylonitril	F;H11;Care2;H45 T;H23/24/25 Xi;H37/38-41 H43 N;H51/53	F;T;N T	45-11-23/24/25-37/38-41-43-51/53 45-23/24/25-37/38-41-43	9-16-53-45-61	107-13-1	203-466-5	608-003-00-4	E, D, Ú
styrkur ≥ 20%								
10% ≤ styrkur <20%			T 45-23/24/25-41-43					
5% ≤ styrkur <10%			T 45-23/24/25-36-43					
1% ≤ styrkur <5%			T 45-23/24/25-43					
0,2% ≤ styrkur < 1%			T 45-20/21/22					
0,1% ≤ styrkur < 0,2%			T 45					
aldikarb	Tx;H26/28 T;H24 N;H50/53	Tx;N	24-26/28-50/53	(1/2)-22-36/37-45-60-61	116-06-3	204-123-2	006-017-00-X	Ú
alletrin	Xn;H20/22 N;H50/53	Xn;N	20/22-50/53	(2)-36-60-61	584-79-2	209-542-4	006-025-00-3	C
(+)-3-allyl-2-metyl-4-oxósýklópent-2-enýl-(+/-)- <i>cis/trans</i> -krysaantemat	Xn;H20/22 N;H50/53	Xn;N	20/22-50/53	(2)-36-60-61	584-79-2	209-542-4	006-025-00-3	C
1-[2-(allylóxy)2-(2,4-díklór-fenýl)etýl]-1- <i>H</i> -imidazól	Xn;H20/22 Xi;H41 N;H50/53	Xn;N	20/22-41-50/53	(2)-26-39-60-61	35554-44-0	252-615-0	613-042-00-5	
1-[2-(allylóxy)etýl-2-(2,4-díklór-fenýl)]-1- <i>H</i> -imidazóluvetnisulfat	Xn;H20/22 Xi;H41 N;H50/53	Xn;N	20/22-41-50/53	(2)-26-39-60-61	58594-72-2 83918-57-4	261-351-5 281-291-3	613-043-00-0	
áltrínatriumhexafluoríð	Xn;H20/22 T;H48/23/25 N;51/53	T;N	20/22-48/23/25-51/53	(1/2)-22-37-45-61	15096-52-3 13775-53-6	239-148-8 237-410-6	009-016-00-2	C, Ú
4-amínóazóbenzen	Care2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	60-09-3	200-453-6	611-008-00-4	Ú
4-amínó-6- <i>tert</i> -butýl-3-metýltíó-1,2,4-triazín-5-on	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	21087-64-9	244-209-7	606-034-00-8	
amínókarb	T;H24/25 N;H50/53	T;N	24/25-50/53	(1/2)-28-36/37-45-60-61	2032-59-9	217-990-7	006-018-00-5	Ú
5-amínó-4-klór-2-fenýlpýridazín-3-on	H43 N;H50/53	Xi;N	43-50/53	(2)-24-37-60-61	1698-60-8	216-920-2	606-035-00-3	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
amýlasetat, sjá pentýlasetat							607-130-00-2	
amýlformíat, sjá ísopentýlformíat							607-018-00-3	
amýlprópíonat, sjá ísopentýlprópíonat							607-131-00-8	
anilín	Xi;H36/38 N;H50/53	Xi;N	36/38-50/53	(2)-22-60-61	101-05-3	202-910-5	613-053-00-5	
<i>o</i> -anisín	Carc2;H45 Mut3;H40 T;H23/24/25	T	45-23/24/25	53-45	90-04-0	201-963-1	612-035-00-4	E, Ú
antímónsambönd, önnur en antímóntrisúlfíð, antímónpentasúlfíð, antímóntetraoxíð, antímónpentoxíð og þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Xn;H20/22 N;H51/53	Xn;N	20/22-51/53	(2)-61			051-003-00-9	A, 1
antímóntrifluoríð	T;H23/24/25 N;H51/53	Xn	20/22					
arsenpentoxíð	T;H23/24/25 N;H51/53	T;N	23/24/25-51/53	(1/2)-7-26-45-61	7783-56-4	232-009-2	051-004-00-4	Ú
arsensambönd, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	Carc1;H45 T;H23/25 N;H50/53	T;N	45-23/25-50/53	53-45-60-61	1303-28-2	215-116-9	033-004-00-6	E, Ú
arsenpentoxíð, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	T;H23/25 N;H50/53	T;N	23/25-50/53	(1/2)-20/21-28-45-60-61			033-002-00-5	A, Ú, 1
styrkur $\geq 0,2\%$ 0,1% $\leq$ styrkur $< 0,2\%$		T Xn	23/25 20/22					
arsensýra og sölt hennar	Carc1;H45 T;H23/25 N;H50/53	T;N	45-23/25-50/53	53-45-60-61			033-005-00-1	A, E, Ú
arsentrioxíð	Carc1;H45 Tx;H28 C;H34 N;H50/53	Tx;N	45-28-34-50/53	53-45-60-61	1327-53-3	215-481-4	033-003-00-0	E, Ú
aseton	F;H11 Xi;H36 H66 H67	F;Xi	11-36-66-67	(2)-9-16-26	67-64-1	200-662-2	606-001-00-8	6

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas.-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- sendir
asetonsýanhýdrín	Tx;H26/27/28 N;H50/53	Tx;N	26/27/28-50/53	(1/2)-7/9-27-45- 60-61	75-86-5	200-909-4	608-004-00-X	Ú
azínfos-etyl	T;H24 Tx;H28 N;H50/53	Tx;N	24-28-50/53	(1/2)-28-36/37-45- 60-61	2642-71-9	220-147-6	015-056-00-1	Ú
azínfos-metyl	T;H24 Tx;H26/28 H43 N;H50/53	Tx;N	24-26/28-43-50/53	(1/2)-28-36/37-45- 60-61	86-50-0	201-676-1	015-039-00-9	Ú
azóbensen	Carc2;H45 Mut3;H40 N;H50/53 Xn;H20/22-48/22	T;N	20/22-45-48/22-50/53	53-45-60-61	103-33-3	203-102-5	611-001-00-6	E, Ú
barban	Xn;H22 H43 N;H50/53	Xn;N	22-43-50/53	(2)-24-36/37-60- 61	101-27-9	202-930-4	006-020-00-6	
benazólín	Xi;H36/38 H52/53	Xi	36/38-52/53	(2)-22-61	3813-05-6	223-297-0	607-153-00-8	
bendiókarb	Xn;H21 T;H23/25 N;H50/53	T;N	21-23/25-50/53	(1/2)-22-36/37-45- 60-61	22781-23-3	245-216-8	006-046-00-8	Ú
2,3-benzfenantren	Carc2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	56-55-3	200-280-6	601-033-00-9	Ú
benzidín	Carc1;H45 Xn;H22 N;H50/53	T;N	45-22-50/53	53-45-60-61	92-87-5	202-199-1	612-042-00-2	E, Ú
1,2-benzisótíasól-3(2H)-on	Xn;H22 Xi;H38-41 H43 N;H50	Xn;N	22-38-41-43-50	(2)-24-26-37/39- 61	2634-33-5	220-120-9	613-088-00-6	
20 % ≤ styrkur < 25%		Xn	22-38-41-43					
10 % ≤ styrkur < 20%		Xi	38-41-43					
5 % ≤ styrkur < 10%		Xi	41-43					
0,05 % ≤ styrkur < 5%		Xi	36-43					
		Xi	43					
benzól[e]jasefenantrýlen	Carc2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	205-99-2	205-911-9	601-034-00-4	Ú
benzól[e]lantrasen	Carc2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	56-55-3	200-280-6	601-033-00-9	Ú
benzól[j]flúoranten	Carc2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	205-82-3	205-910-3	601-035-00-X	Ú



Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	E-B-nr.	Raðnúmer	Athuga- sendir
benzó[ <i>k</i> ]flúorantén	Carc2;H45 N;H50/53	T;N	45-50/53	53-45-60-61	207-08-9	205-916-6	601-036-00-5	Ú
benzóguanamín	Xn;H22 H52/53	Xn	22-52/53	(2)-61	91-76-9	202-095-6	613-038-00-3	Ú
<i>p</i> -benzókinón	T;H23/25 N;H50 Xi;H36/37/38	T;N	23/25-36/37/38-50	(1/2)-26-28-45-61	106-51-4	203-405-2	606-013-00-3	Ú
benzó[ <i>d,e,f</i> ]krýsen	Carc2;H45 Mut2;H46 Rep2;H60-61 N;H50/53	T;N	45-46-60-61-50/53	53-45-60-61	50-32-8	200-028-5	601-032-00-3	Ú
benzó[ <i>a</i> ]pýren	Carc2;H45 Mut2;H46 Rep2;H60-61 N;H50/53	T;N	45-46-60-61-50/53	53-45-60-61	50-32-8	200-028-5	601-032-00-3	Ú
benzóýlperoxíð	E;H2 Xi;H36 H43	E; Xi	2-36-43	(2)-3/7-14- 36/37/39	94-36-0	202-327-6	617-008-00-0	
benzóýlpróp-etyl	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-24-60-61	22212-55-1	244-845-5	607-154-00-3	
5-benzýl-3-fúrylmetýl-(+/-)- <i>cis</i> - <i>trans</i> -krýsantemat	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	10453-86-8	233-940-7	613-060-00-3	
berýllíumsambönd, önnur en berýllíumásilíkköt	Carc2;H49 Tx;H26 T;H25-48/23 Xi;H36/37/38 H43 N;H51/53	Tx;N	49-25-26-36/37/38-43- 48/23-51/53	53-45-61			004-002-00-2	A, E, Ú
bifenyí-2-ól	Xi;H36/37/38 N;H50	Xi;N	36/37/38-50	(2)-22-61	90-43-7	201-993-5	604-020-00-6	
bifenyí-4,4'-ýlendíamín styrkur ≥ 25% 0,01% ≤ styrkur < 25%	Carc1;H45 Xn;H22 N;H50/53	T;N T T	45-22-50/53 45-22 45	53-45-60-61	92-87-5	202-199-1	612-042-00-2	E, Ú
3-(3-bifenyí-4-ýl-1,2,3,4- tetrahýdró-1-naftýl)-4- hýdroxýkúmarín	Tx;H28 T;H48/25 N;H50/53	Tx;N	28-48/25-50/53	(1/2)-36/37-45-60- 61	56073-07-5	259-978-4	607-157-00-X	Ú
1,1'-bis(3,5-dímetylmorfólínó- karbonylmetýl)-4,4'-dípýridýl	Xn;H22 H52/53 Xi;H36/37/38	Xn	22-36/37/38-52/53	(2)-22-36-61			613-018-00-4	A

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættuseiningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
2,4-bis(etylámínó)-6-metylíó- 1,3,5-triazín	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	1014-70-6	213-801-7	613-065-00-0	
bisfenól-4-diglýsídyleter, myndefni með meðalmólpunga ≤ 700 styrkur ≥ 5% 1% ≤ styrkur < 5%	Xi;H36/38 H43 N;H51/53	Xi;N Xi Xi	36/38-43-51/53 36/38- 43 43	(2)-28-37/39-61	25068-38-6	500-033-5	603-074-00-8	
bis(1-hýdroxýsýklóhexýl)peroxíð, sjá 1-hýdroperoxýsýklóhexýl-1- hýdroxýsýklóhexýlperoxíð [1], 1,1'-díoxýbissýklóhexan-1-ól[2] sýklóhexýlidenhýdroperoxíð[3], sýklóhexanon, peroxíð [4]							617-010-00-1	
bis(metoxý-tíokarbónýl)disulfíð	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	1468-37-7	215-993-8	016-024-00-X	
N-2-naftýlamín	Carc3;H40 Xi;H36/38 H43 N;H51/53	Xn;N	36/38-40-43-51/53	(2)-26-36/37-61	135-88-6	205-223-9	612-135-00-8	
naptalam-natríum	Xn;H22	Xn	22	(2)	132-67-2	205-073-4	607-248-00-4	
natríum/kalíum-7-[[[3-[[4-(2-hýdroxýnaftýl)azó]fényl]azó]fényl]súlfónýl]amínó]naftalen-1,3-dísúlfónat, blanda	H43 H52/53	Xi	43-52/53	(2)-22-24-37-61	141880-36-6	410-070-8	607-286-00-1	
natríum-1-amínó-4-[2-metyl-5-(4-metyl)fenýlsúlfónýl]amínó)-fenýlamínó]antrakínón-2-súlfónat	N;H51/53	N	51/53	61	84057-97-6	400-100-8	016-065-00-3	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- sendir
natríumbenzóýlbenzensúlfónat	H43	Xi	43	(2)-24-37	66531-87-1	405-450-5	607-275-00-1	
natríum-2-benzóýloxy-1-hýdroxyetansúlfónat	H43	Xi	43	(2)-24-37		410-680-4	607-294-00-5	
natríum-3,5-bis(tetradekýloxy-karbónýl)benzensúlfínat	H43 N;H51/53	Xi;N	43-51/53	(2)-24-37-61	155160-86-4	407-720-8	016-068-00-X	
natríum-2-etylhexanólat	F;H11 C;H34 H52/53	F;C	11-34-52/53	(1/2)-7-26- 36/37/39-45-61	38411-13-1	406-150-7	603-122-00-8	
natríumfenetylinafialensúlfónat; natríum(2-naftýletýl)- benzensúlfónat, blanda isómera	Xi;H41 H43 H52/53	Xi	41-43-52/53	(2)-24-26-37/39- 61		405-760-0	607-278-00-8	
natríum-3,3'-(1,4-fenýlenbis(karbónýl)imínó-3,1-própandýlimínó)bis(10-aminó-6,13-díklór)-4,11-trifenóloxazínisúlfónat, blanda (9:1) með lítium-3,3'-(1,4-fenýlenbis(karbónýl)imínó-3,1-própandýlimínó)bis(10-aminó-6,13-díklór)-4,11-trifenóloxazínisúlfónati	N;H51/53	N	51/53	61	136213-76-8	410-040-4	607-284-00-0	
natríum-4-klór-1-hýdroxybútán-1-súlfónat	Xn;H22 Xi;H36 H43	Xn	22-36-43	(2)-22-26-36/37	54322-20-2	406-190-5	607-280-00-9	
2-nítro-4,5-bis(benzýloxy)-fenýlasetónitríl	H53		53	61	117568-27-1	410-970-0	608-025-00-4	
4-nítrosófenól	Mut3;H40 Xn;H22 Xi;H41 N;H51/53	Xn;N	22-40-41-51/53	(2)-26-36/37/39- 47-49-61	104-91-6	203-251-6	604-042-00-6	
6-(nónýlamínó)-6-oxo-peroxyhexansýra	O;H7 Xi;H41 H43 N;H50	O;Xi;N	7-41-43-50	(2)-37-14-26- 36/37/39-61	104788-63-8	406-680-9	617-014-00-3	
N-oktadekýlaminódietyl-bis-(hýdrogenmaleat), blanda með N-oktadekýlaminódietyl-hýdrogenmaleathýdrogenpalati	H43 N;H51/53	Xi;N	43-51/53	(2)-24-37-61		405-960-8	607-279-00-3	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
2-oktyl-2-H-ísótíazol-3-on styrkur ≥ 25% 10% ≤ styrkur < 25% 5% ≤ styrkur < 10% 3% ≤ styrkur < 5% 0,05% ≤ styrkur < 3%	T;H23/24 Xn;H22 C;H34 H43 N;H50/53	T;N T C Xn Xn Xi	22-23/24-34-43-50/53 22-23/24-34-43 20/21-34-43 20/21-36/38-43 20/21-43 43	(1/2)-26-36/37/39- 45-60-61	26530-20-1	247-761-7	613-112-00-5	Ú
oxíran, monó((C <sub>12-14</sub> -alkýloxý)- metýl)afteiður	Xi;H38 H43	Xi	38-43	(2)-24-37	68609-97-2	271-846-8	603-103-00-4	
pentacyríól, blanda af tetraesterum, heptansýru og 2-etylhexansýru	H53		53	61		410-830-9	607-296-00-6	
4-pentýlsýklóhexanon	N;H51/53	N	51/53	61	61203-83-6	406-670-4	606-051-00-0	
2,2',[3,3'-(piperazín-1,4-díyl)- díprópýl]bis(1 <i>H</i> -benzimidazól)- [2,1- <i>b</i> ]benzól[m,n][3,8]- fenantroín-1,3,6-tríón	H53		53	61		406-295-6	613-150-00-2	
pólvínýlasetat, myndefni að hluta hydrolýsarað, með ( <i>E</i> )-2- (4-formýlstýrýl)-3,4- dímetýltíazolúmumtýlsulfat	H52/53		52/53	61	125139-08-4	406-460-2	613-144-00-X	
próklóraz	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	67747-09-5	266-994-5	613-128-00-2	
própan-2-ól	F;H11 Xi;H36 H67	F;Xi	11-36-67	(2)-7-16-24/25-26	67-63-0	200-661-7	603-117-00-0	6
4-( <i>trans</i> -4-própýlsýklóhexýl)- asetófenon	H43 H53	Xi	43-53	(2)-24-37-61	78531-61-0	406-700-6	606-049-00-X	
<i>N</i> -própýl- <i>N</i> -(2-(2,4,6- tríklorfenoxý)etýl)-1 <i>H</i> - imidazól-1-karboxamíð	Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53	(2)-60-61	67747-09-5	266-994-5	613-128-00-2	
pýrakarbólíð	H52/53		52/53	61	24691-76-7	246-419-4	616-034-00-X	
pýrókílon	Xn;H22 H52/53	Xn	22-52/53	(2)-61	57369-32-1		613-131-00-9	
simkbis(dibutýldíókarbamát)	Xi;H36/37/38 H43 N;H50/53	Xi;N	36/37/38-43-50/53	(2)-24-37-60-61	136-23-2	205-232-8	006-081-00-9	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- sendir
sinkbis(dietýlditókarbamat)	Xn;H22 N;H50/53 Xi;H36/37/38 H43	Xn;N	22-36/37/38-43-50/53	(2)-24-37-60-61	14324-55-1	238-270-9	006-082-00-4	
spiroxamín	Xn;H20/21/22 Xi;H38 H43 N;H50/53	Xn;N	20/21/22-38-43-50/53	(2)-36/37/39-46-60-61	118134-30-8		612-150-00-X	
2-sýan-N-[(etylaminó)karbónýl]- 2-(metoxyimínó)asetamíð	Xn;H22 H43 N;H50/53	Xn;N	22-43-50/53	(2)-36/37-60-61	57966-95-7	261-043-0	616-035-00-5	
α-sýan-3-fenoxýbenzýl-2,2,3,3- tetrametýlsýklóprópankarb- oxýlat	Tx;H26 T;H25 Xn;H21 N;H50/53	Tx;N	21-25-26-50/53	(1/2)-28-36/37-38-45-60-61	39515-41-8	254-485-0	607-239-00-5	Ú
sýan(3-fenoxýfenýl)metýl-N-[2- klór-4-(trifluormetýl)fenýl]-D- valínat	Xn;H22 Xi;H38 N;H50/53	Xn;N	22-38-50/53	(2)-24-59-61	102851-06-9		607-238-00-X	
α-sýan-4-flúor-3-fenoxýbenzýl-3- (2,2-diklórvínýl)-2,2- dimetýlsýklóprópankarboxýlat	Tx;H28 T;H23 N;H50/53	Tx;N	23-28-50/53	(1/2)-36/37/39-45-60-61	68859-37-5	269-855-7	607-253-00-1	Ú
sýflútrín	Tx;H28 T;H23 N;H50/53	Tx;N	23-28-50/53	(1/2)-36/37/39-45-60-61	68859-37-5	269-855-7	607-253-00-1	Ú
sýklóhexadek-8-en-1-on, blanda af <i>cis</i> og <i>trans</i>	N;H50/53	N	50/53	60-61	3100-36-5	401-700-2	606-046-00-3	
N-sýklóhexýlbenzótiazól-2- súlfenamíð	H43 N;H50/53	Xi;N	43-50/53	(2)-24-37-60-61	95-33-0	202-411-2	613-136-00-6	
3-sýklóhexýl-6-dimetýlamínó-1- metýl-1,2,3,4-tetrahdró-1,3,5- triazín-2,4-díon	Xn;H22 Xi;H36 N;H50/53	Xn;N	22-36-50/53	(2)-60-61	51235-04-2	257-074-4	613-132-00-4	
(η-sýklópentadienýl)(η-cúmenýl) járn(1+)hexaflúorfosfat(1-)	H52/53		52/53	61	32760-80-8	402-340-9	015-158-00-6	
1-sýklóprópyl-6,7-diflúor-1,4- díhdró-4-oxokínólín-3- karboxýlsýra	Rep3;H62 H52/53	Xn	62-52/53	(2)-22-36/37-61	93107-30-3	413-760-7	607-303-00-2	
sýmoxamíl	Xn;H22 H43 N;H50/53	Xn;N	22-43-50/53	(2)-36/37-60-61	57966-95-7	261-043-0	616-035-00-5	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar-merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga-semdir
sýprófuram	T;H25 Xn;H21 N;H50/53	T;N	21-25-50/53	(1/2)-36/37-60-61	69581-33-5	274-050-9	616-033-00-4	Ú
sýprókónazól	Rep3;H63 Xn;H22 N;H50/53	Xn;N	22-50/53-63	(2)-36/37-60-61	94361-06-5		650-032-00-X	
tau-flúvalímat	Xn;H22 Xi;H38 N;H50/53	Xn;N	22-38-50/53	(2)-24-59-61	102851-06-9		607-238-00-X	
TCMTB, sjá benzótiazól-2- ýltíó) metýltíósýanat							613-119-00-3	



Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- sendir
<i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )ammóníum- bis[1-(2-hýdroxy-5-nitró- fenýl)jazó]-2-naftalenólátó(2-)]- krómat(1-) (1), <i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )ammóníum- bis[1-[(2-hýdroxy-4-nitró- fenýl)jazó]-2-naftalenólátó(2-)]- krómat(1-) (2), <i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )ammóníum- bis[1-[[5-(1,1-dimetýlprópýl)- 2-hýdroxy-3-nitrófenýl]jazó]-2- naftalenólátó(2-)]krómat(1-) (3), <i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )- ammóníum [[1-(2-hýdroxy- 5-nitrófenýl)jazó]-2- naftalenólátó(2-)]1-[(2- hýdroxy-5-nitrófenýl)jazó]-2- naftalenólátó(2-)]krómat(1-) (4), <i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )- ammóníum [[1-[[5-(1,1- dimetýlprópýl)-2-hýdroxy-3- nitrófenýl]jazó]-2- naftalenólátó(2-)]1-[(2- hýdroxy-5-nitrófenýl)jazó]-2- naftalenólátó(2-)]krómat(1-) (5), <i>tert</i> -alkýl(C <sub>12-14</sub> )- ammóníum [[1-[[4(eða 5)-nitró- 2-oxiðófenýl]jazó]-2- naftólátó]]1-(3-nitró-2-oxiðó-5- pentýl)fenýl)jazó)-2- naftólátó]]krómat(1-)](6), blanda af (1), (2), (3), (4), (5) og (6)	N;H51/53	N	51/53	61	117527-94-3	403-720-7	611-044-00-0	
1- <i>tert</i> -bútoxýprópan-2-ól	H10 Xi;H41	Xi	10-41	(2)-26-39	57018-52-7	406-180-0	603-129-00-6	
2- <i>tert</i> -bütýl-5-(4- <i>tert</i> - bütýl)benzýl)tió-4- klórpyridazín-3(2H)-on	T;H23/25 N;H50/53	T;N	23/25-50/53	(1/2)-36/37-45-60- 61	96489-71-3	405-700-3	613-149-00-7	Ú
1,4,5,8-tetraamínóantrakínón	Carc2;H45 Xi;H38- 41 H43	T	45-38-41-43	53-45	2475-45-8	219-603-7	611-032-00-5	Ú

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
tetradekansýra, blanda með póly- (1-7)laktatsterum af tetradekansýru	Xi;H38-41 H43 N;H51/53	Xi;N	38-41-43-51/53	(2)-24-26-37/39- 61		411-910-6	607-302-00-7	
<i>cis</i> -1,2,3,6-tetrahyd ró-4- metylþalsýruanhýdríð [1]; 1,2,3,6-tetrahyd ró-4- metylþalsýruanhýdríð [2]; 1,2,3,6-tetrahyd ró-3- metylþalsýruanhýdríð [3]; tetrahyd rómetýlþalsýruanhýdríð [4]; 1,2,3,6-tetrahyd rómetýl- þalsýruanhýdríð [5]; tetrahyd ró-4- metylþalsýruanhýdríð [6]; 2,3,5,6-tetrahyd ró-2- metylþalsýruanhýdríð [7]	Xi;H41 H42/43	Xn	41-42/43	(2)-22-24-26- 37/39	[1] 1694-82-2 [2] 3425-89-6 [3] 5333-84-6 [4] 11070-44-3 [5] 26590-20-5 [6] 34090-76-1 [7] 42498-58-8	216-906-6 222-323-8 226-247-6 234-290-7 247-830-1 251-823-9 255-853-3	607-240-00-0	C
2,2,6,6-tetrakis(brómetyl)-4- oxaheptan-1,7-díól	H43 N;H51/53	Xi;N	43-51/53	(2)-22-24-37-41- 61	109678-33-3	408-020-5	602-082-00-9	
tetraklórlátníð, önnur en þau sem tilgreind eru sérstaklega á þessum lista	T;H25 Xi;H41 H42/43	T	25-41-42/43	(2)-22-26- 36/37/39-45			078-001-00-0	Ú
tetraklórlþalsýruanhýdríð	Xi;H41 H42/43 N;H50/53	Xn;N	41-42/43-50/53	(2)-22-24-26- 37/39-60-61	117-08-8	204-171-4	607-242-00-1	
tetralítium-6-amínó-4-hýdroxý-3- [7-súlfónatí-4-(5-súlfónatí-2- naftýlazó)-1-naftýlazó]- naftalen-2,7-disúlfónat	H43 N;H51/53	Xi;N	43-51/53	(2)-24-37-61	107246-80-0	403-660-1	611-035-00-1	
2,2'-(3,3',5,5'-tetrametyl(1,1'- bifenyl)-4,4'-díýl)bis (oxýmetylen)bisoxíran	Mut3;H40	Xn	40	(2)-22-36-37	85954-11-6	413-900-7	604-055-00-7	
2,5,7,7-tetrametylóktanal	Xi;H38 H43 N;H51/53	Xi;N	38-43-51/53	(2)-24-37-61	114119-97-0	405-690-0	605-026-00-1	
tetrametylítúrammónósúlfíð	Xn;H22 H43 N;H51/53	Xn;N	22-43-51/53	(2)-24-26-37-61	97-74-5	202-605-7	006-080-00-3	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
tetranatrium-[5-((4-aminó-6-klór-1,3,5-triazín-2-ýl)amínó)-2-(2-hýdroxy-3,5-dísúlfonatofenýlazo)-2-súlfonatobenzýlidenhýdrazínó)benzoat]kopar(II)	H52/53		52/53	61	116912-62-0	404-070-7	016-066-00-9	
tetranatrium-1,2-bis(4-flúor-6-[5-(1-aminó-2-súlfonatóntrakínón-4-ýlamínó)-2,4,6-trímetyl-3-súlfonatofenýlamínó]-1,3,5-triazín-2-ýlamínó)etan	H43 H52/53	Xi	43-52/53	(2)-22-24/25-37-61	143683-23-2	411-240-4	613-148-00-1	
tetranatrium-(c-(3-(1-(3-(e-6-diklór-5-sýanópýrimidín-f-ýl(metyl)amínó)propýl)-1,6-dihýdró-2-hýdroxy-4-metyl-6-oxó-3-pýrídýlazo)-4-súlfonató fenýlsúlfamóyl)palósyánn-a,b,d-trisúlfonat(6-))nikkel(II), þar sem a er 1,2,3 eða 4, b er 8,9,10 eða 11, c er 15,16,17 eða 18, d er 22,23,24, eða 25 og e og f eru annaðhvort 2 og 4 eða 4 og 2	Xi;H36 H43 H52/53	Xi	36-43-52/53	(2)-22-26-36/37-61	148732-74-5	410-160-7	607-288-00-2	
tetranatriumfosfóetan-1,2-dikarboxýlat, blanda með hexanatriumfosfóbután-1,2,3,4-tetrakarboxýlati	H43 N;H51/53	Xi;N	43-51/53	(2)-24-37-61		410-800-5	607-295-00-0	
tióbis(4,1-fenýlen)-S,S',S'-tetrafenýldisúlfónumbishexaflúorfosfat, blanda með difenýl(4-fenýltiofenýl)-súlfónumbhexaflúorfosfati	Xi;H41 N;H50/53	Xi;N	41-50/53	(2)-15-26-39-60-61		404-986-7	015-165-00-4	
tólýflúaníó	T;H23 Xi;H36/37 H43 N;H50/53	T;N	23-36/37-43-50/53	(1/2)-24-26-37-38-45-60-61	731-27-1	211-986-9	613-116-00-7	
4-(4-tólýloxy)bifenýl	Xn;H48/22 H53	Xn	48/22-53	(2)-22-36-61	51601-57-1	405-730-7	604-047-00-3	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
tríasúlfuron	N;H50/53	N	50/53	60-61	82097-50-5		650-041-00-9	
1,2,4-triazól	Rep3;H63 Xi;H36	Xn	22-36-63	(2)-36/37	288-88-0	206-022-9	613-111-00-X	
3-trifluormetylísóbütýranilíð	Xn;H48/22 N;H51/53	Xn;N	48/22-51/53	(2)-22-36-61	1939-27-1	406-740-4	616-048-00-6	
trihexadekýlmetylammóníum- klóríð, blanda með tilhexa- dekýldimetylammóníum- klóríði	Xi;H41 N;H50/53	Xi;N	41-50/53	(2)-26-39-60-61		405-620-9	612-156-00-2	
2,3,5-triklóprýridín	H52/53		52/53	61	16063-70-0	407-270-2	613-153-00-9	
2-(trimetylammóníum)- etoxýkarboxýbenzen-4-súlfónat	H43	Xi	43	(2)-22-36/37		411-010-3	607-298-00-7	
trimetylhexametýlendíamín (blanda af 2,2,4-trimetyl-1,6- hexandíamíni og 2,4,4-trimetyl- 1,6-hexandíamíni, í EINECS lista) (1), epoxíð 8- (mónó- [[C <sub>10</sub> -16-alkýloxý]metyl]- oxíran-afleiður) (2), p-tólíensúlfónsýra (3), myndefni úr (1), (2) og (3)	Xn;H22 C;H34 N;H50/53	C;N	22-34-50/53	(1/2)-23-26- 36/37/39-45-60-61		410-880-1	612-159-00-9	
2,3,5-trimetylhydrikinon	Xn;H20 Xi;H37/38- 41 H43 N;H50/53	Xn;N	20-37/38-41-43-50/53	(2)-24-26-37/39- 60-61	700-13-0	211-838-3	604-045-00-2	
α-trimetylísilanyl- trimetylísiloxýpólý[oxý(metyl- 3-(2-(2-metoxýprópoxy)- própoxy)própylsilandiyl]-kó- oxý(dimetylísilan)	H53		53	61	69430-40-6	406-420-4	014-015-00-5	
trínatríum-5-amínó-3-[5-(2- bróm-akrylóýlamínó)-2- súlfónatofenýlazó]-4-hýdroxy- 6-(4-vínýlsúlfónýlfenýlazó) naftalen-2,7-disúlfónat	H52/53		52/53	61	136213-71-3	411-770-6	611-042-00-X	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
trínatríum-3-aminó-6,13-díklór-10-((3-((4-klór-6-(2-súlfó-fenýlamínó)-1,3,5-triazín-2-ýl)amínó)própyl)amínó)-4,11-trifenoxydíoxazindísúlfónat	H43	Xi	43	(2)-22-24-37	136248-03-8	410-130-3	016-071-00-6	
trínatríum-N(1)-N(2);N(1 <sup>'''</sup> )-N(2 <sup>''</sup> )-η-6-[2-aminó-4(eða 6)-hýdroxy-(eða 4-aminó-2-hýdroxy)fenýlazó]-6 <sup>''</sup> -(1-karbanílyl-2-hýdroxypróp-1-enýlazó)-5 <sup>'''</sup> -dísúlfamóyl-3,3"-dísúlfónatóbis(naftalen-2,1'-azóbenzen-1,2'-díólató-O(1),O(2))-krómat (1), trínatríum-N(1')-N(2):N(1 <sup>'''</sup> )-N(2 <sup>''</sup> )-η-6,6 <sup>''</sup> -bis(1-karbanílyl-2-hýdroxypróp-1-enýlazó)-5 <sup>'''</sup> -dísúlfamóyl-3,3"-dísúlfónatóbis(naftalen-2,1'-azóbenzen-1,2'-díólató-O(1),O(2))-krómat (2), trínatríum-N(1')-N(2):N(1 <sup>'''</sup> )-N(2 <sup>''</sup> )-η-6,6 <sup>''</sup> -bis[2-aminó-4(eða 6)-hýdroxy-(eða 4-aminó-2-hýdroxy)fenýlazó]-5 <sup>'''</sup> -dísúlfamóyl-3,3"-dísúlfónatóbis(naftalen-2,1'-azóbenzen-1,2'-díólató-O(1),O(2))-krómat (3), blanda (2:1:1) af (1), (2) og (3)	Xi;H41 H52/53	Xi	41-52/53	(2)-26-39-61		402-850-1	611-043-00-5	
trínatríum-1-hýdroxy-naftalen-2-azó-4 <sup>''</sup> (5 <sup>''</sup> ,5 <sup>''</sup> -dimetyl)bífenýl)-4 <sup>'''</sup> -azó(4 <sup>''</sup> -fenýlsúlfónýloxy benzen)-2 <sup>''</sup> ,2 <sup>''</sup> ,4-trisúlfónat	Xi;H36	Xi	36	(2)-25-26		406-820-9	611-038-00-8	

Heiti efna	Flokkun	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Afhuga- semdir
trínatríum-[2-(5-klór-2,6-difluórþýrimidín-4-ýlamínó)-5-(b-súlfamóýl)-c,d-súlfonatópálósýanín-a-ýl-K4,N29,N30,N31,N32-súlfónýlamínó]benzóat(5-)] kopar(II), þar sem a=1,2,3 eða 4, b=8,9,10 eða 11, c=15,16,17 eða 18, d= 22,23,24 eða 25	H43	Xi	43	(2)-22-24-37		411-430-7	607-300-00-6	
1-(trísýklóhexýlín)-1H-1,2,4-triazól	Tx;H26 T;H25 Xi;H37/38-41 N;H50/53	Tx;N	25-26-37/38-41-50/53	(1/2)-26-28- 36/37/39-38-45- 60-61	41083-11-8	255-209-1	050-019-00-3	Ú
vanadíum(IV)oxíðhýdrógenfosfatermhýdrat, lítíum-, smik-, mólitbden-, járn- og klórskotið	Xn;H20-48/22 Xi;H41 N;H51/53	Xn;N	20-41-48/22-51/53	(2)-22-26-36/39- 61		407-350-7	015-162-00-8	
vanadíþýrófosfat	Xi;H36 H43 H52/53	Xi	36-43-52/53	(2)-24-26-37-61	58834-75-6	406-260-5	015-160-00-7	
3,5-xýlenól	T;H24/25 C;H34	T	24/25-34	(1/2)-26-28- 36/37/39-45	108-68-9	203-606-5	604-037-00-9	Ú

## IV. VIÐAUKI

Efni með eftirtalin raðnúmer falla út af lista 1:

006-075-00-6  
007-005-00-7  
603-017-00-7  
606-008-00-6  
606-015-00-4  
607-193-00-6  
607-202-00-3  
609-014-00-7  
613-005-00-3  
613-055-00-6  
615-005-01-6

## V. VIÐAUKI

Nýjar hættusetningar.

- H 66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð  
H 67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

## VI. VIÐAUKI

Nýjar varnaðarsetningar.

- V 63 Verði slys vegna innöndunar skal viðkomandi færður í ferskt loft og hann látinn hvílast  
V 64 Við inntöku, skolið munn með vatni (eingöngu ef viðkomandi er með meðvitund)  
V 27/28 Berist efnið á húð skal strax farið úr fötum, sem óhreinkast hafa, og húðin þvegin strax með miklu..... (efni tilgreint af framleiðanda)  
V 29/35 Má ekki losa í niðurfall, vörunni og umbúðum hennar skal fargað á trygglegan hátt

## VII. VIÐAUKI

## A

**H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð**

Notað um efni og efnablöndur sem geta valdið þurri, flagnandi eða sprunginni húð en uppfylla ekki skilyrði H38:

byggt á:

- athugunum eftir hefðbundna meðhöndlun og notkun, eða
- haldþærri staðfestingu á ætluðum áhrifum á húð.

Sjá enn fremur inngang þessa viðauka.

**H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima**

Notað um loftkennd efni og efnablöndur sem innihalda slík efni, sem við innöndun draga greinilega úr starfsemi miðtaugakerfisins, en eru ekki þegar flokkuð með tilliti til bráðra eituráhrifa (H20, H23, H26, H40/20, H39/23 eða H39/26).

Styðjast má við eftirfarandi vísbendingar:

- a) Gögn úr rannsóknum á dýrum sem sýna greinileg merki um skerta starfsemi miðtaugakerfisins, eins og sljóleika, sinnuleysi, skort á samhæfingu (þar með talið skort á viðbragðinu til að fá dýrið aftur í upprétta stöðu) og hreyfinglöp, annaðhvort:
  - við styrkleika/álagstíma sem er ekki meiri en 20 mg/l í 4 klst. eða, - þar sem hlutfallið milli styrks með merkjanleg áhrif í  $\leq 4$  klukkustundir miðað við gufumettunarstyrk við 20°C er  $\leq 1/10$ .
- b) Athuganir á mönnum (þ.e. sljóleiki, syfja, skert árvekni, viðbragðsskortur, skortur á samhæfingu, svimi), samkvæmt traustum skýrslum, við samsvarandi skilyrði og tilgreind eru hér að framan fyrir dýr.

Sjá enn fremur inngang þessa viðauka.

## B

**3.2. Önnur vistkerfi.**

3.2.1. Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt að minnsta kosti einni af eftirfarandi hættusetningum í samræmi við neðangreindar forsendur:

**H54 Eitrað plöntum**

**H55 Eitrað dýrum**

**H56 Eitrað lífverum í jarðvegi**

**H57 Eitrað býflugum**

**H58 Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu**

Efni sem geta haft skaðleg áhrif á gerð og/eða starfsemi náttúrulegra vistkerfa annarra en þeirra sem fjallað er um í kafla 3.1. Þessi áhrif geta verið bráð eða langvinn og/eða síðkomin. Byggt skal á fyrirbyggjandi niðurstöðum um áhrif efnanna, þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og fyrirsjáanleg eða þekkt afdrif þeirra og ferli í umhverfinu.



3.2.2. Efni flokkast sem hættuleg umhverfinu og fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N) ásamt eftirfarandi hættusetningu í samræmi við neðangreindar forsendur:

#### **H59 Hættulegt ósonlaginu**

Efni sem geta haft skaðleg áhrif á ósonlagið í heiðhvolfinu, samkvæmt fyrirbyggjandi niðurstöðum um eiginleika efnanna og fyrirsjáanleg eða þekkt afdrif þeirra og ferli í umhverfinu. Hér undir falla vetnisklórflúorkolefni sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð nr. 656/1997, um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

### VIII. VIÐAUKI

#### **V25 Varist snertingu við augu**

Notkunarvið:

- öll efni sem eru hættuleg heilsu manna.

Notkun:

- æskilegt ef vekja þarf athygli notandans á hættu samfara snertingu við augu sem ekki er minnst á í hættusetningum. Má einnig nota til að leggja áherslu á slíkar hættusetningar.
- æskilegt fyrir efni sem líklegt er að almenningur noti, og fá hættusetningu H34, H35, H36 eða H41.

#### **V27 Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu**

Notkunarvið:

- mjög eitruð, eitruð og ætandi efni.

Notkun:

- skyldubundið fyrir mjög eitruð efni og fyrir efni, sem líklegt er að almenningur noti, og fá hættusetningu H27.
- æskilegt fyrir mjög eitruð efni og efni, sem eru notuð í iðnaði, sem fá hættusetningu H27. Þessa setningu ætti ekki að nota með varnaðarsetningu V36.
- æskilegt fyrir eitruð efni og þau sem fá hættusetningu H24 og fyrir ætandi efni sem líklegt er að almenningur noti.

#### **V28 Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu ... (efni tilgreint af framleiðanda)**

Notkunarvið:

- mjög eitruð, eitruð og ætandi efni.

Notkun:

- skyldubundið fyrir mjög eitruð efni,
- æskilegt fyrir önnur framangreind efni, einkum þegar vatn er ekki hentugasti hreinsivökuvinn.
- æskilegt fyrir ætandi efni sem líklegt er að almenningur noti.

#### **V29 Má ekki losa í niðurfall**

Notkunarvið:

- afar og mjög eldfimir vökvar sem blandast ekki vatni.
- mjög eitruð og eitruð efni.
- efni sem eru hættuleg umhverfinu.

Notkun:

- skyldubundið fyrir efni, sem líklegt er að almenningur noti, sem fá varnaðarmerkið HÆTTULEGT UMHVERFINU (N), nema þetta sé fyrirhuguð notkun.
- æskilegt fyrir önnur framangreind efni sem líklegt er að almenningur noti, nema þetta sé fyrirhuguð notkun.

**V35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt**

Notkunarvið:

- öll hættuleg efni

Notkun:

- æskilegt fyrir efni þar sem þörf er á sérleiðbeiningum til að tryggja rétta förgun.

**V37 Notið viðeigandi hlífðarhanska**

Notkunarvið:

- mjög eitruð, eitruð, ætandi og efni hættuleg heilsu,
- lífræn peroxíð,
- efni sem erta húð.

Notkun:

- skyldubundið fyrir mjög eitruð og ætandi efni,
- skyldubundið fyrir efni sem fá hættusetningu H21, H24 eða H43,
- skyldubundið fyrir efni sem valda krabbameini, stökkbreytingum og/eða skaðlegum áhrifum á æxlun, í flokki 3. Á ekki við ef áhrifin koma eingöngu fram við innöndun,
- skyldubundið fyrir lífræn peroxíð,
- æskilegt fyrir eitruð efni sem líklegt er að séu eitruð í snertingu við húð þó svo að LD<sub>50</sub> húð sé óþekkt,
- æskilegt fyrir efni sem erta húð.

**V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er**

Notkunarvið:

- mjög eitruð efni,
- eitruð og ætandi efni,
- efni sem valda ofnæmi við innöndun.

Notkun:

- skyldubundið fyrir framangreind notkunarvið.

**V56 Skilið efni og umbúðum á móttökustöð fyrir spilliefni**

Notkunarvið:

- öll hættuleg efni.

Notkun:

- æskilegt fyrir öll hættuleg efni sem líklegt er að almenningur noti og þar sem sérstakrar förgunar er krafist.

**V59 Leitið til framleiðanda/birgis um upplýsingar varðandi endurnýtingu/endurvinnslu**

Notkunarvið:

- öll hættuleg efni.

Notkun:

- skyldubundið fyrir efni sem eru hættuleg ósonlaginu,
- æskilegt fyrir önnur efni sem mælt er með að séu endurnýtt eða endurunnin.

**V60 Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum**

Notkunarvið:

- öll hættuleg efni.

Notkun:

- æskilegt fyrir efni sem hafa ekki fengið varnaðarsetningu V35 og ólíklegt er að almenningur noti.

**V62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar**

Notkunarvið:

- efni sem eru flokkuð sem hættuleg heilsu og fá hættusetningu H65 í samræmi við viðmiðanir í tl. 1.1.3.a,
- gildir ekki um efni sem eru markaðssett á úðabrusum.

Notkun:

- skyldubundið fyrir framangreind efni ef þau eru aðgengileg fyrir almenning, nema þegar varnaðarsetningar V45 eða V46 eru skyldubundnar.
- æskilegt fyrir framangreind efni þegar þau eru notuð í iðnaði, nema þegar varnaðarsetningar V45 eða V46 eru skyldubundnar.

**V63 Verði slys vegna innöndunar skal viðkomandi færður í ferskt loft og hann látinn hvílast**

Notkunarvið:

- mjög eitruð og eitruð efni (lofttegundir, gufur, duft, rokgjarnir vökvar),
- efni sem valda ofnæmi í öndunarferum.

Notkun:

- skyldubundið fyrir efni sem merkja ber með H26, H23 eða H42, og líklegt er að almenningur noti á þann hátt að innöndun geti átt sér stað.

**V64 Við inntöku, skolið munn með vatni (eingöngu ef viðkomandi er með meðvitund)**

Notkunarvið:

- ætandi eða ertandi efni.

Notkun:

- æskilegt fyrir framangreind efni, sem líklegt er að almenningur noti og þar sem framangreind viðbrögð eiga við.

## IX. VIÐAUKI

**Fylgiskjal 8.****Prófunaraðferðir.**

Þar sem í reglugerð þessari er vísað til rannsókna á þeim áhrifum og eiginleikum efna sem reglugerðin fjallar um skal nota þær prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 92/69/EBE<sup>1)</sup>, 1. gr. 4. tl. tilskipunar 93/21/EBE<sup>2)</sup> og IV. viðauka (A, B, C, D og E) tilskipunar 96/54/EB<sup>3)</sup>.

<sup>1)</sup> Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa 08.02.1999, bls. 1-235.

<sup>2)</sup> Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, 21.03.1994, bls. 426-427.

<sup>3)</sup> Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 51, 11.10.2001, 4. hluti, bls. 274-310.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

#### 1. gr.

Liður 5.3, Önnur steinefni í viðauka II, Samsetning stoðblandna verður svohljóðandi:  
5.3. Önnur steinefni.

Styrkleikinn er að minnsta kosti sá sami og venjulega er í kúamjólk, minnkaður þar sem við á, í sama hlutfalli og próteinstyrkleiki stoðblandnanna gagnvart próteinstyrkleika kúamjólkur. Dæmigerð samsetning kúamjólkur er sýnd til leiðbeiningar í viðauka VI.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er sett með hliðsjón af II. viðauka, XII. kafla EES samningsins (tilskipun 91/321/EEC og 96/4/EB). Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 727/2001 um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. mars 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um sundurgreindan aðgang að heimtaugum.

#### 1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um sundurgreindan aðgang að heimtaugum sem birt er í I. viðauka skal gilda hér á landi um aðgang að heimtaugum fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 20. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999, sbr. 2. gr. laga nr. 145/2002, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 8. mars 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2887/2000

frá 18. desember 2000

## um sundurgreindan aðgang að heimaugum

(Texti sem varðar EES)

EVROPUPIINGID OG RAD EVROPUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndainnar <sup>(1)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins í Lissabon frá 23. og 24. mars 2000 kemur fram að fyrirtæki og borgarar þurfi að hafa aðgang að ódýrum fjarskiptavirkjum á heimsmælikvarða og fjölbreyttri þjónustu svo að vaxtar- og starfsmöguleikar í stafrænu hagkerfi, sem grundvallast á þekkingu, verði nýttir að fullu í Evrópu. Til að ná þessu þurfi aðildarríkin að vinna að því, ásamt framkvæmdastjórninni, að koma á aukinni samkeppni á sviði staðaraðgangsneta fyrir lok ársins 2000 og sundurgreina heimaugina til að stuðla að því að verulega dragi úr kostnaði við notkun Netsins. Fundur leiðtoga ráðsins í Feira 20. júní 2000 ljáði tillöggunni um aðgerðaráætlunina „e-Evrópa“ fylgi, en í henni er gerð grein fyrir því að sundurgreindur aðgangur að heimaugunum hafi bráðabirgðaforangang.
- 2) Sundurgreindur aðgangur að heimaugum ætti að koma til fyllingar ákvæðum sem fyrir eru í lögum bandalagsins og tryggja altæka þjónustu og aðgang gegn viðráðanlegu gjaldi fyrir alla borgara með því að auka samkeppni, tryggja efnahagslega skilvirkni og vera til sem mestra hagsbóta fyrir notendur.
- 3) „Heimaug“ er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnum vírum í fasta almenna símanetinu sem tengir nettengipunkturinn hjá símnotandanum við aðal tengingrind eða sambærilegan búnað. Eins og fram kemur í fimmtu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd lagabálks um fjarskipti verður staðaraðgangsnetið áfram einn af þeim þáttum þar sem minnst samkeppni er á fjarskiptamarkaði sem hefur verið gefinn frjáls. Nýir aðilar á markaðinum eiga ekki kost á öðrum yfirgrípsmiklum netgrunnvirkjum og geta ekki, með þeirri tækni sem er fyrir hendi, náð sömu stærðar- og útbreiðsluhagkvæmni og rekstrar- aðilar sem eru tilkynntir svo að þeir hafi umtalsverða markaðshlutdeild í fastanetum. Ástæðan er sú að rekstraráðilar settu upp málmgrunnvirki fyrir staðar- aðgang á töluvert löngum tíma þar sem þeir nutu einkaréttarverndar og gátu fjármagnað fjárfestingar- kostnað sinn með einokunarleigutækjum.
- 4) Í ályktun Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar í endurskoðaðri orðsendingu frá 1999 er lögð áhersla á mikilvægi þess að í þessum geira fái að þróast grunnvirki sem stuðlar að auknum rafrænum fjarskiptum og rafrænni verslun ásamt mikilvægi þess að þeim sé stjórnað með vöxt þeirra í huga. Þar er bent á að sundurgreining heima- tauga varðar, eins og stendur, aðallega málmgrunn- virki yfirburðafyrirtækis og ef fjárfest er í öðrum grunnvirkjum verður það að tryggja sanngjarnan hagnaðarhlut þar sem það gæti greitt fyrir útbreiðslu þessara grunnvirkja á svæðum þar sem þau eru lítið út- breidd.
- 5) Framboð nýrra heimauga með mikla flutningsgetu um ljósleiðara, sem liggja beint til stærstu viðskiptavina, er sérstakur markaður sem er að þróast við sam- keppnisskilyrði með nýjum fjárfestingum. Þessi reglu- gerð gildir þess vegna um aðgang að málmheimaug- um án þess að hafa áhrif á innlendar skuldbindingar hvað varðar aðrar gerðir staðaraðgangs að grunn- virkjum.

<sup>(1)</sup> Álit var skilað 19. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðningum EB).

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 26. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðningum EB) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2000.

- 6) Það væri ekki vænlegur kostur fjárhagslega fyrir nýja aðila á markaðinum að þurfa að koma upp, innan hæfilegra tímamarka, sams konar aðgangsgrunnvirki málmheimtauga. Önnur grunnvirki, svo sem kapal-sjónvarpsnet, gervihnettir og þráðlausar heimtaugar, hafa yfirleitt ekki sömu virkni eða útbreiðslu sem stendur þótt aðstæður í aðildarríkjum kunni að vera mismunandi.
- 7) Sundurgreindur aðgangur að heimtaugum gerir nýjum aðilum kleift að keppa við tilkynnta rekstraraðila og bjóða gagnaflutningsþjónustu á miklum bitahraða með samfelldum Netaðgangi og fyrir margmiðlunarnotkun sem byggist á stafrænni áskrifendatekni (DSL) ásamt talsímabjónustu. Réttmæt beiðni um sundurgreindan aðgang gefur til kynna að aðgangurinn sé nauðsynlegur til að hægt sé að veita réttþafa þjónustu og að höfnun beiðinnar hindraði, takmarkaði eða raskaði samkeppni í þessum geira.
- 8) Í þessari reglugerð er eingöngu tilkynntum rekstraraðilum sem viðkomandi innlend eftirlitsyfirvöld hafa, í samræmi við viðeigandi ákvæði bandalagsins, tilkynnt að hafi umtalsverða markaðshlutdeild í fasta almenna símanetinu (hér á eftir nefndir „tilkynntir rekstraraðilar“), veittur sundurgreindur aðgangur að málmheimtaugum. Aðildarríkin hafa þegar tilkynnt framkvæmdastjórninni um heiti þeirra rekstraraðila fastra almennra netkerfa sem eru með umtalsverða markaðshlutdeild í 1. hluta I, viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja alþæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP)<sup>(1)</sup>, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímabjónustu og alþæka fjarskiptabjónustu í samkeppnisumhverfi<sup>(2)</sup>.
- 9) Ekki er hægt að krefjast þess að tilkynntur rekstraraðili veiti aðgang sem hann hefur ekki vald til að veita, til dæmis þegar framkvæmd beiðinnar yrði til þess að brotið væri á lagalegum rétti sjálfstæðs þriðja aðila. Sú skuldbinding að veita sundurgreindan aðgang að heimtaugum felur ekki í sér að tilkynntir rekstraraðilar verði að setja sérstaklega upp algjörlega nýtt grunnvirki fyrir staðarnet til að uppfylla kröfur réttþafa.
- 10) Þótt viðskiptaviðræður séu sú aðferð sem mest er notuð til að ná samkomulagi um tæknileg atriði og verðlagningu varðandi aðgang að heimtaugum sýnir reynslan að í flestum tilvikum eru regluleg afskipti nauðsynleg vegna ójafnrar samningsstöðu nýju aðilanna og tilkynntu rekstraraðilanna og þess að ekki eru aðrir kostir í boði. Við vissar aðstæður geta innlend eftirlitsyfirvöld, samkvæmt lögum bandalagsins, gripið inn í að eigin frumkvæði til að tryggja réttláta samkeppni, efnahagslega skilvirkni og hámarkshagkvæmni fyrir notendur. Ef tilkynnti rekstraraðilinn virðir ekki afgreiðslufrestinn ætti réttþafinn að eiga rétt á bótum.
- 11) Reglur um kostnað og verðlagningu vegna heimtauga og viðkomandi aðstöðu ættu að vera gagnsæjar, án mismununar og hlutlægar til að tryggja að sanngirni sé viðhöfð. Reglur um verðlagningu ættu að tryggja að sá aðili, sem býður fram heimtaugina, geti fengið endurgjald sem nægir fyrir viðeigandi kostnaði af henni og sanngjarnan hagnaðarhlut að auki til að tryggja langtímaþróun og endurnýjun á staðaraðgangsgrunnvirki. Reglur um verðlagningu á heimtaugum ættu að stuðla að réttlátri og sjálfbærri samkeppni, með tilliti til þess hver þörfin á fjárfestingu í öðrum grunnvirkjum er, og tryggja að engin bjögun verði á samkeppni, einkum að engin bjögun verði á réttum hlutföllum milli heildsöluverðs og verðs á smásöluþjónustu tilkynnts rekstraraðila vegna óeðlilega lágrar álagningar. Þess vegna er talið mikilvægt að hafa samráð við samkeppnisyfirvöld.
- 12) Tilkynntir rekstraraðilar skulu veita öðrum aðilum upplýsingar og sundurgreindan aðgang með sömu skilyrðum og af samsvarandi gæðum og um væri að ræða þeirra eigin þjónustu eða systurfyrirtækja þeirra. Í þeim tilgangi myndi birting tilkynnts rekstraraðila á viðmiðunarútboði á sundurgreindum aðgangi að heimtaug, með stuttum fresti og helst á Netinu og undir eftirliti innlenda eftirlitsyfirvaldsins, stuðla að því að skapa gagnsæjar markaðsaðstæður án mismununar.
- 13) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB frá 25. maí 2000 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum, sem gerir kleift að veita allhíða rafræna fjarskiptabjónustu á samkeppnisgrundvelli, þar á meðal margmiðlunarþjónustu um breiðband og háhraðaþjónustu fyrir Netið<sup>(3)</sup>, og í orðsendingu sinni frá 26. apríl 2000<sup>(4)</sup> lagði framkvæmdastjórnin fram nákvæmar leiðbeiningar innlenda eftirlitsyfirvöldum til aðstoðar við sanngjarna stjórnun á mismunandi tegundum af sundurgreindum aðgangi að heimtaugum.
- 14) Í samræmi við dreifráðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin ekki náð því markmiði að fá samræmdan ramma yfir sundurgreindan aðgang að heimtauginni til að skapa samkeppnisgrundvöll fyrir ódýr, fjarskiptagrunnvirki á heimsmælikvarða og umfangsmikla þjónustu fyrir öll fyrirtæki og borgara í bandalaginu á öruggan, samræmdan og fljótlegan hátt og verður því betur náð fram á vettvangi bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þessari grein,

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjótd. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).

<sup>(2)</sup> Stjótd. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjótd. EB L 156, 29.6.2000, bls. 44.

<sup>(4)</sup> Stjótd. EB C 272, 23.9.2000, bls. 55.

ganga ákvæði reglugerðarinnar ekki lengra en nauðsynlegt er í þessu augnamiði. Þau eru samþykkt án þess að hafa áhrif á innlend ákvæði og eru í samræmi við lög bandalagsins þar sem settar eru fram ítarlegri ráðstafanir, til dæmis um óáþreifanlega hýsingu.

- 15) Þessi reglugerð er til fyllingar lagaramma fyrir fjarskipti, einkum tilskipanir 97/33/EB og 98/10/EB. Í nýja lagarammanum fyrir rafræn fjarskipti ættu að felast viðeigandi ákvæði sem koma í stað þessarar reglugerðar.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að auka samkeppni og hvetja til tækninýsköpunar á markaðinum fyrir staðar- aðgang með því að setja samræmd skilyrði fyrir sundurgreindan aðgang að heimitaugum til að stuðla að samkeppni á víðtæku sviði þeirrar þjónustu er varðar rafræn fjarskipti.

2. Þessi reglugerð skal gilda um sundurgreindan aðgang að heimitaugum og skyldum búnaði tilkynnta rekstraraðila eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

3. Þessi reglugerð skal gilda með fyrirvara um þær skuldbindingar að tilkynntir rekstraraðilar fylgi meginreglunni um bann við mismunun þegar þeir nota fasta almenna símanetið í þeim tilgangi að veita þriðju aðilum háhraða- aðgang og gagnaflutningaþjónustu á sama hátt og um eigin þjónustu væri að ræða eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum í samræmi við ákvæði bandalagsins.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að viðhalda ráðstöfunum eða taka þær upp í samræmi við lög bandalagsins en í þeim felast ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru í þessari reglugerð og/eða falla ekki undir þessa reglugerð, meðal annars með tilliti til annars konar aðgangs að staðargrunnvirkjum.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tilkynntur rekstraraðili“ er rekstraraðili fastra almennra símaneta sem hefur verið tilnefndur af innlendu eftirlitsyfirvaldi með umtalsverða markaðshlutdeild hvað varðar framboð á föstum almennum símanetum og þjónustu eins og tilgreint er í 1. hluta I. viðauka tilskipunar 97/33/EB eða tilskipunar 98/10/EB;

b) „rétthafi“ er þriðji aðili sem er viðurkenndur í samræmi við tilskipun 97/13/EB<sup>(1)</sup> eða hefur rétt til að veita fjarskiptaþjónustu samkvæmt innlendum lögum og uppfyllir skilyrði fyrir sundurgreindan aðgang að heimitaugum;

c) „heimitaug“ er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnuðum vírum og tengir saman nettengipunkt hjá símnotanda við aðaltengigrind eða sambærilegan búnað í fasta almenna símanetinu;

d) „heimitaugargrein“ er hluti af heimitaug sem tengir nettengipunktinn hjá símnotanda við tengigrind eða sérstaka millitengingu í fasta almenna símanetinu;

e) „sundurgreindur aðgangur að heimitaug“ er aðgangur sem er að fullu sundurgreindur og veitir sameiginleg afnot af heimitauginni; í því felst ekki breytt eignarhald á heimitauginni;

f) „að fullu sundurgreindur aðgangur að heimitaug“ er þegar rétthafa er veittur aðgangur að heimitaug eða heimitaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild á heildartíðnisviði samtvinnuðu víranna;

g) „sameiginleg afnot að heimitaug“ er þegar rétthafa er veittur aðgangur að heimitaug eða heimitaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild fyrir samtvinnuða víra á tíðnisviði sem ekki er fyrir raddflutning; tilkynnti rekstraraðilinn notar áfram heimitaugina til að geta veitt almenningi símaþjónustu;

h) „hýsing“ er veiting aðgangs að rými og tækniþjónustu sem nauðsynleg er til að koma viðeigandi búnaði rétthafa fyrir með góðu móti og tengja hann, eins og fram kemur í B-þætti viðaukans;

i) „skyldur búnaður“ er búnaður sem tengist því að veita sundurgreindan aðgang að heimitaug, einkum hýsingu, kapaltengingar og viðeigandi upplýsingateknikerfi, og er nauðsynlegur fyrir rétthafann til að veita þjónustu á réttlátum samkeppnisgrundvelli.

##### 3. gr.

#### Sundurgreindur aðgangur

1. Tilkynntir rekstraraðilar skulu birta og uppfæra viðmiðunarútbod á sundurgreindum aðgangi að heimitaugum sínum og skyldum búnaði frá 31. desember 2000 og skulu felast í því að minnsta kosti þau atriði sem skráð eru í viðaukann. Útbodið skal vera nægilega sundurgreint svo að rétthafi þurfi ekki að greiða fyrir netþætti eða búnað sem ekki er þörf á þegar þeir fá þjónustu og í því skal einnig vera lýsing á efnisþáttum útbodsins, tengdum skilmálum og skilyrðum, þar með talið gjöld.

<sup>(1)</sup> Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15).

2. Tilkynntir rekstraraðilar skulu frá 31. desember 2000 verða við réttmætum beiðnum frá réttihöfum um sundurgreindan aðgang að heimtaugum þeirra og skyldum búnaði með gagnsæjum og sanngjörnum skilyrðum og án mismununar. Beiðnum skal aðeins hafnað ef höfnunin byggist á hlutlægum viðmiðunum eða þeirri nauðsyn að viðhalda heildstæði netsins eða af tæknilegum ástæðum. Ef aðgangi er hafnað getur sá aðili, sem hafnað er, lagt málið til meðferðar til lausnar deilumála sem vísað er til í 5. mgr. 4. gr. Tilkynntir rekstraraðilar skulu veita réttihöfum sambærilegan búnað og væri um eigin þjónustu að ræða, eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum, með sömu skilyrðum og innan sömu tímamarka.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. 4. gr. skulu tilkynntir rekstraraðilar setja upp verð fyrir sundurgreindan aðgang að heimtaugum og skyldum búnaði á grundvelli kostnaðartengingar.

4. gr.

#### Eftirlit innlenda eftirlitsyfirvaldsins

1. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sjá til þess að gjaldskráin fyrir sundurgreindan aðgang að heimtaugum stuðli að réttlátri og sjálfbærri samkeppni.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2000.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. Fontaine

*forseti.*

2. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal hafa heimild til:

a) að gera breytingar á viðmiðunarútbóði fyrir sundurgreindan aðgang að heimtaugum og skyldum búnaði, einnig verðbreytingar þegar ástæður leyfa; og

b) að krefjast þess að tilkynntir rekstraraðilar láti í té upplýsingar er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Innlenda eftirlitsyfirvaldið getur, þegar ástæður leyfa, gripið inn í að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að tryggja bann við mismunun, efnahagslega skilvirkni og hámarks-hagkvæmni fyrir notendur.

4. Þegar innlenda eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að staðaraðgangsmarkaðurinn sé nægilega samkeppnishæfur skal það losa tilkynntu rekstraraðilana undan skuldbindingunni, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr., um verðlagningu sem grundvallast á kostnaðartengingu.

5. Deilumál milli fyrirtækja um málefni, sem þessi reglugerð tekur til, skulu falla undir innlenda málsmeðferð við lausn deilumála sem ákveðin er í samræmi við tilskipun 97/33/EB og skulu þau tekin til meðferðar á skjótan, sanngjarnan og gagnsæjan hátt.

5. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Sjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

---



## VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR ÞAU ATRIÐI SEM AÐ LÁGMARKI SKULU VERA Í VIÐMIÐUNARÚTBØÐI FYRIR SUNDURGREINDAN AÐGANG AÐ HEIMTAUGUM SEM TILKYNNTIR REKSTRARAÐILAR SKULU BIRTA**

## A. Skilyrði fyrir sundurgreindum aðgangi að heimtaugum

1. Hlutar netsins sem aðgangur er boðinn að og ná einkum til eftirfarandi þátta:
  - a) aðgangur að heimtaugum,
  - b) aðgangur að heimtaugum með tíðnisvið sem ekki er fyrir raddflutning ef um sameiginleg afnot að heimtaugum er að ræða.
2. Upplýsingar um staðsetningu stöðva með efnislegum aðgangi <sup>(1)</sup> og hvar heimtaugar eru tiltækar í tilteknum hlutum aðgangsnetsins.
3. Tæknileg skilyrði tengd aðgangi og notkun heimtaugar, þar með taldir tæknilegir eiginleikar samtvinnuðu víranna í heimtaugunum.
4. Málsmeðferð, að því er varðar pantanir og veitingu, og notkunartakmarkanir.

## B. Hýsingarþjónusta

1. Upplýsingar um stöðvar tilkynnta rekstraraðilans <sup>(1)</sup>.
2. Valkostir um hýsingu á stöðvum sem tilgreindar eru í 1. lið (þar með talin efnisleg hýsing og, þar sem við á, fjarhýsing og óáþreifanleg hýsing).
3. Eiginleikar búnaðar: takmarkanir, ef einhverjar eru, á búnaði sem hægt er að hafa í hýsingu.
4. Öryggisatriði: tilkynntir rekstraraðilar gera ráðstafanir til að tryggja öryggi staða sinna.
5. Aðgangsskilyrði fyrir starfsmenn rekstraraðila sem eiga í samkeppni.
6. Öryggisstaðlar.
7. Reglur fyrir úthlutun rýmis þar sem rými fyrir hýsingu er takmarkað.
8. Skilyrði fyrir réttthafa til að skoða staði, þar sem efnisleg hýsing er fyrir hendi, eða staði þar sem beiðni um hýsingu hefur verið synjað vegna skorts á rými.

## C. Upplýsingakerfi

Skilyrði fyrir aðgangi að rekstrarstuðningskerfum tilkynnts rekstraraðila, upplýsingakerfum eða gagnagrunnum fyrir forpantanir, veitingar, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og gerð reikninga.

## D. Skilyrði fyrir veitingu

1. Frestur til að svara beiðnum um veitingu þjónustu og aðstöðu; samkomulag um þjónustustig, lagfæringar vegna bilana, aðferðir til fara aftur á venjulegt þjónustustig og færðbreytur um gæði þjónustunnar.
2. Stöðluð samningsskilyrði, þar með talið, eftir því sem við á, bætur veittar ef afgreiðslufresturinn er ekki virtur.
3. Verð eða verðlagningarreglur fyrir hvern þátt, aðgerð og búnað sem skráð er hér að framan.

<sup>(1)</sup> Takmarka má aðgang að þessum upplýsingum við hagsmunaaðila til að tryggja almannaoöryggi.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2002

14. febrúar 2002

529

Nr. 200

## REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 217/1971 um kosningu og starfssvið iðnráða.**

1. gr.

Reglugerð nr. 217/1971 um kosningu og starfssvið iðnráða er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 14. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. febrúar 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

4. mars 2002

Nr. 201

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 1. febrúar 2002 samþykkt deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur með Skorradalsvatni og er 17,5 ha að stærð og gerir ráð fyrir 23 frístundahúsalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 4. mars 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.

5. mars 2002

Nr. 202

## AUGLÝSING

**um óverulega breytingu á deiliskipulagi við Löngumýri 43 í Garðabæ.**

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hofstaðamýri á lóð nr. 43 við Löngumýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja sólstofu við húsið. Breytingartillagan nær einungis til viðkomandi lóðar og hefur ekki í för með sér breytingu á skipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 5. mars 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2, við Fellsás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2, við Hlíðarás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 30. janúar 2002.

Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir bílskúr er stækkaður um 4,5 m.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 14. október 1981.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 4. mars 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar, nr. 615/1996, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað „9“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps, nr. 376/2001.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 7. gr. orðast svo: Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan miðvikudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

6. mars 2002

Nr. 206

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 11 - 13 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 11 - 13 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í því að safnahús verður íbúðarhús með vinnustofu og lóðir nr. 11 og 13 verða sameinaðar í eina lóð, en í dag stendur húsið á tveimur lóðum. Legu göngustígs er einnig breytt.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 6. mars 2002.*

**Hafðís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Hellu árið 2002.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2002 vera kr. 8.161. Gjaldþagi er 1. janúar og eindagi 27. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyf-  
ishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps 17. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2002. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 26. febrúar 2002.

*Hellu, 28. febrúar 2002.*

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárvallahreppi árið 2002.

#### 1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2002, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku	8.854
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.427
c) Sumarhús	2.952
d) Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	8.854
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að sorphaugum), þar sem fyrirtækin annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað.	33.133
Gjald dagar eru sömu og fasteignagjalda.	

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps 17. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2002. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 26. febrúar 2002.

*Hellu, 28. febrúar 2002.*

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 19. desember 2002.

Skipulagstillagan tekur til spildu sem er 2,39 ha að stærð úr landi Miðdals II á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar. Skipulagssvæðið er sunnan Nesjavallavegar og norðan Selvatns. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir fjórum frístundalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. mars 2002.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

1. mars 2002

Nr. 210

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum frá Kína sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneldis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtaldin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109.

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

Magnús Jóhannesson.

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

## 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á fíkjum, heslihnetum, pistasíum, og afurðum þeirra, frá Tyrklandi.

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

## 3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Tyrklandi:

- Fíkjur og þurrkaðar fíkjur sem falla undir tollskrárnúmer 0804.2000
- Heslihnetur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.2100 eða 0802.2200
- Pistasíur sem falla undir tollskrárnúmer 0802.5000
- Blöndur af hnetum og þurrkuðum ávöxtum sem falla undir tollskrárnúmer 0813.5001 og 0813.5009
- Unnar afurðir úr heslihnetum, fíkjum og pistasíum, þ.m.t. blöndur sem falla undir tollskrárnúmer 2008.1900

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

## 4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum eftirlitsaðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

## 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á Star anise (*illicium anisatu*) frá ríkjum utan evrópska efnahagssvæðisins.

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

## 3. gr.

Óheimilt er að flytja inn matvæli sem innihalda afbrigði af star anise sem þekkt er undir nafninu Japanese star anise (*illicium anisatum*, einnig þekkt sem *illicium religiosum*, *illicium japonicum*, *shikimmi* og *skimmi*). Jurtin er eitruð og ekki hæf til neyslu.

Heimilt er að flytja inn star anise (*illicium verum*), einnig þekkt sem Chinese star anise eða Chinese badian sem er neyslufæf vara og notuð er í matvæli að því tilskyldu að innflytjendur framvísi vottorði frá opinberum aðila um að varan innihaldi ekki *illicium anisatum*.

*Illicium anisatum* og *illicium verum* falla undir tollskrárnúmer 0909.1000 og 0909.1009.

## 4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 2. mgr. 3. gr. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan innihaldi ekki *illicium anisatum* skal hún tekin af markaði.

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.



## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:  
Sorphreinsunargjald  
Sorpeyðingargjald

kr.  
6.000 á hvert sorphlát.  
5.000 á hvert sorphlát.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 74/2000.

*Fáskrúðsfirði, 6. mars 2002.*

F.h. Búðahrepps,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju *Ísfélags Vestmannaeyja hf.*, kt. 660169-1219, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Þingey ehf.*, kt. 500300-3290, til að reka fiskmjölsverksmiðju Óslands ehf., Höfn, Hornafirði. Starfsleyfið er gefið út í sam-

ræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Vinnslustöðvarinnar hf.*, kt.700269-3299, til að reka fiskmjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Barðsnes ehf.*, kt. 440399-3479, í Sandgerði til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *SR-mjöls hf.*, kt. 560793-2279, í Helguvík til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Haraldar Böðvarssonar hf.* á Akranesi, kt. 600169-1149, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Gná hf.* í Bolungarvík, kt. 460598-3979, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *SR-mjöls hf.* á Raufarhöfn, kt. 560793-2279, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

*Hollustuvernd ríkisins, 3. mars 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Helgi Jensson forstöðumaður.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Tímagjald kr. 6.200  
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfsemi, skv. eftirlitsáætlun:

	kr.		kr.
1. flokkur	5.000	11. flokkur	80.000
2. flokkur	10.000	12. flokkur	90.000
3. flokkur	15.000	13. flokkur	100.000
4. flokkur	20.000	14. flokkur	110.000
5. flokkur	25.000	15. flokkur	120.000
6. flokkur	30.000	16. flokkur	140.000
7. flokkur	40.000	17. flokkur	150.000
8. flokkur	50.000	18. flokkur	160.000
9. flokkur	60.000	19. flokkur	180.000
10. flokkur	70.000	20. flokkur	200.000

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:  
Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
Starfsleyfisgjald ásamt starfsleyfisskilyrðum 1,5 tímagjald  
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald 1,0 tímagjald  
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,  
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtir jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 588/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 6. mars 2002.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Elsa Ingjalddóttir** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Svínabú < 2000 stæði	4.	Smjörlikisgerð	6.
Svínabú > 2000 stæði	8.	Mjólkurbú og ostagerð	19.
Alifuglarækt < 40.000 stæði	4.	Mjólkurbú	14.
Alifuglarækt > 40.000 stæði	8.	Ostagerð	12.
Loðdýrabú	4.	Ísgerð	11.
Hundahótel	2.	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni	
Kattahótel	2.	< 300 tonn á dag	2.
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	6.	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	6.
Malar- og sandnám; vikurnám	2.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	6.
Steinmölun og framleiðsla á ofanfurði og fyllingarefnum	1.	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1.
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	1.	Brauðverksmiðjur	17.
Saltvinnsla	5.	Bakarí, lítið	4.
Sláturhús < 50t/dag	7.	Bakarí, miðlungs	7.
Sláturhús > 50t/dag	10.	Bakarí, stórt	12.
Kjötvinnsla, alifuglakjöts	7.	Kexverksmiðjur	11.
Kjötvinnsla, lítil	6.	Kökugerð, lítil	4.
Kjötvinnsla, miðlungs	11.	Kökugerð, miðlungs	6.
Kjötvinnsla, stór	17.	Kökugerð, stór	7.
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	7.	Súkkulaði- og sælgætisgerð	8.
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	13.	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	4.
Kjötvinnsla með reykingu, stór	18.	Te- og kaffiframleiðsla	4.
Kjötpökkunarstöð	11.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	2.
Saltfiskverkun	5.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	6.
Heitloftsþurrkun fiskafurða	4.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	7.
Harðfiskverkun	4.	Framleiðsla mjólkurdufts	8.
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	5.	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	7.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	6.	Bjórgerð	8.
Vinnsla á ferskum fiski, stór	7.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	7.
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	12.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	15.
Fiskmjölsvinnsla	15.	Trésmíðaverkstæði með lökkun	2.
Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, lítil	5.	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2.
Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, miðlungs	7.	Ullarþvottastöðvar	9.
Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, stór	12.	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1.
Önnur ótalin fiskvinnsla	5.	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	10.
Kartöfluvinnsla — pökkun	3.	Leðurvinnsla	2.
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	6.	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum,	
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	9.	límtré o.þ.h.	8.
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	6.	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota	
Sultu- og ávaxtagrautargerð	6.	úr pappír og pappa	1.
Salatgerð	6.	Prentun dagblaða	8.
Lauksteikingarverksmiðjur	5.	Offsett- og hæðarprentun	5.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	6.	Sáldprentun	5.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	9.	Prentiðnaður, lítill	3.
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	5.	Prentiðnaður, miðlungs	3.
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	5.	Prentiðnaður, stór	7.
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	4.	Prentiðnaður með framköllun	3.
Kaldhreinsun lýsis	4.	Prentsmíð	3.
		Framleiðsla á iðnaðargasi	2.
		Garðaúðun	3.

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Málningarverksmiðjur	10.	Bensínstöðvar án matvöru	5.
Lyfjagerð	2.	Bensínstöðvar með matvöru	7.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4.	Bensínstöðvar með veitingasölu	9.
Snyrtivöruframleiðsla	2.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	4.
Gúmmívinnsla	2.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	5.
Framl. á plötum og rörum úr plasti	4.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	7.
Plastiðnaður	6.	Heildverslun með sykurlaði og sælgæti	6.
Framleiðsla á umbúðaplasi	4.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru	
Framleiðsla á glerplötum	1.	og tóbak, lítil	4.
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	2.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru	
Framleiðsla glerfláta	1.	og tóbak, miðlungs	5.
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtakofns < 4 m <sup>3</sup>	4.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru	
og tóbak, stór			7.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3.	Heildverslun með hreingerningarefni	9.
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	5.	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	9.
Steinsmiði	1.	Heildverslun með snyrtivöru	9.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	3.	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	3.
Málmsteypa < 20 tonn á dag	13.	Niðurrif bifreiða	2.
Meðferð og húðun málna	3.	Móttaka brotamálms	15.
Blikksmiði	2.	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	2.
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	2.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	20.
Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði	2.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	11.
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	5.
Kælitæki, viðgerðir og nýsmiði	3.	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	6.
Rafvéla-verkstæði	2.	Matvöruverslun með vinnslu, stór	12.
Stálsmiði og stálskipagerð	6.	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	4.
Viðhald, niðurrif skipa og flotkvírar	6.	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	4.
Húsgagnaiðnaður með lökkun	1.	Matvöruverslun án vinnslu, stór	9.
Endurvinnsla úrgangs	3.	Söluturnar án óvarinna matvæla	2.
Spennistöðvar, litlar	2.	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	2.
Spennistöðvar, aðal	5.	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	5.
Spennaviðgerðir	5.	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	6.
Vatnsveitur 5001 – 10000 íbúa	20.	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	5.
Vatnsveitur 1001 – 5000 íbúa	15.	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	6.
Vatnsveitur 501 – 1000 íbúa	13.	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	7.
Vatnsveitur 150 – 500 íbúa	5.	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	4.
Vatnsveitur < 150 íbúa	2.	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	5.
Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði, lítið	2.	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	6.
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	2.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	4.
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	3.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	5.
Ryðvarnarverkstæði	5.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	6.
Smurstöðvar	3.	Áfengisverslun	3.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	2.	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	6.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	3.	Apótek, stór	3.
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	4.	Snyrtivöruverslun	1.
Bifreiðasprautun	1.	Byggingavöruverslanir, stórar	9.
Bifreiðaréttingar	2.	Byggingavöruverslanir, litlar	4.
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	2.	Járnvöruverslanir	4.
Bifreiðavaraahlutaverslanir, lítið af efnavöru	3.	Málningar- og veggfóðurverslun	4.
Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efnavöru	4.	Málningar- og veggfóðurverslun	4.
Bílapartasölur	4.	Málningavöruverslanir	3.
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	4.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Gæluðyraverslun	1.	Vörugeymslur, litlar	2.
Véla- og tækjasölur	4.	Vörugeymslur, miðlungs	4.
Varahlutaverslanir ekki bíla	4.	Vörugeymslur, stórar	5.
Smásala efna í flokkum X, A og B	4.	Fyrirtæki sem geyma klórgas	1.
Sala eitrefna og hættulegra efna	8.	Kæli- og frystigeymslur	3.
Smásala með notaða muni í verslunum	4.	Gasbirgðastöðvar með > 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	5.
Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið	4.	Gasbirgðastöðvar með < 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	2.
Hótel með veitingasölu, lítið	5.	Vöruflutningamiðstöðvar	2.
Hótel með veitingasölu, miðlungs	10.	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	8.
Hótel með veitingasölu, stórt	12.	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	5.
Gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	3.	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	3.
Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	5.	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	3.
Gistiheimili án veitingasölu, stórt	6.	Ljósmyndastofur með framköllun	3.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, heilsársnotkun	7.	Fangelsi, lítið	6.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, sumarnotkun	3.	Fangelsi, miðlungs	7.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	1.	Fangelsi, stórt	14.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	2.	Æfingarsvæði slökkviliðs	1.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	5.	Grunnskólar án mótuneytis	3.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	6.	Grunnskólar með móttökueldhúsi	7.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	2.	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	7.
Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhús m/veitingum	7.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis	3.
Matsölustaðir, litlir	5.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	6.
Matsölustaðir, miðlungs	6.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	7.
Matsölustaðir, stórir	10.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis	3.
Skyndibitastaðir, litlir	5.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	6.
Skyndibitastaðir, miðlungs	7.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	7.
Skyndibitastaðir, stórir	8.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám í matvælavinnslu	8.
Matsöluvagnar	5.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	3.
Brauðstofur	6.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	6.
Skemmtistaðir með matsölu	9.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	7.
Skemmtistaðir án matsölu	2.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám	8.
Kaffihús, smurt brauð	5.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	3.
Krár, kaffihús með matsölu	7.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	6.
Krár, kaffihús án matsölu	4.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	7.
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	2.	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	1.
Samkomusalir með móttökueldhúsi	3.	Tónlistarskólar	2.
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	7.	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	1.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	5.	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	3.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	6.	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	6.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	7.	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	9.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	2.	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	3.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	5.	Endurhæfing	2.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	6.	Endurhæfing með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	12.
Sala á tilbúnum mat, lítil	5.		
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6.		
Sala á tilbúnum mat, stór	10.		
Bið- og endastöðvar áætlunarbifreiða	1.		
Biðstöðvar leigubifreiða	1.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	3.	Gámastöð	4.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	7.	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	7.	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarárgangi	2.
Vistheimili, lítil	3.	Sorpflutningar og sorphirða	5.
Áfengismeðferð	3.	Sorpförgun, flokkun og vinnsla	10.
Heilsugæslustöðvar	3.	Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana	4.
Læknastofur	1.	Kirkjur	1.
Læknahús með aðgerðarstofum	3.	Kvikmyndahús	3.
Tannlæknastofur	3.	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	1.
Tannsmíðar	2.	Leikhús með móttökueldhúsi	3.
Sjúkraþjálfun	2.	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	6.
Rannsóknarstofur í læknisfræði	2.	Dansskólar	1.
Röntgenstofur	2.	Húsdýragarðar	4.
Fótaaðgerðarstofur	2.	Sundstaðir, litlir	6.
Kírópraktor	1.	Sundstaðir, miðlungs	13.
Yogastofur, heilun o.fl.	1.	Sundstaðir, stórir	16.
Húðflúrstofur	4.	Íþróttahús, lítil	2.
Húðgötun	4.	Íþróttahús, miðlungs	3.
Dýralæknastofur án röntgen	2.	Íþróttahús, stór	6.
Dýralæknastofur með röntgen	2.	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggt	16.
Dýraspítalar	3.	Íþróttavellir	1.
Heimili fyrir börn og unglina	2.	Skíðaskólar, skíðasvæði	4.
Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	5.	Hestahald, tamningar, stóðhestahús	3.
Dvalaheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	3.	Skotvellir	2.
Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	6.	Þvottahús og efnalaugar	3.
Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhús	2.	Þvottahús	2.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	4.	Efnalaugar	3.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	4.	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	2.
Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	4.	Hárgreiðslu- og rakarastofur	2.
Dagmómmur með > 6 börn	5.	Snyrtistofur	2.
Leikskólar með móttökueldhúsi	1.	Baðhús	2.
Leikskólar með fullbúið eldhús	5.	Líkbrennslur	1.
Gæsluvellir	7.	Líkamsræktarstöðvar, litlar	2.
Skóladagheimili, fullbúið eldhús	2.	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	5.
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	2.	Líkamsræktarstöðvar, stórar	5.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	4.	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	5.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	3.	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	6.
Skólpheinsistöðvar fyrir meira en 150.000 p.e.	5.	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	6.
Skólpheinsistöðvar > 10.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar eða > 2000	7.	Sólbaðstofur án heitra potta	2.
Aðrar skólpheinsistöðvar	2.	Sólbaðstofur með heitum pottum	5.
	9.	Nuddstofur	2.
	5.		



# AUGLÝSING

## um umferð í Fjarðabyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Fjarðabyggð:

### Eskifjörður

#### Aðalbrautir:

Bleiksárhlið.  
Dalbraut.  
Norðfjarðarvegur.  
Strandgata.

#### Biðskylda:

Biðskylda verði af:  
Bakkastíg inn á Grjótárveg.  
Bifreiðastæði Hulduhlíðar inn á Strandgötu.  
Bleiksárhlið inn á Grjótárveg.  
Bleiksárhlið inn á Strandgötu.  
Bogahlíð inn á Dalbraut.  
Botnabraut inn á Strandgötu.  
Brekkuarði inn á Bogahlíð.  
Dalbarði inn á Bogahlíð.  
Dalbraut inn á Norðfjarðarveg.  
Fögruhlíð inn á Bleiksárhlið.  
Fífubarði inn á Bogahlíð.  
Fífubarði inn á Dalbraut.  
Grjótárvegi inn á Strandgötu.  
Hafnargötu inn á Strandgötu.  
Hátúni inn á Botnabraut.  
Heimreið við Strandgötu 11 inn á Strandgötu.  
Heimreið við Strandgötu 63 inn á Strandgötu.  
Helgafelli inn á Norðfjarðarveg.  
Hólsvegi inn á Lambeyrarbraut.  
Kirkjustíg inn á Strandgötu.  
Kirkjustíg inn á Túngötu.  
Lambeyrarbraut inn á Strandgötu.  
Lyngbarði inn á Bogahlíð.  
Marbakka inn á Hafnargötu.  
Marbakka inn á Strandgötu.  
Réttarstíg inn á Strandgötu.  
Smiðjustíg inn á Réttarholtsveg.  
Smiðjustíg inn á Strandgötu.  
Steinholtsvegi inn á Strandgötu.  
Strandgötu inn á Bleiksárhlið.  
Tungustíg inn á Strandgötu.  
Túngötu inn á Grjótárveg.  
Útkaupstaðarbraut inn á Túngötu.

#### Stöðvunarskylda verði af:

Útkaupstaðarbraut inn á Strandgötu.

#### Einstefna:

Á Lambeyrarbraut frá Botnabraut og að bifreiðastæði við íþróttahús (Hólsvegur).

#### Bannað að leggja ökutæki:

Bleiksárhlið að sunnanverðu.  
Lambeyrarbraut að sunnanverðu.  
Strandgötu 29 A.  
Strandgötu 46 - 50 að sunnanverðu.

#### Hraðahindranir:

Bleiksárhlið við hús nr. 21.  
Bleiksárhlið við hús nr. 39.  
Bleiksárhlið við hús nr. 63.  
Bleiksárhlið við hús nr. 9.  
Hátún við hús nr. 11.

#### Gangbrautir:

Á Útkaupstaðarbraut við Standgötu.  
Dalbraut austan við Botnahlíð.  
Lambeyrarbraut við grunnskóla.  
Strandgata á mótis við grunnskóla (austan nr. 53).  
Strandgata við hús nr. 11.  
Strandgata við hús nr. 29.  
Strandgata við hús nr. 39.  
Strandgata við hús nr. 46.  
Strandgata við hús nr. 50.

#### Bifreiðastæði fyrir flutninga- og hópferðabíla:

Á svæði við smábátahöfn sunnan Strandgötu á mótis við hús nr. 29.

### Norðfjörður

#### Aðalbrautir:

Bakkavegur.  
Egilsbraut.  
Hafnarbraut.  
Melagata frá Miðstræti að Víkurbraut.  
Miðstræti.  
Mýrargata.  
Naustahvammur.  
Nesbakki.  
Norðfjarðarvegur.  
Starmýri frá Bakkavegi að Mýrargötu, nema botnlangi.  
Strandgata.  
Sverristún.  
Víkurbraut.

*Biðskýlda:*

Biðskýlda verði af:  
 Ásgarði inn á Strandgötu.  
 Ásgarði inn á Tröllaveg.  
 Bakkavegi inn á Mýrargötu og Nesgötu.  
 Blómsturvellum (austurhluta) inn á Sólvelli og vesturhluta Blómsturvallu.  
 Blómsturvellum inn á Hlíðargötu.  
 Borgarnaustum inn á Hafnarnaust og Naustaveg.  
 Borgarnaustum inn á Naustahvamm.  
 Ekrustíg inn á Skólaveg.  
 Eyrargötu inn á Nesgötu.  
 Gauksmýri inn á Starmýri.  
 Gilsbakka inn á Bakkaveg.  
 Hafnarnaustum 6 af bifreiðastæði SVN inn á Hafnarnaust.  
 Hafnarnaustum inn á Leiruveg um tvær tengingar að norðan og sunnan.  
 Hafnarsvæði austan og vestan við Egilsbraut 6 inn á Egilsbraut.  
 Hóls götu (neðri hluta) inn á Miðstræti.  
 Hóls götu (efri hluta) inn á Miðstræti.  
 Hóls götu inn á Stekkjargötu.  
 Hrafnsmýri inn á Starmýri.  
 Kvíabólsstíg inn á Sverristún.  
 Landanaustum inn á Naustahvamm.  
 Lyngbakka inn á Bakkaveg.  
 Marbakka inn á Bakkaveg.  
 Melagötu (vesturhluti) inn á Víkurbraut og Melagötu (austurhluta).  
 Melagötu inn á Hafnabraut.  
 Miðgarði inn á Tröllaveg.  
 Naustahvammi inn á Hafnarnaust.  
 Naustahvammi inn á Strandgötu.  
 Naustavegi inn á Vindheimanaust.  
 Nesbakka inn á Bakkaveg.  
 Skólavegi inn á Nesgötu.  
 Sólvöllum inn á Þiljuvelli.  
 Starmýri (vesturenda) inn á Starmýri (aðalbraut).  
 Starmýri inn á Bakkaveg.  
 Starmýri inn á Mýrargötu.  
 Stekkjargötu inn á Miðstræti.  
 Sæbakka inn á Bakkaveg að austan og vestan.  
 Urðateigi inn á Strandgötu.  
 Valsmýri inn á Starmýri.  
 Viðlegukanti við loðnubræðslu SVN inn á Naustahvamm.  
 Vindheimanaustum inn á Naustahvamm.  
 Víðimýri inn á Mýrargötu.  
 Víkurbraut inn á Hafnabraut.  
 Þiljuvöllum inn á Hóls götu og Hlíðargötu.  
 Þiljuvöllum inn á Mýrargötu og Sverristún.  
 Þórhóls götu inn á Egilsbraut.  
 Þórhólsstíg inn á Sverristún.  
 Öllum vegum og heimreiðum bæja sem liggja að Norðfjarðarvegi.

*Stöðvunarskýlda verði af:*

Árbliki inn á Nesgötu.  
 Kvíabólsstíg inn á Egilsbraut.  
 Stekkjargötu inn á Egilsbraut.  
 Tröllavegi inn á Strandgötu og Hafnabraut.

*Bannað að leggja ökutæki:*

Blómsturvellum að sunnanverðu.  
 Egilsbraut að norðan við Egilsbraut 7.  
 Egilsbraut að sunnan frá Hafnabraut að Egilsbraut 4.  
 Hafnabraut að norðan frá gatnamótum Víkurbrautar í austur 70 metra.  
 Hafnabraut að sunnan frá gatnamótum Víkurbrautar að Egilsbraut.  
 Hóls götu beggja megin frá Stekkjargötu að Miðstræti.  
 Kvíabólsstíg.  
 Miðstræti að norðan.  
 Mýrargötu að sunnan.  
 Starmýri að sunnan.  
 Stekkjargötu að vestan.  
 Urðarteig að sunnan.  
 Þiljuvöllum að sunnan.

*Hraðhindranir:*

Á Hlíðargötu við hús nr. 17.  
 Á Mýrargötu við hús nr. 23.  
 Á Mýrargötu við hús nr. 7.  
 Á Urðateigi við hús nr. 4.

*Gangbrautir:*

Á Bakkavegi austan innri gatnamóta Sæbakka og Bakkavegar.  
 Á Bakkavegi vestan við gatnamót Nesbakka og Bakkavegar.  
 Á Egilsbraut við hús nr. 1 og 7.  
 Á Hafnabraut við hús nr. 2, 4 og 6.  
 Á Miðstræti við hús nr. 14.  
 Á Mýrargötu vestan við gatnamót Víðimýrar og við hús nr. 7.  
 Á Nesgötu við hús nr. 14.

*Beygjur bannaðar:*

Hægri beygja bönnuð inn á Melagötu, þá ekið er niður Hóls götu.  
 Hægri beygja bönnuð upp Kvíabólsstíg, þá ekið er vestur Egilsbraut.  
 Vinstri beygja bönnuð inn á Egilsbraut, þá ekið er niður Kvíabólsstíg.

*Takmörkun á hraða í 35 km:*

Blómsturvellir.  
 Egilsbraut.  
 Hafnabraut frá Víkurbraut að Egilsbraut.

Hlíðargata.  
Hólsgata.  
Kvíabólsstígur.  
Melagata.  
Miðstræti.  
Nesgata frá Egilsbraut að Eyrargötu.  
Sólvellir.  
Stekkjargata.  
Sverristún.  
Víkurbraut.  
Þiljuvellir frá Sólvöllum að Hlíðargötu.

*Bifreiðastæði fyrir flutninga- og hópferðabíla:*

Á plani sunnan Hafnarbrautar austan við hús nr. 15.

*Stoppistöðvar fyrir fólksflutningabifreiðar:*

Hlíðargata 4.  
Mýrargata 10.  
Þiljuvellir við leikskólann Sólvelli.

**Reyðarfjörður**

*Aðalbrautir:*

Austurvegur.  
Búðareyri.  
Heiðarvegur.  
Mánagata.  
Norðfjarðarvegur.

*Biðskylða:*

Biðskylða verði af:  
Árgötu inn á Búðareyri.  
Ásgerði inn á Melgerði.  
Brekkgötu inn á Árgötu.  
Búðargötu inn á Búðareyri.  
Búðargötu inn á Ægisgötu.  
Eyrarstíg inn á Árgötu.  
Hafnargötu inn á Búðareyri.  
Heiðarvegi inn á Austurveg.  
Hjallanesi inn á Norðfjarðarveg.  
Hjallavegi inn á Heiðarveg.  
Hlunnavogi inn á Búðareyri.  
Hlunnavogi inn á Nesbraut.  
Holtagötu inn á Mánagötu.  
Kirkjugarðsvegi inn á Austurveg.  
Leiruvogi inn á Búðareyri.  
Lundargötu inn á Heiðarveg.

Lundargötu inn á Mánagötu.  
Mánagötu inn á Austurveg.  
Mánagötu inn á Heiðarveg.  
Melgerði inn á Austurveg.  
Nesbraut inn á Búðargötu.  
Nesbraut inn á Leiruvog.  
Óseyri inn á Austurveg.  
Réttarholti inn á Búðareyri.  
Sjávargötu inn á Nesbraut.  
Sjávargötu inn á Ægisgötu.  
Spítalækampi inn á Heiðaveg.  
Stekk inn á Búðareyri.  
Stekkjarmekku inn á Stekk.  
Stekkjargrund inn á Stekk.  
Stekkjarmekku inn á Stekk.  
Strandgötu inn á Búðargötu.  
Strandgötu inn á Hafnargötu.  
Sunnugerði inn á Austurveg.  
Sunnugerði inn á Melgerði.  
Túngötu inn á Heiðarveg.  
Vallargerði inn á Austurveg.  
Vallargerði inn á Ásgerði.  
Öldugötu inn á Óseyri.

*Einstefna:*

Á Brekkugötu, til norðurs/austurs frá útakstri á bílastæði Fosshótelis að Árgötu.

*Bannað er að leggja bifreiðum á:*

Búðareyri og Austurvegi beggja megin.  
Heiðarvegi að austan/sunnanverðu.

*Hraðahindranir:*

Á Heiðarvegi við hús númer 12.  
Á Heiðarvegi við lóð númer 9.  
Á Mánagötu við hús númer 12.

*Gangbrautir:*

Á Búðareyri við hús númer 2.  
Á Heiðarvegi við Holtagötu.  
Á Mánagötu við hús númer 12.

*Bifreiðastæði fyrir flutninga- og hópferðabíla:*

Hæðargerði/Spítalækampur.  
Ægisgata.  
Búðareyri norðan götu á móts við hús nr. 15.

Akstur á vélsleða innan þéttbýlis í Fjarðabyggð er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Bannað er að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendibifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 3,5 tonn eða þyngri inni í íbúðarhverfum. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt svæði, sem ætluð eru þessum stóru tækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Með bifreiðastæðum fyrir flutninga- og hópferðabíla er átt við skammtímalagningu en ekki geymslusvæði fyrir stóra bíla.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Eskifirði, 20. febrúar 2002.*

**Inger L. Jónsdóttir.**

17. janúar 2002

Nr. 217

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og -eyðingu í Stykkishólmi.**

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald), sbr. 9. grein samþykktar um sorphirðu í Stykkishólmi nr. 135/2002.

2. gr.

Bæjarstjórn hefur ákveðið að innheimta gjald vegna sorphirðu mánaðarlega samkvæmt flokkun eða vigt. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 14.000 á íbúð.

b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar, sem njóta sorphirðu eins og heimili, 240 l tunna á kr. 14.000.

Gjald sbr. a- og b-lið má innheimta með fasteignagjöldum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir leigu á kerjum og gámum.

4. gr.

Innheimt er fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði á hverjum tíma.

Bæjarstjórn innheimtir gjald fyrir móttækið sorp á gámastöð:

Fyrir brotamálm greiðast kr. 7.500 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.500 fyrir hvern m<sup>3</sup>, fyrir skorin dekk greiðist kr. 2.000 m<sup>3</sup>.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.000 fyrir m<sup>3</sup>.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.500 fyrir m<sup>3</sup>.  
Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.000 fyrir m<sup>3</sup>.  
Fyrir blandað ópressanlegt sorp greiðast kr. 11.000 fyrir m<sup>3</sup>.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 2.000 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 3. og 4. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings. Virðisaukaskattur er innifalinn í verðinu.

5. gr.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðu heimilissorpi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöð.

Tekið verður gjald fyrir spilliefni samkvæmt útlögðum kostnaði, að frádregnu skilagjaldi.

6. gr.

Húseigendum og fyrirtækjum sem njóta sorphirðu eins og heimili er í upphafi afhent 240 l sorpílát án endurgjalds. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda og fyrirtækja.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sem gera samning beint við sorphirðuverktaka og valda ekki kostnaði fyrir bæjarsjóð eru undanþegin álagningu sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.

Skilyrði þess er að enginn kostnaður falli á bæjarsjóð.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um leið fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 157/1998.

Pannig samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólms.

*Stykkishólmi, 17. janúar 2002.*

**Óli Jón Gunnarsson** bæjarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

*Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga.*

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis

skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðingurinn skal ávallt senda læknaþríf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðings án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðingur þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni viðkomandi læknaþríf. Komi sjúklingur til sérfræðings fyrir milligöngu annars sérfræðings skal síðari sérfræðingurinn ávallt senda læknaþríf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

#### 2. gr.

*Greiðsla sjúkratryggðra vegna þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 200.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 540/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 100.

Gjald þetta rennur til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar og komur vegna heilsugæslu í skólum. Ennfremur er unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir undanþegin gjaldskyldu.

#### 3. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17.00 og 8.00 og á laugardögum og helgidögum, skal greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára kr. 500.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 300.

Hafi lækni sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt

#### 2. gr.

Gjald þetta rennur einnig til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

#### 4. gr.

*Vitjanir.*

1. Fyrir vitjun á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

- a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
- b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris kr. 400. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 300.

2. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris kr. 600. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 400.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis.

Heimilt er að ákveða að ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiði sama vitjanagjald og aðrir, en fá mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir.

### 5. gr.

#### *Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu.*

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 36. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 10. gr., skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 1.600 og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.  
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna gleraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18 – 70 ára fullt verð samkvæmt gjaldskrá sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó b-lið.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tölul. 5. gr. þó að lágmarki kr. 250 og að hámarki kr. 18.000.
2. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. gr. skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 300. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 100.
3. Fyrir hverja komu til röntgengreiningar og beinþéttmælingar skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, 1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.

- b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 3. tölul. 5. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu og beinþéttimælingu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhaldna, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggðra um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

#### 6. gr.

##### *Sérreglur fyrir atvinnulausa.*

Einstaklingur sem verið hefur samfelld atvinnulaus í sex mánuði eða lengur skv. staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

#### 7. gr.

##### *Afsláttarskírteini.*

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 - 70 ára hefur greitt kr. 18.000 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 6.000 vegna heimsóknna barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt kr. 4.500 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Greiðslur fyrir meðferð á glasafhrjóvgunardeild Landspítalans, sbr. 10. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

#### 8. gr.

##### *Greiðslur sjúkratryggðra með afsláttarskírteini.*

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 2. - 4. og 5. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 7. gr., sem lækkar greiðslu vegna



læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini skv. þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir læknisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 200.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára, kr. 100.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára kr. 300.
3. Fyrir vitjun á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 18 ára, kr. 700.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 300.
4. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 18 ára, kr. 1.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 400.
5. Fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa:
  - a. Sjúkratryggðir, kr. 500 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tölul. 5. gr. þó að lágmarki kr. 250 og að hámarki kr. 18.000.
6. Fyrir rannsóknir:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára kr. 100.
7. Fyrir röntgengreiningu og beinþéttmælingu:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi skv. a-lið 3. tölul. 5. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.

Við komu skv. 5. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. málsgr. renna til heilsugæslustöðva, sbr. og 2. og 3. gr.

Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 4. gr.

9. gr.

*Greiðslur sjúkratryggðra fyrir læknisvottorð vegna almannatrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyrstrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna handarmeiddsla, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna utanfarar til lækninga, vegna vistunar sjúklings erlendis, vegna lýtalækninga, sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar til kaupa á bifreið fyrir fatlaða. Gjald fyrir vottorð skv. 1. mgr skal renna til stofnunar.

10. gr.

*Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar og rannsókna*

*við ófrjósemisvandamálum á glasafrjógungunardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss.*

Fyrir meðferð á glasafrjógungunardeild Landspítala-háskólasjúkrahúss skal greiða sem hér segir:

	<i>Glasafrjógungun (IVF)</i>	<i>Smásjárfrjógungun (ICSI)</i>
1. Par sem ekki á barn saman:		
a) fyrsta meðferð	kr. 137.000	kr. 164.000
b) önnur til fjórða meðferð	kr. 77.000	kr. 93.000
c) fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
2. Par sem á eitt barn saman:		
a) fyrsta til fjórða meðferð	kr. 202.000	kr. 243.000
b) fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
3. Par sem á fleiri börn saman:	kr. 256.000	kr. 307.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á glasafrjógungunardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hvernar meðferðar skal greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

4. Uppsetning frystra fósturvísa kr. 42.000.
5. Geymsla frystra fósturvísa kr. 11.000 fyrir hvert byrjað geymsluár. Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
6. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 21.000.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjógungunardeild sem ekki tengjast glasafrjógungunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

## 11. gr.

*Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.*

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. i-lið 1. málgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 er kr. 2.400.

## 12. gr.

*Greiðsla vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum.*

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 2.000 fyrir hverja komu. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða þó kr. 500. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

## 13. gr.

*Greiðsla sjúkratryggðra fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.*

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal greiða kr. 142.000.

## 14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

## 15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 20. mars 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, reglugerð nr. 81/1995 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu nr. 228/1995 og auglýsing nr. 235/1995 um frestun gildistöku reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 81/1995, með síðari breytingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

---

*Davíð Á. Gunnarsson.*

# REGLUGERÐ

## um orkunýtni straumfesta til flúrlýsingar.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til straumfesta, hvort sem um er að ræða staka íhluti eða innfellda í lampa, fyrir flúrljósgröf, sem tengjast almenna veitukerfinu sbr. lið 3.4 í Evrópu-staðli EN 50294 frá desember 1998, hér eftir nefndar straumfestur.

Reglugerðin tekur ekki til eftirtalinnar gerða af straumfestum:

- a) straumfestur sem eru sambyggðar þerum,
- b) straumfestur, sérhannaðar fyrir lampa til uppsetningar í húsgögn og mynda óaðskiljanlegan hluta hans sem ekki er unnt að prófa sérstaklega (skv. Evrópu-staðli EN 60920) og
- c) straumfestur til útflutnings til landa utan hins Evrópska efnahagssvæðis, hvort heldur sem stakir íhlutir eða innfelldir í lampa.

Straumfestur skal flokka í samræmi við viðauka I.

##### 2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Birgðasali:* Sá aðili sem fyrst setur straumfestu á markað hér á landi, þ.e. innlendir framleiðandi eða innflutningsaðili.

*Seljandi:* Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir, sýnir eða býður afnot af straumfestum.

### II. KAFLI

#### Skyldur birgðasala og seljenda.

##### 3. gr.

Eingöngu er heimilt að setja á markað straumfestur ef orkunotkun þeirra er minni eða jöfn hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrása skv. skilgreiningum í viðaukum I, II og III.

Fimm árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi er eingöngu heimilt að setja á markað straumfestur ef orkunotkun þeirra er minni eða jöfn hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrása í samræmi við ákvæði IV. viðauka.

Á átján mánaða tímabili frá því að reglugerð þessi tekur gildi er heimilt að markaðssetja straumfestur sem uppfylla kröfur sem til þeirra voru gerðar þar til reglugerð þessi tók gildi.

Birgðasali ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur skv. reglugerð þessari.

##### 4. gr.

Óheimilt er að takmarka eða hindra markaðssetningu straumfesta ef þær uppfylla kröfur reglugerðar þessarar um orkunýtni og bera CE-merkingu til marks um það.

Litið er svo á að straumfestur sem bera CE-merkingu sem krafist er skv. 5. gr. samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða.

Reglur um samræmismat og skyldur varðandi CE-merkingu straumfesta koma fram í viðauka V.

## 5. gr.

Þegar straumfestur eru settar á markað skulu þær bera CE-merkingu sem er samsett af upphafsstöfunum „CE“. Útlit merkingarinnar sem nota skal er sýnt í viðauka VI. CE-merkingin skal vera á straumfestum og umbúðum þeirra, þannig að hún sjáist vel og sé læsileg og óafmáanleg.

Þegar straumfestur eru markaðssettar innfelldar í lampa skal CE-merkingin vera á lömpunum og umbúðum þeirra.

## 6. gr.

Birgðasala er skylt að halda skrá yfir straumfestur sem hann hefur á boðstólum. Hann skal einnig hafa tiltæk afrit af samræmisýfirlýsingum og tæknigögnum, sbr. viðauka V.

Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um birgðasala allra þeirra straumfesta sem hann hefur á boðstólum.

## III. KAFLI

**Eftirlit.**

## 7. gr.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar en yfirtirlit skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Eftirlitsaðila á vegum Löggildingarstofu er heimilt að skoða straumfestur hjá birgðasala og seljanda, taka sýnishorn til rannsóknar og krefjast afrita af skrám og öðrum gögnum sem þessum aðilum er skylt að halda.

## 8. gr.

Ef straumfesta uppfyllir ekki ákvæði II. kafla getur Löggildingarstofa bannað sölu hennar.

Ef birgðasali torveldar skoðun eða rannsókn á straumfestu getur Löggildingarstofa bannað sölu hennar.

Löggildingarstofu ber að tilkynna birgðasala um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er.

Birgðasala skal veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þ.m.t. fara fram á prófun straumfestunnar hjá faggiltri prófunarstofu á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal hann greiða allan kostnað við prófunina nema í ljós komi að straumfestan uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.

## 9. gr.

Ef Löggildingarstofa bannar sölu straumfestu eða hindrar á annan hátt markaðssetningu straumfestu á grundvelli reglugerðar þessarar skal hún tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun sína, ásamt rökstuðningi og útskýringum.

Með tilkynningar skv. þessari grein skal að öðru leyti farið í samræmi við reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði.

## 10. gr.

Ákvörðun Löggildingarstofu getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðar- og viðskiptaráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var kunnugt um ákvörðunina eða mátti vera um hana kunnugt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

IV. KAFLI  
**Gildistaka og lagaheimild.**

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/2000 um orkunýtnikröfur.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 2000/55/EB frá 18. september 2000 um orkunýtnikröfur sem gilda um straumfestur fyrir flúrlýsingu (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);
2. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2001 frá 28. september 2000 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*

I. VIÐAUKI  
**Flokkar straumfesta.**

Ef reikna á út hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrásu fyrir tiltekna straumfestu skal fyrst setja viðkomandi straumfestu í viðeigandi flokk úr eftirfarandi skrá:

Flokkur	Lýsing
1	Straumfesta fyrir aflanga perugerð
2	Straumfesta fyrir samþjappaða tveggja pípu perugerð
3	Straumfesta fyrir samþjappaða fjögurra pípu flata perugerð
4	Straumfesta fyrir samþjappaða fjögurra pípu perugerð
5	Straumfesta fyrir samþjappaða sex pípu perugerð
6	Straumfesta fyrir samþjappaða perugerð 2 D

II. VIÐAUKI  
**Aðferð til þess að reikna út hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrásu fyrir tiltekna gerð straumfestu.**

Hámarksílagsorka straumrásar ákvarðar orkunýtni straumfestu- og perustraumrásar. Þetta er fall af orku perunnar og gerðar straumfestu. Af þessum sökum er hámarksílagsorka straumfestu- og perustraumrásu fyrir tiltekna straumfestu skilgreind sem hámarksorka straumfestu- og perustraumrásar með mismunandi gildi fyrir orku hverrar peru og hverja gerð straumfestu.

Hugtökin, sem eru notuð í þessum viðauka, svara til skilgreininga í Evrópustaðli EN 50294 frá desember 1998 sem Evrópsku rafstaðlasamtökin hafa samþykkt.

### III. VIÐAUKI Fyrsta þrep.

Hámarksílagsorka straumfestu- og perustraumrás, gefin til kynna í W, er skilgreind í eftirfarandi töflu:

Flokkur straumfesta	Peruorka		Hámarksílagsorka straumfestur- og perustraumrás
	50 Hz	HF	
1	15 W	13,5 W	25 W
	18 W	16 W	28 W
	30 W	24 W	40 W
	36 W	32 W	45 W
	38 W	32 W	47 W
	58 W	50 W	70 W
	70 W	60 W	83 W
2	18 W	16 W	28 W
	24 W	22 W	34 W
	36 W	32 W	45 W
3	18 W	16 W	28 W
	24 W	22 W	34 W
	36 W	32 W	45 W
4	10 W	9,5 W	18 W
	13 W	12,5 W	21 W
	18 W	16,5 W	28 W
	26 W	24 W	36 W
5	18 W	16 W	28 W
	26 W	24 W	36 W
6	10 W	9 W	18 W
	16 W	14 W	25 W
	21 W	19 W	31 W
	28 W	25 W	38 W
	38 W	34 W	47 W

Pegar straumfestur eru hannaðar fyrir peru, sem lendir milli tveggja gilda, sem eru gefin til kynna í töflunni hér að framan, er hámarksílagsorka straumfestu- og perustraumrásar reiknuð út með línulegri brúun milli tveggja gilda fyrir hámarksílagsorku tveggja næstu peruorkugilda í töflunni.

Sem dæmi má nefna að, ef straumfesta í 1. peruflokki er flokkuð fyrir 48 W peru við 50 Hz, skal reikna út hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrásar með eftirfarandi hætti:

$$47 + (48 - 38) * (70 - 47)/(58 - 38) = 58,5 \text{ W}$$

IV. VIÐAUKI  
**Annað þrep.**

Hámarksílagsorka straumfestu- og perustraumrásar, gefin til kynna í W, er skilgreind í eftirfarandi töflu:

Flokkur straumfesta	Peruorka		Hámarksílagsorka straumfestur- og perustraumrásar
	50 Hz	HF	
1	15 W	13,5 W	23 W
	18 W	16 W	26 W
	30 W	24 W	38 W
	36 W	32 W	43 W
	38 W	32 W	45 W
	58 W	50 W	67 W
	70 W	60 W	80 W
2	18 W	16 W	26 W
	24 W	22 W	32 W
	36 W	32 W	43 W
3	18 W	16 W	26 W
	24 W	22 W	32 W
	36 W	32 W	43 W
4	10 W	9,5 W	16 W
	13 W	12,5 W	19 W
	18 W	16,5 W	26 W
	26 W	24 W	34 W
5	18 W	16 W	26 W
	26 W	24 W	34 W
6	10 W	9 W	16 W
	16 W	14 W	23 W
	21 W	19 W	29 W
	28 W	25 W	36 W
	38 W	34 W	45 W

Pegar straumfestur eru hannaðar fyrir peru, sem lendir milli tveggja gilda, sem eru gefin til kynna í töflunni hér að framan, er hámarksílagsorka straumfestu- og perustraumrásar reiknuð út með línulegri brúun milli tveggja gilda fyrir hámarksílagsorku tveggja næstu peruorkugilda í töflunni.

Sem dæmi má nefna að, ef straumfesta í 1. peruflokki er flokkuð fyrir 48 W peru við 50 Hz, skal reikna út hámarksílagsorku straumfestu- og perustraumrásar með eftirfarandi hætti:

$$45 + (48 - 38) * (67 - 45)/(58 - 38) = 56 \text{ W}$$



## V. VIÐAUKI


**Reglur um samræmismat (aðferðareining A).**

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig birgðasali sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að straumfestan fullnægi kröfum þessarar reglugerðar. Birgðasali skal ganga úr skugga um að hver straumfesta sem hann framleiðir og/eða setur á markað beri CE-merkingu og að tiltæk sé skrifleg samræmisýfirlýsing.
2. Birgðasali skal hafa tækniskjölin sem lýst er í 3. lið tiltæk til skoðunar fyrir viðkomandi yfirvöld í landinu í minnst þrjú ár eftir að síðasta straumfestan hefur verið framleidd.
3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi straumfestunnar við kröfur þessarar reglugerðar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat, taka til hönnunar, framleiðslu og vinnslu vörunnar og innihalda:
  - i. nafn og heimilisfang framleiðandans;
  - ii. almenna lýsingu á tegundinni sem nægir til óyggjandi auðkenningar á vörunni;
  - iii. upplýsingar, þar á meðal teikningar ef við á, um helstu hönnunarsérkenni tegundarinnar og einkum atriði sem hafa greinileg áhrif á raforkunotkun hennar;
  - iv. notkunarleiddbeiningar;
  - v. niðurstöður mælinga á raforkunotkun gerðar samkvæmt 5. lið;
  - vi. ítarlegar upplýsingar um samræmi þessara mælinga við kröfur um orkunotkun sem settar eru fram í I. viðauka.
4. Nota má tækniskjöl, sem eru útbúin samkvæmt öðrum lögum og reglugerðum, að því tilskildu að þau uppfylli kröfur þessa viðauka.
5. Birgðasali ber ábyrgð á að raforkunotkun hverrar straumfestu sé ákvörðuð í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í Evrópustaðlinum EN 50294 frá desember 1998 og jafnframt að straumfestan uppfylli kröfur 3. gr.
6. Birgðasali skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni með tækniskjölunum.
7. Birgðasali skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggji að framleiddar straumfestur séu í samræmi við tækniskjölin sem um getur í 2. lið og við kröfur reglugerðar þessarar.

## VI. VIÐAUKI

**CE-samræmismerking.**

Samræmismerkingin skal samanstanda af upphafstöfunum „CE“ með eftirfarandi sniði:



Ef CE-merkingin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkingarinnar skulu í megindráttum hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 2002

21. mars 2002

561

Nr. 220

## GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

### 1. gr.

	kr.
Heimsóknargjald vegna sæðinga:	700
Gjald fyrir sæðingu hjá skýrsluhöldurum:	1.300
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru í skýrsluhaldi:	1.750
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu:	4.200
Gjald fyrir sæði úr holdanautum:	1.200
Bókhald – grunnjald fyrir 1/2 ár:	7.000
Sértækar leiðbeiningar og vinna við bókhald fyrir félagi í búnaðarfélagi:	2.800 kr./klst.
Sértækar leiðbeiningar og vinna við bókhald fyrir bændur á starfssvæði	
B.V. utan búnaðarféлага:	3.200 kr./klst.
Árgjald Betri bú, fyrsta búskaparár frítt:	15.000 kr./ár
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði B.V.	6.000 kr./klst.
Almennar leiðbeiningar, fyrir bændur á starfssvæði B.V.	0

Þeir sem sæða allar kýr og kvígur fá unna nautavals áætlun án aukagjalds. Fyrsta búskaparár verði gjaldfrjálst í verkefninu Betri bú.

Heimsóknargjald verður innheimt við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga og á það einnig við hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og þegar notað er holdanautasæði.

Innheimt er gjald af mjólkurframleiðendum 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma.

### 2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 854/2001 fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk,  
markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.**

1. gr.

Ný 14. gr. orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, veitt undanþágu frá litamerkingu búfjár séu sérstakar aðstæður fyrir hendi.

2. gr.

14. gr. reglugerðar nr. 200/1998 verður 15. gr.

3. gr.

Reglugerð, þessi sem sett er skv. heimild í XI. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um stjórn og fundarsköp Norður-Héraðs.

#### I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Sveitarstjórn Norður-Héraðs er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

##### 2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

##### 3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Norður-Héraðs samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

##### 4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

##### 5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

##### 6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Norður-Héraðs er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

## II. KAFLI

**Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.**

## 7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu í stofnunum sveitarfélagsins hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdastjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

## 12. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

## 13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

## 14. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð auka-fundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

## 15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

## 16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

## 17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi sveitarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema oddviti og/eða sveitarstjórn ákveði annað.

## 21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og til-lögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

## 23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar

sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um framkvæmdastjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

#### 24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

#### 25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

#### 26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

#### 27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.



## 28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

## 32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskrá fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

### III. KAFLI

#### Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

##### 33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tíma- bil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

##### 34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku- semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður ein- ungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

##### 35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitar- stjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðsl- unni.

##### 36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindr- aðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsinga- öflunar vegna starfa sinna.

##### 37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

## 38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá þóknun úr sveitarsjóði samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

## IV. KAFLI

**Nefndir, ráð og stjórnir.**

## 43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

## 44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

## 45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

## 47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

## 48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

## 49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

## 50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

## 51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum kosningum:

1. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk atvinnumálanefndar er að vera sveitarstjórn og íbúum til ráðuneytis um allt er varðar atvinnumál í sveitarfélaginu og fylgjast með og stuðla að framþróun þeirra mála á Norður-Héraði; að ýta undir almannan áhuga á atvinnumálum sveitarfélagsins og stuðla að aukningu á nýjum störfum innan sveitarfélagsins og annast tengsl við þau fyrirtæki sem hlutaféhefur verið lagt til. Nefndin skal ráðstafa því fé sem varið er til nýsköpunar eða stuðnings atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Atvinnumálanefnd gegnir jafn-

- framt starfi jafnréttisnefndar í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og annast önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.
2. *Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd skal einnig annast málefni húsnæðismála skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
  3. *Fjallskílanefndir*. Nefndirnar skulu vera tvær, sín hvorum megin Jökulsár á Dal. Hvor þeirra skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara.
  4. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Sveitarstjórn hefur heimild til að skipa hverfiskjörstjórnir.
  5. *Rekstrarnefnd bygginga og fasteigna*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með eignum sveitarfélagsins. Hlutverk rekstrarnefndar bygginga og fasteigna á Norður-Héraði er: Að sjá um að ljúka við íþróttahúsbyggingu og samræma rekstur íþróttamannvirkja og félagsheimila. Einnig má fela nefndinni rekstur og framkvæmdir á og við aðrar fasteignir sveitarfélagsins, t.d. Sænautasel og fleiri. Nefndin skal halda fundi að minnsta kosti tvisvar á ári eða oftár ef þörf krefur. Nefndin skal árlega fara yfir fjárhagstillögur fyrir þær fasteignir sem nefndinni er falið að hafa umsjón með og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir til. Enn fremur fylgist nefndin eftir föngum með hvernig fjárhagsáætlanir fyrir fasteignirnar standast. Nefndin gerir tillögur að lánsfjárbörf ef ljúka þarf sérstökum byggingaráföngum. Nefndin skal í samráði við sveitarstjóra líta eftir því að fasteignir/hús séu búin nauðsynlegum búnaði og eðlilegt viðhald fari fram. Nefndin í samráði við sveitarstjóra gerir tillögu að ráðningu húsvaðar (starfsmanns) til að annast daglegan rekstur.
  6. *Sköðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
  7. *Búfjáreftirlitsmenn*. Þrír og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
  8. *Skólanefnd grunn-, leik- og tónlistarskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd er jafnframt stjórn bókasafns í sveitarfélaginu.
  9. *Fulltrúi í stjórn Minjasafns*.
  10. *Stjórn Héraðsskjalasafns*. Fulltrúi kosinn samkvæmt samningi þar um.
  11. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi.
  12. *Þing Sambands sveitarfélaga Austurlands*. Einn fulltrúi samkvæmt samþykktum sambandsins.
  13. *Héraðsnefnd*. Einn fulltrúi samkvæmt samningi.
  14. *HAUST*. Einn fulltrúi samkvæmt samningi.
  15. *Stjórn skólaskrifstofu*. Einn fulltrúi samkvæmt samningi um skólaskrifstofu.
- B. Nefndir sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum með fyrirvara um að sveitarfélagið eigi mann í viðkomandi nefndum.
1. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
  2. *Barnaverndarnefnd*. Einn aðalmaður og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
  3. *Félagsmálanefnd*. Einn aðalmaður og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
  4. *Gróðurverndarnefnd*. Einn aðalmaður og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.

5. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
6. *Heilbrigðisstofnun Austurlands*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

## V. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri sveitarfélagsins undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjórnunum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

### 58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

### 59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

### 60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

### 61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

### 62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

### 63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Norður-Héraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Norður-Héraðs nr. 609/2000.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. mars 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

18. mars 2002

Nr. 223

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, breytist þannig:

### III. Tengigjöld.

Tengigjaldakaflinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kaflinn fjallar um hitaveitur og fjórði kaflinn er almennur kaflí.

#### 1. Þéttbýli.

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

#### 1.1 Heimtaugar.

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráða-birgðaheimtaugar.

#### 1.2 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir annan notenda á sömu heimtaug greiðast 17.700 kr. fyrir hvern notanda.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð	kr.
50 A Einfasa .....	101.800
50 A Þriggja fasa .....	114.000



	kr.
100 A þriggja fasa .....	180.000
200 A þriggja fasa .....	362.000
315 A þriggja fasa .....	570.000
400 A þriggja fasa .....	723.000
500 A þriggja fasa .....	903.000
630 A þriggja fasa .....	1.139.000
800 A þriggja fasa .....	1.448.000
1200 A þriggja fasa .....	2.060.000

Tengigjöld geta þó hækkað við frávik samanber grein 1.9.

### 1.3 Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómelda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 34.900 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 292 kr./m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er undanskilin í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir skriflegu tilboði.

### 1.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	kr.
50 A Einfasa .....	17.700
50 A þriggja fasa .....	25.000
100 A þriggja fasa .....	27.300

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

### 1.5 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.

### 1.6 Staðsetning.

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.

### 1.7 Framkvæmd.

Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.

### 1.8 Spennistöð.

Purfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

### 1.9 Aukakostnaður og frávik.

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en

1200 A gerir RARIK skriflegt tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 17.700 kr. fasts gjalds. Skoða skal töflu í grein 1.2 sem lágmarksgjald fyrir tilboð í heimtaug. Sé fyrirsjáanlegt vegna lengdar heimtaugar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar eða stækkun verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

#### 1.10 Götulýsing.

Gjald fyrir uppsetningu götuljósá í þéttbýli er eftirfarandi:	kr.
Stífgalýsing 4-5 m, 80 W HQ, 30 m strengur .....	70.800
Götuljósastaur 6,3 m, 100 W NA, 28 m strengur .....	86.000
Götuljósastaur 6,3 m, 125 W HQ, 28 m strengur .....	82.500
Götuljósastaur 8 m, 100 W NA, 33 m strengur .....	100.500
Götuljósastaur 8 m, 125 W HQ, 33 m strengur .....	97.200
Götuljósastaur 10 m, 150 W NA, 40 m strengur .....	124.000

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir skriflegu tilboði.

Fyrir staura umfram 10 stk. er veittur 15% afsláttur þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

## 2. Dreifbýli.

#### 2.1 Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafll	kr.
5 kVA Heimtaug .....	230.000
10 kVA Heimtaug .....	253.000
25 kVA Heimtaug .....	295.000
50 kVA Heimtaug .....	362.000
100 kVA Heimtaug .....	467.000

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirleggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri tengjast í upphafi eða ef spennistöð er til staðar.

Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 350 m ..... 801 kr.

Notandi sem er lengra en 350 m frá spennistöð greiðir samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni og hið sama á við um stækkanir síðar meir.

Sé fyrirsjáanlegt vegna aðstæðna að kostnaður við lagningu verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 2.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 17.700 kr. fasts gjalds. Verði kostnaður við stækkun meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.2 *Eftirlit.*

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggji í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3 *Fjöldi og lengd.*

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir gr. 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt gr. 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt skriflegu tilboði.

2.4 *Uppbygging.*

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimilud innan ramma gjaldskrár.

2.5 *Lega.*

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við tæknilega tengiskilmála *TT 3.6 / 3.11*. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

2.6 *Ný háspennulögn.*

Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærri upphæð en 573.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í gr. 2.11 um kostnaðarþátttöku notenda sem síðar tengjast línunni og endurkröfurétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.

2.7 *Ný spennistöð.*

Fyrir nýja spennistöð, einfasa eða þriggja fasa, greiðir notandi fast verð.

Spennistöð	kr.
10 kVA	272.000
25 kVA	348.000
50 kVA	435.000
100 kVA	522.000

Sama verð greiðist hvort sem um einfasa eða þriggja fasa spennistöð er að ræða. Stærri spennistöðvar eru afgreiddar eftir tilboði hverju sinni. Til viðbótar greiðslu fyrir spennistöðina greiðir notandi samkvæmt grein 2.1 fyrir heimtaugina. Verði kostnaður við spennistöð meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.8 *Þrífösun spennistöðvar.*

Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera 130.000 kr. auk 32.600 kr. á hvern notanda þar sem skipta þarf um spennistöð. Fyrir þrífösun spennistöðvar

sem fram fer samhliða því að RARIK er að þrífasa og endurnýja háspennukerfið greiðir hver notandi 57.300 kr. Fyrir þrífösun síðar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast 75.000 kr. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

#### 2.9 *Þrífösun háspennulagnar.*

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt skriflegu tilboði RARIK allt að 573.000 kr. Fyrir kostnað umfram 573.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

#### 2.10 *Endurkröfuréttur.*

Hafi notandi greitt hærri upphæð en 573.000 kr. fyrir nýja háspennulögn eða þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notenda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.

#### 2.11 *Aukakostnaður og frávík.*

Gjald fyrir heimtaugar og spennistöðvar sem eru stærri en getið er um í greinum 2.1 og 2.7 er samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni, þó að lágmarki samkvæmt greinum 2.1 og 2.7. Sama gildir um hverfi sem ekki uppfylla greinar 2.3. og 2.4.

Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (gr. 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).

#### 2.12 *Breytingar.*

Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir skriflegu tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loflínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.

Séu fleiri en ein loflínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.

#### 2.13 *Götuljós.*

Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósa í dreifbýli skal vera eftir skriflegu tilboði RARIK hverju sinni.

### 3. Hitaveitur.

#### 3.1 *Tengigjöld.*

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er .....	114.000 kr.
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast .....	43.500 kr.

#### 3.2 *Takmörkun*

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

#### 3.3 *Aukakostnaður.*

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt gr. 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

#### 3.4 *Frávik og breytingar.*

Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

### 4. Annað.

#### 4.1 *Gjöld.*

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

#### 4.2 *Frágangur.*

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.

#### 4.3 *Endurtenging.*

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.

#### 4.4 *Breytingar.*

Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## SAMÞYKKT

### um rotþrær og safntanka fyrir Kópavog.

*Gildissvið.*

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa og safntanka í lögsagnarumdæmi Kópavogsbæjar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar eftir því sem við á og ákvæði reglugerða nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

*Skilgreiningar.*

2. gr.

*Rotþró* er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um stærð, gerð og frágang rotþróa.

*Safntankur* er tankur sem fangar frárennslisvatn frá húseignum. Safntankur er án frárennslis og með loftun og stút til tæminga sem liggur ofar en niðurföll í viðkomandi húsi.

*Almenn ákvæði.*

## 3. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Kópavogi, sem ekki er unnt að tengja við holræsi bæjarins, skal leiða gegnum rotþró eða í safntank. Umsókn um rotþró eða safntank skal senda til byggingarfulltrúa Kópavogs. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa sem kveður á um að fylgt sé reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþró, safntankur og lagnir eru eign húseiganda.

## 4. gr.

Í rotþró eða safntank skal leiða skólp, baðvatn, þvottavatn og vatn úr niðurföllum innanhúss og niðurfalli við bílgeymslu utanhúss.

## 5. gr.

Afrennsli frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar. Þegar hús aftengjast rotþró og tengjast í þess stað fráveitu bæjarins, sbr. 10. gr., ber húseiganda að tryggja að vatn frá þessum stöðum sé leitt í regnvatnslagnir bæjarins.

*Staðsetning.*

## 6. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsú innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 5 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni en 5 m. Verði siturlögn eða sandsú ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingarfulltrúi samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir.

## 7. gr.

Staðsetja skal safntank innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 5 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minna en 5 m.

## 8. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar og safntanks skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfríar.

*Frárennsli rotþróar.*

## 9. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsú. Byggingarfulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að frárennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

*Tenging við holræsakerfi bæjarins.*

## 10. gr.

Skýlt er að tengja frárennislögn húss við holræsakerfi Kópavogsbæjar þegar heimtaug er komin inn fyrir lóðarmörk húseiganda.

*Rekstur rotþróar og safntanks.*

## 11. gr.

Rotþró og safntank skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseig-

andi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 12. gr.

Rotþró skal hreinsa eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en á tveggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

## 13. gr.

Safntank skal hreinsa eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en árlega. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

*Framkvæmd hreinsunar.*

## 14. gr.

Kópavogsbær eða aðili á hans vegum annast hreinsun rotþróa og safntanka í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

## 15. gr.

Kópavogsbær getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró eða safntanki að annast sjálfur hreinsun. Hún skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsa hreinsunar, sbr. 11. gr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingarvottorðum.

*Hreinsunarkostnaður.*

## 16. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu skal hver húseigandi greiða árlegt hreinsunargjald sem ákveðið er af bæjarstjórn Kópavogs. Gjald þetta innheimtist samhliða innheimtu fasteignagjalda. Gjald þetta miðast við hreinsun annað hvert ár.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróar er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró við útihús er að ræða eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar tíðni hreinsunar.

Gjöld þessi skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið. Bæjarstjórn Kópavog setur gjaldskrá í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Málsskot/viðurlög.*

## 17. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samþykktar þessarar er heimilt að skjóta málinu til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Lagastoð og gildistaka.*

## 18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur þeirra húseigna sem ekki eru tengdar við holræsakerfi Kópavogs við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2003 til að uppfylla ákvæði hennar.

Á svæðum þar sem Kópavogsbær áætla að leggja frárennislögn að lóð, sbr. 10. gr., fyrir 31. desember 2006 er heilbrigðisnefnd heimilt að veita undanþágu frá einstökum þáttum samþykktarinnar varðandi úrbætur.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

16. janúar 2002

Nr. 225

## GJALDSKRÁ

### byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppdráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 4.800.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 48 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

#### 3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

#### 4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

#### 5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlags nr. 73/1997.



## 6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúm-metragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingar-leyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrir en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

## 7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyf-ins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, bygg-ingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

## 8. gr.

Byggingarleyfisgjöld samkvæmt 2. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert. Miða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6 samkvæmt almennum reiknireglum. Lágmarksgjald skal námundað í slétt hundrað króna og rúmmetragjald vera 1% þess.

## 9. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. bygg-ingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

*Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.*

**Jóhann Sigurjónsson** bæjarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### vegna úttekta-, vottorða- og íbúðaskoðanagjalda í Mosfellsbæ.

## 1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygg-inga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða-, og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Vegna áfangaúttekta sbr. 48. gr., stöðuúttekta sbr. 55. gr., lokaúttekta sbr. 53. gr., meist-araskipta sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/998 skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	4.500
B) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	9.000

C) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	9.000
D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	4.500
E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta	9.000

## 3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta samkvæmt A-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

## 4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um fokheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðsgjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fokheldisvottorð	14.000
B) Vottorð um stöðuúttekt	5.000
C) Lokaúttektarvottorð	5.000

## 5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

## 6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. liði B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða er við afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

## 8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

## 9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Míða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6.

Við framreikning skal gjaldupphæð námunduð, samkvæmt reiknireglu í slétt hundrað króna.

## 11. gr.

Innheimt, úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

## 12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

*Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.*

**Jóhann Sigurjónsson** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 27/1998:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar úr kr. 108,48 í kr. 100,05.

Þessi breyting tekur gildi 1. janúar 2002.

Heimæðargjald fyrir heitt vatn hækkar um 8,4% frá og með birtingu auglýsingar þessarar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlist gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Heimtaugargjald fyrir rafmagn hækkar um 8,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 14. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Þorgeir Örlygsson.*

# AUGLÝSING

## um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

### *Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 12. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal. Í breytingunni fólst breytt afmörkun athafnalóða við Suðurlandsveg. Þar sem breytingin hafði ekki íþyngjandi áhrif á hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar var tillagan hvorki auglýst né grenndarkynnt. Af þeim sökum gerði Skipulagsstofnun athugasemd við að auglýsing um gildistöku hennar yrði birt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Suðurhlíð, dreifistöð.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 22. janúar 2002, breytingu á deiliskipulagi í Suðurhlíðum, norðan við lóð Suðurhlíðaskóla. Breytingin fól í sér lóðarafmörkun og heimild til byggingar lítillar dreifistöðvar fyrir rafmagn. Þar sem breytingin hafði ekki íþyngjandi áhrif á hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar var tillagan hvorki auglýst né grenndarkynnt. Af þeim sökum gerði Skipulagsstofnun athugasemd við að auglýsing um gildistöku hennar yrði birt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Miklabraut/Kringlumýrabraut/Grensásvegur, göngubrú.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001, breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar milli Kringlumýrabrautar og Grensásvegur. Breytingin felst í því að heimilt verður að byggja göngubrú á milli Kringlunnar og íþróttasvæðis Fram, auk breytinga á stígakerfi tengdu þeirri framkvæmd.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Skálafell.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2001, deiliskipulag fyrir skíðasvæði í Skálafelli. Skipulagið gerir m.a. ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að byggja þjónustumiðstöð, þjónustuhús, 10 smáhýsi, fimm skíðalyftur o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag landa fyrir sumarhús að Böðmóðsstöðum II og Hléskógum í landi Miðdalskots, Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 27. febrúar 2002 samþykkt deiliskipulag landa fyrir sumarhús að Böðmóðsstöðum II og Hléskógum í landi Miðdalskots, Laugardalshreppi. Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 14. mars 2002.*

**Guðmundur Rafnar Valtýsson** oddviti Laugardalshrepps.

## AUGLÝSING

### um umferð í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hornafjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:
  - Litlubrú við Hafnarbraut
  - Litlubrú við Sandbakkaveg
  - Tengigötu milli Víkurbrautar 24 og 26
  - Hagaleiru við Fákaleiru og Álaleiru.
2. Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:
  - Sunnan við gatnamót Sandbakkavegar, Sandbakka og Litlubrúar.
  - Víkurbraut 20 við Hótel Höfn
  - Tengigötu milli Víkurbrautar 24 og 26.
  - Fyrir framan Víkurbraut 31, heilsugæslu.
  - Víkurbraut norðvestanmegin við gatnamót Hafnarbrautar og Víkurbrautar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi .

*Höfn, 14. mars 2002.*

Sýslumaðurinn á Höfn,

**Páll Björnsson.**

# SAMÞYKKT

## um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

### 1. gr.

Fráveituvatni frá húsum í Eyjafjarðarsveit skal veitt um rotþrær og siturlögn skv. leiðbeiningum sem Hollustuvernd ríkisins gefur út, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem jafnframt annast úttekt á framkvæmdum við fráveitugerðina. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að beita húseiganda dagsektum ef hann sinnir ekki fyrirmælum um úrbætur varðandi fráveitur og skólp svo lengi sem fyrirmæli eru ekki virt.

### 2. gr.

Þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur er heimilt að nota þurrsalerni. Almennt skal slík heimild þó ekki veitt nema um sé að ræða frístundahús eða skýli þar sem viðdvöl er yfirleitt stutt eða árstíðabundin. Búnður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

### 3. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal fara fram með kerfisbundnum hætti, sbr. 1. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999, um meðhöndlun seyrur. Óheimilt er að losa seyrur úr rotþróum nema á samþykktum förgunarstöðum og er tæming þrónna og meðhöndlun seyrunnar einungis heimil þeim sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

### 4. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal almennt ekki fara fram sjaldnar en á þriggja ára fresti. Til að standa undir kostnaði við verkið skal eigandi greiða árlegt rotþróargjald. Gjaldið skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

### 6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 19. mars 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er öðlist gildi 1. maí 2002.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

#### **Þjónustugjöld.**

Við þennan lið bætist nýtt gjald:

Seðilgjald ..... 100 kr.

*Iðnaðarráðuneytinu, 20. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Borgarbyggð.

#### I. KAFLI

#### Um fráveitur.

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Borgarbyggð.

##### 2. gr.

Borgarbyggð starfrækir fráveitur í Borgarnesi og á Bifröst. Sveitarstjóður kostar rekstur þeirra og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarstjórns til reksturs og framkvæmda viðþær. Borgarbyggð getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæknideild Borgarbyggðar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

##### 3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarstjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfé-

lagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

#### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

#### 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum Borgarbyggðar og skal heilbrigðinefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

#### 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

#### 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

#### 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

#### 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Borgarbyggð erskyld að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.



## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess aðþær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frá-ræsislagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## II. KAFLI

**Um fráveitu- og rotþróargjald.**

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í Borgarbyggð sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið má taka lög taki og má gera lög tak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Borgarbyggðar.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

## 19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

## 20. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

## 21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi fyrir Borgarnes nr. 170/1973.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni.**

## 1. gr.

Breytingar á 1. tl. 1. mgr. 2. gr.:

a. Í stað: „1.273“ komi: 1.909.

b. Í stað: „182.532“ komi: 181.896.

Breytingar á 5. tl. 1. mgr. 2. gr. Í stað „65.000“ komi: 65.273.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 62, 25. janúar 2002,  
um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.**

1. gr.

Í stað: „til og með“ í 2. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr. og í 2. mgr. 3. gr. komi: til kl. 10.00.

2. gr.

Í stað orðanna: „Frá Gjögurvita (á Ströndum)“ í B-lið 3. gr. reglugerðarinnar komi: Frá Hornbjargsvita.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

Nr. 237

8. mars 2002

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag Grunda og Ása í Garðabæ.**

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti 15. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi Grunda og Ása í Garðabæ. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gatnakerfi atvinnulóða og íbúðalóða er aðgreint, gerð er tillaga um nokkrar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús, grunnskóla, hönnunarsafn og leikskóla og gerðir eru heildarskilmálar fyrir hverfin.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. mars 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

Nr. 238

7. mars 2002

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins  
á sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 7. mars 2002 staðfest sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 7. mars 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, nr. 75/1999.

1. gr.

Í stað „11“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

2. gr.

Í stað „fimm“ í 44. gr. kemur: þrjá.

3. gr.

Í stað „Fimm“ í 1. tölul. A-liðar 57. gr. kemur: Þrír.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. mars 2002.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Að fenginni tillögu borgarráðs, sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að opna Hafnarstræti fyrir umferð til austurs, milli Pósthússtrætis og Lækjargötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. mars 2002.*

Böðvar Bragason,  
e.u. **Ingimundur Einarsson.**

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt:

Nýtt deiliskipulag við Réttarheiði, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 8. nóvember 2001.

Nýtt deiliskipulag Fagrahvammsstúns, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 18. febrúar 2002.

Tilheyrandi greinargerðir og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 7. mars 2002.*

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,  
**Guðmundur F. Baldursson.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir Dyrhólaey, Mýrdalshreppi.

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 14. mars 2002 var samþykkt á grundvelli 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að afturkalla fyrri samþykkt um deiliskipulag Dyrhólaeyjar frá 18. maí 2000 sem auglýst var í Stjórnartíðindum B 12 2001 nr. 93.

Þetta er gert til að eyða óvissu um lögmæti fyrri samþykktar sem gerð var áður en lög nr. 170/2000 um breytingar skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 tóku gildi.

*Vík, 18. mars 2002.*

F.h. sveitarstjórnar,  
**Sveinn Pálsson** skipulags- og byggingarfulltúi.

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera *kr. 1.320* frá 1. apríl 2002 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 195, 14. mars 2002.

*Viðskiptaráðuneytinu, 19. mars 2002.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

#### 1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innfjarðarækja samtals .....	2.390
þ.a. Arnarfjörður .....	750
þ.a. Ísafjarðardjúp .....	1.500
þ.a. Húnaflói .....	0
þ.a. Skagafjörður .....	0
þ.a. Skjálíandi .....	0
þ.a. Öxarfjörður .....	140

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson..*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 2002

Nr. 245

598

22. mars 2002

## REGLUGERÐ

### um slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

#### 1. gr.

Slysatrygging íþróttafólks tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í formbundnum félögum, sem hafa íþróttaiðkun að meginmarkmiði og eru aðilar að Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands eða Kraftlyftingasambandi Íslands.

#### 2. gr.

Með íþróttaiðkun er átt við sýningar eða keppni á vegum íþróttafélaga samkvæmt 1. gr. svo og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni eða sýningum.

#### 3. gr.

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum, sýningum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks samkvæmt reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnis- eða sýningarferðalögum, innanlands sem utan, nema þau sem verða við æfingar, sýningar eða keppni, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

Tilkynning um íþróttaslys skal send Tryggingastofnun ríkisins. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimpluð af íþróttafélaginu. Einnig skulu fylgja aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo sem áverkavottorð þess læknis sem skoðaði slasaða fyrst eftir slysið, sbr. nánar reglur tryggingaráðs nr. 709/1999 um tilkynningarfrest slysa.

#### 5. gr.

Bætur slysatryggingar íþróttafólks eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Ef bótaskyld slys veldur sjúkleika og vinnutjóni (óvinnufærni) í minnst 10 daga skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða, nánar tiltekið læknishjálp, lyf og umbúðir, tannlækningar, sjúkrahjálfun, spelkur, gervilimi og bæklunarskófatnað, ferðakostnað og sjúkraflutning, samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og reglum nr. 765/2000 um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp.

Ef slys veldur ekki óvinnufærni í 10 daga greiðist framangreindur kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttamanna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 24. gr. og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2002 og tekur til slysa sem eiga sér stað eftir 31. mars 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

*Greiðslur fyrir læknisvottorð.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- a. Kr. 700 fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum og vegna sjúkranudds.
- b. Kr. 1.200 fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisáðgerðir og alþjóða-ónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar og vegna veitingar ökuleyfis og dagmóðurstarfa.
- c. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum (framhaldsvottorð), andláts (dánarvottorð), umsókna um félagslegar íbúðir, fóstureyðingar, ófrjósemisáðgerðar og til skattyfirvalda.
- d. Kr. 2.500 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna (frumvott-



- orð), byssuleyfis, dvalar, starfa eða skóla erlendis, sjálfræðissviptingar og um heilsu-  
far eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda.
- e. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafé-  
laga og lífeyrissjóða vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur (frumvottorð),  
lögreglu, sýslumanna og vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi skal miða við  
hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir  
hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð skv. 1. og 2. mgr. skulu renna til heilbrigðisstofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatrygg-  
ingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síð-  
ari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2002

27. mars 2002

601

Nr. 247

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,  
um sildveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „1. apríl“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 1. maí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórður Eyþórsson.*

27. mars 2002

Nr. 248

## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni  
og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:

a) Merking á amfetamine orðist svo:

Amfetamine	amphetamine	P II	x	4)
------------	-------------	------	---	----

b) Við undanþágur og athugasemdir við fylgiskjal I bætist eftirfarandi:

4) Undanþegin eru: Efni sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1994 með síðari breytingum, lyf sem hafa markaðsleyfi Lyfjastofnunar skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, lyf sem heimiluð

hafa verið skv. 7. mgr. 7. gr. sömu laga, og efni sem veitt hefur verið leyfi til að flytja inn eða út, framleiða og selja í heildsölu skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. og 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr., 3. gr., 4. gr. a laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 21. maí 1974 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. mars 2002.*

F. h. r.

**Ragnheiður Haraldsdóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 2002

---

27. mars 2002

603

Nr. 249

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. bætist: Umferðarráði er heimilt að fela öðrum aðila að annast framkvæmd ökuþrófa samkvæmt samningi.

2. gr.

84. gr., sbr. reglugerð nr. 799 30. desember 1998, orðist svo:

Fyrir hvert próf (fræðilegt próf og verklegt próf) skal greiða sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá þess aðila sem Umferðarráð hefur falið framkvæmd ökuþrófa.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 2. apríl 2002.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. mars 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

---

*Stefán Eiríksson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 2002

---

Nr. 250

604

2. apríl 2002

## REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 409, 30. maí 2001,  
um bann við línuveiðum á Fljótagrunni.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 409, 30. maí 2001, um bann við línuveiðum á Fljótagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 4. apríl 2002.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. apríl 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

**um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.**

### I. KAFLI

#### **Markmið, gildissvið o.fl.**

*Markmið.*

##### 1. gr.

1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að viðunandi og samræmdar mælingar á styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs í andrúmsloftinu séu gerðar og að miðla upplýsingum til almennings um styrk efnanna í andrúmslofti.

1.2 Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að setja umhverfismörk, gróðurverndarmörk og heilsuverndarmörk og viðvörunarmörk fyrir efnin sem miða að því að komast hjá, fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild.

1.3 Loks er það markmið reglugerðarinnar að viðhalda gæðum andrúmslofts þar sem þau eru mikil en bæta þau ella að því er varðar brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý og halda loftmengun af völdum þessara efna í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengðu lofti.

*Gildissvið.*

##### 2. gr.

2.1 Reglugerð þessi gildir um eftirlit, mælingar, upplýsingaskipti og viðvaranir til almennings vegna brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs í andrúmslofti.

2.2 Reglugerðin gildir um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir einnig um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

2.3 Reglugerðin gildir ekki á vinnustöðum, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

*Skilgreiningar.*

##### 3. gr.

3.1 *Andrúmsloft* er í reglugerð þessari loft í veðrahvolfi að undanskildu lofti á vinnustöðum og innandyra.

3.2 *Atvinnurekstur* er hvers konar starfsemi og framkvæmdir.

3.3 *Besta fánlega tækni* er framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. *Tækni* nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með *fánlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins.

3.4 *Eftirlit* er athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tiltekna kröfur.

3.5 *Eftirlitsaðilar* eru viðkomandi heilbrigðisnefnd og Hollustuvernd ríkisins og fag-giltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 24. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.6 *Gæðamarkmið* er mörk tiltekinnar mengunar í umhverfi (lofti, vatni, jarðvegi, seti eða lífverum) og/eða lýsing á ástandi, sem ákveðið er að gilda eigi fyrir svæði til þess að enn minni hættu sé á að áhrifa mengunar gæti en stefnt er að með umhverfismörkum og til að styðja tiltekna notkun umhverfisins og/eða viðhalda henni til lengri tíma.

3.7 *Losunarmörk* eru mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

3.8 *Mat* er aðferð til að mæla, reikna út, spá fyrir um eða meta stig mengunar í andrúmslofti.

3.9 *Mengun* er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

3.10 *Mengunarvarnaeftirlit* er eftirlit með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins telst til mengunarvarnaeftirlits.

3.11 *Mæling á umhverfisgæðum* er mæling og skráning á einstökum þáttum í umhverfinu, óháð atvinnurekstri og starfsleyfum, venjulega framkvæmd í stuttan tíma.

3.12 *Stig* mengunar er styrkur mengunarefna í andrúmslofti eða ákoma þess á yfirborði á ákveðnum tíma.

3.13 *Svæði* er hluti landsins sem afmarkaður hefur verið til að meta loftgæði.

3.14 *Tilkynningarmörk* eru mörk þar sem hættu er á tímabundnum áhrifum á heilsu manna sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir mengun ef farið er yfir þau. Senda verður út tilkynningar til almennings ef hættu er á að farið verði yfir mörkin.

3.15 *Umhverfismörk* er leyfilegt hámarksgildi mengunar í tilteknum viðtaka byggt á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu manna og/eða umhverfið. Umhverfismörk geta verið sett til að vernda umhverfið í heild eða tiltekna þætti þess (svo sem heilsuverndarmörk og gróðurverndarmörk til verndunar vistkerfa).

3.16 *Úttektarrannsókn* er viðamikil rannsókn eða langtímamæling, venjulega bundin við stærra svæði, svo sem landsvæði, þéttbýli eða hluta af þéttbýli, eða rannsókn á yfirgripsmiklum þáttum mengunar, svo sem frá farartækjum, eða rannsókn á mengun er berst frá öðrum löndum.

3.17 *Viðvörnumörk* eru mörk sem ákvörðuð eru þannig að ef farið er yfir þau stafar heilsu manna hættu af mengun þótt hún vari í stuttan tíma. Senda verður út viðvörnum og grípa til viðeigandi ráðstafana ef hættu er á að farið verði yfir mörkin.

3.18 *Vikmörk* eru mörk sem sett eru á svæðum þar sem mengun fer yfir umhverfismörk. Vikmörk segja til um hve mikið og hve lengi heimilt er að fara yfir umhverfismörk.

3.19 *Vöktun* merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

3.20 *Þéttbýlisstaður* er svæði þar sem þéttleiki byggðar er slíkur að nauðsynlegt er að meta og stjórna gæðum andrúmslofts.

3.21 *Þynningarsvæði* er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

3.22 *Köfnunarefnisoxíð* er summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnisdíoxíðs reiknuð sem milljarðshlutar og gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð í míkrogrömmum á rúmmetra.

3.23  $PM_{10}$  er svifryk sem fer gegnum staðlað inntak sem með 50% skilvirkni skilur frá agnir sem hafa loftfræðilegt þvermál 10  $\mu\text{m}$ .

3.24  $PM_{2,5}$  er svifryk sem fer gegnum staðlað inntak sem með 50% skilvirkni skilur frá agnir sem hafa loftfræðilegt þvermál 2,5  $\mu\text{m}$ .

3.25 *Efri viðmiðunarmörk mats* ( $x$ ) eru mörk sem eru tilgreind í V. viðauka en neðan þeirra er unnt að nota samþættar aðferðir, sem byggjast á mælingum og reiknilíkönunum, til þess að meta gæði andrúmslofts í samræmi við 13. gr. reglugerðar um loftgæði.

3.26 *Neðri viðmiðunarmörk mats* ( $y$ ) eru mörk sem eru tilgreind í V. viðauka en neðan þeirra er unnt að nota aðferðir, sem byggjast annaðhvort eingöngu á reiknilíkönunum eða hlutlægu mati, til þess að meta gæði andrúmslofts í samræmi við 13. gr. reglugerðar um loftgæði.

3.27 *Náttúruatburður* er eldgos, jarðskjálftavirkni, jarðvarmavirkni, óheftur eldur á opnu landi, stormar eða uppþyrnun eða flutningur náttúrulegra agna frá þurrum svæðum.

## II. KAFLI

### Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

#### 4. gr.

4.1 Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

## III. KAFLI

### Meginreglur.

#### 5. gr.

5.1 Styrkur brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs sem mældur er í samræmi við tilvísunaraðferðir í XI. viðauka með reglugerðinni skal ekki vera yfir umhverfismörkum í töluhlíð I í viðaukum I til VI, að teknu tilliti til þeirra vikmarka sem tilgreind eru fyrir svifryk og bensen.

5.2 Í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum ósons skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamlar gegn loftmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs og beita skal til þess bestu fánlegu tækni, og viðbótarráðstöfunum þar sem þess er þörf.

5.3 Hollustuvernd ríkisins eða heilbrigðisnefnd eftir því sem við á er heimilt að gera strangari kröfur en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar.

### Mælistöðvar.

#### 6. gr.

6.1 Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að mælistöðvar séu settar upp sem veita nauðsynlegar upplýsingar svo að fara megi að ákvæðum reglugerðarinnar. Fjöldi stöðva skal ákveðinn í samræmi við IX. viðauka. Staðsetning mælistöðva skal vera í samræmi við ákvæði VIII. viðauka. Þá skal stofnunin sjá um framkvæmd vöktunar.

6.2 Þar sem sýnt hefur verið fram á að þörf er á föstum mælistöðvum vegna staðbundinnar uppsprettu, skal sá atvinnurekstur sem valdur er að menguninni kosta rekstur mælistöðva.

6.3 Rekstraraðilar mælistöðva skulu skila upplýsingum um rekstur stöðvanna og niðurstöður mælinga fyrir 1. maí ár hvert.



*Mælingar og mat á styrk í andrúmslofti.*

## 7. gr.

7.1 Við mælingar á styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs skal nota tilvísunaraðferðir í XI. viðauka eða aðrar greiningaraðferðir sem Hollustuvernd ríkisins telur sambærilegar.

7.2 Efri og neðri viðmiðunarmörk mats fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý eru tilgreind í VII. viðauka. Heilbrigðisnefndir skulu flokka hvert svæði með tilliti til þessara marka og skal flokkunin endurskoðuð á fimm ára fresti. Ef marktæk breyting verður á starfsemi á svæði eða hluta svæðis sem hefur áhrif á styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs skal endurskoða flokkun fyrir.

7.3 Til viðbótar mælingum í föstum mælistöðvum má nota aðrar aðferðir við mat á loftgæðum, s.s. líkanagerð, leiðbeinandi mælingar, og hlutlægar matsaðferðir. Á svæðum þar sem ekki er krafist fastra mælistöðva má nota slíkar aðferðir eingöngu.

7.4 Auk mælinga á PM<sub>10</sub>-svifryki skal mæla PM<sub>2,5</sub>-svifryk nægilega víða til fá dæmi-gerða mynd af styrk PM<sub>2,5</sub>.

*Miðlun upplýsinga og viðvaranir til almennings.*

## 8. gr.

8.1 Ef styrkur brennisteinsdíoxíðs, og köfnunarefnisdíoxíðs í andrúmsloftinu fer fram úr viðvörunarmörkum, sbr. gildin í II. lið í I. og II. viðauka, ber viðkomandi heilbrigðisnefnd að gefa almennungi upplýsingar um það í fjölmiðlum í samræmi við upplýsingar og leiðbeiningar sem koma fram í III. lið í I. og II. viðauka.

8.2 Nýjustu upplýsingar um styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs í andrúmslofti skulu lagðar reglulega fyrir almenning sem og viðeigandi samtök, svo sem umhverfissamtök, neytendasamtök og samtök sem annast hagsmuni viðkvæmra hópa, og fyrir aðra viðeigandi aðila á sviði heilsugæslu, til dæmis fyrir tilstilli útvarps- og sjónvarpsstöðva, fréttamiðla, upplýsingaskilta eða tölvunetþjónustu.

8.3 Upplýsingar um styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs, kolsýrings og svifryks í andrúmslofti skulu uppfærðar daglega hið minnsta og ef klukkustundargildi liggja fyrir um kolsýring, brennisteinsdíoxíð og köfnunarefnisdíoxíð skal uppfæra upplýsingarnar á hverri klukkustund ef því verður við komið. Upplýsingar um styrk bensens og blýs í andrúmslofti skulu uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

8.4 Þar sem farið er yfir mörk fyrir svifryk og brennisteinsdíoxíð vegna náttúruatburða skal það tilgreint sérstaklega, og færð rök fyrir því sem sýna að upptök séu vegna náttúrulegra atburða.

*Upplýsingagjöf.*

## 9. gr.

9.1 Heilbrigðisnefndum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælinga á umhverfisgæðum til Hollustuverndar ríkisins í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Á sama hátt ber Hollustuvernd ríkisins að skila upplýsingum um niðurstöður vöktunar af mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, bensens, kolsýrings, svifryks og blýs í andrúmslofti.

*Aðgerðaráætlanir.*

## 10. gr.

10.1 Um aðgerðaráætlanir og ráðstafanir sem gilda á svæðum þar sem styrkur er yfir mörkum er vísað til ákvæða reglugerðar um loftgæði.

## IV. KAFLI

**Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.***Aðgangur að upplýsingum.*

## 11. gr.

11.1 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

*Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

## 12. gr.

12.1 Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

12.2 Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

## 13. gr.

13.1 Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

*Viðurlög.*

## 14. gr.

14.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

14.2 Sektir má ákvarða lögðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögðilann.

## V. KAFLI

**Lagastoð, gildistaka o.fl.**

## 15. gr.

15.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað þátt sveitarfélaganna varðar, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna.

15.2 Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 13e og 13d (tilskipun 1999/30/EB og 2000/69/EB) í XX. viðauka EES-samningsins.

15.3 Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

VIÐAUKI I  
Umhverfismörk og viðvörunarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð.

I. Umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð.

**Umhverfismörk skulu gefin upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$ .  
Rúmmál skal staðlað miðað við hitastig 293 K og þrýsting 101,3 kPa.**

Umhverfismörk	Viðmiðunartími	Mörk $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Gildir frá
1. Heilsuverndarmörk	Ein klst.	350	24	Gildistöku reglugerðar
2. Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	125	3	Gildistöku reglugerðar
3. Gróðurverndarmörk/ (heilsuverndarmörk)	Sólarhringur	50	7	Gildistöku reglugerðar
4. Gróðurverndarmörk	Ár og vetur	20	-	Gildistöku reglugerðar

II. Viðvörunarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð.

**500  $\mu\text{g}/\text{m}^3$  mælt á 3 samfelldum klukkustundum á stöðum sem lýsa loftgæðum á hið minnsta 100 km<sup>2</sup> eða á heilu svæði eða þéttbýlissvæði, hvort sem er minna.**

III. Lágmark upplýsinga sem veita ber almenningi þegar farið er yfir viðvörunarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð.

**Upplýsingar sem veittar eru almenningi skulu að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:**

- Dagsetning, tími, og staðsetning atburðar og ástæður atburðar, þar sem þær eru þekktar.
- Spár um:
  - Breytingar á styrk (vaxandi, stöðugur, minnkandi), ásamt orsökum þessara breytinga.
  - Það landsvæði sem um er að ræða.
  - Tímalengd atburðar.
- Hvaða fólk er mögulega viðkvæmt fyrir atburðinum.
- Varúðarráðstafanir sem viðkvæmt fólk getur gripið til.

## VIÐAUKI II

**Umhverfismörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð  
og viðvörunarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð.**

I. Umhverfismörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð.

**Umhverfismörk skulu gefin upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$ .  
Rúmmál skal staðlað miðað við hitastig 293 K og þrýsting 101,3 kPa.**

Umhverfismörk	Viðmiðunartími	Mörk $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Gildir frá
1. Heilsuverndarmörk köfnunarefnisdíoxíð	Ein klst.	200	18	Gildistöku reglugerðar
2. Heilsuverndarmörk köfnunarefnisdíoxíð	Ein klst.	110	175	Gildistöku reglugerðar
3. Heilsuverndarmörk köfnunarefnisdíoxíð	Sólarhringur	75	7	Gildistöku reglugerðar
4. Heilsuverndarmörk köfnunarefnisdíoxíð	Ár og vetur	30	-	Gildistöku reglugerðar
5. Gróðurverndarmörk köfnunarefnisoxíð	Ár	30	-	Gildistöku reglugerðar

II. Viðvörunarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð.

**400  $\mu\text{g}/\text{m}^3$  mælt á 3 samfelldum klukkustundum á stöðum sem lýsa loftgæðum á hið minnsta 100 km<sup>2</sup> eða á heilu svæði eða þéttbýlissvæði, hvort sem er minna.**

III. Lágmark upplýsinga sem komið er á framfæri við almenning þegar farið er yfir viðvörunarmörk fyrir köfnunarefnisdíoxíð.

**Upplýsingar sem komið er á framfæri við almenning eiga hið minnsta að vera:**

- Dagsetning, tími, og staðsetning atburðar og ástæður atburðar, þar sem þær eru þekktar.
- Spár um:
  - Breytingar á styrk (vaxandi, stöðugur, minnkandi), ásamt ástæðum fyrir þessum breytingum.
  - Það landsvæði sem verður fyrir áhrifum.
  - Tímalengd atburðar.
- Hvaða fólk er mögulega viðkvæmt fyrir atburðinum.
- Varúðarráðstafanir sem viðkvæmt fólk getur gripið til.

## VIÐAUKI III

Umhverfismörk fyrir svifagnir (PM<sub>10</sub>).

Tímaaðlögðuð umhverfismörk að endanlegum umhverfismörkum sem gilda eiga frá 1. janúar 2010 til að tryggja lágmarks áhrif á heilsu fólks. Umhverfismörk sem gilda frá 1. janúar 2010 gilda sem leiðbeiningamörk frá gildistöku reglugerðar.

Umhverfismörk	Viðmiðunar-tími	Mörk $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Vikmörk % ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	Gildir frá
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	35	50% (75)	Gildistöku reglugerðar
<b>Heilsuverndarmörk Leiðbeiningagildi</b>	<b>Sólarhringur</b>	<b>50</b>	<b>7</b>	<b>0% (50)</b>	<b>Gildistöku reglugerðar</b>
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	35	37,5% (69)	1.1.2002
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	35	25% (63)	1.1.2003
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	35	12,5% (56)	1.1.2004
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	35	0% (50)	1.1.2005
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	29	0% (50)	1.1.2006*
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	23	0% (50)	1.1.2007*
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	18	0% (50)	1.1.2008*
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	12	0% (50)	1.1.2009*
Heilsuverndarmörk	Sólarhringur	50	7	0% (50)	1.1.2010*
* Mörk og aðlögun endurskoðuð fyrir árið 2005					
Heilsuverndarmörk	Ár	40	-	0% (40)	Gildistöku reglugerðar
<b>Heilsuverndarmörk Leiðbeiningagildi</b>	<b>Ár</b>	<b>20</b>	<b>-</b>	<b>0% (20)</b>	<b>Gildistöku reglugerðar</b>
Heilsuverndarmörk	Ár	40	-	0% (40)	1.1.2002
Heilsuverndarmörk	Ár	35	-	0% (35)	1.1.2003
Heilsuverndarmörk	Ár	30	-	0% (30)	1.1.2004
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	50% (30)	1.1.2005*
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	40% (28)	1.1.2006*
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	30% (26)	1.1.2007*
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	20% (24)	1.1.2008*
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	10% (22)	1.1.2009*
Heilsuverndarmörk	Ár	20	-	0% (20)	1.1.2010*

\* Mörk og aðlögun endurskoðuð fyrir árið 2005

## VIÐAUKI IV

## Umhverfismörk fyrir blý.

Umhverfismörk	Viðmiðunartími	Mörk $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Gildir frá
Heilsuverndarmörk	Ár	0,4	Gildistöku reglugerðar

## VIÐAUKI V

## Umhverfismörk fyrir bensen.

**Tímaaðlöguð umhverfismörk að endanlegum mörkum  
sem gilda eiga frá 1. janúar 2010.**

Umhverfismörk skulu gefin upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$ . Rúmmál skal staðlað miðað við hitastig 293 K og þrýsting 101,3 kPa.

Umhverfismörk	Viðmiðunartími	Mörk $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Vikmörk% ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	Gildir frá
Heilsuverndarmörk	Ár	5	100% (10)	Gildistöku reglugerðar
Heilsuverndarmörk	Ár	5	80% (9)	1.1.2006
Heilsuverndarmörk	Ár	5	60% (8)	1.1.2007
Heilsuverndarmörk	Ár	5	40% (7)	1.1.2008
Heilsuverndarmörk	Ár	5	20% (6)	1.1.2009
Heilsuverndarmörk	Ár	5	0% (5)	1.1.2010

## VIÐAUKI VI

## Umhverfismörk fyrir kolmónoxíð.

Umhverfismörk skulu gefin upp í  $\mu\text{g}/\text{m}^3$ . Rúmmál skal staðlað miðað við hitastig 293 K og þrýsting 101,3 kPa.

Umhverfismörk	Viðmiðunartími	Mörk $\text{mg}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Gildir frá
Heilsuverndarmörk	Hámark daglegra hlaupandi 8-stunda meðaltala	10		Gildistöku reglugerðar
Heilsuverndarmörk	8-stunda meðaltal	6	21	Gildistöku reglugerðar
Heilsuverndarmörk	klukkustundar meðaltal	20	175	Gildistöku reglugerðar

## VIÐAUKI VII

Efri viðmiðunarmörk mats (x) eða neðri viðmiðunarmörk mats (y).

I. Efri viðmiðunarmörk mats (x) eða neðri viðmiðunarmörk mats (y).

## Brennisteinsdíoxíð.

Mörk	Heilsuverndarmörk sólarhringsgildi $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Verndun vistkerfa $\mu\text{g}/\text{m}^3$
X	75	3	12
Y	50	3	8

Köfnunarefnisdíoxíð ( $\text{NO}_2$ ) og köfnunarefnisoxíð ( $\text{NO}_x$ ).

Mörk	Heilsuverndarmörk klukkustundargildi $\mu\text{g NO}_2/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Heilsuverndarmörk ársmeðaltal $\mu\text{g NO}_2/\text{m}^3$	Verndun vistkerfa $\mu\text{g NO}_x/\text{m}^3$
X	140	18	32	24
Y	100	18	26	19

Svifagnir ( $\text{PM}_{10}$ ).

Mörk	Heilsuverndarmörk klukkustundargildi $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Fjöldi skipta sem má fara yfir mörk árlega	Heilsuverndarmörk ársmeðaltal $\mu\text{g}/\text{m}^3$
X	30	7	14
Y	20	7	10

## Blý.

Mörk	Heilsuverndarmörk ársmeðaltal $\mu\text{g}/\text{m}^3$
X	0,35
Y	0,25

## Bensen.

Mörk	Heilsuverndarmörk ársmeðaltal $\mu\text{g}/\text{m}^3$
X	3,5
Y	2

**Kolmónoxíð.**

Mörk	Hámark daglegra hlaupandi 8-stunda meðaltala mg/m <sup>3</sup>
X	7
Y	5

II. Ákvörðun um hvort farið er yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats.

Ákvörðun um hvort farið er yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats skal byggjast á mælingum á styrk undanfarinna 5 ára þar sem nægileg gögn eru til. Farið hefur verið yfir viðmiðunarmörk mats á 5 ára tímabilinu ef fjöldi gilda með styrk yfir mörkunum er meiri en þrisvar sinnum fjöldinn sem leyfður er hvert ár.

Þar sem ekki eru til gögn yfir fimm ára tímabil má nýta niðurstöður úr stuttum mæliherferðum á þeim hluta árs og á þeim stöðum þar sem líklegt er að mengun mælist mest og tengja það við útstreymisbókhald og líkanreikinga til að ákvarða hvort farið hafi verið yfir tiltekin mörk mats.

## VIÐAUKI VIII

**Staðsetning fastra mælistöðva til mælinga á styrk efna í andrúmslofti.**

## I. Gróf staðsetning.

**Mælistaði sem beint er að verndun á heilsu fólks á að staðsetja:**

- (i) til að afla gagna um landssvæði í þéttbýli eða öðru svæði þar sem hæstur styrkur efna finnst sem fólk er líklegt til að verða fyrir beint eða óbeint á tímabili sem er umtalsvert með tilliti til viðmiðunartíma umhverfismarkanna.
- (ii) til að afla gagna um önnur landssvæði í þéttbýli eða öðru svæði sem eru dæmigerð um loftgæði sem almenningur nýtur.

Mælistaðir eiga almennt að vera staðsettir þannig að þeir mæli ekki mjög mikil séráhrif næsta nágrennis. Sem leiðbeining á mælipunktur að vera dæmigerður fyrir loftgæði fyrir minnst 200 m<sup>2</sup> vegna umferðarstöðva og nokkra ferkílómetra vegna bakgrunnsstöðva í borg.

Mælistöðvar eiga einnig, þar sem þess er kostur að vera dæmigerðar fyrir sambærilega staði í næsta nágrenni.

Taka skal tillit til þess hvort þörf sé á að hafa mælistöðvar á eyjum til að vernda heilsu fólks.

**Verndun vistkerfa og gróðurs.**

Mælistaðir sem valdir eru vegna verndunar vistkerfa og gróðurs ætti að staðsetja minnst 20 km frá stóru þéttbýli eða meir en 5 km frá annarri byggð, iðjuverum eða hraðbrautum. Sem viðmiðun ætti mælistöð að vera dæmigerð fyrir loftgæði á landssvæði yfir 1000 km<sup>2</sup>. Þó skal taka tillit til landslags og meta hvort þörf sé á mælistöð í minni fjarlægð eða sem dæmigerð er fyrir minna landssvæði.

Taka skal tillit til þess hvort þörf sé á að meta loftgæði á eyjum.



## II. Nákvæm staðsetning.

Eftirfarandi leiðbeiningum skal fylgja eins og kostur er:

- Flæði við inntak ætti að vera ótruflað og án hindrana fyrir loftstreymi næst sýnatökubúnaðinum (venjulega nokkra metra frá byggingum, svölum, trjám og öðrum hindrunum og minnst 0,5 m frá næstu byggingu í því tilviki sem mælistöð er dæmigerð fyrir loftgæði við hlið bygginga).
- Almennt skal hæð loftinntaks vera á milli 1,5 m (öndunarhæð) og 4 m yfir jörðu. Hærrí staðsetningar (allt að 8 m) geta verið nauðsynlegar í sumum tilvikum. Hærrí staðsetningar geta einnig átt við í mælistöð sem er dæmigerð fyrir stórt landsvæði.
- Loftinntak skal ekki vera staðsett alveg næst uppsprettum til að koma í veg fyrir söfnun á útblæstri óþynntum af andrúmslofti.
- Útblástur frá mælistöð skal staðsetja þannig að komið sé í veg fyrir hringrás útblásturslofts til loftinntaks.
- Staðsetning umferðastöðva.
  - Inntak fyrir öll efni skal staðsetja minnst 25 m frá stórum vegamótum og minnst 4 m frá miðju næstu akreinar.
  - Fyrir köfnunarefnisdíoxíð og kolmónoxíð á loftinntak ekki að vera meira en 5 m frá brún akreinar.
  - Fyrir svifagnir, blý og bensen á loftinntak að vera dæmigert fyrir loftgæði við hlið bygginga.

Eftirfarandi þáttum má einnig hafa hliðsjón af:

- Truflandi uppsprettur.
- Öryggi.
- Aðgengi.
- Möguleika á rafmagni og fjarskiptum.
- Hve áberandi mælistöð er í samanburði við nánasta umhverfi.
- Öryggi almennings og starfsmanna.
- Kostir þess að staðsetja saman mælistöðvar fyrir mismunandi efni.
- Skipulagákvæði.

## III. Skráning og endurskoðun á vali staðsetningar.

Aðferðin við val á staðsetningu skal vera skráð að fullu á frumstigi þar með taldar ljósmyndir af nágrenninu í allar stefnur og nákvæmt kort. Staðsetningu á að endurskoða með reglulegu millibili með endurtekinni skráningu til að tryggja að ástæður fyrir valinu haldist gildar.

VIÐAUKI IX  
**Lágmarksfjöldi mælistöðva með fasta staðsetningu til að mæla styrk efna í andrúmslofti.**

Dreifðar uppsprettur.

	Ef styrkur er yfir x	Skipting stöðva	Ef styrkur er á milli x og y
Þéttbýli	1 (2 fyrir NO <sub>x</sub> , PM <sub>10</sub> og C <sub>6</sub> H <sub>6</sub> )	1 umferðarstöð og 1 borgarbakgrunnsstöð	1
Önnur svæði	1 (2 fyrir NO <sub>x</sub> , PM <sub>10</sub> og C <sub>6</sub> H <sub>6</sub> )	1 umferðarstöð og 1 borgarbakgrunnsstöð	1

Staðbundnar uppsprettur.

Til að meta mengun í nágrenni staðbundinna uppspretta, á að finna fjölda fastra stöðva út frá útstreymisþéttni, líklegri dreifingu loftmengunar og möguleika á að fólk verði fyrir menguninni.

**Bakgrunnsstöðvar.**

Dreifðar uppsprettur.

	Ef styrkur er yfir x	Ef styrkur er á milli x og y
Önnur svæði	1 á hverja 20.000 km <sup>2</sup>	1 á hverja 40.000 km <sup>2</sup>

## VIÐAUKI X

**Markmið um gæði gagna og samantekt á niðurstöðum mats á loftgæðum.****I. Markmið um gæði gagna.**

Eftirfarandi eru markmið um gæði gagna, þar með kröfur um nákvæmni matsaðferða, lágmark þess tíma og safnaðra gagna fyrir mælingar sem nota skal í gæðatryggingarferli.

	SO <sub>2</sub> , NO <sub>2</sub> og NO <sub>x</sub>	Svifryk og blý	Bensen	Kolmónoxíð
Samfelldar mælingar Nákvæmni Lágmarks gagnasöfnun Lágmarkstími á ári	±15% 90%	±25% 90%	±25% 90% 35% (borgarbakgrunnur og umferðarstöðvar)	±15% 90%
Vísbendingarmælingar Nákvæmni Lágmarks gagnasöfnun Lágmarkstími á ári	±25% 90% 14%	±50% 90% 14%	±30% 90% 14%	±25% 90% 14%
Líkanreikningar Nákvæmni 1 klst. meðaltal 8 klst. meðaltal 24 klst. meðaltal árs meðaltal	±50-60% ±50% ±30%	±50%	±50%	±50%
Hlutlægt mat Nákvæmni	±75%	±100%	±100%	±75%

**II. Niðurstöður úr mati á loftgæðum.**

Eftirfarandi upplýsinga skal afla fyrir svæði eða þéttbýlisstaði þar sem aukið er við mæligögn með upplýsingum, fengnum með öðrum hætti en með mælingum, eða þar sem slíkar upplýsingar eru þær einu sem stuðst er við í mati á loftgæðum:

- lýsing á því mati sem fram fer,
- sérstakar aðferðir sem eru notaðar ásamt tilvísun í lýsingar á hverri aðferð,
- hvaðan gögn og upplýsingar eru fengin,
- lýsing á niðurstöðum, þar á meðal á nákvæmni og einkum lýsing á umfangi hvers svæðis eða, ef það á við, lengd vegar innan svæðisins eða þéttbýlisstaðarins þar sem styrkur fer yfir umhverfismörk eða, ef sú er raunin, umhverfismörk að viðbættum viðeigandi vikiðmörkum, og lýsing á hverju svæði þar sem styrkurinn fer yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats,
- í tengslum við umhverfismörk, sem eru sett til að vernda heilbrigði manna, skal gefa upp hvaða íbúar geta orðið fyrir váhrifum vegna styrks sem er yfir mörkum.

Þar sem því verður við komið, skal gera kort sem sýna styrkdreifingu innan hvers svæðis og þéttbýlisstaðar.

### III. Stöðlun.

Rúmmálið, að því er varðar brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen og kolsýring, skal staðlað við hitann 293 K og loftþrýstinginn 101,3 kPa.

#### VIÐAUKI XI

#### **Tilvísunaraðferðir við mat á styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, svifryks (PM<sub>10</sub> og PM<sub>2,5</sub>) og blýs, bensens og kolsýrings.**

##### **I. Tilvísunaraðferð við greiningu á brennisteinsdíoxíði:**

ISO/FDIS 10498 (uppkast að staðli) Ambient air – determination of sulphur dioxide – ultraviolet fluorescence method.

Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

##### **II. Tilvísunaraðferð við greiningu á köfnunarefnisdíoxíði og köfnunarefnisoxíðum:**

ISO 7996: 1985 Ambient air – determination of the mass concentrations of nitrogen oxides – chemiluminescence method.

Heimilt er að nota aðra aðferð, enda geti það sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

##### **III.A Tilvísunaraðferð við sýnatöku að því er varðar blý:**

Tilvísunaraðferðin við sýnatöku á blýi er sú sem lýst er í viðaukanum við tilskipun 82/884/EBE þar til mörkin í IV. viðauka við þessa reglugerð hafa náðst, en þá verður tilvísunaraðferðin fyrir PM<sub>10</sub> sú sem mælt er fyrir um í IV. lið þessa viðauka.

Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

##### **III.B Tilvísunaraðferð við greiningu að því er varðar blý:**

ISO 9855: 1993 Ambient air – determination of the particulate lead content of aerosols collected in filters. Aðferð sem byggist á frumeindagleypnimælingu (atomic absorption spectroscopy).

Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.

##### **IV. Tilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar að því er varðar PM<sub>10</sub>:**

Tilvísunaraðferðin við sýnatöku og mælingar á PM<sub>10</sub> er sú sem lýst er í EN 12341 „Air Quality – Field Test Procedure to Demonstrate Reference Equivalence of Sampling Methods for the PM<sub>10</sub> fraction of particulate matter“. Mælingaraðferðin byggist á því að safna PM<sub>10</sub>-þætti agna í andrúmslofti í síur og ákvarða massa með þyngdarmælingu.

Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni, eða aðra aðferð sem sýnt hefur fram á að hafi stöðug vensl við tilvísunaraðferðina. Í því tilviki verður að leiðrétta niðurstöðurnar, sem fást með þeirri aðferð, með viðeigandi stuðli til að fá niðurstöður sem eru jafngildar þeim sem fengist hefðu með tilvísunaraðferðinni.

- Tilgreina skal þá aðferð sem er notuð við sýnatöku og mælingar á  $PM_{10}$ .
- V. **Bráðabirgðatilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar að því er varðar  $PM_{2,5}$ :**  
Heimilt er að nota aðra aðferð sem talin er henta.  
Tilgreina skal þá aðferð sem er notuð við sýnatöku og mælingar á  $PM_{2,5}$ .
- VI. **Tilvísunaraðferð við sýnatöku/greiningu á bensen:**  
Tilvísunaraðferðin við mælingu á bensen skal vera sýnataka með dælingu gegnum íseygt hylki og í kjölfarið ákvörðun með gasgreiningu sem verið er að staðla á vegum Staðlasamtaka Evrópu (CEN). Ef stöðluð CEN-aðferð liggur ekki fyrir er aðildarríkjunum heimilt að nota aðferð sem byggist á innlendum stöðlum og sömu mæliaðferð.  
Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.
- VII. **Tilvísunaraðferð við greiningu á kolsýringi:**  
Tilvísunaraðferðin við mælingu á kolsýringi skal vera aðferðin þar sem ódreifinn innroðagreininir (NDIR) er notaður, en sú aðferð hefur nýlega verið stöðluð á vegum Staðlasamtaka Evrópu. Ef stöðluð CEN-aðferð liggur ekki fyrir er aðildarríkjunum heimilt að nota aðferð sem byggist á innlendum stöðlum og sömu mæliaðferð.  
Heimilt er að nota aðra aðferð, enda sé sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með framangreindu aðferðinni.
- VIII. **Tilvísunaraðferðir fyrir reiknilíkön:**  
Ekki er unnt að tilgreina tilvísunaraðferðir fyrir reiknilíkön að svo stöddu.

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

#### 1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

#### 2. gr.

*Vottorð um veður.*

	<b>kr.</b>
2.1 Grunngjald.....	4.600
2.2 Hvert atriði í veðurathugun.....	30
2.3 Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit.....	770
- Ef óskað er flýtafgreiðslu, þ.e. að vottorð afgreiðist sama dag og beiðni berst, hækkar grunngjaldið um 50%.	
- Ef þýða þarf vottorð á önnur tungumál leggst kostnaður þýðanda við verð skv. gjaldskrá.	

## 3. gr.

*Útseld vinna.***kr./klst.**

3.1	Sérfræðingur I.....	5.900
3.2	Sérfræðingur II.....	5.000
3.3	Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn .....	3.800

## 4. gr.

*Sérþjónusta við dreifingaraðila, þ.m.t. hvers konar fjölmiðla.*

	<b>Stök tilvik kr./stk.</b>	<b>Föst áskrift kr./stk.</b>
4.1	Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta .....	2.870 2.300
4.2	Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur.....	1.115 890
4.3	Handteiknað yfirlitsspákort t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilínum og kerfum .....	3.785 3.030
4.4	Sérspá fyrir ákveðinn stað, sent sem texti:	
	- Fyrir einn sólarhring.....	1.540 1.230
	- Annar og þriðji sólarhringur .....	770 615
	- Fjórdi til sjötti sólarhringur.....	770 615
4.5	Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spápættir, einn staður....	1.200 960
4.5.1	Spá fyrir hvern viðbótarstað.....	260 210
4.6	Spár fyrir tiltekin hafsvæði (Smugan, Flæmingjagrunn), fjórir spápættir, einn staður (punkt).....	1.320 1.040
4.6.1	Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt) .....	260 210
4.7	Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti) .....	0,175 0,175
4.8	Veðurspárit, allt að 11 stöðvar, stöðluð framsetning .....	875 700
4.9	Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma	220 165
4.10	Veðurgögn (athuganir og spár) á tölvutæku formi til endurbirtingar, t.d. á vefsíðu, símakerfi eða textavarp, send kaupanda sem textaskrár. Tölvuálag, 10% af heildarverði gagna, leggst á hvern reikning. Grunnverð á dag margfaldast síðan með dreifingarstuðli miðað við fjölda notenda*:	
		<b>Grunnverð kr./dag</b>
	- Veðurathuganir frá 11 íslenskum stöðvum, 7 veðurpættir	10
	- Veðurathuganir fyrir allt að 30 staði að eigin vali.....	30
	- Veðurspár fyrir einstaka staði (allt að 5 daga spá), 11 stöðvar á Íslandi.....	50
	- Veðurspá fyrir allt að 5 staði að eigin vali .....	150
	- Veðurspá á textaformi fyrir tiltekin svæði:	
	• Veðurhorfur næsta sólarhring fyrir landið í heild (á íslensku eða ensku).....	50
	• Höfuðborgarsvæðið næsta sólarhring .....	50
	• Horfur á landinu næstu daga.....	50
	• Veðurhorfur næsta sólarhring fyrir 10 spásvæði á landinu	100

## \*) Dreifingarstuðull:

- Stór notandi: Fleiri en 1.000 notendur á dag.....	4
- Miðlungs notandi: 100 til 1.000 notendur á dag .....	2
- Lítil notandi: Færri en 100 notendur á dag .....	1

## 5. gr.

*Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki.*

	Stök tilvik kr./stk.	Föst áskrift kr./stk.
5.1 Tilbúin innlend eða erlend kort eða texti, send á bréfsíma.	220	165
5.2 Veðurspá fyrir ákveðinn stað (texti):		
- Fyrir einn sólarhring .....	640	480
- Annar og þriðji sólarhringur .....	325	245
- Fjórti til sjötti sólarhringur .....	325	245
5.3 Veðurspárit (sex daga spá), fjórir spáþættir, einn staður.....	330	260
5.3.1 Spá fyrir hvern viðbótarstað .....	60	50
5.4 Spár fyrir tiltekin hafsvæði, sex daga spá (Smugan, Flæmingja-grunn) einn staður (punktur) fjórir spáþættir .....	330	260
5.4.1 Spá fyrir hvern viðbótarstað (punkt) .....	60	50
5.5 Myndir úr veðursjá (Tif myndir) í gegnum tölvutengingu:		
- 1–100 myndir .....	80	
- 100–1.000 myndir .....	40	
- meira en 1.000 myndir .....	20	
5.6 Gögn úr tölvuspám, ein grunneining (1 NEV=eitt spágildi í einum punkti).....	0,044	0,044

## 6. gr.

*Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði), mánaðargjald.*

	kr.
6.1 Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir.....	570
6.2 Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi	20

## 7. gr.

*Sjálfvirkar veðurstöðvar.*

	kr.
7.1 Geymsla á gögnum á „megabyte“ á mánuði .....	80
7.2 Eftirlit, uppfærslur og fleira, á stöð á mánuði.....	2.150
Upphringikostnaður fylgir gjaldskrá Landsímans. Tölvuálag, 10%, leggst á heildarupphæð reiknings.	

## 8. gr.

*Árgjald áskriftar Veðráttunnar.*

	kr.
1996–.....	2.000
1994–1995 (12 tölublöð hvort ár) .....	2.000
1993 (13 tölublöð á ári).....	2.000
Eldri árgangar:	
1924–1956 .....	500
1957–1992 .....	1.200

	<b>kr.</b>
Áskrift sérstakra mánaðarblaða .....	4.000
Töfluútskriftir:	
Grunngjald.....	600
– hvert viðbótarblað .....	60

## 9. gr.

Sé þjónusta seld í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, skal miða við gengi hvers tíma.

## 10. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 922/1999 með sama heiti.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. mars 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Þórður H. Ólafsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið með vísan til heimildar í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu.

## 2. gr.

Gjaldið miðast við stærð íláta (magn sorpsins) og tæmingu á tveggja vikna fresti. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður sbr. heimild í 9. gr. fyrrnefndrar samþykktar, sbr. einnig 1. gr. gjaldskrár þessarar og hentar magni þess úrgangs sem til fellur á hverjum stað.

## 3. gr.

Að því er stefnt að sorphirðugjald standi undir kostnaði við flutning sorpsins frá tókustað á urðunarstað og er árlegur kostnaður áætlaður þessi eftir stærð íláta:



	<b>kr.</b>
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti .....	kr. 10.700
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti.....	kr. 16.700
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti.....	kr. 38.800

## 4. gr.

Árið 2002 er veittur 30% afsláttur af sorphirðugjaldi sbr. 3. gr. og verður gjaldið sem hér segir:

	<b>kr.</b>
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti .....	kr. 7.490
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti.....	kr. 11.690
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti.....	kr. 27.160

Eigendur sumarbústaða skulu á árinu 2002 greiða kr. 2.000 í sorphirðugjald enda sé þeim gert kleift að losa sig við sorp á gámasvæðum sem skulu vera að lágmarki þrjú í sveitarfélaginu.

## 5. gr.

Á árinu 2002 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 2.000,00 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

## 6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar sbr. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2002. Um leið er úr gildi felld gjaldskrá nr. 326/2001 um sama efni.

*Eyjafjarðarsveit, 31. janúar 2002.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

## 1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit sem staðfest var af umhverfissráðuneytinu 19. mars 2002.

## 2. gr.

Próargjald fyrir árið 2002 skal vera kr. 4.000 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 6.000 fyrir 3600 l þrær eða stærri.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 30. október 2001, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 2002.

*Eyjafjarðarsveit, 26. mars 2002.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.

#### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

## 1. gr.

1.1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr beinum og óbeinum áhrifum frá losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda út í umhverfið, einkum út í andrúmsloftið, og þeirri hugsanlegu hættu sem heilsu manna er búin.

1.2. Reglugerðin gildir um starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka, að því marki sem slík starfsemi er yfir þeim þröskuldsgildum fyrir notkun leysiefna sem eru tilgreind í II. viðauka.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.*

2.1. *Stöð*: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem fellur undir gildissviðið sem skilgreint er í I. viðauka og hver önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fram fer á staðnum.

2.2. *Stöð í rekstri*: stöð, sem er í rekstri eða hefur fengið leyfi, í samræmi við reglugerðir sem um það gilda, eða stöð, sem sótt hefur verið um leyfi fyrir innan árs frá gildistöku reglugerðar þessarar.

2.3. *Lítill stöð*: stöð sem fellur undir lægstu þröskuldsgildi, sem eru tilgreind í 1., 3., 4., 5., 8., 10., 13., 16. eða 17. lið II. viðauka A eða stöð þar sem önnur starfsemi tilgreind í II. viðauka A, fer fram og notkun leysiefna er undir 10 tonnum á ári.

2.4. *Umtalsverð breyting*:

– þegar í hlut á stöð, sem heyrir undir gildissviði I. viðauka reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun gildir skilgreiningin sem kveðið er á um í þeirri reglugerð;

– þegar í hlut á lítil stöð merkir þetta breytingu á nafnafköstum sem hefur í för með sér meira en 25% aukningu á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda. Hver sú breyting sem getur, að mati starfsleyfisgjafa, haft verulega neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfið telst einnig umtalsverð breyting;

– fyrir allar aðrar stöðvar merkir þetta breytingu á nafnafköstum sem hefur í för með sér meira en 10% aukningu á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda. Hver sú breyting sem getur, að mati viðkomandi yfirvalds, haft verulega neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfið telst einnig umtalsverð breyting.

2.5. *Rekstraraðili*: einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir stöð eða, þar sem kveðið er á um slíkt í lögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt úrskurðarvald yfir tæknilegri starfsemi stöðvarinnar.

2.6. *Losun*: hvers kyns útstreymi rokgjarnra lífrænna efnasambanda frá stöð út í umhverfið.

2.7. *Dreifð losun*: hvers kyns losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, önnur en punktlosun, út í andrúmsloft, jarðveg eða vatn, ásamt, nema kveðið sé á um annað í II. viðauka A, losun leysiefna sem finnast í hvers kyns vörum. Dreifð losun nær einnig yfir óbeislaða losun sem berst út í andrúmsloft um glugga, dyr, loftrásartúður og önnur op af svipuðu tagi.

2.8. *Punktlosun*: endanleg losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda eða annarra mengunarefna út um reykháf eða hreinsibúnað út í andrúmsloftið. Rúmmál flæðis skal gefa upp í m<sup>3</sup>/klst. við staðalaðstæður.

2.9. *Samanlögð losun*: summan af dreifðri losun og punktlosun.

2.10. *Losunarmörk*: massi rokgjarnra lífrænna efnasambanda, gefinn upp sem tiltekna færibreytur, styrkleiki, hundradshluti og/eða losunarmagn, reiknað við staðalaðstæður, N, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum.

2.11. *Efni*: sérhvert frumefni og sambönd þeirra, hvort sem þau eru í náttúrulegri mynd eða framleidd og hvort sem þau eru í föstu, fljótandi eða loftkenndu ástandi.

2.12. *Efnablenda*: blanda eða lausn gerð úr tveimur eða fleiri efnum.

2.13. *Lífrænt efnasamband*: sérhvert efnasamband sem inniheldur að minnsta kosti frumefnið kolefni og eitt eða fleiri eftirtalinnna efna: vetni, halógen, súrefni, brennistein, fosfór, kísil eða köfnunarefni, að undanskildum kolefnisoxíðum og ólífrænum karbónötum og bítarabónötum.

2.13. *Rokgjarnt lífrænt efnasamband*: sérhvert lífrænt efnasamband sem við 293,15 K hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um ræðir. Í þessari reglugerð ber að líta á þann hluta kreósóts sem fer yfir þennan gufuþrýsting við 293,15 K sem rokgjarnt lífrænt efnasamband.

2.14. *Lífrænt leysiefni*: sérhvert rokgjarnt lífrænt efnasamband sem er notað eitt sér eða í sambandi við önnur efni, án þess að verða fyrir efnabreytingum, til að leysa upp hráefni, afurðir eða úrgangsefni eða er notað sem hreinsiefni til að leysa upp mengunarefni eða sem leysiefni, dreifiefni, seigjustillandi efni, yfirborðsspennustillandi efni, mýkiefni eða rotvarnarefni.

2.15. *Halógenað lífrænt leysiefni*: sérhvert lífrænt leysiefni sem inniheldur að minnsta kosti eina frumeind af brómi, klóri, flúori eða jöði í hverri sameind.

2.16. *Efni til yfirborðsmeðferðar*: sérhver efnablenda, sem er notuð til að skreyta eða vernda yfirborðsfleti eða notuð til að þekja yfirborð í öðrum tilgangi, þar á meðal öll lífræn leysiefni eða efnablöndur sem innihalda lífræn leysiefni sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta notkun viðkomandi efnablöndu.

2.17. *Lím*: sérhver efnablenda, sem er notuð til að festa saman mismunandi framleiðsluhluta, þar á meðal öll lífræn leysiefni eða efnablöndur sem innihalda lífræn leysiefni sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta notkun viðkomandi efnablöndu.

2.18. *Farfi*: sérhver efnablanda, sem er notuð í prentiðnaði til að prenta texta eða myndir á flöt, þar á meðal öll lífræn leysiefni eða efnablöndur sem innihalda lífræn leysiefni sem eru nauðsynleg til að tryggja rétta notkun farfans.

2.19. *Lakk*: gagnsætt yfirborðslag.

2.20. *Notkun*: heildarílag lífrænna leysiefna í stöð á almanaksári, eða sérhverju öðru 12 mánaða tímabili, að frádregnu því magni rokgjarnra lífrænna leysiefna sem er endurheimt til endurnotkunar.

2.21. *Ílag*: magn lífrænna leysiefna ásamt því magni þeirra sem finnst í efnablöndum sem eru notaðar við tiltekna starfsemi, þar á meðal leysiefni sem eru endurunnin innan stöðvarinnar og utan og sem eru reiknuð með í hvert sinn sem þau eru notuð við rekstur starfseminnar.

2.22. *Endurnotkun lífrænna leysiefna*: notkun lífrænna leysiefna sem eru endurheimt í stöð í tæknilegum eða viðskiptalegum tilgangi, þar með talin notkun þeirra sem eldsneyti, en að frádregnu því magni þessara endurheimtu lífrænu leysiefna sem er fargað endanlega sem úrgangi.

2.23. *Massaflæði*: magn rokgjarnra lífrænna leysiefna sem er sleppt út, gefið upp í massaeyningu á klukkustund.

2.24. *Nafnafköst*: hámarksmassaílag lífrænna leysiefna í stöð, reiknað sem meðaltal á dag, að því tilskildu að stöðin sé rekin við eðlileg afköst, sem hún er hönnuð fyrir.

2.25. *Eðlilegur rekstur*: sá tími sem rekstur eða starfsemi fer fram í stöðinni, að undanskildum þeim tíma sem fer í að ræsa stöðina og stöðva rekstur hennar, svo og þeim tíma sem fer í að sinna viðhaldi búnaðar.

2.26. *Stýrðar aðstæður*: rekstraraðstæður stöðvar þar sem því er stýrt hvernig þeim rokgjörnu lífrænu leysiefnum, sem losna við starfsemi hennar, er safnað saman og sleppt út, annaðhvort út um skorstein eða hreinsibúnað, þannig að þau losna ekki í heild sem dreifð losun.

2.27. *Staðalaðstæður*: aðstæður þar sem hiti er 273,15 K og loftþrýstingur 101,3 kPa.

2.28. *Meðaltal 24 klukkustunda*: reiknað meðaltal allra gildra aflestra sem fara fram á 24 klukkustunda tímabili í eðlilegum rekstri.

2.29. *Ræsing og stöðvun rekstrar*: rekstur meðan starfsemi eða notkun hluta tækjabúnaðar eða notkun geymis er hafin eða henni hætt eða sami búnaður er settur í lausagang eða lausagangur stöðvaður. Ekki skal líta á reglubundnar sveiflur í starfsemi sem ræsingi eða stöðvun rekstrar.

## II. KAFLI

### Hlutverk Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda.

#### 3. gr.

3.1. Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, og Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

3.2. Hollustuvernd ríkisins skal taka saman og miðla upplýsingum um möguleg staðgönguefni, vinna yfirlit um framgang skerðingaráætlana, og kanna hvort vinna skal landsáætlun um að draga úr losun, sem fylgir einhverjum hluta þeirrar starfsemi sem reglugerðin gildir um.

## III. KAFLI

### Meginreglur.

#### 4. gr.

4.1. Allar stöðvar sem reglugerð þessi gildir um skulu hafa starfsleyfi í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og eftirlit með þeim skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit.

5. gr.  
*Kröfur.*

5.1. Allar stöðvar skulu uppfylla ákvæði um:

a) losunarmörk fyrir punktlosun og dreifða losun eða losunarmörk fyrir heildarlosun og aðrar kröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka A, eða

b) kröfurnar samkvæmt skerðingaráætluninni sem mælt er fyrir um í II. viðauka B.

5.2. Stöðvar sem nota leysiefni með alvarleg heilsu- og umhverfisáhrif skulu uppfylla kröfur tilgreindar í 7. gr.

5.3. Hvers kyns hreinsibúnaður, sem settur er upp í stöðvum er nýta sér ekki skerðingaráætlunina eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal uppfylla allar kröfur sem tilgreindar eru í II. viðauka A.

5.4. Grípa ber til allra viðeigandi varúðarráðstafana til að draga sem mest úr losun við ræsingu og stöðvun.

6. gr.

*Önnur ákvæði tilgreind í starfsleyfi.*

6.1. Útgefandi starfsleyfis getur í starfsleyfi sett önnur losunarmörk fyrir dreifða losun einstakra stöðva, en tiltekið er í reglugerð þessari, ef sýnt hefur verið fram á að ekki sé gerlegt af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum að láta losunarmörk reglugerðarinnar gilda að því tilskildu að ólíklegt sé að það skapi verulega hættu fyrir heilsu manna eða umhverfið. Rekstraraðili skal sýna fram á, svo að útgefanda starfsleyfis þyki fullnægjandi, að notuð sé besta fáanlega tækni.

6.2. Stöð, sem verður ekki rekin við stýrðar aðstæður, má í starfsleyfi veita undanþágu frá ákvæðum í II. viðauka A, ef það er tekið fram í viðaukanum að þær gilda við stýrðar aðstæður. Skerðingaráætlunina í II. viðauka B skal þá tilgreina í leyfi nema að starfsleyfisgjafa hafi verið sýnt fram á, að sá kostur sé hvorki tæknilega né efnahagslega gerlegur. Ef sú er raunin ber rekstraraðila að sýna starfsleyfisgjafa fram á að notuð sé fullkomnasta tækni sem völ er á.

7. gr.

*Sérákvæði vegna leysiefna með tilteknar hættumerkingar.*

7.1. Leysiefni sem flokkuð eru sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar, og sem fá eða ættu að fá hættusetningarnar H45, H46, H49, H60 og H61, skal taka úr notkun svo fljótt sem auðið er, og nota í stað þeirra önnur efni eða efnablöndur sem eru ekki jafn skaðleg.

7.2. Fyrir losun rokgjarnra lífrænna efna, sem um getur í 1. mgr., gildir að þar sem samanlagt massaflæði þeirra efnasambanda, sem gefa tilefni til þeirra merkinga sem um getur í 1. mgr., er jafnt og eða meira en 10 g/klst., skulu losunarmörk vera 2 mg/Nm<sup>3</sup>. Losunarmörk vísa til massasummu einstakra efnasambanda.

7.3. Fyrir losun á halógenuðum, rokgjörnum lífrænum efnasamböndum, sem eru merkt með hættusetningunni H40, þar sem samanlagt massaflæði þeirra efnasambanda, sem gefa tilefni til þess að merkt er með hættusetningunni H40, er jafnt og eða meira en 100 g/klst., skulu losunarmörk vera 20 mg/Nm<sup>3</sup>. Losunarmörk vísa til massasummu einstakra efnasambanda.

7.4. Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem um getur í 1. og 3. mgr. skal vera við stýrðar aðstæður, að svo miklu leyti sem það er tæknilega og efnahagslega gerlegt, til að standa vörð um heilsu manna og vernda umhverfið.

7.5. Hvorki skerðingaráætlunin né aðrar aðgerðir leysa stöðvar, sem hleypa út þeim efnum sem tilgreind eru í 1. og 3. mgr. undan þeirri kvöð að uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í 1.-4. mgr.

7.6. Framangreindar kröfur gilda einnig um efni sem fá hættumerkingu eftir að reglugerð þessi tekur gildi.

#### 8. gr.

##### *Kröfur til stöðva í rekstri.*

8.1. Stöðvar í rekstri uppfylli ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en 31. október 2007.

8.2. Allar stöðvar í rekstri skulu hafa verið skráðar sem starfandi með leyfi sem uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar eigi síðar en 31. október 2006.

8.3. Þær stöðvar, sem viðurkenna á eða skrá í samræmi við skerðingaráætlun II. viðauka B, tilkynni það starfsleyfisgjafa eigi síðar en 31. október 2005.

8.4. Ef stöð:

– tekur umtalsverðum breytingum, eða

– fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar í fyrsta sinn í kjölfar umtalsverðra breytinga, skal líta á þann hluta stöðvarinnar, sem tekur umtalsverðum breytingum, annaðhvort sem nýja stöð eða stöð í rekstri, að því tilskildu að samanlögð losun allrar stöðvarinnar verði ekki meiri en hún hefði orðið ef lituð hefði verið á þann hluta hennar, sem tók umtalsverðum breytingum, sem nýja stöð.

8.5. Losun þeirra rokgjörnu, lífrænu efnasambanda sem fá eða ættu að fá, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi, eina af þeim hættusetningum sem um getur í 7. gr., skal vera í samræmi við þau losunarmörk, sem kveðið er á um í 7. gr., svo fljótt sem við verður komið.

8.6. Stöðvar í rekstri sem starfrækja þann hreinsibúnað sem er fyrir hendi og samræmast eftirfarandi ákvæðum um losunarmörk:

– 50 mg C/Nm<sup>3</sup> ef um brennslu er að ræða,

– 150 mg C/Nm<sup>3</sup> ef um hvers kyns annan hreinsibúnað er að ræða,

skulu undanþegnar þeim losunarmörkum fyrir punktlosun, sem tilgreind eru í II. viðauka A, til 1. apríl 2013 að því tilskildu að samanlögð losun allrar stöðvarinnar sé ekki meiri en hún hefði orðið að uppfylltum öllum kröfum sem tilgreindar eru í töflunni.

#### 9. gr.

##### *Stöðvar með meira en eina tegund starfsemi.*

9.1. Stöðvar, þar sem tvær eða fleiri tegundir starfsemi fara fram og sérhver tegund starfseminnar fer yfir þröskuldsgildin í II. viðauka A, skulu uppfylla kröfur í 5. gr. með tilliti til hverrar starfsemi um sig, eða ekki losa samanlagt meira en þær hefðu gert ef svo væri.

9.2. Að því er varðar þau efni, sem eru tilgreind í 7. gr., skulu uppfylltar kröfur í 7. gr. með tilliti til hverrar starfsemi um sig.

#### 10. gr.

##### *Eftirlit og mælingar.*

10.1. Tryggt skal að stöðugar mælingar séu viðhafðar í rásum tengdum hreinsibúnaði ef samanlögð losun við ysta losunarstað búnaðarins er meira en 10 kg/klst. af lífrænu kol-efni.

10.2. Í öðrum tilvikum skulu fara fram annaðhvort stöðugar eða reglubundnar mælingar. Reglubundin mæling skal fara fram minnst árlega og skal lesa að minnsta kosti þrisvar af mælitækjum í hverju tilviki sem mæling er framkvæmd. Eftirlitsaðili getur að fenginni umsókn þar um samþykkt lengra bil milli mælinga eða krafist þéttari mælinga ef ástæða þykir til. Í kjölfar umtalsverðra breytinga ber að sannreyna niðurstöður mælinga að nýju.

10.3. Mælinga er ekki krafist ef útblásturshreinsibúnaður er ekki nauðsynlegur til að fara að reglugerð þessari.

10.4. Rekstraraðili stöðvar, sem reglugerð þessi nær til, skal, fyrir 1. mars ár hvert skila skýrslu til eftirlitsaðila, þar sem fram kemur a.m.k. hvernig eftirfarandi atriði eru uppfyllt:

- losunarmörk fyrir punktlosun, fyrir dreifða losun og fyrir samanlagða losun,
- kröfur sem settar eru fram í skerðingarátætlun í II. viðauka B,
- ákvæði 6. gr.

Í III. viðauka eru leiðbeiningar sem varða áætlanir um meðhöndlun leysiefna og nýttast til að sýna fram á samræmi við þessar færíbreytur.

10.5. Bæta má lofitegundum við í útblásturloft í því skyni að kæla það eða þynna ef það er æskilegt af tæknilegum ástæðum, en ekki skal taka tillit til þeirra við ákvörðun á massastyrk mengunarefnisins í útblástursloftinu.

10.6. Ef um samfelldar mælingar er að ræða skal líta svo á að um samræmi við losunarmörk sé að ræða ef:

a) ekkert meðaltal á 24 klukkustunda tímabili í eðlilegum rekstri fer yfir losunarmörk, og

b) ekkert klukkustundarmeðaltal fer meira yfir losunarmörk en nemur stuðlinum 1,5.

10.7. Ef um reglubundnar mælingar er að ræða skal líta svo á að um samræmi við losunarmörk sé að ræða í einni tiltekinni mælingu ef:

a) meðaltal allra aflestra fer ekki yfir losunarmörk, og

b) ekkert klukkustundarmeðaltal fer meira yfir losunarmörk en nemur stuðlinum 1,5.

10.8. Sannreyna skal samræmi við ákvæði 7. gr. út frá summunni af massastyrk einstakra rokgjarnra lífrænna efnasambanda sem um ræðir. Í öllum öðrum tilvikum skal sannreyna samræmi út frá heildarmassa lífræns kolefnis sem losnar, nema kveðið sé á um annað í II. viðauka A.

10.9. Ef í ljós kemur að kröfur í reglugerð þessari hafi ekki verið uppfylltar, skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila og grípa til ráðstafana til að tryggja að kröfurnar séu uppfylltar að nýju svo fljótt sem auðið er. Ef hætta er á heilsutjóni manna skal starfsemin stöðvuð þegar í stað.

#### IV. KAFLI

#### Aðgangur að upplýsingum, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

11. gr.

##### *Aðgangur að upplýsingum.*

11.1. Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál nr. 21/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. ákvæði reglugerðar um starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit.

12. gr.

##### *Þagnarskylda eftirlitsaðila.*

12.1. Eftirlitsaðilar og aðrir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskylda um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

12.2. Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

## 13. gr.

*Valdsvið og þvingunarúrræði.*

13.1. Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Annars gilda ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði.

## 14. gr.

*Viðurlög.*

14.1. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

14.2. Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

## V. KAFLI

**Lagastoð, gildistaka o.fl.**

## 15. gr.

15.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og sbr. lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

15.2. Reglugerðin er sett með hliðsjón af tölul. 21ab (tilskipun 1999/13/EB) og tölul. 21aba (ákvörðun 2000/541/EB) í XX. viðauka EES-samningsins.

15.3. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## I. VIÐAUKI

**Starfsemi sem reglugerðin tekur til.**

Í þessum viðauka er fjallað um þá flokka starfsemi sem um getur í 1. gr. Þegar farið er yfir þau þröskuldsgildi, sem tilgreind eru í II. viðauka A, fellur sú starfsemi, sem um getur í þessum viðauka, undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í hverju tilviki er starfsemin meðal annars fólgin í hreinsun tækja en ekki hreinsun vara nema kveðið sé á um það sérstaklega.

*Límburður*

– Hvers kyns starfsemi þar sem lím er borið á flöt, nema þegar límburður og lögna þynnu tengist prentun.

*Yfirborðsmeðferð*

– Hvers kyns starfsemi þar sem eitt eða fleiri samfelld lög eru sett á:  
 – eftirtalin ökutæki:  
 – nýjar bifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokki M1 í tilskipun 70/156/EBE<sup>1</sup> og í flokki N1, að svo miklu leyti sem þær eru lakkaðar í sömu stöðvum og ökutæki í flokki M1,

<sup>1</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/27/EB (Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1).



- hús á vörubifreiðum, skilgreind sem rými ökumanns, og allt sambyggt rými fyrir tækjabúnað sem varða ökutæki í flokkum N2 og N3 í tilskipun 70/156/EBE,
- sendibifreiðar og vörubifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 í tilskipun 70/156/EBE, en að undanskildum húsum á vörubifreiðum,
- höpbifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum M2 og M3 í tilskipun 70/156/EBE,
- eftirvagnar, skilgreindir í flokkum O1, O2, O3 og O4 í tilskipun 70/156/EBE,
- yfirborð úr málm og plasti, þar á meðal yfirborðsfleti flugvéla, skipa og járnbraut-arlesta,
- yfirborð úr viði,
- yfirborð úr textíl, dúk, filmu og pappír,
- leður.

Starfsemin nær ekki til yfirborðsmeðferðar þar sem flötur er málmhúðaður með rafdrætti eða hann er húðaður með efnasprautun. Ef yfirborðsmeðferðin felur í sér skref þar sem einhvers konar prentun á sér stað telst prentunin hluti af yfirborðsmeðferðinni og gildir þá einu hvaða prenttækni er notuð. Prentun, sem fer fram sem aðskilin starfsemi, er ekki talin með, en getur fallið undir reglugerðina ef prentstarfsemin fellur undir gildissvið hennar.

#### *Rúlluhúðun*

- Hvers kyns starfsemi þar sem stálþynna, ryðfrítt stál, húðað stál í rúllu, eða ræmur úr koparblöndum eða áli eru lögð filmumyndandi húð eða þynnu í samfelldu ferli.

#### *Þurrhrensun*

- Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi þar sem rokgjörn, lífræn efnasambönd eru notuð til þess að hreinsa fatnað, húsgögn eða svipaðar neytendavörur, að undanskilinni handhrensun bletta í textíl- og fataiðnaði.

#### *Framleiðsla skófatnaðar*

- Hvers kyns starfsemi sem felst í framleiðslu á fullgerðum skófatnaði eða hlutum hans.

#### *Framleiðsla á yfirborðsefnablöndum, lökkum, farfa og lími*

- Framleiðsla á fullgerðum vörum, sem að framan greinir, ásamt þeirri framleiðslu á millistigsvörum, sem fer fram á sama stað, og er fólgin í blöndun fastlitarefna, kvoðu og límfefna við lífræn leysiefni eða önnur þynningarefni, þar á meðal þeyting og forþeyting stillingu á seigju og litblæ og áfyllingu fullgerðrar vöru í ílát.

#### *Framleiðsla á lyfjavörum*

- Efnasmíði, gerjun, útdráttur, efnablöndun og frágangur á lyfjavörum og framleiðsla á millistigsvörum sem fer fram á sama stað.

#### *Prentun*

- Hvers kyns eftirtaka texta og/eða mynda þar sem farfi er færður, með hjálp myndbera, á yfirborð af hvaða tagi sem er. Þetta nær einnig yfir tilheyrandi lökkun, yfirborðsmeðferð og plasthúðun. Tilskipunin lýtur þó eingöngu að eftirfarandi vinnsluþrepum:

– *flexóprentun* – prentun þar sem myndberinn er úr gúmmí eða fjaðrandi fjölliðum og þar sem prentflöturinn er upphækkaður og notaðir eru fljótandi prentlitir sem þorna við uppgufun,

– *heitþornandi offsetprentun af streng* – prentun af streng með myndbera þar sem bæði prentflötur og aðrir fletir sem prenta ekki eru í sömu hæð, þar sem prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af rúllu en ekki sem stakar arkir. Flöturinn sem prentar ekki er meðhöndlaður þannig að hann dregur að sér vatn og hrindir því farfa frá sér. Prentflöturinn er meðhöndlaður þannig að hann tekur farfa til sín og flytur hann á það yfirborð sem prenta skal á. Uppgufun á sér stað í ofni þar sem heitt loft er notað til að hita prentverkið,

– *plasthúðun sem tengist prentun* – samlíming tveggja eða fleiri sveigjanlegra efna þannig að til verði plasthúðaðir prentgripir,

– *djúpprentun á gæðapappír* – djúpprentun á pappír fyrir tímarit, bæklinga, verðlista eða annað áþekkt, þar sem notaður er farfi sem inniheldur tólúen,

– *djúpprentun* – prentun þar sem myndberinn er sívalningur, prentflöturinn er neðar en aðrir fletir sem prenta ekki og notaður er fljótandi farfi sem þornar við uppgufun. Hólfin eru fyllt með farfa og umframfarfi er þurrkaður af þeim flötum sem prenta ekki áður en sá flötur, sem prenta skal á, snertir sívalninginn og lyftir farfanum upp úr hólfunum,

– *valsasáldprentun (valsasilkiprentun)* – prentun af streng þar sem farfinn er færður á þann flöt sem prenta skal á við það að honum er þrýst gegnum gropna fleti myndberans, þar sem prentflöturinn er opinn og aðrir fletir eru lokaðir, og notaður er fljótandi farfi sem þornar eingöngu við uppgufun. Prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af rúllu en ekki sem stakar arkir,

– *lökkun* – starfsemi þar sem lakk eða límlag er borið á þjált efni, ætlað í umbúðir, í því skyni að loka síðar umbúðunum.

#### *Vinnsla gúmmís*

– Hvers kyns starfsemi sem felst í blöndun, mölun, pressun í sléttipressu, útpressun og súlfun (vulkaniseringu) á náttúru- eða gervigúmmíi og hvers kyns aðrar aðgerðir sem eru notaðar til að breyta náttúru- eða gervigúmmíi í fullunna vöru.

#### *Yfirborðshreinsun*

– Hvers kyns starfsemi, nema þurrhreinsun, þar sem lífræn leysiefni eru notuð til þess að fjarlægja óhreinindi af yfirborði efna, þar á meðal affitun. Hreinsun, sem felst í tveimur eða fleiri skrefum fyrir eða eftir aðra starfsemi, skal teljast ein yfirborðshreinsun. Þessi starfsemi vísar til hreinsunar á yfirborði framleiðsluvara en ekki til hreinsunar á tækjabún- aði.

#### *Vinnsla á jurtaolíu og dýrafitu og hreinsun á jurtaolíu*

– Hvers kyns starfsemi sem felst í vinnslu jurtaolíu úr fræjum og öðru jurtakyns, vinnsla fódurs úr þuru afgangsefni, hreinsun fitu og jurtaolíu sem unnar eru úr fræjum og öðru jurtakyns og/eða hráefnum úr dýraríkinu.

#### *Lakkviðgerðir ökutækja*

– Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi sem felst í yfirborðsmeðferð og tilheyr- andi affitun þar sem framkvæmd er:

– yfirborðsmeðferð ökutækja, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 70/156/EBE, eða hluta þeirra, sem framkvæmd er sem hluti af viðgerð ökutækja, viðhaldi eða skreytingu utan bifreiðasmiðjanna, eða

– upphafleg yfirborðsmeðferð ökutækja, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 70/156/EBE, eða hluta þeirra, með efnun ætluðum til lakkviðgerða, að því tilskildu að starfsemin fari fram utan upphaflegs framleiðslustaðar, eða

– yfirborðsmeðferð eftirvagna (einnig festivagna) (O-flokkur).

#### *Yfirborðsmeðferð vafvírs*

– Hvers kyns yfirborðsmeðferð málmleiðara sem notaðir eru til að vefja spólur í straum- breytum, rafhreyflum o.s.frv.

#### *Viðarfúavörn*

– Hvers kyns starfsemi sem felst í meðhöndlun viðar með fúavarnarefni.

#### *Viðar- og plastsamlíming*

– Hvers kyns starfsemi sem felst í að líma saman við og/eða plast og framleiða þannig samlímdar vörur.

## II. VIÐAUKI A

## I. Þröskulsgildi og losunarmörk.

	Starfsemi (þröskulsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskulds- gildi (þröskulds- gildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Losunar- mörk punkt- losunar (mg C/Nm <sup>3</sup> )	Mörk fyrir dreifða losun (% af ílagi leysiefna)		Samanlögð losunarmörk		Sérstök ákvæði
				Ný stöð	Stöð í rekstri	Ný stöð	Stöð í rekstri	
1	Heitþornandi offsetprentun af streng (>15)	15–25 >25	100 20	30 ( <sup>1</sup> ) 30 ( <sup>1</sup> )				( <sup>1</sup> ) Leifar leysiefna í fullunnum vörum skulu ekki teljast hluti af dreifðri losun.
2	Djúpprentun á gæðapappír (> 25)		75	10	15			
3	Annars konar djúpprentun, flexóprentun, valsasáldprentun, plasthúðun eða lökkun (> 15), valsasáldprentun á textíl/pappa (> 30)	15–25 >25 >30( <sup>1</sup> )	100 100 100	25 20 20				( <sup>1</sup> ) Þröskulsgildi fyrir vals- sáldprentun á textíl og pappa.
4	Yfirborðshreinsun ( <sup>1</sup> ) (> 1)	1–5 >5	20 ( <sup>2</sup> ) 20 ( <sup>2</sup> )	15 10				( <sup>1</sup> ) Notkun efna- sambanda sem tilgreind eru í 7. gr. ( <sup>2</sup> ) Mörk vísa til massa efna- sambanda í mg C/Nm <sup>3</sup> , en ekki heildarmagns kolefnis.
5	Önnur yfirborðshreinsun (> 2)	2–10 >10	75 ( <sup>1</sup> ) 75 ( <sup>1</sup> )	20 ( <sup>1</sup> ) 15 ( <sup>1</sup> )				( <sup>1</sup> ) Stöðvar, sem sýna starfsleyfis- gjafa fram á að meðalinnihald lífrænna leysiefna í öllum hreinsiefnum, sem eru notuð, sé ekki meira en 30% af þyngd, eru undanþegnar þessum gildum.
6	Lökkun (< 15) og lakkviðgerðir ökutækja	>0,5	50( <sup>1</sup> )	25				( <sup>1</sup> ) Sýna ber, á grunni meðaltals úr mælingum í 15 mínútur, fram á samræmi við 6. mgr. 10. gr.
7	Rúlluhúðun (> 25)		50 ( <sup>1</sup> )	5	10			( <sup>1</sup> ) Fyrir stöðvar, sem nota tækni er byggist á endurnotkun endurheimtra leysiefna, skulu mörk fyrir losun vera 150.

	Starfsemi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskulds- gildi (þröskulds- gildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Losunar- mörk punkt- losunar (mg C/Nm <sup>3</sup> )	Mörk fyrir dreifða losun (% af ilagi leysiefna)		Samanlögð losunarmörk		Sérstök ákvæði
				Ný stöð	Stöð í rekstri	Ný stöð	Stöð í rekstri	
8	Önnur yfirborðsmeðferð, þar á meðal með málmi, plasti, textíl ( <sup>5</sup> ), dúk, filmu og pappír ( <sup>5</sup> )	5–15 >15	100 ( <sup>1</sup> )( <sup>4</sup> ) 50/75 ( <sup>2</sup> )( <sup>1</sup> )( <sup>4</sup> )	20 ( <sup>4</sup> ) 20 ( <sup>4</sup> )				( <sup>1</sup> ) Losunarmörk gilda um yfir- borðsmeðferð og þurrkun sem fer fram við stýrðar aðstæður. ( <sup>2</sup> ) Fyrstu losun- armörk gilda um þurrkun, önnur mörkin um yfir- borðsmeðferð. ( <sup>3</sup> ) Fyrir stöðvar, sem framkvæma yfirborðsmeðferð á textíl og nota tækni sem byggist á endurnotkun endurheimtra leysiefna, skulu losunarmörk, sem gilda fyrir yfirborðsmeðferð og þurrkun, í heild vera 150. ( <sup>4</sup> ) Yfirborðs- meðferð, sem verður ekki framkvæmd við stýrðar aðstæður (svo sem skipa- smíði og málning flugvéla), má undanþiggja þessum gildum, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. ( <sup>5</sup> ) Valsasáld- prentun á textíl heyrir undir starfsemi nr. 3.
9	Yfirborðsmeðferð vafvírs ( <sup>5</sup> )					10 g/kg ( <sup>1</sup> ) 5 g/kg ( <sup>2</sup> )		( <sup>1</sup> ) Gildir fyrir stöðvar þegar meðalþvermál vírs er ≤0,1 mm. ( <sup>2</sup> ) Gildir fyrir allar aðrar stöðvar.

	Starfsemi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskulds- gildi (þröskulds- gildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Losunar- mörk punkt- losunar (mg C/Nm <sup>3</sup> )	Mörk fyrir dreifða losun (% af ílagi leysiefna)		Samanlögð losunarmörk		Sérstök ákvæði
				Ný stöð	Stöð í rekstri	Ný stöð	Stöð í rekstri	
10	Yfirborðsmeðferð á tré (> 15)	15–25 >25	100 <sup>(1)</sup> 50/75 <sup>(2)</sup>	25 20				( <sup>1</sup> ) Losunarmörk gilda fyrir yfirborðsmeðferð og þurrkun sem fer fram við stýrðar aðstæður. ( <sup>2</sup> ) Fyrsta gildið fyrir losun á við um þurrkun, annað gildið um yfirborðsmeðferð
11	Þurrhreinsun					20 g/kg <sup>(1)</sup> ( <sup>2</sup> )		( <sup>1</sup> ) Gefið upp í massa leysiefna sem losuð eru fyrir hvert kíló af hreinsuðum og þurrkuðum vörum. ( <sup>2</sup> ) Losunarmörk, sem tilgreind eru í 3. mgr. 7. gr., gilda ekki um þessa atvinnugrein.
12	Viðarfúavörn (> 25)		100 <sup>(1)</sup>	45		11 kg/m <sup>3</sup>		( <sup>1</sup> ) Gildir ekki um fúavörn með kreósoíti.
13	Yfirborðsmeðferð leðurs	10–25 >25  (> 10) <sup>(1)</sup>				85 g/m <sup>2</sup> 75 g/m <sup>2</sup>  150 g/m <sup>2</sup>		Losunarmörk eru gefin í grömmum leysiefnis sem losað er fyrir hvern m <sup>2</sup> af framleiddum vörum. ( <sup>1</sup> ) Gildir um yfirborðsmeðferð á leðri fyrir húsgögn og sérstakar leðurvörur notaðar í töskur, belti, veski og aðrar smágerðar neysluvörur.
14	Framleiðsla skófatnaðar (> 5)					25 g fyrir hvert skópar		Samanlögð losunarmörk eru gefin í grömmum leysiefna sem losuð eru fyrir hvert fullgert og framleitt skópar.
15	Samlíming viðar og plasts (> 5)					30 g/m <sup>3</sup>		

	Starfsemi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskulds- gildi (þröskulds- gildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Losunar- mörk punkt- losunar (mg C/Nm <sup>3</sup> )	Mörk fyrir dreifða losun (% af flagi leysiefna)		Samanlögð losunarmörk		Sérstök ákvæði
				Ný stöð	Stöð í rekstri	Ný stöð	Stöð í rekstri	
16	Límurður	5–15 >15	50 <sup>(1)</sup> 50 <sup>(1)</sup>	25 20				<sup>(1)</sup> Losunarmörk fyrir punktlosun skulu vera 150 ef notuð er tækni þar sem endurheimt leysiefni eru endurnotuð.
17	Framleiðsla á efna- blöndum til yfir- borðsmeðferðar, lökkum, farfa og lími (> 100)	100–1.000 > 1.000	150 150	5 3	5% af flagi leysiefna 3% af flagi leysiefna			Losunarmörk fyrir dreifða losun ná ekki til leysiefna, sem eru seld í lokuðum flátum, og eru hluti af efnaþöndum til yfirborðsmeðferðar.
18	Vinnsla gúmmís (> 15)		20 <sup>(1)</sup>	25 <sup>(2)</sup>	25% af flagi leysiefna			<sup>(1)</sup> Losunarmörk fyrir punktlosun skulu vera 150 ef notuð er tækni þar sem endurheimt leysiefni eru endurnotuð. <sup>(2)</sup> Losunarmörk fyrir dreifða losun ná ekki til leysiefna sem eru seld í lokuðum flátum og eru hluti af vörum eða efnaþöndum.
19	Vinnsla á jurtaolífu og dýrafitu og hreinsun á jurtaolífu (> 10)				Dýrafita: 1,5 kg/tonn Laxerolífa: 3 kg/tonn Repjufræ: 1 kg/tonn Sólblómfræ: 1 kg/tonn Sojabaunir (venjuleg mölun): 0,8 kg/tonn Sojabaunir (hvítar flögur): 1,2 kg/tonn Annað fræ og annað efni jurtakyns: 3 kg/tonn <sup>(1)</sup> 1,5 kg/tonn <sup>(2)</sup> 4 kg/tonn <sup>(3)</sup>			<sup>(1)</sup> Starfsleysifis- gjafi skal, í hverju tilviki fyrir sig og með bestu fáanlegu tækni, setja samanlögð losunarmörk fyrir stöðvar þar sem unnar eru stakar framleiðslu- einingar af fræi eða öðru efni jurtakyns. <sup>(2)</sup> Gildir um alla sundurgreiningu efna, nema fjarlægingu gúmmís úr olífu. <sup>(3)</sup> Gildir um fjarlægingu gúmmís.

	Starfsemi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskuldsgildi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Losunarmörk punktlosunar (mg C/Nm <sup>3</sup> )	Mörk fyrir dreifða losun (% af flagi leysiefna)		Samanlögð losunarmörk		Sérstök ákvæði
				Ný stöð	Stöð í rekstri	Ný stöð	Stöð í rekstri	
20	Framleiðsla á lyfjavörum (> 50)		20 <sup>(1)</sup>	5 <sup>(2)</sup>	15 <sup>(2)</sup>	5% af flagi leysiefna	15% af flagi leysiefna	( <sup>1</sup> ) Losunarmörk fyrir punktlosun skulu vera 150 ef notuð er tækni þar sem endurheimt leysiefni eru endurnotuð. ( <sup>2</sup> ) Losunarmörk fyrir dreifða losun ná ekki til leysiefna sem eru seld í lokuðum ílátum og eru hluti af vörum eða efnablöndum.

## II. Lökkun ökutækja.

Samanlögð losunarmörk eru gefin í grömmum af losuðum leysiefnum sem hlutfall af yfirborðsflatarmáli vara í fermetrum og í kílógrömmum leysiefna sem losuð eru í tengslum við yfirbyggingu bílsins.

Yfirborðsflatarmál þeirrar vöru, sem er tilgreind í töflunni fyrir neðan, er skilgreint sem hér segir.

– yfirborðsflatarmálið, sem er reiknað út frá heildarflatarmálinu, sem meðhöndla skal með rafdrætti, og yfirborðsflatarmál sérhverra hluta, sem er ef til vill bætt við á síðari stigum yfirborðsmeðferðarinnar, og fá sömu yfirborðsmeðferð og notað er á sjálfa vöruna eða heildaryfirborðsflatarmál vörunnar sem fær yfirborðsmeðferð í stöðinni.

Yfirborð þess flatar, sem meðhöndlaður er með rafdrætti, er reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$\frac{2 \times \text{heildarþyngd vörunnar}}{\text{meðalþykkt málmplötu} \times \text{eðlismassi málmplötu}}$$

Þessari aðferð skal einnig beita á aðra hluti sem eru gerðir úr plötum og hafa fengið yfirborðsmeðferð.

Nota skal tölvustudda hönnun, eða beita öðrum sambærilegum aðferðum, til að reikna yfirborðsflatarmál annarra viðbættra hluta, eða heildarflatarmál þess yfirborðs sem fær yfirborðsmeðferð í stöðinni.

Samanlögð losunarmörk, sem um getur í töflunni hér að aftan, eiga við um öll vinnslustig í einni og sömu stöð, allt frá yfirborðsmeðferð með rafdrætti, eða hvers kyns annarri yfirborðsmeðferð, til endanlegrar meðferðar ysta yfirborðslags með vaxi og gljáfægingu, ásamt leysiefnum sem notuð eru við hreinsun þess búnaðar sem þarf við verkið, þar á meðal sprautuklefa og annars fasts búnaðar, bæði á framleiðslutíma og utan hans. Samanlögð losunarmörk eru gefin sem massasumma lífrænna efnasambanda fyrir hvern m<sup>2</sup> af heildaryfirborði framleiðsluvara sem fá yfirborðsmeðferð og sem massasumma lífrænna efnasambanda fyrir hverja yfirbyggingu bíls.

Starfsemi (þröskuldsgildi fyrir notkun leysiefna í tonnum/ári)	Þröskuldsgildi fyrir framleiðslu (visar til árlegrar framleiðslu af yfir- borðsmeðhöndluðum hlutum)	Samanlögð losunarmörk	
		Ný stöð	Stöð í rekstri
Lökkun nýrra bíla (> 15)	> 5.000 ≤ 5.000 sjálfberandi eða > 3.500 byggt á undirvagn	45 g/m <sup>2</sup> eða 1,3 kg/yfirbyggingu + 33 g/m <sup>2</sup> 90 g/m <sup>2</sup> eða 1,5 kg/yfirbyggingu + 70 g/m <sup>2</sup>	60 g/m <sup>2</sup> eða 1,9 kg/yfirbyggingu + 41 g/m <sup>2</sup> 90 g/m <sup>2</sup> eða 1,5 kg/yfirbyggingu + 70 g/m <sup>2</sup> .
Lökkun húsa nýrra vörubifreiða (> 15)	≤ 5.000 > 5.000	65 55	85 75
Lökkun nýrra sendibifreiða og vörubifreiða (> 15)	≤ 2.500 > 2.500	90 70	120 90
Lökkun nýrra hópbifreiða (> 15)	≤ 2.000 > 2.000	210 150	290 225

Stöðvar, sem annast lökkun ökutækja og eru undir þeim þröskuldsgildum fyrir notkun leysiefna, sem um getur í töflunni hér á undan, skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um lakkviðgerðir ökutækja í II. viðauka A.

## II. VIÐAUKI B Skerðingaráætlun.

### 1. Meginreglur.

Markmiðið með skerðingaráætluninni er að gera rekstraraðilanum kleift með öðrum aðferðum að draga úr losun sem svarar til þeirrar skerðingar sem náðst hefði ef losunarmörkum hefði verið beitt. Í þessu skyni er rekstraraðila heimilt að styðjast við hverja þá skerðingaráætlun sem er sérstaklega hönnuð fyrir stöð hans, að því tilskildu að lokaniðurstaðan verði samsvarandi skerðing á losun.

### 2. Framkvæmd.

Við notkun á eignum til yfirborðsmeðferðar, lökkum, límeffnum eða farfa má styðjast við eftirfarandi áætlun. Ef neðangreind aðferð er óhentug getur starfsleysifsgjafi heimilað rekstraraðila að nota einhverja aðra undanþáguáætlun sem hann telur að uppfylli þær meginreglur sem settar voru fram hér í drögum. Við mótun áætlunarinnar skal taka tillit til eftirfarandi staðreynda:

i) ef staðgönguefni, sem innihalda lítið eða ekkert af leysiefnum, eru enn í þróun verður að veita rekstraraðila frest til þess að framkvæma skerðingaráætlanir sínar;

ii) viðmiðunarpunkturinn fyrir skerðingu á losun ætti að svara sem nákvæmlegast til þeirrar losunar sem orðið hefði ef ekki hefði verið gripið til neinna skerðingarráðstafana.

Eftirfarandi áætlun skal gilda fyrir stöðvar, þar sem gera má ráð fyrir að þurfnisinnihald vöru sé stöðugt, og notast til að skilgreina viðmiðunarpunkturinn fyrir skerðingu losunar:

i) rekstraraðili skal senda áætlun um skerðingu á losun þar sem sérstök grein er gerð fyrir þeirri skerðingu á meðalinnihaldi leysiefna í heildarílaginu og/eða aukinni skilvirkni í notkun þurrefna sem nauðsynleg er til að skerða samanlagða losun stöðvarinnar að tilteknum hundradshluta af árlegri viðmiðunarlosun, en þetta nefnist marklosun. Þetta verður að eiga sér stað fyrir eftirfarandi tímamörk:

Tímabil		Mesta leyfða árlega samanlagða losun
Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	
Eigi síðar en 31.10.2001	Eigi síðar en 31.10.2005	Marklosun × 1,5
Eigi síðar en 31.10.2004	Eigi síðar en 31.10.2007	Marklosun



ii) Árleg viðmiðunarlosun er reiknuð sem hér segir:

a) Heildarmassi þurrefna í efnunum, sem notuð eru árlega til yfirborðsmeðferðar, og/eða í farfa, lakki eða límeffnum er ákvarðaður. Þurrefni eru öll efni í yfirborðsmeðferðarefnum, farfa, lakki og límeffnum sem breytast í fast efni þegar vatnið eða rokgjörnu lífrænu efna-samböndin hafa gufað upp.

b) Árleg viðmiðunarlosun er reiknuð með því að margfalda massann, sem ákvarðaður er samkvæmt a-lið með viðeigandi stuðli sem tilgreindur er í töflunni hér á eftir. Hollustu-vernd ríkisins getur lagað þessa stuðla að einstökum stöðvum þannig að þeir endurspegli þá auknu skilvirkni í notkun þurrefna sem sýnt hefur verið fram á að hafi átt sér stað.

Starfsemi	Margfeldisstuðull fyrir b-lið ii-liðar.
Djúpprentun, flexóprentun, plasthúðun sem hluti af prentun, lökkun sem hluti af prentun, yfirborðsmeðferð á tré, yfirborðsmeðferð á textíleffnum, dúk, filmu eða pappír, límburður	4
Rúlluhúðun, lakkviðgerðir ökutækja	3
Yfirborðsmeðferð matvæla, yfirborðsmeðferð loft- og geimfara	2,33
Annars konar yfirborðsmeðferð og valsasáldprentun	1,5

c) Marklosunin jafngildir árlegri viðmiðunarlosun sem margfölduð er með hundraðs-hluta sem er jafn:

– (gildi fyrir dreifða losun + 15) fyrir stöðvar sem heyra undir 6. lið og lægstu þröskuldsgildi í 8. og 10. lið í II. viðauka A,

– (gildi fyrir dreifða losun + 5) fyrir allar aðrar stöðvar.

d) Kröfur eru uppfylltar ef hin raunverulega losun leysiefna, sem er ákvörðuð út frá áætlun um meðhöndlun leysiefna, er minni en marklosunin eða jöfn henni.

### III. VIÐAUKI

#### Áætlun um meðhöndlun leysiefna.

##### 1. Inngangur.

Í þessum viðauka eru leiðbeiningar um framkvæmd áætlunar um meðhöndlun leysiefna. Í henni eru tilgreindar þær meginreglur sem beita skal (2. liður), ramminn um massa-jafnvægið (3. liður) og kröfur um eftirlit með því að ákvæði séu virt (4. liður).

##### 2. Meginreglur.

Áætlunin um meðhöndlun leysiefna þjónar eftirfarandi tilgangi:

- i) að sannprófa að ákvæði séu virt eins og tilgreint er í 4. mgr. 10. gr.;
- ii) að benda á framtíðarvalkosti með tilliti til skerðingar;
- iii) að gera kleift að miðla upplýsingum til almennings um notkun og losun leysiefna og um að ákvæði reglugerðarinnar séu virt.

##### 3. Skilgreiningar.

Eftirfarandi skilgreiningar eru grunnur fyrir útreikninga á massajafnvægi:

Ílag lífrænna leysiefna (I):

I1 Magn lífrænna leysiefna eða magn þeirra í aðkeyptum efnablöndum sem eru notaðar sem ílag í ferlinu innan þess tímaramma sem reikningar á massajafnvægi miðast við.

I2 Magn lífrænna leysiefna eða magn þeirra í endurheimtum og endurnotuðum efnablöndum sem notaðar eru sem ílag í ferlinu. (Í útreikningum er tekið tillit til endurunnins leysiefnis í hvert sinn sem það er notað við starfsemina).

Losun lífrænna leysiefna (O):

O1 Losun með punktlosun.

O2 Lífræn leysiefni sem tapast í vatni, og ef við á er tekið tillit til meðhöndlunar skolps við útreikning O5.

O3 Magn lífrænna leysiefna sem verða eftir sem mengun eða leifar í þeim vörum sem framleiddar eru í ferlinu.

O4 Óbeisluð losun lífrænna leysiefna út í andrúmsloft. Þetta nær yfir venjulega loft-ræstingu húsnæðis þar sem loft er losað út í umhverfið um glugga, dyr, loftrásartúður og önnur op af svipuðu tagi.

O5 Lífræn leysiefni og/eða lífræn efnasambönd sem tapast vegna efna- eða eðlisfræðilegra hvarfa (þar á meðal þau efni sem eyðast, til dæmis við brennslu eða annars konar meðferð eða er safnað saman, til dæmis með aðsogi, að því tilskildu að þau séu ekki reiknuð með í liðum O6, O7 eða O8).

O6 Lífræn leysiefni í úrgangi sem safnað er saman.

O7 Lífræn leysiefni eða lífræn leysiefni í efnablöndum sem eru seld eða ætluð til sölu sem gild verslunarvara.

O8 Lífræn leysiefni í efnablöndum sem eru endurheimt til endurnotkunar en ekki sem flag í ferlið, að því tilskildu að þau séu ekki reiknuð með í lið O7.

O9 Lífræn leysiefni sem eru losuð á annan hátt.

#### 4. Leiðbeiningar um beitingu áætlunar um meðhöndlun leysiefna við sannpröfun á að ákvæði séu virt.

Notkun áætlunarinnar um meðhöndlun leysiefna er háð þeim sérstöku kröfum sem sannprófa skal, samanber eftirfarandi:

i) Sannpröfun á því að ákvæði um skerðingarmöguleika séu virt eins og kveðið er á um í II. viðauka B, þar sem samanlögð losunarmörk eru gefin sem losun leysiefna fyrir hverja vörueiningu eða á annan hátt sem tilgreindur er í II. viðauka A.

a) Fyrir alla starfsemi, sem II. viðauki B gildir um, ætti árlega að semja áætlun um meðhöndlun leysiefna til að ákvarða notkun (C). Notkunina má reikna samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$C = I1 - O8$$

Samhliða þessu ætti að reikna magn þurrefna, sem notað er við yfirborðsmeðferð, í þeim tilgangi að leiða í ljós árlega viðmiðunarlosun og marklosun fyrir hvert ár.

b) Til að meta samræmi við samanlögð losunarmörk, sem gefin eru upp sem losun leysiefna fyrir hverja vörueiningu eða á annan hátt sem kveðið er á um í II. viðauka A, ætti árlega að semja áætlun um meðhöndlun leysiefna til að ákvarða losun (E). Losunina má reikna samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$E = F + O1$$

þar sem F er dreifða losunin eins og hún er skilgreind í a-lið ii-liðar. Síðan skal deila í töluna fyrir losunina með viðeigandi vörufaribreytu.

c) Til að meta samræmi við kröfur, sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr., ætti árlega að semja áætlun um meðhöndlun leysiefna til að ákvarða samanlagða losun frá allri starfsemi sem í hlut á og síðan ætti að bera þá tölu saman við samanlögðu losunina sem orðið hefði niðurstaðan ef kröfur, sem tilgreindar eru í II. viðauka, hefðu verið uppfylltar fyrir hverja starfsemi fyrir sig.

ii) Ákvörðun dreifðrar losunar til samanburðar við mörk fyrir dreifða losun í II. viðauka A:

a) *Starfsaðferð*

Dreifða losun má reikna samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$F = I1 - O1 - O5 - O6 - O7 - O8$$

eða

$$F = O2 + O3 + O4 + O9$$

Hægt er að ákvarða þessa losun með beinum mælingum á magni. Að öðrum kosti má

beita jafngildum útreikningum sem byggðir eru á öðrum aðferðum, til dæmis með því að styðjast við hremmingargetu ferlisins.

Mörkin fyrir dreifða losun eru gefin upp sem hlutfall af ílaginu sem reikna má samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$I = I_1 + I_2$$

b) *Tíðni*

Ákvarða má dreifða losun með stuttri lotu víðtækra mælinga. Ekki er þörf á að endurtaka þær nema tækjabúnaði sé breytt.

## REGLUR

### um hópundanþágu fyrir flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.

#### 1. gr.

Íslenskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2000 frá 28. janúar 2000, skal gilda gagnvart samskonar samningum og samstilltum aðgerðum sem falla undir 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þetta á þó ekki við um 2. mgr. og a-lið 4. mgr. 2. gr., 6. gr., 7. gr., 8. gr., 12. gr. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2790/1999.

Reglugerð nr. 2790/1999 er birt sem fylgiskjal við reglur þessar.

#### 2. gr.

Í reglugerðinni skal „1. mgr. 81. gr. sáttmálans“ lesin sem „10. og 12. gr. samkeppnislaga“ og „3. mgr. 81. gr. sáttmálans“ skal lesin sem „1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga“.

Í 1. gr. c-liðar reglugerðarinnar komi „Ísland“ í stað orðsins „bandalagið“.

Í 1. gr., 2. gr. og 11. gr. reglugerðarinnar komi „reglur“ í stað orðsins „reglugerð“.

#### 3. gr.

Samkeppnisráð getur afturkallað undanþágu þá, sem leiðir af reglum þessum þegar ráðið telur að í einhverju ákveðnu tilviki hafi lóðréttir samningar, sem þessar reglur gilda um, áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrði 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Þetta á einkum við þar sem aðgengi að viðkomandi markaði eða samkeppni á honum er verulega heft með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra lóðréttra samninga sem birgjar eða kaupendur hafa innleitt í samkeppni.

Ef samhliða netkerfi svipaðra lóðréttra samninga ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði getur samkeppnisráð tekið ákvörðun um að reglur þessar skuli ekki gilda um lóðréttu samninga sem í eru tilteknað hömlur sem varða þann markað.

Ákvörðun samkeppnisráðs samkvæmt 2. mgr. skal þó ekki koma til framkvæmda fyrr en 6 mánuðum eftir samþykki hennar.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og taka gildi við birtingu. Reglur þessar gilda til 31. maí 2010.

*Samkeppnisstofnun, 27. febrúar 2002.*

**Kirstín Flygenring.**

**Georg Ólafsson.**

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2790/1999**

frá 22. desember 1999

**um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 <sup>(2)</sup>, einkum 1. gr.,að birtum drögum þessarar reglugerðar <sup>(3)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi,

- 1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.) gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr.
- 2) Í ljósi fenginnar reynslu er hægt að skilgreina flokk lóðréttra samninga sem telja má að uppfylli yfirleitt þau skilyrði sem sett eru í 3. mgr. 81. gr.
- 3) Þessi flokkur nær yfir lóðréttá samninga um kaup eða sölu vöru eða þjónustu þar sem þessir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinnna samkeppnisaðila eða milli samtaka vörusmáala. Hann tekur einnig til lóðréttra samninga sem innihalda fylgiákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Í þessari reglugerð nær hugtakið „lóðréttir samningar“ til samsvarandi samstilltra aðgerða.
- 4) Við beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá lóðréttu samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar markaðarins með tilliti til framboðs og kaupa.
- 5) Sá ávinningur, sem hópundanþága felur í sér, ætti að takmarkast við lóðréttá samninga sem telja má nokkuð
  - 6) Lóðréttir samningar í þeim flokki, sem er skilgreindur í þessari reglugerð, geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir samræmingu milli hlutaðeigandi fyrirtækja, einkum geta þeir leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til hámarksverðar á sölu þeirra og fjárfestingum.
  - 7) Líkurnar á að slík áhrif er leiða til aukinnar hagkvæmni vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því hve mikla samkeppni aðrir vöru- og þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi álíta jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.
  - 8) Hægt er að líta svo á að ef markaðshlutdeild birgjisins fer ekki yfir 30% leiði lóðréttir samningar, sem fela ekki í sér tiltekna strangar samkeppnishömlur, almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst. Ef í lóðréttum samningum er að finna skuldbindingu um einkasölu er það markaðshlutdeild kaupandans sem skiptir máli við að ákvarða heildaráhrif slíkra lóðréttra samninga á markaðinn.
  - 9) Þegar viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild eru yfir 30% er ekki hægt að reikna með að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., muni að jafnaði hafa í för með sér þess konar ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem hann skapar fyrir samkeppnina.
  - 10) Lóðréttir samningar, sem í eru takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem nefnd eru hér að framan, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ættu lóðréttir samningar, sem í eru tiltekna strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð og fast endursöluverð ásamt ákveðnum tegundum svæðisverndar, ekki að njóta ávinnings af hópundanþágunni, sem komið er á með þessari reglugerð, burtséð frá markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja.

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.<sup>(2)</sup> Stjórn. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjórn. EB C 270, 24.9.1999, bls. 7.

- 11) Til að tryggja aðgengi að, eða til að hindra leynilegt samráð á viðkomandi markaði skal setja ákveðin skilyrði fyrir hópundanþágunni. Í þessu skyni ber að takmarka undanþágur frá skuldbindingum um að taka ekki þátt í samkeppni við skuldbindingar sem miðast við tiltekinn tíma. Af sömu ástæðu ber að undanskilja frá ávinningi, sem fæst með þessari reglugerð, sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem verður til þess að aðilar í sérhæfðu dreifikerfi selji ekki vörumerki ákveðinna birgja í samkeppni.
- 12) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú ákvörðun að undanþiggja ekki tiltekna lóðréttu samninga og skilyrðin sem sett eru í þessari reglugerð tryggja, að öðru jöfnu, að samningar þeir, sem hópundanþágan á við, geri þátttökufyrirtækjunum ekki kleift að útrýma samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vörutegunda sem um ræðir.
- 13) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif, sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr., getur framkvæmdastjórnin dregið til baka hópundanþágu. Þetta getur einkum gerst ef kaupandinn hefur umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði þar sem hann endurselur vörur eða veitir þjónustu eða þar sem samhliða net lóðréttu samninga hafa svipuð áhrif sem torvelda verulega aðgang að eða samkeppni á viðkomandi markaði. Slík samlegðaráhrif geta til dæmis komið upp í tilvikum þar sem um sérhæfða dreifingu eða skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni er að ræða.
- 14) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum umboð til að afturkalla hópundanþágu að því er varðar lóðréttu samninga, sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðunum í 3. mgr. 81. gr., þar sem slíkra áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra, eða á hluta þeirra, og þar sem slíkt svæði hefur til að bera einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar. Aðildarríkjunum ber að tryggja að meðferð þessa valds til afturkollunar stofni ekki í hættu samræmdri beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sameiginlega markaðinum eða fullum áhrifum þeirra aðgerða sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessara reglna.
- 15) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum lóðréttu samninga, sem hafa hliðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að þessi reglugerð gildi ekki um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 81. gr. beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.
- 16) Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu 82. gr.
- 17) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, skaða samræmda beitingu samkeppnisreglna á innri markaðinum eða koma í veg fyrir að hverjar þær ráðstafanir, sem eru samþykktar til framkvæmdar þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð, hafi full áhrif.

## SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA :

## 1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegir eða hugsanlegir birgjar á sama vörumarkaði. Vörumarkaðurinn nær meðal annars yfir vörur eða þjónustu sem kaupandi telur jafngildar samningsvörum eða -þjónustu eða að geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- b) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvörur eða -þjónustu, eða bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að meira en 80% af heildarinnkaupum hans á samningsvörum eða -þjónustu eða hliðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði séu gerð hjá birgi eða öðru fyrirtæki sem tilgreint er af birginum og skal miðað við verðmæti innkaupa kaupandans næstliðið almanaksár;
- c) „skuldbinding um einkasölu“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem veldur því að birginn má aðeins selja einum aðila innan bandalagsins vörur eða þjónustu sem tiltekin er í samningnum, með tiltekin not í huga eða til endursölu;
- d) „sérhæft dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinnna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir;
- e) „hugverkaréttur“: tekur til hugverkaréttar á sviði iðnaðar, höfundaréttar og skylds réttar;
- f) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna birgisins og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar; í þessu samhengi ber að skilja „leynilegar“ á þann veg að verkunnáttan sem heild, eða í samskipan og samsetningu einstakra hluta hennar, sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg; „umtalsverðar“ merkir að í verkunnáttunni felist vitneskja sem er ómissandi fyrir kaupandann til að nota, selja eða endurselja samningsvörurnar eða -þjónustuna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð;
- g) „kaupandi“: nær yfir fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis samkvæmt samningi sem fellur undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálaus.

## 2. gr.

1. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um samninga eða samstilltar aðgerðir sem eru á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert fyrir sig starfar, að því er varðar samninginn, á mismunandi framleiðslu- eða dreifingarstigi, og varða þau skilyrði sem þessir aðilar skulu uppfylla við kaup, sölu eða endursölu ákveðinnar vöru eða þjónustu („lóðréttir samningar“).

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem í slíkum samningum er að finna samkeppnishömlur sem falla undir 1. mgr. 81. gr. („lóðréttar hömlur“).

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal aðeins gilda um lóðréttá samninga, sem gerðir eru milli samtaka fyrirtækja og meðlima samtakanna eða milli slíkra samtaka og birgja þeirra, ef allir meðlimirnir eru vörusálarar og ef enginn einstakur meðlimur samtakanna, ásamt tengdum fyrirtækjum, hefur heildarveltu á ári sem er yfir 50 milljónir evra; reglugerð þessi gildir um lóðréttá samninga sem slík samtök gera, með fyrirvara um beitingu 81. gr., gagnvart láréttum samningum sem meðlimir samtakanna gera sín á milli.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um lóðréttá samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda og not kaupanda á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginatriði slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan gildir að því tilskildu, hvað varðar umsamda vöru eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnishömlur sem hafa þannig sömu áhrif eða virkni og lóðréttar hömlur sem eru ekki undanþegar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir ekki um lóðréttá samninga sem eru gerðir milli samkeppnisfyrirtækja. Þó skal hún gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lóðréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og:

- a) kaupandinn hefur heildarveltu á ári sem er undir 100 milljónum evra, eða
- b) birgirinn er framleiðandi og dreifingaraðili vöru en kaupandinn er dreifingaraðili sem framleiðir ekki vöru í samkeppni við samningsvöruna, eða
- c) birgirinn útvegar þjónustu á mismunandi stigum viðskipta en kaupandi býður ekki upp á samkeppnisþjónustu á því stigi þar sem hann kaupir samningsþjónustuna.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um lóðréttá samninga þegar viðfangsefni þeirra fellur undir gildissvið annarrar reglugerðar um hópundanþágur.

## 3. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., eiga við með því skilyrði að markaðshlutdeild birgisins fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann selur samningsvöruna eða -þjónustuna.

2. Sé um að ræða lóðréttá samninga, sem í eru skuldbindingar um einkasölu, skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda með því skilyrði að markaðshlutdeild kaupandans fari ekki yfir 30% á viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvöruna eða -þjónustuna.

## 4. gr.

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um lóðréttá samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka svigrúm kaupandans til að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um svigrúm birgisins til að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna;
- b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem eða þar sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörunar eða -þjónustuna, nema:
  - að takmarka virka sölu inn á afmarkað svæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað til annars kaupanda, þar sem slík takmörkun hamlar ekki sölu á vegum viðskiptavina kaupanda,
  - að takmarka sölu á vegum kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til notenda,
  - að takmarka sölu á vegum aðila að sérhæfðu dreifikerfi til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, og
  - að takmarka svigrúm kaupandans til að selja íhluti, sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir;
- c) að takmarka virka eða óvirka sölu aðila sérhæfðs dreifikerfis á smásölustigi verslunar til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki fengið viðurkenningu,
- d) að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila innan sérhæfðs dreifikerfis, þar með talið milli dreifingaraðila sem starfa á öðru viðskiptastigi,
- e) takmörkun sem samþykkt hefur verið milli íhlutabirgis og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta en það hindrar birginn í að selja íhlutana sem varahluti til notenda eða til viðgerðarverkstæða eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

## 5. gr.

Undanþágan, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., gildir ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í lóðréttum samningum:

a) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni, sem gildir um óákveðinn tíma eða lengur en í fimm ár. Skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni, sem er með þegjandi samkomulagi endurnýjanleg lengur en til fimm ára, skal álitin vera til óákveðins tíma. Þó skulu fimm ára tímamörkin ekki eiga við ef kaupandinn selur samningsvörurnar eða -þjónustuna frá athafnasvæði og landsvæði sem er í eigu birgisins eða birgirinn leigir af þriðja aðila, sem hefur ekki nein tengsl við kaupanda, að því tilskildu að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni sé ekki lengri en afnotatími kaupandans að athafnasvæði og landsvæði birgisins,

b) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur og þjónustu, nema slík skuldbinding:

- varði vörur og þjónustu sem keppa við samningsvörurnar eða -þjónustuna, og
- sé takmörkuð við athafnasvæði og landsvæði þar sem kaupandi hefur rekið starfsemi sína á samningstímanum, og
- sé ómissandi til að varðveita verkunnáttu sem birgir hefur veitt kaupanda,

og að því tilskildu að gildistími slíkra skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni takmarkist við eitt ár eftir að samningurinn rennur út. Þessi skuldbinding er með fyrirvara um að möguleiki sé til að leggja ótímabundnar hömlur á not og uppljóstrun verkunnáttu sem er enn ekki orðin almenningseign;

c) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur aðila að sérhæfðu dreifikerfi til að selja ekki vörumerki tiltekinna birgja í samkeppni.

## 6. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE þegar hún telur að í einhverju tilteknu tilvikum hafi lóðréttir samningar, sem þessi reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum þar sem aðgangi að viðkomandi markaði eða samkeppni á honum er verulega heft með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra lóðrétra hamla sem birgjar eða kaupendur hafa innleitt í samkeppni.

## 7. gr.

Ef lóðréttir samningar, sem undanþáguákvæðið í 2. gr. gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilvikum áhrif, sem eru í ósamræmi við skilyrðin í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að afturkalla þann ávinning sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar á því yfirráðasvæði, samkvæmt sömu skilyrðum og í 6. gr.

## 8. gr.

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra lóðrétra hamla ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð samkvæmt 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir samþykkt hennar.

## 9. gr.

1. Reikna skal 30% markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., á grundvelli söluandvirðis samningsvörunnar eða -þjónustunnar og annarra vara eða þjónustu sem seld er af birgi og sem kaupandi telur jafngildar eða að geti komið í stað samningsvara eða -þjónustu, sakir eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis. Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. skal nota annaðhvort andvirði kaupa á markaði eða mat þar á til að reikna út markaðshlutdeild.

2. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarka markaðshlutdeildarinnar, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- b) markaðshlutdeildin skal ná til allrar vöru eða þjónustu sem látnar hafa verið sameinuðum dreifingaraðilum í té með sölu að markmiði,
- c) ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærri en 30% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í allt að tvö almanaksár samfelltt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,
- d) ef upphaflega markaðshlutdeildin er ekki meiri en 30% en vex síðan yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í eitt almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 35% markaðshlutdeild,
- e) óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli c- og d-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

## 10. gr.

1. Að því er varðar útreikninga á árlegri heildarveltu í skilningi 2. og 4. mgr. 2. gr. skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðréttu samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda í tengslum við allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Ekki skal taka tillit til viðskipta milli aðila að lóðréttum samningi og fyrirtækja tengdum honum eða milli tengdu fyrirtækjanna.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., skal gilda áfram þar sem heildarársvelta sérhverra tveggja, samfelldra fjárhagsára fer ekki meira en 10% fram úr heildarársveltu.

## 11. gr.

1. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“ og „kaupandi“ ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.
2. „Tengd fyrirtæki“ eru:
  - a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
    - ræður yfir meira en helmingi atkvæða, eða
    - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
    - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,
  - b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
  - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,
  - d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
  - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
    - samningsaðila eða viðkomandi fyrirtækja tengdra þeim sem um getur í a- til d-lið, eða

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

— eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra sem um getur í a- til d-lið og eins eða fleiri þriðju aðila.

3. Að því er varðar 3. gr. skal markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. í þessari grein, skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr.

## 12. gr.

1. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 <sup>(1)</sup>, nr. 1984/83 <sup>(2)</sup> og nr. 4087/88 <sup>(3)</sup> skulu gilda áfram til 31. maí 2000.

2. Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmála EB, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. júní 2000 til 31. desember 2001 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. maí 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1983/83, nr. 1984/83 eða nr. 4087/88.

## 13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Hún kemur til framkvæmda 1. júní 2000, nema 1. mgr. 12. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

Þessi reglugerð falli úr gildi 31. maí 2010.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 359, 28.12.1988, bls. 46.



## REGLUR

### um hópundanþágu fyrir flokka samninga um rannsóknir og þróun.

#### 1. gr.

Íslenskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2000 frá 22. desember 2000, skal gilda gagnvart samskonar samningum um rannsóknir og þróun sem falla undir 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þetta á þó ekki við um 7. gr., 8. gr. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2659/2000.

Reglugerð nr. 2659/2000 er birt sem fylgiskjal við reglur þessar.

#### 2. gr.

Í reglugerðinni skal „1. mgr. 81. gr. sáttmálans“ lesin sem „10. og 12. gr. samkeppnislaga“ og „3. mgr. 81. gr. sáttmálans“ skal lesin sem „1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga“.

Í 1. gr. og 2. gr. reglugerðarinnar komi „reglur“ í stað orðsins „reglugerð“.

Í 4. gr. og 5. gr. reglugerðarinnar skal „á hinum sameiginlega markaði“ og „innan hins sameiginlega markaðar“ lesið sem „á innanlands markaði“.

#### 3. gr.

Samkeppnisráð getur afturkallað undanþágu þá, sem leiðir af reglum þessum þegar ráðið telur að í einhverju ákveðnu tilviki hafi samningar um rannsóknir og þróun, sem þessar reglur gilda um, áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrði 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Einkum og sér í lagi ef:

a) samningurinn um rannsókn og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknnum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar;

b) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðnum fyrir samningsvörurnar vegna þess hvernig dreifingu varanna er háttað í einstökum tilvikum;

c) samningsaðilarnir hafa hvorki hagnýtt sér niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs né fært efnisleg rök fyrir því;

d) samningsvörurnar eru ekki í virkri samkeppni á viðkomandi markaði við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætladri notkun;

e) samningurinn um rannsóknir og þróun myndi útrýma virkri samkeppni í rannsóknnum og þróunarstarfi á tilteknum markaði.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og taka gildi við birtingu. Reglur þessar gilda til 31. desember 2010.

*Samkeppnisstofnun, 27. febrúar 2002.*

**Kirstín Flygenring.**

**Georg Ólafsson.**

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2659/2000  
frá 29. nóvember 2000****um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum b-lið 1. mgr. 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-  
hömlur og yfirburðastöðu,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.), með reglugerð, gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. og snúast um rannsóknir og þróun vara eða aðferða, áður en til notkunar í iðnaði kemur, og hagnýtingu niðurstaðna, þar með talin ákvæði um hugverkaréttindi.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 163. gr. sáttmálans skal bandalagið hvetja fyrirtæki, að meðtöldum þeim sem eru lítil eða meðalstór, til að starfa að metnaðarfullum rannsóknum og tækniframförum og styðja viðleitni þeirra til samstarfs. Samkvæmt ákvörðun ráðsins 1999/65/EB frá 22. desember 1998 um reglur um aðild fyrirtækja, rannsóknamiðstöðva og háskóla og reglur um miðlun rannsóknamiðstaðna vegna framkvæmdar fimmtu rammaáætlunar Evrópubandalagsins (1998-2002) <sup>(3)</sup> og samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 996/1999 <sup>(4)</sup> um framkvæmd ákvörðunar 1999/65/EB skal vera samstarf um þær óbeinu aðgerðir á sviði rannsókna og tækniþróunar sem fá styrk frá fimmtu rammaáætlun bandalagsins.

- 3) Samningar um sameiginlegar rannsóknir eða þróun niðurstaðna úr rannsóknum, fram að því stigi að hægt sé að hagnýta þær við iðnaðarframleiðslu, falla yfirleitt ekki undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans. Í ákveðnum tilvikum, meðal annars þar sem samningsaðilar ákveða að stunda ekki aðrar rannsóknir og þróun á sama sviði og útiloka þar með þann möguleika að þeir nái forskoti á hina samningsaðilana, geta slíkir samningar þó fallið undir 1. mgr. 81. gr. og því ber að láta gildissvið reglugerðar þessarar ná til þeirra.

- 4) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 hefur framkvæmdastjórnin meðal annars samþykkt reglugerð (EBE) nr. 418/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2236/97 <sup>(6)</sup>. Reglugerð (EBE) nr. 418/85 fellur úr gildi 31. desember 2000.

- 5) Ný reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnáætlunir og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um rannsóknir og þróun milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsfitökum má almennt reikna með, að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr., að jákvæð áhrif samninga um rannsóknir og þróun vegi upp á móti neikvæðum áhrifum þeirra á samkeppni.

- 6) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 skal í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina takmarkanir eða ákvæði sem heimilt er eða óheimilt að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga, ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.

- 7) Það er við hæfi að leggja niður þá aðferð að telja upp undanþáguákvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir ef tilteknum markaðsfitökum hefur ekki verið náð og

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.<sup>(2)</sup> Stjórn. EB C 118, 27.4.2000, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjórn. EB L 26, 1.2.1999, bls. 46.<sup>(4)</sup> Stjórn. EB L 122, 12.5.1999, bls. 9.<sup>(5)</sup> Stjórn. EB L 53, 22.2.1985, bls. 5.<sup>(6)</sup> Stjórn. EB L 306, 11.11.1997, bls. 12.

tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðeigandi markað.

- 8) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 9) Veiting hópundanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.
- 10) Samvinna á sviði rannsóka og þróunar og við hagnýtingu niðurstaðna leiðir yfirleitt til fjárhagslegra og tæknilegra framfara vegna þess að fleiri geta hagnýtt sér verkunnáttu og unnt er að koma í veg fyrir tvítekingu rannsókna og þróunarstarfs, stuðlar að nýjum framförum þegar fyrirtæki bæta hvert annað upp með gagnkvæmri miðlun verkunnáttu milli samningsaðila og leiðir til hagræðingar í framleiðslu þegar beitt er aðferðum sem orðið hafa til við rannsóknir og þróunarstarf.
- 11) Sameiginleg hagnýting niðurstaðna verður að teljast eðlileg afleiðing sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs. Hún getur verið af mismunandi tagi, svo sem framleiðsla, hagnýting hugverkaréttinda, sem leiðir til verulegra tæknilegra eða efnahagslegra framfara, eða markaðssetning nýrra vara.
- 12) Neytendur njóta yfirleitt góðs af auknum og markvissari rannsóknum og þróunarstarfi þar eð nýjar eða bætтар aðferðir leiða til nýrra eða betri vara og þjónustu eða lækkaðs vöruverðs.
- 13) Til að njóta ávinnings og ná markmiðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs ætti þessi reglugerð einnig að gilda um þau ákvæði í samningum um rannsóknir og þróun sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar.
- 14) Til að réttlæta undanþágu skal sameiginleg hagnýting tengjast vörum eða aðferðum þar sem notkun niðurstaðna úr rannsóknum og þróunarstarfi hefur úrslitabýðingu og hver samningsaðili fær tækifæri til að hagnýta allar niðurstöður sem hann óskar eftir. Ef háskólar, rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki, sem annast rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en nýta sér venjulega ekki niðurstöðurnar, taka þátt í rannsóknum og þróunarstarfi skulu þau geta samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs eingöngu til frekari rannsókna. Á sama hátt geta fyrirtæki, sem eiga ekki í samkeppni, samþykkt að takmarka rétt sinn til hagnýtingar við eitt eða fleiri tæknilegt notkunarsvið til að greiða fyrir samstarfi milli samningsaðila þar sem færni eins kemur til fyllingar færni annars.
- 15) Nauðsynlegt er að takmarka undanþáguna, sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð, við samninga um rannsóknir og þróun sem veita fyrirtækjunum ekki færi á að útiloka samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða. Nauðsynlegt er að veita ekki hópundanþágu vegna samninga milli samkeppnisaðila ef samanlagður hlutur þeirra á markaðinum fyrir vörur eða þjónustu, sem unnt væri að bæta eða leysa af hölmi í kjölfar rannsókna og þróunarstarfs, fer yfir tiltekin mörk á þeim tíma sem samningur er gerður.
- 16) Til að tryggja að samkeppni verði áfram virk um leið og rannsóknamiðurstöður eru hagnýttar sameiginlega er nauðsynlegt að kveða á um að hópundanþágan falli niður ef samanlögð markaðshlutdeild samningsaðilanna fyrir vörurnar, sem tilkonnar eru vegna sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs, verður of stór. Undanþágan gildir áfram um tiltekinn tíma án tillits til markaðshlutdeilda samningsaðilanna þangað til hlutdeild þeirra er orðin stöðug, einkum þegar algjörlega ný vara hefur komið fram, og til að tryggja þeim hagnað í lágmarkstíma vegna fjárfestinga þeirra.
- 17) Ekki ætti í þessari reglugerð að veita undanþágu fyrir samninga sem fela í sér takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmileg forsenda þeirra hagstæðu áhrifa sem minnst er á hér á undan. Tilteknar alvarlegar samkeppnishömlur, svo sem takmarkanir á frelsi samningsaðila til að vinna að rannsóknum og þróun á sviði sem tengist ekki samningnum, verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og skipting markaða eða neytenda og takmörkun aðgangs að óvirki sölu á samningsvörum á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila, skulu að meginreglu til ekki falla undir hópundanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeilda hluteigandi fyrirtækja.
- 18) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að samningsfyrirtækin geti ekki, með samningum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.
- 19) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmáans, er framkvæmdastjórninni heimilt að fella niður hópundanþágu.

- 20) Samningar milli fyrirtækja, sem eiga ekki í samkeppni um framleiðslu vara sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi í kjölfar rannsókna og þróunar, munu eingöngu í undantekningartilvikum útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi. Því er rétt að þessir samningar falli undir hópundanþágu, án tillits til markaðshlutdeildar, og ber að afgreiða slík undantekningartilvik með því að fella niður undanþáguna sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð.
- 21) Af því að samvinna á sviði rannsókna og þróunar felur oft í sér verkefni til langs tíma, einkum þegar samvinnan nær líka til hagnýtingar niðurstaðna, er rétt að láta reglugerðina gilda í tíu ár.
- 22) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 23) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, hindra samræmda beitingu samkeppnisreglna á sameiginlega markaðinum né full áhrif þeirra ráðstafana sem samþykktar eru til að framfylgja þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Undanþága

1. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um eftirfarandi samninga sem tvö eða fleiri fyrirtæki (hér á eftir nefnd „sammingsaðilar“) gera sín í milli og varða skilyrðin fyrir því að stunda:
- a) sameiginlegar rannsóknir og þróun á vörum eða aðferðum og hagnýtingu niðurstaðna rannsókna og þróunarstarfs;
- b) sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna úr rannsóknum og þróun á vörum eða aðferðum sem unnið var að í sameiningu samkvæmt fyrri samningi milli sömu sammingsaðila; eða
- c) sameiginlegar rannsóknir og þróun á vörum eða aðferðum án hagnýtingar niðurstaðna.
- Þessi undanþága gildir að því marki sem slíkir samningar (hér á eftir nefndir „samningar um rannsóknir og þróun“) innihalda samkeppnishömlur sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.
2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir einnig um þau ákvæði samninga um rannsóknir og þróun sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, svo sem

skuldbinding um að vinna ekki sjálfstætt eða ásamt þriðju aðilum að rannsóknum og þróun á sviði sammingsins, eða á náttengdu sviði, á meðan samningurinn er í gildi.

Fyrsta undirgrein tekur þó ekki til ákvæða sem hafa sama markmið og samkeppnishömlurnar sem eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir;
2. „sammingsfyrirtæki“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi um rannsóknir og þróun sem og tengd fyrirtæki þeirra;
3. „tengd fyrirtæki“:
  - a) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun, beint eða óbeint:
    - i) ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
    - ii) getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
    - iii) á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
  - b) fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum um rannsóknir og þróun;
  - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið;
  - d) fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið;
  - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
    - i) aðila að samningi um rannsóknir og þróun eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra sem um getur í a-til d-lið; eða
    - ii) eins eða fleiri aðila að samningnum um rannsóknir og þróun eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a-til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila;
4. „rannsóknir og þróunarstarf“: öflun verkkunnáttu sem tengist vörum eða aðferðum og fræðileg greining, kerfisbundin athugun eða tilraun, þar með talin tilraunaframleiðsla, tæknileg prófun vara eða aðferða, útvegum nauðsynlegs búnaðar og öflun hugverkaréttinda yfir niðurstöðunum;

5. „vara“: vara og/eða þjónusta, þar með talið bæði millistigsvörur og/eða þjónusta og fullunnar vörur og/eða þjónusta;
6. „sammingsaðferðir“: aðferðir sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér;
7. „sammingsvara“: vara sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér eða sem er framleidd eða fengin með því að beita sammingsaðferðunum;
8. „hagnýting niðurstaðna“: framleiðsla eða dreifing sammingsvara eða beiting sammingsaðferða eða veiting nytjaleyfis fyrir hugverk eða miðlun verkunnáttu sem þörf er á við slíka framleiðslu eða beitingu;
9. „hugverkaréttindi“: hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, höfundaréttur og skyld réttindi;
10. „verkkunnáttá“: safn hagnýtra upplýsinga sem eru ekki einkaleyfisverndaðar, eru fengnar með tilraunum og prófunum og eru leynilegar, mikilvægar og auðkenndar: í þessu sambengi merkir „leynilegar“ að verkunnáttan sé ekki almennt þekkt eða auðfengin; „mikilvægar“ merkir að í verkunnáttunni felist upplýsingar sem eru ómissandi fyrir framleiðslu sammingsvaranna eða beitingu sammingsaðferðanna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni sé lýst nægilega ítarlega til að unnt sé að sannprófa að hún uppfylli viðmiðanir fyrir leynd og mikilvægi;
11. „sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf“ eða „sameiginleg hagnýting niðurstaðna“: um sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf eða hagnýtingu niðurstaðna er að ræða þegar vinnan, sem í því felst er:
  - a) unnin af sameiginlegum hópi, samtökum eða fyrirtæki,
  - b) falin þriðja aðila í sameiningu, eða
  - c) skipt milli sammingsaðilanna þannig að þeir sérhæfi sig í rannsóknum, þróunarstarfi, framleiðslu eða dreifingu;
12. „fyrirtæki í samkeppni“: fyrirtæki, sem afhendir vörur sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi með sammingsvörunum (raunverulegur keppinautur), eða fyrirtæki sem raunsætt er að álíta að legði út í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað, sem því fylgir að geta afhent slíka vöru, til að bregðast við lítilli og varanlegri hækkun á hlutfallslegu verði (mögulegur keppinautur);
13. „viðkomandi markaður fyrir sammingsvörur“: viðkomandi vörumarkaður og landfræðilegur markaður fyrir sammingsvörurnar.

3. gr.

#### Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir með þeim skilyrðum sem sett eru í 2. til 5. mgr.
2. Allir sammingsaðilar verða að hafa aðgang að niðurstöðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs með frekari rannsóknir eða hagnýtingu fyrir augum. Rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki, sem annast

rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en hagnýta sér venjulega ekki niðurstöðurnar, geta þó samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs eingöngu til frekari rannsókna.

3. Ef samningur um rannsóknir og þróun kveður aðeins á um sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf skal hverjum sammingsaðila frjálst að hagnýta sér sjálfstætt niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs og alla þá verkunnáttu sem fyrir er og er nauðsynleg forsenda slíkrar hagnýtingar, samanber þó 2. mgr. Slíkur hagnýtingarréttur getur takmarkast við eitt eða fleiri tæknilegt notkunarsvið ef sammingsaðilar eru ekki fyrirtæki í samkeppni þegar samningurinn um rannsóknir og þróun er gerður.

4. Sameiginleg hagnýting á við um niðurstöður sem njóta hugverkaverndar eða hafa leitt til verkunnáttu sem stuðlar að verulegum tæknilegum eða efnahagslegum framförum og niðurstöðurnar skulu hafa úrslitáþýðingu fyrir framleiðslu sammingsvara eða beitingu sammingsaðferða.

5. Fyrirtækjum, sem framleiða sammingsvörur í umboði sammingsaðilanna vegna sérhæfingar í framleiðslu, er skylt að sinna þöntunum um framleiðslu frá öllum sammingsaðilum nema einnig sé kveðið á um sameiginlega dreifingu í samningnum um rannsóknir og þróun.

4. gr.

#### Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild og gildistími undanþágu

1. Ef sammingsfyrirtækin eru ekki fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., á meðan rannsóknirnar og þróunarstarfið stendur. Þegar um sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna er að ræða gildir undanþágan áfram í sjö ár frá þeim tíma er sammingsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði.

2. Þegar tvö eða fleiri sammingsfyrirtæki eru fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., því aðeins í þann tíma, sem um getur í 1. mgr., að samanlögð markaðshlutdeild sammingsfyrirtækjanna, þegar samningurinn um rannsóknir og þróun er gerður, fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði fyrir vörur sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi með sammingsvörunum.

3. Undanþágan gildir áfram eftir að tímabilinu, sem um getur í 1. mgr., lýkur að því tilskildu að samanlögð markaðshlutdeild sammingsfyrirtækjanna fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði fyrir sammingsvörurnar.

5. gr.

#### Samningar sem undanþágan tekur ekki til

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir ekki um samninga um rannsóknir og þróun sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn sammingsaðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka frelsi samningsfyrirtækjanna til að vinna að rannsóknum og þróun sjálfstætt eða í samvinnu við þriðja aðila á sviði sem tengist ekki sviði rannsóknanna og þróunarstarfsins eða, eftir að því starfi lýkur, á sviði rannsóknanna og þróunarstarfsins eða á skyldu sviði;
- b) að banna samningsaðilum að vefengja, eftir að rannsóknum og þróunarstarfi lýkur, gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á hinum sameiginlega markaði og sem skipta máli fyrir rannsóknirnar og þróunarstarfið eða, eftir að samningur um rannsóknir og þróun rennur út, vefengja gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á hinum sameiginlega markaði og vernda niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs; þetta hefur þó ekki áhrif á möguleikann á að semja um uppsögn samnings um rannsóknir og þróun ef einn samningsaðila vefengir gildi slíkra hugverkaréttinda;
- c) að takmarka framleiðslu eða sölu; eða
- d) að hafa verðsamráð þegar vörur eru seldar til þriðju aðila;
- e) að setja takmarkanir á hvaða viðskiptavininn samningsfyrirtæki geti skipt við að liðnum sjö árum frá því að samningsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði.
- f) að banna óvirka sölu samningsvara á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila;
- g) að banna samningsaðilum að markaðssetja samningsvörurnar eða gera ráðstafanir til að örva sölu þeirra á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila á hinum sameiginlega markaði að liðnum sjö árum frá því að samningsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði;
- h) að krefjast þess að samningsaðilar veiti þriðju aðilum ekki leyfi til að framleiða samningsvörurnar eða beita samningsaðferðum ef ekki er kveðið á um hagnýtingu, að minnsta kosti eins samningsaðilanna, á niðurstöðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs eða ef slík hagnýting á sér ekki stað;
- i) að krefjast þess að samningsaðilar neiti að koma til móts við beiðnir frá notendum eða endurseljendum á sínu svæði sem hafa í hyggju að markaðssetja samningsvörurnar á öðrum svæðum innan hins sameiginlega markaðar; eða
- j) að krefjast þess að samningsaðilar geri notendum eða endurseljendum erfitt um vik að afla sér samningsvaranna frá öðrum endurseljendum innan hins sameiginlega markaðar, meðal annars með því að nýta sér hugverkaréttindi eða grípa til aðgerða til að hindra að notendur eða endurseljendur afli sér vara eða markaðssetji vörur á hinum sameiginlega markaði sem hafa verið settar á markað á löglegan hátt innan hins sameiginlega markaðar af öðrum samningsaðila eða með samþykki hans;

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) ákvörðun sölumarkmiða ef hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega framleiðslu samningsvara;
- b) ákvörðun sölumarkmiða og samráð um verð sem samningsaðilar setja upp gagnvart beinum viðskiptavinum sínum ef hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega dreifingu samningsvara;

6. gr.

#### Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild sem kveðið er á um í 4. gr. skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis;

b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári;

c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 3. liðar 2. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 3. liðar 2. gr.

2. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.

3. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en vex síðan yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild.

4. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 2. og 3. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

7. gr.

#### Niðurfelling

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, komist hún að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu aðildarríkis, einstaklings eða lögpersónu, sem

hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar;
- b) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðinum fyrir samningsvörðun vegna þess hvernig dreifingu varanna er háttað í einstökum tilvikum;
- c) samningsaðilarnir hafa hvorki hagnýtt sér niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs né fært efnisleg rök fyrir því;
- d) samningsvörðurnar þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

- e) samningurinn um rannsóknir og þróun myndi útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi á tilteknum markaði.

8. gr.

#### Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 418/85.

9. gr.

#### Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Siglufjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 22. mars 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Siglufjarðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Siglufjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Þórður H. Ólafsson.*

## REGLUR

### um hópundanþágu fyrir flokka samninga um sérhæfingu.

#### 1. gr.

Íslenskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2000 frá 22. desember 2000, skal gilda gagnvart samskonar samningum um sérhæfingu sem falla undir 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þetta á þó ekki við um 7. gr., 8. gr. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2658/2000.

Reglugerð nr. 2658/2000 er birt sem fylgiskjal við reglur þessar.

#### 2. gr.

Í reglugerðinni skal „1. mgr. 81. gr. sáttmálans“ lesin sem „10. og 12. gr. samkeppnislaga“ og „3. mgr. 81. gr. sáttmálans“ skal lesin sem „1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga“.

Í 1. gr. og 2. gr. reglugerðarinnar komi „reglur“ í stað orðsins „reglugerð“.

#### 3. gr.

Samkeppnisráð getur afturkallað undanþágu þá, sem leiðir af reglum þessum þegar ráðið telur að í einhverju ákveðnu tilviki hafi samningar um sérhæfingu, sem þessar reglur gilda um, áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrði 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga, einkum og sér í lagi ef:

a) samningurinn hefur ekki leitt til nægjanlegrar hagræðingar eða neytendur hafa ekki fengið sanngjarna hlutdeild í ávinningnum; eða

b) vörurnar, sem fjallað er um í samningi um sérhæfingu, eru ekki í virkri samkeppni á viðkomandi markaði við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og taka gildi við birtingu. Reglur þessar gilda til 31. desember 2010.

*Samkeppnisstofnun, 27. febrúar 2002.*

**Kirstín Flygenring.**

**Georg Ólafsson.**



**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2658/2000**

frá 29. nóvember 2000

**um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum c-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-hömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.), með reglugerð, gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. og snúast um sérhæfingu, þ.á.m. nauðsynlegir samningar til að ná fram sérhæfingu.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 hefur framkvæmdastjórnin meðal annars samþykkt reglugerð (EBE) nr. 417/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2236/97 <sup>(4)</sup>. Reglugerð (EBE) nr. 417/85 fellur úr gildi 31. desember 2000.
- 3) Ný reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnisýslueftirlitið og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um sérhæfingu milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsítökum má almennt reikna með, að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr., að jákvæð áhrif samninga um sérhæfingu vegi upp á móti neikvæðum áhrifum þeirra á samkeppni.
- 4) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 skal í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina

takmarkanir eða ákvæði sem heimilt er eða óheimilt að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.

- 5) Það er við hæfi að leggja niður þá aðferð að telja upp undanþágúákvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir ef tilteknum markaðsítökum hefur ekki verið náð og tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðeigandi markað.
- 6) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 7) Veiting hópunanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.
- 8) Samningar um sérhæfingu þæta yfirleitt framleiðslu eða dreifingu vara þar eð fyrirtækin, sem í hlut eiga, geta þá einbeitt sér að framleiðslu tiltekinna vara og þar með aukið hagkvæmni og selt vörurnar á lægra verði en ella. Einnig má segja að samningar um sérhæfingu í þjónustustarfsemi séu almennt til bóta. Neytendur fá að líkindum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst, enda sé samkeppni virk.
- 9) Unnt er að ná slíkri hagræðingu hvort sem er með samningum þar sem einn samningsaðila hættir framleiðslu ákveðinna vara eða ákveðinni þjónustustarfsemi og felur hana öðrum („einhliða sérhæfing“), samningum þar sem hver samningsaðili hættir framleiðslu ákveðinna vara eða ákveðinni þjónustustarfsemi og felur hana öðrum („gagnkvæm sérhæfing“) eða samningum þar sem samningsaðilarnir semja um sameiginlega framleiðslu á tilteknum vörum eða að veita tiltekna þjónustu sameiginlega („sameiginleg framleiðsla“).

<sup>(1)</sup> Stjórð. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.

<sup>(2)</sup> Stjórð. EB C 118, 27.4.2000, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjórð. EB L 53, 22.2.1985, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjórð. EB L 306, 11.11.1997, bls. 12.

- 10) Þar eð samningar um einhliða sérhæfingu milli fyrirtækja, sem eiga ekki í samkeppni, gætu fallið undir hópundanþágu samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða<sup>(1)</sup> skal takmarka beitingu þessarar reglugerðar, að því er varðar samninga um einhliða sérhæfingu, við samninga milli fyrirtækja í samkeppni.
- 11) Rétt er að þessi reglugerð gildi um alla aðra samninga sem fyrirtæki gera sín í milli um skilyrðin fyrir sérhæfingu þeirra í framleiðslu vara og/eða þjónustu. Hópundanþágan ætti einnig að gilda um þau ákvæði í samningum um sérhæfingu sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, og um tiltekið fyrirkomulag varðandi kaup og markaðssetningu sem tengist þeim.
- 12) Til að tryggja ávinning af sérhæfingu, án þess að neinn samningsaðilinn detti út af markaðinum á einhverju stigi eftir að framleiðslu lýkur, skal þessi reglugerð því aðeins taka til samninga um einhliða og gagnkvæma sérhæfingu að í þeim séu ákvæði um kaup- og afhendingarskuldbindingar. Þessar skuldbindingar geta varðað einkaumboð.
- 13) Þegar markaðshlutdeild samningsfyrirtækja er ekki umfram 20% má gera ráð fyrir að samningar um sérhæfingu, eins og þeir eru skilgreindir í þessari reglugerð, hafi í för með sér efnahagslegan ávinning sem kemur fram í aukinni hagkvæmni, að því er tekur til stærðar- eða breiddar, og bættri framleiðslutækni og tryggi neytendum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst.
- 14) Ekki ætti í þessari reglugerð að veita undanþágu fyrir samninga sem fela í sér takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmileg forsenda þeirra hagstæðu áhrifa sem minnst er á hér að framan. Tilteknar alvarlegar samkeppnishömlur, sem varða verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og skiptingu markaða eða neytenda, skulu að meginreglu til ekki falla undir hópundanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hluteigandi fyrirtækja.
- 15) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að samningsfyrirtækin geti ekki, með samningum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.
- 16) Í ákveðnum tilvikum, þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt að fella niður hópundanþágu.

- 17) Til að greiða fyrir gerð samninga um sérhæfingu sem geta haft áhrif á uppbyggingu samningsfyrirtækjanna er rétt að láta reglugerðina gilda í tíu ár.
- 18) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 19) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, hindra samræmda beitingu samkeppnisreglna á sameiginlega markaðinum né full áhrif þeirra ráðstafana sem samþykktar eru til að framfylgja þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### Undanþága

1. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um eftirfarandi samninga sem tvö eða fleiri fyrirtæki (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“) gera sín í milli og varða skilyrðin fyrir sérhæfingu þessara fyrirtækja í framleiðslu vara (hér á eftir nefndir „samningar um sérhæfingu“):

- a) einhliða samningar um sérhæfingu en samkvæmt þeim samþykkir einn samningsaðilinn að hætta framleiðslu tiltekinna vara eða láta hjá líða að framleiða þessar vörur og kaupa þær frá fyrirtæki sem hann er í samkeppni við en samkeppnisfyrirtækið samþykkir að framleiða og afhenda þessar vörur; eða
- b) samningar um gagnkvæma sérhæfingu en samkvæmt þeim samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar að hætta eða láta hjá líða að framleiða tilteknar vörur, sem eru mismunandi, og að kaupa þessar vörur frá hinum samningsaðilunum sem samþykkja að afhenda þær; eða
- c) samningar um sameiginlega framleiðslu en samkvæmt þeim samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar að framleiða tilteknar vörur í sameiningu.

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem slíkir samningar um sérhæfingu innihalda samkeppnishömlur sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir einnig um þau ákvæði samninga um sérhæfingu sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, svo sem ákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttinda.

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21.

Fyrsta undirgrein tekur þó ekki til ákvæða sem hafa sama markmið og samkeppnishömlurnar sem eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir;
2. „sammingsfyrirtæki“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi sem og tengd fyrirtæki þeirra;
3. „tengd fyrirtæki“:
  - a) fyrirtæki þar sem sammingsaðili, beint eða óbeint:
    - i) ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
    - ii) getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
    - iii) á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
  - b) fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum;
  - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið;
  - d) fyrirtæki þar sem sammingsaðili og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið;
  - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
    - i) sammingsaðila eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra sem um getur í a- til d-lið; eða
    - ii) eins eða fleiri sammingsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila;
4. „vara“: vara og/eða þjónusta, þar með talið bæði millistigsvörur og/eða þjónusta og fullunnar vörur og/eða þjónusta, að dreifingar- og leigubjónustu undanskilinni;
5. „framleiðsla“: framleiðsla vara eða veiting þjónustu, þar með talið framleiðsla hjá undirvertkaka;
6. „viðkomandi markaður“: viðkomandi vörumarkaður og landfræðilegur markaður fyrir vörur sem falla undir samning um sérhæfingu;
7. „fyrirtæki í samkeppni“: fyrirtæki, sem er virkt á viðkomandi markaði (raunverulegur keppinautur), eða fyrirtæki sem raunsett er að álíta að legði út í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan

nauðsynlegan aðlögunarkostnað, sem því fylgir að komast inn á viðkomandi markað, til að bregðast við lítilli og varanlegri hækkun á hlutfallslegu verði (mögulegur keppinautur);

8. „skuldbinding um einkasölu“: skuldbinding um að afhenda ekki öðru fyrirtæki í samkeppni en aðila að samningnum vöru sem samningurinn um sérhæfingu tekur til;
9. „skuldbinding um einkakaup“: skuldbinding um að kaupa ekki vöru, sem samningurinn um sérhæfingu tekur til, frá öðrum en sammingsaðilanum sem samþykkir að útvega hana;

3. gr.

### Fyrirkomulag á kaupum og markaðssetningu

Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir einnig þegar:

- a) aðilar taka á sig skuldbindingu um einkakaup og/eða einkasölu í tengslum við samning um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu eða sameiginlega framleiðslu, eða
- b) aðilarnir selja ekki hver fyrir sig vörurnar sem samningurinn um sérhæfingu tekur til heldur koma sér saman um sameiginlega dreifingu eða, í tengslum við samning um sameiginlega framleiðslu, láta dreifinguna í hendur þriðja aðila, hvort sem um einkadreifingu er að ræða eða ekki, svo fremi þriðji aðilinn er ekki fyrirtæki í samkeppni.

4. gr.

### Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild

Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir því aðeins að samanlögð markaðshlutdeild sammingsfyrirtækjanna fari ekki yfir 20% af viðkomandi markaði.

5. gr.

### Samningar sem undanþágan tekur ekki til

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir ekki um samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn sammingsaðilanna, hafa að markmiði:
  - a) verðsamráð þegar vörur eru seldar til þriðju aðila;
  - b) takmörkun framleiðslu eða sölu; eða
  - c) skipting markaða eða viðskiptavina.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:
  - a) ákvæði um samþykkt magn vara í tengslum við samninga um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu eða ákvörðun um afköst og umfang framleiðslu í sameiginlegu framleiðslufyrirtæki í tengslum við samninga um sameiginlega framleiðslu;

- b) ákvörðun sölumarkmiða og samráð um verð sem sameiginlegt framleiðslufyrirtæki setur upp gagnvart beinum viðskiptavinum sínum í tengslum við ákvæði b-liðar 3. gr.

6. gr.

#### Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 4. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis;
- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári;
- c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 3. liðar 2. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 3. liðar 2. gr.

2. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 4. gr., er ekki meiri en 20% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% markaðshlutdeild.

3. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 4. gr., er ekki meiri en 20% en vex síðan yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.

4. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 2. og 3. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

7. gr.

#### Niðurfelling

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, komist hún að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu aðildarríkis, einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn hefur ekki leitt til nægilegrar hagræðingar eða neytendur hafa ekki fengið sanngjarnan hlut í ávinningnum; eða
- b) vörurnar, sem fjallað er um í samningi um sérhæfingu, þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

8. gr.

#### Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 417/85.

9. gr.

#### Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

# REGLUR

## um hópundanþágu gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu.

### 1. gr.

Íslenskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 frá 31. janúar 1996 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/97 frá 28. febrúar 1997, skal gilda gagnvart samskonar samningum um tæknilega yfirfærslu og falla undir 10. og 12. gr. samkeppnislaga. Þetta á þó ekki við um 4. gr., 7. gr., 9. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 240/96 auk formálans að henni.

Reglugerð nr. 240/96 er birt sem fylgiskjal við reglur þessar.

### 2. gr.

Í reglugerðinni skal „1. mgr. 85. gr. sáttmálans“ lesin sem „10. og 12. gr. samkeppnislaga“ og „3. mgr. 85. gr. sáttmálans“ skal lesin sem „1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga“.

Í 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 10. gr. reglugerðarinnar komi „reglur“ í stað orðsins „reglugerð“.

Í 1. gr., 2. gr. og 3. gr. reglugerðarinnar skal „hins sameiginlega markaðar“ lesið sem „viðkomandi markaðar“.

Í 5. gr. 2. mgr. nr. 2 og 10. gr. nr. 11 reglugerðarinnar skal „sameiginlegur markaður“ lesið sem „viðkomandi markaður“.

### 3. gr.

Samkeppnisráð getur afturkallað undanþágu þá, sem leiðir af reglum þessum þegar ráðið telur að í einhverju ákveðnu tilviki hafi samningar um tæknilega yfirfærslu, sem þessar reglur gilda um, áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrði 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. Einkum og sér í lagi ef áhrifin eru þau sömu og fram koma í 7. gr. 1.-4. tl. reglugerðar nr. 240/96. Skal þá „innan hins sameiginlega markaðar“ í 7. gr. 3. tl. a) og b) lið lesið sem „viðkomandi markaðar“.

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 16. gr. samkeppnislaga og taka gildi við birtingu. Reglur þessar gilda til 31. mars 2006.

*Samkeppnisstofnun, 27. febrúar 2002.*

**Kirstín Flygenring.**

**Georg Ólafsson.**

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 240/96**

frá 31. janúar 1996

**um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finn-  
lands og Svíþjóðar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars  
1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart til-  
teknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða <sup>(1)</sup>, eins  
og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis,  
Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð <sup>(2)</sup>,að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-  
hömlur og yfirburðastöðu,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni  
umboð til að beita með reglugerð 3. mgr. 85. gr. sátt-  
málans gagnvart tilteknum flokkum samninga og sam-  
stilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 85.  
gr. og fela í sér hömlur sem settar eru í tengslum við  
öflun eða notkun hugverkaréttar á sviði iðnaðar —  
einkum einkaleyfa, réttar til mynsturs, hönnunar eða  
vörumerkja — eða réttar sem leiðir af samningum um  
framsal á eða rétti til að nota framleiðsluáðferð eða  
þekkingu sem tengist notkun eða beitingu á aðferðum  
við iðnaðarframleiðslu.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur nýtt sér þetta umboð með  
því að samþykka reglugerð (EBE) nr. 2349/84 frá  
23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmál-  
ans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga  
vegna einkaleyfa <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt  
með reglugerð (EB) nr. 2131/95 <sup>(4)</sup>, og reglugerð  
(EBE) nr. 556/89 frá 30. nóvember 1988 um beitingu  
3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum  
nytjaleyfissamninga um kunnáttu <sup>(5)</sup>, eins og henni var

- 3) Með það fyrir augum að hvetja til útbreiðslu tækni-  
þekkingar innan bandalagsins og stuðla að framleiðslu  
á tæknilega fullkomnari vörum er rétt að sameina þess-  
ar tvær flokkaundanþágur í eina reglugerð sem nær  
yfir samninga um tæknilega yfirfærslu og að sam-  
ræma og einfalda reglurnar um einkaleyfissamninga  
og verkunnátusamninga. Í tengslum við þetta er rétt  
að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 556/89.

- 4) Rétt er að þessi reglugerð taki til einkaleyfissamninga  
innan einstakra aðildarríkja, bandalagseinkaleyfa <sup>(6)</sup>  
og Evrópueinkaleyfa <sup>(7)</sup> („hreindir“ einkaleyfissam-  
ningar). Hún ætti enn fremur að gilda um nytjaleyf-  
issamninga vegna tækniþekkingar sem einkaleyfi ná  
ekki yfir, svo sem lýsinga framleiðsluferla, uppskrifta,  
formúla, hannana og teikninga, sem almennt er kallað  
„verkkunnátta“ („hreindir“ verkunnátusamningar) og  
um nytjaleyfissamninga þar sem einkaleyfi og verk-  
kunnátta eru samþætt („blandaðir“ samningar), sem  
gegna sífellt stærra hlutverki við tæknilega yfirfærslu. Í  
10. gr. er merking nokkurra hugtaka í þessari reglugerð  
skilgreind.

- 5) Einkaleyfis- eða verkunnátusamningar eru samning-  
ar sem fela í sér að fyrirtæki sem hefur einkaleyfi  
eða verkunnáttu („leyfisveitandi“) leyfir öðru fyrir-  
tæki („leyfishafa“) að nýta einkaleyfi sem þar með er  
veitt nytjaleyfi fyrir, eða miðlar verkunnáttunni til  
þess, einkum til framleiðslu, notkunar eða markaðs-  
setningar. Í ljósi fenginnar reynslu er unnt að skilgreina  
flokk nytjaleyfissamninga sem taka til alls sameigin-  
lega markaðarins eða hluta hans og sem geta fallið undir  
gildissvið 1. mgr. 85. gr. en sem venjulega má gera ráð

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. C 178, 30. 6. 1994, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB nr. L 219, 16. 8. 1984, bls. 15.<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6.<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB nr. L 61, 4. 3. 1989, bls. 1.<sup>(6)</sup> Evrópusamningur um einkaleyfi fyrir sameiginlega markaðinn (einka-  
leyfasamningur bandalagsins) frá 15. desember 1975, Stjtuð. EB nr. L  
17, 26. 1. 1976, bls. 1.<sup>(7)</sup> Evrópusamningur um veitingu einkaleyfa (einkaleyfasamningur Evr-  
ópu) frá 5. október 1973.

fyrir að uppfylli skilyrði 3. mgr. 85. gr., ef einkaleyfin eru nauðsynleg til að ná markmiðum þeirrar tækni sem blandaði nytjaleyfissamningurinn nær til eða ef verkunnátan — hvort sem hún er tengd einkaleyfum eða óháð þeim — er leynileg, umtalsverð og nægilega vel auðkennd. Þessum viðmiðunum er eingöngu ætlað að tryggja að veiting nytjaleyfis vegna verkunnáttunnar eða einkaleyfisins réttlæti flokkaundanþágu vegna skuldbindinga sem hamla samkeppni. Þetta hefur engin áhrif á rétt samningsaðila til setja í samninginn ákvæði um aðrar skuldbindingar, svo sem um greiðslu einkaleyfisþóknunar, jafnvel þótt flokkaundanþágan sé fallin úr gildi.

- 6) Rétt er að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar svo að hún nái til hreinna eða blandaðra samninga um nytjaleyfi á hugverkarétti öðrum en einkaleyfum (einkum vörumerkjum, hönnunarrétti og höfundarrétti, sérstaklega verndun hugbúnaðar), ef slík viðbótarnytjaleyfisveiting stuðlar að nýtingu yfirferðu tækninnar og felur aðeins í sér viðbótarákvæði.
- 7) Enda þótt slíkir hreinir eða blandaðir nytjaleyfissamningar feli ekki aðeins í sér skuldbindingar sem tengjast svæðum innan hins sameiginlega markaðar, heldur einnig skuldbindingar sem tengjast þriðju löndum, kemur það ekki í veg fyrir að þessi reglugerð gildi um þær skuldbindingar sem tengjast svæðum innan hins sameiginlega markaðar. Ef nytjaleyfissamningar sem hafa verið gerðir við þriðju lönd eða vegna svæða sem ná út fyrir landamæri bandalagsins hafa einhver þau áhrif innan hins sameiginlega markaðar sem geta fallið undir gildissvið 1. mgr. 85. gr., þá gildir þessi reglugerð um þá jafnt og um samninga vegna svæða innan hins sameiginlega markaðar.
- 8) Þar sem markmið þessarar reglugerðar er að auðvelda útbreiðslu tækni og að bæta framleiðsluáðferðir, er rétt að hún gildi aðeins ef leyfishafi framleiðir nytjaleyfsvörurnar sjálfur eða lætur framleiða þær á sinn reikning eða, ef nytjaleyfisvaran er þjónusta, veitir þjónustuna sjálfur eða lætur veita hana á sinn reikning, óháð því hvort hann hefur einnig leyfi til að nýta trúnaðarupplýsingar sem leyfisveitandi útvegar honum til að kynna og selja vöruna eða ekki. Ákvæði þessarar reglugerðar

ættu því ekki að gilda um samninga sem eingöngu varða sölu. Þau skulu heldur ekki taka til samninga vegna markaðssetningarkunnáttu sem miðlað er í tengslum við umboðsfyrirkomulag og vissa nytjaleyfissamninga sem gerðir eru í tengslum við fyrirkomulag á borð við sameiginleg verkefni eða sameiginleg nytjaleyfi og annars konar fyrirkomulag þar sem nytjaleyfi er veitt í skiptum fyrir önnur nytjaleyfi sem ekki tengjast umbótum á eða nýjum notkunarmöguleikum fyrir þá tækni sem nytjaleyfið nær til. Slíkm samningum fylgja önnur vandamál sem að svo stöddu er ekki unnt að leysa með einni reglugerð (5. gr.).

- 9) Í ljósi þeirra líkinda sem eru með sölu einkaleyfis annars vegar og veitingu einkanytjaleyfis hins vegar og í ljósi hættunnar á því að kröfur þessarar reglugerðar verði sniðgengnar með því að dulbúa einkanytjaleyfi sem hamla samkeppni sem framsöl, er rétt að þessi reglugerð gildi um samninga vegna framsals og öflunar einkaleyfa eða verkunnáttu þegar framseljandi ber áfram áhættuna sem felst í hagnýtingu. Hún ætti einnig að gilda um nytjaleyfissamninga þar sem leyfisveitandi er ekki handhafi einkaleyfisins eða ræður yfir verkunnáttunni heldur hefur umboð handhafa til að veita nytjaleyfið (eins og er t.d. um undirnytjaleyfi) og um nytjaleyfissamninga þar sem tengd fyrirtæki taka á sig réttindi og skuldbindingar samningsaðila (6. gr.).
- 10) Samningar um einkanytjaleyfi, þ.e. samningar þar sem leyfisveitandi skuldbindur sig til að hagnýta ekki sjálfur þá tækni sem nytjaleyfið nær til á nytjaleyfissvæðinu eða til að veita ekki frekari nytjaleyfi á því svæði, þurfa ekki að vera ósamrýmanlegir 1. mgr. 85. gr., ef þeir fjalla um tilkomu og verndun nýrrar tækni á nytjaleyfissvæðinu, því taka ber tillit til umfangs þeirra rannsóknna sem að baki liggja, aukinnar samkeppni, einkum milli vörumerkja, og þeirrar aukningar á samkeppnishæfni hlutaðeigandi fyrirtækja sem útbreiðsla nýjunga innan bandalagsins leiðir til. Að svo miklu leyti sem samningar af þessu tagi falla undir gildissvið 1. mgr. 85. gr. ber að fella þá undir ákvæði 1. gr. til að undanþágan nái einnig til þeirra.
- 11) Undanþága frá útlutningsbanni sem er lagt á leyfisveitanda og leyfishafa hefur ekki áhrif á hugsanlega þróun réttarframkvæmdar dómstólsins með tilliti til slíkra samninga, einkum hvað varðar 30. til 36. gr. og 1. mgr.

85. gr. Þetta gildir einnig meðal annars þegar um ræðir bann við því að leyfishafi selji nýjtaleyfisvöruna á svæðum annarra leyfishafa (óvirki samkeppni).

- 12) Þær skuldbindingar sem taldar eru upp í 1. gr. miða almennt að því að bæta framleiðslu og stuðla að tækniframförum. Þær hvetja handhafa einkaleyfa og verkunnáttu til að veita nýjtaleyfi og leyfishafa til að fjárfesta í framleiðslu, notkun og markaðssetningu nýrrar vöru eða notkun nýrrar vinnsluaðferðar. Heimilt er að leyfa slíkar skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð, á svæðum þar sem nýjtaleyfisvaran nýtur verndar með einkaleyfum á meðan þau haldast í gildi.
- 13) Þar sem erfitt getur verið að ákvarða hvenær verkunnátta hættir að vera leytnileg er rétt að takmarka slíkar skuldbindingar við ákveðinn árafjölda, á svæðum þar sem nýjtaleyfið nær eingöngu til verkunnáttu. Til að tryggja vernd í nægilega langan tíma ber enn fremur að reikna þann tíma frá þeim degi sem leyfishafi setur vöruna fyrst á markað innan bandalagsins.
- 14) Aðeins er heimilt að veita undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. um lengri gildistíma svæðisverndar verkunnáttusamninga með einstakri ákvörðun, einkum ef þetta er gert til að vernda kostnaðarsamar og áhættusamar fjárfestingar eða þegar samningsaðilar hafa ekki verið í innbyrðis samkeppni þegar nýjtaleyfið var veitt. Hins vegar er samningsaðilum heimilt að framlengja samninga sína til að hagnýta umbætur sem síðar eru gerðar og kveða á um greiðslu viðbótarpóknana. Í þeim tilvikum má þó aðeins heimila lengri gildistíma fyrir svæðisvernd reiknað frá þeim degi sem nýjtaleyfi var veitt innan bandalagsins vegna leytnilegra umbóta, og aðeins með einstökum ákvörðunum. Ef rannsóknirnar sem miða að umbótum leiða af sér nýjungar sem eru aðgreindar frá þeirri tækni sem nýjtaleyfið nær til er samningsaðilum heimilt að gera nýjan samning sem nýtur góðs af undanþágu sem veitt hefur verið samkvæmt þessari reglugerð.
- 15) Einnig ber að kveða á um undanþágu vegna þeirrar skyldu leyfishafa að markaðssetja vöruna ekki á svæðum annarra leyfishafa (þ.e. bann jafnt við óvirkri samkeppni sem virkri) í takmarkaðan árafjölda frá því leyfishafi setti nýjtaleyfisvöruna fyrst á markað innan

bandalagsins, óháð því hvort tæknin sem nýjtaleyfið fyrir viðkomandi svæði nær til felur í sér verkunnáttu, einkaleyfi eða hvort tveggja.

- 16) Undanþágan vegna svæðisverndar ætti að gilda allan undanþágutímann, eins lengi og einkaleyfin eru í gildi eða verkunnáttan er enn leytnileg og umtalsverð. Aðilum að blönduðum einkaleyfis- og verkunnáttusamningi skal heimilt að njóta góðs af þeim tíma verndar á svæðinu sem einkaleyfið eða verkunnáttan veitir þeim, hvort sem er lengra.
- 17) Þær skuldbindingar sem taldar eru upp í 1. gr. uppfylla einnig almennt önnur skilyrði fyrir beitingu 3. mgr. 85. gr. Að öðru jöfnu fá neytendur sinn skerf af hagnaðinum með auknu framboði á markaðinum. Þó er rétt að standa vörð um þetta með því að útiloka beitingu 1. gr. í þeim tilvikum þegar samningsaðilar koma sér saman um að neita að koma til móts við eftirspurn frá neytendum eða endurseljendum sem myndu selja áfram til útflutnings, hvor á sínu svæði, eða um að gera aðrar ráðstafanir til að hindra samhliða innflutning. Þannig setja framangreindar skuldbindingar aðeins þær hömlur sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðum þeirra.
- 18) Æskilegt er að taldar séu upp í þessari reglugerð ýmsar skuldbindingar sem er oft að finna í nýjtaleyfissamningum og sem yfirleitt hamlar ekki samkeppni og að kveða á um að undanþágan taki einnig til þeirra, skyldu þær vegna sérstakra efnahagslegra eða lögfræðilegra kringumstæðna falla undir 1. mgr. 85. gr. Upptalningin í 2. gr. er ekki tæmandi.
- 19) Þessi reglugerð verður enn fremur að tilgreina hvaða takmarkanir og ákvæði mega ekki koma fyrir í nýjtaleyfissamningum ef þeir eiga að njóta góðs af flokkaundanþágunni. Þær takmarkanir sem nefndar eru í 3. gr. geta fallið undir bannið í 1. mgr. 85. gr., en þótt þær komi tæknilegri yfirfærslu við er ekki hægt að gera almennt ráð fyrir að þær hafi þau jákvæðu áhrif sem krafist er í 3. mgr. 85. gr., en það er forsenda fyrir flokkaundanþágu. Aðeins er hægt að undanþiggja slíkar takmarkanir með einstökum ákvörðunum, með hliðsjón af markaðsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækja og samfylkingum fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir.



- 20) Skuldbindingar sem fela í sér að leyfishafi skuli hætta að nota tæknina sem nytjaleyfið nær til eftir að samningurinn rennur út (3. tölul. 1. mgr. 2. gr.) og veita leyfisveitanda aðgang að umbótum (4. tölul. 1. mgr. 2. gr.) hamla almennt ekki samkeppni. Líta má á bannið við notkun eftir samningstíma sem eðlilegan hluta nytjaleyfisveitingar, því annars þyrfti leyfisveitandi að yfirfæra verkkunnáttu sína eða einkaleyfi um óákveðinn tíma. Skuldbindingar leyfishafa um að veita leyfisveitanda á móti nytjaleyfi vegna umbóta á verkkunnáttunni og/eða einkaleyfunum sem nytjaleyfið nær til, hamla venjulega ekki samkeppni ef samningurinn gefur leyfishafa rétt á hlutdeild í reynslu og uppfinningum sem leyfisveitandi kann að öðlast í framtíðinni. Hins vegar er það talið hamla samkeppni ef leyfishafa er skylt samkvæmt samningnum að framsetja leyfisveitanda rétt á umbótum sem hann hefur sjálfur gert á tækninni sem nytjaleyfið var upprunalega veitt fyrir (6. mgr. 3. gr.).
- 21) Meðal þeirra ákvæða sem ekki koma í veg fyrir undanþágu er skuldbinding leyfishafa um að halda áfram að greiða þóknun meðan samningurinn gildir óháð því hvort verkkunnáttan sem nytjaleyfið nær til er orðin almenningseign vegna aðgerða þriðju aðila eða leyfishafa sjálfs eða ekki (7. tölul. 1. mgr. 2. gr.). Að auki skal samningsaðilum vera frjálst að dreifa greiðslu þóknunar fyrir notkun tækninnar sem nytjaleyfið nær til yfir tímabil sem er lengra en gildistími einkaleyfanna, t.d. með því að ákveða lægri greiðslur, með það fyrir augum að létta greiðslubyrði leyfishafa. Almennt þarf ekki að vernda samningsaðila gegn fyrirsjáanlegum fjárhagslegum afleiðingum samnings sem þeir gera af fúsum og frjálsum vilja og því skal þeim frjálst að velja heppilegar aðferðir við að fjármagna yfirfærslu tækninnar og deila áhættunni sem fylgir notkun hennar. Hins vegar er undanþága útilokuð ef tilgangurinn með því að fastsetja þóknunargreiðslur er að takmarka samkeppni á einhvern þann hátt sem nefndur er í 3. gr.
- 22) Skuldbinding leyfishafa um að takmarka hagnýtingu sína á tækninni sem nytjaleyfið nær til við eitt eða fleiri tæknileg notkunarsvið eða við einn eða fleiri markaði fyrir vöruna fellur heldur ekki undir 1. mgr. 85. gr., þar sem leyfisveitandi á aðeins rétt á að yfirfæra tæknina til afmarkaðra nota (8. tölul. 1. mgr. 2. gr.).
- 23) Ákvæði um að samningsaðilar skipti með sér viðskiptavinum innan sama tæknilega notkunarsviðs eða sama markaðar fyrir vöruna, hvort sem er með eiginlegu banni við að afgreiða tiltekna hópa viðskiptavina eða með skuldbindingu sem verkar á sambærilegan hátt koma einnig í veg fyrir að samningurinn geti fengið flokkaundanþágu, séu samningsaðilar í innbyrðis samkeppni hvað snertir vörurnar sem samningurinn nær til (4. mgr. 3. gr.). Séu fyrirtækin ekki í innbyrðis samkeppni fá slíkar takmarkanir meðferð þar sem leitað er eftir andmælum. Ákvæðin í 3. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þar sem nytjaleyfi vegna einkaleyfis eða verkkunnáttu er veitt til að afla einum viðskiptavini nýrrar birgðalindar. Í slíkum tilvikum er bann við því að nýi leyfishafinn afgreiði aðra en hlutaðeigandi viðskiptavin nauðsynlegt skilyrði þess að annað nytjaleyfi sé veitt, þar sem markmið viðskiptanna er ekki að skapa sjálfstæðan birgi á markaðinum. Sama á við um takmarkanir á það magn sem leyfishafinn má afhenda hlutaðeigandi viðskiptavini (13. tölul. 1. mgr. 2. gr.).
- 24) Auk þeirra ákvæða sem þegar hafa verið nefnd nær upptalningin á takmörkunum sem útiloka flokkaundanþágu einnig til takmarkana varðandi söluverð nytjaleyfisvörunnar eða framleiðslu- eða sölumagn, því slíkar takmarkanir hefta mjög möguleika leyfishafa á að hagnýta tæknina sem nytjaleyfið nær til og einkum geta magntakmarkanir verkað eins og útflutningsbönn (1. og 5. mgr. 3. gr.). Þetta á ekki við ef nytjaleyfið er veitt til að nota tæknina í tiltekinni framleiðsluadstöðu og þar sem bæði er um það að ræða að tiltekinni tækni er miðlað til uppsetningar, notkunar og viðhalds þessarar aðstöðu og leyfishafa jafnframt leyft að auka framleiðslugetu aðstöðunnar eða setja upp frekari aðstöðu til eigin nota með venjulegum viðskiptaskilmálum. Hins vegar er lögmattd að koma í veg fyrir að leyfishafi noti yfirfærðu tæknina til að setja upp aðstöðu fyrir þriðju aðila, þar sem markmið samningsins er ekki að leyfa leyfishafa að veita öðrum framleiðendum aðgang að tækni leyfisveitanda meðan hún er enn leynileg eða undir vernd einkaleyfis (12. tölul. 1. mgr. 2. gr.).
- 25) Undir vissum kringumstæðum getur engu að síður komið til greina að samningar fái flokkaundanþágu, þótt þeir fái hana ekki sjálfkrafa þar sem í þeim eru ákvæði sem ekki eru beint undanþegin samkvæmt þessari reglugerð en sem útiloka undanþágu heldur ekki beint, þar með talin ákvæðin sem eru talin upp í 2. mgr. 4. gr. Framkvæmdastjórnin getur fljótt ákvarðað hvort

svo er á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrirtækjum er skylt að láta í té samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94<sup>(1)</sup>. Framkvæmdastjórninni er heimilt að falla frá kröfu um sérstakar upplýsingar sem beðið er um á eyðublaði A/B, telji hún þær ónaðsynlegar. Yfirleitt nægir framkvæmdastjórninni að fá í hendur texta samningsins og mat á gerð markaðarins og markaðshlutdeild leyfishafa, sem byggir á gögnum sem liggja fyrir. Því ber að líta á slíka samninga sem undanþegna samkvæmt þessari reglugerð ef framkvæmdastjórninni er tilkynnt um þá og hún hefur ekki hreyft andmælum gegn beiðingu undanþágunnar innan tiltekins frests.

- 26) Hafi samningar sem eru undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð samt sem áður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 85. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að afturkalla flokkaundanþáguna, t.d. ef nytjaleyfisvaran er ekki í raunverulegri samkeppni á nytjaleyfissvæðinu (7. gr.). Þetta gæti einnig átt við ef leyfishafi hefur sterka markaðsstöðu. Við mat á samkeppni gefur framkvæmdastjórnin sérstaklega gaum tilvikum þar sem leyfishafinn ræður meira en 40% heildarmarkaðar fyrir nytjaleyfisvörurnar og allar vörur eða þjónustu sem viðskiptavinir telja jafngildar eða hliðstæðar vegna einkenna þeirra, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.
- 27) Ekki er lengur skylt að tilkynna um samninga sem uppfylla skilyrðin í 1. og 2. gr. og sem hvorki hafa sem markmið né sem afleiðingu að hamla samkeppni á nokkurn annan hátt. Fyrirtæki geta þó enn leitað eftir því að mótmælum sé ekki hreyft eða eftir undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. í samræmi við reglugerð ráðsins nr. 17<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Þau geta einkum og sér í lagi tilkynnt um samninga sem skuldbinda leyfisveitanda til að veita ekki önnur nytjaleyfi innan svæðisins, ef markaðshlutdeild leyfishafa er meiri en 40% eða er líkleg til að fara yfir þau mörk.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Á grundvelli 3. mgr. 85. gr. sáttmálans og með fyrirvara um skilyrðin hér á eftir er hér með lýst yfir að 1. mgr. 85. gr. sáttmálans gildir ekki um hreina einkaleyfis- eða verkunnáttusamninga og um blandaða einkaleyfis-

verkkunnáttusamninga. Þar með talda samninga sem í eru viðbótarákvæði sem tengjast hugverkarétti öðrum en einkaleyfum, sem aðeins tvö fyrirtæki eru aðilar að og sem fela í sér eina eða fleiri eftirtalinnna skuldbindinga:

- 1) skuldbindingu af hálfu leyfisveitanda um að veita ekki öðrum fyrirtækjum nytjaleyfi til að hagnýta tæknina sem nytjaleyfið nær til á nytjaleyfissvæðinu;
  - 2) skuldbindingu af hálfu leyfisveitanda um að hagnýta ekki sjálfur tæknina sem nytjaleyfið nær til á nytjaleyfissvæðinu;
  - 3) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að hagnýta ekki tæknina sem nytjaleyfið nær til á svæði leyfisveitanda innan hins sameiginlega markaðar;
  - 4) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að framleiða ekki né nota nytjaleyfisvöruna eða nota vinnsluáðferðina sem nytjaleyfið nær til á svæðum innan hins sameiginlega markaðar sem aðrir leyfishafar hafa nytjaleyfi fyrir;
  - 5) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að fylgja ekki virkri markaðssetningargestefnu fyrir nytjaleyfisvöruna á svæðum innan hins sameiginlega markaðar sem aðrir leyfishafar hafa nytjaleyfi fyrir, og einkum og sér í lagi að nota ekki auglýsingar sem beinast sérstaklega að fyrnefndum svæðum né heldur að stofna útibú eða reka dreifimistöð þar;
  - 6) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að setja nytjaleyfisvöruna ekki á markað á svæðum innan hins sameiginlega markaðar sem aðrir leyfishafar hafa nytjaleyfi fyrir sem svar við ótilkvöddum beiðnum;
  - 7) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að nota aðeins vörumerki leyfisveitanda eða kynningu hans á nytjaleyfisvörunni allan samningstímann, að því tilskildu að leyfishafa sé ekki meinad að kynna sjálfan sig sem framleiðanda nytjaleyfisvörunnar;
  - 8) skuldbindingu af hálfu leyfishafa um að takmarka framleiðslu sína á nytjaleyfisvörunni við það magn sem hann þarf til framleiðslu eigin vöru og um að selja nytjaleyfisvöruna aðeins sem óaðskiljanlegan hluta af eða varahlut fyrir eigin vörur eða á annan hátt í tengslum við sölu eigin vöru, að því tilskildu að leyfishafi megi sjálfur ákvarða þetta magn.
2. Ef samningurinn er hreinn einkaleyfissamningur er undanþága vegna skuldbindinganna sem um getur í 1. mgr. aðeins veitt að því marki og í þann tíma sem nytjaleyfisvaran er undir vernd hliðstæðra einkaleyfa á svæðum leyfishafa (1., 2., 7. og 8. tölul.), leyfisveitanda (3. tölul.) og annarra

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

leyfishafa (4. og 5. tölul.), eftir því sem við á. Undanþága vegna skuldbindingarinnar sem um getur í 6. tölul. 1. mgr. er veitt í ekki lengri tíma en fimm ár frá þeim degi sem einn leyfishafanna setur nytjaleyfisvöruna fyrst á markað innan hins sameiginlega markaðar, að því marki og í þann tíma sem fyrrnefnd vara er undir vernd hliðstæðra einkaleyfa á fyrrnefndum svæðum.

3. Ef samningurinn er hreinn verkunnáttusamningur má ekki veita undanþága vegna skuldbindinganna sem um getur í 1. til 5. tölul. 1. mgr. lengur en í tíu ár frá þeim degi sem einn leyfishafanna setur nytjaleyfisvöruna fyrst á markað innan hins sameiginlega markaðar.

Undanþága vegna skuldbindingarinnar sem um getur í 6. tölul. 1. mgr. er ekki veitt lengur en í fimm ár frá þeim degi sem einn leyfishafanna setur nytjaleyfisvöruna fyrst á markað innan hins sameiginlega markaðar.

Skuldbindingarnar sem um getur í 7. og 8. tölul. 1. mgr. eru undanþegnar allan samningstímann eins lengi og verkunnáttan helst leynileg og umtalsverð.

Undanþágan í 1. mgr. gildir þó aðeins ef sammingsaðilar hafa auðkennt upphaflegu verkunnáttuna á viðeigandi hátt, svo og hverjar þær síðari umbætur sem annar aðilinn fær aðgang að og miðlar hinum aðilanum í samræmi við ákvæði sammingsins og markmið hans, og aðeins eins lengi og verkunnáttan helst leynileg og umtalsverð.

4. Ef samningurinn er blandaður einkaleyfis- og verkunnáttusamningur gildir undanþága vegna skuldbindinganna sem um getur í 1. til 5. tölul. 1. mgr. í aðildarríkjum þar sem tæknin sem nytjaleyfið nær til er verduð með nauðsynlegum einkaleyfum eins lengi og nytjaleyfisvaran er verduð af slíkum einkaleyfum í fyrrnefndum aðildarríkjum, enda sé gildistími verndarinnar lengri en tímabilin sem um getur í 3. mgr.

Gildistími undanþágunnar sem kveðið er á um í 6. tölul. 1. mgr. má ekki vera lengri en fimm ára tímabilið sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.

Slíkir samningar geta þó aðeins fallið undir undanþáguna sem um getur í 1. mgr. að því tilskildu að einkaleyfin séu enn í gildi eða að því marki sem verkunnáttan er auðkennd og eins lengi og hún helst leynileg og umtalsverð, hvort sem er lengra.

5. Undanþágan sem kveðið er á um í 1. mgr. gildir einnig ef sammingsaðilar takast á hendur í sérstökum samningi skuldbindingar af þeim gerðum sem um getur í fyrrnefndri málsgrein en með takmarkaðra gildissvið en sú málsgrein leyfir.

2. gr.

1. Ákvæðin í 1. gr. gilda þrátt fyrir að í samningnum sé eitthvert eftirtalinnna ákvæða, sem venjulega hamlar ekki samkeppni:

1) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að láta ekki uppi þá verkunnáttu sem leyfisveitandi hefur miðlað honum; leggja má leyfishafa þessa skuldbindingu á herðar áfram eftir að samningstími rennur út;

2) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að veita ekki undirnyttjaleyfi né framselja nytjaleyfið;

3) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að hagnýta ekki verkunnáttuna eða einkaleyfin sem nytjaleyfið nær til eftir að samningstími rennur út, að því marki og eins lengi og verkunnáttan helst leynileg eða einkaleyfin eru enn í gildi;

4) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að veita leyfisveitanda nytjaleyfi vegna umbóta sem leyfishafi hefur gert eða nýrra notkunarmöguleika sem hann hefur fundið fyrir tæknina sem nytjaleyfið nær til, að því tilskildu:

— að slíkt nytjaleyfi sé ekki einkanyttjaleyfi, þegar um ræðir aðskiljanlegar umbætur, svo að leyfishafi geti notað eigin umbætur að vild eða veitt þriðju aðilum nytjaleyfi vegna þeirra, að því marki sem í þessu felst ekki uppljóstrun á verkunnáttunni sem leyfisveitandi miðlaði, sem enn er leynileg, og

— að leyfisveitandi skuldbindi sig til að veita leyfishafanum einkanyttjaleyfi eða almennt nytjaleyfi vegna eigin umbóta;

5) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að fylgja forskriftum um lágmarksgæði, að meðtöldum tækniforskriftum, fyrir nytjaleyfisvöruna eða að útvega vöru eða þjónustu frá leyfisveitanda, eða frá fyrirtæki sem leyfisveitandi útnefni, að því marki sem fyrrnefndar gæðaforskriftir, vörur eða þjónusta er nauðsynleg til að:

a) tryggja tæknilega viðeigandi hagnýtingu tækninnar sem nytjaleyfið nær til; eða

b) tryggja að vara leyfishafans samrýmist lágmarksgæðaforskriftum sem gilda fyrir leyfisveitanda og aðra leyfishafa;

og til að leyfa leyfisveitanda að hafa eftirlit með þessu;

- 6) skuldbindingar:
- a) um að láta leyfisveitanda vita af óréttmætri nýtingu verkunnáttunnar eða broti á einkaleyfisrétti; eða
  - b) um að höfða mál eða aðstoða leyfisveitanda við að höfða mál gegn þeim sem stunda slíka óréttmæta nýtingu eða gerast sekir um brot;
- 7) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að halda áfram greiðslu þóknunar:
- a) allt til loka samningstíma, með þeim fjárhæðum, í þann tíma og með þeim aðferðum sem samningsaðilar ákveða að vild, ef verkunnáttan verður almennt aðgengileg með öðrum hætti en vegna aðgerða af hálfu leyfisveitanda, án þess að tekið sé tillit til greiðslu skaðabóta að auki ef verkunnáttan verður almennt aðgengileg vegna aðgerða af hálfu leyfishafa sem brjóta gegn ákvæðum samningsins;
  - b) um skeið sem nær fram yfir gildistíma einkaleyfanna sem nytjaleyfið nær til, til að léttu greiðsluþyrði;
- 8) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að takmarka hagnýtingu sína á þeirri tækni sem nytjaleyfið nær til við eitt eða fleiri tæknileg notkunarsvið tækninnar sem nytjaleyfið nær til eða við einn eða fleiri markaði;
- 9) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að greiða lágmarkspóknun eða að framleiða lágmarksmagn nytjaleyfisvörunnar eða að framkvæma lágmarksfjölda hagnýtingaraðgerða;
- 10) skuldbinding af hálfu leyfisveitanda um að gefa leyfishafa einnig kost á hverjum þeim betri kjörum sem hann kann að gefa öðru fyrirtæki eftir að samningur hefur verið gerður;
- 11) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að merkja nytjaleyfisvöruna þannig að á henni komi fram nafn leyfisveitanda eða nafn einkaleyfisins sem nytjaleyfið nær til;
- 12) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að nota ekki tækni leyfisveitanda til að koma upp aðstöðu fyrir þriðju aðila; þetta hefur þó ekki áhrif á rétt leyfishafa til að auka afkastagetu aðstöðu sinnar eða setja upp frekari aðstöðu til eigin nota samkvæmt venjulegum viðskiptaháttum, þar með talin greiðsla viðbótarpóknana;
- 13) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að afhenda tilteknum viðskiptavinum aðeins takmarkað magn nytjaleyfisvörunnar, ef nytjaleyfið er veitt í þeim tilgangi að útvega viðskiptavininum aðra birgðalind innan nytjaleyfissvæðisins; þetta ákvæði skal einnig gilda ef þessi
- viðskiptavinur er leyfishafinn sjálfur og í nytjaleyfinu sem veitt er til að útvega aðra birgðalind er kveðið á um að viðskiptavinurinn skuli sjálfur framleiða nytjaleyfisvöruna eða láta undirverktaka framleiða hana;
- 14) fyrirvari sem leyfisveitandi gerir um rétt sinn til að setja sig upp á móti því að leyfishafinn hagnýti tæknina utan nytjaleyfissvæðisins;
- 15) fyrirvari sem leyfisveitandi gerir um rétt sinn sem felst í einkaleyfinu til að rifta samningnum ef leyfishafi andæfir því að verkunnáttan sem nytjaleyfið nær til sé leynileg eða umtalsverð eða dregur í efa gildi einkaleyfa í eigu leyfisveitanda eða tengdra fyrirtækja sem nytjaleyfi hefur verið veitt vegna innan hins sameiginlega markaðar;
- 16) fyrirvari sem leyfisveitandi gerir um rétt sinn til að rifta einkaleyfissamningi ef leyfishafi heldur því fram að slíkt einkaleyfi sé ónaðsynlegt;
- 17) skuldbinding af hálfu leyfishafa um að gera sitt ýrasta til að framleiða og markaðssetja nytjaleyfisvöruna;
- 18) fyrirvari sem leyfisveitandi gerir um rétt sinn til að afnema einkaréttinn sem hann hefur veitt leyfishafa og til að hætta að veita honum nytjaleyfi vegna umbóta ef leyfishafi lendir í samkeppni innan hins sameiginlega markaðar við leyfisveitanda, fyrirtæki honum tengd eða önnur fyrirtæki, hvað varðar rannsóknir og þróun, framleiðslu, notkun eða dreifingu á samkeppnisvörum og til að krefjast þess að leyfishafi sanni að tæknin sem nytjaleyfið nær til sé ekki notuð til að framleiða vörur eða veita þjónustu aðra en þá sem nytjaleyfið nær til.
2. Ef ákvæðin sem um getur í 1. mgr. falla undir gildissvið 1. mgr. 85. gr. vegna sérstakra kringumstæðna eru þau einnig undanþegin jafnvel þótt þeim fylgi engin skuldbindinganna sem undanþegnar eru samkvæmt 1. gr.
3. Undanþágan í 2. mgr. gildir einnig ef í samningnum eru þær gerðir ákvæða sem um getur í 1. mgr., en með takmarkaðra gildissvið en fyrrmeind málsgrein leyfir.
3. gr.
- Ákvæði 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. gilda ekki ef:
- 1) öðrum samningsaðilinum eru settar hömlur hvað varðar verð, þætti í vöruverði eða aflslátt á nytjaleyfisvörum;

- 2) öðrum samningsaðilanum eru settar hömlur um samkeppni við hinn aðilann, við fyrirtæki sem eru tengd honum eða önnur fyrirtæki hvað varðar rannsóknir og þróun, framleiðslu, notkun eða dreifingu á samkeppnisvörum, samanber þó ákvæði 17. og 18. tölul. 1. mgr. 2. gr.
- 3) Þess er krafist án þess að fyrir liggi rökstuddar ástæður, að annar eða báðir samningsaðilar:
- a) neiti að koma til móts við beiðnir frá notendum eða endurseljendum á sínu svæði sem hafa í hyggju að markaðssetja vörur á öðrum svæðum innan hins sameiginlega markaðar;
  - b) geri notendum eða endurseljendum erfitt um vik að afla vörunnar frá öðrum endurseljendum innan hins sameiginlega markaðar, með annars með því að neyta hugverkaréttar eða grípa til aðgerða til að hindra að notendur eða endurseljendur afli utan svæðisins vöru sem hefur verið sett á markað á löglegan hátt innan hins sameiginlega markaðar af leyfisveitandanum sjálfum eða með samþykki hans, eða að þeir setji hana á markað innan nytjaleyfissvæðisins;
- eða ef samstilltar aðgerðir samningsaðila leiða til þess að þeir grípa til slíkra aðgerða:
- 4) samningsaðilar hafa verið í innbyrðis samkeppni um framleiðslu áður en nytjaleyfið var veitt og öðrum þeirra eru settar hömlur um hvaða viðskiptavinum hann má afgreiða innan sama tæknilega notkunarsviðs eða innan sama markaðar, til dæmis með banni við að hann afgreiði tiltekna hópa notenda, noti tilteknar dreifingar- aðferðir, eða, í því skyni að skipta viðskiptavinum milli samningsaðila, með banni við notkun tiltekinna gerða umbúða, samanber þó ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 1. gr og 13. tölul. 1. mgr. 2. gr.;
- 5) hömlur eru settar á það hversu mikið magn nytjaleyfisvörunnar annar aðilinn má framleiða eða selja eða á fjölda þeirra aðgerða sem hann má framkvæma sem nýta tæknina sem nytjaleyfið nær til, samanber þó ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 13. tölul. 1. mgr. 2. gr.;
- 6) leyfishafi er skuldbundinn til að framselja leyfisveitanda, í heild eða að hluta, rétt á umbótum eða nýjum aðferðum við notkun tækninnar sem nytjaleyfið nær til;
- 7) Þess er krafist af leyfisveitanda, jafnvel í aðskildum samningum eða með sjálfkrafa framlengingu á upphaflegum gildistíma samningsins sem er komin til vegna nýrra umbóta, að hann veiti ekki öðrum fyrirtækjum nytjaleyfi til að hagnýta tæknina sem nytjaleyfið nær

til á nytjaleyfissvæðinu lengur en í þann tíma sem um getur í 2. og 3. mgr. 1. gr., eða þess er krafist af öðrum aðilanum að hann hagnýti ekki tæknina sem nytjaleyfið nær til á svæði hins aðilans eða annarra leyfishafa lengur en í þann tíma sem um getur í 2. og 3. mgr. 1. gr. eða í 4. mgr. 1. gr.

4. gr.

1. Undanþágan sem kveðið er á um í 1. og 2. gr. gildir einnig um samninga sem hafa að geyma skuldbindingar sem hamla samkeppni og fyrrnefndar greinar ná ekki yfir og sem falla ekki undir gildissvið 3. gr., að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 3385/94 og að framkvæmdastjórnin andæfi ekki slíkri undanþágu innan fjögurra mánaða.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda nánar tiltekið þegar:
  - a) leyfishafi er skuldbundinn við gerð samningsins til að samþykkja gæðaforskriftir eða önnur nytjaleyfi eða til að útvega vörur eða þjónustu sem ekki er nauðsynleg fyrir tæknilega fullnægjandi hagnýtingu tækninnar sem nytjaleyfið nær til eða til að tryggja að framleiðsla leyfishafa samrýmist þeim gæðastöðlum sem leyfisveitandi og aðrir leyfishafar fylgja;
  - b) leyfishafa er bannað að andæfa því að verkunnátan sem nytjaleyfið nær til sé leynileg eða umtalsverð eða að draga í efa gildi einkaleyfa í eigu leyfisveitanda eða tengdra fyrirtækja sem nytjaleyfi hefur verið veitt vegna innan hins sameiginlega markaðar.
3. Fjögurra mánaða tímabilið sem um getur í 1. mgr. telst hefjast á þeim degi sem tilkynningin öðlast gildi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 3385/94.
4. Fara má fram á að samningar sem eru tilkynntir áður en þessi reglugerð öðlast gildi njóti góðs af ákvæðum 1. og 2. mgr. með því að koma til framkvæmdastjórnarinnar orðsendingu sem vísar beint til þessarar greinar og til tilkynningarinnar. Ákvæði 3. mgr. gilda að breyttu breytanda.
5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andæfa undanþágunni innan fjögurra mánaða. Henni ber að andæfa undanþágu ef hún fær beiðni þess efnis frá aðildarríki innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin sem um getur í 1. mgr. eða orðsendingin sem um getur í 4. mgr. er send aðildarríkinu. Beiðnina skal styðja röksemdum sem varða samkeppnisreglur sáttmálan.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að draga andmælin við undanþágunni til baka hvenær sem er. Þó má aðeins draga andmælin til baka að höfðu samráði við ráðgjafanefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu, hafi þeim verið hreyft að beiðni aðildarríkis og þeirri beiðni verið haldið til streitu.

7. Ef andmælin eru dregin til baka vegna þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafa sýnt fram á að skilyrðum 3. mgr. 85. gr. sé fullnægt, þá gildir undanþágan frá dagsetningu tilkynningarinnar.

8. Ef andmælin eru dregin til baka vegna þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafa breytt samningnum þannig að hann fullnægi skilyrðum 3. mgr. 85. gr., þá gildir undanþágan frá þeim degi er breytingarnar öðlast gildi.

9. Ef framkvæmdastjórnin andæfir undanþágu og andmælin eru ekki dregin til baka, þá eru áhrif tilkynningarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 17.

5. gr.

1. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- 1) samninga milli aðila að samstarfi um einkaleyfi eða verkunnáttu sem varða sameiginlegu tæknina;
- 2) nytjaleyfissamninga milli samkeppnisfyrirtækja sem eiga aðild að sameiginlegu verkefni eða milli annars þeirra og fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið, ef nytjaleyfissamningarnir varða starfsemi fyrirtækisins um sameiginlega verkefnið;
- 3) samninga þar sem annar aðilinn veitir hinum nytjaleyfi vegna einkaleyfis og/eða verkunnáttu og hinn aðilinn veitir fyrnefnda aðilanum á móti, jafnvel þótt það sé í aðskildum samningum eða gegnum tengd fyrirtæki, nytjaleyfi vegna einkaleyfis, vörumerkis eða verkunnáttu eða einkasölualeyfi, ef aðilarnir eru í innbyrðis samkeppni hvað varðar vörurnar sem umræddir samningar ná til;
- 4) nytjaleyfissamninga sem hafa að geyma ákvæði er varða hugverkarétt annan en einkaleyfi, nema um ræði viðbótarákvæði;
- 5) samninga sem gerðir eru eingöngu með sölu í huga.

2. Þessi reglugerð gildir engu að síður um:

- 1) samninga sem falla undir 2. tölul. 1. mgr., þar sem móðurfyrirtæki veitir fyrirtæki um sameiginlegt verkefni nytjaleyfi vegna einkaleyfis eða verkunnáttu, að því tilskildu að nytjaleyfisvörurnar og aðrar vörur og þjónusta aðildarfyrirtækjanna, sem notendur telja jafngildar og hliðstæðar vegna einkenna þeirra, verðs og fyrirhugaðrar notkunar séu:

— ekki meira en 20% markaðarins fyrir nytjaleyfisvöruna og allar jafngildar eða hliðstæðar vörur og þjónustu, ef um ræðir nytjaleyfi sem eingöngu nær til framleiðslu, og

— ekki meira en 10% markaðarins fyrir nytjaleyfisvöruna og allar jafngildar eða hliðstæðar vörur og þjónustu, ef um ræðir nytjaleyfi sem nær til framleiðslu og dreifingar;

- 2) samninga sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. og gagnkvæma nytjaleyfissamninga í skilningi 3. tölul. 1. mgr., að því tilskildu að samningsaðilar séu ekki háðir neinum takmörkunum um svæði innan hins sameiginlega markaðar hvað varðar framleiðslu, notkun eða markaðssetningu nytjaleyfisvörunnar eða notkun tækninnar sem nytjaleyfið nær til eða sem er sameiginleg.

3. Þessi reglugerð skal gilda áfram ef ekki er farið meira en sem nemur einum tíunda hluta fram úr þeirri markaðs-hlutdeild sem um getur í 1. tölul. 2. mgr. tvö fjárhagsár í röð; ef farið er yfir það mark gildir þessi reglugerð áfram í sex mánuði frá lokum þess árs sem farið var yfir markið á.

6. gr.

Þessi reglugerð gildir einnig um:

- 1) samninga þar sem leyfisveitandi er ekki handhafi verkunnáttunnar eða einkaleyfisins, en hefur umboði handhafans til að veita nytjaleyfi;
- 2) framsal verkunnáttu, einkaleyfa eða hvors tveggja, ef framseljandi ber áfram áhættuna sem fylgir hagnýtingu, einkum og sér í lagi ef upphæðin sem endurgjalda á framsalið með fer eftir þeirri veltu sem framsalshafi nær hvað varðar vörur sem framleiddar eru með hjálp verkunnáttunnar eða einkaleyfanna, magninu sem framleitt er af slíkum vörum eða fjölda framkvæmdra aðgerða sem nýta verkunnáttuna eða einkaleyfin;
- 3) nytjaleyfissamninga þar sem fyrirtæki sem tengjast leyfisveitanda eða leyfishafa taka á sig réttindi eða skuldbindingar þeirra.

7. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ávinning af þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE, komist hún að þeirri niðurstöðu að í tilteknu tilviki hafi samningur sem fengið hefur undanþágu samkvæmt þessari reglugerð engu að síður haft einhver þau áhrif sem eru ósamrýmanleg skilyrðum 3. mgr. 85. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- 1) samningurinn hefur þau áhrif að koma í veg fyrir að nytjaleyfisvörurnar lendi í virkri samkeppni á nytjaleyfissvæðinu frá sams konar vörum eða þjónustu eða frá vörum eða þjónustu sem notendur telja jafngilda eða hlíðstæða vegna einkenna hennar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar, sem getur til að mynda gerst ef markaðshlutedeild leyfishafa fer yfir 40%;
- 2) leyfishafi neitar, án rökstuddrar ástæðu, að koma til móts við ótilkvaddar beiðnir frá notendum eða endurseljendum á svæðum annarra leyfishafa, samanber þó 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.
- 3) samningsaðilar:
  - a) neita, án rökstuddrar ástæðu, að koma til móts við beiðnir frá notendum eða endurseljendum á sínu svæði sem hafa í hyggju að markaðssetja vöruna á öðrum svæðum innan hins sameiginlega markaðar; eða
  - b) gera notendum eða endurseljendum erfitt um vik að afla vörunnar frá öðrum endurseljendum innan hins sameiginlega markaðar, meðal annars með því að neyta hugverkaréttar eða grípa til aðgerða til að hindra að notendur eða endurseljendur afli utan svæðisins vöru sem hefur verið sett á markað á löglegan hátt innan hins sameiginlega markaðar af leyfisveitanda sjálfum eða með samþykki hans, eða að þeir setji hana á markað innan nytjaleyfissvæðisins;
- 4) samningsaðilar hafa verið framleiðendur í innbyrðis samkeppni þegar nytjaleyfið var veitt og skuldbindingar leyfishafa um að framleiða lágmarksmagn eða um að gera sitt ýtrasta eins og um getur í 9. og 17. tölul. 1. mgr. 2. gr., eftir því sem við á, koma í veg fyrir að leyfishafi geti notað tækni sem er í samkeppni við þá sem hann notar.

8. gr.

1. Hvað varðar þessa reglugerð telst eftirfarandi jafngilt einkaleyfum:
  - a) einkaleyfaumsóknir;
  - b) nytjamynstur;
  - c) umsóknir um skráningu nytjamynstra;
  - d) svæðislýsingar á hálfleiðaravörum;
  - e) „certificats d'utilité“ og „certificats d'addition“ að frönskum lögum;
  - f) umsóknir um „certificats d'utilité“ og „certificats d'addition“ að frönskum lögum;
  - g) viðbótarvottorð um vernd vegna lyfja eða annarra vara sem gefa má slík vottorð út vegna;

h) vottorð ræktenda um einkarétt til plöntuafbrigðis.

2. Þessi reglugerð gildir einnig um samninga sem varða hagnýtingu uppfinningar ef lögð er inn umsókn um nytjaleyfissvæði vegna uppfinningarinnar í skilningi 1. mgr. eftir að samningarnir hafa verið gerðir en innan tímamarka sem sett eru í þeim landslögum eða alþjóðasamningum sem við eiga.
3. Þessi reglugerð gildir enn fremur um hreina einkaleyfis- eða verkunnátusamninga eða blandaða samninga, sé gildistími þeirra sjálfkrafa framlengdur ef teknar eru inn nýjar umbætur sem leyfisveitandi miðlar, hvort sem þær eru verndaðar með einkaleyfi eða ekki, að því tilskildu að leyfishafi eigi rétt á að neita slíkum umbótum eða að hvor samningsaðili um sig eigi rétt á að rifta samningnum þegar upphaflegi samningstíminn rennur út og þar á eftir á þriggja ára fresti eða oftar.

9. gr.

1. Upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 4. gr., skal einungis nota með skírskotun til markmiða þessarar reglugerðar.
2. Framkvæmdastjórninni og lögberum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar, sem þeir öðlast með því að beita ákvæðum þessarar reglugerðar og eru þess eðlis að þær falli undir þagnarskyldu embættismanna.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða yfirlita sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

10. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „verkkunnátta“: tæknileg þekking sem er leynileg, umtalsverð og auðkennd á viðeigandi hátt;
- 2) „leynileg“: að verkunnáttan sem heild eða í samskipan og samsetningu einstakra hluta sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg, þannig að hluti gildis hennar felist í forskotinu sem leyfishafi fær þegar henni er miðlað til hans; hugtakið er hér ekki notað í þeirri þröngu merkingu að hver einstakur hluti verkunnáttunnar þurfi að vera algerlega óþekktur og ófánlegur annars staðar en hjá leyfisveitanda;
- 3) „umtalsverð“: að í verkunnáttunni felist vitneskja sem er gagnleg, með öðrum orðum sem raunhæft er að búast við að geti bætt samkeppnisstöðu leyfishafa þegar samningurinn er gerður, til dæmis með því að auðvelda honum aðgang að nýjum markaði eða að gefa honum

forskot í samkeppni við aðra framleiðendur eða þjónustuveitendur sem ekki hafa aðgang að þeirri leynilegu verkunnáttu sem nytjaleyfið nær til eða annarri sambærilegri leynilegri verkunnáttu;

- 4) „auðkennd“: að verkunnáttunni sé lýst eða hún skráð með einhverjum þeim hætti sem gerir kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð og að tryggja að leyfishafa séu ekki settar óþarfa hömlur í hagnýtingu eigin tækni; verkunnáttan getur talist auðkennd ef henni er lýst í nytjaleyfissamningnum eða í aðskildu skjali eða hún skráð á einhvern annan viðeigandi hátt í síðasta lagi þegar verkunnáttan er yfirfærð eða skömmu síðar, að því tilskildu að unnt sé að útvega aðskilda skjalið eða annað skráningarskjal ef þörf krefur;
- 5) „nauðsynleg einkaleyfi“: einkaleyfi sem nauðsynlegt er að hafa nytjaleyfi fyrir til að koma tækninni sem nytjaleyfið nær til í gagnid, að svo miklu leyti sem án slíks nytjaleyfis væri ekki hægt að nýta tæknina sem nytjaleyfið nær til eða það væri aðeins hægt í minni mæli eða á erfðari eða dýrari hátt. Slík einkaleyfi verða því að hafa tæknilega, lagalega eða efnahagslega þýðingu fyrir leyfishafann;
- 6) „nytjaleyfissamningur“: hreinir einkaleyfasamningar og hreinir verkunnáttusamningar jafnt og blandaðir einkaleyfa- og verkunnáttusamningar;
- 7) „tækni sem nytjaleyfi nær til“: upphaflega framleiðslukunnáttan eða nauðsynleg einkaleyfi vegna vöru og vinnsluáðferða, eða hvort tveggja, sem er fyrir hendi þegar fyrsti nytjaleyfissamningurinn er gerður, svo og umbætur sem síðar eru gerðar á verkunnáttunni eða einkaleyfunum, óháð því hvort og að hvaða marki samningsaðilar eða aðrir leyfishafar hagnýta þær;
- 8) „nytjaleyfisvara“: vara eða þjónusta sem aðeins er unnt að framleiða eða veita með tækninni sem nytjaleyfið nær til;
- 9) „markaðshlutdeild leyfishafa“: sú hlutdeild sem nytjaleyfisvaran og aðrar vörur eða þjónusta sem leyfishafi veitir, sem notendur telja jafngildar eða hliðstæðar vegna einkenna þeirra, verðs og áætlaðra nota, hafa í heildarmarkaðinum fyrir nytjaleyfisvöruna og allar aðrar jafngildar eða hliðstæðar vörur og þjónustu á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans;
- 10) „hagnýting“: hver sú notkun tækninnar sem nytjaleyfið nær til, t.d. við framleiðslu, virka eða óvirka sölu á svæði, jafnvel þótt henni fylgi ekki framleiðsla á því svæði, eða leiga á nytjaleyfisvörinni;
- 11) „nytjaleyfissvæði“: það svæði sem tekur til alls sameiginlega markaðarins eða að minnsta kosti hluta hans þar sem leyfishafa er heimilt að hagnýta tæknina sem nytjaleyfið nær til;
- 12) „svæði leyfisveitanda“: svæði þar sem leyfisveitandi hefur ekki veitt nein nytjaleyfi vegna einkaleyfa og/eða verkunnáttu sem nytjaleyfissamningurinn nær til;
- 13) „hliðstæð einkaleyfi“: einkaleyfi sem vernda sömu uppfinningu í ýmsum aðildarríkjum, þrátt fyrir þá sundurleitni sem enn ríkir þar sem reglur einstakra landa um hugverkarétt á sviði iðnaðar eru innbyrðis ólíkar;
- 14) „tengd fyrirtæki“:
  - a) fyrirtæki þar sem samningsaðili beint eða óbeint:
    - á meira en helming eiginfjár eða rekstrarfjár, eða
    - ræður meira en helmingi atkvæða, eða
    - á rétt á að tilnefna meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, stjórn eða aðrar stofnanir sem hafa lagalegt fyrirvar fyrirtækisins með höndum, eða
    - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
  - b) fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða ítök sem um getur í a-lið í fyrirtæki sem á aðild að samningnum;
  - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki af því tagi sem um getur í b-lið hefur einhver þau réttindi eða ítök sem nefnd er í a-lið;
  - d) fyrirtæki þar sem samningsaðilar eða fyrirtæki tengd þeim hafa sameiginlega einhver þau réttindi eða ítök sem um getur í a-lið: slík fyrirtæki undir sameiginlegri stjórn teljast tengd báðum samningsaðilum;
- 15) „viðbótarákvæði“: ákvæði sem varða hagnýtingu hugverkaréttar annars en einkaleyfa og sem í eru engar skuldbindingar sem hamla samkeppni aðrar en þær sem einnig fylgja verkunnáttunni eða einkaleyfunum sem nytjaleyfið nær til og sem eru undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð;
- 16) „skuldbinding“: bæði samningsskuldbindingar og samstilltar aðgerðir;



17) „framleiðendur í innbyrðis samkeppni“ eða framleiðendur „vara í innbyrðis samkeppni“: framleiðendur sem selja vörur sem notendur telja jafngildar eða hliðstæðar nýtleysivörum vegna einkenna þeirra, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.

11. gr.

1. Reglugerð (EBE) nr. 556/89 falli hér með úr gildi frá 1. apríl 1996.
2. Reglugerð (EBE) nr. 2349/84 verði áfram í gildi til 31. mars 1996.
3. Bannið í 1. mgr. 85 gr. sáttmálans gildi ekki um samninga sem eru í gildi hinn 31. mars 1996 og sem fullnægja kröfum reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 eða (EBE) nr. 556/89 vegna undanþágu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 1996.

12. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram reglulegt mat á beitingu þessarar reglugerðar, meðal annars með tilliti til andmælameðferðarinnar sem kveðið er á um í 4. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar fyrir lok fjórða árs eftir gildistöku hennar og meta á grundvelli hennar hvort æskilegt er að breyta henni.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1996.

Hún gildir til 31. mars 2006.

Þó öðlast ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar þessarar gildi 1. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

1. gr.

Í 6. mgr. 2. gr.:

- a. Í stað „57.057 kr.“ kemur: 60.195 kr.
- b. Í stað „79.077 kr.“ kemur: 83.426 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast þegar gildi. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð, nr. 32/2001, um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. mars 2002.

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 2. gr.

Tímagjald	kr.	5.800
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	4.350

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

### 3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

### 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 300/2001 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

*Akureyri, 20. mars 2002.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra,

**Valdimar Brynjólfsson** framkvæmdastjóri.

## VIÐAUKI A

	<b>1. flokkur kr. 3.625</b>		
Ísat-númer		15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski – miðlungs
01.42.0.1	Hundahótel	15.31.0.0	Kartöfluvinnsla – pökkun
20.30.9.4	Trésmíðaaðstaða	15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs
25.21.0.2	Vinnsla með plast og frauðefni – lítil	15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða fyrir bifreiðar og vélar	20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar
50.20.1.0	Bón og bílaþvottur – handvirkur	22.22.9.1	Prentiðnaður lítill
52.49.1.0	Gæludýraverslun	24.20.0.1	Garðaúðun
55.21.0.2	Fjallaskálar	25.13.0.1	Gúmmívinnsla
55.22.0.1	Tjaldstæði – lítið	25.21.0.1	Framleiðsla á plötum og rörum úr plasti
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti
80.42.2.0	Tónlistarskólar	26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
85.12.2.1	Læknastofur	28.52.0.1	Blikksmíði
85.20.0.1	Dýralæknastofur	29.11.0.0	Vélsmíða- og viðgerðarverkstæði
85.32.1.1	Dagvist í heimahúsum >6 börn í vistun	29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði
91.31.1.1	Kirkjur án safnaðarheimilis	40.10.0.1	Spennistöðvar
92.34.0.1	Dansskólar	41.00.0.6	Vatsveitur < 1.000 íbúar
92.53.0.1	Húsdýragarðar Annað sambærilegt.	50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði – miðlungs
	<b>2. flokkur kr. 7.250</b>	50.20.0.8	Bifreiðaréttingar
15.20.6.1	Aðstaða til vinnslu á ferskum fiski	50.20.0.9	Bón og bílaþvottur – sjálfvirk
20.30.9.3	Trésmíðaverkstæði án lökkunar – lítið (1-2 starfsmenn)	50.20.0.14	Verkstæði fyrirtækja
22.22.1.0	Offsetprentun – lítil	50.30.0.1	Bifreiðavaraahlutaverslanir, lítið af efnavöru
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði – lítið (1-2 starfsmenn)	52.31.0.0	Apótek
50.20.1.4	Hjólbarðaverkstæði	52.33.0.1	Snyrtivöruverslanir
55.12.0.1	Gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – lítil	52.46.1.2	Byggingavöruverslanir – litlar
55.21.0.1	Farfuglaheimili	52.49.9.1	Véla- og tækjasölu
55.22.0.2	Tjaldstæði – miðlungs	52.49.9.4	Sala eiturefna og hættulegra efna
55.23.0.2	Orlofshúsavæði, bændagisting án veitingasölu	52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	55.12.0.2	Gistiheimili, gistiskálar og heimagisting án veitingasölu – miðlungs
85.11.4.4	Vistheimili	55.22.0.3	Tjaldsvæði – stór
85.11.4.5	Endurhæfing	63.12.0.1	Vörugymslur – litlar
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	63.12.0.5	Kæli- og frystigymslur
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis
85.20.0.3	Dýraspítalar	80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mótuneytis
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglunga	80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis
85.32.2.3	Gæsluvellir	85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar – litlar
92.61.0.7	Íþróttavellir	85.13.1.1	Tannlæknastofur
92.61.0.8	Skíðasvæði og skíðaskálar án sölu óvarinna matvæla	85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur
92.72.0.1	Skotvellir	85.14.9.4	Húðflúrstofur
93.01.0.1	Þvottahús Annað sambærilegt.	85.14.9.5	Húðgötun
	<b>3. flokkur kr. 14.500</b>	85.32.2.1	Leikskólar án mótuneytis
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	85.32.4.0	Félagsmíðstöðvar og æskulýðsstarfsemi án sölu óvarinna matvæla
15.20.2.0	Saltfiskverkun	90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða
		90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélaga
		91.13.0.1	Kvikmyndahús
		92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur

- 92.61.0.4 Íþróttahús – lítill
- 93.01.0.2 Efnalaugar
- 93.02.0.1 Hárgreiðslu- og hársnyrtistofur
- 93.02.0.2 Snyrtistofur
- 93.04.0.2 Líkamsræktarstöðvar án heitra potta
- 93.04.0.7 Sólbaðsstofur án heitra potta
- 93.04.0.9 Nuddstofur  
Annað sambærilegt

#### 4. flokkur kr. 21.750

- 01.25.2.0 Loðdýrabú
- 05.02.1.2. Seiðaeldisstöðvar >150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
- 14.21.0.0 Malar- og sandnám
- 14.21.0.1 Steinmölun og framleiðsla ofanburðar
- 14.30.0.0 Nám og vinnsla á steinefnum til lífefna-  
iðnaðar og áburðargerðar
- 15.11.0.1 Sláturhús – lítill
- 15.20.5.0 Harðfiskverkun
- 15.42.0.2 Mörbraðsla og tólgarframleiðsla
- 20.10.0.1 Fúavörn á við
- 20.30.9.1 Trésmíðaverkstæði með lökkun
- 22.21.0.0 Prentun dagblaða
- 22.22.9.3 Prentiðnaður – stór
- 22.22.9.4 Prentiðnaður með framköllum
- 26.82.9.1 Olíumalar- og malbikunarstöðvar með  
breytilega staðsetningu
- 28.51.0.0 Meðferð og húðun málna
- 37.20.0.1 Endurvinnsla úrgangs
- 41.00.0.5 Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa
- 50.20.0.4 Bifreiða- og vélaverkstæði stórt/eða með  
lökkun
- 50.20.0.7 Bifreiðasprautun
- 50.20.1.1 Ryðvarnarverkstæði
- 50.20.1.2 Smurstöðvar
- 50.30.0.2 Bifreiðavaraahlutaverslanir, mikið af efna-  
vöru
- 50.30.0.3 Bílapartasölur
- 50.50.0.0 Bensínstöðvar – sjálfvirkar
- 50.50.0.1 Bensínstöðvar án sölu óvarinnar matvöru
- 52.11.3.1 Söluturnar án sölu óvarinna matvæla
- 52.25.0.0 Áfengisverslanir
- 52.46.1.1 Byggingavöruverslanir – stórar
- 52.46.2.1 Málningarvöruverslanir
- 52.49.9.3 Smásala efna í flokkum X, A og B
- 55.23.0.1 Bændagisting með veitingasölu
- 55.30.1.7 Matsöluvagnar
- 55.40.0.4 Samkomusalir með móttökueldhúsi
- 55.51.0.5 Mötuneyti með móttökueldhúsi – lítill og  
miðlung
- 63.12.0.3 Vörugymslur stórar
- 63.23.0.2 Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
- 74.81.0.1 Framköllunarþjónusta – sérhæfð
- 74.81.0.2 Ljósmyndastofur með framköllum
- 75.23.0.1 Fangelsi – lítill
- 80.21.0.4 Sumarbúðir
- 85.11.1.1 Sjúkrahús – lítill/án mötuneytis

- 85.11.4.1 Dvalar- og hjúkrunarheimili án mötu-  
neytis
- 85.12.1.2 Heilsugæslustöðvar, stórar
- 90.00.0.4 Gámastöð
- 90.00.0.5 Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja  
spilliefni
- 90.00.0.6 Aðilar sem sérhæfa sig við flutning og  
hreinsun á seyru
- 92.61.0.5 Íþróttahús – miðlung og stór/ásamt  
íþróttavöllum
- 93.04.0.5 Líkamsræktarstöðvar með heitum pottum
- 93.04.0.8 Sólbaðsstofur með heitum pottum  
Annað sambærilegt

#### 5. flokkur kr. 27.550

- 01.23.0.1 Svínarækt < 2000 stæði fyrir alisvín eða  
750 stæði fyrir gyltur
- 01.24.0.1 Alifuglarækt < 40.000 stæði
- 05.02.1.1 Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og  
afrennsli í ferskvatn
- 05.02.4.0 Eldi sjávardýra
- 15.11.0.1 Sláturhús – stór
- 15.20.6.3 Vinnsla á ferskum fiski – stór
- 15.20.8.0 Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar –  
lítill
- 15.81.0.2 Bakarí – lítill
- 15.82.0.2 Kókugerðir – litlar
- 15.85.0.2 Framleiðsla vöru til matvælavinnslu
- 15.87.0.2 Krydd- og bragðefnaframleiðsla og  
pökkun
- 24.30.0.1 Málningarverksmiðjur
- 24.51.0.1 Hreinlætisvöruverksmiðjur
- 35.11.0.1 Stálsmíði og stálskipagerð
- 41.00.0.4 Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúa
- 51.31.0.2 Heildverslanir með ávexti og grænmeti
- 51.36.0.0 Heildverslanir með sykurlu, súkkulaði og  
sælgæti
- 51.39.0.2 Heildverslanir með önnur matvæli,  
drykkjarvörur og tóbak
- 51.44.2.0 Heildverslanir með hreingerningarefni
- 51.45.0.1 Heildverslanir með snyrtivöru
- 51.55.0.1 Heildverslanir með eiturefni og hættuleg  
efni
- 52.11.2.4 Matvöruverslanir án vinnslu – litlar
- 52.11.3.2 Söluturnar með óvarin matvæli – litlir
- 52.24.0.1 Smásala á brauðum, kókum og sæta-  
brauði án vinnslu
- 55.12.0.3 Gististaðir án veitingasölu – stórir
- 55.30.1.8 Brauðstofur
- 55.30.2.1 Skemmtistaðir án matsölu
- 55.51.0.1 Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – lítill
- 55.51.0.6 Mötuneyti með móttökueldhúsi – stór
- 55.52.0.1 Sala á tilbúnum mat – lítill starfsemi
- 75.23.0.2 Fangelsi – miðlung
- 80.10.0.2 Grunnskólar með móttökueldhúsi
- 80.21.0.2 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi  
með móttökueldhúsi

- 85.30.0.2 Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi
- 85.11.1.2 Sjúkrahús – miðlungs/með móttökueldhúsi
- 85.11.4.2 Dvalar- og hjúkrunarheimili – miðlungs/með móttökueldhúsi
- 85.32.2.1 Leikskólar með móttökueldhúsi
- 85.32.6.1 Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi
- 92.31.0.2 Leikhús með móttökueldhúsi  
Annað sambærilegt

**6. flokkur kr. 37.700**

- 15.20.4.1 Heitloftsþurrkun fiskafurða
- 15.20.8.1 Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttanna – miðlungs
- 15.82.0.1 Kexverksmiðjur
- 15.82.0.4 Kökugerðir – stórar
- 41.00.0.3 Vatnsveitur > 10.000 íbúar
- 50.50.0.2 Bensínstöðvar með matvöru
- 52.11.3.3 Söluturnar með óvarin matvæli – miðlungs
- 55.11.0.1 Gististaðir með veitingasölu – litlir
- 55.40.0.5 Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi
- 55.51.0.2 Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – miðlungs
- 63.21.0.1 Vöruflutningamiðstöðvar
- 75.23.0.3 Fangelsi – stór
- 80.10.0.3 Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi
- 80.21.0.3 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúnu eldhúsi
- 80.30.0.3 Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi
- 85.32.2.2 Leikskólar með fullbúnu eldhúsi
- 85.32.6.2 Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi
- 92.31.0.3 Leikhús með fullbúnu eldhúsi  
Annað sambærilegt.

**7. flokkur kr. 46.400**

- 15.13.0.1 Kjöttvinnslur – litlar
- 15.20.8.2 Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttanna – stór
- 52.11.2.5 Matvöruverslanir án vinnslu – miðlungs
- 52.11.3.4 Söluturnar með óvarin matvæli – stórir
- 52.23.0.1 Fiskbúðir – litlar
- 52.24.0.2 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu
- 55.30.1.4 Skyndibitastaðir – litlir
- 55.30.2.0 Skemmtistaðir með matsölu
- 55.40.0.2 Krár, kaffihús án matsölu
- 55.51.0.3 Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi – stór
- 55.52.0.2 Sala á tilbúnum mat – miðlungs starfsemi
- 92.61.0.1 Sundstaðir – litlir  
Annað sambærilegt

- 15.13.0.4 Kjöttvinnslur með reykingu – litlar
- 15.33.0.2 Salatgerð
- 15.43.0.0 Smjörlíkisgerð
- 15.81.0.3 Bakarí – miðlungs
- 15.84.0.1 Súkkulaði- og sælgætisgerð
- 15.86.0.0 Te- og kaffiframleiðsla
- 15.96.0.0 Björgerð
- 15.98.0.2 Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja
- 50.50.0.3 Bensínstöðvar með veitingasölu
- 52.11.2.1 Matvöruverslanir með vinnslu – litlar
- 52.11.2.6 Matvæluverslanir án vinnslu – stór
- 52.23.0.3 Fiskbúðir – stórar
- 52.24.0.3 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu
- 55.11.0.2 Hótel með veitingasölu – miðlungs
- 55.30.1.1 Matsölustaðir – litlir
- 55.30.1.5 Skyndibitastaðir – miðlungs
- 55.40.0.1 Krár, kaffihús með matsölu
- 55.52.0.3 Sala á tilbúnum mat – stór
- 92.61.0.2 Sundstaðir – miðlungs  
Annað sambærilegt

**9. flokkur kr. 66.700**

- 15.13.0.2 Kjöttvinnslur – miðlungs
- 15.51.0.1 Mjólkurbú
- 15.81.0.4 Bakarí – stór
- 52.11.1.2 Stórmarkaðir án matvælavinnslu
- 52.11.2.2 Matvöruverslanir með vinnslu – miðlungs
- 55.30.1.2 Matsölustaðir – miðlungs
- 55.30.1.6 Skyndibitastaðir – stórir
- 85.11.4.3 Dvalar- og hjúkrunarheimili – stór/með fullbúnu eldhúsi
- 92.61.0.3 Sundstaðir stórir  
Annað sambærilegt

**10. flokkur kr. 87.000**

- 15.13.0.5 Kjöttvinnslur með reykingu – miðlungs
- 15.51.0.0 Mjólkurbú og ostagerð
- 52.11.2.3 Matvöruverslanir með vinnslu – stórar
- 55.30.1.3 Matsölustaðir stórir
- 85.11.1.3 Sjúkrahús, stór með fullbúnu eldhúsi  
Annað sambærilegt

**11. flokkur kr. 95.700**

- 15.13.0.3 Kjöttvinnslur stórar
- 55.11.0.3 Hótel með veitingasölu – stór  
Annað sambærilegt

**12. flokkur kr. 107.300**

- 15.13.0.6 Kjöttvinnslur með reykingu – stórar
- 52.11.1.1 Stórmarkaðir með matvælavinnslu  
Annað sambærilegt

# REGLUGERÐ

## um aðgang að flugafgreiðslu á íslenskum flugvöllum.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um alla flugvelli sem eru opnir fyrir flugumferð í atvinnuskyni.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari merkir:

- a) „flugvöllur“: afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlaður er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri;
- b) „flugvallarkerfi“: tvo eða fleiri flugvelli sem til samans þjóna tiltekinni borg eða þéttbýlissvæði eins og um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, sbr. auglýsingu nr. 439/1994;
- c) „flugvallarstjórn“: aðila sem hefur það verksvið, jafnvel í tengslum við aðra starfsemi, samkvæmt innlendum lögum eða reglugerðum að annast umsýslu og stjórnun mannvirkja flugvallar og samræma og hafa eftirlit með starfsemi allra flugrekenda á flugvöllum eða í viðkomandi flugvallarkerfi;
- d) „flugvallarnotandi“: einstakling eða lögaðila sem stundar flutninga í lofti á farþegum, pósti og/eða farmi til eða frá viðkomandi flugvelli;
- e) „flugafgreiðsla“: þjónusta sem flugvallarnotendum er veitt á flugvöllum, eins og lýst er í viðaukanum;
- f) „eigin afgreiðsla“: þær aðstæður að notandi annast eigin flugafgreiðslu í einni eða fleiri myndum og gerir ekki samning af neinu tagi við þriðja aðila um þessa þjónustu. Í þessari skilgreiningu teljast flugvallarnotendur ekki þriðju aðilar ef:
  - a. annar á meirihlutaeign í hinum, eða
  - b. einn aðili á meirihlutaeign í báðum;
- g) „sá sem sér um flugafgreiðslu“: einstakling eða lögaðila sem sér um að veita þriðju aðilum flugafgreiðslu í einni eða fleiri myndum.

### II. KAFLI

#### Flugafgreiðsla þriðja aðila.

##### 3. gr.

##### *Frjáls aðgangur að markaði.*

Frá gildistöku reglugerðar þessarar skal flugvallarstjórn á flugvöllum sem eru opnir fyrir flugumferð í atvinnuskyni og þar sem árleg umferð nemur að minnsta kosti ferðum einnar milljónar farþega eða 35.000 tonnum af farmi tryggja þeim sem sjá um flugafgreiðslu frjálsan aðgang að markaðinum til að veita þriðja aðila þessa þjónustu.

Ef flugvöllur nær tilgreindu marki fyrir flutning farms án þess að ná samsvarandi marki fyrir ferðir farþega gilda ákvæði reglugerðarinnar ekki um þá flokka flugafgreiðslu sem miðast einungis við farþega.

## 4. gr.

*Takmörkunarheimildir.*

Flugvallarstjórn getur takmarkað fjölda þeirra sem hafa leyfi til að sjá um eftirfarandi flokka flugafgreiðslu:

- a. farangursafgreiðslu,
- b. hlaðafgreiðslu,
- c. afgreiðslu eldsneytis- og olíu,
- d. flutning á farmi og pósti milli flugstöðvar og loftfars, hvort sem um er að ræða farm sem er að koma, fara eða er í umflutningi.

Ekki má takmarka fjölda þeirra við færri en tvo fyrir hvern flokk flugafgreiðslu.

Að minnsta kosti einn af leyfishöfum flugafgreiðslu má hvorki vera beint eða óbeint undir stjórn:

- a. flugvallarstjórnar,
- b. flugvallarnotanda sem hefur flutt meira en 25% farþega eða farms sem skráð er á flugvellinum árinu áður en framangreindir leyfishafar flugafgreiðslu voru valdir,
- c. aðila sem beint eða óbeint stýrir eða er stýrt af flugvallarstjórn eða slíkum notanda.

Ef flugvallarstjórn takmarkar fjölda þeirra sem fá leyfi til að sjá um þjónustu skal tryggt að flugvallarnotandi, sama hvaða hluta flugvallarins hann hefur til ráðstöfunar, hafi val, fyrir hvern flokk flugafgreiðslu sem háður er takmörkunum, milli að minnsta kosti tveggja sem sjá um flugafgreiðslu.

## III. KAFLI

**Eigin afgreiðsla.**

## 5. gr.

*Meginreglur og takmarkanir.*

Frá gildistöku reglugerðar þessarar skal á flugvöllum sem eru opnir fyrir flugumferð í atvinnuskyni tryggja, óháð umferðarmagni, frelsi til að annast eigin afgreiðslu.

Á flugvöllum þar sem árleg umferð nemur ferðum fleiri en einnar milljónar farþega eða meira en 25.000 tonnum af farmi er flugvallarstjórn heimilt að takmarka heimild til að annast eigin afgreiðslu, þó ekki við færri en tvo flugvallarnotendur, að því er varðar eftirfarandi flokka flugafgreiðslu:

- a. farangursafgreiðslu,
- b. hlaðafgreiðslu,
- c. afgreiðslu eldsneytis- og olíu,
- d. flutning á farmi og pósti milli flugstöðvar og loftfars, hvort sem um er að ræða farm sem er að koma, fara eða er í umflutningi,

að því tilskildu að þeir séu valdir með aðferðum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismunar.

Nemi árleg umferð ferðum færri en einnar milljónar farþega eða minni en 25.000 tonnum af farmi er flugvallarstjórn heimilt að takmarka tilgreinda flokka flugafgreiðslu við einn flugvallarnotanda.

## 6. gr.

*Sérstök flugvallarmannvirki.*

Þrátt fyrir ákvæði 3.-6. gr. er flugvallarstjórn heimilt að afhenda öðrum aðila stjórn sérstakra flugvallarmannvirkja sem notuð eru við flugafgreiðslu og getur hún skyldað þá sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallarnotendur sem annast eigin afgreiðslu til að nota þessi mannvirki. Þetta á einkum við um mannvirki sem eru svo flókin, kostnaðarsöm eða hafa svo mikil umhverfisáhrif í för með sér að ekki er unnt að skipta þeim niður eða hafa



fleiri en eitt af þeim, svo sem stjórn farangursflokkanar, afísingar, vatnshreinsunar og eldsneytisdreifingar.

Stjórnun þessara mannvirkja skal vera gagnsæ, hlutlæg og án mismununar og má ekki hindra aðgang þeirra sem sjá um flugafgreiðslu eða flugvallarnotendur sem annast eigin afgreiðslu.

#### 7. gr.

##### *Undanþágur frá flugafgreiðslu.*

Ef takmarkað ráðstöfunarrými eða afkastageta á flugvelli, sem stafar einkum af þrengslum og nýtingu svæðisins, gera það ókleift að koma við eigin afgreiðslu að því marki sem kveðið er á um í þessari reglugerð getur flugvallarstjórn ákveðið:

- a) að takmarka fjölda þeirra sem sjá um einn eða fleiri flokka flugafgreiðslu, aðra en þá sem um getur í 1. mgr. 4. gr., á öllum flugvöllinum eða hluta hans;
- b) að láta aðeins einn aðila sjá um einn eða fleiri flokka flugafgreiðslu eins og um getur í 1. mgr. 4. gr.;
- c) að leyfa aðeins ákveðnum fjölda flugvallarnotenda að annast eigin afgreiðslu fyrir alla aðra flokka flugafgreiðslu en þá sem um getur í 2. mgr. 5. gr.;
- d) að banna eigin afgreiðslu eða takmarka hana við einn flugvallarnotanda fyrir þá flokka flugafgreiðslu sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

Ákveði flugvallarstjórn að veita undanþágu samkvæmt a-lið gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Undanþága samkvæmt c-lið verður aðeins veitt að því tilskildu að þessir notendur séu valdir með aðferðum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

Hyggist flugvallarstjórn veita undanþágu á grundvelli þessa ákvæðis skal hún tilkynna ráðherra þar um a.m.k. fjórum mánuðum áður en þær taka gildi og tilgreina rök fyrir þeim.

#### 8. gr.

##### *Skilyrði undanþágu.*

Sérhver undanþága samkvæmt 7. gr. skal:

- a) tilgreina flokk eða flokka flugafgreiðslu sem undanþágan nær til og þau vandamál í sambandi við ráðstöfunarrými eða afkastagetu svæðisins sem eru forsenda undanþágunnar;
- b) að fylgja áætlun um viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á þessum vandamálum.  
Að sama skapi mega undanþágurnar ekki:
  - a) grípa á ótilhlýðilegan hátt inn í markmið tilskipunar nr. 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins;
  - b) valda röskun á samkeppni milli þeirra sem sjá um flugafgreiðslu annarra og/eða flugvallarnotenda sem annast eigin afgreiðslu;
  - c) ná lengra en nauðsyn krefur.

#### 9. gr.

##### *Gildistími undanþágna.*

Undanþágur sem veittar eru samkvæmt a-, c- og d-liðum 1. mgr. 7. gr. mega ekki gilda lengur en þrjú ár. Eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok þess tíma skal flugvallarstjórn meta á ný þær undanþágur sem veittar hafa verið.

Undanþágur samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. mega ekki gilda lengur en tvö ár. Heimilt er á grundvelli ákvæða 1. mgr. 7. gr., að ákveða, að fengnu samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA að þessi frestur verði lengdur um önnur tvö ár í eitt skipti.

## IV. KAFLI

**Val þeirra sem sjá um þjónustu.**

## 10. gr.

*Meginreglur.*

Í þeim tilvikum þar sem sett eru takmörk fyrir fjölda þeirra er veita þjónustu, sbr. 4. og 7. gr., skal val þeirra fara fram á grunni reglna samkvæmt 11. og 12. gr. reglugerðarinnar.

Flugvallarstjórn er heimilt undir þessum kringumstæðum og að höfðu samráði við nefnd flugvallarnotenda samkvæmt 16. gr. að setja stöðluð skilyrði eða tækniforskriftir sem þeir sem sjá um flugafgreiðslu skulu uppfylla. Þær valaðferðir sem mælt er fyrir um í þessum skilyrðum eða forskriftum skulu vera viðeigandi, hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

Ráðherra er heimilt í þessum skilyrðum eða forskriftum að mæla fyrir um skyldu um opinbera þjónustu sem þeir sem sjá um flugafgreiðsluna skulu uppfylla á flugvöllum sem þjóna jaðarsvæðum eða þróunarsvæðum og hafa ekki viðskiptalega þýðingu.

## 11. gr.

*Útboð.*

Flugvallarstjórn skal sjá til að útboð fari fram og skal boð um að gera tilboð lagt fram og birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna. Skulu allir þeir sem áhuga hafa og sjá um flugafgreiðslu eiga þess kost að svara boðinu.

## 12. gr.

*Samráð.*

Þeir sem sjá um flugafgreiðslu skulu valdir eftir að flugvallarstjórn hefur haft samráð við nefnd flugvallarnotenda, sbr. þó 2. mgr.

Þjóði flugvallarstjórn fram svipaða flugafgreiðslu eða stjórnar beint eða óbeint fyrir-tæki sem veitir slíka þjónustu eða eigi ítök í slíku fyrirtæki skulu þeir sem sjá um flugafgreiðslu valdir af ráðherra að höfðu samráði við nefnd flugvallarnotenda samkvæmt 16. gr. og flugvallarstjórn.

Þeir sem sjá um flugafgreiðslu skulu valdir til sjö ára í mesta lagi.

Hætti aðili sem sér um flugafgreiðslu starfsemi sinni fyrir lok tímabilsins sem hann var valinn til skal nefna annan í hans stað með sömu aðferð.

## 13. gr.

*Undanþága frá valaðferð.*

Ef fjöldi þeirra sem sér um flugafgreiðslu er takmarkaður í samræmi við 2. mgr. 4. gr. eða 7.-9. gr. er flugvallarstjórn heimilt að sjá um flugafgreiðsluna sjálf án þess að valaðferðinni sem mælt er fyrir um í 10.-12. gr. sé beitt.

Á sama hátt getur flugvallarstjórn heimilað fyrirtæki að sjá um flugafgreiðslu á viðkomandi flugvelli án þess að valaðferðinni sé beitt í neðangreindum tilvikum:

- a. ef hún stjórnar fyrirtækinu beint eða óbeint; eða
- b. ef fyrirtækið stjórnar henni beint eða óbeint.

## 14. gr.

*Tilkynning ákvarðana.*

Flugvallarstjórn skal tilkynna nefnd flugvallarnotenda um ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt 10.-13. gr.

## 15. gr.

*Samráð um flugafgreiðslu.*

Flugvallarstjórn skal a.m.k. einu sinni á ári eiga samráð um flugafgreiðsluna við nefnd flugvallarnotenda og fyrirtæki sem sjá um flugafgreiðslu. Þetta samráð skal meðal annars ná til verðs á þeirri flugafgreiðslu sem fengist hefur undanþága fyrir samkvæmt b-lið 1. mgr. 7. gr. og til skipulagningar á þessari þjónustu.

## 16. gr.

*Nefnd flugvallarnotenda.*

Flugvallarstjórn skal, fyrir hvern flugvöll sem um ræðir, stofna nefnd fulltrúa flugvallarnotenda eða fulltrúasamtaka þeirra.

Hver flugvallarnotandi á rétt á að sitja í þessari nefnd eða láta samtök koma þar fram fyrir sína hönd.

## 17. gr.

*Verklagsreglur.*

Heimilt er að setja reglur fyrir þá sem sjá um flugafgreiðslu eða notendur sem annast eigin afgreiðslu með það að markmiði að tryggja að rekstur flugvallarins sé sem hagkvæmastur.

Þessar reglur verða að samræmast eftirfarandi meginatriðum:

- a) það verður að beita þeim án mismununar gagnvart öllum þeim sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallarnotendum;
- b) þær skulu tilgreina það markmið sem ætlunin er að ná;
- c) þær mega á engan hátt leiða til þess í reynd að markaðsaðgangur eða frelsi til að annast eigin afgreiðslu verði í raun minni en reglugerð þessi segir til um.

## 18. gr.

*Bann við afgreiðslu.*

Flugvallarstjórn er heimilt að banna aðila sem sér um flugafgreiðslu eða flugvallarnotanda sem annast eigin afgreiðslu að sjá um flugafgreiðslu eða eigin afgreiðslu ef sá aðili eða notandi fer ekki eftir reglunum sem honum er gert að fylgja til að tryggja að rekstur flugvallarins sé sem hagkvæmastur.

## 19. gr.

*Aðgangur að aðstöðu.*

Flugvallarstjórn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallarnotendur sem hafa hug á að annast eigin afgreiðslu hafi aðgang að flugvallaraðstöðu eins og þeir þurfa starfsemi sinnar vegna.

Ef sett eru skilyrði fyrir þessum aðgangi verða skilyrðin að vera viðeigandi, hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.

Það rými sem er til ráðstöfunar fyrir flugafgreiðslu skal skiptast á milli allra þeirra sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallarnotenda sem annast eigin afgreiðslu, þar með taldir þeir sem eru að hasla sér völl á þessu sviði, að því marki sem nauðsynlegt er til að þeir geti nýtt sér réttindi sín og til að tryggja skilvirka og réttmæta samkeppni á grundvelli reglna og viðmiða sem eru viðeigandi hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.

Ef greiða þarf fyrir aðgang að flugvallaraðstöðu skal ákveða gjöldin samkvæmt viðmiðum sem eru viðeigandi, hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.

## 20. gr.

*Öryggi og flugvernd.*

Ákvæði reglugerðar þessarar hafa engin áhrif á réttindi og skyldur aðila er snerta lög og reglu, öryggi og vernd á flugvöllum.

## 21. gr.

*Aðskilið bókhald.*

Sá sem annast flugafgreiðslu, hvort sem það er, flugvallarnotandi eða annar aðili, skal halda bókhaldi yfir flugafgreiðslu skýrt aðgreindu frá bókhaldi yfir aðra starfsemi, í samræmi við ríkjandi viðskiptavenjur.

## 22. gr.

*Keflavíkurflugvöllur.*

Með vísan til laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. og samkvæmt 10. tl. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, með síðari breytingum, fer flugvallarstjórn á Keflavíkurflugvelli með ákvörðunarvald að því er varðar Keflavíkurflugvöll, sem flugvallarstjórnnum er falið samkvæmt reglugerð þessari.

## 23. gr.

*Stjórnsýslukæra.*

Ákvarðanir flugvallarstjórna eru kærarlegar til samgönguráðherra.

Með vísan til 22. gr. sæta ákvarðanir flugvallarstjórnar á Keflavíkurflugvelli kæru til utanríkisráðherra.

Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## 24. gr.

*Tilvísun.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 145. gr. loftferðalaga nr. 60/1998 til innleiðingar á tilskipun ráðsins (EB) nr. 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins, sem vísað er til í 64. lið v XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2000.

## 25. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 19. mars 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Jóhann Guðmundsson.*

VIÐAUKI  
Skrá yfir flugafgreiðsluþjónustu.

1. Í umsýslu og yfirumsjón með flugafgreiðslu felst:
  - 1.1. fyrirvar fyrir og samskipti við staðaryfirvöld eða aðra aðila, greiðsla útgjalda fyrir hönd flugvallarnotanda og útvegum skrifstofuhúsnæðis fyrir fulltrúa hans;
  - 1.2. eftirlit með hleðslu og affermingu og boðskipti;
  - 1.3. afgreiðsla, geymsla og umsýsla einingahleðslutækja;
  - 1.4. öll önnur eftirlitsþjónusta fyrir flug, meðan á flugi stendur og að flugi loknu og önnur umsýsluþjónusta sem flugvallarnotandi óskar eftir.
2. Farþegaafgreiðsla felur í sér alla aðstoð við komu-, brottfarar-, framhalds- eða áning-arfarþega, þar með talið að skoða farseðla og ferðaskjöl, skrá farangur og flytja hann á flokkunarsvæðið.
3. Farangursafgreiðsla felur í sér afgreiðslu farangurs á flokkunarsvæðinu, flokkun og undirbúning hans fyrir brottför, að setja hann á og taka hann af búnaði sem flytur hann frá flugvélinni til flokkunarsvæðisins og öfugt, svo og að flytja farangur frá flokkunarsvæðinu yfir á afhendingarsvæðið.
4. Farm- og póstaafgreiðsla felur í sér:
  - 4.1. farmur: afgreiðslu útflutnings-, umskipunar- og innflutningsfarms, afgreiðslu skjala því tengd, tollmeðferð og öryggisráðstafanir sem viðkomandi aðilar hafa komið sér saman um eða aðstæður útheimta;
  - 4.2. póstur: afgreiðslu pósts sem er að koma eða fara, afgreiðslu skjala því tengd og öryggisráðstafanir sem viðkomandi aðilar hafa komið sér saman um eða aðstæður útheimta.
5. Hlaðafgreiðsla felur í sér:
  - 5.1. akstursstjórn loftfars við komu og brottför<sup>(\*)</sup>;
  - 5.2. aðstoð við að koma loftfari á stæði og útvegum viðeigandi búnaðar<sup>(\*)</sup>;
  - 5.3. boðskipti milli loftfars og þess sem sér um þjónustu á flugsvæðinu;
  - 5.4. hleðslu og affermingu loftfars, þar með talið útvegum og starfræksla viðeigandi búnaðar og flutningur farþega milli loftfars og flugstöðvar og flutningur farangurs milli loftfars og flugstöðvar;
  - 5.5. útvegum og starfrækslu viðeigandi búnaðar fyrir gangsetningu hreyfla;
  - 5.6. tilfærslu loftfars við komu og brottför, auk þess að útvega og starfrækja viðeigandi búnað;
  - 5.7. flutning til eða frá loftfari og hleðslu eða affermingu loftfars með tilliti til matar og drykkja.
6. Loftfaraafgreiðsla felur í sér:
  - 6.1. hreingerningu loftfara að utan og innan og tæmingu salerna og áfyllingu vatns;
  - 6.2. loftkælingu og upphitun farþegarýmis í loftfari, að hreinsa snjó og ís af loftfari og afísa það;
  - 6.3. að búa vistarverur út með viðeigandi búnaði og geymsla þessa búnaðar.
7. Afgreiðsla eldsneytis og olíu felur í sér:

<sup>(\*)</sup> Að því tilskildu að flugumferðarþjónustan veiti ekki þessa þjónustu.

- 7.1. að skipuleggja og sjá um áfyllingu og aftöppun eldsneytis, þar með talið að geyma eldsneyti og hafa eftirlit með gæðum og magni þess eldsneytis sem látið er í té;
- 7.2. áfyllingu olíu og annars vökva.
8. Viðhald loftfars felur í sér:
  - 8.1. reglubundna þjónustu fyrir flug;
  - 8.2. sérstaka þjónustu sem flugvallarnotandi fer fram á;
  - 8.3. að útvega og sjá um varahluti og efni til viðgerða;
  - 8.4. ósk um eða pöntun á viðeigandi loftfarsstæði og/eða rými í flugskýli.
9. Flugumsjón og umsýsla vegna flugáhafna felur í sér:
  - 9.1. undirbúning flugs á brottfararflugvelli eða öðrum stað;
  - 9.2. aðstoð í flugi, þar með talið breyting á flugáætlun, ef þörf krefur;
  - 9.3. starfsemi að flugi loknu;
  - 9.4. umsýslu vegna flugáhafna.
10. Flutningur á jörðu niðri felur í sér:
  - 10.1. flutning flugáhafnar, farþega, farangurs, farms og pósts milli flugstöðvarbygginga á sama flugvelli en ekki flutning milli loftfars og annars staðar á sama flugvelli;
  - 10.2. allan sérflutning sem flugvallarnotandi fer fram á.
11. Flugvistþjónusta felur í sér:
  - 11.1. samskipti við birgi og umsýslustjórn;
  - 11.2. geymslu matar og drykkja og búnaðar til tilreiðslu þeirra;
  - 11.3. þvott þessa búnaðar;
  - 11.4. undirbúning og afhendingu búnaðar sem og matar- og drykkjarfanga.

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag Lónsár.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Lónsár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lónsá, Þórshafnarhreppi, en þær eru: Sauðanes, Ytra-Lón, Eldjárnstaðir, Grund og Ássel, allar í Þórshafnarhreppi.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Veiðifélagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig eru verkefni félagsins að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum.

## 10. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið á stofnfundi Veiðifélags Lónsár og hlotið hefur meðmæli veiðimálastjóra og veiðimálanefndar er sett með heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum. Samþykktin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Seltjarnarnesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur verið ákveðið að leyfilegur hámarkshraði á Seltjarnarnesi verði sem hér segir:

1. Á Norðurströnd og Suðurströnd, að Nesbala, verði hámarkshraði 60 km/klst.
2. Á Lindarbraut, Nesvegi og vegi í Suðurnes, frá Nesbala, verði hámarkshraði 50 km/klst.
3. Á öðrum götum bæjarins verði hámarkshraði 30 km/klst.

Ofangreind ákvörðun tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. mars 2002.*

**Böðvar Bragason.**

14. mars 2002

Nr. 266

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Að bönnuð verði umferð vörubifreiða, vöruflutningabifreiða og vinnuvéla á Skólabraut, á vegarkafla Kirkjubrautar neðan Merkigerðis, á vegarkafla Vesturgötu milli Bakka-túns og Merkigerðis og á vegarkafla Suðurgötu milli Akratorgs og Hafnarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Sýslumaðurinn á Akranesi, 14. mars 2002.*

**Ólafur P. Hauksson.**

19. mars 2002

Nr. 267

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Laufskála, íbúðahúsalóðir, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 20. desember 2001 samþykkt deiliskipulag Laufskála, íbúðahúsalóða, Hellu, Rangárvallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til lóða númer 9-15 og 12-18 við Laufskála. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 19. mars 2002.*

F.h. hreppsnefndar,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.



## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps.

Með vísan til 2. mgr. 91. gr. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 18. mars 2002 staðfest sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar hinna þriggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar sem áður skal auglýsa eftir hugmyndum að nafni. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. mars 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um nafn sameinaðs sveitarfélags í austanverðu umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem verður til við sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps, sbr. auglýsingu nr. 131/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Rangárþing eystra og tekur sameiningin gildi hinn 9. júní 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. mars 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Bárðdælahrepps, Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 19. mars 2002 staðfest sameiningu Bárðdælahrepps, Hálshrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdælahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.

Íbúar hinna fjögurra sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna lagningu ökutækja við hús nr. 19-21 við Ofanleiti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. apríl 2002.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 21. mars 2002.*

**Böðvar Bragason.**

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð, nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:  
Staðgreiðslufé og tryggingagjaldi ber að skila inn á reikning ríkissjóðs nr. 25009 hjá Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. mars 2002.*

F. h. r.

**Pórhallur Arason.**

*Erla Pétursdóttir.*

## SAMPYKKT

### um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Mýrdalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

## 6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Mýrdalshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

## II. KAFLI

## Um fundarsköp sveitarstjórnar.

## 7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi, að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði. Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal ákveðið hvar og hvenær fundnir eru haldnir. Heimilt er að fella niður sveitarstjórnarfundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

## 8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

## 9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

## 10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggunn hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

## 11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnamaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnamaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnamenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

#### 12. gr.

Sveitarstjóri skal að jafnaði hafa sent sveitarstjórnamönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

#### 13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

#### 14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnamönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

#### 15. gr.

Sá sveitarstjórnamaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnamanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnamanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnamenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

#### 16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnamanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

## 17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

## 18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

## 19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

## 20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjóri ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

## 21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlunir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Arsreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlunir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlunir og skipulags- og framkvæmdaáætlunir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

### 23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

### 24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

### 25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

### 26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

## 27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskráartillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

## 28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

## 29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

## 30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

## 31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.



## 32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

## III. KAFLI

**Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

## 33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

## 35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

## 36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

## 37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

## 38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

## 39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

## 40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

## 41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

## 42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

#### IV. KAFLI

### Nefndir, ráð og stjórnir.

#### 43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

#### 44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

#### 45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

#### 46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

#### 47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

#### 48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

#### 49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

#### 50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórn.

## 51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum er kosið í eftirtaldar nefndir sem sinna lögboðnum verkefnum og faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af sveitarstjórn með erindisbréfum. Að öðru jöfnu kýs sveitarstjórn nefndum formann nema í þeim nefndum sem eru sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum.
1. *Almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962. Sveitarstjórn getur ákveðið með heimild dómsmálaráðherra að hafa samstarf um almannavarnir við nágrannasveitarfélög samkvæmt nánara samkomulagi þar um.
  2. *Skólanefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Skólanefnd eru falin verkefni skólanefndar grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, leikskólanefndar skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og skólanefndar tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
  3. *Félagsmálanefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer með, auk verkefna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, umsjón með daggæslu í heimahúsum og annast málefni fatlaðra og aldraðra, jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Nefndin gerir jafnframt tillögur um stefnu Mýrdalshrepps í vímuefnavörnum.  
Sveitarstjórn getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi þar um. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
  4. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer með ferlimál fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem skipulags- og byggingarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
  5. *Menningarmálanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með menningarmál samkvæmt erindisbréfi. Einnig fer nefndin með stjórn héraðsbókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
  6. *Náttúruverndarnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Náttúruverndarnefnd skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndar- og umhverfismál. Nefndin skal stuðla að náttúruvernd og úrbótum í umhverfismálum í sveitarfélaginu, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til að hafa áhrif á náttúruverndar- og umhverfismál og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
  7. *Fjallskilanefnd/-nefndir.* Sveitarstjórn kýs þrjá til sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 3. gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu nr. 174/1992. Sveitarstjórn getur ákveðið fjölda fjallskilanefnda, í samræmi við fjölda fjallskiladeilda. Sveitarstjórn getur falið fjallskilanefnd/-nefndum ýmis verkefni með erindisbréfum.
  8. *Kjörstjórn.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
- B. **Samstarfsnefndir og stjórnir.** Hér er um að ræða samstarfsnefndir og stjórnir stofn-

ana með sjálfstæðan fjárhag sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu sveitarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar eða samkvæmt ákvörðun hennar í hverju tilfelli.

1. *Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellinga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps kýs tvo eða þrjá fulltrúa í nefndina samkvæmt samþykktum héraðsnefndar.
  2. *Barnaverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps kýs tvo eða þrjá fulltrúa í nefndina samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu þar um.
  3. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Sveitarstjórn tilnefnir einn aðalmanng og annan til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
  4. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórn skipar einn aðalmanng og annan til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- C. **Fulltrúar á ársþing, ársfundi og landsþing**. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa á þing, í nefndir, stjórnir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Vestur-Skaftafellssýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.
- D. **Lögbundin kosning embættismanna**. Samkvæmt lögum ber sveitarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Búfjárefntirlitsmenn*. Samkvæmt 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991. Fjöldi búfjárefntirlitsmanna fer eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.
  2. *Skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélagsins*. Sveitarstjórn kýs tvo skoðunarmenn ársreikninga og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til loka kjörtímabils hennar.
- E. **Verkefnabundnar nefndir**. Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Sveitarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

## V. KAFLI

### Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

#### 52. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

#### 53. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjórnunum er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

54. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

## VI. KAFLI

### Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

## 60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

## 61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

## 62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 26. mars 2002.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka í Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka á fundi sínum 14. febrúar 2002.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreitum. Raðhúsalóðir við Öldubakka breytast í parhúsalóðir. Við Gilsbakka 8, 10 og 23 má byggja parhús eða einbýlishús. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 9. september 1999.

*Hvolsvelli, 25. mars 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

**Hrafn Jóhannsson** byggingarfulltrúi.

# REGLUGERÐ

## um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um hvers konar afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera til dæmis vegna kennslu, rannsókna, þróunar, framleiðslu og geymslu, svo og um rannsóknastofur og athafnasvæði. Jafnframt gildir reglugerðin um eftirlit með ofangreindri starfsemi. Um aðbúnað á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 764/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

Reglugerðin gildir ekki um geymslu, ræktun, flutning, eyðingu, förgun eða notkun erfðabreyttra örvera sem hafa verið markaðssettar í samræmi við reglugerð nr. 493/1997 um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Reglugerðin gildir ekki heldur um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera sem vitað er að hvorki eru heilsuspillandi né skaðlegar umhverfinu, uppfylla skilyrði sem fram koma í viðauka 2, A-hluta, og eru á skrá sem er að finna í B- og C-hluta viðauka 2.

##### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra örvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra örvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda þessi:

*Afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera* táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í örverum er breytt eða þegar erfðabreyttar örverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar örverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

*Erfðabreyttar örverur* eru allar örverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun. Undir þetta falla þær örverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt með þeirri tækni sem greint er frá í A-hluta viðauka 1 með reglugerð þessari. Örverur sem hefur verið breytt með aðferðum sem fram koma í B-hluta viðauka 1 kallast ekki erfðabreyttar örverur.

*Notandi* er sérhver einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á starfsemi með afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera.

*Slys* er sérhvert það tilvik þegar erfðabreyttar örverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu þegar í stað eða síðar.

*Tilkynning* er afhending skjala með tilskildum upplýsingum varðandi afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera samkvæmt reglugerð þessari.

*Örverur* eru allar örverufræðilegar einingar hvort sem um er að ræða frumur eða aðrar einingar sem eru færar um eftirmyndun eða flutning erfðaefnis, þ. á m. veirur, veirungar og dýra- og plöntufrumur í ræktum.



## II. KAFLI

### Áhættumat og flokkun.

#### 4. gr.

##### *Áhættumat.*

Notandi skal tryggja að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir að afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera geti haft í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið. Í því skyni skal notandi meta fyrirfram þá hættu sem hin afmarkaða notkun getur haft í för með sér fyrir heilsu manna, dýra eða plantna og umhverfið. Notandi skal framkvæma áhættumat, sem skal vera í hans vörslu og þar skulu tilgreindar þær upplýsingar sem greint er frá í A- og B-hluta viðauka 3. Áhættumatið skal leiða til endanlegrar flokkunar starfseminnar í einhvern af þeim fjórum flokkum sem greint er frá í 5. gr. í því skyni að ákvarða viðeigandi afmörkunarráðstafanir. Við gerð áhættumats skal sérstaklega hugað að förgun frárennslisvatns og úrgangs og sé þess þörf skulu gerðar öryggisráðstafanir til að tryggja heilsu manna og umhverfið.

Notandi skal halda skrá um áhættumat og skal hún fylgja umsóknum um starfsemi af flokki 2, 3 og 4 og vera aðgengileg fyrir Hollustuvernd ríkisins þegar um er að ræða tilkynningar um starfsemi af flokki 1 sé þess óskað.

#### 5. gr.

##### *Flokkun á afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera.*

Starfsemi með erfðabreyttar örverur skal flokkast sem hér segir:

*Flokkur 1:* Starfsemi sem engin eða óveruleg áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkunarráðstafanir af afmörkunarflokki 1 duga til að vernda heilsu manna og umhverfið.

*Flokkur 2:* Starfsemi sem lítil áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkunarráðstafanir af afmörkunarflokki 2 duga til að vernda heilsu manna og umhverfið.

*Flokkur 3:* Starfsemi sem nokkur áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkunarráðstafanir af afmörkunarflokki 3 duga til að vernda heilsu manna og umhverfið.

*Flokkur 4:* Starfsemi sem mikil áhætta fylgir, þ.e. starfsemi þar sem afmörkunarráðstafanir af afmörkunarflokki 4 duga til að vernda heilsu manna og umhverfið.

Leiki vafi á í hvaða flokk fyrirhuguð starfsemi skal flokkast ber að velja hæsta mögulega flokk þar til næg rök liggja fyrir sem réttlæta lægri flokkun.

## III. KAFLI

### Stjórnsýsla og eftirlit.

#### 6. gr.

##### *Eftirlitsaðilar og leyfisveitingar.*

Hollustuvernd ríkisins fjallar um umsóknir, samþykkingar flokkun og veitir leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil eða binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur stofnunin í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, takmarkað eða fyrirskipað bann við notkun erfðabreyttra örvera með því að afturkalla leyfi sem hún hefur veitt.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi starfsmanna við þá starfsemi sem fellur undir reglugerðina, þ.m.t. að farið sé eftir þeim reglum sem settar eru fram í 2. mgr. 12. gr. svo og ákvæðum viðauka 4 eftir því sem við á. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með meðferð úrgangs og frárennslis.

## 7. gr.

*Framkvæmd eftirlits.*

Hollustuvernd ríkisins tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um tilkynningar sem stofnunin samþykkir svo og leyfi sem hún veitir.

Eftirlit með afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera skal fara fram reglulega, og aldrei sjaldnar en árlega þegar um er að ræða starfsemi í flokki 3 og 4 en annað hvert ár þegar um er að ræða starfsemi í flokki 1 og 2. Við eftirlit skal þess einkum gætt að það svæði, sem afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera fer fram á, uppfylli öryggiskröfur um útbúnað og annað sem varðar notkunina. Þá skal sá sem er ábyrgur fyrir starfseminni hafa sérfræðibekkingu á því sviði sem varðar hina afmörkuðu notkun og sjá til þess að henni sé beitt.

Eftirlitsaðili skal ljúka gerð eftirlitsskýrslu og senda hana notanda og Hollustuvernd ríkisins innan 60 daga frá því eftirlit fór fram.

## IV. KAFLI

**Tilkynningar, umsóknir og hvenær hefja má starfsemi.**

## 8. gr.

*Tilkynningar og umsóknir.*

Tilkynningar og umsóknir um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera skulu sendar Hollustuvernd ríkisins og skulu upplýsingar sem fylgja tilkynningum eða umsóknum vera í samræmi við viðauka 5. Með umsóknum skal fylgja útdráttur úr áhættumati, en Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fara fram á að umsækjandi leggi fram ítarlega greinargerð telji stofnunin hættu á að erfðabreyttar örverur sleppi út í umhverfið.

Umsækjanda er skylt að upplýsa stofnunina um allt það sem máli skiptir varðandi umfjöllun um umsóknina og láta í té allar upplýsingar sem hann kann að komast yfir á meðan umsóknin er til umfjöllunar.

Hollustuvernd ríkisins getur óskað eftir frekari upplýsingum telji hún það nauðsynlegt til að meta hugsanlega áhættu af starfseminni.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega um viðtöku umsóknar. Greiða skal sérstakt gjald vegna meðferðar tilkynninga/umsókna samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins og skal greiðsla innt af hendi við afhendingu umsóknar. Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna eða úttekta vegna umsóknarinnar, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

## 9. gr.

*Notkun aðstöðu eða búnaðar í fyrsta sinn.*

Þegar taka skal rannsóknastofu eða athafnasvæði í notkun í fyrsta sinn vegna afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur skal senda Hollustuvernd ríkisins umsókn þess efnis þar sem fram koma a.m.k. þær upplýsingar sem krafist er í viðauka 5, A-hluta. Hollustuvernd ríkisins hefur samráð við Vinnueftirlit ríkisins.

Þegar sótt er í fyrsta sinn um leyfi til starfsemi af flokki 2 skulu fylgja umsókninni þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt viðauka 5, B-hluta.

Þegar sótt er í fyrsta sinn um leyfi til starfsemi af flokki 3 eða 4 skulu fylgja umsókninni upplýsingar í samræmi við viðauka 5, C-hluta.

## 10. gr.

*Hvenær hefja má starfsemi.*

Heimilt er að hefja starfsemi í flokki 1 eftir að tilkynning hefur verið send Hollustuvernd ríkisins og hafi leyfi verið veitt.

Notandi skal halda skrá yfir áhættumat og skal hún aðgengileg fyrir Hollustuvernd ríkisins sé þess óskað.

Hafi áður verið sótt um leyfi til starfsemi af flokki 2, 3 eða 4 á rannsóknastofu eða athafnasvæði og settum skilyrði fyrir leyfisveitingu verið fullnægt má hefja starfsemi af flokki 2 eftir að tilkynning þess efnis hefur verið send Hollustuvernd ríkisins. Umsækjandi getur þó farið fram á að stofnunin veiti formlegt leyfi til starfseminnar og skal umsóknin afgreidd innan 45 daga frá því að stofnuninni barst umsóknin. Sé um að ræða fyrstu umsókn um leyfi til starfsemi af flokki 2 á rannsóknastofu eða athafnasvæði má hefja starfsemi 45 dögum eftir að umsókn var send Hollustuvernd ríkisins hafi stofnunin ekki gert athugasemdir. Heimilt er að hefja starfsemi fyrr með samþykki stofnunarinnar.

Óheimilt er að hefja starfsemi af flokki 3 eða 4 án skriflegs samþykkis Hollustuverndar ríkisins. Stofnuninni ber að svara umsóknum um starfsemi af flokki 3 og 4 innan 90 daga frá því hún veitti umsókninni viðtöku sé um fyrstu umsókn að ræða og innan 45 daga hafi áður verið veitt leyfi til skyldrar starfsemi á viðkomandi rannsóknastofu eða athafnasvæði.

Frestir skv. 2. og 3. mgr. gilda ekki um þann tíma sem það tekur Hollustuvernd ríkisins að afla upplýsinga sem skylt er að geta í umsókninni en hafa ekki komið fram. Hið sama gildir um þann tíma sem tekur að leita samráðs við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar þegar slíkt er talið eiga við, sbr. 18. gr. Stofnunin skal tilkynna umsækjanda skriflega um framlengdan frest.

## 11. gr.

*Meðferð umsókna.*

Hollustuvernd ríkisins skal ganga úr skugga um að umsóknir samræmist kröfum reglugerðar þessarar, að upplýsingarnar séu nákvæmar og ítarlegar, að flokkun sé rétt og þar sem við á, að losun úrgangsefna, öryggi og ráðstöfunum um viðbrögð í neyðartilfellum sé í engu ábótavant. Sérhver umsókn um afmarkaða starfsemi af flokki 3 og 4 skal fá þá umfjöllun sem hæfir eðli hinnar fyrirhuguðu starfsemi og skal Hollustuvernd ríkisins leita álits sérfræðistofnana á því sviði sem við á í hverju tilviki.

Beri nauðsyn til að mati Hollustuverndar ríkisins er stofnuninni heimilt að krefja umsækjanda um frekari upplýsingar eða breyta aðstæðum eða flokkun. Í slíkum tilfellum getur stofnunin farið fram á að fyrirhugaðri starfsemi verði frestað eða starfsemi sem þegar er hafin verði stöðvuð þar til nýjar upplýsingar hafa verið metnar eða aðstæðum breytt. Einnig getur stofnunin sett starfseminni tímamörk eða sett sérstök skilyrði um eftirlit.

Leita skal umsagnar ráðgjafanefndar, sem skipuð er í samræmi við 6. gr. laga nr. 18/1996, áður er leyfi er veitt fyrir starfsemi í flokki 2, 3 og 4.

## V. KAFLI

**Öryggisráðstafanir.**

## 12. gr.

*Öryggisráðstafanir.*

Notandi skal beita almennum meginreglum og viðeigandi afmörkunarráðstöfunum og öðrum varúðarreglum, sem lýst er í viðaukum 3 og 4 og samsvara viðkomandi flokki afmarkaðrar notkunar, til þess að ná fram hámarksöryggi og til að halda mengun á rannsóknastofu eða athafnasvæði af völdum erfðabreyttra örvera í lágmarki.

Afmörkun má einnig ná fram með góðu verklagi, þjálfun, útbúnaði til afmörkunar

og/eða erfðafræðilegum aðferðum. Við alla afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera skal viðhafa viðteknar starfsvenjur og varúðarráðstafanir sem almennt gilda um vinnu með örverur. Eftirfarandi reglur skulu gilda um öryggi og hollustu á vinnustöðum:

- (i) Halda skal mengun af völdum eðlis-, efna- og líffræðilegra mengunarvalda í umhverfi eins lítilli og mögulegt er;
- (ii) nota skal mengunarvarnarbúnað þar sem mengunin á upptök sín og leggja að auki til hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf;
- (iii) framkvæma skal viðeigandi prófanir og viðhald á varnarbúnaði og tækjum;
- (iv) kanna skal eftir þörfum hvort erfðabreyttar örverur finnast utan þess afmarkaða svæðis þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra örvera fer fram;
- (v) sjá skal til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun;
- (vi) stofna skal öryggisnefndir og undirnefndir um líffræðileg efni ef þörf krefur;
- (vii) setja skal og framfylgja reglum sem gilda um öryggi á vinnustöðum á hverjum stað;
- (viii) setja skal upp skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga þar sem við á;
- (ix) sjá skal starfsfólki fyrir fullnægjandi þvottaaðstöðu;
- (x) halda skal fullnægjandi vinnudagbækur;
- (xi) á rannsóknastofu skal bannað að neyta matar, drykkjar og tóbaks, snyrta sig og geyma matvæli;
- (xii) bannað skal að pípettera með munninum;
- (xiii) hengja skal upp vinnulýsingu, eftir því sem við á, til að tryggja öryggi starfsfólks;
- (xiv) setja skal upp sóttþreinsibúnað og lýsingar á sérstökum sóttþreinsiaðferðum sem farið skal eftir þegar erfðabreyttar örverur hellast niður fyrir slysi;
- (xv) örugg geymsluaðstaða fyrir óhrein áhöld og menguð efni þar sem við á skal vera til staðar.

### 13. gr.

#### *Endurskoðun afmörkunarráðstafana.*

Notandi skal koma upp innra eftirliti með starfsemi og endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hún fari fram í afmörkuðu rými. Í því skyni skal hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni. Sama gildir um eftirlit með úrgangi, geymslu, meðferð og losun.

### 14. gr.

#### *Vinnudagbækur.*

Notandi skal færa sérstaka vinnudagbók. Hollustuvernd ríkisins getur ákveðið hvaða upplýsingar skulu skráðar í vinnudagbókina og skal hún vera tiltæk stofnuninni og öðrum eftirlitsaðilum sé þess óskað.

### 15. gr.

#### *Neyðaráætlun.*

Áður en starfsemi hefst skal notandi semja neyðaráætlun fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera vegna misbrests á afmörkunarráðstöfunum sem gæti haft alvarlega hættu í för með sér fyrir fólk utan athafnasvæðisins og/eða umhverfið, nema slík neyðaráætlun hafi þegar verið samin samkvæmt lögum eða reglugerðum. Neyðaráætlunin skal vera skrifleg, hún skal kynnt hlutaðeigandi aðilum og þar skal koma fram hvers eðlis hættan er.

Hollustuvernd ríkisins skal tryggja að þeir aðilar og yfirvöld sem kunna að verða fyrir áhrifum af slysi fái upplýsingar með í samræmi við reglugerð þessa og óumbeðið um neyðaráætlun og viðeigandi öryggisráðstafanir.

Upplýsingarnar skulu veittar ítrekað og endurskoðaðar með reglulegu millibili. Þær skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi hjá stofnuninni.

## 16. gr.

*Slys.*

Verði slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera ber notanda að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins og annarra, sem eftirlit kann að verða falið, þ.m.t. Vinnueftirlit ríkisins. Auk þess skal notandi veita eftirtaldar upplýsingar um:

- (a) tildrög slyssins;
- (b) tegund og magn erfðabreyttra örvera sem sloppið hafa út;
- (c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- (d) neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur fengið upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. ber henni að tryggja að gerðar séu neyðarráðstafanir og ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma og að öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem gætu orðið fyrir áhrifum af völdum slyssins, verði gert viðvart. Auk þess ber stofnuninni að hafa samráð við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem líklegt er að verði fyrir áhrifum ef slys ber að höndum, um fyrirhugaða framkvæmd neyðaráætlana og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA jafnskjótt og auðið er um slys sem fellur undir þessa reglugerð og greina frá tildrögum þess, auðkennum, magni erfðabreyttra örvera, gagnráðstöfunum sem gerðar hafa verið og hvernig þær hafa reynst. Þá ber stofnuninni að gera úttekt á slysinu og tillögur um hvernig draga megi úr áhrifum þess og varast slík slys í framtíðinni.

## 17. gr.

*Breyttar aðstæður.*

Komi fram nýjar upplýsingar eða önnur atriði sem máli skipta eða breyta afmarkaðri notkun á einhvern þann hátt sem getur verulega aukið áhættuna sem henni fylgir, skal notandi tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal tilkynna notanda skriflega eins fljótt og kostur er hvort afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort hann skuli breyta umsókn/tilkynningu í samræmi við kröfur stofnunarinnar. Sama á við ef breytt er flokkun þeirra erfðabreyttu örvera sem eru í notkun.

Komist Hollustuvernd ríkisins síðar yfir upplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á áhættuna sem fylgir hinni afmörkuðu notkun, er henni heimilt að krefjast þess að notandi breyti aðstæðum við hina afmörkuðu notkun, fresti henni eða hætti.

## VI. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 18. gr.

*Samráð við samtök eða almenning.*

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við samtök eða almenning um einhverja þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar erfðabreyttra örvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar eða gera upplýsingar aðgengilegar á annan hátt.

## 19. gr.

*Trúnaður.*

Að höfðu samráði við umsækjanda ákveður Hollustuvernd ríkisins hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og ber stofnuninni að tilkynna honum um ákvörðunina. Skal þess sérstaklega gætt að Vinnueftirlit ríkisins og aðrir þeir sem fara með eftirlit hafi aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins. Óheimilt er að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál:

- (a) almenna eiginleika erfðabreyttu örveranna, nafn og heimilisfang notanda, tilgang hinnar afmörkuðu starfsemi og hvar hún fer fram;
- (b) flokk afmarkaðrar notkunar og afmörkunarráðstafanir sem viðhafðar eru;
- (c) mat á fyrirsjáanlegum áhrifum, einkum þeim sem kynnu að vera skaðleg heilsu manna og umhverfinu.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að ljóstra upp við þriðja aðila atriðum sem leynt skulu fara skv. reglugerð þessari. Dragi umsækjandi umsókn sína til baka af einhverjum ástæðum, ber Hollustuvernd ríkisins að virða trúnað við þann sem upplýsingarnar veitti.

20. gr.

*Skaðabótaskylda.*

Notandi ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra örvera samkvæmt reglugerð þessari og er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

21. gr.

*Kæruréttur umsækjenda.*

Umsækjandi, notandi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar Hollustuverndar ríkisins samkvæmt reglugerð þessari geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því ákvörðunin var tilkynnt.

22. gr.

*Viðurlög og þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og aðgerðir til að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli reglugerðar þessarar fer skv. 28. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar örverur.

Brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum skv. 29. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

23. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar örverur, 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum 24. t. og 24. t. a XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun 90/219/EBE, tilskipun 98/81/EB og ákvörðun 204/2001/EB).

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

## VIÐAUKI 1

**A-hluti.**

Tækni sem leiðir til erfðabreyttra örvera er m.a.

1. Tækni á sviði samskeyttra kjarnsýra er felst í myndun nýrra samsetninga erfðaeftna með innskoti kjarnsýrusameinda í hvaða veiru, bakteríuplasmíð eða aðrar genaferjur sem er og innlimun þeirra í hýsillífveru þar sem þau koma ekki fyrir í náttúrunni en geta haldið áfram að fjölga sér.
2. Tækni sem felst í því að koma fyrir í örverum erfanlegu erfðaeftni sem unnið er utan örverunnar, t.d. með innspýtingu í örliðlum mæli, innspýtingu í miklum mæli og með notkun örhylkja.
3. Frumusamruna- eða kynblöndunartækni þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfanlegs erfðaeftnis eru myndaðar með samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem ekki eiga sér stað á náttúrulegan hátt.

**B-hluti.**

Tækni sem ekki telst leiða til erfðabreyttra örvera að því tilskildu að við hana séu ekki notaðar sameindir samskeyttrar kjarnsýru eða erfðabreyttar örverur sem búnar eru til með annarri tækni/aðferðum en tækninni/aðferðunum sem eru undanskildar samkvæmt A-hluta viðauka 2.

1. Frjóvgun í tilraunaglassi.
2. Náttúruleg ferli svo sem bakteríutenging, veiruleiðsla, ummyndun.
3. Framköllun fjöllitunar.

## VIÐAUKI 2

**A-hluti.**

Erfðabreytingatækni eða -aðferðir við myndun örvera sem reglugerðin tekur ekki til, að því tilskildu að ekki séu notaðar sameindir samskeyttrar kjarnsýru eða aðrar erfðabreyttar örverur en þær sem eru framleiddar með einhverri eftirtalinni aðferða eða tækni:

1. Framköllun stökkbreytingar.
2. Frumusamruna, þar með talinn samruni vegglausra frumna, dreifkjörnunga sem skiptast á erfðaeftni samkvæmt þekktum lífeðlisfræðilegum ferlum.
3. Frumusamruna, þar með talinn samruni vegglausra frumna, heilkjörnunga, þar með talin framleiðsla frumublendinga og samruni plöntufrumna.
4. Sjálfklónun, sem felur í sér brotnám kjarnsýruraða úr frumu lífveru ásamt eða án eftirfarandi endurinnskots sömu kjarnsýru, eða tilbúins ígildis hennar, með eða án undangenginnar beitingar ensíma eða vélrænna aðferða, inn í frumur sömu tegundar eða inn í frumur tegunda sem eru þróunarsögulega séð náskyldar eða geta skipst á erfðaeftni í náttúrulegum lífeðlisfræðilegum ferlum þar sem þess er ekki vænst að örveran, sem verður til, valdi sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum. Sjálfklónun getur falið í sér notkun ferja með ferjuðum genum sem víðtæk reynsla hefur sýnt að eru örugg í notkun í þessum tilteknu lífverum.

**B-hluti.**

Í þessum viðauka er lýst almennum skilyrðum sem uppfylla þarf þegar sanngreint er skaðleysi tegunda af erfðabreyttum örverum fyrir heilsu manna og umhverfi svo og hvort við hæfi er að flokka þær í C-hluta þessa viðauka. Hollustuvernd ríkisins skal gefa út leiðbeiningar með þessum viðauka til að auðvelda mat á því hvort skilyrðum er fullnægt.

## 1. Inngangur.

Þær erfðabreyttu örverur sem eru á skrá í C-hluta þessa viðauka eru undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar. Erfðabreyttum örverum verður bætt á listann eftir að hvert tilvik hefur verið metið. Undanþágan mun aðeins ná til vel skilgreindra erfðabreyttra örvera og á einungis við þegar um afmarkaða notkun er að ræða, sbr. skilgreiningu í 3. gr. Undanþágan á ekki við um sleppingu erfðabreyttra örvera út í umhverfið. Til þess að erfðabreyttar örverur megi vera á skrá í C-hluta þarf að sannreyna að þær uppfylli viðmiðanir hér að neðan.

## 2. Almenn skilyrði.

### 2.1. Sanngreining á stofni.

Stofninn á að vera vel þekktur og nákvæmlega skilgreindur. Erfðabreyting á að vera þekkt og sannreynd.

### 2.2. Skráð og staðfest gögn um skaðleysi erfðabreyttu örveranna.

Leggja á fram gögn sem sýna fram á skaðleysi erfðabreyttu örveranna.

### 2.3. Stöðugleiki erfðæfnis.

Sönnun á stöðugleika erfðæfnis á að liggja fyrir ef óstöðugleiki gæti leitt til skaðlegra áhrifa.

## 3. Sérstakar viðmiðanir.

### 3.1. Ekki sjúkdómavaldandi.

Erfðabreyttu örverurnar eiga ekki að valda sjúkdómum í heilbrigðum mönnum, plöntum eða dýrum. Þar sem í „getu til að valda sjúkdómum“ felst bæði eitur- og ofnæmisvirkni eiga erfðabreyttu örverurnar ekki að hafa:

#### 3.1.1. Eiturvirkni.

Erfðabreyting á örverunum á ekki að leiða til aukinnar getu til að valda eiturhrifum og erfðabreyttu örverurnar mega ekki vera þekktar fyrir eiturmyndandi eiginleika.

#### 3.1.2. Ofnæmisvirkni.

Erfðabreyttu örverurnar eiga ekki að hafa aukna getu til að valda ofnæmi né vera þekktir ofnæmisvaldar sem hafa t.d. ofnæmisvirkni sambærilega við örverur í reglum nr. 764/2001 um verndum starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

### 3.2. Utanaðkomandi skaðlegir áhrifavaldar.

Engir utanaðkomandi skaðlegir áhrifavaldar sem geta haft áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, svo sem aðrar örverur, virkar eða í dvala, eiga að vera tengdir erfðabreyttu örverunum, í þeim eða í sambýli við þær.

### 3.3. Flutningur erfðæfnis.

Breytta erfðæfnið á ekki að valda skaða ef það flyst í aðrar lífverur. Það á ekki að hafa eiginleika til að flytjast af sjálfsdáðum né flytjast í aðra lífveru í meira mæli en annað erfðæfni arfþega eða arfgjafa.

### 3.4. Öryggi umhverfis ef umtalsvert slys verður.

Erfðabreyttu örverurnar eiga ekki að valda skaða á umhverfinu þegar í stað eða síðar ef slys leiðir til þess þær sleppa út í umtalsverðu magni.

Örverur sem ekki uppfylla þessar viðmiðanir má ekki skrá á lista í C-hluta þessa viðauka.

## C-hluti.

Tegundir erfðabreyttra örvera sem uppfylla viðmiðanir í B-hluta (verður útbúinn í samræmi við ákvæði 21. gr. tilskipunar 90/219/EB).



## VIÐAUKI 3

## Meginreglur sem fylgja á við gerð áhættumats samkvæmt 4. gr.

**A. Atriði sem eiga að koma fram í áhættumati.**

1. Eftirfarandi skal teljast hugsanleg skaðleg áhrif:
  - a) Sjúkdómar hjá mönnum, þar með talin ofnæmis- eða eituráhrif;
  - b) dýra- eða plöntusjúkdómar;
  - c) skaðleg áhrif sem orsakast af því að ekki er hægt að lækna tiltekinn sjúkdóm eða veita árangursríka sjúkdómssvörn;
  - d) skaðleg áhrif vegna bólfestu eða dreifingar í umhverfinu;
  - e) skaðleg áhrif vegna flutnings innskotsraða eftir náttúrulegum leiðum í aðrar lífverur.
2. Áhættumatið sem kveðið er á um í 4. gr. skal byggt á eftirfarandi:
  - a) Mati á hugsanlega skaðlegum áhrifum, einkum hvað varðar:
    - i) arfþega;
    - ii) innskot (frá arfgjafa);
    - iii) genaferju;
    - iv) arfgjafa (svo fremi að örveruarfgjafi sé notaður við aðgerðina);
    - v) erfðabreyttu örveruna;
  - b) einkennum starfseminnar;
  - c) alvarleika hugsanlegs skaða;
  - d) líkum á að hugsanleg skaðleg áhrif verði að veruleika.

**B. Matsferlið.**

3. Fyrsta stigið í áhættumati er að meta skaðlega eiginleika arfþega og eftir því sem við á arfgjafa, og skaðlega eiginleika sem tengjast genaferju eða innskoti að meðtöldum öllum breytingum á þeim eiginleikum arfþegans sem fyrir eru.
4. Almennt eru það aðeins erfðabreyttar örverur með eftirfarandi eiginleika sem munu teljast viðeigandi fyrir flokk 1 eins og hann er skilgreindur í 5 gr.:
  - (i) ólíklegt er að arfþegi, arfgjafi eða móðurlífvera valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum;
  - (ii) eðli genaferja og innskots er slíkt að þau gæða ekki erfðabreyttu örveruna svipgerð sem líklegt er að valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið;
  - (iii) ólíklegt er að erfðabreytta örveran valdi sjúkdómum hjá mönnum, dýrum eða plöntum eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið.
5. Til að fá nauðsynlegar upplýsingar til að koma þessu ferli í framkvæmd skal notandi fyrst taka mið af viðeigandi gildandi reglum, einkum reglum nr. 764/2001. Einnig koma til greina alþjóðleg eða innlend flokkunarkerfi (Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar og innlendra heilbrigðisyfirvalda o.s.frv.) og endurskoðaðar útgáfur þeirra sem byggjast á vísindalegum nýjungum og tækniframförum.

Þessi flokkunarkerfi varða náttúrulegar örverur og eru sem slík grundvölluð á getu örvera til að valda sjúkdómum í mönnum, dýrum eða plöntum og á því hversu alvarlegur sjúkdómurinn er sem líklegt er að þær valdi. Í reglum nr. 764/2001 eru örverur flokkaðar sem líffræðilegir skaðvaldar í fjóra áhættuflokka eftir meinvirkni þeirra gagnvart heilbrigðum fullorðnum einstaklingum. Þessa áhættuflokka má nota til leiðbeiningar við flokkun afmarkaðrar starfsemi í fjóra áhættuflokka samkvæmt 5. gr. Notandi getur einnig tekið mið af flokkunarkerfum sem vísa til sjúkdómssvalda í dýrum og plöntum. Framangreind flokkunarkerfi geta verið leiðbeinandi við flokkun afmarkaðrar starfsemi í áhættuflokka og viðeigandi afmörkunar- og varúðarráðstafanir.

6. Áhættugreining samkvæmt 5. gr. ætti að leiða til skilgreiningar á því áhættustigi sem tengist erfðabreyttu örverunum.
7. Val á afmörkunarráðstöfunum og öðrum varúðarráðstöfunum skal vera í samræmi við það áhættustig sem tengist erfðabreyttu örverunum og taka tillit til:
  - (i) Einkenna umhverfisins sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, t.d. hvort í umhverfinu, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum frá erfðabreyttu örverunum, sé þekkt lífríki sem geti orðið fyrir skaðlegum áhrifum frá örverunum sem notaðar eru í viðkomandi afmarkaðri notkun;
  - (ii) umfangs og eðlis starfseminnar;
  - (iii) allra óstaðlaðra aðgerða og aðstæðna, t.d. bólusetningar dýra með erfðabreyttum örverum eða búnaðar sem líklegt er að myndi úða.
 Þegar tekið er mið af liðum (i) - (iii) getur áhættustigið sem tengist erfðabreyttu örverunni, eins og það er skilgreint samkvæmt 6. mgr. hækkað, lækkað eða staðið óbreytt.
8. Sú greining sem lýst er í 7. tölul. leiðir til flokkunar starfseminnar í flokka skv. 5. gr.
9. Staðfesta ber endanlega flokkun afmarkaðrar starfsemi með því að yfirfara flokkun skv. 5. gr. þegar henni er lokið.

#### VIÐAUKI 4

#### Afmörkunarráðstafanir og aðrar varúðarráðstafanir.

##### *Almennar meginreglur.*

1. Í þessum töflum eru tilgreindar lágmarkskröfur og nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hvern afmörkunarflokk.
2. Heiti taflanna lýsa efni þeirra:  
 Í töflu IA eru tilgreindar lágmarkskröfur fyrir starfsemi á rannsóknastofum.  
 Í töflu IB eru viðbætur við og breytingar á töflu IA fyrir starfsemi með erfðabreyttar örverur í gróðurhúsum og gróðurklefum.  
 Í töflu IC eru viðbætur og breytingar á töflu IA fyrir starfsemi með dýr í tengslum við erfðabreyttar örverur.  
 Í töflu II eru tilgreindar lágmarkskröfur fyrir aðra starfsemi en starfsemi á rannsóknastofum.  
 Í sumum sértílvikum gæti þurft að beita samsetningu ráðstafana á sama afmörkunarstigi úr töflum IA og töflu II.  
 Í sumum tilvikum geta notendur, að fengnu samþykki Hollustuverndar ríkisins, sleppt því að beita forskrift frá sérstöku afmörkunarstigi eða sameinað forskriftir frá mismunandi afmörkunarstigum.  
 Í töflunum merkir „Valfrjálst“ að sá notandi geti beitt þessum ráðstöfunum í hverju einstöku tilviki á grundvelli matsins samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

## Tafla IA.

## Afmörkunar- og aðrar varúðarráðstafanir vegna starfsemi á rannsóknastofum.

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur			
	1	2	3	4
1. Rannsóknæining einangruð <sup>1</sup>	Ekki krafist	Ekki krafist	Já	Já
2. Unnt að þetta rannsóknastofu til sótthreinsunar	Ekki krafist	Ekki krafist	Já	Já

## Áhöld og tæki

3. Yfirborð sem hrindir frá sér vatni, sýrum, bösum, leysiefnum, sótthreinsandi efnum og afmengandi efnum og er auðvelt að þrifa	Já (vinnuborð)	Já (vinnuborð)	Já (vinnuborð og gólf)	Já (vinnuborð, gólf, loft, veggir)
4. Aðgangur að rannsóknastofu um loftklefa <sup>2</sup>	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
5. Undirþrýstingur miðað við þrýsting í næsta umhverfi	Ekki krafist	Ekki krafist	Já nema fyrir <sup>3</sup>	Já
6. Loft sem sogað er út úr og inn í rannsóknastofu skal síað með bakteríu- og veirubéttri loftsfú (HEPA)	Ekki krafist	Ekki krafist	Já, HEPA <sup>4</sup> - síun á lofti frá rannsóknastofu nema fyrir <sup>2</sup>	Já HEPA <sup>5</sup> – síun á lofti til og frá rannsóknastofu
7. Örveruhelt svæði	Ekki krafist	Valfrjálst	Já	Já
8. Gufusæfir	Á svæðinu	Í byggingunni	Í rannsóknasvæðinu <sup>6</sup>	Á rannsóknastofunni, opnanlegur í báða enda

<sup>1</sup> Rannsóknastofa aðskilin frá öðrum svæðum í sömu byggingu eða sérbyggingu.

<sup>2</sup> Aðgengi skal vera um loftklefa sem er einangraður frá rannsóknastofunni. Hreini hluti loftklefans skal greindur frá þeim hluta sem er með takmörkuðu aðgengi með sturtuklefum eða búningasðstöðu, helst með læsanlegum dyrum.

<sup>3</sup> Starfsemi þar sem smit berst ekki í lofti.

<sup>4</sup> HEPA = High efficiency particulate air

<sup>5</sup> Þegar unnið er með veirur sem HEPA síur halda ekki þarf að gera viðbótarráðstafanir vegna lofts frá öryggissvæði.

<sup>6</sup> Samfara viðurkenndum aðferðum til að tryggja fyllsta öryggi við flutning úrgangs og/eða efna að gufusæfi sem staðsettur er utan rannsóknastofu.

**Vinnusvæði**

9. Takmarkaður aðgangur	Ekki krafist	Já	Já	Já
10. Skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga á hurð	Ekki krafist	Já	Já	Já
11. Sérstakar ráðstafanir til að draga úr dreifingu örvera með úða	Ekki krafist	Halda í lágmarki	Koma í veg fyrir	Koma í veg fyrir
12. Sturta	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
13. Hlíðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður	Viðeigandi hlífðarfatnaður og (valfrjálst) skór	Skipta um föt yst sem innst, einnig skó fyrir inn- og útgöngu
14. Hanskar	Ekki krafist	Valfrjálst	Já	Já
15. Skilvirkar smitberavarnir (t.d. fyrir nagdýr og skordýr)	Valfrjálst	Já	Já	Já

**Meðferð úrgangs**

16. Dauðhreinsun á frárennsli frá handlaugum, sturtum og þess háttar	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
17. Dauðhreinsun á menguðum áhöldum, efnum og úrgangi	Valfrjálst	Já	Já	Já

**Önnur atriði**

18. Rannsóknastofan skal hafa sinn eigin búnað	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
19. Hafa skal skoðunarglugga eða aðrar aðferðir til að hægt sé að sjá starfsmenn við vinnu á rannsóknastofunni	Valfrjálst	Valfrjálst	Valfrjálst	Já

**Tafla IB.****Afmörkunarráðstafanir og aðrar varúðarráðstafanir fyrir gróðurhús og gróðurklefa.**

Orðin „gróðurhús“ og „gróðurklefi“ vísa til mannvirkis með veggjum, þaki og gólfi sem er hannað og fyrst og fremst notað til að rækta plöntur í stýrðu og vernduðu umhverfi.

Öll ákvæði í töflu IA skulu gilda með eftirfarandi viðbótum/breytingum:

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur			
	1	2	3	4

**Húsnæði**

1. Gróðurhús <sup>1</sup>	Ekki krafist	Já	Já	Já
---------------------------	--------------	----	----	----

**Tæki og áhöld**

2. Aðgangur um aðskilið herbergi með tveimur samtengdum og millilæstum dyrum	Ekki krafist	Valfrjálst	Valfrjálst	Já
3. Eftirlit með frárennslisvatni	Valfrjálst	Halda frárennslis í lágmarki <sup>2</sup>	Koma í veg fyrir frárennslis	Koma í veg fyrir frárennslis

**Vinnustaður**

4. Ráðstafanir gegn óæskilegum dýrum svo sem skordýrum, nagdýrum og liðdýrum	Já	Já	Já	Já
5. Aðferðir við flutning lifandi efnis milli gróðurhúss/ræktunarklefa, hlífðarvirkis og rannsóknastofu skulu varna dreifingu erfðabreyttra örvera	Halda dreifingu í lágmarki	Halda dreifingu í lágmarki	Koma í veg fyrir dreifingu	Koma í veg fyrir dreifingu

<sup>1</sup> Gróðurhúsið skal vera varanleg bygging, með samfelldri vatnsheldri klæðningu og sjálflokandi og læsanlegum hurðum. Gróðurhús skal vera þannig staðsett að tryggt sé að yfirborðsreri geti ekki runnið inn í það.

<sup>2</sup> Ef hættu er á smiti um jörðu.

**Tafla IC.**  
**Afmörkun og aðrar varúðarráðstafanir vegna starfsemi í dýraeiningum.**

Öll ákvæði í töflu IA skulu gilda með eftirfarandi viðbótum/breytingum:

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur			
	1	2	3	4

**Dýrabú/dýrabúr**

1. Einangrun dýraeiningar <sup>1</sup>	Valfrjálst	Já	Já	Já
2. Dýraaðstaða <sup>2</sup> afmörkuð með hurðum sem hægt er að læsa	Valfrjálst	Já	Já	Já
3. Dýraaðstaða hönnuð til að auðvelda sóttgreinsun (úr vatnsheldu efni sem auðvelt er að þrifa)	Valfrjálst	Valfrjálst	Já	Já
4. Auðvelt að þrifa hliðar og/eða botn	Valfrjálst	Já (botn)	Já (botn og hliðar)	Já (botn og hliðar)
5. Dýr geymd í viðeigandi afmörkuðum einingum (búrum, stúum eða klefum)	Valfrjálst	Valfrjálst	Valfrjálst	Valfrjálst
6. Síur á einangrunarbúri <sup>3</sup> eða einangrunarklefa	Ekki krafist	Valfrjálst	Já	Já

<sup>1</sup> Dýraeining: Bygging eða afmarkað svæði í byggingu með aðstöðu og öðrum svæðum svo sem búningsklefum, sturtum, gufusefum, fódurgeymslum o.s.frv.

<sup>2</sup> Dýraaðstaða: Aðstaða sem er venjulega notuð til að hýsa dýr til æxlunar, kynbóta eða tilrauna eða til að framkvæma minniháttar skurðaðgerðir.

<sup>3</sup> Einangrunarbúr: Gegnsæir kassar þar sem lítil dýr eru lokað inni í búri eða utan þess. Einangruð herbergi gætu hentað betur fyrir stór dýr.

## Tafla II.

## Afmörkun og aðrar varúðarráðstafanir vegna annarrar starfsemi.

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur			
	1	2	3	4
1. Lífvænlegar örverur skulu einangraðar í kerfi sem aðskilur vinnsluferlið frá umhverfinu (lokað kerfi)	Valfrjálst	Já	Já	Já
2. Stýring útblásturslofts frá lokaða kerfinu	Ekki krafist	Já, dregið skal sem mest úr dreifingu	Já, komið skal í veg fyrir dreifingu	Já, komið skal í veg fyrir dreifingu
3. Stýring úðaefna við sýnatöku, íbætingu efna í lokaða kerfinu eða flutnings efna yfir í annað lokað kerfi	Valfrjálst	Já, dregið skal sem mest úr dreifingu	Já, komið skal í veg fyrir dreifingu	Já, komið skal í veg fyrir dreifingu
4. Ræktunarvökvar dauðhreinsaðir áður en þeir eru fjarlægðir úr lokaða kerfinu	Valfrjálst	Já, með viðurkenndum aðferðum	Já, með viðurkenndum aðferðum	Já, með viðurkenndum aðferðum
5. Þéttibúnaður skal vera þannig að dregið sé sem mest úr leka eða komið í veg fyrir hann	Engar sérkröfur	Dregið skal sem mest úr leka	Komið skal í veg fyrir leka	Komið skal í veg fyrir leka
6. Öryggissvæðið skal hannað þannig að það geti rúmað allt sem er í lokaða kerfinu	Valfrjálst	Valfrjálst	Já	Já
7. Unnt skal vera að gera öryggissvæðið loftþétt til sóthreinsunar	Ekki krafist	Valfrjálst	Valfrjálst	Já

## Búnaður

8. Aðgangur að öryggissvæði um loftklefa	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
9. Yfirborð sem hrindir frá sér vatni, sýrum, bösum, leysiefnum, sóthreinsandi efnum og afmengandi efnum og er auðvelt að þrifa	Já (vinnuborð)	Já (vinnuborð)	Já (vinnuborð og gólf)	Já (vinnuborð, gólf, loft og veggir)
10. Sértekar ráðstafanir til viðunandi loftræstingar á öryggissvæðinu til að loftmengun verði sem minnst	Valfrjálst	Valfrjálst	Valfrjálst	Já

11. Loftþrýstingur á öryggissvæðum skal vera lægri en þrýstingur andrúmsloftsins utan þeirra	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
12. Loft sem sogað er út úr og inn í rannsóknastofu skal síað með bakteríu- og veirubéttri loftsíu (HEPA)	Ekki krafist	Ekki krafist	Já, útsogsloft (valfrjálst fyrir innsogsloft)	Já, út- og innsogsloft

**Vinnusvæði**

13. Lokuð kerfi skulu vera staðsett á öryggissvæði	Ekki krafist	Valfrjálst	Já	Já
14. Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga	Ekki krafist	Já	Já	Já
15. Skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga	Ekki krafist	Já	Já	Já
16. Starfsfólk skal fara í sturtu áður en það yfirgefur öryggissvæðið	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
17. Starfsfólk skal klæðast hlífðarfötum	Já (vinnufötum)	Já	Já	Skipta um föt yst sem innst, einnig skó, áður en komið er inn á öryggissvæðið eða það yfirgefið

**Meðferð úrgangs**

18. Dauðhreinsun á frárennsli frá handlaugum, sturtum og þess háttar	Ekki krafist	Ekki krafist	Valfrjálst	Já
19. Dauðhreinsun á menguðu efni, hlutum og úrgangi, þ. á m. frárennslisvatni, áður en það er endanlega leitt burt	Valfrjálst	Já, með viðurkenndum aðferðum	Já, með viðurkenndum aðferðum	Já, með viðurkenndum aðferðum



## VIÐAUKI 5

**A-hluti.**

Umsóknum um afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar örverur á rannsóknastofu þar sem slík starfsemi fer fram í fyrsta sinn skulu að minnsta kosti fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- (a) nafn notanda eða notenda;
- (b) nöfn þeirra sem annast verkstjórn og sjá um gæslu og öryggismál;
- (c) upplýsingar um þjálfun, menntun og hæfni þeirra sem annast verkstjórn og sjá um gæslu og öryggismál;
- (d) upplýsingar um nefndir eða undirnefndir á sviði líffræði;
- (e) heimilisfang rannsóknastofunnar/athafnasvæðisins og lýsingu á aðstæðum;
- (f) lýsing á eðli þeirrar starfsemi sem fara á fram;
- (g) flokkun afmarkaðrar notkunar;
- (h) ef starfsemin er af flokki 1 skal fylgja útdráttur úr áhættumatinu, sem gert var samkvæmt 4. gr., og upplýsingar um meðhöndlun úrgangs.

**B-hluti.**

Umsóknum um afmarkaða starfsemi af flokki 2 skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- (a) dagsetning umsóknar;
- (b) nafn þess eða þeirra sem bera ábyrgð á afmarkaðri notkun, þar á meðal þeirra sem sjá um innra eftirlit, gæslu og öryggismál, og upplýsingar um þjálfun þeirra, menntun og hæfni;
- (c) upplýsingar um arfþega, arfgjafa og móðurörveru/(ur) sem fyrirhugað er að nota eða þar sem við á, hvaða hýsil-genaferjakerfi á að nota;
- (d) uppruna og áætlaða virkni þess erfðaefnis sem fyrirhugað er að nota við erfðabreytingar;
- (e) einkenni og eðli hinnar erfðabreyttu örveru;
- (f) tilgangur með starfseminni, þar á meðal að hvaða árangri er stefnt;
- (g) rúmmál fyrirhugaðra rækta;
- (h) greinargerð um þær afmörkunar- og öryggisráðstafanir sem fyrirhugað er að gera ásamt greinargerð um eðli úrgangs og fyrirhugaðar förgunaraðgerðir;
- (i) útdráttur úr áhættumati samkvæmt 4. gr.;
- (j) upplýsingar sem gera eftirlitsaðilum kleift að meta neyðaráætlanir sem krafist er samkvæmt 15. gr.

**C-hluti.**

Umsóknum um afmarkaða starfsemi af flokki 3 og 4 skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- (a) - dagsetning umsóknar;  
- nafn þess eða þeirra sem bera ábyrgð á afmarkaðri notkun, þar á meðal þeirra sem sjá um innra eftirlit, gæslu og öryggismál, og upplýsingar um þjálfun þeirra, menntun og hæfni;
- (b) - hvaða arfþega eða móðurörveru/(ur) fyrirhugað er að nota;  
- hvaða hýsil-genaferjakerfi á að nota (þar sem við á);  
- uppruna og áætlaða virkni þess erfðaefnis sem fyrirhugað er að nota við erfðabreytingar;  
- einkenni og eðli hinnar erfðabreyttu örveru;  
- rúmmál fyrirhugaðra rækta;

- (c) - lýsing á afmörkunar- og öðrum öryggisráðstöfunum sem beita á ásamt upplýsingum um úrgang og meðferð hans, endanlegt form og lokaviðtökustað;  
 - tilgangur með starfseminni, þar á meðal að hvaða árangri er stefnt;  
 - lýsing á einstökum hlutum starfseminnar;
- (d) - upplýsingar um slysavarnir og neyðaráætlanir;  
 - hugsanlega sértæka hættu sem kann að stafa af staðsetningu rannsóknastofunnar;  
 - forvarnir sem gripið er til, t.d. með hjálp öryggisbúnaðar, viðvörunarkerfa og afmörkunarráðstafana;  
 - áætlanir um og aðferðir við að sannreyna afmörkunarráðstafanir;  
 - lýsing á þeim upplýsingum sem starfsmenn fá í hendur;  
 - upplýsingar sem gera eftirlitsaðilum kleift að meta þær neyðaráætlanir sem krafist er samkvæmt 15. gr.
- (e) afrit af áhættumati sem kveðið er á um í 4. gr.

## REGLUGERÐ

### um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um hvers konar afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera, svo sem dýra og plantna, til dæmis vegna kennslu, rannsókna, þróunar, framleiðslu og geymslu, svo og um rannsóknastofur og athafnasvæði. Jafnframt gildir reglugerðin um eftirlit með ofangreindri starfsemi.

Reglugerðin gildir ekki um flutning, sleppingu eða dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda:

*Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera* táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

*Erfðabreyttar lífverur* eru allar lífverur, aðrar en örverur, þar sem erfðæfninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun. Undir þetta falla þær lífverur þar sem erfðæfninu hefur verið breytt með þeirri tækni sem greint er frá í 1. hluta viðauka 1 með reglugerð þessari. Skilgreiningin nær ekki yfir aðferðir sem fram koma í 2. og 3. hluta viðauka 1.

*Lífvera* er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðæfnis.

*Notandi* er sérhver einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á starfsemi með afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera.

Slys er sérhvert það tilvik þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu þegar í stað eða síðar.

*Tilkynning* er afhending skjala með tilskildum upplýsingum varðandi afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera samkvæmt reglugerð þessari.

*Veira* er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðafnis með hjálp lífvera.

## II. KAFLI

### Flokkun.

#### 3. gr.

*Flokkun rannsóknastofa og/eða athafnasvæða.*

Flokka skal rannsóknastofur og athafnasvæði í samræmi við þá áhættu sem starfsemi inni fylgir fyrir starfsfólk, sbr. reglur sem Vinnueftirlit ríkisins setur.

Á rannsóknastofum eða athafnasvæðum þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram, skulu vera fullnægjandi innréttingar og búnaður eins og kveðið er á um í viðauka 2 með reglugerð þessari.

## III. KAFLI

### Stjórnýsla og eftirlit.

#### 4. gr.

*Eftirlitsaðilar og leyfisveitingar.*

Hollustuvernd ríkisins fjallar um umsóknir og veitir leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt hefur stofnunin eftirlit með starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil eða binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur stofnunin í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, takmarkað eða fyrirskipað bann við notkun erfðabreyttra lífvera með því að afturkalla leyfi sem hún hefur veitt.

Vinnueftirlit ríkisins samþykkir flokkun rannsóknastofa og athafnasvæða, sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

*Framkvæmd eftirlits.*

Eftirlit með afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera skal fara fram reglulega, og aldrei sjaldnar en annað hvert ár. Við eftirlit skal þess einkum gætt að það svæði, sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram á, uppfylli ítrustu öryggiskröfur um útbúnað og annað sem varðar notkunina. Þá skal sá sem er ábyrgur fyrir starfsemi hafa sérfræðipækkingu á því sviði sem varðar hina afmörkuðu notkun, og sjá til þess að henni sé beitt.

Hollustuvernd ríkisins skal ljúka gerð eftirlitsskýrslu og senda hana notanda innan 60 daga frá því eftirlit fór fram.

## IV. KAFLI

### Tilkynningar, umsóknir og hvenær hefja má starfsemi.

#### 6. gr.

*Notkun aðstöðu eða búnaðar í fyrsta sinn.*

Þegar taka skal í notkun sérstakan búnað eða aðstöðu í fyrsta sinn vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera skal senda Vinnueftirliti ríkisins og Hollustuvernd ríkisins umsókn þess efnis.

## 7. gr.

*Hvenær heimilt er að hefja starfsemi.*

Óheimilt er að hefja starfsemi með erfðabreyttar lífverur án skriflegs samþykkis Hollustuverndar ríkisins. Umsóknum um starfsemi með erfðabreyttar lífverur skal svara innan 90 daga frá því stofnunin tók við umsókninni.

Frestir skv. 1. mgr. gilda ekki um þann tíma sem tekur fyrir Hollustuvernd að afla upplýsinga sem skylt er að geta í umsókninni en ekki koma fram. Hið sama gildir um þann tíma sem tekur að leita samráðs við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar þegar slíkt er talið eiga við, sbr. 15. gr. Stofnunin skal tilkynna umsækjanda skriflega um framlengdan frest.

## 8. gr.

*Umsóknir og tilkynningar.*

Tilkynningar og umsóknir um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera skulu sendar Hollustuvernd ríkisins og skulu upplýsingar sem fylgja tilkynningum eða umsóknum vera í samræmi við 10. gr. Skylt er að upplýsa stofnunina um allt það sem máli skiptir varðandi umfjöllun um umsóknina og láta í té allar upplýsingar sem umsækjandi kann að komast yfir á meðan umsóknin er til umfjöllunar.

Hollustuvernd ríkisins getur, telji hún það nauðsynlegt, óskað eftir frekari upplýsingum eða farið fram á að aðstæðum við fyrirhugaða afmarkaða notkun verði breytt áður en leyfi er veitt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega um viðtöku umsóknar þegar hann hefur greitt gjald vegna umsóknarinnar samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar um. Að sama skapi skal stofnunin tilkynna notanda skriflega um viðtöku tilkynningar skv. 10. gr.

## 9. gr.

*Áhættumat.*

Notandi skal meta fyrirfram þá hættu sem hin afmarkaða notkun getur haft í för með sér fyrir heilsu manna, dýra eða plantna. Í því skyni skal unnið áhættumat sem skal vera í vörslu notanda þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem greint er frá í viðauka 3 eftir því sem við á. Með umsóknum skal fylgja útdráttur úr áhættumatinu en Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fara fram á að umsækjandi leggi fram ítarlega greinargerð telji stofnunin hættu á að erfðabreyttar lífverur sleppi út í umhverfið.

## 10. gr.

*Það sem fram skal koma í umsóknum.*

Í umsókn um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera skulu m.a. koma fram eftirtaldar upplýsingar eftir því sem við á:

- (a) nafn þess eða þeirra sem bera ábyrgð á afmarkaðri notkun, þar á meðal þeirra sem sjá um innra eftirlit, gæslu og öryggismál, og upplýsingar um þjálfun þeirra, menntun og hæfni;
- (b) dagsetning umsóknar;
- (c) heimilisfang rannsóknastofunnar/athafnasvæðisins og lýsingu á hinum ýmsu deildum;
- (d) starfsfólk og þjálfun þess;
- (e) lýsing á eðli þeirrar starfsemi sem fara á fram og líklegt umfang hennar;
- (f) útdráttur úr áhættumati;
- (g) hvaða móðurlífveru(ur) fyrirhugað er að nota eða þar sem við á, hvaða hýsilgenafertj-ukerfi á að nota;
- (h) uppruna og áætlaða starfsemi þess erfðaefnis sem fyrirhugað er að nota við erfðabreytingar;

- (i) einkenni og eðli hinnar erfðabreyttu lífveru;
- (j) tilgangur afmarkaðrar notkunar, þar á meðal sá árangur sem að er stefnt;
- (k) rúmmál fyrirhugaðra rækta;
- (l) lýsing á deildarskiptingu rannsóknastofu/athafnasvæðis, búnaði og aðferðum sem beita á við meðhöndlun erfðabreyttu lífveranna;
- (m) lýsing á ríkjandi veðurfari og hugsanlegum hættum sem staðsetning rannsóknastofunnar/athafnasvæðisins kann að hafa í för með sér;
- (n) greinargerð um mengunarvarnir og aðferðir til að gera úrgang óvirkan (t.d. dauðhreinsun);
- (o) losun úrgangsefna;
- (p) slysavarnir og fyrirhuguð viðbrögð í neyðartilfellum.

## 11. gr.

*Meðferð umsókna.*

Hollustuvernd ríkisins skal ganga úr skugga um að umsóknir samræmist kröfum reglugerðar þessarar, að upplýsingarnar séu nákvæmar og ítarlegar, að flokkun sé rétt og, þar sem við á, að losun úrgangsefna, öryggi og ráðstöfunum um viðbrögð í neyðartilfellum sé ekki ábótavant. Sérhver umsókn skal fá þá umfjöllun sem hæfir eðli hinnar fyrirhuguðu starfsemi og skal Hollustuvernd ríkisins leita álits sérfræðistofnana á því sviði sem við á í hverju tilviki. Að öðru leyti vísast til 10. gr. laga nr. 18/1996.

Leita skal umsagnar ráðgjafanefndar, sem skipuð er í samræmi við 6. gr. laga nr. 18/1996, áður er leyfi er veitt fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

## V. KAFLI.

**Öryggisráðstafanir.**

## 12. gr.

*Öryggisráðstafanir.*

Notandi skal viðhafa þær öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari. Eftirfarandi reglur skulu gilda um öryggi og hollustu á vinnustöðum, sbr. 3. gr.:

- (a) halda skal mengun af völdum eðlis-, efna- og líffræðilegra mengunarvalda í umhverfi eins lítilli og mögulegt er;
- (b) nota skal mengunarvarnabúnað þar sem mengunin á upptök sín og leggja að auki til hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf;
- (c) framkvæma skal viðeigandi prófanir og viðhald á varnabúnaði og tækjum;
- (d) kanna skal eftir þörfum hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan þess afmarkaða svæðis þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram;
- (e) sjá skal til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun;
- (f) stofna skal öryggisnefndir og undirnefndir um líffræðileg efni ef þörf krefur;
- (g) setja skal og framfylgja reglum sem gilda um öryggi á vinnustöðum á hverjum stað.

## 13. gr.

*Endurskoðun afmörkunarráðstafana.*

Notandi eða sá sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera skal koma upp innra eftirliti með starfseminni og endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hún fari fram í afmörkuðu rými. Í því skyni skal hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni. Sama gildir um eftirlit með úrgangi, geymslu, meðferð hans og losun.

## 14. gr.

*Vinnudagbækur.*

Notandi skal færa sérstaka vinnudagbók. Hollustuvernd ríkisins getur ákveðið hvaða upplýsingar skulu skráðar í vinnudagbókina og skal hún vera tiltæk stofnuninni og öðrum eftirlitsaðilum sé þess óskað.

## 15. gr.

*Viðbragðsáætlun.*

Áður en afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera hefst, skal Hollustuvernd ríkisins tryggja, eftir því sem við á, að fyrir liggi viðbragðsáætlun til verndar heilsu manna og umhverfinu utan rannsóknarsvæðisins, beri slys að höndum. Viðbragðsáætlunin skal vera skrifleg, hún skal kynnt hlutaðeigandi yfirvöldum og þar skal koma fram hvers eðlis hættan er.

Hollustuvernd ríkisins skal tryggja að þeir sem kunna að verða fyrir áhrifum slyss fái upplýsingar um öryggisráðstafanir og um rétt viðbrögð. Upplýsingarnar skulu ítrekaðar og endurskoðaðar með reglulegu millibili. Þær skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi hjá stofnuninni.

## 16. gr.

*Slys.*

Verði slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera ber notanda að tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins og annarra, sem eftirlit kann að verða falið. Auk þess skal notandi veita eftirtaldar upplýsingar um:

- (a) tildrög slyssins;
- (b) tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út;
- (c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- (d) neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Þegar Hollustuvernd ríkisins hefur fengið upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr. ber henni að tryggja að gerðar séu neyðarráðstafanir og ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma og að öll aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, sem gætu orðið fyrir áhrifum af völdum slyssins, verði vöruð við. Jafnframt ber Hollustuvernd ríkisins að safna eftir föngum nauðsynlegum upplýsingum til greiningar slyssins. Þar sem við á ber stofnuninni, að fenginni ráðgjöf ráðgjafanefndar, að gera tillögur um varnir gegn svipuðum slysum sem kunna að verða og hvernig megi draga úr áhrifum þeirra.

## 17. gr.

*Breyttar aðstæður.*

Komi fram nýjar upplýsingar eða önnur atriði sem máli skipta eða breyta afmarkaðri notkun á einhvern þann hátt sem getur verulega aukið áhættuna sem henni fylgir, skal notandi tilkynna það án tafar til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin skal tilkynna notanda skriflega eins fljótt og kostur er hvort afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort hann skuli breyta starfseminni í samræmi við kröfur stofnunarinnar. Sama á við ef flokkun þeirra erfðabreyttu lífvera sem eru í notkun er breytt.

Komist Hollustuvernd ríkisins síðar yfir upplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á áhættuna sem fylgir hinni afmörkuðu notkun, er henni heimilt að krefjast þess að notandi breyti aðstæðum við hina afmörkuðu notkun, fresti henni eða hætti.

## VI. KAFLI Almenn ákvæði.

### 18. gr.

#### *Samráð við samtök eða almenning.*

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að mæla fyrir um að samráð skuli haft við samtök eða almenning um alla þætti hinnar fyrirhuguðu afmörkuðu notkunar erfðabreyttra lífvera, t.d. með því að efna til opins áheyrnarfundar.

### 19. gr.

#### *Trúnaður.*

Að höfðu samráði við umsækjanda ákveður Hollustuvernd ríkisins hvaða upplýsingar skuli teljast trúnaðarmál og ber stofnuninni að tilkynna honum um ákvörðunina. Skal þess sérstaklega gætt að Vinnueftirlit ríkisins og aðrir þeir sem fara með eftirlit hafi aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins. Óheimilt er að fara með eftirfarandi upplýsingar sem trúnaðarmál:

- (a) lýsingu á erfðabreyttum lífverum, nafn og heimilisfang umsækjenda, tilgang hinnar afmörkuðu notkunar og hvar hún fer fram;
- (b) aðferðir og áætlanir um eftirlit með erfðabreyttum lífverum og um viðbrögð í neyðartilfellum;
- (c) mat á fyrirsjáanlegum áhrifum, einkum þeim sem kynnu að valda sýkingu eða geta haft skaðvænleg áhrif á umhverfið.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að ljóstra upp við þriðja aðila atriðum sem leynt skulu fara skv. reglugerð þessari. Dragi umsækjandi umsókn sína til baka af einhverjum ástæðum, ber Hollustuvernd ríkisins að virða trúnað við þann sem upplýsingarnar veitti.

### 20. gr.

#### *Skaðabótaskylda.*

Sá sem ber ábyrgð á afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera samkvæmt reglugerð þessari er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

### 21. gr.

#### *Kæruréttur umsækjenda.*

Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar Hollustuverndar ríkisins samkvæmt reglugerð þessari geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því ákvörðunin var tilkynnt.

### 22. gr.

#### *Viðurlög og þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og aðgerðir til að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli reglugerðar þessarar fer skv. 28. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum skv. 29. gr. áðurnefndra laga.

### 23. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 330/1997 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## VIÐAUKI 1

### Aðferðir til breytinga á erfðaeefni

#### 1. hluti: Aðferðir sem leiða til erfðabreyttra lífvera

1. Að skeyta saman erfðaeefni með genaferjuaðferðum (sbr. tilmæli 82/472/EBE).
2. Aðferðir sem fela í sér að koma fyrir í lífverum erfanlegu erfðaeefni sem unnið er utan lífverunnar, þar með talin innspýting í smáum stíl, innspýting í stórum stíl og notkun örhylkja.
3. Frumusamruni eða kynblöndunaraðferðir þar sem lifandi frumur með nýrri samsetningu erfanlegs erfðaefnis eru myndaðar með samruna tveggja eða fleiri frumna með aðferðum sem eiga sér ekki stað náttúrulega.

#### 2. hluti: Aðferðir sem leiða ekki til erfðabreyttra lífvera

að því tilskildu að hvorki sé notað samskeyttar *kjarnsýrur* né erfðabreyttar örverur sem breytt hefur verið með öðrum aðferðum en þeim sem fram koma í viðauka 2.

1. Frjóvgun í tilraunaglassi.
2. Bakteríutenging, veiruleiðsla, ummyndun.
3. Framköllun fjöllitnunar.

#### 3. hluti: Aðferðir sem reglugerðin nær ekki yfir

að því tilskildu að erfðabreyttar lífverur séu hvorki notaðar sem móðurlífverur né arfþegar.

1. Framköllun stökkbreytinga.
2. Bygging eða notkun blendingsæxlisfrumna dýra (t.d. til framleiðslu einstofna mótefna.
3. Samruni plöntufrumna (þar með talinn samruni vegglausra frumna) sem hægt er að rækta með hefðbundnum kynbótáaðferðum.
4. Sjálfklónun skaðlausra örvera úr náttúrulegu umhverfi sem uppfylla skilyrði flokks I um örveruarfþega (sbr. Stjórnartíðindi EB nr. 213, 21.7.1982, bls. 15).



**VIÐAUKI 2**  
**Ráðstafanir til að afmarka lífverur.**

Afmörkunarráðstafanir	Afmörkunarflokkur		
	1	2	3
1. Með loft frá hinu lokaða kerfi skal farið þannig:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
2. Standa skal að sýnatöku, viðbót á efnum til hins lokaða kerfis og flutningi á lífvænlegum örverum til annars lokaðs kerfis þannig að:	Sem minnst af Lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
3. Ræktunarvökvi skal ekki tekinn úr lokaða kerfinu nema hann hafi verið:	Dauðhreinsaður með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum
4. Þéttibúnaður skal vera þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
5. Hin lokuðu kerfi skulu vera staðsett á öryggissvæði:	Valfrjálst	Valfrjálst	Já, og sérhönnuð
a) Skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga:	Valfrjálst	Já	Já
b) Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga:	Valfrjálst	Já	Já, og um loftklefa
c) Starfsfólk skal klæðast hlífðarfötum:	Já, vinnufötum	Já	Skipta um föt yst sem innst
d) Starfsfólk skal hafa aðgang að hreinsunar- og þvottaaðstöðu:	Já	Já	Já
e) Starfsfólk skal fara í steypibað áður en það yfirgefur öryggissvæðið:	Nei	Valfrjálst	Já
f) Frárennsli frá vöskum og steypiböðum skal safnað og dauðhreinsað áður en því er veitt frá:	Nei	Valfrjálst	Já
g) Öryggissvæðið skal loftræst á fullnægjandi hátt til að draga sem mest úr loftmengun:	Valfrjálst	Valfrjálst	Já
h) Loftþrýstingi á öryggissvæðinu skal haldið lægri en utanhúss:	Nei	Valfrjálst	Já
i) Loft til og frá öryggissvæðinu skal síað með HEPA-síu:	Nei	Valfrjálst	Já
j) Unnt skal vera að takmarka við öryggissvæðið úrgang sem berst úr hinu lokaða kerfi:	Valfrjálst	Já	Já
k) Unnt skal vera að loftþétta öryggissvæðið til sóthreinsunar:	Nei	Valfrjálst	Já
l) Meðhöndlun á frárennslisvatni áður en það er endanlega leitt burt:	Dauðhreinsað með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- og eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- og eðlisfræðilegum aðferðum

## VIÐAUKI 3

**Þættir sem hafa skal til hliðsjónar við áhættumat eftir því sem við á.**

- A. Eiginleikar arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera.  
 B. Eiginleikar hinnar erfðabreyttu lífveru.  
 C. Heilbrigðissjónarmið.  
 D. Umhverfissjónarmið.
- A. *Eiginleikar arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru eða móðurlífvera:*
- heiti og flokkun;
  - skyldleiki milli arfgjafa og arfþega eða milli móðurlífvera;
  - uppruni lífveru eða lífvera;
  - æxlunarkerfi (kynæxlun/kynlaus æxlun) arfgjafa, eða þar sem við á, arfþega;
  - stöðugleiki móðurlífveru eða arfgjafa m.t.t. erfðaeinkenna sem máli skipta fyrir erfðabreytinguna;
  - eðli sjúkdómsvaldandi þátta, meinvirkni, smitþátta, eiturvirkni og smitbera;
  - eiginleikar genaferju:
    - núkleótíðaröð;
    - fartíðni;
    - viðurvist gena sem valda þoli;
  - hýsilsvið;
  - önnur lífeðlisfræðileg einkenni sem máli skipta;
  - stöðugleiki slíkra einkenna;
  - náttúruleg búsvæði og landfræðileg dreifing;
  - víxlverkun og áhrif á aðrar lífverur í umhverfinu (þar með taldir líklegir samkeppnis- eða samlífiseiginleikar);
  - hæfileikar til að mynda lífseigar einingar (svo sem gró og drjóna).
- B. *Eiginleikar hinnar erfðabreyttu lífveru:*
- lýsing á erfðabreytingum svo og aðferð við að koma genaferju-innskoti fyrir í arfþega eða sú aðferð sem notuð er til að ná fram erfðabreytingum;
  - hlutverk erfðabreytingarinnar og/eða hinnar nýju kjarnsýru;
  - eðli og uppruni genaferju;
  - bygging og fjöldi kjarnsýra úr genaferju eða arfgjafa sem eftir kann að verða í hinni erfðabreyttu lífveru;
  - stöðugleiki svipfarseinkenna erfðabreyttu lífverunnar;
  - fartíðni innfelldu genaferjunnar og/eða hæfileiki til genaflutnings;
  - tjáningarhraði og magn hins nýja erfðaefnis. Aðferðir og nákvæmni mælinga;
  - virkni tjáða próteinsins.
- C. *Heilbrigðissjónarmið:*
- ofnæmis- og eiturverkun ólífvænlegra lífvera og/eða efnaskiptaafurða þeirra;
  - hættur sem tengjast afurðum;
  - samanburður á hinum erfðabreyttu lífverum og arfgjafa, arfþega eða (þar sem við á) móðurlífveru m.t.t. meinvirkni;
  - ef lífvera er meinvirk mönnum með heilbriggt ónæmiskerfi:
    - sjúkdómur sem orsakast;
    - smit;
    - skammtur sem veldur smiti;
    - hýsilsvið, líkur á breytingu;
    - lífsmöguleikar utan mennsks hýsils;

tilvist genaferju eða dreifingaraðferðir;  
líffræðilegur stöðugleiki;  
mynstur sýklalyfjapöls;  
ofnæmisvirkni;  
tiltæk lækni meðferð.

D. *Heilbrigðissjónarmið:*

- þættir sem hafa áhrif á lífslíkur, fjölgun og dreifingu hinnar erfðabreyttu lífveru í umhverfinu;
- tiltæk tækni við að finna, greina og hafa eftirlit með erfðabreyttu lífverunni;
- tiltæk tækni við að greina flutning nýja erfðaefnisins í aðrar lífverur;
- þekkt og fyrirsjáanleg búsvæði erfðabreyttu lífverunnar;
- lýsing á vistkerfum þar sem erfðabreyttum lífverum kynni að vera dreift fyrir slysi;
- væntanlegur gangur og afleiðingar víxlverkana milli erfðabreyttu lífveranna og lífveranna sem kynnu að verða fyrir áhrifum ef erfðabreyttar lífverur berast fyrir slysi út í umhverfið;
- þekkt og fyrirsjáanleg áhrif á dýr og jurtir svo sem meinvirkni, smitnæmi, eiturverkun, smithætta, ofnæmisvirkni, kólóníumyndun;
- þekkt og fyrirsjáanleg hlutdeild í lífjarðefnalegum ferlum;
- tiltækar aðferðir við að hreinsa svæði ef erfðabreyttar lífverur berast út í umhverfið.

## GJALDSKRÁ

### Hollustuverndar ríkisins vegna sérstakrar þjónustu á sviði eiturefna- og hollustuháttaeftirlits.

1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðinga.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjald sem nemur kr. 5.000 á klst. fyrir veitta sérfræðipjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum. Tímar skulu taldir í heilum klst.

2. gr.

*Starfsleyfi.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu starfsleyfa fyrir þá sem starfa við garðaúðun í atvinnuskyni í samræmi við reglugerð nr. 238/1994, um garðaúðun, og fyrir þá sem vinna við eyðingu meindýra í samræmi við reglugerð nr. 149/1989 um meindýraeyða, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

Gjald fyrir starfsleyfi sem veitt er í fyrsta skipti:	kr. 20.000.
Gjald fyrir endurnýjun leyfisskírteina:	kr. 10.000.

3. gr.

*Sóthreinsiefni.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um viðurkenningu á efnem sem notuð eru til þrifa og gerileyðinga og inni-

halda eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingu, sbr. einnig 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988 með síðari breytingum. Innheimt skal tímagjald fyrir 4 klst. vinnu skv. 1. gr. vegna hvers efnis sem sótt er um enda fylgi fullnægjandi gögn með umsókninni. Hafi vinnsla umsókna í för með sér viðbótarvinnu vegna þess að gögn með umsókninni eru ekki fullnægjandi skal tekið viðbótargjald í samræmi við 1. gr. Reikningur skal gefinn út þegar umsókn er lögð fram.

## 4. gr.

*Áritun innflutningsskjala.*

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta fast gjald til að standa undir kostnaði vegna áritunar innflutningsskjala kr. 500, sbr. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 52/1988 með síðari breytingum. Hafi áritun innflutningsskjala í för með sér viðbótarvinnu vegna öflunar eða mats á upplýsingum og/eða vegna bréfaskrifta í tengslum við erindið skal tekið viðbótargjald í samræmi við 1. gr.

## 5. gr.

*Innheimta.*

Hollustuvernd ríkisins innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldldagi er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Heimilt er að innheimta dráttarvexti frá útgáfudegi reiknings sé skuld ekki greidd á gjalddaga. Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu eins og við á um um dráttarvexti. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/2001 og samkvæmt 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 22. mars 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um humarveiðar.

## 1. gr.

Bátum, sem hafa aflamark í humri og eru 300 brl. eða minni er heimilt að stunda humarveiðar, enda séu þeir búnir 740 kílówatta aðalvél eða minni. Heimilt er að stunda veiðar fyrir Suður- og Suðvesturströndinni og markast svæðið að austan af línu sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Eystrahorni. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi suðvestur frá Malarrifi.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 60 föðmum. Þó er heimilt milli 16°00' V og 18°00' V að stunda veiðar á dýpra vatni en 55 föðmum.

Heimild þessi gildir ekki þar sem allar togveiðar eru bannaðar með skyndilokunum eða reglugerð.

2. gr.

Slitinn humar í þriðja stærðarflokki 6-10 g að þyngd og óslitinn 20-33 g að þyngd, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 10% af humar-afla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall slitins og óslitins humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hvernar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu metinn til aflamarks.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar. Auk þess er skylt að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett u.þ.b. 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur stykkisins sé festur á mótí 5 upptökum efra byrðisins.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

4. gr.

Í upphafi hvers humarveiðitímabils, skal skipstjóri tilkynna til Landhelgisgæslu að skipið fari til humarveiða tiltekinn dag. Þá skal skipstjóri tilkynna til Landhelgisgæslu fyrirfram hvenær skipið hættir humarveiðum.

Á humarveiðitímabili skal óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpur um borð í veiðiskipinu.

5. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á þeim.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða með síðari breytingum.

6. gr.

Um vigtun humars fer samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla með síðari breytingum.

Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega botnfiskveiði að ræða að mati Fiskistofu er henni heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í atvinnuskyni.

## 8. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskafla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og hann veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla.

## 9. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 20% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta. Varðandi framsal aflamarks vísast til 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

## 10. gr.

Skipstjórum er skylt að halda afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

## 11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast gildi 15. apríl 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 552, 3. ágúst 2000, um humarveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um dýratilraunir.

## I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

*Tilgangur.*

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja velferð dýra sem notuð eru í tilrauna- eða vísindaskyni eða alin í þeim tilgangi.

## 2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um allar dýratilraunir, undaneldi, uppeldi og umönnun tilraunadýra. Reglugerðin gildir þrátt fyrir notkun róandi, deyfandi eða verkjastillandi lyfja við tilraunina, þ.m.t. tilraunir sem gerðar eru með dýr undir svæfingu og sem eiga að deyðast undir svefni.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- Meðferðir og aðgerðir sem framkvæmdar eru við dýralækningar eftir viðurkenndum aðferðum.
- Einfaldar einstaklingsmerkingar á dýrum (s.s. fuglum og fiskum), söfnun sýna af líkamsvessum og blóðsýnatökur þar sem ekki er ástæða til að ætla að tilraunin hafi áhrif á eðlilegt atferli dýrsins heldur einungis örstutt óþægindi.
- Tilraunir sem tengjast kynbótum/uppeldi, fõðrun og umhverfisþáttum (búfé og fiskar) ef ekki er ástæða til að ætla að tilraunin feli í sér röskun á lífeðlisfræðilegum þáttum dýrsins.

Í vafatilfellum sker tilraunadýranefnd úr um hvort tilraun falli undir reglugerð þessa.

## 3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Álag eða þjáning:* Dýratilraun telst valda álagi eða þjáningu ef hún raskar líffræðilegum, sálrænum, atferlisfræðilegum eða eðlis- og efnafræðilegum þáttum hjá dýrinu. Dæmi um slík áhrif eru sársauki, ótti, líkamleg áreynsla, hita- og rakastigsbreytingar ásamt svelti sem getur talist óeðlilegt fyrir viðkomandi dýrategund.

*Birgðastöð:* Stöð, þó ekki undaneldisstöð, þar sem dýr eru látin af hendi til nota við tilraunir.

*Dýr:* Öll lifandi hryggdýr önnur en menn, þar með talin öll lirlustig sem lifa sjálfstætt og/eða geta fjölgað sér, að fósturum undanskildum.

*Mannúðleg aðferð við aflífun:* Dýrið er aflífað, með hliðsjón af tegund þess, á þann hátt að valdi sem minnstum líkamlegum og andlegum þjáningum.

*Nægilega deyfð:* Sviptur skynhrifum með svæfingu eða staðbundinni deyfingu sem er jafn áhrifarík og það sem tíðkast samkvæmt góðum starfsvenjum við dýralækningar.

*Tilraun:* Öll notkun á dýri í kennslu-, tilrauna- eða vísindaskyni sem getur valdið því sársauka, þjáningu, ótta eða varanlegu meini, þar með talin öll meðhöndlun sem hefur að markmiði eða gæti leitt til þess að dýr fæðist í slíku ástandi, að undanskildum viðurkenndum nútímaaðferðum við að aflífa eða merkja dýr með mannúðlegum aðferðum. Tilraun hefst þegar dýrið er fyrst búið undir notkun og lýkur þegar ekki eru gerðar fleiri athuganir í tengslum við tilraunina.

*Tilraunadýr:* Öll dýr sem notuð eru eða nota á við tilraunir og kennslu.

*Tilraunadýranefnd:* Opinber nefnd skipuð af umhverfisráðherra, sbr. 16. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd.

*Tilraunastöð:* Stöð þar sem dýr eru notuð við tilraunir.

*Undaneldisdýr:* Dýr sem eru ræktuð sérstaklega til að geta af sér tilraunadýr.

*Umsjónardýralæknir:* Dýralæknir sá er leyfishafi leitar til ef meta þarf heilbrigðisástand tilraunadýra og til að deyfa og deyða tilraunadýr ef þörf krefur.

*Undaneldisstöð:* Stöð þar sem dýr eru ræktuð til nota við tilraunir.

## II. KAFLI Dýratilraunir.

### 4. gr.

#### *Takmarkanir og kröfur til dýratilrauna.*

Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið. Leiki vafi á hvort tilraun fylgi álag eða þjáning fyrir dýr skal tilraunadýranefnd skera úr um það.

Dýratilraunir skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar hagkvæmar og hentugar leiðir, sem fullnægja vísindalegum kröfum, til að ná tilætluðum árangri.
2. Aðeins skal nota hvert dýr í eina tilraun ef henni fylgir mikið álag eða þjáning að mati tilraunadýranefndar.
3. Að raunhæfur möguleiki sé á að tilgangi tilraunarinnar verði náð.
4. Að ekki séu notuð fleiri dýr en nauðsyn krefur.
5. Að ekki séu notuð dýr sem fönguð eru í náttúrunni nema notkun annarra dýra fullnægi ekki markmiðum tilraunarinnar. Villt dýr sem erfitt er að temja skal ekki haldið lengur undir manna höndum en brýn nauðsyn krefur og skal þeim gefið frelsi aftur ef aðstæður leyfa.
6. Að ekki séu notuð dýr í útrýmingarhættu, nema að tilraunin stuðli að varðveislu viðkomandi tegundar.
7. Að tilraunir baki dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er.

Við dýratilraunir skal hafa eftirfarandi markmið í huga:

1. Þróun, framleiðslu og prófanir á gæðum, skilvirkni og öryggi lyfja, matvæla og annarra efna eða vara:
  - a) Til að fyrirbyggja, greina eða lækna sjúkdóma, vanheilsu eða önnur frábrigði eða áhrif þeirra á fólk, dýr eða jurtir.
  - b) Til að meta, greina, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegu ástandi manna, dýra eða jurta.
2. Verndun eðlilegs umhverfis til góða fyrir heilbrigði og vellíðan manna og dýra.

### 5. gr.

#### *Krafa til tilraunastöðva.*

Dýratilraunir, að undanskyldum tilraunum samkvæmt 2. mgr. skulu einungis fara fram í tilraunastöð sem er viðurkennd af tilraunadýranefnd. Tilraunastöð skal einungis hljóta viðurkenningu ef hún uppfyllir öll skilyrði um húsnæði, aðbúnað, umsjónarmann og vinnureglur sem tryggja velferð tilraunadýranna. Allar tilraunastöðvar sem ekki hafa dýralækni sem ábyrgðarmann skulu tilnefna umsjónardýralækni, sem gefur ráð og metur heilbrigðisástand, meðhöndlar, deyfir og deyðir tilraunadýrin ef þörf krefur.

Heimilt er að gera tilraunir utan tilraunastöðva með leyfi tilraunadýranefndar.

### 6. gr.

#### *Krafa um uppruna tilraunadýra.*

Í tilraunastöð skal aðeins nota dýr frá viðurkenndri undaneldis- eða birgðastöð nema fengist hafi almenn eða sérstök undanþága samkvæmt ákvæðum sem tilraunadýranefnd setur. Nota skal ræktuð dýr þegar því verður við komið. Ekki skal nota villt húsdýr við tilraunir. Almenn undanþága samkvæmt ákvæðum þessarar greinar má ekki ná til flækingshunda eða katta.



## 7. gr.

*Deyfing og deydning tilraunadýra*

Í tilraunum sem telja má að valdi sársauka skal ætíð nota deyfingu eða svæfingu á meðan á henni stendur. Í tilraunum sem telja má að valdi sársauka, en tilgangur tilraunar leyfir ekki að notuð sé deyfing eða svæfing, skulu gerðar strangar kröfur um vísindalegt og raunhæft notagildi niðurstaðna. Í lok allra tilrauna skal tekin ákvörðun um hvort halda skuli lífi í dýri eða það aflífað á mannúðlegan hátt, með þeim fyrirvara að dýrið verði ekki látið lifa ef ætla má að það haldi áfram að finna til sársauka og ótta þrátt fyrir að það hafi náð eðlilegri heilsu að öðru leyti. Ef tilraunin krefst þess að tilraunadýr vakni eftir svæfingu, skal dregið úr þrautum þess eins og föng eru á með verkjastillandi meðhöndlun, góðum búnaði og aðhlyningu og það síðan læknað eða deytt strax að tilraun lokinni á mannúðlegan hátt. Blóðsýnatöku úr hjarta, ásamt inndælingu í hjarta, skal gera undir svæfingu og svefni haldið þar til dýrið hefur verið aflífað á mannúðlegan hátt, nema tilraunadýranefnd hafi gefið sérstakt leyfi til að endurvekja dýrið.

Deyðing og deyfing tilraunadýra skal framkvæmd af umsjónardýralækni eða leyfishafa sem hefur til þess bera þekkingu og réttindi, sbr. 8. gr. og vinnur í samráði við umsjónardýralækni.

## III. KAFLI

**Leyfisveitingar.**

## 8. gr.

*Leyfi til dýratilrauna.*

Allir sem íhuga að framkvæma tilraunir sem þessi reglugerð gildir um skulu sækja til þess leyfi frá tilraunadýranefnd. Þeir sem framkvæma tilraunir eða hafa umsjón með þeim skulu hafa hlotið menntun í vísindagrein sem tengist þeirri tilraunastarfsemi sem fram fer og skal leyfishafi tilraunar hafa sótt réttindanámskeið í meðferð tilraunadýra, sem eru samþærileg við námskeið FELASA (Federation for European Laboratory Animal Science Associations). Tilraunadýranefnd getur sett almenn og/eða sértæk skilyrði fyrir tilraunaleyfi. Tilraunaleyfi má gefa út til allt að fjögurra ára í senn, en skal umsvifalaust dregið til baka ef skilyrðum þessarar reglugerðar er ekki fylgt að mati tilraunadýranefndar.

Umsókn um leyfi til að nota dýr í tilraunir skal send tilraunadýranefnd á eyðublaði sem fram kemur í viðauka 1.

Feli eldi og/eða tilraun í sér notkun á erfðabreyttum dýrum eða erfðabreytingu á dýrum, skal umsækjandi sýna fram á að ákvæði laga um erfðabreyttar lífverur hafi verið uppfyllt.

## 9. gr.

*Umönnun tilraunadýra í birgðastöð.*

Þeir einir sem hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á tilraunadýrahaldi að mati tilraunadýranefndar geta fengið leyfi til að annast tilraunadýr. Sækja þarf fyrirfram um samþykki á staðsetningu og aðstöðu birgðastöðvar til tilraunadýranefndar.

Umsókn um leyfi fyrir birgðastöð fyrir tilraunadýr skal send tilraunadýranefnd á eyðublaði sem fram kemur í viðauka 2.

## 10. gr.

*Umönnun tilraunadýra í undaneldisstöð.*

Þeir einir sem hafa aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á tilraunadýrahaldi að mati tilraunadýranefndar geta fengið leyfi til tilraunadýraeldis. Sækja þarf fyrirfram um samþykki fyrir staðsetningu og aðstöðu undaneldisstöðvar til tilraunadýranefndar.

Umsókn um leyfi fyrir aðstöðu fyrir undaneldisdýr skal send tilraunadýranefnd á eyðublaði sem fram kemur í viðauka 3.

## IV. KAFLI

**Viðmiðunarreglur um aðbúnað og umhirðu tilraunadýra.**

## 11. gr.

*Almenn skilyrði um húsnæði, innréttingar, umhverfi og aðbúnað.*

Öll tilraunadýr, þ.m.t. undaneldisdýr, skulu höfð í húsnæði og umhverfi þar sem þau geta hreyft sig í einhverjum mæli að minnsta kosti og fá fóður, vatn og umhirðu sem tryggir heilsu þeirra og vellíðan. Tilraunadýr skulu ekki of aðþrengd til að geta svalað lífeðlis- og atferlisfræðilegum frumþörfum sínum. Í viðauka 4, töflum 3-13, eru settar fram viðmiðunarreglur um búr, stúur, girðingar og bása sem henta í þessum vistarverum. Í sama viðauka eru leiðbeiningar um lágmarksstærð búra á myndum 1-7 og samsvarandi leiðbeiningar á myndum 8-12 um það hversu rúmt skuli vera um dýrin.

Taka skal mið af reglugerðum um aðbúnað alifugla, hrossa, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína þegar þau eru notuð sem tilraunadýr og skulu þær gilda við eldi og geymslu þessara dýrategunda. Í frávikstilvikum skal leita leyfa hjá tilraunadýranefnd.

Við tilraunir á fiskum skal taka tillit til eftirfarandi takmarkana:

- Þéttleiki skal ekki vera umfram 30 kg/m<sup>3</sup>.
- Endurnýjun vatns skal að lágmarki vera 1 lítri/kg/mínútu.
- Innihald súrefnis skal vera yfir 75% mettingu.
- Hitastig skal ekki fara niður fyrir 1°C og ekki upp fyrir 20°C.
- Fiskur skal aldrei vera lengur á þurru en 30 sekúndur.

Mælt er með því að dýr sem koma í tilraunastöð séu sett í sóttkví um tíma nema heilsa þeirra sé fullnægjandi. Í töflu 2, viðauka 4, eru settar fram viðmiðunarreglur um lengd sóttkvíar algengra tilraunadýra.

## 12. gr.

*Húsnæði.*

Gólf, veggir og þak eiga að vera úr hentugu efni, sem auðvelt er að þrifa. Gólf eiga að vera vatnsheild. Innréttingar eiga að vera úr þannig efni og þannig gerðar að enginn hluti þeirra geti skaðað dýrin eða verið hættulegur heilsu þeirra. Innréttingar og allan búnað á að vera auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Gólf, veggir og innréttingar má ekki meðhöndla með málningu, litum, olúefnum eða sótthreinsiefnum á þann hátt að geti valdið tjóni á heilsu dýranna. Ef krafist er niðurfalla í gólfum skal tryggilega gengið frá þeim.

Mælt er með því að fyrir hendi sé aðstaða þar sem hægt er að einangra dýr sem sýna merki um veikindi eða grunur leikur á að séu veik og geti stofnað heilsu manna eða annarra dýra í hættu.

Í undaneldis- og birgðastöðvum eiga að vera geymslur fyrir hrein búr, verkfæri og annan búnað. Þá skal sjá fyrir viðeigandi aðstöðu til að búa dýr til sendingar.

## 13. gr.

*Móttaka dýra.*

Taka ber á móti sendingu á dýrum og hleypa þeim út án tafar. Þegar dýrin hafa verið skoðuð ætti að flytja þau í hrein búr eða stúur og gefa þeim og brynna eftir því sem við á. Öll dýr sem tekið er á móti skal skrá og merkja. Flutningskassa ætti að eyðileggja tafarlaust ef ekki er hægt að hreinsa þá af allri mengun.

Hver hundur, köttur og prímati (annar en maður) í undaneldis-, birgða- eða tilraunastöð skal einstaklingsmerktur og á sem sársaukaminnstan hátt. Merking skal vera endingargóð og skal framkvæmast strax eftir að dýrið er vanið undan eða þegar það kemur í fyrsta sinn inn á birgða- eða tilraunastöð. Halda skal skrá um auðkenni og uppruna hvers einstaks hunds, kattar eða prímata (annars en manns). Ef ómerktur hundur, köttur eða prímati (annar en maður) er fluttur á milli stöðva skal honum fylgja upprunavottorð.

## 14. gr.

*Búr og stíur.*

Búr, þ.m.t. sérútbúnir skápar sem rúma mörg búr fyrir tilraunadýr (mýs og rottur) og stíur ættu ekki að vera úr efni sem gæti reynst hættulegt heilsu dýranna. Þau skulu gerð úr sterkum efni sem auðvelt er að þrífa og hreinsa af allri mengun. Einkum ber að gefa gaum hönnun gólfa í búrum og stíum þar eð þau ættu að vera breytileg eftir tegund og aldri dýranna og hönnuð þannig að auðvelt sé að fjarlægja saur. Stíur ætti að hanna með vellíðan dýrategundarinnar í huga. Í þeim ættu dýrin að geta fullnægt ákveðnum atferlisþörfum (t.d. þörfinni á að klifra, fela sig eða leita skjóls um tíma) og þær ættu að vera þannig útbúnar að auðvelt sé að hreinsa vel og koma í veg fyrir snertingu við önnur dýr.

## 15. gr.

*Loftræsting og hitastig.*

Dýrahús skulu vera búin viðhlítandi loftræstikerfi sem ætti að fullnægja þörfum þeirra dýrategunda sem þar eru hýst. Markmiðið með loftræstikerfi er að sjá fyrir fersku lofti, viðhalda réttu hita- og rakastigi og draga úr óþef, eitruðum lofttegundum, ryki og hvers kyns sýkingarvöldum. Gluggar í dýraherbergjum skulu þannig gerðir og staðsettir að hvorki hitastig né rakastig raskist í búrunum. Loftræsting í öllum búrum skal vera nægileg en þó þannig að ekki skapist óeðlilegur trekkur hjá dýrunum. Útsog skal vera nóg svo að magn skaðlegra lofttegunda fari ekki yfir gildandi mörk fyrir fólk. Fjöldi loftskipta í rýminu er háð stærð rýmis og fjölda dýra. Viðmiðunarmörk eru 8-20 loftskipti á klst. í rými með vélknúinni loftræstingu. Hitastig skal stilla við hæfi hvernar dýrategundar og aldur dýranna samkvæmt viðmiðunarreglum í viðauka 4, töflu 1. Viðmiðunarmörkin eiga aðeins við um fullorðin, eðlileg dýr, en nýfædd dýr og ungvíði þurfa oft miklu hærra hitastig. Hlutfallslegt rakastig skal vera milli 40% og 70%. Hita- og rakamælar skulu vera í öllum herbergjum fyrir tilraunadýr. Banna skal reykingar í húsnæði þar sem dýr eru.

## 16. gr.

*Viðvörunarkerfi.*

Viðvörunarkerfi í tengslum við hita- og loftræstikerfi skal þannig tengt að fari það í gang geri það ábyrgum aðilum, sem vita hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar, viðvart. Mælt er með viðvörunarkerfi fyrir fiskabúr ef vatn skyldi fara af. Rétt er að gæta þess að dýrin verði fyrir sem minnstum truflunum þegar viðvörunarkerfi fara í gang.

## 17. gr.

*Lýsing.*

Lýsing skal vera nægileg til að ávallt sé hægt að fylgjast með og sinna dýrunum. Ljósum skal komið fyrir og styrkur þeirra stilltur þannig að ekki orsaki óþægindi eða skaða hjá dýrunum. Í gluggalausum rýmum skal lýsing vera á í skemmst átta klst. og myrkur lengst tólf klst. á sólarhring.

## 18. gr.

*Hávaði.*

Hávaði má ekki vera af þeim styrk eða tíðni að hafi skaðleg áhrif á heilsu dýranna.

## 19. gr.

*Fóður, vatn og undirburður.*

Öll dýr skulu hafa daglega aðgang að nægilegu, góðu og næringarríku fóðri. Þurrfóður skal geyma á þurrum og köldum stað og ferskvörur kældar (4-8°C) eða frýstar (undir 18°C).

Sérstakt rými fyrir fóðurtilbúning skal vera til staðar. Við sjálfstýrða fóðrun skal fylgjast með útbúnaði daglega.

Hvert dýr skal hafa frjálsan aðgang að nægu heilnæmu vatni. Þar sem brynning er skal fylgst daglega með drykkjarbúnaði. Hafi dýr ekki frjálsan aðgang að vatni skal brynna því minnst tvisvar á dag. Dýrum sem haldið er utanhúss þegar hitastig er undir 0°C skal brynnt a.m.k. tvisvar á dag ef þau hafa ekki aðgang að upphituðum vatnsskálum. Vatnspörf verður ekki fullnægt með snjó.

Undirburður skal vera þurr, rakadrægur, ryklaus, ekki eitruður og laus við efni sem valda sýkingu eða meindýr eða mengun í annarri mynd. Þess ætti að gæta sérstaklega að nota ekki sag eða annað undirburðarefni úr við sem hefur fengið efnafræðilega meðhöndlun. Nota má ýmsa aukaframleiðslu eða úrgang frá iðnaði, svo sem tættan pappír.

#### 20. gr.

##### *Hreinlæti.*

Rými, innréttingum og öllum búnaði ásamt útisvæðum skal haldið hreinum. Skipta skal um undirburð svo oft sem þurfa þykir til að koma í veg fyrir óþægindi hjá dýrunum. Á stærri undaneldis- og birgðastöðvum skal vera sérstakt þvottaherbergi fyrir áhöld og búnað. Hræ af tilraunadýrum og hættulegur úrgangur skal brenndur eða urðaður á viðurkenndum urðunarstað. Um losun annars úrgangs skal hafa samráð við viðkomandi heilbrigðiseftirlit um hvernig honum skal ráðstafað.

#### 21. gr.

##### *Umhirða*

Hirðing dýranna skal vera auðveld. Eftirlit skal hafa daglega með dýrunum. Vöktun getur farið fram í sjónvarpi eða öðru viðurkenndu aðvörunarkerfi. Sjúk dýr eða meidd skulu strax fá aðhlyningu og þau einangruð eða, ef nauðsyn krefur, aflífuð þegar í stað á mann-úðlegan hátt, sbr. 5. gr.

### V. KAFLI

#### **Ýmis ákvæði.**

#### 22. gr.

##### *Eftirlit.*

Eftirlit með reglugerð þessari skal vera í höndum viðkomandi héraðsdýralæknis. Tilraunadýranefnd skal tilkynna viðkomandi héraðsdýralækni um þær tilraunir sem leyfi hafa í hans umdæmi. Eftirlit skal framkvæmt a.m.k. árlega og skal skýrslu skilað til tilraunadýranefndar fyrir 1. febrúar ár hvert vegna eftirlits næstliðins almanaksárs.

Leyfishafar bera kostnað af eftirlitinu í samræmi við gildandi gjaldskrá landbúnaðar- ráðuneytisins fyrir eftirlit og þjónustuverkefni dýralækna sem annast opinber eftirlitsstörf.

#### 23. gr.

##### *Upplýsingaskylda.*

Allir sem fengið hafa leyfi til að framkvæma tilraunir á dýrum skulu fyrir 1. febrúar ár hvert skila skýrslu til tilraunadýranefndar, með afriti til viðkomandi héraðsdýralæknis, um þær tilraunir sem þeir hafa framkvæmt á næstliðnu almanaksári. Leyfishafar skulu halda dagbók um dýratilraunirnar sem skulu ávallt vera aðgengilegar eftirlitsaðilum. Skrár þessar skulu einkum sýna fjölda og tegundir allra dýra sem tilraunastöðin hefur fengið, komudag og hvaðan þau eru fengin, hvaða notkun hefur farið fram á einstaka dýri og afdrif þess. Skrár þessar skal geyma í þrjú ár hið minnsta frá þeim degi að telja er síðasta færsla var skræð og ber héraðsdýralækni að skoða þær reglulega. Allar upplýsingar er snerta viðskipta- hagsmuni og veittar eru samkvæmt reglugerð þessari skal fara með sem trúnaðarmál.

Tilraunadýranefnd skal skila til umhverfisráðuneytisins fyrir 1. júní ár hvert skýrslu um starfsemi sína og þær upplýsingar er henni hafa borist um dýratilraunir fyrir árið á undan.

Undaneldis- og birgðastöðvar skulu skrá fjölda og tegundir dýra sem eru seld eða afhent, sölu- eða afhendingardag, nafn og pósthfang viðtakanda og fjölda og tegundir dýra sem deyja í viðkomandi stöðvum.

24. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd. Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á reglugerðinni fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

25. gr.

*Lagaheimild.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994, með hliðsjón af 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Reglugerðin er ennfremur sett með hliðsjón af tilskipun 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnislyfyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið hvað þátt héraðsdýralækna varðar.

26. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 77/1973 um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. apríl 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## VIÐAUKI 1

### Umsókn um leyfi til dýratilrauna.

1. Umsækjandi og ábyrgðarmaður.
2. Hæfni umsækjanda og ábyrgðarmanns.
3. Samstarfsaðilar.
4. Umsjónarmaður tilraunadýra.
5. Umsjónardýralæknir.
6. Heiti verkefnis.
7. Tilgangur og lýsing verkefnisins í hnotskurn.
8. Ítarleg lýsing á verkefninu og tímaáætlun.
9. Tilraunadýr; tegund og fjöldi.
10. Áhrif tilraunarinnar á dýrin.

11. Rökstuðningur fyrir notkun tilraunadýra.
12. Vísindalegt gildi verkefnisins.
13. Fræðilegur bakgrunnur.
14. Birting niðurstaðna.

Vísa má í umsókn til RANNÍS vegna liða 2, 7, 11, 12 og 13 og skal hún þá fylgja með.

## VIÐAUKI 2

### **Umsókn um leyfi til að halda tilraunadýr (birgðastöð).**

1. Umsækjandi og ábyrgðarmaður.
2. Hæfni umsækjanda og ábyrgðarmanns.
3. Samstarfsaðilar.
4. Umsjónarmaður tilraunadýra.
5. Umsjónardýralæknir.
6. Tilraunadýr; tegund og fjöldi.
7. Lýsing á aðstöðu.
8. Samþykki heilbrigðisnefndar.

Aðstöðu fyrir tilraunadýr má ekki taka í notkun fyrr en lokið er frágangi við innrettingar og útbúnað og hann samþykktur. Kostnaður við skoðun og úttekt greiðist af umsækjanda.

## VIÐAUKI 3

### **Umsókn um leyfi til ræktunar tilraunadýra (undaneldisstöð).**

1. Umsækjandi og ábyrgðarmaður.
2. Hæfni umsækjanda og ábyrgðarmanns.
3. Samstarfsaðilar.
4. Umsjónarmaður tilraunadýra.
5. Umsjónardýralæknir.
6. Upplýsingar um dýrategundir og fjölda undaneldisdýra.
7. Teikning og lýsing á byggingunni.
8. Uppdráttur af legu staðarins og samþykki byggingarnefndar (ef um nýbyggingu er að ræða).
9. Samþykki heilbrigðisnefndar.

Ekki má hefja rekstur fyrr en samþykkt tilraunadýranefndar liggur fyrir. Kostnaður við skoðun og úttekt greiðist af umsækjanda.

## VIÐAUKI 4

## TAFLA 1

**Viðmiðunarreglur um hita í húsum**  
(dýr sem geymd eru í búrum, stíum eða innanhússgirðingum)

Tegund eða tegundahópar	Æskilegt hitastig (°C)
Prímatar úr nýja heiminum (aðrir en menn)	20–28
Mýs	20–24
Rottur	20–24
Gullhamstrar	20–24
Stökkmýs	20–24
Marsvín	20–24
Prímatar úr gamla heiminum (aðrir en menn)	20–24
Kornhænur	20–24
Kanínur	15–21
Kettir	15–21
Hundar	15–21
Frettur	15–21
Alifuglar	15–21
Dúfur	15–21
Svín	10–24
Geitur	10–24
Sauðfé	10–24
Nautgripir	10–24
Hestar	10–24

*ATH:* Í sérstökum tilvikum, til dæmis þegar um er að ræða vistun mjög ungra eða snoðinna dýra, kann að vera þörf fyrir hærri hita í húsum en hér er tilgreindur.

## TAFLA 2

**Viðmiðunarreglur um lengd sóttkvíunar á hverjum stað**

*Athugasemd:* Um innflutt dýr gildir að lengd sóttkvíunar ætti að fara eftir reglugerðum í hverju aðildarríki. Þar til bær einstaklingur, sem yfirleitt er dýralæknir sem stöðin tilnefni, ætti að ákveða lengd sóttkvíunar á hverjum stað.

Tegund	Dagar
Mýs	5–15
Rottur	5–15
Stökkmýs	5–15
Marsvín	5–15
Gullhamstrar	5–15
Kanínur	20–30
Kettir	20–30
Hundar	20–30
Prímatar (aðrir en menn)	40–60

TAFLA 3

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir lítil nagdýr og kanínur**  
(í geymslu og meðan á tilraun stendur)

Tegund	Lágmarksgólf- flötur búrs cm <sup>2</sup>	Lágmarkshæð búrs cm
Mýs	180	12
Rottur	350	14
Gullhamstrar	180	12
Marsvín	600	18
Kanínur 1 kg	1 400	30
2 kg	2 000	30
3 kg	2 500	35
4 kg	3 000	40
5 kg	3 600	40

*ATH:* Með „hæð búrs“ er átt við fjarlægðina lóðrétt frá búrgólfi upp að láréttum hluta loks eða búrs.

Við skipulagningu tilrauna ætti að hafa það í huga að dýrin geta stækkað og tryggja nægilegt rými á öllum stigum tilraunanna í samræmi við þessa töflu.

Sjá einnig myndir 1 til 5 og 8 til 12.

TAFLA 4

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir lítil nagdýr með afkvæmi**

Tegund	Lágmarksgólf- flötur búrs fyrir kvendýr og afkvæmi cm <sup>2</sup>	Lágmarkshæð búrs cm
Mýs	200	12
Rottur	800	14
Gullhamstrar	650	12
Marsvín	1 200	18
Marsvín í kvennabúrum	1 000 á fullvaxið dýr	18

*ATH:* Sjá töflu 3 um skilgreiningu á „hæð búrs“.



TAFLA 5

## Viðmiðunarreglur um búr fyrir kanínur með afkvæmi

Þyngd kvendýrs	Lágmarks- gólflötur á kvendýr og afkvæmi	Lágmarks- hæð búrs	Lágmarks- gólflötur hreiðurkassa
kg	m <sup>2</sup>	cm	m <sup>2</sup>
1	0,30	30	0,10
2	0,35	30	0,10
3	0,40	35	0,12
4	0,45	40	0,12
5	0,50	40	0,14

ATH.: Sjá töflu 3 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

Gólflötur hreiðurkassa er talinn með í lágmarksgólfleti á hvert kvendýr og afkvæmi.

Sjá og mynd 6.

TAFLA 6

## Viðmiðunarreglur um vistarverur katta

(við tilraunir og með afkvæmi)

Þyngd kattar	Lágmarks- gólflötur á kött	Lágmarks- hæð búrs	Lágmarks- gólflötur búrs á læðu og afkvæmi m <sup>2</sup>	Lágmarks- gólflötur stíu á læðu og afkvæmi m <sup>2</sup>
kg	m <sup>2</sup>	cm		
0,5 – 1	0,2	50	—	—
1 – 3	0,3	50	0,58	2
3 – 4	0,4	50	0,58	2
4 – 5	0,6	50	0,58	2

ATH.: Gera ætti sem minnst af því að vista ketti í búrum. Þegar kettir eru lokaðir inni á þann hátt ætti að hleypa þeim út að minnsta kosti einu sinni á sólarhring til að þeir fái hreyfingu, hafi það ekki áhrif á tilraunina. Í stium fyrir ketti ættu að vera sandkassar, nægilegt hillurými til hvíldar ásamt hlutum sem henta til klifurs og til að skerpa klærnar.

Með „hæð búrs“ er átt við fjarlægðina lóðrétt milli efsta hluta gólfs og neðsta hluta lofts í búri.

Þegar lágmarksgólflötur er reiknaður er heimilt að telja flatarmál hillna með. Í lágmarksgólfleti fyrir hverja læðu og afkvæmi er innifalinn 0,18 m<sup>2</sup> flötur fyrir útungunarkassa.

Sjá einnig mynd 7.

TAFLA 7

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir hunda**  
(við tilraunir)

Hæð hunds upp á herðakamb cm	Lágmarks- gólflötur búrs á hund m <sup>2</sup>	Lágmarks- hæð búrs cm
30	0,75	60
40	1,00	80
70	1,75	140

*ATH.*: Hunda ætti ekki að vista í búrum lengur en brýn nauðsyn krefur vegna tilraunarinnar. Hleypa ætti hundum í búrum út að minnsta kosti einu sinni á dag til hreyfingar nema það samrýmist ekki markmiði tilraunarinnar. Setja ætti ákveðin mörk fyrir þann tíma sem loka má hund inni án þess að hann fái hreyfingu á hverjum degi. Athafnasvæði ættu að vera nógu stór til að hundurinn fái nægilegt svigrúm til hreyfingar. Rimlagólf ætti ekki að nota í hundabúrum nema tilraunin útheimti þau.

Þar sem mikill munur er á hæð mismunandi hundategunda og lítið samband innbyrðis milli hæðar og þyngdar ætti að miða hæð búrs við hæð upp á herðakamb á hverju dýri. Almennt ætti að miða við þá reglu að lágmarkshæð búrs sé tvisvar sinnum hæðin upp á herðakamb.

Sjá athugasemd við töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 8

**Viðmiðunarreglur um stíur fyrir hunda**  
(í geymslu, við tilraunir og með afkvæmi)

Þyngd hunds kg	Lágmarks- gólflötur stíu á hund m <sup>2</sup>	Lágmarksflötur aðliggjandi athafnasvæðis á hund	
		allt að 3 hundar m <sup>2</sup>	meira en 3 hundar m <sup>2</sup>
< 6	0,5	0,5 (1,0)	0,5 (1,0)
6 – 10	0,7	1,4 (2,1)	1,2 (1,9)
10 – 20	1,2	1,6 (2,8)	1,4 (2,6)
20 – 30	1,7	1,9 (3,6)	1,6 (3,3)
> 30	2,0	2,0 (4,0)	1,8 (3,8)

*ATH.*: Tölur í svigum sýna samanlagt flatarmál á hvern hund, það er gólflöt stíu auk aðliggjandi athafnasvæðis. Hundar sem eru ávallt hafðir utandyra ættu að geta leitað skjóls í slæmu veðri. Þegar vistarverur hunda eru með rimlagólfi ætti að sjá þeim fyrir heilum fleti að sofa á. Rimlagólf ætti ekki að nota nema tilraunin útheimti það. Skilveggir milli stía ættu að vera þannig úr garði gerðir að hundarnir geti ekki meitt hver annan.

Í öllum stíum ætti að vera fullnægjandi afrennsli.

TAFLA 9

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir primata (aðra en menn)**

(í geymslu, við tilraunir og með afkvæmi)

*Athugasemd:* Þar eð mikill munur er á stærð og einkennum primata er sérstaklega mikilvægt að haga lögun, innréttingum og stærð búrana eftir þörfum þeirra. Heildarrúmmál búrsins er jafnmikilvægt fyrir primata og gólfllöturinn. Almennt gildir sú regla að hæð búrs, að minnsta kosti þegar um mannapa og aðra stóra apa er að ræða, ætti að vera lengsta mál búrsins. Búrin ættu að vera nógu há til að dýrin geti að minnsta kosti staðið upprétt. Lágmarkshæð búrs fyrir apa sem sveifla sér („brachiator“) ætti að vera nógu mikil til að þeir geti sveiflað sér í fullri lengd í loftinu án þess að fætur þeirra snerti gólf búrsins. Þar sem við á ætti að koma fyrir klifurgrindum til að primatarnir geti notað efri hluta búrsins.

Primata sem eiga saman má hafa tvo saman í búri. Þegar það er ekki hægt ætti að koma búrunum þannig fyrir að þeir geti séð hvor annan en einnig ætti að vera hægt að koma í veg fyrir það þegar þörf krefur.

Taflan hér á eftir er almenn viðmiðunarregla, með hliðsjón af þessum athugasemdum, um búr fyrir þá tegunda-hópa sem eru oftast notaðir (yfirættirnar *Ceboidae* og *Cercopithecoidea*).

Þyngd primata kg	Lágmarks-gólfllötur fyrir eitt eða tvö dýr m <sup>2</sup>	Lágmarks-hæð búrs cm
< 1	0,25	60
1 – 3	0,35	75
3 – 5	0,50	80
5 – 7	0,70	85
7 – 9	0,90	90
9 – 15	1,10	125
15 – 25	1,50	125

*ATH:* Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 10

**Viðmiðunarreglur um búr fyrir svin**

(í geymslu og við tilraunir)

Þyngd svins kg	Lágmarks-gólfllötur búrs á svin m <sup>2</sup>	Lágmarks-hæð búrs cm
5 – 15	0,35	50
15 – 25	0,55	60
25 – 40	0,80	80

*ATH:* Tafla þessi á einnig við um grísi. Svin ætti ekki að vista lengur í búrum en brýn nauðsyn krefur vegna tilraunarinnar og þá í eins stuttan tíma og framast er unnt.

Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

TAFLA 11

**Viðmiðunarreglur um vistun búpenings í stíum**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd kg	Lágmarks- gölfloður stíu m <sup>2</sup>	Lágmarks- lengd stíu m	Lágmarks- hæð skilrúms í stíu m	Lágmarks- gölfloður stíu fyrir bópa m <sup>2</sup> á dýr	Lágmarks- lengd föðurstokks á dýr m
Svín	10 – 30	2	1,6	0,8	0,20
	30 – 50	2	1,8	1,0	0,25
	50 – 100	3	2,1	1,2	0,30
	100 – 150	5	2,5	1,4	0,35
	> 150	5	2,5	1,4	0,40
Sauðfé	< 70	1,4	1,8	1,2	0,7
Geitur	< 70	1,6	1,8	2,0	0,8
Naut- gripir	< 60	2,0	1,1	1,0	0,8
	60 – 100	2,2	1,8	1,0	1,0
	100 – 150	2,4	1,8	1,0	1,2
	150 – 200	2,5	2,0	1,2	1,4
	200 – 400	2,6	2,2	1,4	1,6
	> 400	2,8	2,2	1,4	1,8
Fullvaxnir hestar		13,5	4,5	1,8	—

TAFLA 12

**Viðmiðunarreglur um vistun búpenings á básum**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd kg	Lágmarks- básafloður m <sup>2</sup>	Lágmarks- básalengd m	Lágmarks- hæð skilrúms í bás m
Svín	100 - 150	1,2	2,0
	> 150	2,5	2,5
Sauðfé	< 70	0,7	1,0
Geitur	< 70	0,8	1,0
Naut- gripir	60 – 100	0,6	1,0
	100 – 150	0,9	1,4
	150 – 200	1,2	1,6
	200 – 350	1,8	1,8
	350 – 500	2,1	1,9
	> 500	2,6	2,2
Fullvaxnir hestar		4,0	2,5

ATH.: Básar ættu að vera nógu breiðir til að dýrin geti teygst vel úr sér.

TAFLA 13

**Viðmiðunarreglur um fuglabúr**  
(í geymslu og við tilraunir í notkunarstöðvum)

Tegund og þyngd	Lágmarksflötur á fugl	Lágmarksflötur á 2 fugla eða fleiri	Lágmarksflötur á 3 fugla eða fleiri	Lágmarks-hæð búrs	Lágmarks-lengd fôðurstokks á fugl	
g	cm <sup>2</sup>	cm <sup>2</sup> /fugl	cm <sup>2</sup> /fugl	cm	cm	
Kjúklingar	100 – 300	250	200	150	25	3
	300 – 600	500	400	300	35	7
	600 – 1 200	1 000	600	450	45	10
	1 200 – 1 800	1 200	700	550	45	12
	1 800 – 2 400	1 400	850	650	45	12
(Fullorðnir hanar)						
> 2 400	1 800	1 200	1 000	60	15	
Kornhænur	120–140	350	250	200	15	4


ATH.: „Flötur“ merkir margfeldi lengdar og breiddar innanmáls búrs lárétt; *ekki* margfeldi gólf lengdar og -breiddar.

Sjá töflu 6 um skilgreiningu á „hæð búrs“.

Möskvastærð í gólfi úr virneti ætti ekki að vera yfir 10 x 10 mm fyrir unga kjúklinga og 25 x 25 mm fyrir hálfvaxna kjúklinga og fullvaxna. Þykkt viranna ætti að vera minnst 2 mm. Gólfballi ætti ekki að fara yfir 14% (8°). Vatnsþrær ættu að vera jafnlangar og fôðurstokkar. Ef notast er við túttur eða bolla ætti hver fugl að hafa aðgang að tveimur slikum. Búr ættu að vera með þverþrikum og sé einn fugl hafður í hverju buri ættu þeir að eiga þess kost að sjá hver annan.


**MYND 1**  
**Mýs**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfhlötur búrs**

Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri mús miðað við þyngd hennar.




**MYND 2**  
**Rottur**  
(í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfhlötur búrs**

Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri rottu miðað við þyngd hennar.




**MYND 3**  
**Gullhamstrar**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfhlötur búrs**

Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverjum gullhamstri miðað við þyngd hans.




**MYND 4**  
**Marsvín**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfhlötur búrs**

Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverju marsvíni miðað við þyngd þess.



MYND 5  
 Kanínur  
 (í geymslu og við tilraunir)  
 Lágmarksgólfhlötur búrs


Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverri kanínu miðað við þyngd hennar.



MYND 6  
 Kanínur  
 (með afkvæmi)

Lágmarksgólfhlötur búrs fyrir kvendýr með afkvæmi sem hafa ekki verið vanin undan<sup>®</sup>


Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverju kvendýri kanínu miðað við þyngd hennar.






**MYND 7**  
**Kettir**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
**Lágmarksgólfmötur búrs**


Línan EU-EU sýnir lágmarksflöt sem úthluta ætti hverjum keti miðað við þyngd hans.




**MYND 8**  
**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda músa í búri og gólfmatar búrs**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
 Línur sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU-EU á mynd 1.




**MYND 9**  
**Lefðbeiningar um sambandið milli fjölda rotta í búri og gólfmatar búrs**  
**(í geymslu og við úlraunir)**  
Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU-EU á mynd 2.



**MYND 10**  
**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda hamstra í búri og gólfplatnar búrs**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
 Línumar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU-EU á mynd 3.




**MYND 11**  
**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda marsvína í búri og gólfflatar búrs**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
 Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU-EU á mynd 4.



Fjöldi marsvína  
 Lágmarkshæð marsvínabúrs: 18 cm

**MYND 12**  
**Leiðbeiningar um sambandið milli fjölda kanína í búri og gólfmatar búrs**  
 (í geymslu og við tilraunir)  
 Línurnar sýna meðalþyngd og svara til línunnar EU-EU á mynd 5.



# REGLUR

## um forval og fast forval í talsímanetum.

### 1. gr.

#### *Orðskýringar.*

Eftirtaldar orðskýringar eiga við í þessum reglum:

1. *Forval*: Möguleiki sem gerir notendum í talsímaþjónustu kleift að velja milli mismunandi þjónustuveitenda fyrir ákveðin símtöl þrátt fyrir að þeir séu fast tengdir talsímaneti rekstrarleyfishafa.
2. *Fast forval*: Möguleiki sem áskrifendum í talsímaþjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrirfram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda.
3. *Áskrifandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
4. *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða krefst nota á almennt fánlegri fjarskiptaþjónustu.
5. *Þjónustuveitandi*: Seljandi almennrar fjarskiptaþjónustu sem hefur almennt leyfi eða rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar.
6. *A-notandi*: Notandi sem efnir til uppkalls.
7. *B-notandi*: Notandi sem uppkalli er beint til.
8. *Réttahafabreyting*: Yfirfærsla sem rekstrarleyfishafi samþykkir á samningi um talsímaþjónustu frá einum áskrifanda til annars. Nýr áskrifandi tekur við heimtaug og símanúmeri fyrri áskrifanda án breytinga á símtengingu. Þjónusta, þ.m.t. læsingar, helst óbreytt nema hinn nýi áskrifandi óski breytinga á þjónustu.
9. *Númerleynd*: Þjónusta sem gerir A-notanda kleift að koma í veg fyrir að símanúmer hans birtist B-notanda.
10. *Leyninúmer*: Símanúmer sem áskrifandi að númerinu hefur óskað eftir að sé óskráð í símaskrá og öðrum listum yfir áskrifendur talsímaþjónustu.

### 2. gr.

#### *Skyldur fjarskiptafyrirtækja.*

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn talsímanet, þ.m.t. samnet og heimilað hefur verið að úthluta áskrifendum sínum símanúmerum skulu gefa þeim kost á forvali og föstu forvali.

### 3. gr.

#### *Tegundir símtala í forvali.*

Áskrifendur skulu eiga rétt til að velja í forvali eða föstu forvali þjónustuveitanda fyrir aðra hvora eða báðar eftirfarandi tegundir sjálfvirkra símtala:

1. Símtöl til útlanda.
2. Símtöl innanlands.

Áskrifendur skulu ýmist geta valið sama eða mismunandi þjónustuveitanda fyrir 1. og 2. lið.

Áskrifendur skulu geta valið með forvali öll forskeyti sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úthlutað í númeraröðinni 1000 til og með 1100 í þeim tilgangi að fá þjónustu sem veitt er í þessum númerum.

Undanþegin föstu forvali eru símtöl í neyðarnúmerið 112 og símtöl í þriggja og fjögurra tölustafa stuttúmer.

Ákvæði um fast forval eiga ekki við um almenningssíma sem starfræktir eru af fjarskiptafyrirtækjum. Ákvæði um fast forval gilda ekki þegar fyrirframgreitt símakort er notað.

4. gr.

*Réttur þjónustuveitenda.*

Í samræmi við 18. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, skulu fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn talsímanet, sbr. 2. gr., verða við öllum sanngjörnum beiðnum þjónustuveitenda um forval sem gerir notendum kleift að velja þjónustu þjónustuveitenda fyrir einstök símtöl eða áskrifendum kleift að kjósa fast forval fyrir öll símtöl, sbr. 1. og/eða 2. tl. 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

*Umsóknir og tilkynningar.*

Áskrifandi sem óskar eftir að fá talsímaþjónustu með forvali skal skrá sig hjá viðkomandi þjónustuveitanda. Þjónustuveitanda er heimilt að vísa frá símtölum frá áskrifendum sem ekki hafa skráð sig.

Áskrifandi sem óskar eftir föstu forvali á símtölum sínum í öðrum hvorum eða báðum flokkum 3. gr. skal gera viðskiptasamning við þjónustuveitanda sem áskrifandinn vill beina símtölum sínum til. Áskrifandi getur óskað eftir viðskiptasamningi skriflega, á rafrænu formi eða munnlega. Í síðasttalda tilfellinu skal þjónustuveitandi senda viðkomandi áskrifanda staðfestingu skriflega eða á rafrænu formi.

Þjónustuveitandi skal tilkynna ákvörðun áskrifanda um fast forval til rekstrarleyfishafa talsímanetsins sem áskrifandinn er fasttengdur. Tilkynningin má vera á rafrænu formi. Þjónustuveitendur og rekstrarleyfishafar skulu fyrst um sinn styðjast við leiðbeiningar Póst- og fjarskiptastofnunar um verkferil í samskiptum sínum við að koma á föstu forvali fyrir áskrifanda.

Óheimilt er með öllu að tilkynna rekstrarleyfishafa um fast forval áskrifanda nema beiðni áskrifandans liggja fyrir skv. 1. mgr.

6. gr.

*Tímasetning á föstu forvali.*

Rekstrarleyfishafar skulu koma á föstu forvali fyrir þjónustuveitanda innan 10 virkra daga frá því að rekstrarleyfishafa berst skrifleg umsókn þar að lútandi. Föstu forvali fyrir hvern einstakan áskrifanda skal komið á innan 5 virkra daga frá þeim degi þegar rekstrarleyfishafa berst tilkynning um fast forval áskrifanda skv. leiðbeiningum um fast forval, sbr. 5. gr.

7. gr.

*Aðferð við að velja símanúmer.*

Notandi síma þar sem gerður hefur verið samningur við þjónustuveitanda um fast forval á símtölum skal sleppa forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda þegar símtal er valið. Ef valið er símtal til útlanda skal velja 00, landsnúmer og símanúmer viðtakanda símtals í þessari röð. Ef valið er símtal innanlands skal einungis valið símanúmer viðtakanda.

8. gr.

*Framhjáhlaup.*

Áskrifendur síma sem hafa gert samning um fast forval geta gengið fram hjá forvalinu með því að velja forskeyti annars þjónustuveitanda í upphafi símtals. Við val á símtali til útlanda skal þá velja forskeyti þjónustuaðila, 00, landsnúmer og símanúmer viðtakanda

símtals í þessari röð. Við val á símtali innanlands skal velja forskeyti þjónustuveitanda og síðan símanúmer viðtakanda símtals. Þjóði þjónustuaðili einungis símtöl til útlanda má sleppa að velja 00 á eftir forskeyti þjónustuaðila.

## 9. gr.

*Læsingar fyrir símtöl.*

Þjónustuveitandi sem gerir samning við áskrifanda rekstrarleyfishafa um fast forval skal upplýsa áskrifanda um að læsingar sem hafa verið á síma hans kunni að verða óvirkar þegar föstu forvali er komið á.

## 10. gr.

*Sending á A-númeri.*

Rekstrarleyfishafar skulu gera ráðstafanir til þess að númer A-notanda sendist með símtalinu til þjónustuveitanda til þess að gera gjaldtöku mögulega. Þjónustuveitandi skal tryggja að númer A-notanda verði ekki sent áfram til B-notanda ef A-notandi hefur valið þann kost að númer hans eigi ekki að birtast B-notanda. Þjónustuveitanda ber að virða ákvæði 34. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999 um skráningu símanúmera og gera ráðstafanir til þess að tryggja að númeraleynd áskrifenda sem óska þess að vera óskráðir sé viðhaldið. Sérstaklega skal þess gætt að upplýsingar um símanúmer slíkra áskrifenda séu einungis veittar þeim starfsmönnum þjónustuveitanda sem þurfa nauðsynlega á slíkum upplýsingum að halda.

## 11. gr.

*Kostnaður vegna fasts forvals.*

Hver rekstrarleyfishafi skal bera kostnað af uppsetningu á forvali í kerfi sínu.

Hver rekstrarleyfishafi skal bera kostnað af breytingum á símakerfi hans sem hlýst af því að gera fast forval mögulegt.

Kostnað sem rekstrarleyfishafi hefur af því að skrá í símstöðvakerfi sín forskeyti þjónustuveitanda í fast forval skal hinn síðarnefndi bera. Kostnað sem rekstrarleyfishafi hefur af því að skrá í kerfi sín fast forval hvers einstaks áskrifanda skal þjónustuveitandi bera. Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að gjöld séu í samræmi við tilkostnað rekstrarleyfishafa.

## 12. gr.

*Rétthafabreyting.*

Við rétthafabreytingu á símanúmeri sem er í föstu forvali skal fast forval haldast óbreytt nema hinn nýi áskrifandi tilkynni þjónustuveitanda að hann óski eftir að fast forval sé aftengt. Þjónustuveitandi skal þá senda beiðni þar að lútandi til rekstrarleyfishafa.

## 13. gr.

*Aðgerðarleysi áskrifanda.*

Áskrifendur talsíma sem ekki gera samning við þjónustuaðila, sbr. 5. gr., eru taldir vilja skipta áfram við rekstraraðila talsímanetsins sem þeir eru fasttengdir við um öll símtöl.

## 14. gr.

*Innleiðing fasts forvals.*

Áskrifendur í almennum fastasímanetum skulu eiga þess kost að panta fast forval frá og með 1. apríl 2000. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður hvenær áskrifendur í almennum farsímanetum skulu eiga þess kost að panta fast forval.



15. gr.

*Ágreiningur.*

Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um framkvæmd forvals og fasts forvals.

16. gr.

*Heimildarákvæði og gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 33. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 158/2000 um forval og fast forval í talsímnetum.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 27. mars. 2002.*

**Gústav Arnar.**

*Friðrik Pétursson.*